Bls. 915, sjá 8. línu að neðan 39. gr., les 59. gr.
Bls. 959, sjá 8. línu að ofan Tekin, les Tekið.
Bls. 959, sjá 11. línu að ofan blómaskolum, les blómaskolun.
Bls. 960, sjá 9. línu að ofan gagnmál, les gangmál.
Bls. 1072, sjá lokunarlínu B 64—65, nr. 648—670. Útgáfudagur 16. janúar 1980, les B 65, nr. 649—670. Útgáfudagur 16. janúar 1981.
Bls. 1080, sjá 5. línu að ofan Fróðarárhreppi, les Fróðárhreppi.
Bls. 1086, neðstu línu Seðlanbanka Íslands, les Seðlabanka Íslands.
Bls. 1091, neðstu línu Seðlanbanka Íslands, les Seðlabanka Íslands.
Bls. 1103, sjá 1. línu að ofan 27. des-, les 31. des-.

Endurprentuð blöð: B-deild 1979, bls. 917. B-deild 1980 bls. 63, 165, 343, 1072.

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1980

4. janúar 1980. 1 Nr. 1.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 208 4. maí 1979 um verkleg próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ráðherra skipar þrjá menn í prófnefnd og þrjá til vara. Einn prófnefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu stjórnar Félags löggiltra endurskoðenda, einn eftir tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Skal hann vera löggiltur endurskoðandi. Varamaður hvers nefndarmanns skal skipaður á sama hátt og aðalmaður.

Nefndin skal skipuð til fimm ára í senn.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Við próf skulu gefnar einkunnir eftir sama einkunnastiga og notaður er í viðskiptadeild Háskóla Íslands, ein einkunn fyrir hverja prófraun.

Til þess að standast prófraun þarf prófmaður að hljóta einkunnina 6 í hverri prófraun og ekki lægri meðaleinkunn en 6,5 úr öllum prófraununum, miðað við núgildandi einkunnastiga (hæsta einkunn 10, lægsta einkunn 0), eða samsvarandi einkunnir eftir öðrum einkunnastigum.

3. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsliður er orðist svo:

Þó skulu ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 217/1953 um lágmarkseinkunn til að standast próf gilda um verkleg próf sem þreytt kunna að verða til ársloka 1980 í stað ákvæða 6. gr. reglugerðar þessarar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 4. janúar 1980.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

B 1

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 22 000
2.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 6 000
3.	Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 6 000
4.	Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 6 000
5.	Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	— 1 100
6.	Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 10 000
7.	Fyrir fjármark	— 2 000
8.	Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	— 1 100
9.	Fyrir innköllun, þrjár birtingar	— 10 000
10.	Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 3 600
11.	Fyrir einkaleyfisumsókn	— 3 600
12.	Fyrir ógildingarstefnu	— 10 000
13.	Fyrir dómsbirtingu	— 10 000
14.	Fyrir tilkynningu um iðjuleyfi	— 3 000

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 860 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. febrúar 1980. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 314 29. ágúst 1978 um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. janúar 1980.

Vilmundur Gylfason.

Jón Thors.

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 — 1980

AUGLÝSING

um breytingu á starfsreglum fyrir fangelsismáladeild dóms- og kirkjumálaráðuneytisins nr. 409/1977.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Deildin tekur við refsidómum til fullnustu frá ríkissaksóknara og Hæstarétti og öðrum dómum, þar sem refsing er ákveðin. Sektardóma sendir deildin lögreglustjórum til fullnustu.

Deildin annast fullnustu varðhalds- og fangelsisdóma. Heimilt er að senda varðhaldsdóma fyrir áfengis- og umferðarlagabrot lögreglustjórum til fullnustu.

Deildin tilkynnir viðkomandi dómþola um dóm hans og hvenær hann skuli mæta til afplánunar. Mæti dómþoli ekki á tilsettum tíma, felur deildin viðkomandi lögreglustjóra að færa dómþola í fangelsið.

Leiti dómþoli eftir fresti á að hefja afplánun, er heimilt að veita hann í allt að 4 mánuði. Framlengja má frestinn um aðra 4 mánuði, ef sérstakar ástæður mæla með.

2. gr.

Breyting þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands og samkvæmt 39. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976 um breytingu á þeim lögum og öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. janúar 1980.

Vilmundur Gylfason.

Jón Thors.

9. janúar 1980. Nr. 4.

REGLUGERÐ

um próf og löggildingu fyrir dómtúlka og skjalaþýðendur.

1. gr.

Þeir, sem vilja öðlast rétt til að vera dómtúlkar og skjalaþýðendur samkvæmt lögum nr. 32 frá 2. nóvember 1914 um heimild fyrir stjórnarráðið til að veita mönnum rétt til að vera dómtúlkar og skjalaþýðendur, skulu samkvæmt ákvæðum 2. gr. nefndra laga sanna kunnáttu sína í tungu þeirri, sem þeir vilja öðlast rétt til að túlka fyrir dómi og þýða skjöl úr og á, með því að ganga undir próf, þegar ráðuneytinu þykir ástæða til. Að jafnaði skulu próf fara fram í febrúar ár hvert.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

2. gr.

Prófi því, sem um ræðir í 1. gr. skal hagað sem hér segir:

I. Skriflegt próf:

a) Tvö fjögurra tíma skrifleg próf. Þýða skal kafla úr tveimur eftirtalinna sérmála: verslunarmáli, lagamáli, siglingamáli, tæknimáli. Dómnefnd ákveður, í hverju er prófað hverju sinni, og er próftaka tilkynnt um það, um leið og próf hefst. Verkefni í hvoru prófi er einn kafli til að þýða úr íslensku á hið erlenda mál og einn kafli til að þýða á íslensku úr hinu erlenda máli. Hvor kaflinn skal vera ein blaðsíða að lengd. Á prófi má nota orðabækur og önnur hjálpargögn, sem dómnefnd hefur tilgreint eða leggur til. Við mat á úrlausnum skal áhersla lögð á, að málfar sé rétt, að engin atriði frumtextans brenglist og að próftaki ráði við stílsérkenni sérmála á báðum tungum.

b) Raunhæft heimaverkefni. Próftaki fær tvo kafla til þýðingar, annan á íslensku, hinn á hinu erlenda máli. Skal hvor kafli vera blaðsíða að lengd og líkjast sem mest raunhæfum verkefnum, sem skjalaþýðendur fá í hendur. Þýðingunni skal skila að viku liðinni. Verkefnið skal leysa villulaust, bæði að því er varðar málfar, réttritun, stílsérkenni og uppsetningu. Útskýringar skulu fylgja, ef þeirra er þörf. Þegar dómnefnd hefur farið yfir þýðingarnar, skal próftaki gera grein fyrir þeim munnlega.

II. Munnlegt próf:

Próftaki skal túlka talað mál viðstöðulaust úr íslensku á hið erlenda mál og úr því á íslensku. Skal það gert skiljanlega, skipulega og nákvæmlega. Við prófið skal sérstök áhersla lögð á nákvæmni, minni og glöggan skilning á því, hvað máli skipti. Verkefnin skulu vera eðlilegt talmál, sagt fram með eðlilegum hraða, til dæmis framburður fyrir rétti. Hvort verkefni skal vera um það bil tíu mínútur að lengd í samfelldu tali, og skal textinn vera tilbúinn á segulbandi fyrir prófið. Við prófið skulu gerð hlé við kaflaskil, þó ekki sjaldnar en á fimmtán sekúndna fresti eða svo, og skal próftaki hefja túlkun strax, eftir að hann hefur hlustað á tiltekinn kafla af segulbandinu.

3. gr.

Próftaki skal leggja fram vottorð um, að hann sé íslenskur ríkisborgari og að mannorð hans sé óskert.

4. gr.

Dómnefnd er skylt að gefa próftaka kost á leiðbeiningum um frágang skjala og þýðingartækni á nokkurra tíma námskeiði fyrir próf.

5. gr.

Við innritun í próf greiði próftaki gjald, sem nemur helmingi gjalds fyrir löggildingu til að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi. Gjaldið er óafturkræft, þó að próftaki komi ekki til prófs eða standist það ekki.

6. gr.

Stjórnarráðið tilnefnir í hvert sinn prófanda, og skal hann vera úr hópi löggiltra dómtúlka og skjalaþýðenda í því máli, er um ræðir, ef þess er kostur. Jafnframt skulu skipaðir tveir prófdómendur. Taka allir þrír í sameiningu til munnleg og skrifleg verkefni og dæma úrlausnir. Stjórnarráðið ákveður kaup fyrir vinnu við prófið. Nú er enginn dómtúlkur til í því máli, er um ræðir, og skipar stjórnarráðið þá mann, er það telur til þess hæfan. Séu engir til, sem stjórnarráðið telur hæfa

til að halda prófið, skal sá, er löggildingar æskir, leggja fram gögn, sem eru óyggjandi að mati stjórnarráðsins, fyrir því, að hann hafi erlendis gengið undir próf hjá þar til hæfum mönnum, er sýni, að hann kunni hið erlenda mál nægilega. Jafnframt skal hann ganga undir próf hér á landi, er sýni, að hann ráði til fullnustu við íslenska tungu.

7. gr.

Að loknu prófi sendir prófandi stjórnarráðinu skýrslu um niðurstöður prófsins. Skal hún orðuð svo, að próftaki hafi kunnáttu til að öðlast löggildingu sem dómtúlkur og skjalaþýðandi, bæði úr íslensku á hið erlenda mál og úr hinu erlenda máli á íslensku, eða að hann hafi kunnáttu til að öðlast löggildingu sem skjalaþýðandi eingöngu, eða þá að kunnátta hans sé ekki nægileg. Skulu prófdómendur undirrita skýrsluna með honum, og skulu fylgja henni hin munnlegu og skriflegu verkefni sem og úrlausnir hinna skriflegu verkefna. Veitir stjórnarráðið síðan löggildingu í samræmi við niðurstöður prófnefndar.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. laga nr. 32 2. nóvember 1914, um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalaþýðendur, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð um sama efni nr. 4/1935.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. janúar 1980.

Vilmundur Gylfason.

Hjalti Zophóníasson.

4. janúar 1980. Nr. 5.

REGLUGERÐ

um 8. flokk Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

1. gr.

Veðdeildinni er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og verða þau kölluð 8. flokkur.

Fjárhæðir bréfanna skulu vera 500 000, 100 000, 50 000 og 10 000 krónur og skal hver deild hafa sérstakt bókstafseinkenni, en hvert bréf tölusett.

Bankavaxtabréfin skulu afhent eingöngu til greiðslu á lausaskuldum bænda vegna framkvæmda, jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa, sem þeir hafa ráðist í á árunum 1970—1979, að báðum árum meðtöldum.

2. gr.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum er:

1) Veðskuldabréf þau, sem veðdeildarflokkurinn fær frá lántakendum.
2) Varasjóður veðdeildarflokksins.
3) Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að framan greinir.

3. gr.

Bankavaxtabréfin eru verðtryggð að fullu miðað við lánskjaravísitölu útgefna af Seðlabanka Íslands.

Hækkun lánskjaravísitölu greiðist út við útdrátt bréfanna.

4. gr.

Afborgunum og endurgreiðslum lána skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna og fer eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu með 6 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar. Gjalddagi innleystra bréfa er 2. maí ár hvert.

5. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í fasteignum bænda. Lánsfjárhæðin má eigi vera hærri en svo, að hún, ásamt áhvílandi skuldum á fyrri veðréttum fari ekki fram úr 75% af matsverði veðsins.

Lánstíminn skal vera allt að 10 árum.

Lánin eru greidd í bankavaxtabréfum, sbr. 1. gr.

6. gr.

Að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga nr. 34 29. maí 1979 um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands og laga nr. 33 29. maí 1979 um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 33 29. maí 1979 um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. janúar 1980.

Bragi Sigurjónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Nr. 6. 8. janúar 1980.

AUGLÝSING

um breytingar á samþykktum fyrir Sparisjóð Ólafsfjarðar nr. 145/1943, sbr. og samþykkt nr. 219/1947.

1. gr.

2. gr. hljóði svo:

Sjóðurinn er stofnaður til að geyma og ávaxta peninga og greiða fyrir viðskiptum sérstaklega fyrir íbúa Ólafsfjarðar. Stjórnendur sjóðsins skulu eiga heimili í Ólafsfirði.

2. gr.

7. gr. 3. mgr. hljóði svo:

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður stjórnar þá kalla saman aukafund aðalfundarfulltrúa þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

3. gr.

11. gr. hljóði svo:

Stjórnarfundir skulu haldnir minnst einu sinni í mánuði, og ákveður stjórnin hvernig skuli hagað daglegri starfsemi sjóðsins.

4. gr.

12. gr. hljóði svo:

Eigi síðar en í marsmánuði ár hvert skal aðalfundur sjóðsins haldinn. Aðalfundir og aukafundir hafa æðsta vald í málefnum sparisjóðsins. Rétt til setu á aðalfundi með atkvæðisrétti eiga 7 fulltrúar sem sérstaklega eru til þess kjörnir af bæjarstjórn Ólafsfjarðar. Einnig eiga rétt til setu á fundinum með málfrelsi og tillögurétti stjórnarmenn ásamt sparisjóðsstjóra. Skal til fundarins boðað með a. m. k. 10 daga fyrirvara í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn sjóðsins og sparisjóðsstjóri skýra frá hag sjóðsins og rekstri hans á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun launakjara stjórnarmanna og endurskoðenda skv. tillögum stjórnarinnar.
3. Kosning fulltrúa á aðalfund Sambands íslenskra sparisjóða.
4. Ráðstöfun tekjuafgangs að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar og staðfesting ársreiknings.
5. Byggingu, kaup, sölu, skipti og veðsetningu á fasteignum sparisjóðsins að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnarinnar.
6. Önnur mál sem aðalfundur skal fjalla um skv. lögum eða sem sparisjóðsstjórn eða aðalfundarfulltrúar vilja leggja fyrir fund.

Til aukafunda skal boðað á sama hátt ef formaður stjórnar, sparisjóðsstjóri, 2 stjórnarmenn eða 3 aðalfundarfulltrúar óska.

Fundir eru því aðeins lögmætir að a. m. k. ⅔ fulltrúa mæti. Á fundi ræður afl atkvæða.

31. gr. hljóði svo:

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðendur og tvo til vara og skulu þeir kosnir af bæjarstjórn Ólafsfjarðar að loknum bæjarstjórnarkosningum til fjögurra ára í senn.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sparisjóði nr. 69 27. júní 1941 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Viðskiptaráðuneytið 8. janúar 1980.

Kjartan Jóhannsson.

Yngvi Ólafsson.

8. janúar 1980. Nr. 7.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Höfðahreppi.

1. gr.

Mönnum er heimilt að hafa hross og kindur í eignarlandi Höfðahrepps, enda verði fylgt þeim reglum og ákvæðum sem þessi reglugerð greinir svo og ákvæðum fjallskilareglugerðar og lögreglusamþykktar A.-Hún.

2. gr.

Hross, að fráskildum brúkunarhestum, og kindur skulu rekin og höfð á afréttarlandi Höfðahrepps yfir sumarið.

Ef hætta er á örtröð eða um of mikinn búfénað er að ræða í högunum að dómi hreppsnefndar, getur hún takmarkað fjölda þess og sett skammtímareglur þar um.

3. gr.

Þegar hross og kindur eru ekki á afréttarlandi hreppsins skulu þau vera í heldum girðingum. Er öll lausaganga kinda og hrossa í landi hreppsins, sem ekki er ætluð þeim eða á götum eða opnum svæðum í kauptúninu stranglega bönnuð. Þar sem kauptúnið er afgirt girðingum og hliðum skal líta svo á, að búfénaður sem gengur laus í kauptúninu, sé þar algjörlega á ábyrgð eiganda, enda ber að líta svo á, að búfénaður sem er í kauptúninu séu skepnur, sem fari yfir eða í gegnum venjulegar girðingar og hlið.

4. gr.

Hross og kindur sem eru á flækingi á götum kauptúnsins eða ganga laus í landi hreppsins þar sem þau eiga ekki að vera, skulu handsömuð og sett í örugga vörslu. Eigendur fá þau afhent gegn greiðslu raunverulegs kostnaðar við töku þeirra og tjóns ef orðið hefur, annars verða þau seld á uppboði og gangi uppboðsandvirðið til greiðslu kostnaðar, en eigandi, finnist hann, fær afganginn. Innlausnarfrestur fjallskilareglugerðar og laga um afréttarmál gildi um sölu þessa búfénaðar.

5. gr.

Séu hross og kindur sama eiganda tekin hvað eftir annað, getur hreppsnefnd svipt hann leyfi til þess að hafa hross og kindur í landi hreppsins og skulu þau þá fjarlægð án tafar. Verði það ekki gert skulu þau seld á uppboði sbr. 4. gr.

6. gr.

Að vetrinum þegar snjór gerir girðingar gagnslitlar, skulu menn taka hross sín í hús eða aðra örugga vörslu, svo þau valdi ekki ágangi.

7. gr.

Ákvæði 4., 5. og 6. gr. gilda einnig um búfénað sem er eign annarra en íbúa Höfðahrepps.

8. gr.

Hest- og fjárhús skulu vera rúmgóð og þrifaleg. Dimm og rök hús eða þau sem dýralæknir telur óhæf, skulu rifin á kostnað eiganda, enda hafi hann ekki bætt úr eftir hæfilegan frest.

9. gr.

Haugar við hest- eða fjárhús skulu fjarlægðir vor hvert, svo tímanlega sem tíðarfar leyfir og í síðasta lagi 25. maí. Vanræksla á þessu heimilar hreppsnefnd að synja viðkomandi eiganda um hagagöngu í landi hreppsins. Auk þess skulu hugar þá fjarlægðir á kostnað eiganda.

10. gr.

Um brot á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála og skulu sektir vera kr. 10 000 til 200 000.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 31 24. apríl 1973 um búfjárrækt öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 8. janúar 1980.

Bragi Sigurjónsson.

Haukur Jörundarson.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr.

Búfjárhald á Ísafirði er óheimilt, nema að fenginni heimild bæjarstjórnar og eftir ákvæðum þessarar reglugerðar.

Búfjárhald innan afgirts skipul. lands er bannað nema um lögbýli sé að ræða.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um heimild til búfjárhalds samkv. 1. gr. skal senda skriflega umsókn til bæjarráðs. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, geymslu þess og öðru sem máli skiptir um öryggi þess og aðhald. Að fenginni umsögn landbúnaðarnefndar getur bæjarráð lagt til að umbeðið leyfi verði veitt.

3. gr.

Leyfi til búfjárhalds getur bæjarstjórn veitt til lengri eða skemmri tíma. Má veita það ákveðinn tíma eða tilaka frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun. Bæjarstjórn ákveður fjölda búfjár til hvers leyfishafa og er engum heimilt að hafa fleira fé en bæjarstjórn veitir heimild fyrir.

Forðagæslumenn skulu gæta þess að reglur um hámarksfjölda séu haldnar.

4. gr.

Búfjáreigendum er skylt að hafa með sér félag og kjósa því forsvarsmenn er komi fram fyrir þeirra hönd gagnvart bæjaryfirvöldum.

Ef maður heldur búfé án heimildar, sem reglugerð þessi nær til, skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og því slátrað. Sama gildir er leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það valdi tjóni eða óþrifum.

Aðvara ber leyfishafa vegna brota hans áður en til aðgerða er gripið.

5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að greiða skuli í bæjarsjóð gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds og fer upphæð gjaldsins eftir ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni.

6. gr.

Bæjarstjórn skal skylt að láta gera búfjárhelda girðingu umhverfis þéttbýlishverfi kaupstaðarins og halda henni við.

Jafnframt að skipuleggja landsvæði utan þeirra marka fyrir búfjárhald. Stefnt skal að því að slíkar girðingar verði fullunnar fyrir 1. júní 1980 og reglur þessar þar með að fullu komnar til framkvæmda.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 50 000. (miðað við byggingarvísitölu 1.10. 1979.) Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Þeir búfjáreigendur sem nú eiga og hafa átt fénað og gripahús innan girts skipulagðs lands kaupstaðarins, skulu sækja um leyfi til bæjarstjórnar um áframhaldandi búrekstur fyrir 1. febrúar 1980.

Reglugerð þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. janúar 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 9. 8. janúar 1980.

REGLUGERÐ

um Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

1. gr.

Vinnumálaskrifstofan er sérstök deild innan félagsmálaráðuneytisins.

Hlutverk skrifstofunnar er að annast þau mál, sem snerta vinnumarkaðinn og undir ráðuneytið falla lögum samkvæmt, og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Verkefni sín skal vinnumálaskrifstofan leysa í samráði og samvinnu við samtök launafólks og vinnuveitenda eftir því sem kostur er.

Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna skulu hvert um sig tilnefna einn fulltrúa til þess að vera vinnumálaskrifstofunni til ráðuneytis og aðstoðar um þau verkefni, sem hún hefur með höndum og varða samskipti launafólks og vinnuuveitenda.

3. gr.

Vinnumálaskrifstofan skal hafa á hendi yfirumsjón með vinnumiðlun sbr. lög nr. 52/1956 með síðari breytingum, og samræma starfsemi þeirrar vinnumiðlunar sem fram fer á vegum sveitarfélaga í landinu.

4. gr.

Vinnumálaskrifstofan skal afla, og koma á framfæri við hlutaðeigendur, upplýsinga um atvinnutækifæri á landinu öllu og samræma það starf þeirri vinnumiðlun, sem fram fer á vegum sveitarstjórna. Í þessu skyni skal vinnumálaskrifstofan koma upp skrá yfir atvinnutækifæri á landinu öllu og skiptingu þeirra á einstakar atvinnugreinar, eftir því sem við verður komið. Þegar slík skrá hefur verið gerð, skal hún jafnan liggja frammi hjá þeim aðilum, sem vinnumiðlun annast.

5. gr.

Vinnumálaskrifstofan beitir sér fyrir ráðstöfunum sem greiða fyrir miðlun vinnu milli launafólks um land allt, þar á meðal tilfærslu milli atvinnugreina, eftir því sem þörf er á hverju sinni. Í þessu skyni skal vinnumálaskrifstofan hafa frumkvæði að aðgerðum, sem auðvelda flutning milli byggðarlaga, gera þeim, sem atvinnulausir eru, kleift að stunda eftir- eða endurmenntun, eða öðrum þeim ráðstöfunum, sem greiða fyrir búferlaflutningum eða tilfærslu milli atvinnugreina vegna atvinnuleysis eða breyttra atvinnuhátta.

Ennfremur veitir vinnumálaskrifstofan öryrkjum og unglingum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi m. a. með því að ganga ríkt eftir því við þær vinnumiðlanir, sem starfa í landinu á vegum sveitarfélaga, að þær ræki þetta hlutverk svo sem þeim er skylt, sbr. b og c-lið 3. gr. laga nr. 52/1956 um vinnumiðlun. Þá skal vinnumálaskrifstofan hlutast til um að opinberar stofnanir og fyrirtæki ráðstafi tilteknum fjölda atvinnutækifæra til öryrkja og unglinga, eftir því sem við verður komið í hverju tilfelli.

6. gr.

Vinnumálaskrifstofan skal sjá um að bætt verði og samræmd öll upplýsingasöfnun um atvinnuleysi í landinu og hafa um það samstarf við þær stofnanir, sem vinna að áætlanagerð og skráningu tölfræðilegra upplýsinga. Í þessu skyni skal vinnumálaskrifstofan m. a. ganga ríkt eftir því að sveitarstjórnir, sem lögum samkvæmt eru skyldar til að starfrækja vinnumiðlun, sendi skrifstofunni í lok hvers mánaðar nákvæmar upplýsingar um skráð atvinnuleysi í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Skal sveitarstjórn, eða þeim sem annast vinnumiðlun í umboði hennar, skylt að senda vinnumálaskrifstofunni slíkar upplýsingar eigi síðar en 3ja dag næsta mánaðar. Ennfremur getur vinnumálaskrifstofan krafið vinnumiðlun um skýrslu um þau störf, sem skráð eru hjá vinnumiðlun og ekki hefur verið ráðið í við lok hvers mánaðar.

Skýrslur þær, sem um ræðir í þessari grein, skulu gerðar í því formi sem vinnumálaskrifstofan ákveður.

7. gr.

Vinnumálaskrifstofan skal birta mánaðarlega skýrslu um skráð atvinnuleysi á landinu öllu. Skal þar m. a. koma fram hvar á landinu atvinnuleysi er hverju sinni og í hvaða starfsgreinum. Ennfremur hvernig atvinnuleysi skiptist á þá, sem voru í fullu starfi og hlutastarfi svo og eftir kyni og aldri þeirra, sem atvinnulausir eru.

Jafnan skal getið orsaka atvinnuleysis s. s. hvort það er árstíðabundið eða það stafar af öðrum ástæðum.

8. gr.

Vinnumálaskrifstofan skal að staðaldri fylgjast með og kanna ástand og horfur í atvinnumálum um land allt og gera stjórnvöldum aðvart ef horfur eru á atvinnuleysi í einstökum fyrirtækjum, starfsgreinum eða landshlutum. Jafnframt gerir vinnumálaskrifstofan tillögur um þær fyrirbyggjandi aðgerðir, sem hún telur tök á, til þess að koma í veg fyrir atvinnueysi. Rétt er vinnumálaskrifstofunni að leita í þessu sambandi stamstarfs við þær opinberar stofnanir, sem fjalla um vinnumarkaðsmál, áætlanagerð og fjármögnun framkvæmda. Ennfremur skal vinnumálaskrifstofan í þessum efnum hafa samráð við heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins eða samtök einstakra starfsgreina eftir því sem tilefni gefst til hverju sinni.

Ársfjórðungslega birtir vinnumálaskrifstofan yfirlit um ástand og horfur í atvinnumálum.

9. gr.

Öllum þeim, sem atvinnurekstur stunda, er skylt að tilkynna vinnumálaskrifstofunni og hlutaðeigandi verkalýðsfélögum með a. m. k. tveggja mánaða fyrirvara ráðgerðan samdrátt eða aðrar varanlegar breytingar í rekstri, sem leiða til uppsagnar fjögurra starfsmanna eða fleiri, um lengri eða skemmri tíma. Slíkum tilkynningum skal jafnan fylgja greinargerð um ástæður atvinnurekanda til upp-

sagnar starfsmanna, þar á meðal hvort uppsagnir stafi af verkefnaskorti eða af öðrum ástæðum, sem gerð sé grein fyrir.

10. gr.

Vinnumálaskrifstofan skal gera tillögur um úrbætur í atvinnumálum eftir því sem tilefni gefst til hverju sinni. Slíkar tillögur geta snert einstakar starfsgreinar, einstaka landshluta eða landið í heild, eftir því sem við á í hverju tilfelli.

Tillögur um úrbætur í atvinnumálum skulu, eftir því sem við á, gerðar í samráði við aðila vinnumarkaðarins, samtök einstakra starfsgreina og hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Tillögunum skal fylgja ýtarleg greinargerð um það atvinnuástand, sem úr á að bæta, fjölda þeirra atvinnutækifæra, sem fyrirhugaðar aðgerðir skapa svo og um áætlaðan kostnað við úrbæturnar.

Opinberar stofnanir á sviði efnahags- og atvinnumála skulu veita vinnumálaskrifstofunni þær upplýsingar og aðstoð sem hún fer fram á og þær geta af hendi látið.

11. gr.

Auk þeirra verkefna, sem greind eru í 54. gr. laga nr. 13/1979, skal vinnumálaskrifstofan fara með mál er varða ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot sbr. lög nr. 31/1974 með síðari breytingum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 frá 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl., öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 8. janúar 1980.

Magnús H. Magnússon.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 10. 7. janúar 1980.

SAMÞYKKT

um hundahald í Hafnahreppi.

1. gr.

Hundahald er aðeins heimilt á lögbýlum í Hafnahreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í sveitarfélaginu, sem ekki búa á lögbýlum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu sveitarfélagsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþágu er veitt fyrir. Gjaldið, sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn, skal standa undir kostnaði við eftirlit með þessum hundum og skráningu.
c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýnir að tryggingin sé í fullu gildi. Gjalddagi leyfisgjaldsins er 1. júlí ár hvert.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt, að fara með hunda inn í skólahús, matvöruverslanir, fiskvinnsluhús eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa sveitarfélagsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um sveitarfélagið fara, til óþæginda.
f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hafnahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. janúar 1980.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

8. janúar 1980. Nr. 11.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o. fl. nr. 137 26. júlí 1971.

Fyrir leyfi skv. 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð kr. 360 000 á ári. Gjalddagar eru 15. janúar og 15. júlí ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað, yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17. 1. febrúar 1938 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. janúar 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um hundahald á Akranesi.

1. gr.

Hundahald er bannað í bænum að undanteknum leiðsöguhundum til hjálpar blindu fólki og leitarhundum til aðstoðar björgunarsveitum.

2. gr.

Bæjarstjórn er þó heimilt að veita einstaklingum búsettum í bænum, undanþágu til hundahalds að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins. Þar fær eigandi afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins. Á plötuna skal grafið Akr. og númer.

   Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu um, að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar, eins og hún er nú eða kann síðar að verða.
2. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi, þannig að tryggt sé, að trygging taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda, án nokkurra óeðlilegra skilyrða, að mati bæjarstjórnar.
3. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er heimilt að hafa með sér hund, þó í taumi sé, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús, leikvelli eða verslanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.
4. Hundaeigendum er skylt að sjá svo um, að hundar þeirra raski eigi ró manna, né verði þeim til óþæginda.
5. Skilyrði fyrir hundahaldi í húsum þar sem íbúðir eru fleiri en ein er, að allir húsráðendur húss samþykki slíkt. Skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildi þar til bæjarstjóra berst skrifleg afturköllun frá einhverjum húsráðenda.
6. Til að standa straum af kostnaði bæjarsjóðs af skráningu og eftirliti með hundum, skal árlega greiða leyfisgjald til bæjarsjóðs fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hundsins til 1. júlí og síðan árlega á sama tíma. Bæjarstjórn ákveður upphæð þessa gjalds í upphafi hvers árs.

   Við greiðslu gjalds þessa ber hundeiganda að sýna fullgild skilríki fyrir greiðslu vátryggingargjalds samkv. 2. tl. þessarar greinar, vátryggingarskírteini, vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og önnur skilríki er máli skipta samkv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur varðandi hunda. Hundar, sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, svo og leitarhundar, eru undanþegnir leyfisgjaldi, en eru að öðru leyti háðir ákvæðum 2. gr.

3. gr.

Við minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um alvarlegt brot, eða ítrekað, er að ræða, er heimilt að afturkalla viðkomandi undanþágu til hundahalds, og varðar það sektum, sem geta numið allt að sömu upphæð og ársgjaldinu til bæjarsjóðs.

4. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni og ómerktir eru, svo og aðrir ómerktir flækingshundar, skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram og eða vitji hans innan tveggja sólarhringa, hefur lögreglan heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans eigi innan tveggja sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundinum, án frekari fyrirvara. Leyfi til viðkomandi eigenda skal þá falla úr gildi og eigi endurnýjast.

Eigendur hunda, sem teknir eru úr umferð, skulu greiða áfallinn kostnað við vörslu þeirra. Ef uppvíst verður um óskráðan hund, skal eiganda hans gert að greiða árgjald til bæjarsjóðs, að viðbættri sekt samkv. 3. gr.

5. gr.

Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkv. samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna bæjarstjóra án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Akraness staðfestist hér með samkv. lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir varðandi hundahald á Akranesi, sem fara kunna í bága við samþykkt þessa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. janúar 1980.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

9. janúar 1980. Nr. 13.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hellu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 2. janúar 1980 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hellu í Rangárvallahreppi Rangárvallasýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Rangárvallahrepps og skipulagsstjórn ríkisins. Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur Hellu sem staðfestur var 2. apríl 1954.

Félagsmálaráðuneytið, 9. janúar 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Hafnarfjarðarkaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, hefur bæjarstjórn Hafnarfjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að nota heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 til að áskilja sér forkaupsrétt að öllum lóðum og fasteignum í Hafnarfirði vestan Krísuvíkurvegar, er lagðar voru undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með lögum nr. 46/1964 og lóðum og fasteignum þeim í landi Setbergs og Þórsbergs, sem lagðar voru undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með lögum nr. 34/1978.

Nánar til tekið eru eignir þessar m. a.:

Jörðin Lónakot.

Jörðin Óttarsstaðir, þar með talið gamla býlið, Óttarsstaðir II, Óttarsstaðagerði, Blikalón I og Glaumbær.

Jörðin Straumur, þar með talið Straumsbúið, Jónsbúð, Þýskabúð, sumarbústaður Guðrúnar Helgadóttur og eignarland Bjarna Bjarnasonar.

Litli Lamhagi.

Stóri Lambhagi.

Landspilda Hákonar Bjarnasonar.

Landspilda Skógræktar ríkisins.

Landsspilda Jóhönnu og Bjargar Sigurjónsdætra.

Gerði.

Sá hluti jarðarinnar **Setbergs,** sem er í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.

Sá hluti eignarinnar **Þórbergs,** sem er í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar."

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 15. 9. janúar 1980.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 249 22. desember 1971 um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

5. gr. orðis svo:

„Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.13% (0.13 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar."

Vatnsskattur samkvæmt 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og mesta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði: ..... minnst 70.12 kr/m³ en mest 91.17 kr/m³
Vörugeymslur: ..... minnst 52.77 kr/m³ en mest 105.54 kr/m³
Aðrar byggingar: ..... minnst 70.12 kr/m³ en mest 105.54 kr/m³

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 9 527 af skattskyldri fasteign.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er samkvæmt 2. gr. skal vera kr. 54.04 á hvern rúmmetra vatns."

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 58 12. janúar 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 9. janúar 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

14. janúar 1980. Nr. 16.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu banns við togveiðum á Vopnafjarðargrunni.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 482 4. desember 1979, um bann við togveiðum á Vopnafjarðargrunni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. janúar 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

9. janúar 1980. Nr. 17.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir embættisverk fulltrúa í utanríkisþjónustunni.

1. gr.

Fyrir útgáfu vegabréfa og staðfestingaráritanir í sendiráðum eða ræðisskrifstofum Íslands skal greiða eftirfarandi gjöld:

1.	Fyrir útgáfu vegabréfa til handhafa á aldrinum 18—66 ára	kr. 5 300.00
2.	Fyrir útgáfu vegabréfa til annarra	— 2 600.00
3.	Fyrir staðfestingaráritun í vegabréf eða önnur persónuskilríki	— 900.00
4.	Fyrir að staðfesta undirskriftir stjórnvalda og einstaklinga „(legalisering"), hvert skjal	— 900.00

2. gr.

Upphæð gjalds skv. 1. gr. skal rituð í vegabréfið eða á skjalið. Jafnframt skal gefa út sérstaka kvittun fyrir gjaldinu og rita á hana fyrir hvað gjaldið er innheimt.

3. gr.

Gjöld þau, sem innheimt eru skv. reglugerð þessari, renna í ríkissjóð, nema þau gjöld, sem kjörræðismenn innheimta, en þau renna til þeirra sjálfra. Gjöldin ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi Seðlabanka Íslands. Við útreikninginn er heimilt að jafna upphæðina.

4. gr.

Reglugerð þessa skal prenta á íslensku og ensku og skal hún liggja frammi í íslenskum sendiráðum og ræðisskrifstofum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 17. gr. laga nr. 39, 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands og öðlast hún gildi hinn 1. febrúar 1980. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð um gjöld til utanríkisráðuneytisins frá 9. janúar 1976.

Utanríkisráðuneytið, 9. janúar 1980.

Benedikt Gröndal.

Hörður Helgason.

Nr. 18. 21. janúar 1980.

REGLUGERÐ

um greiðslu opinberra gjalda í Reykjavík og Seltjarnarneskaupstað fyrri hluta ársins 1980.

1. gr.

Í Reykjavík og Seltjarnarneskaupstað skal innheimta sameiginlega fyrirfram upp í væntanleg þinggjöld og útsvör yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð er nemi 68% — sextíuogátta af hundraði — þeirra þinggjalda og útsvara, sem honum bar að greiða á árinu 1979.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 1 18. janúar 1980, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 21. janúar 1980.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Gerðahreppi í Gullbringusýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir á skipulögðu svæði í Garði eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús, tvíbýlishús	1.5%
Tveggja hæða raðhús, og íbúðarhús	1.0%
Fjölbýlishús	0.5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%
Iðnaðarhús, vöruskemmur og annað atvinnuhúsnæði	0.5%
Opinberar byggingar	1.5%
Bílskúrar	1.5%
Önnur hús	0.5%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 140 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m^3
Raðhús, tvíbýlishús, samb. einbýlishús hver íbúð	400 m^3
Fjölbýlishús	300 m^3

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðagjalda miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir 1. mars ár hvert.

Grunntölur þær, sem nefndar eru í 3. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar sem var í gildi 1. mars 1979.

5. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. gr. 3 hvern fyrir sig, eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

6. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds, samkv. 3. gr. skulu vera samkv. eftirfarandi:

Úthlutun er háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfið verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

7. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ. e. a. s., að lóð fellur aftur til sveitarfélagsins hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema veitingin hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Noti lóðarhafi ekki veitta lóð skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

Eftir 6 mánuði endurgreiðast 50%.

Eftirstöðvar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt, þegar greiðsla samkvæmt þeirri úthlutun fer fram.

8. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem lagt er á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Gerðahrepps, Gullbringusýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 20. 7. janúar 1980.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga.

1. gr.

1. málsgr. 4. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna happdrættisráð til þriggja ára í senn og ákveður formann þess. Dómsmálaráðuneytið ákveður þóknun happdrættisráðsmanna, er greiðist af fé happdrættisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berkalasjúklinga, sbr. lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. janúar 1980.

Vilmundur Gylfason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla.

1. gr.

Í samræmi við lög nr. 63/1974, um grunnskóla, skal setja á stofn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla í hverju fræðsluumdæmi.

Fræðsluráð umdæmis stofnar til ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla. Heimilt er og fræðsluráðum tveimur eða fleiri að stofna til ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í sameiningu enda samþykki menntamálaráðuneytið tilhögun þeirrar þjónustu.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta skóla skal starfrækt sem sérstök deild í fræðsluskrifstofu, sálfræðideild skóla. Deildin lýtur stjórn fræðslustjóra og skipuleggur hann störf hennar í samráði við forstöðumann deildarinnar og skólastjóra þjónustusvæðisins. Daglega stjórnsýslu og verkstjórn í sálfræðideild skóla annast sérmenntaður forstöðumaður, sbr. 9. gr., 3. mgr.

Menntamálaráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla um land allt:

a) 5 ára áætlun. Skal hún endurskoðuð svo oft sem þurfa þykir.
b) Starfsáætlun til eins árs. Skal hún gerð í lok hvers skólaárs og miðast annars vegar við það fjármagn sem veitt hefur verið til þessa starfsþáttar í fjárlögum yfirstandandi árs og hins vegar við markmið 5 ára áætlunarinnar.

Kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu greiðist að jöfnu af ríkissjóði og sveitarfélögum. Heimilt er sveitarfélögum í fræðsluumdæmi að fela landshlutasamtökum sveitarfélaga að annast greiðslur fyrir sína hönd. Um greiðslufyrirkomulag og útborgun kostnaðar fer að öðru leyti eftir ákvæðum reglugerðar um rekstrarkostnað grunnskóla.

Fræðsluskrifstofa hvers fræðsluumdæmis sér ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir skrifstofuaðstoð og símavörslu og reiknast kostnaður við það sem hluti af rekstrarkostnaði skrifstofunnar.

3. gr.

Hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu er:

a) að nýta sálfræðilega og uppeldisfræðilega þekkingu í skólastarfi,
b) að vera ráðgefandi um umbætur í skólastarfi sem verða mættu til að fyrirbyggja geðræn vandkvæði og námsörðugleika,
c) að annast rannsókn á afbrigðilegum nemendum og þeim sem ekki nýtast hæfileikar í námi og starfi,
d) að vera skólastjórum og kennurum til ráðuneytis um kennslu og foreldrum til leiðbeiningar um uppeldi og meðferð nemenda sem rannsakaðir eru (sbr. c-lið),
e) að taka til meðferðar nemendur, sem sýna merki geðrænna erfiðleika, og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra,
f) að annast hæfniprófanir og ráðgjöf í sambandi við náms- og starfsval unglinga,
g) að annast ýmis rannsóknarstörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustuna.

Starfshættir ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla skulu mótast af fræðilegum viðhorfum annars vegar og af þörfum þeirra sem þjónustunnar njóta hins vegar, hvort sem um er að ræða hópvinnu með nemendum, kennurum eða foreldrum eða einstaklingsvinnu með sömu aðilum.

Lögð skal áhersla á fyrirbyggjandi starf hvers konar og á samhengi í þjónustu við nemendur og fjölskyldur þeirra sbr. 4. gr.

Ákvarðanir um tilhögun sérkennslu þ. m. t. tilhögun stuðningskennslu í almennum grunnskóla, skipan nemenda í sérkennslu í eigin skóla, í sérskóla skv. 81. gr. grunnskólalaga eða í sérstofnun skv. 52. gr. sömu laga, skulu teknar í samráði við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla.

Starfsfólk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skal leitast við að starfa í sem nánustum tengslum við skólastjórnir, kennara og annað starfsfólk skólanna. Reynt skal að tryggja starfsfólki þjónustunnar fullnægjandi aðstöðu til viðtala í hlutaðeigandi skólum. Skólastjórar skulu og leitast við að gera viðtöl og fundi sem af starfi ráðgjafarþjónustunnar leiða, mögulega með tilhliðrunum á kennslu eftir því sem kleift er.

4. gr.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta skóla starfar fyrir grunnskóla, þ. m. t. sérstofnanir samkvæmt 52. gr. laga um grunnskóla.

Heimilt er ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu að miða störf sín einnig við nemendur sem eru yngri eða eldri en sem nemur skólaskyldualdri, eftir því sem ástæða þykir til vegna fyrirbyggjandi starfs, framhaldsnáms, starfsvals og eftirverndar.

5. gr.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta skóla skal hafa nána samvinnu við þær stofnanir og aðila sem annast hliðstæða heilbrigðis- og félagsmálaþjónustu fyrir börn og unglinga á vegum ríkis og sveitarfélaga.

6. gr.

Samvinna ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu við skóla skal í grundvallaratriðum miðast við að þjónustan sé skólunum til ráðuneytis á því starfssviði sem hlutverk hennar tekur til, sbr. 3. gr.

Stefnt skal að því að skólastjórar, kennarar og aðrir starfsmenn skóla geti orðið aðilar að hópvinnu um þau mál sem ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan fjallar um varðandi skólann.

Frumkvæði að sérfræðilegri rannsókn á vandkvæðum einstaks nemanda getur komið frá nemanda sjálfum, forráðamanni nemanda, frá skóla, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, skólalækni, heimilislækni eða öðrum þeim er um velferð barnsins fjalla.

Samþykki forráðamanna skal að jafnaði áskilið til þess að einstaklingsrannsókn á skólaskyldum nemanda eða yngri geti farið fram.

Þegar skólastjóri og kennari telja að um alvarleg vandkvæði sé að tefla takmarkast þó réttur forráðamanna nemenda til að hafna ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í samræmi við það sem leiðir af ákvæðum laga þar að lútandi, sbr. 6. og 50.—54. gr. grunnskólalaga og lög nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna með áorðnum breytingum. Gerir fræðslustjóri þá tillögu til barnaverndarnefndar um viðeigandi ráðstafanir.

7. gr.

Við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu starfa eftirtaldir sérmenntaðir starfsmenn: sálfræðingar, félagsráðgjafar og sérkennarar.

Fræðsluráð getur lausráðið framangreinda starfsmenn til ákveðins tíma í hluta úr starfi. Ef um setningu í starf er að ræða, skal staðan auglýst með venjulegum hætti og gerir fræðslustjóri, að höfðu samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð, tillögu til ráðuneytisins um hvern setja skuli. Að liðnu tveggja ára setningartímabili má skipa í starfið, ef bæði fræðsluráð og fræðslustjóri leggja það til.

Auk ofangreindra starfa er fræðsluráði heimilt, að höfðu samráði við sálfræðideild, að tryggja sér þjónustu ráðgefandi læknis í hlutastarfi. Gerir fræðsluráð þá við hann ráðningarsamning til ákveðins tíma.

Heimilt er með samþykki forstöðumanns sálfræðideildar að taka í starfsþjálfun háskólanema í sálfræði, félagsráðgjöf og sérkennslufræðum í samráði við þá menntastofnun sem hlut á að máli.

c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 28.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 900.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 9 500.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

4. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 14.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn. kr. 1 530.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

9. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 5 650.00 fyrir hvert skip, auk kr. 14.00 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.

b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 1 230 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 16. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 517.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1 094.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 025.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 296.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 250.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 38 23. janúar 1979.

Samgönguráðuneytið, 14. janúar 1980.

Magnús H. Magnússon.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 59. 14. janúar 1980.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 128 20. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 28.00 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 14.00 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 28.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 900.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 9 500.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 14.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 530.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 5 650.00 fyrir hvert skip, auk kr. 14.00 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.

b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.

c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 1 230 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 517.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1 094.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 025.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 296.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 250.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 39 23. janúar 1979.

Samgönguráðuneytið, 14. janúar 1980.

Magnús H. Magnússon.

Ólafur S. Valdimarsson.

14. janúar 1980. Nr. 60.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Þorlákshöfn, nr. 130 20. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 28.00 á brúttórúmlest.

b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 14.00 á brúttórúmlest.

c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 28.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 900.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 9 500.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestargjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 14.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 530.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 5 650.00 fyrir hvert skip, auk kr. 14.00 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 1 230 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 517.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1 094.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 025.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 296.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 250.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 40 23. janúar 1979.

Samgönguráðuneytið, 14. janúar 1980.

Magnús H. Magnússon.

Ólafur S. Valdimarsson.

GJALDSKRÁ
fyrir póstþjónustu.
Gildir frá 1. febrúar 1980.

TEGUND SENDINGAR Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd-armörk g	Innanlands Burðargj. kr.	Norðurlönd Alm. burðargj. kr.	Norðurlönd [1] Flugburðargj. kr.	Önnur lönd í Evrópu Alm. burðargj. kr.	Önnur lönd í Evrópu [1] Flugburðargj. kr.	Lönd utan Evrópu Alm. burðargj. kr.	Lönd utan Evrópu [1] Flugburðargj. kr.
Bréf.	20	120	120	[2]	140	[2]	140	250
Hámarksstærð:	100	240	240		330		330	700
Lengd + breidd	250	480	480		670		670	1780
+ þykkt 900 mm.	500	960	960		1280		1280	3390
Mesta lengd 600 mm.	1000	1440	1830		2230		2230	6460
Í ströngum:	2000	3620	3620		3620		3620	12450
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.								
Mesta lengd 900 mm.								
Hámarksþyngd 2 kg.								
Lágmarksstærð:								
90 × 140 mm. Í ströngum:								
Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm.								
Minnsta lengd 100 mm.								
Póstkort.				[2]		[2]		
Mest 105 × 148 mm		100	100		100		100	130
Minnst 90 × 140 mm								
Prent.								
Stærð sama og bréfa.	20	100	100	110	100	110	100	130
(Prentkort, sama stærð	100	150	150	180	150	180	150	320
og póstkort).	250	240	240	320	280	360	280	640
Hámarksþyngd 2 kg.	500	430	430	720	500	790	500	1300
Bækur þó 5 kg.	1000	700	700	1330	840	1470	840	2450
Burðargjald fyrir prent	2000	990	1170	2200	1170	2200	1170	5170
yfir 1000 g til Norðurl.	3000	1480	1760	3460	1760	3460	1760	6470
er sama og fyrir	4000	1970	2350	4720	2350	4720	2350	7810
„Önnur lönd“	5000	2460	2940	5970	2940	5970	2940	9150
Smápakkar.	100	150	150	180	150	180	150	320
Stærð sama og bréfa.	250	240	240	320	280	360	280	640
Hámarksþyngd 1 kg.	500	430	430	720	500	790	500	1300
	1000	700	700	1330	840	1470	840	2450
Innrituð blöð og tímarit.			Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmálablöð og tímarit landssamtaka stéttarfélaga vísast til reglugerðar fyrir póstþjónustu nr. 337/1976, grein 14.4.1. sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 356 14. ágúst 1979					
Innritunargjald 69 200 kr.								
Stærð sama og bréfa.								
a) Til umboðsm.	hver							
	500	62						
Hámarksþ. 20 kg.								
b) Til áskrifenda.								
Minnsta gjald: 200 eint.								
Hámarksþyngd								
500 g hvert eintak.	100	24						
	200	48						
	300	71						
	400	122						
	500	162						

[1] Samanlagt flugg jald og alm. burðarg jald.

[2] Bréf og póstkort (LC) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks flugg jalds.

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald kr.
Gíróþjónusta (aðeins innanlands). Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	160
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Hámarksupphæð innanlands: Kr. 1 000 000 (Símapóstávísanir kr. 500 000). Burðargjald	280
b. Til annarra landa: Burðargjald	380
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur. Hámarksupphæð sama og póstávísana (1 000 000) eða innborgunar á póstgíróreikning (upphæð ótakmörkuð). Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Með póstávísun	530
Með innb. á póstgíróreikn. (aðeins innanl.)	370
b. Til anarra landa Burðargjald	580

TEGUND SENDINGAR	Þyngdarmörk kg.	Burðargjald kr. Alm. bögglar kr.	Rúmfr. broth. kr.
Almennir bögglar (innanlands):			
Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m. Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	1	400	600
	3	700	1000
	5	1000	1500
	10	1700	2500
	15	2400	3600
	20	2800	4200

Verðbréf og -bögglar.	Kr.
Burðargjald sendingar eftir tegund.	
Skrásetningargjald	270
Tryggingargjald.	
Fyrir hverjar 50000 kr. eða minna þar yfir	270

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Loftbréf: Söluverð kr. 170. Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald ..... kr. 270

Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu kr. 240

Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er ..... kr. 580

Móttökukvittun ..... kr. 150

Talning í verðbréfi innanlands: kr. 270 hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð kr. 260
Skiptiverð í frímerkjum kr. 140.

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: kr. 240

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: kr. 150

Tollmeðferð böggla: kr. 270

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: kr. 150

Geymslugjald böggla: 240 kr. á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús

Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan kr. 150

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -bögglar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að kr. 6800 fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að kr. 51 000 fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Pósthólfaleiga. Ársleiga eftir stærð: kr. 1300, 2200, 2800, 3500, 4100.
Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 og gengur í gildi 1. febrúar 1980. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu frá 29. maí 1979.

Samgönguráðuneytið 29. janúar 1980.

Magnús H. Magnússon.

Halldór S. Kristjánsson.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. febrúar 1980.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 62 000

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjarritvélar og radíóbúnað í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — áætlaður helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að veita löggiltum rafverktökum sérstakt leyfi til að draga símataugar í rör, sem tilheyra viðkomandi íbúðum enda hafi áður verið komið á samstarfi við hlutaðeigandi rafveitur varðandi samþykki teikninga fyrir símalagnir.

Hér er aðeins um að ræða einfaldar símalagnir í íbúðarhúsum, það er uppsetningu á tenglum, sem Póst- og símamálastofnunin hefur viðurkennt og tengingu þeirra, en ekki tengingu inn í húskassa.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 10 500 að viðbættum kr. 23.10 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1. hér að framan, auk kr. 3 400 á ársfjórðungi.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

3. Flutningsgjald.

3.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað ..... kr. 31 000
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).

3.2. Milli stöðvargjaldsvæða ..... — 42 000

3.3. Til viðbótar 3.1. og 3.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.

3.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan sama gjaldsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 3.1. niður í allt að kr. 16 000 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 20 000 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri og búnaði af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 35 000.

Viðtökugjald lækkar í kr. 6 100 af heimilissíma og aukabúnaði þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 12 200.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 3.1. hér að framan.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðgerð notendabúnaðar.

Viðgerðarkostnaður notendabúnaðar er ekki innifalinn í afnotagjaldi.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 49 000

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjarritvélar og radíóbúnað í samráði við ráðuneytið.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð með línu.

Afnotagjaldið er tilfært í heilum krónum.

Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum		2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
2 std.	4 600	3 680	2 760
4 —	6 100	4 880	3 660
6 —	6 900	5 520	4 140
8 —	7 600	6 080	4 560
10 —	8 400	6 720	5 040
12 —	8 600	6 880	5 160
14 —	8 800	7 040	5 280
16 —	8 900	7 120	5 340
24 —	10 500	8 400	6 300

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem að framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu. Viðbótargjaldið skal þó hækka eða lækka þannig að standi á heilum tug króna.

2.2. Almenn ákvæði.

Ofannefnt afnotagjald fyrir númer í miðstöð og línu hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum. Þessi hækkun gildir ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald greiðist fyrirfram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

3. Flutningsgjald.

3.1.	Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað	kr. 24 500
3.2.	Milli stöðvargjaldsvæða	— 34 000
3.3.	Til viðbótar 3.1 og 3.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.	
3.4.	Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.	

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, má lækka flutningsgjald skv. 3.1. niður í allt að kr. 12 200.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri og búnaði af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 27 000.

Viðtökugjald lækkar í kr. 6 100 af heimilissíma og aukabúnaði, þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 12 200.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 3.1. hér að framan.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af Póst- og símamálastofnuninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðgerð notendabúnaðar.

Viðgerðarkostnaður notendabúnaðar er ekki innifalinn í afnotagjaldi.

III. KAFLI
Notendasímar í sveitum.

1. Stofngjald.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1.1. Stofngjald fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu er kr. 33 000. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveður Póst- og símamálastofnunin stofngjald í hvert skipti eða eftir samkomulagi.

1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.

1.3. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjarritvélar og radíóbúnaði í samráði við ráðuneytið.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

2 std.	.....	kr. 2 400
4 —	.....	— 2 700
6 —	.....	— 3 500
8 —	.....	— 4 100
10 —	.....	— 4 500
12 —	.....	— 4 600
14 —	.....	— 4 700
16 —	.....	— 4 900
24 —	.....	— 5 200

2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.

2.3. Viðgerðarkostnaður notendabúnaðar er ekki innifalinn í afnotagjaldi.

3. Almenn ákvæði.

3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.

3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.

3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.

3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.

3.5. Símnotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.

3.6. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.

3.7. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kauptúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI
Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt:

1.1. **Dagtaxti er frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl.** 08:00 til kl. 15:00 á laugardögum.

Gjaldflokkur	Sek. í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
0	ót. tími	
1	60 sek.	23.10
2	12 —	115.50
3	10 —	138.60
4	8 —	173.25

1.2. **Næturtaxti er frá kl. 19:00 til kl. 08:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl.** 15:00 á laugardegi til kl. 08:00 næsta mánudag.

Gjaldflokkur	Sek. í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
1	120 sek.	11.55
2	24 —	57.75
3	20 —	69.30
4	15 —	92.40

2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

	Minnsta gjald	Umframgjald pr. mín.
2.1. Um 0— 10 km línulengd	kr. 156	kr. 52
— 10— 25 — —	— 255	— 85
— 25—100 — —	— 345	— 115
—100—225 — —	— 417	— 139
Yfir 225 — —	— 519	— 173

Framannefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.
2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.
2.4. Kvaðning: kr. 190. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.
2.5. Afgreiðslugjald: kr. 475 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.
2.6. Boðsending: kr. 310 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og 310 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

3. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og millirikjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

4. Radíó-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

4.1. Línugjald kr. 255 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 85 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
4.2. Strandargjald kr. 522, ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi, en annars kr. 732 fyrstu 3 mín. og kr. 174 eða kr. 244 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt IV. kafla 2.
4.5. Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
b. Strandargjald.
c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV. kafla 2.

V. KAFLI

Símskeytagjald.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

1.1. Venjulegt símskeyti: Grunngjald kr. 475 og kr. 26 fyrir hvert orð. Lágmarksorðafjöldi 7 orð.
1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
1.3. Veðurskeyti: Kr. 260 fyrir hvert skeyti.
1.4. Símapóstávísanir: Gjald kr. 1 000 án tillits til orðafjölda.
1.5. Heillaskeyti: Sama og fyrir venjulegt símskeyti, auk kr. 260 fyrir heillaskeytiseyðublaðið.
1.6. Samúðarskeyti: Grunngjald kr. 475. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landsspítalasjóðs.
1.7. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kauptúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 310 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.

1.8. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

1.9. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjald fyrir símskeyti til útlanda er ákveðið af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

3.1. Almenn loftskeyti.

3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:

a. Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 475.
b. Línugjald kr. 26 á hvert orð.
c. Strandargjald kr. 36 hvert orð.
d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
e. Gjald fyrir aukaþjónustu að beiðni sendanda.
Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.

3.2. Sérstök loftskeyti.

3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá ísl. skipum til Veðurstofu Íslands er kr. 260 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 180.

3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.

3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI

Telex- og fjarritvélar.

1. Stofngjald.

1.1.	Númer í telexstöð	kr. 275 000
1.2.	Bæjarlína	— 68 000
1.3.	Venjuleg fjarritvél af eldri gerð	— 444 000
1.4.	Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð. Greiða skal kostnaðarverð sem birt er í verðskrá, en það er innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði.	
1.5.	Innbyggður endurgati af eldri gerð	— 79 000
1.6.	Innbyggður vélsendir af eldri gerð	— 79 000
1.7.	Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs	— 201 000
1.8.	Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði	— 255 000
1.9.	Vélsendir	— 97 000
1.10.	Vélgatari	— 201 000
1.11.	Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	— 167 000
1.12.	Afriðill	— 36 000
1.13.	Tengipúlt	— 53 000

1.14. Fyrir útskiptingu á telex- og fjarritvélum, ef leyft verður, greiðist fullt stofngjald.
1.15. Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður ..... — 36 000
1.16. Breyting á telexheiti ..... — 19 000

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Númer í telexstöð ..... — 99 000
2.2. Bæjarlína ..... — 19 000
2.3. Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar — 195 000
við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega.
2.4. Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð. Greiða skal rekstrargjald, sem birt er í verðskrá, en það er 2.2% af kostnaðarverði samkvæmt verðskrá á hverjum tíma á ársfjórðungi. Í rekstrargjaldinu er innifalið viðhald án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega.
2.5. Innbyggður endurgati af eldri gerð ..... — 25 000
2.6. Innbyggður vélsendir af eldri gerð ..... — 25 000
2.7. Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs ..... — 85 000
2.8. Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði ..... — 98 000
2.9. Vélsendir ..... — 40 000
2.10. Vélgatari ..... — 73 000
2.11. Morsetæki (vélsendir eða vélgatari) ..... — 85 000
2.12. Afriðill ..... — 19 000
2.13. Tengipúlt ..... — 24 000
2.14. Fjölsendir (2 vélsendar — 1 númerasendir) ..... — 121 000
2.15. Fjölsendir (1 vélsendir — 1 númerasendir) ..... — 85 000
2.16. Fyrir ritsímatæki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%.
2.17. Fyrir ICAO ritsímatæki á Keflavíkurflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.1. vegna utanbæjarferða fellur niður.
2.18. Fyrir ritsímatæki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.

3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

3.1. Milli húsa á svæði sömu símstöðvar ..... kr. 68 000
3.2. Innanhúss ..... — 34 000
3.3. Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar ..... — 102 000

4. Gjald fyrir telexritanir.

4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 23.10 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 57.75 á mínútu.
4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og millirikjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

5. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu þess fjarritabúnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

VII. KAFLI

Modem fyrir datasendingar.

Modem eru sett upp gegn greiðslu kostnaðarverðs á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði og rekstrargjalds, sem er 2.2% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi.

Uppsetningarkostnaður ásamt tilheyrandi lögnum greiðist samkvæmt reikningi (efni og vinna). Ferðakostnaður vegna uppsetninga og viðhalds greiðist samkvæmt reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu modema, sem eru í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni. Upplýsingar um endurkaupsverð modema fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Greiða skal ⅓ hluta áætlaðs kostnaðarverðs, þegar modem er pantað, ⅓ þegar modemið kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.

VIII. KAFLI

Sambönd og línur.

1. Stofngjald.

Ef unnt er að láta innanbæjarlínu á leigu, skal stofngjaldið vera jafnt tvöfaldri ársleigu, þó aldrei lægra en sem svarar tvöfaldri ársleigu fyrir 1 km. Stofngjöld fyrir línur milli gjaldsvæða ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Viðbótarstofngjald fyrir datasamband ef lína er bætt fyrir sendingarhraða 2 400 bits/sek. eða meira, er kr. 340 000.

2. Afnotagjald.

2.1. Viðskiptagjald. Þetta gjald er tekið fyrir sambönd, sem Póst- og símamálastofnunin samþykkir að leigja notanda fyrir símaviðskipti, (þ. m. t. tal og dataviðskipti) og miðast gjaldið við 72 þúsund mínútna notkun á ári samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli hlutaðeigandi símamiðstöðva. Póst- og símamálastofnunin veitir afslátt á viðskiptagjöldum eftir því hver notkunin er, sbr. eftirfarandi.

2.1.1. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði skal nota margföldunarstuðul 0.694.

2.1.2. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0.555.

2.1.3. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum, sem eingöngu er notaður í sambandi við gæslu og öryggismál, en ekki fyrir venjuleg símaviðskipti, skal nota margföldunarstuðul 0.347.

2.1.4. Fyrir ritsímarás milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0.167.

2.2. Innan gjaldsvæðis er afnotagjald reiknað sem leiga á km (gjald reiknist í 500 metra þrepum) og er á ársfjórðungi:

2.2.1.	Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0.4—0.7 mm	kr. 4 270
2.2.2.	Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0.9 mm	— 5 900
2.2.3.	Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 1.4—1.7 mm eða loftlínu	— 6 980
2.2.4.	Fyrir ritsímarás í tónritsíma	— 2 240
2.2.5.	Fyrir datasamband (1 lína í innanbæjarjarðsíma)	— 5 420

Skemmstur leigutími skal ákveðinn með samningum í hvert skipti. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur. Leiga til annarrar notkunar en getið er að ofan ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

IX. KAFLI

Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Verðið er kostnaðarverð á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði.

Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjarritvélar og radíóbúnað í samráði við ráðuneytið.

X. KAFLI

Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 5 600 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 1 100 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

XI. KAFLI

1. Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri (í aðalstöðvum og einkastöðvum) eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 1 500. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 2 800 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á

sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur Póst- og símamálastofnunin heimilað það gegn 2 700 króna gjaldi, sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt að bera.

3. Skrásetning í stafrófsskrána.

3.1.	Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 2 600
3.2.	Aukanafn í skrá	— 2 800
3.3.	Aukalína í skrá, hver lína	— 1 500
3.4.	Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 2 600+2 800	— 5 400

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 2 800 sem aukanafn.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Skrásetning án sérstaks gjalds.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og símamálastofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 1 500. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 2 600. Auglýsingalína kostar kr. 1 500.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XII. KAFLI

Radíótæki og þjónusta um radíóstöðvar.

1. Radíóeftirlitsgjöld.

Gjöld vegna talstöðva skulu vera sem hér segir:

1.1.	Fyrir milli-, stutt-, og metrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar m .a. fyrir þjónustu við bifreiðar).	
1.1.1.	Leyfisbréfagjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	kr. 6 800
1.1.2.	Árlegt eftirlitsgjald senda þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött	— 14 900

1.1.3.	Leyfisbréfagjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýjist við allar breytingar á stöðinni)	— 3 200
1.1.4.	Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt 100 wött eða minna	— 9 900
1.2.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í bifreiðum og vinnutækjum, sem eru einungis skoðaðar eftir ósk notanda eða af gefnu tilefni.	
1.2.1.	Leyfisbréfagjald (endurnýjist við allar breytingar á stöðinni)	— 3 200
1.2.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir metrabylgjustöðvar í bifreiðum með sértíðni eingöngu og í bátum, sem ekki eru skoðunarskyldir	— 4 100
1.3.	Fyrir almenningstalstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu.	
1.3.1.	Starfsleyfi (gildir í 5 ár)	— 7 500
1.3 2.	Endurnýjunargjald fyrir starfsleyfi	— 6 000
1.3.3.	Stöðvarleyfi (gildir í 1 ár)	— 5 000
	Endurnýjunargjald fyrir stöðvarleyfi	— 3 500
1.3.4.	Leyfisbréfagjald fyrir stöðvar með sendiafl 50 milliwött eða minna	— 5 000
1.4.	Önnur gjöld.	
1.4.1.	Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa)	kr. 6 300
1.4.2.	Leyfisbréf nýliða vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár) og bráðabirgðaleyfi erlendra amatöra	— 3 200
1.4.3.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskurðshurðum	— 2 700
1.4.4.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum	— 1 400
1.4.5.	Fyrir skírteini loftskeytamanns	— 5 200
1.4.6.	Fyrir skírteini talstöðvarvarðar	— 2 600
1.4.7.	Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar	— 3 500
1.4.8.	Innsiglisgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi)	— 7 000

2. Gjöld fyrir tegundaprófun.

2.1.	Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl yfir 0.5 watt	kr. 50 000
2.2.	Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl. 0.5 watt eða minna	— 25 000
2.3.	Gjald fyrir tegundaprófun á radíótækjum öðrum en talstöðvum er eftir reikningi.	
2.4.	Innflutningur erlendra radíótækja, þar á meðal talstöðva, er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning að ræða á tæki eða talstöð, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort tækið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru.	
2.5.	Innflytjandi, sem flytur inn radíótæki í fyrsta sinn, fær áritun Póst- og símamálastofnunarinnar á tollskjöl, en ber síðan að afhenda tækið í prófun. Með tækinu skal fylgja handbók, sem í eru allar nauðsynlegar upplýsingar um tækið og notkun þess. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva greiðist fyrir fram.	
2.6.	Að lokinni prófun skilar Póst- og símamálastofnunin niðurstöðum til innflytjanda.	

3. Viðskiptagjöld.

3.1.	Radíósímtöl við skip og báta. Sjá kafla IV. 4 hér að framan.	
3.2.	Skeytaafgreiðsla við skip og báta. Sjá kafla V. 3 hér að framan.	

3.3. Viðskiptagjöld vegna radíóstöðva og í verstöðvum.
Vegna radíóstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

Fyrir 1—5 báta	kr. 1 500
Fyrir 6—15 báta	— 2 700
Fyrir 16—30 báta	— 3 800
Fyrir 31 bát og fleiri	— 5 000

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

3.3.1. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 2 600 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.

3.4. Viðskiptagjöld og reglur vegna samningsbundinna viðskipta við fiskibáta.

3.4.1. Póst- og símamálastofnunin lætur fiskibátum í té alla strandarstöðvaþjónustu, sem þeir þurfa á að halda vegna reksturs og útgerðar bátsins, gegn ákveðnu ársfjórðungslegu viðskiptagjaldi.

3.4.2. Viðskipti þessi geta farið fram um hvaða strandarstöð Póst- og símamálastofnunarinnar sem er.

3.4.3. Í þjónustu þessari eru innifalin símtöl, skeyti og skilaboð til afgreiðslu innan bæjarsímakerfis þess staðar, þar sem hlutaðeigandi strandarstöð er.

3.4.4. Afgreiðsla símtala eða skeyta um langlínukerfi Póst- og símamálastofnunarinnar greiðist samkvæmt gjaldskrá þessari.

3.4.5. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á lauslegum, munnlegum skilaboðum, og eru þau afgreidd á ábyrgð þess, er óskar flutnings þeirra.

3.4.6. Skilyrði þess, að útgerðarmaður eða félag geti orðið þessarar þjónustu aðnjótandi eru:
Að allir fiskibátar, sem skráðir eru innan hlutaðeigandi lögsagnarumdæmis og búnir talstöð, greiði slíkt viðskiptagjald; að samtök útvegsmanna í hlutaðeigandi lögsagnarumdæmi beri ábyrgð á greiðslu viðskiptagjaldanna á tilskildum tíma og að ofangreind viðskipti fjalli eingöngu um atriði, er varða útgerð og rekstur viðkomandi báts, og þess stranglega gætt, að þeim ákvæðum sé fylgt.

3.4.7. Ársfjórðungslegt viðskiptagjald fiskibáta skal vera sem hér segir:

a. fyrir minni báta en 100 tonn	kr. 8 500
b. fyrir báta 100 tonn og stærri	— 13 800

Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta strandarstöðva, allt að 25 símtölum og skilaboðum ársfjórðungslega fyrir báta minni en 100 tonn, og allt að 40 símtölum og skilaboðum fyrir báta 100 tonn og stærri.
Þau símtöl og skilaboð, sem umfram kynnu að verða ofangreindar magntölur skulu greiðast samkvæmt gjaldskrá þessari, IV. kafla 4.

3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

3.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 5 000.

3.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 700.

4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	kr. 2 700
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	— 4 000
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	— 5 400
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	— 7 200

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrir fram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

5. Almenn ákvæði.

5.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radíótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda Póst- og símamálastofnuninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radíótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

5.2. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með notkun radíótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.

5.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radíótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálft eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

5.4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.

5.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.

5.6. Radíóeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.

5.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.

5.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.

5.9. Hafi áfallin gjöld vegna radíótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfelli. Enn fremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símreikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.

5.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglisgjald, áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsiglunar greiðir leyfishafi.

5.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör"-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.

5.12. Innflutningur erlendra radíótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru. Gjöld fyrir tegundaprófun eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá fyrir radíótæki.

5.13. Leyfi til starfrækslu radíóstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.

5.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radíótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

5.15. Póst- og símamálastofnunin hefur nokkurt magn radíótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki.

6. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

6.1. Póst- og símamálastofnunin starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir Póst- og símamálastofnunin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfi til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.

6.2. Ekki er heimilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, á nokkurn hátt við hið almenna símakerfi.

6.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.

6.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af Póst- og símamálastofnuninni. Talstöðvaverðir undirrita þagn-

arheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

6.5. Skylt er að halda sérstaka radíó-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

6.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannslífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

6.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

6.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva eru tilgreind í grein 3.5. Í þessum kafla gjaldskrárinnar.

XIII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist ⅕ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.

Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).

1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símstjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIV. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn. Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.

1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusamtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.

1.4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á símasamböndum eða flytja símabúnað úr stað. Öll slík verk verða framkvæmd eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kauptúnum eru eign Póst- og símamálastofnunarinnar, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn stofnunarinnar hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum. Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.

1.6. Bili símabúnaður, ber þegar í stað að tilkynna það viðkomandi stöðvarstjóra, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur á viðgerð símans má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.7. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.

1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Séu það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu og tekið tækin burtu fyrirvaralaust, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.

1.9. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur ekki verið notaður samfellt í 6 mánuði eða lengur, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leigutaki vilji greiða áfram afnotagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði. Gildir þetta einnig, þótt ekki hafi verið unnt að afgreiða beiðni um flutning símans á þeim tíma.

1.10. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.

1.12. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símum eða símatækjum og samböndum hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

2.1. Skráður rétthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.

2.2. Eindagi síma- og radíógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamálastofnunin sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 5 000 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 1 500, fyrir lokun og enduropnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radíógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann tilkynna það skriflega hlutaðeigandi stöðvarstjóra, sem lætur því næst framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrirfram.

XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti og gengur í gildi 1. febrúar 1980. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. febrúar 1980 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur útgefnar 30. apríl 1979.

Samgönguráðuneytið 29. janúar 1980.

Magnús H. Magnússon.

Halldór S. Kristjánsson.

28. janúar 1980. Nr. 63.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Lýsing.

Verð á rafmagni til lýsingar er sem hér segir:

2.1 48.76 kr/kWst. Lágmarksgjald er 3 650 kr. á ársfjórðungi.

2.2 217 040 kr/kW a í uppsettu afli til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði Rafmagnsveitunnar. Auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

3. gr.

Heimili o. fl.

Verð á rafmagni til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum, elliheimilum og hliðstæðum stofnun-

um, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum og til súgþurrkunar á heyi, er sem hér segir:

3.1 40.60 kr/kWst. Lágmarksgjald er 3 650 kr. á ársfjórðungi.

4. gr.
Vélar.

Verð á rafmagni til vélanotkunar er sem hér segir:

4.1 48.76 kr/kWst. Lágmarksgjald er 3 650 kr. á ársfjórðungi.

4.2 9.70 kr/kWst. og 38 840 kr/kW a samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW.

4.3 73.11 kr/kWst. til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

5. gr.
Hitun.

Verð á rafmagni til hitunar er sem hér segir:

5.1 15.87 kr/kWst. til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 22.38 kr/kWst. til annarrar hitunar. Heimilt er að krefjast lágmarksgjalds 223 800 kr/a.

5.2 9.18 kr/kWst. til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 12.95 kr/kWst. til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar sinnum á sólarhring, allt að tveim klukkustundum í hvort skipti.

5.3 4.78 kr/kWst. til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 6.74 kr/kWst. til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 09—21.

6. gr.
Mælaleiga o. fl.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	2 850	kr/a
Orkumælir, þrífasa	11 400	—
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	19 230	—
Aflmælir	18 530	—
Aflmælir með straumspennum	29 210	—
Tvígjaldsorkumælir	18 530	—
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	29 210	—
Móttökuliði, einpóla	12 810	—
Móttökuliði, þrípóla	18 530	—

Leiga skal þó ekki greidd af tækjum, sem notuð eru við rafmagnssölu samkvæmt lið 2.1, 3.1 og 4.1.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

7. gr.
Heimtaugar.

7.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

7.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

Aðalheimtaugar.

7.3 Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Heimtaugargjald (kr.)
1× 63	255 000
3× 63	276 000
3× 100	438 000
3× 200	875 000
3× 315	1 378 000
3× 400	1 750 000
3× 710	3 107 000
3×1200	5 251 000

Bráðabirgðaheimtaugar.

7.4 Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Lengdargjald 1) 2)	
	Stofngjald	Jarðstrengur	Loftlína
Málstraumur (A)	(kr)	kr/m	kr/stólpa
1× 63	49 400	7 400	93 000
3× 63	69 400	7 400	108 000
3×100	73 600	9 500	124 000

7.5 Séu aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

7.6 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

7.7 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

8. gr.
Ýmis ákvæði.

Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

9. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

10. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur Rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningum veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skulu ætíð liggja fyrir áætlanir um rekstur og fjárfestingar á næsta 5 ára tímabili.

11. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma Rafmagnsveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald 3 300 kr.

12. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 6 300 kr.

13. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald 6 300 kr. fyrir, að settur sé straumur á að nýju.

14. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt 5. grein er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

15. gr.

Sölugjald 22% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

16. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, til að taka gildi 1. febrúar 1980, og birtist til eftirbreytni öllum, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 350 15. ágúst 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 99.95 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 43.71 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 22 325 á ári fyrir 25 m² gólfflöt, eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 662 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—2 Kr. 40.16 hver kWst. til heimilisnotkunar.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 73.05 hver kWst. til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 27 403 hvert kW, og kr. 14.05 hver kWst.

C—3 Kr. 47.10 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.

C—4 Sértaxti Gefjunar, kr. 6.07/5.48 hver kWst. og kr. 50 200 hvert kW.

C—5 Kr. 86.92 hver kWst. til nýbygginga.

D. Hitun.

D—1 Kr. 9.36 hver kWst. til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

D—2 Kr. 6.41 hver kWst. til upphitunar (næturhitun), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.

D—3 Sértaxti til upphitunar kr. 8.06 hver kWst. utan mesta álagstíma á vetrum. Rofið í um það bil 6 mánuði. Bundið því skilyrði að annar upphitunarmöguleiki sé fyrir hendi.

E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 21.48 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.

E—2 Kr. 27.93 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.

E—3 Kr. 13.61 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.

F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 14.78 hver kWst. til iðnaðar.

Önnur skilyrði til raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b. Að notandi kosti tengingu stjórntækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 amp. Kr.	30—50 amp. Kr.	50—100 amp. Kr.	100—500 amp. Kr.	Yfir 500 amp. Kr.
1-fasa kWst.-mælar	2 435	3 005	3 263		
3-fasa kWst.-mælar	4 880	6 335	8 150	13 580	29 855
Tvígj.- og mestastr.-mælar ..		8 150	13 580	21 855	43 800
Stýrikerfisliðar		10 080			

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar.
2. Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald Jarðstr. kr.	Stofngjald Loftlína kr.	Lengdargjald Jarðstr. kr./m	Lengdargjald Loftlína kr/stólpi	Umframgjald Loftlína kr/stólpi
25 A 1-fasa	52 440	27 700	—	Innif.	47 400
25 A 3-fasa	78 180	39 300	—	—	66 000
63 A 1-fasa	192 000	39 300	Innif.	—	66 000
63 A 3-fasa	208 000	43 900	—	—	73 000
110 A 3-fasa	258 400	52 550	—	—	92 500
200 A 3-fasa	151 200	—	10 850	—	—
315 A 3-fasa	451 000	—	14 800	—	—
300 kVA 3-fasa	1 200 000	—	Skv. kostn.	—	—
500 kVA 3-fasa	1 900 000	—	—	—	—
800 kVA 3-fasa	1 965 000	—	—	—	—

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa í húsveitu.
7. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðamarka í jarðstrengs-heimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðamarka í loftlínuheimtaug.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 5 000.00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 6 000.00 og sett viðeigandi vör.
3. Söluskattur 22% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1980. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 393 20. september 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

28. janúar 1980. Nr. 65.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Götu- og útilýsing. Af uppsettu afli 217 040 kr/kWa, stjórnast af ljósnema- og fjarstýritækjum rafveitunnar. Notandi greiði að auki stofnkostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
2. 48.76 kr/kWst. Séu lampar ófasviksjafnaðir er heimilt að hækka orkugjald um 15%. Sjá lið 3.5.

B. Heimilisnotkun.

1. 40.60 kr./kWst., til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

C. Vélar.

1. 48.76 kr/kWst., til véla.
2. 9.70 kr/kWst., og 38 840 kr/kWa, til véla og fyrir iðnaðarhita, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksaflnotkun 30 kW.
3. 73.11 kr/kWst., til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og við breytingar á eldri mannvirkjum.
4. 40.60 kr/kWst., til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum, á kæliklefa og kæliborð í matvöruverslunum og til súgþurrkunar á heyi.

D. Hitun.

1. 15.88 kr/kWst., til húshitunar.
2. 24.19 kr/kWst., til iðnaðar og landtengingar við skip.
3. 7.35 kr/kWst., til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
4. 12.94 kr/kWst., til iðnaðar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
5. 3.84 kr/kWst., til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. 6.74 kr/kWst., til iðnaðar. Rjúfa má strauminn frá kl. 8.00—24.00.
7. 13.24 kr/kWst., til hitunar á bílgeymslum og þeim stöðum, þar sem hitunar er aðallega þörf að vetri til. Rjúfa má strauminn í allt að 5 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
8. 18.64 kr/kWst., til notkunar fyrir leirbrennsluofna. Rjúfa má strauminn á tímabilunum kl. 10.30—12.30 og kl. 17.00—20.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan rofstíma.
c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.

E. Stórnotkun.

1. Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksaflnotkun minnst 200 kW. 7.17 kr/kWst. og 64 200 kr/kWa, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. MÆLALEIGA.

1.	Af einfasa mælum	kr. 379	á mánuði
2.	Af þrífasa mælum til og með 80A	— 1 044	á mánuði
3.	Af þrífasa mælum yfir 80A	— 1 538	á mánuði
4.	Af mestumælum	— 3 860	á mánuði
5.	Móttökuliði	— 838	á mánuði

6. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Aðalheimtaug.

2.1. Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Lágmark kr.	Jarðstrengur lengdargjald kr.	Loftlínuheimtaug breytt í jarðstrengsheimtaug kr.	Einfasaheimtaug 63 A aukin í 3x63 A kr.
220 V kerfi				
63 A 1-fasa	230 600	0	73 500	
63 A 3-fasa	259 100	0	91 600	46 800
100 A 3-fasa	181 000	8 688	115 700	
125 A 3-fasa	221 800	9 719	141 700	
200 A 3-fasa	346 000	13 180	221 200	
300 A 3-fasa	499 500	16 033		
380 V kerfi				
63 A 1-fasa	230 600	0	73 500	
63 A 3-fasa	309 800	0	124 000	93 400
100 A 3-fasa	306 300	8 688	195 900	
125 A 3-fasa	383 400	9 719	245 200	
200 A 3-fasa	599 600	13 180	383 400	
300 A 3-fasa	866 100	16 033		

2.2 Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m skal greitt eins og taflan sýnir.

2.3 Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi 4 372 kr. á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 400 A, 500 A og 630 A. Lengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

2.4 Lengdargjald er innifalið í lágmarksgjaldi heimtauga af stærðinni 63 A einfasa og þrífasa.

2.5 Lengd heimtaugar að stærð 100 A, 125 A og 200 A, í 220 V kerfi og heimtaugar 100 A og 125 A í 380 V kerfi reiknast frá tengistað í húsi stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja heimtaug af þessum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá tengistað í húsi að loftlínustólpa. Þveri jarðstrengur akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

2.6 Lengd heimtaugar frá og með 300 A, 220 V og 200 A, 380 V, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Lengdargjöld reiknast ekki af vegarlengd, sem er umfram 100 m frá tengistað í húsi. Lengdargjald reiknast sem um jarðstreng væri að ræða, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.

2.7 Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta, er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauganna.

2.8 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.9 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.

2.10 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3x220 V notendakerfi er breytt í 3x380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Bráðabirgðaheimtaugar.

2.11 Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Stofngjald kr.	Lengdargjald Jarðstrengur kr/m	Lengdargjald Loftlína kr./stólpa
63 A 1-fasa	43 500	6 480	82 000
63 A 3-fasa	61 000	6 480	95 500
100 A 3-fasa	64 700	8 359	109 300

2.12 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu innan lóðamarka og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

2.20 Varðandi aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

2.22 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald 7 500 kr. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greitt gjald eftir kostnaði.

III. ÝMIS ÁKVÆÐI.

3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 6 200. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 6 200 og sett viðeigandi vör.

3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka tvöfalt gjald.

3.4 Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0.9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.

3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 48% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1979 hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að ⅘ af þeirri breytingu.

3.7 Sölugjald 22% og 19% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 41%, eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema á töxtunum D1, D3, D5 og D7.

3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 390 19. september 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

24. janúar 1980. Nr. 66.

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjóra um tollmeðferð ryðvarnarefna.

Ráðuneytið tilkynnir tollstjórum hér með að það hefur ákveðið að nota heimild í 13. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og lækka toll í 20% af ryðvarnarefnum sem flokkast í tnr. 38.19.49 til samræmis við hliðstæðar vörur sem flokkast í tnr. 27.10.82.

Fjármálaráðuneytið, 24. janúar 1980.

F. h. r.
Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

7. janúar 1980. Nr. 67.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 371 25. október 1976 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. málsl. 4. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna happdrættisráð til þriggja ára í senn og ákveður formann þess.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 53 25. maí 1976, öðlast gildi 10. apríl 1980.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. janúar 1980.

Vilmundur Gylfason.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 68. 28. janúar 1980.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akraness nr. 402 25. sept. 1979.

Töflur I, II og III í gjaldskránni hljóði þannig:

Tafla I. Orku- og aflverð, fastagjöld, mæla- og rofaleiga.

Númer Gjald-skrárl.	Heiti gjaldskrárliða	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í krónum	
			Daggreiðslur	Ársgreiðslur
	A-LÝSING			
A.1.	Með fastagjaldi	41.39	1.84/m²	673/m²
A.2.	Án fastagjalds	109.76		
	B-HEIMILISN. OG FL.			
B.1.	Heimilisnotkun	31.16	7.32/herb.	2 672/herb.
B.2.	Mannvirkjagerð Akraneshöfn	63.65		
	C-VÉLANOTKUN			
C.1.	Með fastagjaldi	41.39	24.36/kW	8 891/kW
C.2.	Með rofi 1.5 klst. á dag	31.16		
C.3.	Stórnotkun (Afltaxti)	9.90	99.86	36 448/kW
	D-HITUN			
D.1.	Án rofs	22.66		
D.2.	Með rofi 1 1/2 klst. á dag	12.65		
D.3.	Með rofi 2 1/2 klst. á dag	11.73		
D.4.	Með rofi 4 1/2 klst. á dag	9.39		
D.5.	Með rofi 14 1/2 klst. á dag	6.63		
D.6.	Sumarhitun með rofi 3. klst. á dag	7.66		
	E-ANNAÐ			
E.1.	Sérsamningar			
E.2.	Götu og hafnarlýsing			
E.3.	Lokun og enduropnun veitu		6000	
	MÆLA- OG ROFALEIGA			
10	Einfasa		5.58	20.38
11	Einfasa með rofa		30.68	11.195
20	Þrífasa		22.35	8.156
21	Þrífasa með rofa		47.39	17.297
24	Þrífasa með 2 rofum		58.55	21.369
30	Þrífasa með aflmæli		36.23	13.225

Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).

Gjaldskrárliður Nr.	Málstraumur aðalvara 220 V kerfi Amp.	380 V kerfi Amp.	Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara kVa	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða loftlh. allt að 30 m. kr.
2.01	2x60	1x60	13	147 000
2.02	3x60		22	181 890
2.03	3x100	3x60	38	243 810
2.04		3x100	66	352 170
2.05	2x200		76	390 870
2.06	3x350	3x200	132	714 240
2.07		3x350	231	1 048 770
2.08	Bráðabirgðaheimt. 1x35 Amp.			45 472
2.09	Bráðabirgðaheimt. 3x35 Amp.			90 945
2.10	Bráðabirgðaheimt. 3x60 Amp.			155 767
2.11	Tenging við Akraneshöfn			5 805

Tafla 3. Tenging við veitukerfið (spennistöð).

Gjaldskrárliður Nr.	Stærð spennis KVa	Tengigjald kr.
3.01	150	851 400
3.02	300	1 702 800
3.03	500	2 483 250
3.04	800	3 973 200

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt vatnslögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

28. janúar 1980. Nr. 69.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps, nr. 322 8. nóvember 1973, með síðari breytingum.

1. gr. orðist þannig:
Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 2 100.00 á hemil á mánuði.
Vatnsgjald er kr. 3 500.00 fyrir hvern lítra á mínútu á mánuði.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:
   1. Gróðurhús 100 m^2 og stærri, kr. 4 500.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
   2. Önnur hús kr. 1 800.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:
   1. Gróðurhús kr. 1 050.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
   2. Önnur hús kr. 3 000.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 71. 28. janúar 1980.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar nr. 231 26. maí 1977, með síðari breytingum.

5. gr. hljóði þannig:
Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 42 700.00 á ári fyrir hvert hús.
b) Vatnsgjald kr. 180.00 á ári pr. m^3. Þó skal reikna hálft gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum. Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

7. gr. hljóði þannig:
Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 m^3 kr. 159 600.00.

Hús 300—2000 m^3 kr. 159 600.00 fyrir 300 m^3 og kr. 140.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2000 m^3 kr. 397 600.00 fyrir 2000 m^3 og kr. 105.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 21 500.00.

11. gr. hljóði þannig:
Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.
Allan kostnað við lokun aðrennslis heita vatnsins og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, auk kr. 2 800.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Skútustaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

28. janúar 1980. Nr. 72.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss nr. 277 1. júlí 1976 með síðari breytingum.

5. gr. orðist þannig:
Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Vatnsgjöld.
   a) Garðyrkjustöðvar kr. 680.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Meðan hemlar eru ekki komnir á íbúðarhús garðyrkjubænda, og vatn, sem notað er til upphitunar þeirra, er tekið af því vatni, sem garðyrkjustöðin fær í heild, samkvæmt mælingu, skal þar að auki greiða fastagjald af íbúðarhúsum, kr. 40.00 á mánuði af hverjum rúmm.
   b) Íbúðarhús kr. 3 800.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði um hemil.
   c) Iðnaðarhús kr. 1 900.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði um hemil.
   d) Meðan hemlar eru ekki komnir á, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina og skal vatnsgjaldið vera kr. 680.00 á mánuði af hverjum mínútulítra. Þar að auki skal greiða fastagjald kr. 40.00 á mánuði af hverjum rúmm. íbúðarhúss og kr. 26.00 á mánuði af hverjum rúmm. iðnaðarhúss. Gjöldin miðast við utanmál húsa.
   e) Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota, en að framan greinir, ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.
2. Hemlagjöld.
   a) Fyrir hemla allt að ¾″ kr. 2 700.00 á mánuði.
   b) Fyrir hemla 1″—2″ kr. 4 800.00 á mánuði.
   c) Fyrir hemla 3″ og stærri kr. 8 600.00 á mánuði.
3. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki fyrir skemmri tíma en 3 mánuði samfellt.

7. gr. orðist þannig:
Heimæðagjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa og vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400 rúmm. kr. 480 000.00 og kr. 360.00 af hverjum rúmm. þar fram yfir.

Heimæðagjöld gróðurhúsa skulu vera kr. 662 000 af sekl.

Heimæðagjald skal greiða, þegar heimæð hefur verið lögð og áður en hún tengist hitakerfi hússins.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 40 000.00.

9. gr. orðist þannig:

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 10 000 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af fulltrúum stjórnarnefndar Laugaráshéraðs og notenda í Laugarási er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 73. 28. janúar 1980.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness nr. 22 24. janúar 1978, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 842.00 á mánuði fyrir hvern hemil.
b) Vatnsgjald kr. 3 500.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur nr. 259 16. júní 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald kr. 1 600.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b. Vatnsgjald kr. 3 650.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 3 800.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

28. janúar 1980. Nr. 75.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977 með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 7 200.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b) Vatnsgjald kr. 8 300.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.
c) Vatnsgjald um rennslismæli kr. 410.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks nr. 113 3. apríl 1973 með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald kr. 3500.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 77. 28. janúar 1980.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 226 26. maí 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald kr. 1 333.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b. Vatnsgjald kr. 10 689.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 3 380.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga nr. 387 27. desember 1973 með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:
Fastagjald kr. 2 400.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
B-liður 4. gr. orðist þannig:
Vatnsgjald, kr. 4 800.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

22. janúar 1980. Nr. 79.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Þingeyrarhrepps nr. 190 7. júní 1973.

1. gr.

9. grein orðist þannig:

Af húsum þeim er í 8. gr. eru talin, skal greiða vatnsskatt sem hér segir: 0.15% af fasteignamati húsa, þó aldrei minna en kr. 30.00 á rúmmetra og aldrei meira en kr. 50.00 á rúmmetra.

Hreppsnefnd er heimilt að víkja frá lágmarksgjaldi, ef um sérstakar ástæður er að ræða. Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu ákveður vatnsveitan skattinn.

2. gr.

10. grein orðist þannig:

Vatnsveitan getur, þar sem ástæða þykir til, selt vatnsnot samkvæmt mæli, sem hún setur upp og annast viðhald á, og skal þá greiða kr. 25.00 fyrir hverja smálest. Vatnssala samkvæmt þessari grein fellur í gjalddaga ársfjórðungslega.

3. gr.

13. grein orðist þannig:

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 250.00 fyrir hverja smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 1 000.00 fyrir fiskiskip og kr. 2 000.00 fyrir önnur skip. Hreppsnefnd er heimilt að ákveða að hafnarbryggja Þingeyrarhrepps greiði vatnsveitunni ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi bryggjan tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer á bryggjunni.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þingeyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 80. 28. janúar 1980.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 368 5. ágúst 1975, með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:
Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:
a) Fastagjöld kr. 1 800.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b) Vatnsgjald kr. 3 000.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1980.

Þorskur:	U.S. cent pr. lb. Cif.
4x14 m/r 5—8 oz.	106.88
4x14 m/r 8—12 oz.	108.46
4x14 m/r 12—16 oz.	110.03
4x14 m/r 1—3 lbs.	110.81
1x35 m/r lausfr.	113.17
4x14 r/l 5—8 oz.	118.67
4x14 r/l 8—12 oz.	119.46
4x14 r/l 12—16 oz.	122.60
4x14 r/l 1—3 lbs.	127.32
10x5 og 3x18	141.00
5x8 og 6x8	159.00
6x8 mið- og sporðst.	155.00
5x10 og 6x10	145.50
4x10	145.50
4x12	141.00
4x12 sporðst.	148.00
4x13	141.00
4x15	150.00
Blokk reg.	108.00
Blokk m/þunnildum	108.00
Blokk O.R.	102.60
Blokk m/beingarði	100.00
Þunnildablokk Evrópa	70.00
Marningsblokk	60.00
Ýsa:	
4x14 m/r 4—8 oz.	126.53
4x14 m/r 8—12 oz.	127.32

	U.S. cent pr. lb. Cif.
4x14 m/r 12—16 oz.	128.09
4x14 m/r 1—3 lbs.	128.09
1x35 m/r lausfr.	133.61
4x14 r/l 8—12 oz.	138.33
4x14 r/l 12—16 oz.	139.89
4x14 r/l 1—3 lbs.	141.49
6x5 m/r 5—12 oz.	138.33
6x5 m/r 12—16 oz.	141.49
6x5 m/r 1—3 lbs.	141.49
10x5	159.00
3x18, 4x13 og 4x12	159.00
12x1	132.00
Blokk reg.	130.00
Blokk O.R.	123.50
Blokk m/beingarði	114.83
Þunnildablokk Evrópa	59.57
Marningsblokk	60.00
Marningsblokk (þunnildi)	33.00
Steinbítur:	
8x7 r/l	82.16
10x5	175.00
12x1	139.00
Blokk reg.	115.00
Hökkuð blokk	40.00
Karfi:	
8x7 m/r	82.16
10x5 m/r	96.00
10x5 r/l	96.00
10x5 Sea Star	91.50
4x10 m/r	94.20
5x8 m/r og b/l 4—8 oz.	114.00
5x8 m/r og b/l 8 oz. og yfir	114.00
3x8 kg Japan	62.60
1x20	98.70
4x6 kg r/l lagp.	91.44
12x1 m/r	100.00
12x1 r/l	105.00
Blokk 4x16.5 m/b	82.16
Blokk reg.	90.00
Marningsblokk	35.00
Ufsi:	
8x7 r/l	66.44
4x6 kg	66.44
10x5	83.40
4x12 og 4x13	84.30
2x15 kg	80.26
4x14 m/r	74.67
4x14 r/l	71.52

	U.S. cent pr. lb. Cif.
Blokk reg.	75.00
Blokk m/beingarði	70.00
Marningsblokk	40.00
Langa:	
8x7 r/l	82.16
10x5	85.00
Blokk reg.	75.00
Marningsblokk	20.00
Keila:	
8x7 r/l	82.16
Blokk reg.	65.00
Lýsa:	
Blokk reg.	85.00
Grálúða:	
Heilfr. hausuð yfir 3 kg	71.85
Heilfr. hausuð yfir 2 kg	57.48
Heilfr. hausuð 1—2 kg	43.11
Heilfr. m/h U.S.S.R.	36.19
4x12 lagp.	89.00
4x10, 6x10 og 4x14	90.00
Blokk U.S.S.R.	82.16
Blokk U.S.A.	68.00
Heilfrystur fiskur 3x9 kg	36.19

Verðbil verður 3.5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið 7. febrúar 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

7. febrúar 1980. Nr. 126.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1980:

Vélskelflett rækja.	U.S. $ pr. lb. cif.
Blokkfryst	3.47
5x2 kg og 4x2.5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3.47
5x2 kg og 4x2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3.65
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	4.04
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	4.23

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið 7. febrúar 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 127. 7. febrúar 1980.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til loka vetrarloðnuvertíðar 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til loka vetrarloðnuvertíðar 1980:

Loðnumjöl, $ 8.80 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, $ 500.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði.

Verðin miðast við cif., og gerast upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverð verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið 7. febrúar 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1. Til almennrar lýsingar, svo og til götulýsingar.
Orkugjald ..... kr. 45.40 á kWst.

1.2. Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald ..... — 56.80 á kWst.

2. Heimili o. fl.

2.1. Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.
Orkugjald ..... kr. 40.60 á kWst.

3. Vélar o. fl.

3.1. Til vélanotkunar.
Orkugjald ..... kr. 45.40 á kWst.

3.2. Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Orkugjald ..... — 14.20 á kWst.
Aflgjald ..... — 39 240.00 á kWst. á ári

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... kr. 20.70 á kWst.

4.2. Til húshitunar, roftími 2x1½ klst. á dag.
Orkugjald ..... — 7.90 á kWst.

4.3. Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til.
Orkugjald ..... — 4.76 á kWst.

4.4. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.
Orkugjald ..... — 8.83 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.

c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr.	3 130
Orkumælir, þrífasa	—	7 860
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	—	13 506
Aflmælir	—	12 716
Aflmælir með straumspennum	—	20 356

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A) málraun (KVA)	Heimtaugargjald kr.	Yfirlengdargjald Jarðstrengur kr./m	Yfirlengdargjald Loftlína kr./stólpa
63 A 1-fasa	204 900	6 720	75 800
63 A 3-fasa	221 660	6 720	93 870
100 A 3-fasa	263 650	7 560	120 080
200 A 3-fasa	420 130	10 320	
315 A 3-fasa	885 740	12 320	
300 KVA	1 240 020	Samkv. kostn.	
500 KVA	2 054 570		
800 KVA	3 288 780		

Yfirlengdargjald miðast við, jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaug fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt sem hér segir:

63 A 1-fasa	kr.	45 150
63 A 3-fasa	—	61 200

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn um heimtaug.

IV. Ýmis ákvæði.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 800.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1980, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 87/1980 um hækkun smásöluverðs raforku. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 395 20. september 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 6. febrúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

7. febrúar 1980. Nr. 129.

GJALDSKRÁ

fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi).

Flokkur 1:

Dánartilkynningar og jarðarfarir. Messur. Góðgerðastarfsemi. Tapað — fundið ..... kr. 400 hvert orð

Flokkur 2:

Opinberar tilkynningar. Auglýsingar um fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og viðskipti, sem lesnar eru kl. 9.30 og kl. 16.00 ..... kr. 600 hvert orð

Flokkur 3:

Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar fyrir og eftir hádegisfréttir og fyrir kvöldfréttir ..... kr. 700 hvert orð

Flokkur 4:

Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir ..... kr. 1 400 hvert orð

Verðskrá þessi gildir frá 15. febrúar 1980 og þar til öðru vísi kann að verða ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 7. febrúar 1980.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykhólahrepps.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Reykhólahrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemill er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald fyrir hvern hemil kr. 1 200 á mánuði.
b. Vatnsgjald kr. 2 000 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin þriðja hvern mánuð. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 10 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimæðagjöld Hitaveitu Reykhólahrepps skulu vera kr. 200 000 fyrir hvert einbýlishús.

7. gr.

Strax að lokinni tengingu heimæðar er heimæðagjaldið gjaldfallið.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af hreppsnefnd Reykhólahrepps er hér með staðfest samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 29. janúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1.1. Um kWst.-mæli á kr. 173.33 hvert kWst.
1.2. Um kWst.-mæli á kr. 67.81 hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 755.53 á ári af hverri einingu gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Um kWst.-mæli á kr. 43.33 kWst.

C. Vélanotkun.

3.1. Um kWst.-mæli á kr. 96.20 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 17 256.60 á hvert uppsett kW vélanna.
3.2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 39.36 hver kWst.
3.3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
   a. Um kWst-mæli á kr. 27.77 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
   b. Um tvígjaldsmæli á kr. 164.50 hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 30.73 hver kWst. utan þess tíma.
3.4. Um mæli á kr. 35 504.00 fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 18.74 á notaða kWst.
3.5. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:
   Um mæli á kr. 23 282.00 fyrir hvert uppsett kW. vélanna og auk þess kr. 18.74 á notaða kWst. Ef fasviksstuðull er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.
   Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

4.1. Um kWst.-mæli á kr. 18.00 hver kWst., án rofs.
4.2. Um kWst.-mæli á kr. 10.00 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
4.3. Um kWst.-mæli á kr. 5.00 hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

5.1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á kr. 51.56 hver kWst., enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.
5.2. Til nota fyrir vinnuljósalagnir meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 87.80 hver kWst.
5.3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 12.60 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 39.36 hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
5.4. Til gatnalýsingar á kr. 30.74 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr.	253.00 pr. mán.
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	—	300.00 pr. mán.
3.	Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	—	754.00 pr. mán.
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	—	1130.00 pr. mán.
5.	Af álagsstýringarliðum	—	1130.00 pr. mán.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 5 580.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduropnun kr. 4 266.00.

HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Keflavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun		Heimtaugargj. kr.	Yfirlengdargjald Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./m
63A	1-fasa	274 760.00	6 623.00	87 251.00
63A	3-fasa	296 550.00	7 931.00	108 910.00
100A	—	352 524.00	8 977.00	134 987.00
200A	—	568 812.00	Samkv. kostn.	
315A	—	1 184 178.00	—	
300kVA	—	1 654 854.00	—	
500kVA	—	2 762 816.00	—	
800kVA	—	4 417 314.00	—	

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur		Stofngjald	Lengdargjald[1)2)] Jarðstrengur	Loftlína
63A	1-fasa	48 722.00	Sama og aðalheimtaugar	
63A	3-fasa	68 401.00	Sama og aðalheimtaugar	
100A	3-fasa	72 536.00	Sama og aðalheimtaugar	

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.
Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 15 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 sbr. auglýsingu nr. 87/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að

máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 391 20. september 1979 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 6. febrúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 132. 1. febrúar 1980.

AUGLÝSING

um umferð á Ísafirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, og samkvæmt heimild í umferðalögum nr. 40/1968, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um umferð í Ísafjarðarkaupstað:

1. Bannað er að stöðva og leggja ökutækjum að norðanverðu við Austurveg frá Norðurvegi og að Sundstræti. — Sérstaklega skal marka stæði við Austurveg að sunnanverðu, fyrir skólarúturnar, við nýja barnaskólann.
2. Bannað er að stöðva og leggja ökutækjum við Hafnarstræti svo sem hér segir: Framan við húsin nr. 1, 9, 11, 17 og 33 svo og á milli út- og innkeyrslu við nýju bensínstöðina. Að norðanverðu frá Silfurgötu og að Mjallargötu.
3. Bannað er að stöðva og leggja ökutækjum við Bæjarbrekku og Urðarveg að norðanverðu frá Túngötu og að Urðarvegi 15.
4. Bannað er að stöðva og leggja ökutækjum við Seljalandsveg svo sem hér segir: Við húsin nr. 29 og 58. Að neðanverðu frá afleggjara við Miðtún til og með Seljalandsvegi 67.

Þetta kunngjörist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn á Ísafirði. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu.

Ísafirði 1. febrúar 1980.

Þorvarður K. Þorsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 — 1980

19. febrúar 1980. 193 Nr. 133.

REGLUGERÐ

um veiðar á loðnu til frystingar og hrognatöku á vetrarvertíð 1980.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar nr. 115 12. febrúar 1980, um bann við loðnuveiðum á vetrarvertíð 1980, er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita þeim bátum, er loðnuveiðar hafa stundað á árinu 1980, leyfi til þess að stunda loðnuveiðar til frystingar og hrognatöku á vetrarvertíðinni 1980.

2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur skipt því aflamagni, sem það ákveður að veiða megi til frystingar og hrognatöku milli einstakra loðnuskipa. Ennfremur getur ráðuneytið bundið leyfi þeim skilyrðum er þurfa þykir m. a. til þess að tryggja sem besta nýtingu þess aflamagns, sem skipum er leyft að veiða. Getur ráðuneytið í þessu skyni m. a. ákveðið, hversu mikinn afla skip megi taka í hverri veiðiferð.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. febrúar 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 8, nr. 133. Útgáfudagur 19. febrúar 1980.

B 25

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 — 1980

Nr. 134. 194 26. febrúar 1980.

REGLUGERÐ

um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga.

1. gr.

Fyrning mannvirkja, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, aðrar en íbúðarhúsnæði, skal vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:

a) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera 2%:
   1. Skrifstofubyggingar
   2. Verslunarbyggingar

b) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera 4%:
   1. Verksmiðjubyggingar
   2. Verkstæðisbyggingar
   3. Vörugeymslubyggingar
   4. Gisti- og veitingahús
   5. Útihús á bújörðum
   6. Hvers konar önnur mannvirki og hús, notuð til atvinnurekstrar, sem ekki eru talin annars staðar í reglugerð þessari

c) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera 6%:
   1. Gróðurhús
   2. Lýsis-, olíu- og vatnsgeymar
   3. Bryggjur og plön þeim tengd
   4. Dráttarbrautir
   5. Loðdýrabú og tilheyrandi girðingar
   6. Ræktun á bújörðum
   7. Borholur

Ekki skiptir máli í sambandi við ákvörðun fyrningarhlutfalls úr hvaða byggingarefni mannvirki er gert.

2. gr.

Þegar notkun einstakra eigna er þannig háttað að þær falla ekki undir sama fyrningarhlutfall skal fyrningargrunni þeirra skipt eftir notkun, þó þannig að sé eign notuð að ¾ hlutum eða meira til sömu starfsemi skal eignin í heild háð sama fyrningarhlutfalli. Sé hluti eignar ekki fyrnanlegur, t. d. ef um er að ræða íbúð í fyrnanlegri eign, skal ætíð lækka stofnverð eignarinnar um hinn ófyrnanlega hluta eftir stærðarhlutföllum. Við skiptingu á fyrningargrunni bygginga skal í þessu sambandi miðað við fasteignamat einstakra byggingarhluta eða við rúmmál liggi fasteignamat þeirra ekki fyrir.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. tl. 38. gr. laga nr. 40/1978, sbr. 16. gr. laga nr. 7/1980, öðlast þegar gildi og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1980 vegna tekna ársins 1979 og eigna í lok þess árs.

Fjármálaráðuneytið 26. febrúar 1980.

Ragnar Arnalds.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1980

Nr. 135. 196 5. mars 1980.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum loðnubáta í mars — apríl 1980.

1. gr.

Loðnuskipum þeim, er loðnuveiðar stunda eftir 5. mars 1980, er óheimilt að stunda þorskveiðar í net, á línu og í botn- og flotvörpu til 1. maí 1980.

Þó er hverju loðnuskipi, án þess að það hafi áhrif á þorskveiðiheimildir þess, heimilt að veiða 750 lestir af loðnu sbr. reglugerð nr. 133 19. febrúar 1980, um veiðar á loðnu til frystingar og hrognatöku á vetrarvertíð 1980 og leyfi til loðnuveiða til frystingar útgefnu af ráðuneytinu 19. febrúar 1980.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og skal með mál út af brotum farið að hætti opnberra mála.

Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. mars 1980.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 10, nr. 135. Útgáfudagur 5. mars 1980.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 — 1980

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum við Suðurland.

1. gr.

Frá kl. 20.00, 10. mars 1980, eru allar loðnuveiðar bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi austan 20° v.lgd.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 18 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. mars 1980.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 11, nr. 136. Útgáfudagur 10. mars 1980.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1980

Nr. 137. 198 8. febrúar 1980.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Miðneshrepps.

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 173.33 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 67.81 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 755.53 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 251.89 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 43.33 hverja kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 96.20 hverja kWst. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 47 592.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 96.20 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

a) Um kWst.-mæli á kr. 14.38 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 47 592. Notað afl telst vera meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 14.38 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 45 031.20 hvert kW í málraun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 47 592 á kW á ári.

b) Af allri notkun kr. 14.38 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósa kr. 755.53 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 251.89 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum. frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka fólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 414.47 á hvern fermetra á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 18.00 hverja kWst. án rofs.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 10.82 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæla;

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

a) á kr. 10.82 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á árị kr. 9 088.70 hvert kW.
b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.
D—4. Um kWst.-mæli á kr. 5.38 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahitunar.

a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu álagsstýrirofa sem rafveitan leggur til og greiði af þeim samkv. gjaldskrá.
d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðar séu niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 51.56 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 87.80.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 15.74 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 12.60 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 39.36 hver kWst. frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 51.05 hverja kWst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrri hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr.	253 pr. mán.
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	—	300 pr. mán.
3.	Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	—	754 pr. mán.
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	—	1 130 pr. mán.
5.	Af álagsstýringarliðum	—	1 130 pr. mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kVa	Heimtaugargjald kr.
1.	3× 60	22	216 696
2.	3×100	38	315 843
3.	3×200	75 sp.	621 888
4.	3×350	132 sp.	1 036 501

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir, er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 48 722
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 68 401
Fyrir 100 amp. þrífasa	— 72 536

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörð, eða óveður há útivinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 6 151.20.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt 6 151.20 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalin í gjaldskrá eru 33% vegna söluskatts og verðjöfnunargjalds.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 sbr. auglýsingu nr. 87/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 441 31. október 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

6. febrúar 1980. Nr. 138.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA.

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1.1 Um kWst.-mæli á kr. 173.33 hver kWst.

1.2 Um kWst.-mæli á kr. 67.81 hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 755.53 á ári af hverri einingu gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

2.1 Um kWst.-mæli á kr. 43.33 hver kWst.

C. Vélanotkun.

3.1 Um kWst.-mæli á kr. 96.20 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 17 256.60 á hvert uppsett kW vélanna.

3.2 Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 39.36 hver kWst.

3.3 Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:

a. Um kWst.-mæli á kr. 27.77 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.

b. Um tvígjaldsmæli á kr. 164.50 hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 30.73 hver kWst. utan þess tíma.

3.4 Um mæli á kr. 35 504.00 fyrir hvert kW. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 18.74 á notaða kWst.

3.5 Ef ekki eru tök á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:

Um mæli á kr. 23 282.00 fyrir hvert uppsett kW. vélanna og auk þess kr. 18.74 á notaða kWst. Ef fasviksstuðull er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda truflunum og/eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

4.1 Um kWst.-mæli á kr. 18.00 hver kWst., án rofs.

4.2 Um kWst.-mæli á kr. 10.00 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.

4.3 Um kWst.-mæli á kr. 5.00 hver kWst., í 9 klst., á tímanum frá kl. 22.00 til 08.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum sem gilda um leigu mæla.

c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

5.1 Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á kr. 51.56 hverja kWst., enda sé notkunin mæld um sér mæli og suðutæki fasttengd.

5.2 Til nota fyrir vinnuljósalagnir meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 87.80 hver kWst.

5.3 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 12.60 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 39.36 hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.

5.4 Til gatnalýsingar á kr. 30.74 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr.	253 pr. mán.
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	—	300 pr. mán.
3.	Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	—	754 pr. mán.
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	—	1 130 pr. mán.
5.	Af álagsstýringarliðum	—	1 130 pr. mán.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 5 580 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar. Ef lokað er fyrir veitu vegna vanskila, skal greiða á skrifstofu rafveitunnar, gjald fyrir enduropnun kr. 4 266.

HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Gerðahrepps. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun		Heimtaugargj. kr.	Yfirlengdargjald Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpa
63 A	1-fasa	274 760	6 623	87 251
63 A	3-fasa	296 550	7 931	108 910
100 A	—	352 524	8 977	134 987
200 A	—	568 812	Samkv. kostn.	
315 A	—	1 184 178	—	
300 kVA	—	1 654 854	—	
500 kVA	—	2 762 816	—	
800 kVA	—	4 417 314	—	

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur		Stofngjald	Lengdargjald[1] [2] Jarðstrengur	Loftlína
63 A	1-fasa	48 722	Sama og aðalheimtaugar	
63 A	3-fasa	68 401	Sama og aðalheimtaugar	
100 A	3-fasa	72 536	Sama og aðalheimtaugar	

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málstraum spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 15 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1980, sbr. auglýsingu nr. 87/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 392 20. september 1979 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 6. febrúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 139. 7. febrúar 1980.

ERINDISBRÉF

umboðsfulltrúa dómsmálaráðuneytis.

Starf umboðsfulltrúa er í því fólgið að veita úrlausn fyrirspurnum og erindum fólks, sem telur á hlut sinn gengið í samskiptum við stofnanir ríkisins. Fyrst um sinn mun starf umboðsfulltrúa einkum lúta að dómgæslu, löggæslu og fangelsismálum.

Verkefni umboðsfulltrúa er að leiðbeina fólki um meðferð mála og taka til athugunar einstök umkvörtunarefni. Þá skal hann veita ókeypis lögfræðilega aðstoð eftir því sem efni standa til.

Hver sá sem telur sig rangindum beittan getur leitað til umboðsfulltrúa. Skal hann greina nafn sitt og heimilisfang og láta fylgja öll tiltæk sönnunargögn. Eigi skal taka til meðferðar umkvörtunarefni, sem eldri eru en eins árs, nema sérstakt tilefni sé til.

Umboðsfulltrúi sker úr hvort umkvörtunarefni sé nægilegt tilefni til málsmeðferðar. Umboðsfulltrúi getur tekið upp mál af eigin frumkvæði.

Umboðsfulltrúi skal afla nauðsynlegra upplýsinga um umkvörtunarefni og getur krafist af stjórnvöldum allrar tiltækrar vitneskju, sem hann þarfnast í því skyni. Á grundvelli þeirra gagna úrskurðar umboðsfulltrúi hvort um sé að ræða brot á góðri stjórnsýslu. Ef svo er ekki skal hann skýra þá niðurstöðu fyrir umkvörtunaraðila. Komi í ljós að meðferð máls samræmist ekki góðri stjórnsýslu skal hann tilgreina aðfinnslur sínar í sérstökum úrskurði og birta hann hlutaðeigandi stofnun og ráðuneyti.

Umboðsfulltrúa ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik, er honum verða kunn í starfi og eðli máls samkvæmt þurfa að fara leynt, enda séu þau ekki þegar á almennings vitorði.

Verði umboðsfulltrúi var við meinbugi í lögum skal hann tilkynna það hlutaðeigandi ráðuneyti og Alþingi.

Árlega skal umboðsfulltrúi gera skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári. Skal hún prentuð og birt fyrir 1. október ár hvert.

Umboðsfulltrúi skal halda sérstaka spjaldskrá um öll móttekin erindi, sem hann fær til meðferðar. Fram skulu koma nöfn fyrirspyrjenda, dagsetning erinda, innihald erinda, og síðan skal skrá hvaða dag þau eru afgreidd, hvernig þau eru afgreidd og hvernig tilkynnt fyrirspyrjendum. Þá skal skrá við hvaða stofnanir málið er rætt.

Umboðsfulltrúi getur gefið opinbera tilkynningu um mál. Skal hann þá skýra frá hvaða skýringar hlutaðeigandi stjórnvald hefur borið fram sér til varnar.

Ráðning til starfs umboðsfulltrúa er nú til eins árs.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. febrúar 1980.

Vilmundur Gylfason.

Baldur Möller.

14. febrúar 1980. Nr. 140.

AUGLÝSING

um samræmingu tolla samkvæmt 13. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.

Fjármálaráðuneytið hefur samkvæmt heimild í 13. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., samræmt tolla á eftirtöldum vörum svo sem hér segir:

Tollskrárnúmer sem vara flokkast í	Vörulýsing	Tollskrárnúmer sem samræmt er við
21.0719.	„Frost dessert, Vanille“	18.06.09
38.19.49	„Diabet“ eða svonefnt sætefni fyrir sykursjúka	21.07.03
38.19.49	„Scmincke Abdeckfarbe für fotographische negative“ eða litarefni í 20 ml túpum til nota við að hylja galla á grafískum filmum	37.08.00
39.02.52	„LANIERE“ eða plastplötur m. a. til framleiðslu á vængja- og/eða rennihurðum	59.0809
39.02.52	„1000 Hour Cover Lens“ eða óbrjótanleg hlífðargler í rafsuðuhjálma	70.06.00
39.07.99	Myndarammar úr plasti	83.06.01
39.07.99	„Grozmülltonnen GMT 240, anthrazit“, eða 240 l sorpílát á hjólum	73.40.55
39.07.99	„MGB-System refuse Containers 120/220, mobile“ eða 120 og 220 l sorpílát á hjólum	73.40.55
39.07.99	„FERTIGROSETTEN“ eða svonefndar „pakkarósir“	62.05.19
44.28.99	Vörupallar („pallets“) úr trjáviði	39.07.13
46.03.09	Barnaburðarkörfur úr tágum	42.02.49
46.03.09	Barnaburðarkörfur úr basti	42.02.49
46.03.09	Búsáhaldasamstæður („Pic-nic“-sett) eins og hitaflöskur, bollar, diskar, gafflar, skeiðar, hnífar o. fl. í töskum eða körfum, enda beri viðkomandi vörur það greinilega með sér, að ætlast sé til þess af hálfu framleiðanda, að þær	

Tollskrárnúmer sem vara flokkast í	Vörulýsing	Tollskrárnúmer sem samræmt er við
	verði seldar sem vörusamstæður (sett), og verðmæti ytri umbúða, tösku eða körfu, sé verðmætasti hluti vörusamstæðunnar, sbr. almenna túlkunarreglu 3 b. 1. gr. laga nr. 120 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum	42.02.20
48.07.42	Áprentaður pappír notaður sem klæðningarefni til bókbands	59.07.01
48.21.69	„Spring Blind Rollers“ eða fullbúnar svonefndar „vindugluggatjaldastengur“	44.28.87
48.21.69	„Coffee Filter Bags“ eða svonefndir „kaffikönnupokar“ úr pappír	62.05.19
68.12.09 og 68.12.09	Lampar og lýsingartæki	69.13.01
69.09.00	„Intalox-Sattelkörper“ eða svonefndir leirsöðlar	39.07.76
70.20.20.	Vefnaður úr glertrefjum, enda sé ekki um að ræða unna vöru, sbr. aths. 6 við XI flokk 1. gr. tollskrárlaga	51.04.29
73.40.59	Vírgrindur til framleiðslu á lampaskermum úr spunavöru, pappír o. fl.	39.07.47
73.40.59	„GUN-CLIPS“ eða plaströmur með vírstyrkingu til lokunar umbúða	39.07.18
73.40.59	Svonefndir „mannbroddar“ til festingar á skófatnað	64.05.09
73.40.59	Snjónaglar fyrir bifreiðahjólbarða	87.06.09
73.40.59	„ROSTFRIA KORSETFJÄDRAR“ og „PLASTENDFJÄDRAR“ eða stálteinar í svonefnd sjúkrabelti	39.07.66
73.40.59	Pípu- og kapalfestingar	39.07.77
74.19.09 eða 75.06.09	Silfurhúðaðar keðjur í metratali og einstakir tengihlutar fyrir þær	71.12.00
74.19.09	Pípu- og kapalfestingar	39.07.77
76.08.00	„Aluform shuttering material“ eða steypumót úr áli	73.21.06
76.10.04	Áletraðar dósir fyrir útflutningsvörur	73.23.04
76.16.19	Pípu- og kapalfestingar	39.07.77
84.61.15	„TRYCKREGULATORER“ eða svonefndir þrýstijafnarar fyrir lofttegundir, úr áli eða zinki	84.61.01
84.65.09	Tengikassar án rafbúnaðar	85.19.19
85.02.00	Segulsmellur og tilheyrandi mótstykki fyrir húsgögn o. fl.	83.02.02
85.22.20	„LIQUID CRYSTAL DISPLAY“ eða ljóskristalsstafir í rafeindabúnað	85.21.32
87.05.02	Tankar til flutnings á mjólk, sérstaklega hannaðir til festinga á vörubifreiðagrindur	73.22.01
93.04.09	„Very Light and Signal Pistols cal 4“ eða neyðarmerkjabyssur	39.07.75

Fjármálaráðuneytið, 14. febrúar 1980.

F. h. r.
Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um námsmat í grunnskóla.

I.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um mat á námi þeirra sem stunda nám í grunnskóla, eða öðrum stofnunum sem annast fræðslu á grunnskólastigi. Reglugerðin gildir einnig um börn sem tilgreind eru í 50., 51. og 52. grein sömu laga að svo miklu leyti sem viðkomandi stofnanir, kennarar og sérfræðingar telja við eiga í hverju einstöku tilviki.

2. gr.

Tilgangur námsmats í grunnskóla er að:

a) veita nemendum upplýsingar um gengi þeirra í náminu;
b) örva nemendur til að leggja sig fram við námið;
c) veita kennurum og nemendum upplýsingar um ýmsa þætti kennslunnar sem hafa má að leiðarljósi við frekari skipulagningu námsins;
d) veita kennurum, foreldrum eða forráðamönnum nemenda upplýsingar um námsárangur;
e) veita framhaldsskólum upplýsingar um árangur nemenda við lok náms í grunnskóla.

3. gr.

Námsmat fer fram á vegum skóla annars vegar og fræðsluyfirvalda hins vegar. Meginábyrgð á námsmati hvílir á hlutaðeigandi skóla. Námsmat á vegum skóla byggir á markmiðum náms og kennslu, bæði markmiðum aðalnámsskrár og þeim markmiðum sem hlutaðeigandi skóli, kennari eða nemendur og kennari sameiginlega hafa sett innan ramma gildandi laga og reglugerða. Námsmat á vegum fræðsluyfirvalda byggir á markmiðum námsskrár nema annað hafi verið tilkynnt fyrir upphaf skólaárs.

II.

Námsmat á vegum skóla.

4. gr.

Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með gengi nemenda, sbr. 3. gr. Með námsmatinu skal kanna:

a) námsárangur hvers nemanda miðað við sett markmið;
b) hversu skólastarfið stuðlar að auknum þroska, vekur áhuga og vellíðan og örvar nemandann til að leggja sig fram.

Námsmat skal vera fastur liður í skólastarfinu og fara stöðugt fram allan námstímann (sbr. 56. gr. grunnskólalaga).

Ráðuneytið skal veita skólum leiðbeiningar um námsmat (sbr. 58. gr. grunnskólalaga).

5. gr.

Í lok skólaárs eða námsáfanga skal gefa nemendum vitnisburð (sbr. 57. gr. grunnskólalaga). Skal annars vegar miða hann við hvernig nemandanum hefur gengið að ná markmiðum námsins og hins vegar veita umsögn um framfarir, ástundun og aðra þætti, sem skólinn leggur áherslu á. Ekki er nauðsynlegt að vitnisburður sé bundinn námsgreinum og gefinn fyrir þær hverja um sig.

Vitnisburður skal vera nemendum og forráðamönnum þeirra til leiðbeiningar og aðstoðar. Þegar vitnisburður er gefinn skal fyrst og fremst leitast við að draga fram þá þætti sem nemandanum tekst vel við. Þó skal ekki sniðganga þá þætti sem eru ófullnægjandi svo að leita megi orsaka þeirra og leiða til úrbóta.

Vitnisburð um námsárangur má gefa með mismunandi hætti eftir ákvörðun hvers skóla, nema á síðasta ári grunnskóla, þar sem gefa skal í heilum tölum 1—10. Nota má umsagnir í stuttu hnitmiðuðu máli, orð, setningar, tölur eða önnur tákn. Ekki skal þó nota bókstafina A, B, C, D, E. Á vitnisburðarblaði skal geta um merkingu þeirra einkunna sem notaðar eru. Ef fimm stiga kvarði er notaður svarar

hæsta einkunn til þess að nemandinn hafi náð u. þ. b. 80—100% markmiða,
önnur einkunn til þess að nemandinn hafi náð u. þ. b. 60— 79% —
þriðja einkunn til þess að nemandinn hafi náð u. þ. b. 40— 59% —
fjórða einkunn til þess að nemandinn hafi náð u. þ. b. 20— 39% —
lægsta einkunn til þess að nemandinn hafi náð u. þ. b. 0— 19% —

Skólar hafa frjálst val um heiti einkunna.

Ef skóli telur nauðsynlegt að beita fíngerðum einkunnakvarða, skal nota heilu tölurnar 1—10 og skal hafa til hliðsjónar eftirfarandi merkingu þeirra.

10	u. þ. b.	95—100%	markmiða	náð
9	—	85— 94%	—	—
8	—	75— 84%	—	—
7	—	65— 74%	—	—
6	—	55— 64%	—	—
5	—	45— 54%	—	—
4	—	35— 44%	—	—
3	—	25— 34%	—	—
2	—	15— 24%	—	—
1	—	0— 14%	—	—

Ekki skal reikna meðaltal einkunna.

6. gr.

Almennt skal miða við þá reglu í skólum, þar sem bekkjarkerfi er, að nemendur færist upp um einn bekk á ári. Frávik frá þessu skulu ákveðin af skólastjórn og forráðamönnum nemandans. Hafa skal samráð við aðalkennara hans og fá umsagnir annarra kennara nemandans svo og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla. Gildir þetta hvort sem ætlunin er að seinka eða flýta nemanda í námi.

III.

Samræmd próf[1])

Markmið samræmdra prófa er:

a) að láta skólunum í té upplýsingar um árangur í prófgreinum á landinu öllu eða á einstökum svæðum, sem gerir þeim kleift að bera prófárangur nemenda sinna saman við árangur stærri hópa.
b) að veita framhaldsskólum upplýsingar um námsárangur nemenda til viðbótar skólamati.

8. gr.

Hver nemandi skal við lok grunnskóla ganga undir samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Menntamálaráðuneytið ákveður hverju sinni hvort samræmd próf

[1]) Samræmt próf merkir hér próf sem lagt er fyrir allan árganginn á sama tíma. Innan prófsins geta verið jafngildir valþættir, sem miðast þó við sömu megin markmið.

skuli lögð fyrir allan árganginn í öðrum greinum og þá hverjum. Með samræmdum prófum skal leitast við að prófa grundvallaratriði í námsgreinunum.

9. gr.

Á samræmdum prófum miðast einkunnir við stöðu nemandans í þeim nemendahópi sem tekur prófið. Einkunnir eru fimm:

A, B, C, D, E og skulu þær miðast við eftirfarandi:

Einkunnina A hljóti u. þ. b. 7% nemenda. Þeir sem fengu flest stig.
— B — — 24% nemenda. Þeir sem leystu prófverkefnið betur en í meðallagi.
— C — — 38% nemenda. Þeir sem leystu prófverkefnið í meðallagi.
— D — — 24% nemenda. Þeir sem leystu prófverkefnið lakar en í meðallagi.
— E — — 7% nemenda. Þeir sem fengu fæst stig.

10. gr.

Gerð og úrvinnsla samræmdra prófa fara fram á vegum menntamálaráðuneytisins og skal sérfróður maður í námsmati hafa umsjón með því starfi.

11. gr.

Skólum er skylt að halda samræmd próf og nemendum skylt að þreyta þau nema önnur neðantalinna ástæðna hindri það:

a) forföll vegna veikinda;
b) undanþága frá próftöku.

Heimilt er að veita einstökum nemendum undanþágu frá því að taka próf ef forráðamenn þeirra sækja um slíkt og tilgreina rökstuddar ástæður enda mæli skólastjórn, aðalkennari hlutaðeigandi bekkjardeildar og ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta skóla með slíkri umsókn. Hafi nemandi fengið undanþágu frá því að þreyta samræmt próf skal geta um það á vitnisburðarblaði. Ráðuneytið getur, sbr. 65. gr. grunnskólalaga, veitt einstaka skólum undanþágu frá því að halda samræmd próf í einstökum greinum enda liggi fyrir rökstudd greinargerð viðkomandi skóla fyrir upphaf skólaárs.

12. gr.

Ef nemandi forfallast vegna veikinda við samræmt (d) próf, skal skólinn gefa nemandanum einkunn(ir) A, B, C, D eða E í þeirri (þeim) grein(um), sbr. 9. gr. sem hann tók ekki próf í. Skal þá höfð hliðsjón af því hvernig háttað er sambandi milli vitnisburðar skólans að vori og einkunna á samræmdum prófum hjá öðrum nemendum í sama skóla. Fleiri en einn aðili skal gefa þessa einkunn, t. d. skólastjóri og kennari í greininni. Við „samræmda“ einkunn sem gefinn er á þennan hátt skal skrifuð athugasemdin: „Var veik(ur). Skólamat“.

13. gr.

Ráðuneytið sendir niðurstöður samræmdra prófa beint til skólastjóra ásamt upplýsingum um meðaltal og dreifingu einkunna í skólanum og fyrir allt landið. Skólastjóri miðlar vitneskjunni áfram til kennara.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við fræðslustjóra skipa skólum trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd samræmdra prófa (sbr. 61. gr. grunnskólalaga).

Ráðuneytið skipar ennfremur prófdómara til starfa við samræmd próf (sbr. 61. gr. grunnskólalaga). Við skipun prófdómara skal tekið tillit til menntunar og starfsreynslu.

Ráðuneytinu er einnig heimilt, ef nauðsyn ber til, að skipa trúnaðarmann til eftirlits við námsmat í lokabekk skóla þar sem skóla lýkur fyrr en með 9. bekk.

Ráðuneytið setur starfsmönnum þessum erindisbréf.

15. gr.

Fræðsluyfirvöldum er heimilt að leggja fyrir próf eða kannanir í einstökum námsþáttum á einstökum námsárum á landinu öllu, í tilteknum landshlutum eða ákveðnum skólum.

IV.

Brautskráning úr grunnskóla.

16. gr.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini er votti að hann hafi lokið því. Einnig skal nemandinn fá vitnisburðarblað. Á það skal skrá valgreinar nemandans, vitnisburð skólans og úrslit samræmdra lokaprófa. Menntamálaráðuneytið gefur út staðal fyrir slík skírteini.

Engin einkunn við lok grunnskóla telst falleinkunn í þeim skilningi að nemandi þurfi að endurtaka nám í grunnskóla.

17. gr.

Þeir sem eru orðnir 16 ára eða eldri og óska að þreyta samræmd próf utan skóla í 9. bekk hafa rétt til þess.

V.

Ýmislegt.

18. gr.

Öll gögn, sem veita upplýsingar um námsárangur og gengi einstaklinga í skóla, eru trúnaðarmál skólastjórnar og fræðsluyfirvalda og er þeim óheimilt að veita öðrum en nemendum sjálfum og forráðamönnum þeirra upplýsingar þar um nema nauðsyn beri til:

a) vegna flutninga nemenda milli skóla;
b) vegna athugana sem gerðar eru innan skóla, af fræðsluyfirvöldum eða vegna starfa á vegum ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla;
c) vegna fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu um einstaklinga og skal menntamálaráðuneytið veita slík leyfi.

Um varðveislu þessara upplýsinga fer eftir ákvæðum reglugerðar um þjóðskjalasafn Íslands.

19. gr.

Fræðslustjórar skulu fylgjast með því hver í sínu umdæmi að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í grunnskólum og sérstofnunum, sem annast fræðslu á grunnskólastigi.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 61. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og öðlast hún gildi frá og með 1. júní 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 398/1977 um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla svo og önnur ákvæði sem fara í bága við þessa reglugerð.

Í menntamálaráðuneytinu, 1. febrúar 1980.

Vilmundur Gylfason.

Birgir Thorlacius.

19. febrúar 1980. Nr. 142.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, skulu hækka um 6.67% frá 1. mars 1980 frá því sem þær voru 1. febrúar 1980. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 19. febrúar 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

12. febrúar 1980. Nr. 143.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduóshrepps, nr. 263 30. maí 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 28 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 14 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 28 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 900 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 9 500.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út úr höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 14 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 530 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldsskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 517 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1 094 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 025 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 296 fyrir hvern rúmmetra.

Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 250.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreyni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 139 20. mars 1979.

Samgönguráðuneytið 12. febrúar 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 144. 12. febrúar 1980.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar, nr. 151 4. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 28 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 14 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 28 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 900 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 9 500.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út úr höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 14 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 530 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 9 440 fyrir hvert skip, auk kr. 19 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 1 230 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 517 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1 094 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 025 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 296 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 250.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreyni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 32 14. janúar 1980.

Samgönguráðuneytið 12. febrúar 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Búðardals.

1. gr.

Vatnsveita Búðardals er sjálfstætt fyrirtæki, sem Laxárdalshreppur er eigandi að og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í Búðardal.

2. gr.

Hreppsnefnd Laxárdalshrepps hefur á hendi yfirstjórn vatnsveitunnar og einkarétt til sölu vatns á veitusvæðinu.

3. gr.

Vatnsveitunefnd, kosin af hreppsnefnd til 4 ára í senn, skipuð 3 aðalmönnum og jafnmörgum til vara, búsettum í Búðardal, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við oddvita og hreppsnefnd, sem ákveður þóknun vatnsveitunefndar. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

Að einróma tillögu vatnsveitunefndar getur hreppsnefnd ákveðið að ráða sérstakan umsjónarmann til að annast framangreind störf í þágu veitunnar, ásamt öðrum, sem honum kunna að verða falin.

4. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveituna, sæki um það skriflega til vatnsveitunefndar eða oddvita.

5. gr.

Enginn má án leyfis leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæðum veitunnar.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu heimæðar í hús sitt frá aðalæð og annast viðhald hennar.

Skylt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim eða útbúnaði er ábótavant.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveitukerfið án leyfis. Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum veitunnar.

6. gr.

Skylt er þeim, sem nota vill vatn frá vatnsveitunni, að fara eftir fyrirmælum ráðamanna veitunnar um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna, og annað það, sem lýtur að vatnslögnum í og við hús þeirra.

Heimilt er umsjónarmanni vatnsveitunnar að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til að athuga vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu veitunnar, sem hann telur nauðsynlegar. Loka má fyrir vatn meðan hreinsun eða viðgerð fer fram, á geymum eða æðum veitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrir fram, ef þess er kostur.

7. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt eða stofngjald á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar.

8. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, end komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Hver sá, sem veldur skaða eða skemmdum á vatni eða veitukerfi, greiðir fullar fébætur auk sekta, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

10. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem sérmetnar eru til fasteignamats og vatni er veitt í skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.5% af fasteignamatsverði árlega. Þó skal lágmarksgjald vera kr. 30 000 og hámarksgjald kr. 50 000 af íbúð.

11. gr.

Af öðrum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem þeir reka, eða af öðrum ástæðum, skal innheimta aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, ef ekki, þá ákveður vatnsveitan skattinn samkvæmt áætlaðri notkun. Verði ágreiningur um slíka áætlun milli vatnsveitu og gjaldanda skal hreppsnefnd skera úr. Aukavatnsskattur skal vera kr. 60 á hvern rúmmetra vatns og er gjalddagi hans í lok hvers ársfjórðungs.

12. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild og einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn.

13. gr.

Heimilt er að krefja hvern þann aðila, sem leyfi fær til að leggja heimæð frá aðalveitu um allt að kr. 90 000 í stofngjald af íbúðarhúsnæði miðað við ¾" lögn, tengigjald af atvinnuhúsnæði verði í samræmi við flutningsgetu heimæðar.

14. gr.

Hreppsnefnd getur krafist þess, að tillögu vatnsveitunefndar, að fyrirtæki og aðrir vatnsnotendur greiði vatnsskatt eftir mæli. Skal þá vatnsveitan leggja til mæli og sjá um uppsetningu og rekstur hans. Vatnsnotandi greiði uppsetningarkostnað, mælaleigu svo og vatnsskattinn sjálfan samkvæmt gjaldskrá.

15. gr.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar. Greiðist skatturinn ekki á réttum gjalddaga, falla á hann dráttarvextir.

Vatnsskattinn má einnig taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

Vatnsveitunefnd eða annar aðili í umboði hreppsnefndar hefur á hendi reikningshald og innheimtu fyrir veituna.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og skulu reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins árlega.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000 nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Laxárdalshrepps, og óskast staðfest, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt falli úr gildi reglugerð fyrir Vatnsveitu Búðardals nr. 186 6. júní 1973 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 146. 31. janúar 1980.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Borðeyrar.

1. gr.

Vatnsveita Borðeyrar er sjálfstætt fyrirtæki, sem hreppsnefnd Bæjarhrepps í Strandasýslu rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja á Borðeyri, eftir því sem við verður komið og nánar greinir í reglugerð þessari.

2. gr.

Vatnsveitan hefur einkarétt til sölu vatns á veitusvæðinu.

3. gr.

Hreppsnefnd hefur á hendi yfirstjórn veitunnar, en heimilt er henni að ráða umsjónarmann fyrir vatnsveituna, er hafi eftirlit með veitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar er hreppsnefnd felur honum.

4. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæð veitunnar, nema með leyfi hreppsnefndar og aðeins undir stjórn umsjónarmanns veitunnar eða annars sem hreppsnefnd viðurkennir til þess.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra. Gildir það jafnt um gamlar sem nýjar lagnir.

Skylt er hverjum húseiganda að láta gera tafarlaust við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband nema samþykki hreppsnefndar komi til. Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum veitunnar.

5. gr.

Skylt er þeim sem nota vatn frá vatnsveitunni, að fara eftir fyrirmælum umsjónarmanns veitunnar um efni og viðhald vatnsæða sinna og annað það, sem lýtur að vatnslögnum í og við hús þeirra.

Heimilt er umsjónarmanni vatnsveitunnar að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til að athuga vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu veitunnar, sem hann telur nauðsynlegar. Loka má fyrir vatn meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymum eða æðum vatnsveitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrirfram, ef þess er kostur.

6. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu sem metin eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá skal greiða árlega vatnsskatt og nemur hann sem næst 0.17% (0.17 af hundraði) fasteignamats húsa og lóðar eins og það er á hverjum tíma.

Lágmarksgjald hverrar sjálfstæðrar íbúðar eða fasteignar skal þó aldrei vera lægra en kr. 12 000.

7. gr.

Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða aukavatnsskatt sem hér segir:

a. Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar eða iðnaðar kr. 100 fyrir hver 100 kg af sementsnotkun.
b. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsi skal greiða sem hér segir: Á hverja slátraða sauðkind kr. 20. Á hvern stórgrip 6 mánaða og yngri kr. 100 en á eldri stórgripi kr. 150.
c. Fyrir þvottaplön til þvotta á bifreiðum skal greiða árlega kr. 45 000.

Fyrir önnur vatnsnot en að framan greinir ákveður hreppsnefnd greiðslu hverju sinni.

Lágmarksgjald og aukavatnsskattur skulu hækka árlega í samræmi við hækkun fasteignamats á veitusvæðinu.

8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkv. reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild eða einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn.

9. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast reikningshaldari sveitarsjóðs reikningshaldið, innheimtu og greiðslur.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. mars ár hvert og greiðist hann í einu lagi, en aukavatnsskattur samkv. a, b og c lið 7. gr. greiðist ársfjórðungslega. Greiðist vatnsskattur ekki á réttum gjalddögum falla á hann dráttarvextir.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000 eitthundrað þúsund — nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bæjarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 21. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1980.

Fiskmjöl, $ 8.35 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. febrúar 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 148. 22. febrúar 1980.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1980:

Óverkaður saltfiskur:	**U. S. $ pr. lest fob.**
Stórfiskur nr. 1	2 900
Millifiskur nr. 1	2 700
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2 300
Smáfiskur 60/100 nr. 1	2 200

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. febrúar 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1980:

Söltuð ufsaflök:		U. S. $ pr. kg. cif.
16/20	FF	2.97
—	AB	2.52
21/25	FF	2.87
—	AB	2.42
26/30	FF	2.77
—	AB	2.34
31/35	FF	2.66
—	AB	2.26
36/40	FF	2.56
—	AB	2.16
41/45	FF	2.45
—	AB	2.07
46/50	FF	2.34

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. febrúar 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

4. febrúar 1980. Nr. 150.

AUGLÝSING

um flutning prestseturs í Vallanessprestakalli í Múlaprófastsdæmi frá Vallanesi til Egilsstaða.

Samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 35 9. maí 1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð og að fenginni umsögn biskups Íslands, prófasts Múlaprófastsdæmis, sóknarnefnda í Vallanessprestakalli og sóknarprestsins í Vallanessprestakalli, er hér með mælt svo fyrir, að prestsetur framangreinds prestakalls skuli flytja frá Vallanesi í Vallahreppi til Egilsstaða.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. febrúar 1980.

Vilmundur Gylfason.

Þorleifur Pálsson.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir Sundhöll Selfoss.

Ráðuneytið hefur staðfest nýja gjaldskrá fyrir Sundhöll Selfoss:

Fullorðnir í laug	kr.	500	
Börn í laug	—	160	
Baðstofa og laug	—	800	
Afsl. fullorðinna 10 skipti	—	3 000	
Afsl. börn 10 skipti	—	1 000	
Afsl. baðst. 10 skipti	—	6 000	
Leiga á baðfötum og handklæðum	—	400	
Baðstofa fjölsk. tímar	—	3 000	pr. mán + kr. 400 í hvert skipti
Líkamsrækt 10 skipti	—	7 500	

Auglýsing þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá frá 20. september 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 5. febrúar 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 152. 11. febrúar 1980.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Fellahreppi í Norður-Múlasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra og skal ráðningartími hans vera lengstur til loka kjörtímabils hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Hann skal jafnframt annast störf byggingafulltrúa. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefnd ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðist úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

7. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Fellahrepps í Norður-Múlasýslu hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. febrúar 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

22. febrúar 1980. Nr. 153.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilishjálp á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Ellilífeyrisþegar og öryrkjar með fulla tekjutryggingu greiða ekki heimilishjálp.

2. gr.

Bótaþegar með skerta tekjutryggingu greiða ⅓ tímakaups samkv. samningum Sóknar.

3. gr.

Bótaþegar sem hafa ekki rétt til tekjutryggingar greiða ½ tímakaup samkv. samningum Sóknar.

4. gr.

Tekjur miðast við janúar 1980.

kr./klst. Kaup	Tekjuviðmiðun einstaklinga	Tekjuviðmiðun hjóna
0	0—148 000	0—258 639
529	148 001—243 887	258 640—409 724
794	243 888 og meira.	409 725 og meira.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 154. 5. febrúar 1980.

REGLUR

um vinnuöryggi á fiskiskipum.

HLUTI J 10.

— Efnisyfirlit —

1. gr.
1.0.0. **Öryggi á opnu þilfari.**
1.1.0. Gangar, stígar, landgangur og handrið. (Öll fiskiskip).
1.2.0. Skuttogarar.
1.3.0. Hringnótaskip.
1.4.0. Línu- og netaveiðiskip.

2. gr.
2.0.0. **Öryggi á milli-þilfari og í lestum.**
2.1.0. Þil, styttur, laus borð.
2.2.0. Gangar, stigar og handrið.
2.3.0. Hlífar við vinnuvélar og færibönd.

3. gr.
3.0.0. **Vinnuljós.**

4. gr.
4.0.0. **Öryggi í vélarrúmi.**

5. gr.
5.0.0. **Þilfarsvindur og lyftibúnaður.**

6. gr.
6.0.0. **Kælivélar.**

7. gr.
7.0.0. **Hylki fyrir þjappaðar lofttegundir.**

1. gr.

1.0.0. **Öryggi á opnu þilfari.**

1.1.0. **Gangar, stigar, landgangar og handrið. (Öll fiskiskip).**

1.1.1. Gangar utan vistarvera skulu vera hæfilega breiðir fyrir þá notkun, sem þeim er ætluð. Þeir skulu búnir handriðum, þar sem þess er talin þörf. Gólf í göngum skulu vera þannig, að hreingerning þeirra sé auðveld og að ekki gæti hálku í bleytu.

1.1.2. Stigar og stigaþrep skulu gerð úr óbrennanlegu efni, og þrepin þannig, að ekki verði hált í bleytu, t. d. úr upplyftu stáli eða áli.

1.1.3. Tvíþilja fiskiskip skulu búin landgangi eða öðrum viðurkenndum búnaði, sem auðveldar mönnum að komast slysalaust frá borði og um borð. Öryggisnet skal setja undir landgang við erfiðar aðstæður. Bjarghring með líflínu skal staðsetja við landgang.

1.1.4. Ákveðinn geymslustaður skal, eftir því sem fært er, vera ætlaður til geymslu landgangs, þegar hann er ekki í notkun.

1.1.5. Stigar og landgangar verða að hafa örugga festingu, svo umferð sé örugg.

1.1.6. Liggi skip samsíða, skal nota borðstokkströppur eða hentugan búnað með handriði, til þess að tryggja örugga umferð milli skipanna.

1.1.7. Þar, sem efri endi landgangs eða stiga endar við borðstokk, verður að hafa tröppur með handriði frá borðstokk að þilfari.

1.1.8. Staðsetning landgangs, stiga eða göngubrettis sé ætíð utan hættusviðs frá lyftubúnaði skips eða krana, sé þess nokkur kostur.

1.1.9. Göngum, stigum og landgangi skal haldið vel hreinum og í góðu ásigkomulagi, svo að öll notkun sé sem öruggust.

1.1.10. Kaðalstigi hafnsögumanns verður að hafa minnst tvö þrep vel út fyrir kaðlana, svo að stiginn snúist ekki í notkun.

1.2.0. **Skuttogarar.**

1.2.1. Á skuttogurum skal vera eftirgreindur búnaður og skal hann notaður undir yfirumsjón skipstjórnarmanna.

1.2.2. Skuttogarar skulu búnir grandaravindum eða öðrum búnaði jafngildum.

1.2.3. Í seilingarhæð beggja vegna skutrennu skal strekktur vír, sem líflína öryggisbelta leikur auðveldlega á.

1.2.4. Að minnsta kosti 5 öryggisbelti ásamt líflínu af viðurkenndri gerð skulu vera um borð í skuttogurum til notkunar við vinnu á opnu þilfari. Líflínur séu hæfilega langar, þannig að þær torveldi ekki vinnu við og í skutrennu.

1.2.5. Líflínur skulu þannig gerðar, að slaki dragist sjálfkrafa af þeim og þær séu búnar öryggiskrókum í báða enda, sem auðvelt er að krækja í festingar, svo sem öryggisvír og öryggisbelti.

1.2.6. Öryggishjálmar af viðurkenndri gerð með áföstum kraga. Hver maður, sem á opnu þilfari vinnur, skal hafa sinn hjálm.

1.2.7. Tveir bjarghringir, vel aðgengilegir, skulu staðsettir sitt hvoru megin við skutrennur, búnir ljósi.

1.2.8. Skuttogarar skulu búnir vökva- eða rafknúnum skutrennuloka. Hann má vera stálþil, sem fellur í stokk neðan þilfars, eða annar búnaður jafngidur að mati Siglingamálastofnunar, enda skal fyrirkomulag vera háð samþykki hennar hverju sinni.

1.2.9. Eigi má sami maður samtímis stjórna skipi og þilfarsvindum.

1.2.10. Allar vindur skal vera hægt að stöðva úr brú. Hjálparvindur á afturþilfari skal einnig vera hægt að stöðva beggja megin við skutrennu.

1.2.11. Kallkerfi úr brú skal vera það sterkt, að fyrirskipanir heyrist örugglega á vinnustöðum á opnu þilfari.

1.2.12. Gerðar skulu ráðstafanir til þess að draga úr hálku á togþilfari, t. d. með rafsuðupunktum, stállistum eða á annan þann hátt, sem best hentar hverju skipi.

1.3.0. **Hringnótaskip.**

1.3.1. Þeir, sem vinna á þilfari, þegar nótin er dregin, skulu hafa hlífðarhjálm á höfði.

1.3.2. Vörn skal vera til að hindra að menn geti runnið fyrir borð úr nótakassa eða gryfju.

1.3.3. Tryggja skal eftir því sem mögulegt er, að nótin geti runnið eðlilega út, þegar henni er kastað.

1.3.4. Þegar poki nótarinnar með afla í er bundinn upp, þarf frágangur að vera, þannig að sleppa megi öllu lausu, ef nauðsyn krefur.
1.3.5. Æskilegt er að góður og beittur hnífur sé hafður til taks á nótapalli.
1.4.0. **Línur- og netaveiðiskip.**
1.4.1. Á fiskiskipum 15 brl. og stærri, sem búin eru línuvindu til netaveiða, skal vera sérstakur öryggisbúnaður, þannig gerður, að vinda stöðvist samstundis, ef maður dregst inn að vindukoppnum með veiðarfærunum.
1.4.2. Skipstjóra þessara skipa ber skylda til að sjá um, að þessi búnaður sé ávallt um borð og virkur, þegar skipið fer á netaveiðar.
1.4.3. Búnaður þessi skal háður viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins í hverju einstöku skipi.

2. gr.

2.0.0. **Öryggi á milli-þilfari og í lestum.**
2.1. Allar styttur skulu traustar og tryggilega festar. Einnig skulu öll lestarborð í góðu lagi og þola þann þunga, sem þeim er ætlað að bera.
2.2. Göngum, stigum og handriðum skal haldið eins öruggum til umferðar eins og framast er unnt. Stigar og handrið skulu traust og tryggilega fest og vel við haldið.
2.3. Hafa skal hlífar við eða á vélum og færiböndum, til þess að tryggja öryggi við vinnu, eftir því sem aðstæður krefjast hverju sinni.
2.4. Ekki má nota vélar né færibönd, ef hlíf er fjarlægð vegna viðgerðar á vél
2.5. Koma skal fyrir öryggisbúnaði við vélar og færibönd, sem tryggi, að þessi tæki verði ekki ræst af vangá.
eða færibandi.
2.6. Við færibönd skal vera hæfilegur fjöldi útsláttarrofa, svo stöðva megi þau með skjótum hætti.

3. gr.

3.0.0. **Vinnuljós.**
3.1. Lýsing skal vera nægileg í göngum og á þeim stöðum, þar sem áhöfn þarf að vinna eða fara um.
3.2. Í stigagöngum skal lýsing vera 150 lux og á vinnustöðum 300 lux miðað við eins metra hæð.

4. gr.

4.0.0. **Öryggi í vélarrúmi.**
4.1. Gólf í vélarrúmi skal gert úr traustu óbrennanlegu efni og þannig, að ekki sé hált.
4.2. Varnarhlífar, á eða við vélbúnað, má ekki fjarlægja meðan vélin er í notkun. Sé hlíf fjarlægð, má ekki gangsetja án þess að koma hlífinni á sinn stað.
4.3. Þegar vél er í viðgerð, skal þess gætt, að ekki sé unnt að ræsa hana óvart eða hreyfa af vangá. Gera skal ræsibúnað óvirkan, þegar ástæða er til.
4.4. Þegar unnið er við lok eða loka, sem er undir þrýstingi, skal þess gætt að fella þrýstinginn áður en verk er hafið. Aldrei má fjarlægja festibolta fyrr en lokið er laust.
4.5. Gæta skal þess, að allir þungir vélarhlutir séu vel festir og lausir hlutir geti ekki skaðað menn við vinnu í vélarrúmi.
4.6. Vélargólfi, stigaþrepum og handriði í vélarrúmi sé haldið vel hreinum.

5. gr.

5.0.0. **Þilfarsvindur og lyftibúnaður.**
5.1. Verja skal með hlíf, eins og við verður komið, alla hreyfanlega hluti vindu. Sama skal gilda um allar rúllur.

5.2. Skrá skal greinilega og varanlega leyfilegan hámarksþunga á bómur og krana.
5.3. Bremsum og tengi á vindum skal haldið vel við, svo að vindan gefi ekki eftir undan átaki.

6. gr.

6.0.0. **Kælivélar.**
6.1. Ekki má hafa opinn eld eða heita hluti í klefum, þar sem kælivélakerfið er. Gæta skal fyllstu varúðar með allan kælimiðil.

7. gr.

7.0.0. **Hylki fyrir þjappaðar lofttegundir.**
7.1. Hylki, er geyma þjappaðar lofttegundir, skulu uppfylla viðurkennd öryggisákvæði, svo og geymslustaðir.
7.2. Vel skal verja lagnir, þrýstijafnara og ventla.
7.3. Þegar hylkin eru ekki í notkun, skal þess gætt, að þau séu örugglega lokuð.
7.4. Við leit að leka á hættulegum lofttegundum, skal ætíð nota viðeigandi tæki.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52, 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hérmeð til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 270, 10. júní 1975 og nr. 501, 26. nóvember 1979.

Samgönguráðuneytið, 5. febrúar 1980.

Magnús H. Magnússon.

Brynjólfur Ingólfsson.

28. febrúar 1980. Nr. 155.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Sigurlaugar Jónasdóttur frá Ási í Vatnsdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. febrúar 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Jónasdóttur frá Ási í Vatnsdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurlaugar Jónasdóttur frá Ási í Vatnsdal.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru eftirlátnar eignir hinnar látnu, svo og gjafir sem kunna að berast sjóðnum. Nettóeign skv. erfðafjárskrá sem sjóðnum hefir verið afhent er nú kr. 1 135 849

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu og umsjá Kvenfélagsins í Áshreppi og skal hann ávaxtaður í útibúi Búnaðarbankans á Blönduósi, eða í annarri viðurkenndri lánastofnun.

4. gr.

Fé úr sjóðnum skal varið til líknar og mannúðarmála, svo sem til hjálpar fötluðu fólki, sem þarf á fjárhagsaðstoð að halda.

Einnig til glaðningar til handa sjúkum og ellihrumum og fleira getur komið til greina, allt samkvæmt mati stjórnar sjóðsins á hverjum tíma.

Aldrei má úthluta meiru árlega en vöxtum af sjóðnum.

5. gr.

Leggist kaupfélag Áshrepps niður, eða hætti störfum, skal hreppsnefnd Áshrepps kjósa, að afstöðnum hverjum hreppsnefndarkosningum, þrjár konur búsettar í Áshreppi til þess að hafa umsjón og varðveislu sjóðsins með höndum, svo og úthlutun vaxta af honum.

Nr. 156. 8. febrúar 1980.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Aðalheiðar Erlu Gunnarsdóttur, Syðra-Vallholti, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. febrúar 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Aðalheiðar Erlu Gunnarsdóttur Syðra-Vallholti.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Aðalheiðar Erlu Gunnarsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Aðalheiði Erlu Gunnarsdóttur, Syðra-Vallholti, sem lést þann 27. ágúst 1979, aðeins 12 ára gömul. Sjóðurinn er stofnaður af foreldrum hennar og systur, ættingjum og vinum, hinn 3. desember 1979, á dánardægri afa hennar, Gunnars bónda Gunnarssonar, Syðra-Vallholti, sem lést þann 3. desember 1962.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 630 000.00 — sexhundruð og þrjátíuþúsund krónur — auk gjafa og áheita, sem honum kunna að berast.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða.

4. gr.

Sjóðurinn veitir minningargjöfum viðtöku, sem og öðrum gjöfum, sem leggjast við höfuðstól sjóðsins sem stofnfé. Fastar tekjur sjóðsins eru árlegir vextir af höfuðstól.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem hagkvæmastan hátt, í verðtryggðum bankareikningum, eða á hvern þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur bestan á hverjum tíma.

5. gr.

Sjóðurinn skal hafa minningarkort á boðstólum, og eiga gjafabók, sem færa skal í allar gjafir sem honum berast, ásamt nafni og dagsetningu.

6. gr.

Markmið sjóðsins er að efla og styrkja tónlistarlíf við Varmahlíðarskóla og Tónlistarskóla Skagafjarðarsýslu. Veita skal efnilegum nemendum skólanna viðurkenningu fyrir góða ástundun og framfarir í tónlistarnámi og móðurmálsfræðum.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram að loknu skólastarfi ár hvert, í sambandi við vorpróf, skólaslit og nemendatónleika, í fyrsta sinn vorið 1980.

7. gr.

Fjárveiting úr sjóðnum skal eigi vera meiri á hverju ári, en sem nemur 1/10 — einum tíunda — af höfuðstól, eins og hann verður á hverjum tíma, enda þótt vextir séu hærri og tekjur hans meiri, sem leggjast við höfuðstólinn.

Verði árstekjur sjóðsins undir 10% af höfuðstól, skal eigi veita meira en 9/10 af tekjum það ár. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að hnika þessu til, ef ástæða þykir.

8. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Varmahlíðarskóla, og skólastjóri hans vera formaður sjóðsstjórnar. Aðrir í stjórn sjóðsins skulu vera skólastjóri Tónlistarskóla Skagafjarðarsýslu og sóknarpresturinn í Víðimýrarsókn. Ennfremur foreldrar Aðalheiðar, þau hjónin Stefanía Þórunn Sæmundsdóttir og Gunnar Gunnarsson, meðan þeirra nýtur við. Óski ættingjar að þeim látnum að eiga aðild að stjórninni, skulu þeir þar til nefna einn mann.

9. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd fjárveitinga úr sjóðnum, reikningshald hans og umsjón.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera endurskoðendur reikninga Seyluhrepps.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

4. febrúar 1980. Nr. 157.

REGLUGERÐ

um kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, Framkvæmdasjóðs Íslands, Byggingasjóðs ríkisins og annarra fjárfestingarlánasjóða.

1. gr.

Hverjum lífeyrissjóði sem lögbundinn er eða starfar eftir reglum sem fjármálaráðherra samþykkir, sbr. 1. tölulið D-liðs 30. gr. laga nr. 40/1978, er skylt að verja árlega a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum, með fullri verðtryggingu til eigi skemmri tíma en 10 ára og sem fullnægja öðrum þeim ákvæðum sem sett kunna að verða af Seðlabanka Íslands. Til að tryggt sé að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum þessum er Framkvæmdasjóði Íslands og Byggingasjóði ríkisins skylt að hafa slík skuldabréf til sölu. Lífeyrissjóðunum er heimilt að kaupa skuldabréf annarra fjárfestingalánasjóða með fullri verðtryggingu. Teljast slík kaup hluti ráðstöfunarskyldu skv. 1. mgr. þessarar greinar, fari kaupin fram innan þeirra tímamarka, er um getur í 2. gr.

2. gr.

Lífeyrissjóðum er skylt að láta fjármálaráðuneytinu í té áætlun um ráðstöfunarfé sitt út árið í upphafi hvers árs og eigi síðar en 1. febrúar. Að lokinni athugun

ráðuneytisins á áætlun þessari skal í samráði við viðkomandi lífeyrissjóð gerð áætlun um heildarkaup sjóðanna á verðtryggðum skuldabréfum innan hvers ársfjórðungs sbr. ákvæði 4. gr. Lífeyrissjóðunum er skylt að fylgja hinni staðfestu áætlun nema til komi atvik er fallið geta undir ákvæði 6. gr. þessarar reglugerðar.

Áætlun um ráðstöfunarfé skal endurskoðað eigi síðar en 1. september ár hvert til þess að tryggja samræmi áætlunar og breytinga á ráðstöfunarfé.

3. gr.

Til ráðstöfunarfjár lífeyrissjóða teljast greidd iðgjöld og greidd aukaframlög, afborganir af lánum, greiddar vaxtatekjur, greiddar verðtryggingatekjur og greiðslur fyrir flutt réttindi til sjóðsins að frádregnum lífeyrisgreiðslum, endurgreiddum iðgjöldum, greiðslum vegna fluttra réttinda frá sjóðnum greiddum vöxtum svo og kostnaði við rekstur sjóðsins og öðrum útgreiðslum er ekki snerta fjárfestingu á vegum sjóðsins eða útlán.

4. gr.

Skuldabréf þau, sem fjárfestingalánasjóðirnir bjóða lífeyrissjóðunum til kaups, skulu verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu. Verðtrygging skuldabréfa þessara er háð því að skuldabréfin verði skráð á nafn kaupanda og eigi framseld án samþykkis skuldara. Til viðbótar hverri einstakri greiðslu vaxta og afborgana skal skuldari greiða á hverjum gjalddaga fulla verðbót á vaxta- og afborgunargreiðslu lánsins í réttu hlutfalli við breytingu á lánskjaravísitölu frá grunnvísitölu til gjalddaga. Eftirstöðvar höfuðstóls skuldarinnar breytast í réttu hlutfalli við breytingar sem hverju sinni verða á lánskjaravísitölu frá grunnvísitölu. Lækki lánskjaravísitalan niður fyrir þá vísitölu, er gilti á útgáfudegi skuldabréfsins, skulu greiðslur vaxta og afborgana fara fram á nafnverði. Miðað er við lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands, sbr. auglýsingu bankans 29. maí 1979 með síðari breytingum.

Kaup skuldabréfa þessara fara fram eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

5. gr.

Í því augnamiði að gera einfaldari í framkvæmd kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, Framkvæmdasjóðs Íslands, Byggingasjóðs ríkisins og annarra fjárfestingalánasjóða má hafa þann hátt á, að einstök kaup innan hvers árs fari fram með útgáfu bráðabirgðaskuldabréfa, er í árslok verði sameinuð í eitt fullnaðarskuldabréf, með veginni vísitölu bráðabirgðaskuldabréfanna, enda tilgreini slík bráðabirgðaskuldabréf þá almennu skilmála, er gilda skulu um hið endanlega lán.

6. gr.

Um skil lífeyrissjóða á ársreikningum til fjármálaráðuneytisins fer skv. ákvæðum reglugerðar nr. 75/1974. Umsjónaraðilum fjármálaráðuneytisins með starfsemi lífeyrissjóða ber að athuga ársreikningana til að sannreyna að ráðstöfun fjár lífeyrissjóðanna sé í samræmi við ákvæði laga og ákvæði reglugerða sjóðanna.

7. gr.

Stjórnir einstakra lífeyrissjóða geta við sérstakar fjárhagsástæður hlutaðeigandi lífeyrissjóðs óskað lækkunar á kaupskyldu verðbréfa skv. 1. gr. Til sérstakra fjárhagsástæðna telst vanhæfi lífeyrissjóðs til að veita umsækjanda, er á 5 ára aðild að sjóðnum, lán til íbúðarbyggingar er nemur 1.5 földum dagvinnulaunum skv. 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, eins og þau laun voru næstliðið ár, enda hafi sjóðfélaginn eigi áður notið sambærilegs láns úr lífeyrissjóði.

8. gr.

Reglugerð þessi er samin skv. 3. gr. laga nr. 82 frá 31. desember 1977, sbr. 3. gr. laga nr. 20 frá 21. maí 1979 um breyting á þeim lögum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 140 frá 21. mars 1978.

Fjármálaráðuneytið, 4. febrúar 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

8. febrúar 1980. Nr. 158.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um álagningu gatnagerðargjalda við byggðar götur í Seyðisfjarðarkaupstað nr. 486 11. nóvember 1975.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir skulu vera þeir sömu og vextir Byggðasjóðs á hverjum tíma en falli niður af síðustu afborgun ef fullnaðarfrágangi götu er ekki lokið á gjalddaga.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

13. febrúar 1980. Nr. 159.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akraness nr. 402 25. sept. 1979, með síðari breytingum.

Tafla I í gjaldskránni hljóði þannig:

Tafla I. Orku og aflaverð, fastagjöld, mæla og rofaleiga.

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr. Dag-greiðslur	Árs-greiðslur
	A-lýsing.			
A 1.	Með fastagjaldi	46.98	2.09/m²	763/m².
A 2.	Án fastagjalds	124.58		
	B-Heimilisnotkun o. fl.			
B 1.	Heimilisnotkun	35.37	8.31	3033/herb
B 2.	Mannvirkjagerð og Akraneshöfn	72.24		

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr. Dag-greiðslur	Árs-greiðslur
	C-Vélanotkun.			
C 1.	Með fastagjaldi	46.98	27.65/kW	10092/kW
C 2.	Með rofi 1.5 klst/dag	35.37		
C 3.	Stórnotkun (Afltaxti)	11.24	113.34	41369/kW
	D-Húshitun.			
D 1.	Án rofs	25.72		
D 2.	Rof 1.5 klst. á dag	14.36		
D 3.	Rof 2.5 klst. á dag	13.31		
D 4.	Rof 4.5 klst. á dag	10.66		
D 5.	Rof 14.5 klst. á dag	7.53		
D 6.	Sumarhitun með rofi 3 klst. á dag ..	8.69		
	E-Annað.			
E 1.	Sérsamningar			
E 2.	Gatna og hafnarlýsing			
E 3.	Lokun og enduropnun veitu		6 000	
	Mæla- og rofaleiga.			
10	Einfasa		6.33	2 310
11	Einfasa með rofa		34.81	12 706
20	Þrífasa		25.37	9 260
21	Þrífasa með rofa		53.79	19 633
24	Þrífasa með tveim rofum		66.45	24 254
30	Þrífasa með aflmæli		41.12	15 009

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 15. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 13. febrúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Margrét Traustadóttir.

Nr. 160. 6. febrúar 1980.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis.

I Raforka.

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

Lýsing.

11. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 148.50 á kWst.

1.2 Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 44.50 á kWst.

	Fastagjald af gólffleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja:		
	Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	kr.	750.00 á m^2 á ári
	Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	282.00 á m^2 á ári
1.3	Til götulýsingar um kWst.-mæli:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	44.50 á kWst.
1.4	Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	74.20 á kWst.
	2. Almenn heimilisnotkun o. fl.		
2.1	Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	33.70 á kWst.
	Fastagjald af hverju herbergi	—	3 024.00 á ári
	Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús, Herbergi 5m^2 eða minna reiknast hálft, en 25 m^2 eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m^2 má reikna með þeirri meðalstærð.		
2.2	Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum og öðrum slíkum stöðum, ennfremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kWst.-mæli:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	33.70 á kWst.
	3. Vélanotkun o. fl.		
3.	Um kWst.-mæli:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	74.20 á kWst.
	Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2, en þriðjungi lægra.		
3.2	Um afl og orkumæla:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	11.65 á kWst.
	Aflgjald, lágmark 2 kW	—	116 550.00 á ári
	Aflgjald, umfram 2 kW	—	38 850.00 á kW á ári
	Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.		
	Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2 og lágmarksaflgjald af 20 kW.		
3.3	Ef þannig eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:		
	Mælisleiga samkvæmt kafla II.		
	Orkugjald	—	11.65 á kWst.

	Aflgjald, lágmark 2 kW	kr.	100 590.00 á ári
	Aflgjald, af uppsettum kW í málraun véla, umfram 2 kW	—	30 870.00 á kW. á ári
	Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum hjá notendum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.		
4.1	Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag. Um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	27.50 á kWst.
4.2	Til húshitunar, roftími 2x1½ klst. á dag. Um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	12.00 á kWst.
4.3	Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til. Um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	7.30 á kWst.
4.4	Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. að degi til. Um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	13.50 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 18.00 klst. notkun á hvert kW. uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða mælaleigu sem hér segir:

1.	Af einfasa kWst.-mælum 40 A og minni	kr.	2 412 á ári
2.	Af þrífasa kWst.-mælum 50 A og minni	kr.	5 350 á ári
3.	Af þrífasa kWst.-mælum yfir 50 og til 100 A	kr.	6 080 á ári

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt samkv. eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun		Heimtaugargjöld kr.	Yfirlengdargjald Jarðstrengur kr./m	Yfirlengdargjald Loftlína kr./stólpa
63 A	1-fasa	179 400	5 870	61 530
63 A	3-fasa	194 070	5 870	76 180
100 A	3-fasa	230 840	6 610	97 960
200 A	3-fasa	367 830	8 900	
315 A	3-fasa	775 490	12 410	
300 KVA	3-fasa	1 085 670	Samkv. kostn.	
500 KVA	3-fasa	1 798 850	—	
800 KVA	3-fasa	2 879 440	—	

Yfirlengdargjald miðast við, jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum eða næsta útitengiskáp að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Í nýjum byggingarhverfum er rafveitunni heimilt að jafna yfirlengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt sem hér segir:

63 A 1-fasa ..... kr. 39 500 63 A 3-fasa ..... kr. 53 540

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt kostnaði.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn um heimtaug.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 19 900 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrri helmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 900.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald kr. 2 900 til rafveitunnar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og örkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. febrúar 1980, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 87/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 394, 20. september 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 6. febrúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐUR.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði, sem hér segir.

1.1	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	113.60 á kWst.
1.2	Fast gjald	—	F1+F2
	Orkugjald	—	53.00 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa.

2.1	Fast gjald	kr.	F1+F3
	Orkugjald	—	34.00 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1	Fast gjald	kr.	F1+F2
	Orkugjald	—	65.00 á kWst.
	Lágmarksgjald	—	18×F1 á ári
3.2	Aflgjald lágmark 3 kW	—	145 683.00 á ári
	Aflgjald frá 3—5 kW	—	47 609.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1+F3
	Orkugjald	—	16.00 á kWst.
3.3	Aflgjald umfram 5 kW	—	40 394.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1+F3
	Orkugjald	—	13.00 á kWst.
3.4	Til súgþurrkunar		
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	16.00 á kWst.

4. Húsahitun.

4.1.	Fast gjald	kr.	F1+F4
	Orkugjald	—	26.10 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag		
4.2	Fast gjald	—	F1+F4
	Orkugjald	—	11.15 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.3	Fast gjald	—	F1+F4
	Orkugjald	—	5.85 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. á dag.		

5. Utanhússlýsing.

5.1	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	34.00 á kWst.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

Föst gjöld.

F1.		kr.	798.00 á mán.
F2.	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	25.00 á m^2 á mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	14.00 á m^2 á mán.
F3.		—	252.00 á gj.ein. á mán.

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslu.
Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálft, 25 m² eða stærra tvö.
b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús o. þ. h. 20 m² mælt innan útveggja.
c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h., 30 m² fyrir vinnslurúm, 40 m² fyrir geymslurúm.
d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m² eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m² ein gjaldeining.

F4. Hvert uppsett kW ..... kr. 3 400.00 á kW á ári.

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
b) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðul undir 0.8.

II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 6 800.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 3 600.00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug	kr.	1 360.00
Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að	—	1 000 000.00

5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3x70q og skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 401 25. september 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 162. 3. mars 1980.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Borgarness nr. 232, 16. maí 1979 með síðari breytingum.

Frá og með 16. mars 1980 er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 33.00 kr.
Verðákvæði 1. kafla. Rafmagnssala verði þannig:
Rafveita Borgarness selur rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. ORKU- OG AFLTAXTAR

		g		kr.
A1	Um mestaflmæli eða markaflmæli:			
A11	Orkuverð, kWst. á	0.3	=	9.90
A12	Aflverð árs-kW á	1600.0	=	52 800.00
A13	Árgjald = grunngjald + mæligjald	2800.0	=	92 400.00

B. ORKUTAXTAR

B1	Um kWst.-mæli:			
B11	Orkuverð kWst á	1.0	=	33.00
B12	Árgjald = grunngjald 600 g/kW, sbr. E-lið	600.0	=	19 800.00
—	Árgjald = mæligjald, 3-fasa mælir, á	600.0	=	19 800.00
—	Árgjald = mæligjald, 1-fasa mælir, á	300.0	=	9 900.00
	Lágmark fyrir B1: 5000 g/ári, sbr. E-lið, þar af B12 minnst 1500 g/ári.			
B2	Um kWst.-mæli:			
B21	Orkuverð, allt að 1200 kWst/ári, kWst. á ..	3.0	=	99.00
	Orkuverð, umfram 1200 kWst/ári, kWst. á ..	2.0	=	66.00
B22	Árgjald = mæligjald, 3-fasa mælir, á	600.0	=	19 800.00
	Árgjald = mæligjald, 1-fasa mælir, á	300.0	=	9 900.00

C. TÍMATAXTAR

C1	Um kWst.-mæli til hitunar:			
C11	Án rofs kWst. á	0.61	=	20.10
C12	Allt að 1½ klst. rof á sólarhring kWst. á ..	0.34	=	11.20
C13	Allt að 2½ klst. rof á sólarhring kWst. á ..	0.32	=	10.55
C14	Allt að 4½ klst. rof á sólarhring kWst. ..	0.26	=	8.55
C15	Allt að 14½ klst. rof á sólarhring kWst. á ..	0.18	=	5.94

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. E-lið.

Taxtar C1 eru án söluskatts og verðjöfnunargjalds sem innheimtist ekki af rafmagni til húshitunar.

Aðrir tímataxtar er til greina kunna að koma, falla undir D-lið.

Verðákvæði 2. kafla. Tengigjöld verða þannig:

1	2		3	4	
	Málstraumur stofnvara í		Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis	Tengigjald skv. jöfnu $g = 3600 + 130 \times kVA$	Tengigjald kr.
Gjaldskrárliður	220 V kerfi A	380 V kerfi A	kVA	Gjaldstig g	
T1	2x 60	1x 60	0.22x 60 = 13	5 360	176 880
T2	3x 60		0.38x 60 = 22	6 570	216 810
T3	3x100	3x 60	0.38x100 = 38	8 730	288 090
T4		3x100	0.66x100 = 66	12 510	412 830
T5	3x200		0.38x200 = 76	13 860	457 380
T6	3x350	3x200	0.66x200 = 132	21 420	706 860
T7		3x350	0.66x350 = 231	34 780	1 147 740
T8			300	44 100	1 455 300
T9			500	71 100	2 346 300
T10			800	111 600	3 682 800

Önnur gjöld skv. gjaldskránni breytast í samræmi við framangreint verð á gjaldstigi.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með skv. Vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til þess að öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 3. mars 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

7. mars 1980. Nr. 163.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Taxti A—1.	Orka til almennrar lýsingar ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	kr.	88.90 á kWst.
A—2.	Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kW)	—	118 914.00 árskW
Taxti B—1.	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana	kr.	40.60 á kWst.
	Lágmarksgjald ..... Leiga af mælum ekki tekin.	—	607.00 á mán.
Taxti C—1.	Orka til véla og mannvirkjagerða ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	kr.	88.90 á kWst.
C—2.	Orka samkv. 15 mín. meðalaflsmælingu ..	—	13.26 á kWst.
	+ aflgjald (lágmark 20 kW) ..... Mælaleiga samkv. kafla II. Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málraun véla.	—	53 755.00 árskW

Taxti D—1.	Hitun: Orka til húshitunar, roftími 2x1.5 klst. á dag án söluskatts ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	kr.	9.60 á kWst.
D—2.	Önnur hitanotkun, roftími 2x1.5 klst. á dag ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	—	13.54 á kWst.
D—3.	Orka til næturhitunar, eða hliðstæðra nota, roftími allt að 13 klst. á sólarhring .... Mælaleiga samkv. kafla II.	—	10.49 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6 000 kWst.
Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. reglum, sem gilda um mæla.
c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 30 amp. og minna	kr.	202.00 á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minna	—	340.00 á mán.
3.	Af þrífasa mælum 50—100 amp.	—	474.00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Jarðstrengur Yfirlengd kr./m
63 A 1-fasa	203 681.00	6 533.00
63 A 3-fasa	241 687.00	6 533.00
100 A 3-fasa	314 486.00	8 923.00
125 A 3-fasa	393 675.00	9 973.00
200 A 3-fasa	615 227.00	13 531.00
300 A 3-fasa	888 739.00	24 488.00

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðist skv. kostnaði.
Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafveitunni að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 724.00.
2. Ef fundin er við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 2 724.00 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

Söluskattur 22% auk 19% verðjöfnunargjalds, til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 41%, er talin með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema á taxta D—1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1980, sbr. auglýsingu nr. 87/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 7. mars 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

1. Lýsing.

1.1	Orka til almennrar lýsingar	kr.	89.09 á kWst.

2. Heimilisnotkun.

2.1	Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana	kr.	40.60 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1	Orka til véla og mannvirkjagerðar	kr.	89.09 á kWst.
3.2	Orka samkv. 15 mínútna meðalaflsmælingu, lágmark 20 kW	—	14.32 á kWst.
	aflgjald með lýsingu	—	59 214.00 á kWst.
3.3.	Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:		
	Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun	—	45.98 hverja kWst.
	Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun	—	30.60 hverja kWst.
	Fyrir umfr. 100 000 kWst. ársnotkun	—	28.10 hverja kWst.

4. Hitun.

4.1	Orka til húshitunar, roftími 2x1.5 klst. á dag	kr.	15.37 á kWst.
4.2	Orka til hitunar í iðnaði, roftími 2x1.5 klst. á dag	—	21.67 á kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafv.stjóra.
b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitunina sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar.
c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

	Heimtaugargjald Kr.	Yfirlengdargjald Kr./m
63 A 1 fasa	170 600	9 945
63 A 3 fasa	184 060	9 945
100 A 3 fasa	230 000	11 155
125 A 3 fasa	283 800	12 535
200 A 3 fasa	357 650	17 020
300 A 3 fasa	646 300	20 010

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld greiði aðeins hálft heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 000.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 2 000 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR

Söluskattur 22% og verðjöfnunargjald 19%, samtals 41% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4. sem er sala raforku til upphitunar.

Gjadskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1980, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 87/1980 um hækkun smásöluverðs raforku. Taxtar í kafla 4 hitun öðlast þó eigi gildi fyrr en frá og með 16. mars 1980. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 7. mars 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

6. mars 1980. Nr. 165.

REGLUGERÐ

um takmörkun á skyldu til fyrirframgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1980.

1. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fyrirfram árið 1980 skv. ákvæðum laga nr. 1/1980.

Umsókn um slíka lækkun skal send skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

2. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema að rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli áranna 1978 og 1979 að tekjuskattstofn á tekjuárinu 1979 sé meira en 25% lægri en skattgjaldstekjur hans voru á tekju-

árinu 1978, eftir að þær síðarnefndu hafa verið hækkaðar um 45%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Við ákvörðun um takmörkun á fyrirframgreiðsluskyldu hjóna sem samsköttuð voru á árinu 1979 skal taka mið af samanlögðum tekjuskattstofni þeirra tekjuárið 1979.

3. gr.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun fyrirframgreiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd reglugerðar þessarar.

4. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaðan einnig tilkynnt innheimtuaðila.

5. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar skulu eftir því sem við getur átt einnig gilda um lækkun á fyrirframgreiðslu gjalda til sveitarsjóðs í þeim umdæmum þar sem innheimta er sameiginleg.

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkv. heimild í 5. gr. laga nr. 1/1980 öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. mars 1980.

Ragnar Arnalds.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 166. 29. febrúar 1980.

REGLUGERÐ

um innheimtu til Búnaðarmálasjóðs.

1. gr.

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins sem hér segir:

a) Mjólk og smjöri sem bændur selja mjólkurbúum, verslunum eða beint til neytenda.
b) Kindakjöti, svo og slátri og kindainnyflum hverskonar sem framleiðendur leggja inn í sláturhús sem viðurkennd eru, samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966, og aðra slátrunarstaði sem samþykttir eru af Framleiðsluráði.
c) Hrossa- og nautgripakjöti og húðum sem framleiðendur leggja inn í sláturhús sem viðurkennd eru samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966, og aðra slátrunarstaði sem samþykktir eru af Framleiðsluráði.
d) Grænmeti og gróðurhúsaframleiðslu hverskonar, sem seld eru verslunum sölumiðstöðvum eða öðrum aðilum.
e) Garðávöxtum, er framleiðandi hefur lagt inn í verslun eða látið til sölumiðstöðvar eða annarra aðila.
f) Eggjum sem seld hafa verið verslunum, sölumiðstöðvum eða öðrum aðilum svo og af seldu fuglakjöti.
g) Líffé, sem selt er vegna fjárskipta, svo og sölu lifandi hrossa og nautgripa sem verslanir, sölumiðstöðvar eða aðrir söluaðilar versla með.

h) Gærum og ull, sem seld er í verslanir eða verksmiðjur.
i) Grávöru hverskonar, sem framleiðendur selja verslunum eða verksmiðjum, innanlands eða utan.
j) Svínakjöti, sem framleiðendur selja verslunum, sláturhúsum eða öðrum aðilum.
k) Æðardúni, sem seldur er verslunum, hvort sem hann er seldur innanlands eða til útflutnings.
l) Skírum veiðitekjum, (veiðileiga að frádregnum kostnaði, af útleigðri lax- og silungsveiði) svo og af laxi og silungi sem veiddur er í net og seldur er verslunum eða öðrum aðilum.

2. gr.

Gjald það sem um ræðir í 1. gr., skal vera 0.5% af verði því sem framleiðendum er greitt fyrir vöruna hverju sinni og rennur það í Búnaðarmálasjóð.

3. gr.

Mjólkurbú, sláturhús, verslanir og aðrar sölumiðstöðvar svo og hótel, veitingastaðir og önnur fyrirtæki sem veita vörum móttöku frá framleiðendum greiða gjald það sem um ræðir í 1. og 2. grein, enda dragist það frá andvirði vörunnar, þegar það er endanlega greitt framleiðendum og má aldrei hækka söluverð varanna fyrir gjaldi þessu. Nú tekur sláturhús gripi til slátrunar sem framleiðandinn tekur aftur sjálfur til eigin neyslu eða sölu, ber sláturhúseiganda þá að innheimta hið lögboðna gjald af hinum slátraða grip og standa skil á því til innheimtumanna. Gildir þetta ákvæði um allar tegundir sláturgripa, sauðfé, hross, nautgripi, fugla og svín.

Þar sem innheimtu verður ekki komið við hjá sölusamtökum framleiðenda, er heimilt að krefja gjaldið hjá framleiðendum eða bönkum, ef um sölu til erlendra aðila er að ræða, eftir því sem eðlilegast þykir, að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda skulu gefa ábendingu um gjaldskyldu aðila.

4. gr.

Innheimtunni skal þannig hagað, að verslanir og sölumiðstöðvar eða aðrir, sem kaupa eða taka til sölu af framleiðendum gjaldskyldar vörur, skulu senda Framleiðsluráði landbúnaðarins ár hvert nákvæma skrá yfir magn vörunnar og verð hennar til framleiðenda, hvort tveggja fyrir næsta almanaksár á undan. Skránni skal fylgja hið lögboðna Búnaðarmálasjóðsgjald, 0.5% af verði því sem framleiðendum er endanlega greitt fyrir vöruna, og skal hvort tveggja hafa borist Framleiðsluráði fyrir þann tíma, er hér segir:

Fyrir mjólk og smjör, grænmeti, gróðurhúsaframleiðslu, grávöru, garðávexti, egg, líffé, fuglakjöt, svínakjöt, lax og æðardún, eigi síðar en 1. júní ár hvert. Fyrir aðrar afurðir, svo sem sauðfjárafurðir, nautgripa- og hrossakjöt og húðir, eigi síðar en 31. desember ár hvert. Að öðru leyti fer um gjaldheimtuna og skýrsluskil eftir þeim reglum, er Framleiðsluráð setur og er gjaldskyldum aðilum skylt að hlíta þeim.

5. gr.

Skili greiðsluskyldur aðili, sbr. 3. gr., eigi framtali til Framleiðsluráðs á réttum tíma, getur það áætlað gjaldið. Þyki greiðanda áætlunin ósanngjörn, skal hann, innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar um áætlunina, leggja fram fullnægjandi sannanir fyrir því að áætlunin sé of há og skulu umkvartanir greiðanda þá teknar til greina.

Framleiðendum búvara sem selja beint til notenda, er skylt að gera grein fyrir söluvörum sínum til Framleiðsluráðs.

6. gr.

Heimilt er, ef ástæða þykir til, að innheimta hið lögboðna gjald af bókfærðu áætlunarverði verslana eða sölumiðstöðva og greiðist þá síðar gjald af eftirstöðvum verðsins, þegar endanlegt verð til framleiðenda liggur fyrir.

Nú er framtalsskýrsla ófullkomin eða tortryggileg eða sýnilega gerð til málamynda og er Framleiðsluráði þá heimilt að áætla gjaldið eins og að framan segir. Framleiðsluráð skal og, ef ástæða þykir til, sækja hlutaðeigendur til ábyrgðar fyrir vanrækslu á að skila skýrslum og gjöldum svo og fyrir ágalla á framtalsskýrslum. Dráttarvextir skulu teknir ef greiðsla gjalda dregst lengur en tvo mánuði fram yfir gjalddaga.

7. gr.

Jafnhliða þessu skal Framleiðsluráð innheimta á sama hátt af söluvörum landbúnaðarins sbr. 1. gr. 0.35% er rennur til Bjargráðasjóðs Íslands sbr. 1. gr. laga nr. 110/1976 um Bjargráðasjóð.

8. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi innheimtu þeirra gjalda, er reglugerð þessi fjallar um. Skal því jafnan heimilt að athuga bókhald greiðsluskyldra aðila, vegna gjalda þessara, eftir því sem það telur þörf á.

Framleiðsluráð skiptir innheimtum gjöldum skv. reglugerð þessari eigi sjaldnar en ársfjórðungslega á eftirfarandi hátt. Til Búnaðarfélags Íslands 29.41%, til Stéttarsambands bænda 29.41% og til Bjargráðasjóðs Íslands 41.18%. Áður en skipting fer fram, skal draga frá innheimtum gjöldum kostnað við innheimtu og endurskoðun.

Þeim hluta sem Búnaðarfélag Íslands veitir móttöku, skiptir það milli búnaðarsambandanna með hliðsjón af gjaldskyldu framleiðsluverðmæti á hverju búnaðarsambandssvæði.

9. gr.

Reikninga sjóðsins skal birta árlega í Búnaðarritinu, endurskoðað af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

11. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 38 frá 15. febrúar 1945 um stofnun Búnaðarmálasjóðs með áorðnum breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 199 28. nóv. 1945 með síðari breytingum á henni.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. febrúar 1980.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

REGLUGERÐ

um gjald af nýreistum húsum til greiðslu skipulagsgjalds.

1. gr.

Af hverri nýbyggingu, sem reist er skal greiða 3‰ í eitt sinn af brunabótavirðing hverrar húseignar.

2. gr.

Nýbygging samkvæmt 1. gr. telst hvert nýreist hús sem virt er til brunabóta, svo og viðbyggingar við eldri hús, ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur ⅕ verðs eldra hússins.

3. gr.

Gjaldið skal greiða til lögreglustjóranna í því lögsagnarumdæmi, sem húsið er í, en í Reykjavík til tollstjóra. Það fellur í gjalddaga þegar brunabótavirðing fer fram og má taka það lögtaki.

Gera skal skil fyrir gjaldinu til ríkisféhirðis með skilgrein sem öðrum ríkissjóðstekjum.

4. gr.

Brunabótafélög og umboðsmenn þeirra skulu skriflega tilkynna innheimtumanni fjárhæð brunabótavirðingar nýreists húss, þegar eftir að virðing hefur farið fram, og skulu þau veita honum greiðan aðgang að skjölum sínum og bókum um brunabótavirðingu nýreistra húsa.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 35. gr. í skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 og kemur í stað reglugerðar nr. 42 25. febrúar 1966 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. mars 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

27. febrúar 1980. Nr. 168.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld á Selfossi.

I. KAFLI

Gatnagerðargjöld A.

Þátttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögnum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum á Selfossi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu allt að 650 m^3	5%
Sama rými umfram 650 m^3	7%
Raðhús og tvíbýlishús	2.5%
Fjölbýlishús	1.5%
Iðnaðarhús í skálabyggingu á einni hæð stærra en 2000 m^3	1.75%
+ kr. 235 pr. m^2 lóðar	
Sama stærð undir 2000 m^3	2%
+ kr. 235 pr. m^2 lóðar	
Verslunar- og skrifstofuhús	5%
Opinberar byggingar	5%
Annað húsnæði	4%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Næsta hæð undir þaki skal aldrei teljast minni að rúmmáli en flatarmál hennar margfaldað með 3.30.

Bílgeymslur og önnur útihús skal telja með við útreikning á rúmmáli húsa.

Af gluggalausu kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er, að mati byggingarnefndar, að grafa út grunn en fylla hann upp, skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í húsrýmið innan frá.

3. gr.

Ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðarhús til þess að byggja nýtt á sömu lóð skal lækka gjald skv. 2. gr. vegna nýja hússins, um þá upphæð, sem svarar til rúmmáls hússins, sem rifið var. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en nemur greiðslu skv. 2. gr.

4. gr.

Gjald samkv. 2. gr. skal reikna miðað við byggingarkostnað vísitöluhússins þann dag, sem teikning er samþykkt í byggingarnefnd. Sé um blandaða notkun húsnæðis að ræða skal reikna gjaldið eftir viðkomandi liðum.

Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk skal greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytingu.

5. gr.

Gjald skal áætla, þegar lóðarúthlutun fer fram og skal greiða 50% þess innan eins mánaðar frá úthlutun. Eftirstöðvar falla í gjalddaga, þegar byggingarleyfi er veitt og skal greiða það eigi síðar en innan eins mánaðar frá gjalddaga.

Þegar byggt er á eignarlóð, áður veittri lóð eða eldra hús er stækkað, skal greiða allt gjaldið þegar byggingarleyfið er veitt.

Bæjarráði er heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar greinar og veita greiðslufrest, ef um er að ræða umfangsmiklar byggingarframkvæmdir eins aðila.

6. gr.

Sé gatnagerðargjald ekki greitt í samræmi við ákvæði 5. gr. fellur lóðarúthlutun sjálfkrafa úr gildi og getur bæjarráð þá úthlutað lóðinni á ný.

7. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi, þ. e. sömu krónutölu og hann hafði greitt. Heimilt er bæjarráði að fresta endurgreiðslu uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó ekki lengur en 12 mánuði frá því að lóðinni er skilað. Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum. Sé heimild til að fresta endurgreiðslu notuð skal bæjarsjóður greiða lóðarhafa almenna innlánsvexti af innistæðu hans frá því lóðinni var skilað eða hún af honum tekin.

8. gr.

Verði breyting á byggingarkostnaði vísitöluhússins á þeim tíma, sem líður frá því 50% greiðslan skv. 5. gr. er innt af hendi og til þess dags, sem teikning er samþykkt skal umreikna þá greiðslu í sama hlutfalli og breyting á byggingarkostnaði hefur orðið. Umreikningur þessi skal þó aldrei valda meiri breytingu en svarar til breytingar á byggingarkostnaði vísitöluhússins innan þess tímafrests, sem úthlutunarskilmálar veita til þess að leggja fram teikningar til samþykkta í byggingarnefnd.

Falli byggingarleyfi úr gildi og verði endurnýjað síðar skal reikna gjaldið að nýju en áður greitt gjald kemur til frádráttar þ. e. sama krónutala og greidd hafði verið.

II. KAFLI

Gatnagerðargjöld B.

Þátttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera gangstétt og bundið slitlag á götu.

9. gr.

Af öllum húsum, nýbyggingum og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóð á Selfossi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs skv. gjaldskrá þessari.

10. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	1.5%
Raðhús og tvíbýlishús	1.15%
Fjölbýlishús	0.75%
Atvinnuhúsnæði	1.5%
Opinberar byggingar	1.5%

Rúmmál húss reiknast með sama hætti og skv. 2. gr.

11. gr.

Gatnagerðargjald skv. 10. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma, sem lokaframkvæmdir við lagningu bundins slitlags fer fram. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miðað við byggingarkostnað, þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd.

Gatnagerðargjald skv. 10. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafla, öðrum en lagningu gangstétta, er lokið eða einum mánuði eftir samþykkt teikningar, ef um hús við fullgerða götu er að ræða.

Heimilt er þó gjaldanda að greiða 66% gjaldsins með þremur jöfnum greiðslum 1. júlí ár hvert næstu 3 ár á eftir, enda séu þá greiddir sömu vextir og af lánum Byggðasjóðs á hverjum tíma.

Heimilt er gjaldanda að halda eftir 10% gjaldsins uns gangstétt hefur verið lögð við hús hans.

Heimilt er bæjarráði að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af eigendum fasteigna, sem náð hafa 67 ára aldri, og þeim, sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði fasteign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi, seld, skal bæjarráði heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram, með áorðnum vísitölubreytingum, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

12. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár hennar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Selfosskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 44 13. febrúar 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 27. febrúar 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1980

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Strandagrunni.

1. gr.

Allar veiðar með botn- og flotvörpu eru bannaðar á svæði, sem markast af línum dregnum milli eftirgreindra punkta:

a) 66°59'0 N, 22°45'0 V
b) 67°02'4 N, 21°47'0 V
c) 66°50'0 N, 21°36'0 V
d) 66°46'0 N, 22°31'0 V

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. mars 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Jón B. Jónasson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins fyrir fyrri helming árs 1980 hafa verið ákveðin sem hér segir:

Afnotagjald hljóðvarpstækja	kr. 8 600
Afnotagjald svart/hvítra sjónvarpstækja	— 17 700
Afnotagjald litsjónvarpstækja	— 24 400

Menntamálaráðuneytið, 17. mars 1980.

Ingvar Gíslason.

Knútur Hallsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1980

11. mars 1980. 251 Nr. 171.

AUGLÝSING

um innflutning með greiðslufresti og aðrar erlendar lántökur.

Í samræmi við 19. gr. reglugerðar um gjaldeyris- og viðskiptamál nr. 519 1979, hefur viðskiptaráðuneytið í samráði við Seðlabanka Íslands sett eftirfarandi reglur um erlendan greiðslufrest:

1. Heimilt er að flytja inn eftirtaldar vörur með allt að þriggja mánaða greiðslufresti:

Tollskrárnr.	Vörutegund
01.06.21	Loðdýr.
03.01.21	Síld, fryst
03.03.01	Beita.
05.02.00	Hár og burstir.
05.03.00	Hrosshár.
05.04.00	Innyfli.
06.01.00	Blómlaukar.
07.05.00	Matbaunir (gular og grænar) í umbúðum meira en 5 kg.
08.11.00	Ávextir til iðnaðarframleiðslu (pulp).
09.01.10	Kaffibaunir.
10.01.10	Hveiti ómalað (Durum hveiti).
10.01.20	Annað.
10.02.00	Rúgur, ómalaður.
10.03.00	Bygg, ómalað.
10.04.00	Hafrar, ómalaðir.
10.05.00	Maís, ómalaður.
10.06.11	Ris með ytra hýði, í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
10.06.19	Ris með ytra hýði, í öðrum umbúðum.
10.06.21	Ris án ytra hýðis í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
10.06.29	Ris án ytra hýðis í öðrum umbúðum.
10.06.31	Ris, hálf- eða fullmalaður, póleraður eða gljáhúðaður, í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
10.06.39	Ris, hálf- eða fullmalaður, póleraður eða gljáhúðaður, í öðrum umbúðum.
10.06.41	Brotris, í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
10.06.49	Brotris, í öðrum umbúðum.
10.07.10	Hirsi.
10.07.20	Dúrra.
10.07.30	Bókhveiti og annað.
11.01.11	Hveitimjöl í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
11.01.12	Hveitimjöl í öðrum umbúðum.
11.01.21	Byggmjöl.
11.01.22	Maísmjöl.
11.01.23	Rísmjöl í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
11.01.24	Rísmjöl í öðrum umbúðum.
11.01.25	Rúgmjöl í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
11.01.26	Rúgmjöl í öðrum umbúðum.
11.01.29	Annað mjöl úr korni.
11.02.10	Hveitigrjón.
11.02.21	Maís, kurlaður.
11.02.29	Önnur grjón úr korni.
11.02.31	Hafragrjón í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
11.02.32	Hafragrjón í öðrum umbúðum.
11.02.39	Annað unnið korn.
11.04.00	Mjöl úr belgávöxtum, sem teljast til nr. 7.05 eða úr ávöxtum, sem teljast til einhvers númers í 8.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Tollskrárnr.	Vörutegund
	kafla; mjöl og grjón úr sagó og rótum og rótarhnýðum, sem teljast til nr. 7.06.
11.05.01	Mjöl, grjón og flögur úr kartöflum í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
11.05.09	Mjöl, grjón og flögur úr kartöflum í öðrum umbúðum.
11.07.00	Malt, óbrennt eða brennt.
11.08.01	Kartöflusterkja í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
11.08.02	Kartöflusterkja í öðrum umbúðum.
11.08.03	Önnur sterkja og inúlín í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
11.08.09	Önnur sterkja og inúlín í öðrum umbúðum.
11.09.00	Hveitiglúten, einnig þurrkað.
12.01.10	Jarðhnetur.
12.01.20	Kopra.
12.01.30	Pálmahnetur og kjarnar.
12.01.40	Sojabaunir.
12.01.50	Línfræ.
12.01.60	Baðmullarfræ.
12.01.70	Rísinusfræ.
12.01.80	Sólrósafræ.
12.01.90	Sesamumfræ.
12.01.95	Rapsfræ eða colzafræ.
12.01.99	Annað.
12.02.00	Mjöl, ófitusneytt.
12.03.01	Grasfræ í 10 kg umbúðum og stærri.
12.03.09	Önnur fræ, aldin og sporar til sáningar.
12.06.00	Humall og humalmjöl.
12.07.00	Plöntur og plöntuhlutar.
úr 12.08.00	Síkoríurætur.
13.02.01	Gúmmí arabikum.
13.02.09	Annað jurtalakk o. þ. h.
13.03.01	Pektín.
13.03.02	Lakkrísextrakt, í 4 kg blokkum eða stærri og fljótandi í 3 l ílátum eða stærri.
13.03.03	Lakkrísextrakt, annar.
13.03.09	Aðrir jurtasafar og extraktar.
14.01.00	Jurtaefni, aðallega til körfugerðar.
14.02.00	Jurtaefni, aðallega til bólstrunar.
14.03.00	Jurtaefni, aðallega til burstagerðar.
14.05.00	Önnur efni úr jurtaríkinu, ót. a.
15.04.10	Olía úr fisklifur.
15.04.20	Önnur feiti og olía unnin úr fiski.
15.04.30	Olía og feiti unnin úr sjávarspendýrum.
15.05.00	Ullarfeiti.
15.06.00	Önnur feiti og olía úr dýraríkinu.
15.07.10	Sojabaunaolía.
15.07.20	Baðmullarfræsolía.
15.07.30	Jarðhnetuolía.
15.07.40	Olívuolía.
15.07.50	Sólrósarolía.
15.07.55	Rapsolía o. fl.
15.07.60	Línolía.
15.07.65	Pálmaolía.
15.07.70	Kókosolía.
15.07.75	Pálmakjarnaolía.
15.07.80	Rísínusolía.
15.07.85	Sesamumolía.
15.07.90	Önnur feiti og feit olía úr jurtaríkinu.
15.08.01	Línolía.
15.08.09	Önnur olía úr jurta- og dýraríkinu.
15.10.11	Sterín.
15.10.19	Aðrar feitisýrur o. þ. h.
15.10.20	Feitialkóhól.
15.11.00	Glyseról.
15.12.01	Sojabaunaolía.
15.12.02	Baðmullarfræsolía.
15.12.03	Aðrar olíur úr jurtaríkinu.
15.12.09	Olíur úr dýraríkinu.
15.15.00	Hvalraf; býflugnavax og annað skordýravax.
15.16.00	Vax úr jurtaríkinu.
15.17.00	Degras; leifar frá hreinsun á feiti o. þ. h.
17.01.10	Óhreinsaður sykur.
17.01.21	Molasykur í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
17.01.22	Molasykur í öðrum umbúðum.
17.01.23	Strásykur í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.

Tollskrárnr.	Vörutegund
17.01.24	Strásykur í öðrum umbúðum.
17.01.25	Púðursykur.
17.01.26	Sallasykur (flórsykur).
17.01.27	Steinsykur (kandís).
17.01.29	Annar hreinsaður sykur.
17.02.01	Drúfusykur (glúkosi).
17.02.02	Hunangslíki.
17.02.03	Síróp.
17.02.04	Litarefni til matvælaframleiðslu.
17.02.09	Annar sykur.
17.03.01	Melassi til fóðurs.
17.03.02	Melassi með bragð- og litarefnum.
17.03.09	Annar melassi.
17.04.02	Möndlumassi og persipan í 5 kg blokkum og stærri.
18.01.00	Kakaóbaunir.
18.02.00	Kakaóhýði og úrgangur.
18.03.00	Kakaódeig.
18.04.00	Kakaósmjör.
18.05.01	Kakaóduft ósykrað, í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
18.05.09	Annað.
19.02.02	Maltextrakt.
19.04.01	Tapiókagrjón og sagógrjón í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
19.04.09	Tapiókagrjón og sagógrjón í öðrum umbúðum.
20.07.11	Appelsínusafi í 50 kg umbúðum og stærri.
21.06.01	Ger.
21.06.02	Bökunarduft.
21.07.01	Áfengislaus efni (konsentreraðir essenar) til framleiðslu á drykkjarvörum.
23.01.10	Mjöl og duft úr kjöti o. fl.
23.01.20	Mjöl og duft úr fiski o. þ. h.
23.02.10	Klíð úr maís eða rís.
23.02.20	Klíð úr öðru korni.
23.02.30	Klíð úr belgávöxtum.
23.03.00	Sykurmelassi.
23.04.10	Olíukökur úr sojabaunum.
23.04.20	Olíukökur úr jarðhnetum.
23.04.30	Olíukökur úr baðmullarfræi.
23.04.40	Olíukökur úr línfræi.
23.04.50	Olíukökur úr sólrósarfræi.
23.04.60	Olíukökur úr pálmahnetum eða kjörnum.
23.04.70	Olíukökur úr kókoshnetum (kopra).
23.04.80	Olíukökur úr rapsfræi eða colzafræi.
23.04.90	Aðrar.
23.05.00	Víndreggjar, óhreinsaður vínsteinn.
23.06.00	Jurtaefni hæf til skepnufóðurs, ót. a.
23.07.00	Blandað skepnufóður, fóðurblöndur.
25.01.02	Fóðursalt.
25.01.09	Annað salt en matarsalt.
25.02.00	Brennisteinskís.
25.03.00	Breinnisteinn.
25.04.00	Grafít.
25.05.00	Sandur.
25.06.00	Kvarts.
25.07.00	Leir.
25.08.00	Krít.
25.10.10	Ómulið kalsíum, o. þ. h. til áburðar og kalsíumalúmínfosföt.
25.10.20	Mulið kalsíum og kalsíumalúmínfosföt o. þ. h.
25.11.00	Bariumsúlfat o. fl.
25.12.01	Kísilgúr.
25.12.09	Önnur kísilsýrurík jarðefni.
25.13.01	Vikur.
25.13.09	Önnur náttúruleg slípiefni.
25.14.00	Flögusteinn.
25.15.00	Marmari o. fl.
25.16.00	Granít o. fl.
25.17.01	Asfalthúðaður mulningur, oliumöl o. fl.
25.17.09	Annar mulningur, tinna, fjörumöl o. þ. h.
25.18.00	Dólómít.
25.19.00	Magnesíumkarbónat o. fl.
25.20.11	Gips, óunnið, einnig malað.
25.20.19	Annað gips og anhýdrit.
25.20.20	Annað.
25.21.01	Kalkáburður.
25.21.09	Annar kalksteinn.
25.22.01	Kalk, leskjað.
25.22.09	Annað kalk.
25.26.00	Gljásteinn.
25.27.00	Steatít, talk.

Tollskrárnr.	Vörutegund
25.28.00	Kríólít, chiolít.
25.30.00	Bóröt, bórsýra.
25.31.00	Feldspat o. fl.
25.32.00	Jarðefni ót. a.
26.01.10	Brennisteinskís, brennt og mótað.
26.01.20	Járngrýti, ómótað.
26.01.25	Járngrýti, mótað.
26.01.30	Kopargrýti.
26.01.35	Nikkilgrýti.
26.01.40	Álgrýti.
26.01.45	Blýgrýti.
26.01.50	Zinkgrýti.
26.01.55	Tingrýti.
26.01.60	Mangangrýti.
26.01.65	Krómgrýti.
26.01.70	Wolframgrýti.
26.01.75	Molybden-, niob-, titan-, tantal-, vanadín- og zirkongrýti.
26.01.80	Úranium- og thóríumgrýti.
26.01.85	Annað málmgrýti ódýrra málma.
26.01.90	Málmgrýti góðmálma.
26.02.00	Gjall, sindur o. fl.
26.03.00	Aska.
26.04.00	Annað gjall, aska ót. a.
27.01.10	Gljákol (anthracite).
27.01.20	Önnur kol.
27.01.30	Töflur, kúlur og annað fast eldsneyti unnið úr kolum.
27.02.10	Brúnkol.
27.02.20	Brúnkolatöflur.
27.03.10	Mór.
27.03.20	Mótöflur.
27.04.10	Koks úr steinkolum; gaskoks.
27.04.20	Koks úr brúnkolum eða mó.
27.06.00	Koltjara, brúnkolatjara, mótjara og önnur jarðtjara.
27.07.10	Bensól.
27.07.20	Tóluól.
27.07.30	Xylól.
27.07.40	Aðrar olíur og önnur efni framleidd með eimingu úr háhitaðri koltjöru.
27.08.10	Jarðtjörubik.
27.08.20	Bikkoks.
27.09.00	Jarðolíur óhreinsaðar.
27.10.11	Flugvélabensín.
27.10.19	Annað bensín.
27.10.20	Bensínkennt þotueldsneyti.
27.10.31	Lakkbensín (White spirit).
27.10.39	Aðrar þunnar olíur og blöndur.
27.10.41	Steinolía, hreinsuð til ljósa.
27.10.42	Þotueldsneyti (jet fuel).
27.10.49	Önnur steinolía.
27.10.50	Aðrar milliþykkar olíur og blöndur.
27.10.60	Gasolíur.
27.10.70	Brennsluolíur.
27.10.81	Smurolía og smurfeiti.
27.10.82	Ryðvarnarefni og ryðolía.
27.10.89	Aðrar þykkar olíur og blöndur.
27.11.11	Fljótandi própan og bútan í umbúðum 1 kg eða stærri.
27.11.19	Annað fljótandi própan og bútan.
27.11.20	Fljótandi loftkennd karbonhydríd.
27.11.30	Petroleumgas o. fl.
27.12.00	Vaselín.
27.13.00	Parafín og vax.
27.14.10	Jarðolíukoks.
27.14.20	Önnur úrgangsefni frá jarðolíum o. fl.
27.15.00	Bítúmen og asfalt o. fl.
27.16.00	Bítúmenblöndur.
27.17.00	Rafmagn.
28.01.10	Klór.
28.01.20	Flúor, bróm og joð.
28.02.00	Brennisteinn, þurreimdur, felldur eða hlaupkenndur.
28.03.00	Kolefni.
28.04.11	Súrefni.
28.04.12	Köfnunarefni.
28.04.13	Vatnsefni.
28.04.19	Aðrir málmleysingjar.
28.04.20	Selenium, tellúríum, fosfór, arsen, sílikon og bór.
28.05.10	Kvikasilfur.
28.05.20	Alkalí og jarðalkalímálmar o. fl.
28.06.00	Saltsýra og klórsúlfórsýra.
28.08.00	Brennisteinssýra, oleum.
28.09.00	Saltpéturssýra, nítreringssýra.
28.10.00	Fosfórpentoxyd og fosfórsýra.
28.12.00	Bóroxyd og bórsýra.
28.13.01	Kolsýra.
28.13.02	Brennisteinstríoxyd.
28.13.09	Aðrar ólífrænar sýrur og önnur súrefnissambönd málmleysingja.

Tollskrárnr.	Vörutegund
28.14.00	Halogenid og oxyhalógenid málmleysingja.
28.15.00	Súlfíd málmleysingja; fosfórtrísúlfíd.
28.16.00	Ammoníak.
28.17.10	Vítissódi.
28.17.20	Natríumhydroxyd í vatnsupplausn.
28.17.30	Kalíumhydroxyd, peroxyd natríums og kalíums.
28.18.00	Hydroxyd og peroxyd magnesíums o. fl.
28.19.00	Zinkoxyd og zinkperoxyd.
28.20.10	Áloxyd.
28.20.20	Álhydroxyd.
28.20.30	Kórundum, tilbúið.
28.21.00	Krómoxyd og krómhydroxyd.
28.22.00	Manganoxyd.
28.23.00	Járnoxyd og járnhydroxyd.
28.24.00	Kóbaltoxyd og kóbalthydroxyd.
28.25.00	Títanoxyd.
28.27.00	Blýmenja og gul menja.
28.28.00	Hýdrazin o. fl.
28.29.00	Flúoríd o. fl.
28.30.01	Kalsíumklóríd.
28.30.09	Annað klóríd og oxyklóríd.
28.31.00	Hýpóklórít o. fl.
28.32.00	Klóröt og perklóröt.
28.35.00	Súlfíd og pólísúlfíd.
28.36.00	Díthíonít o. fl.
28.37.00	Súlfít og thíósúlföt.
28.38.10	Natríumsúlfat o. fl.
28.38.20	Önnur súlföt og persúlföt.
28.39.01	Natríum nítrít.
28.39.09	Önnur nítrít og nítröt.
28.40.00	Fosfít, hypófosfít og fosföt.
28.42.10	Natríumkarbónat (sóti).
28.42.20	Önnur karbónöt o. fl.
28.43.00	Cyaníð og cyanósölt.
28.44.00	Fúlminöt, cyanöt og tiocyanöt.
28.45.00	Sílíköt, venjulegt natríum og kalíumsílikat.
28.46.00	Bóröt og perbóröt.
28.47.00	Sölt málmsýrna.
28.48.00	Önnur málmsölt o. fl.
28.49.00	Hlaupkenndir góðmálmar o. fl.
28.50.00	Kljúfanleg kemísk frumefni og ísótópar o. fl.
28.51.00	Ísótópar o. þ. h.
28.52.00	Ólífræn eða lífræn (efni) sambönd thóríums og úraníums.
28.54.00	Vatnsefnisperoxyd.
28.55.00	Fosfíð.
28.56.10	Kalsíumkarbíð.
28.56.20	Annað karbíð.
28.57.00	Hydríð o. fl.
28.58.00	Önnur ólífræn sambönd og amalgöm.
29.01.10	Etylen.
29.01.20	Própylen.
29.01.30	Bútylen, bútadíen og metylbútadíen.
29.01.41	Acetylen.
29.01.49	Önnur óhringliða karbónhydríð.
29.01.50	Cyklóhexan.
29.01.60	Bensen (bensól).
29.01.70	Tóluen (tólúól).
29.01.75	Xylen (xylól).
29.01.80	Styren.
29.01.85	Etylbensen.
29.01.90	Önnur hringliða karbonhydríð.
29.02.10	Vínylklóríð (klóretylen).
29.02.20	Tríklóretylen.
29.02.30	Tetraklóretylen.
29.02.40	Aðrir halogenderivatar karbonhydríta.
29.03.00	Súlfó-, nítró- og nítrósóderivatar karbonhydríða.
29.04.10	Metylalkóhól (metanól).
29.04.20	Propýlalkóhól eða ísóprópylalkóhól.
29.04.30	Bútylalkóhól (bútanól).
29.04.40	Octylalkóhól (octanól).
29.04.60	Annað óhringliða alkóhól.
29.05.00	Hringliða alkóhól o. fl.
29.06.10	Fenól og sölt þess.
29.06.20	Cresól og sölt þess.
29.06.30	Annað fenól og fenólalkóhól.
29.07.00	Halógen-, súlfó-, nítró-, nítrósóderivatar fenóla og fenólalkóhóla..
29.08.00	Eter o. fl.
29.09.10	Etylenoxyd (oxiran).
29.09.20	Própylenoxyd.
29.09.30	Annað epoxyd o. fl.
29.10.00	Acetöl og hemiacetöl o. fl.
29.11.01	Formaldehyd og formalín.
29.11.09	Annað aldehyd o. fl.
29.12.00	Halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivatar og efni þeirra í nr. 29.11.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. apríl 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 494/1979 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 24. mars 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

24. mars 1980. Nr. 186.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 600.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 1 200.00 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. apríl 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 24. mars 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bolungarvíkurkaupstaðar, nr. 138 4. mars 1975, sbr. reglugerð nr. 31 14. janúar 1980 um breytingu á henni.

1. gr.

5. tl. 10. gr. orðist þannig:
Gjald skv. 5. flokki skal vera 1.275%.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 14. mars 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 188. 10. mars 1980.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum nr. 338/1978.

1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:
Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en kr. 225 þúsund á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára hækkar hámarkið um kr. 22 500 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 400 þúsund á rúmlest.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:
Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 67.5 milljónir vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:
Árgjöld skulu vera kr. 7 200 á rúmlest af tréskipum og kr. 3 600 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera hærra en kr. 1 080 þúsund af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem hér eru ákveðnar, gilda frá 1. janúar 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 10. mars 1980.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

Stjórnartíðindi B 14, nr. 171—188. Útgáfudagur 31. mars 1980.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 — 1980

AUGLÝSING
um tollafgreiðslugengi.

Með vísan til auglýsingar nr. 427/1978 um tollafgreiðslugengi, tilkynnir ráðuneytið hér með, að það sölugengi krónunnar sem skráð var hér á landi í bönkum á hádegi hinn 31. mars 1980 skuli gilda við ákvörðun tollverðs fyrir aprílmánuð n. k. Að öðru leyti gilda ákvæði tilvitnaðrar auglýsingar óbreytt. Ákvörðun þessi hefur eigi áhrif á tollverð vöru, hafi fullgild aðflutningsskjöl til tollmeðferðar hennar verið afhent viðkomandi tollyfirvaldi fyrir ofangreind tímamörk.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 31. mars 1980.

F. h. r.
Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Stjórnartíðindi B 15, nr. 189. Útgáfudagur 31. mars 1980.

B 38

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 — 1980

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið, að flutningsjöfnunargjald pr. hvert tonn af sementi skuli vera kr. 7 500 frá 20. mars 1980, þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna, og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 18. mars 1980.

F. h. r.
Yngvi Ólafsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

Stjórnartíðindi B 16, nr. 190. Útgáfudagur 2. apríl 1980.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 — 1980

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 14. apríl 1980 nema kr. 91.36 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 14. apríl 1980. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 296/1979 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 14. apríl 1980, skal greiða kr. 20.43 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur til umráða yfir 300 lítrum af bensíni eða meira þann 14. apríl 1980 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 14. apríl 1980.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 296/1979 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 11. apríl 1980.

Ragnar Arnalds.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 17, nr. 191. Útgáfudagur 11. apríl 1980.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 — 1980

Nr. 192. 300 12. mars 1980.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Grindavíkurkaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Uppþot eða óspektir mega ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé og óþæginda fyrir umferð eða vegfarendur. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem hátíðarsvæði, leikvangar, torg og bryggjur, svo og afgreiðslustaðir bifreiða. Um hvers kyns samkomuhús, svo sem veitingahús og leikhús, sölubúðir, opinberar skrifstofur o. s. frv. gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr verslana, samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, eða hafa í frammi hávaða eða móðgandi háttarlag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturró manna, og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem veldur ónæði.

5. gr.

Á götum bæjarins má ekki renna sér á sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leik, sem hindra umferð eða hætta getur stafað af. Sömuleiðis er bannað að hanga aftan í bifreiðum, sem eru á ferð um götumar.

6. gr.

Eigi má skjóta af byssum eða hvers kyns skotvopnum í þéttbýli, nema á sérstökum æfingarsvæðum, sem lögreglustjóri samþykkir. Í þéttbýli má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra, og ber bæði

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma, þar sem lögreglustjóri ákveður eða samþykkir. Lögreglustjóri getur bannað sölu skotelda í umdæmi sínu. Hlaðin skotvopn má ekki bera á götum bæjarins eða annars staðar á almannafæri.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi, sem misbýður velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn ókurteisum eða ósæmilegum orðum, vera áberandi ölvaður eða með því að sýna þar af sér ósæmilegt látbragð svo sem að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o. s. frv.

8. gr.

Allir eru skyldir að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

9. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, en aðstoðarmenn eiga heimtingu á fullum bótum fyrir það tjón, sem þeir þá kunna að bíða á fatnaði eða limum.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

10. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti nema hann hafi til þess leyfi slökkviliðsstjóra eða tæknideildar bæjarins.

11. gr.

Atvinnurekstur, sem valdið getur töfum á umferð er óheimill. Þó er heimilt að selja blöð og bæklinga á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá kl. 17.00 síðdegis til kl. 9.00 árdegis.

12. gr.

Enginn má láta fyrir berast í húsum, á lóðum, í garðhliðum eða á stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða á lóðir né fara inn í híbýli í söluerindum, án leyfis hlutaðeigandi húsráðenda. Lögreglustjóra er heimilt að banna alla umferð óviðkomandi fólks um bryggjur og út í skip.

13. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, er hindrar umferð eða veldur hættu. Bannað er að leggja í íbúðahverfum stórum vinnuvélum eða bifreiðum, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessari reglu, ef talið er, að slíkt leiði ekki til ónæðis eða óþæginda fyrir aðra bæjarbúa. Notkun vélsleða á götum bæjarins er háð leyfi lögreglu.

14. gr.

Eigi má hengja utan á hús vöruskápa, sjálfsala, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar, ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglunnar. Leyfi

byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar.

15. gr.

Enginn má fleygja flöskum, glerbrotum, steinum, nöglum, ávaxtahýði, pappírsrusli, fiskúrgangi eða öðru þess konar á almannafæri né heldur skvetta þar vatni eða öðru, sem haft getur í för með sér hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur eða veldur óþrifnaði.

16. gr.

Eigi má kasta á almannafæri né í fjörum, hræjum dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum kasta né skilja eftir grjót, möl, sand, slor, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt, eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér talið sérstaklega, sem valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmum eða óprýði. Óheimilt er í leyfisleysi að taka grjót eða sand í fjörum.

17. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á neinn hátt nema hann hafi til þess leyfi bæjaryfirvalda og samþykki lögreglustjóra, enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og sem minnstri hættu valdi, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu varaðir við farartálmanum með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kvöldi til þess er bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri aðrar þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

18. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rifið og byggt upp að nokkru leyti, er eigandi eða þeim, sem sér um verkið, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar. Eigandi eða verktaki skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að forðast farartálma og hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur. Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, efnisleifar og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt, þegar húsagerðinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burt þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess. Nú brennur hús eða annað mannvirki eða það er tekið burt án þess að annað sé gert í staðinn og er eiganda þá skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

19. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður, sem notaður er við húsasmíðar eða viðgerðir á húsum skal vera nægilega traustur. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur.

20. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við, að það eða einhver hluti þess hrynji, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það

innan tiltekins tíma eða endurbæta það svo, sem þörf gerist til að afstýra hættu. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við hruni eða falli.

21. gr.

Ekki má skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða rispa, tjarga, mála eða leikna á mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, sem ætlaðir eru til almenningsnota, svo sem hús, minnisvarða, símaklefa, biðskýli, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þess háttar.

22. gr.

Enginn má skemma girðingar, né heldur klifra yfir þær eða upp um þær. Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

III. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

23. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

24. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum, og útvegar á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni svo mörg sem þurfa þykir. Auglýsingar um sýningar og skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Aðrar auglýsingar má festa upp með leyfi húsráðanda.

25. gr.

Hlutaðeigendur skulu taka niður uppfestar auglýsingar, þegar þær hafa náð tilgangi sínum og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Enginn má rífa niður löglega uppfestar auglýsingar eða gera þær ólæsilegar á annan hátt.

IV. KAFLI

Um veitingahús, samkomur og almennar skemmtanir.

26. gr.

Enginn má setja upp knattborðsstofu eða leiktækjastofu nema með leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur og afnumið leyfið, telji hann ástæðu til. Unglingar undir 18 ára aldri mega ekki koma inn á knattborðsstofu og er á ábyrgð knattborðsstofuhafa, ef út af er brugðið.

27. gr.

Allir staðir, þar sem rekin er almenn veitingasala, og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra, og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórnin hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og

greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt. Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

28. gr.

Hverjum þeim sem hefur á hendi veitingasölu, heldur dansleiki og aðrar skemmtanir eða selur gistingu, er skylt að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans, danshúsi eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á, að reglum þessum sé fylgt, er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar eða skemmtanir á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllum að gefinni viðvörun.

29. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00. öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum danshúsa og dansleikja er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahaláds eða skemmtanahalds, um lengri eða skemmri tíma. Hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir leyfilegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustuna veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin. Aðgangur að dansleikjum eftir kl. 01.00 er óheimill nema þegar um áramótafagnað er að ræða.

30. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust eða í góðgerðarskyni eða til að styrkja fyrirtæki í almennar þarfir.

31. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem viðstaddir eru að fara í burtu.

32. gr.

Sérhverjum, sem hefur siúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, er heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir, sem háreysti er að, séu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotist.

V. KAFLI

Um hundahald.

33. gr.

Hundahald er bannað í Grindavík nema með leyfi bæjarstjórnar sbr. samþykkt um hundahald í bænum frá 20. mars 1975.

34. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti, og skal eiganda hundsins gefinn kostur á að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins.

Ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða, getur lögreglustjóri mælt með því við bæjarstjórn að leyfið verði afturkallað. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

VI. KAFLI

Um umferð á götum o. fl.

35. gr.

Ökuhraða skal ávallt stilla svo, að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð, og má ökuhraðinn aldrei verða meiri en 50 km miðað við klukkustund. Lögreglustjóri getur þó ákveðið, að fenginni tillögu bæjarstjórnar, lægri ökuhraða á einstökum götum.

36. gr.

Þeir, sem flytja vörur um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega, að flutningatæki séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað fellur af eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða affermingu, skal sá, er flytur eða flutningum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

37. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð, t. d. á vorin meðan klaka leysir úr jörð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri takmarkað umferð bifreiða innanbæjar að næturlagi.

VII. KAFLI

Um hreinlæti og umgengni.

38. gr.

Á húshliðar, gafla eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neitt, sem óþrifnaður er af eða óþefur. Á tún eða garða, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

39. gr.

Bannað er að setja upp girðingar, sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum, t. d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skylt er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um, að lóðunum sé haldið hreinum og snyrtilegum. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka, að þetta berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að það endurtaki sig ekki.

VIII. KAFLI

Um búfjárhald.

40. gr.

Alifugla má eigi hafa nema í tveggja metra hárri hænsnavírgirðingu eða annarri álíka girðingu, er lögreglan telur hæfa. Eigendur alifugla bera ábyrgð á, að alifuglar fari eigi inn í garða manna eða svæði, þótt ógirt séu. Nú er misbrestur á þessu, og getur lögreglustjóri þá látið slátra alifuglunum á kostnað eiganda og selt, ef kostnaðurinn er ekki tafarlaust greiddur. Einnig getur lögreglustjóri látið slátra þeim alifuglum, er hann telur vanhirta eða eru til óþrifa.

41. gr.

Allur geitfénaður er bannaður í Grindavík.

Geitfé, sem héreftir yrði flutt til lögsagnarumdæmis, skal lóga á kostnað eigenda.

42. gr.

Enga gripi má reka ógætilega um götur bæjarins. Ársgömul naut eða eldri skulu ávallt leidd í nægilega traustu bandi og a. m. k. tveir menn fylgja. Lögreglustjóri getur bannað að láta naut ganga með kúm innan umdæmisins.

43. gr.

Sauðkindur mega ekki ganga lausar í bæjarlandinu, nema maður fylgi til að gæta þeirra. Eigandi greiði allan kostnað við handsömun og varðveislu þeirra. Selja má kindurnar til lúkningar kostnaði þessum.

44. gr.

Á almannfæri mega hestar ekki ganga lausir, og lausa hesta má ekki reka um götur bæjarins.

Fælnir og slægir hestar mega aldrei ganga lausir. Hesta, sem ganga lausir í bænum skal lögreglan handsama, hýsa og fóðra. Eigandi greiði allan kostnað við handsömun og varðveislu þeirra. Selja má hrossin til lúkningar kostnaði þessum.

45. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjörð eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta sauðfénaðar síns, hrossa og annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður peningsins skaða þann, er slíkur ágangur kann að valda. Enginn má, án samþykkis bæjaryfirvalda, hafa sauðfé heima í löndum kaupstaðarins á tímabilinu frá 20. maí til 20. september ár hvert, nema í fjárheldri girðingu eða svo öruggri gæslu að ágangur á land eða lóðir annarra geti ekki af hlotist.

Enginn má láta hross ganga laus í landi kaupstaðarins nema í gripheldri girðingu sé. Sama gildir um nautpening.

46. gr.

Eigandi eða umráðamaður búfénaðar ber ábyrgð á öllum þeim skaða og spjöllum, sem búfé hans kann að valda.

IX. KAFLI

Um refsingar, kostnað o. fl.

47. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 15 ára drýgir, skorti á hæflegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa beim fyrir yfirsjónina en ekki barninu. Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa af broti sínu og enginn einstaka maður á löglegt tilkall til, skal upptækur gerður og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

48. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra,

að vanrækslan valdi tjóni. Bæjarsjóður greiði kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

49. gr.

Bæjarsjóður greiðir allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari og eigi verður krafist af einstökum mönnum.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkur hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. mars 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

12. mars 1980. Nr. 193.

SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Sauðárkrókskaupstað, nr. 165 16. maí 1974.

1. gr.

Í stað „35 km á klukkustund, nema þar sem annað er ákveðið og tilgreint með umferðarmerkjum“ í 1. málsl. 30. gr. komi: 50 km á klukkustund í þéttbýli.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkróks hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. mars 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

29. febrúar 1980. Nr. 194.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumanns Húnavatnssýslu um flutning þingstaðar í Engihlíðarhreppi í A-Húnavatnssýslu:

„Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 26. þ. m., og ósk hreppsnefndar Engihlíðarhrepps í A-Húnavatnssýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Engihlíð í Engihlíðarhreppi að Fremstagili í sama hreppi, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt húsrými til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar.“

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um hundahald í Suðureyrarhreppi nr. 108/1980.

1. gr.

Við 3. gr. bætist nýr stafliður er verði e) liður og orðist svo:

Hundar á lögbýlum utan Suðureyrarkauptúns eru undanþegnir ákvæðum samþykktar þessarar, öðrum en 2. gr. d) og e) liðs.

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Suðureyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 11. mars 1980.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 196. 27. febrúar 1980.

Staðfesting forsetans á skiplagsskrá fyrir Hagasjóð í Hraunhreppi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. febrúar 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hagasjóð í Hraunhreppi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hagasjóður. Heimili hans og starfssvið skal jafnan vera innan Hraunhrepps í Mýrarsýslu.

2. gr.

Guðmundur Bjarnason klæðskeri, Aðalstræti 6, Reykjavík, er stofnandi sjóðsins. Árið 1932 var byrjunarstofnfé sjóðsins afhent hreppstjóranum í Hraunhreppi og síðan aukið mikið 1937 og enn meir 1938. Sjóðurinn var í ársbyrjun 1939 kr. 30 359.77 — þrjátíuþúsund þrjúhundruðfimmtíu og níu 77/100 krónur — í peningum og skuldabréfum og auk þess 10 000 — tíu þúsund kr. — í hlutabréfum Útvegsbanka Íslands.

3. gr.

Sjóðurinn sem áður var í þremur deildum skal nú sameinast í einn sjóð. Sjóðnum er ætlað það hlutverk, sem áður var ákveðið af gefanda:

1. Að efla og styðja skógrækt, sandgræðslu og fóðurbirgðir, til minningar um föður stofnandans, Bjarna Jónsson fyrrum bónda í Haga.
2. Að styrkja fátækar mæður, börn og gamalmenni og námsfólk ef sérstaklega stendur á, til minningar um móður stofnandans, Bjarndísi Bjarnadóttur, fyrrum húsmóður í Haga, sem var önnur kona Bjarna í Haga.

3. Að styrkja kristilegt félags- eða safnaðarlíf og fræðslu barna og ungmenna á kristilegum grundvelli, til minningar um stjúpmóður stofnandans, **Guðlaugu** Sigurðardóttur, þriðju konu Bjarna í Haga.

4. gr.

Sjóðinn skal framvegis ávaxta á þann hátt, sem vextir fást hæstir á hverjum tíma, þó má lána úr sjóðnum aðilum búsettum í Hraunhreppi ef nauðsyn ber til, á lægri vöxtum.

Til vaxta telst helmingur (50%) verðbóta af verðtryggðum skuldabréfum og bankavöxtum, en helmingur bætist við höfuðstólinn.

5. gr.

Höfuðstóll sjóðsins má aldrei skerða.

6. gr.

Vaxtatekjur sjóðsins skal nota til framkvæmda samkvæmt ákvæðum 3. gr. Heimilt er að verja allt að 4/5 hlutum árlegra vaxtatekna. Að öðru leyti leggjast vextir og allar aðrar tekjur við höfuðstólinn.

Fari úthlutun úr sjóðnum ekki fram í eitt ár eða fleiri, er heimilt að eyða öllu því úthlutunarfé, sem sparast hefur, síðar.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hreppstjóri og allir hreppsnefndarmenn á hverjum tíma. Hún kýs formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum, hvorutveggja strax að afstöðnum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum. Hún hefur á hendi allar nánari ákvarðanir um starfshætti og fjárframlög til fullnægingar hlutverkum sjóðsins og yfirumsjón allra framkvæmda er þar af leiða, allt innan þeirra takmarka, er sett eru með þessari skipulagsskrá.

8. gr.

Sjóðsstjórnin heldur gerðabók. Inn í hana skal færa þessa skipulagsskrá, aðalreikninga sjóðsins árlega, fundargerðir og helstu atriði framkvæmda, sem njóta styrks frá sjóðnum.

9. gr.

Allar ákvarðanir viðvíkjandi sjóðnum skulu gerðar á fundum sjóðsstjórnar. Ákvörðun er þó ekki gild nema hún nái samþykki meirihluta sjóðsstjórnarmanna.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta er tímar líða ef allir sjóðsstjórnarmenn samþykkja breytinguna. Þó má aldrei breyta aðalmarkmiðum sjóðsins að auka og bæta gróður jarðar og lífsskilyrði búpenings, að styrkja fátækt fólk og að viðhalda kristindómsfræðslu og kristilegu safnaðarlífi.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REIKNINGUR

Líknarsjóðs Margrétar Árnadóttur, Alviðru.

Rekstrarreikningur 1979.

Gjöld:

Gjöf til Sjúkrahúss Suðurl. í félagi við Kvenfél. Selfoss, keypt augnskoðunartæki	kr.	650 000
	kr.	**650 000**

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsbók 12445	kr.	115 357
Vextir af vaxtaaukareikningi 1255	—	469 010
Tekjuhalli	—	65 633
	kr.	**650 000**

Efnahagsreikningur pr. 31.12. 1979.

Eignir:

Sparisjóðsbók 12445	kr.	496 558
Vaxtaaukareikn. 1255	—	1 469 010
	kr.	1 965 568

Skuldir:

Höfuðstóll			kr.	1 000 000
Tekjuafgangur frá f. árum	kr.	1 031 201		
Tekjuhalli 1979	—	65 633	—	965 568
			kr.	1 965 568

Selfossi 9. febrúar 1980.

f. h. Kvenfélags Selfoss

Arndís Þorbjarnardóttir vörslum. sjóðsins

Nr. 198. 27. febrúar 1980.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Ómars Berg Ásbergssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. **febrúar 1980.**

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Ómars Berg Ásbergssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður Ómars Berg Ásbergssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 24. nóvember 1979 til minningar um Ómar Berg Ásbergsson, er lést af slysförum 26. október 1979.

Hann var fæddur 24. nóvember 1958. Stofnendur sjóðsins eru aðstandendur Ómars.

Stofnframlag er kr. 500 000 sem lagt er fram af fjölskyldu og ættingjum Ómars.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru a) vextir b) áheit c) aðrar tekjur.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt, sem stjórn hans telur heppilegast hverju sinni. Höfuðstól sjóðsins kr. 500 000 skal aldrei skerða.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnilegan nemanda, að mati sjóðsstjórnar, sem er við tónlistarnám, og/eða til hljóðfærakaupa, sem komi til með að stuðla að aukinni tónlistarmenningu í Þorlákshöfn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 ættingjar Ómars. Stjórn sjóðsins skal halda gjörðabók fyrir sjóðinn, og færa í hana skipulagsskrá þessa, tekjur, fjárveitingar og allt annað er viðkemur sjóðnum. Stjórn sjóðsins skal ákveða hvenær úthlutun hefst úr sjóðnum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Endurskoðun reikninga skal árlega gerð af hæfum og óvilhöllum mönnum.

8. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 199.

REIKNINGAR

sjóða tengdum Minningarsjóði Landspítala Íslands 1979.

Minningargjöf um Hans Natansson og Kristínu Þorvarðardóttur.

Eignir:

Innstæða í Söfnunarsjóði aðaldeild nr. 456	kr.	59 642
	Kr.	59 642

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1979	kr.	49 291
Vaxtatekjur 1978	—	10 351
	Kr.	59 642

Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán, Ólafíu, Elísabetu, Sveinbjörn og Steinunni.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikn. nr. 510591 Búnaðarbanka Ísl.	kr.	103 658
	Kr.	103 658

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1979	kr.	76 524
Vaxtatekjur	—	27 134
	Kr.	**103 658**

Minningargjöf um Hans Wíum, sýslumann.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikn nr. 28 257 Landsbanka Íslands	kr.	55 779
	Kr.	55 779

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1979	kr.	41 178
Vaxtatekjur	—	14 601
	Kr.	55 779

Minningargjöf um Þórunni Jónassen.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikn. nr. 28230 í Landsbanka Íslands	kr.	114 319
	Kr.	114 319

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1979	kr.	84 394
Vaxtatekjur	—	29 925
	Kr.	114 319

Minningargjöf um Vigfús G. Melsted.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikn. nr. 28249 í Landsbanka Íslands	kr.	72 867
	Kr.	72 867

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1979	kr.	53 793
Vaxtatekjur	—	19 074
	Kr.	72 867

Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikn. nr. 28273 í Landsbanka Íslands	kr.	246 359
	Kr.	246 359

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1979	kr.	181 871
Vaxtatekjur	—	64 488
	Kr.	246 359

Minningargjöf um Gísla Oddsson, skipstjóra.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikn. nr. 28281 í Landsbanka Íslands	kr.	205 360
	Kr.	205 360

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1979	kr.	151 604
Vaxtatekjur	—	53 756
	Kr.	205 360

Sjóður Guðlaugar Jónsdóttur og Guðjóns Björnssonar.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikn. nr. 28265 í Landsbanka Íslands	kr.	1 146 319
	Kr.	1 146 319

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1979	kr.	846 252
Vaxtatekjur	—	300 067
	Kr.	1 146 319

Sjóður Marsibilar Illugadóttur.

Eignir:

Innstæða á vaxtaaukareikn. nr. 28222 í Landsbanka Íslands	kr.	274 146
	Kr.	274 146

Skuldir:

Hrein eign 1/1 1979	kr.	202 384
Vaxtatekjur	—	71 762
	Kr.	274 146

Reykjavík, 10. janúar 1980.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi bankabækur og fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 23. janúar 1980.

Ólöf Pétursdóttir. Vilborg Gunnlaugsdóttir.

REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa.

Hluti H 2.

Um stöðugleika og öryggi fiskiskipa með mestu lengd 15 m og minni.

EFNISYFIRLIT:

1. gr. Gildissvið
2. gr. Almennt
3. gr. Fríborð og hámarkshleðsla
4. gr. Skjólborð og handrið
5. gr. Austurop
6. gr. Hæð lestarkarma og dyraþröskulda þilfarsbáta
7. gr. Refsingar
8. gr. Gildistaka.

1. Gildissvið.

1.1. Reglur þessar eiga við þilfarsbáta með mestu lengd 15 m og minni og opna báta 6 m og lengri, sem hafin er smíði á eftir gildistöku reglnanna.

2. Almennt.

2.1. Þilfarsbátur, er bátur sem varinn er ágangi sjávar stafna á milli með þilfari ofan sjólínu við hámarkshleðslu, án tillits til brunna, lestaropa, boxaopa, niðurgangskappa og yfirbygginga, þótt ekki séu vatnsþétt.

2.2. Lausir plittar í opnum bátum, skulu hvíla á traustum undirstöðum og vera vel skorðaðir af, þannig að þeir sporðreisist ekki. Plittarnir skulu vera sem lægst í bátnum og aldrei ofan við sjólínu á báti með hámarkshleðslu.

2.3. Prófun á fullgerðum báti skal fara fram í viðurvist skoðunarmanns Siglingamálastofnunar ríkisins.

2.4. Athugun á hleðslu, stöðugleika og flothæfni báta, skal gerð við raunhæfar aðstæður á floti þar sem skoðunarmaður telur fullnægjandi.

2.5. Fyrsta bát hverrar bátsgerðar, skal reynslusiglt skv. grein 2.08. í Norðurlandareglum um smíði skemmtibáta.

3. Fríborð og hámarkshleðsla.

3.1. Eftirfarandi ákvæði um fríborð eiga við opna báta með hámarkshleðslu:

3.2. Bátar með minna meðalfríborð en hið hærra af $\frac{4\Delta}{LmB}$ eða 400 mm, skulu búnir flotholtum skv. gr. 2.04.—2.07. í Norðurlandareglum um smíði skemmtibáta.

Lm = mesta lengd bátsins í m.
B = mesta breidd á bol bátsins í m.
Δ = þyngd bátsins með hámarkshleðslu í kg.

$$\text{Meðalfríborð} = \frac{f_f + f_m + f_a}{3.}$$

f_f = fríborð fremst.
f_m = fríborð á miðri mestu lengd.
f_a = fríborð aftast.

3.3. Bátar, sem skv. gr. 3.2. skulu búnir flotholtum, mega ekki hafa minna meðalfríborð en 0,2B, þó minnst 200 mm.
B = sjá gr. 3.2.

3.4. Bátar, sem hafa minna fríborð en krafist er skv. gr. 3.2. og hafa ekki flotholt skv. gr. 2.04.—2.07. í Norðurlandareglum um smíði skemmtibáta, skulu búnir sem þilfarsbátar.

3.5. Með í hámarkshleðslu skal reikna:
— fjölda manna, sem báturinn er viðurkenndur fyrir;
— stærstu vél, sem báturinn er viðurkenndur fyrir;
— þunga fullra geyma (vatn, eldsneyti, úrgangsgeymar o. fl.);
— þunga búnaðar (legufæri, slökkvitæki, rafgeymar, veiðafæri o.fl.).

4. Skjólborð og handrið.

4.1. Nauðsynleg skjólborð eða handrið skal setja um öll opin þilför og skulu þau ekki vera lægri en 600 mm.

4.2. Allsstaðar þar sem vænta má umgangs, skal setja handrið eða handföng til öryggis.

5. Austurop.

5.1. Á skjólborðsklæðningu á óvörðu þilfari, skulu vera fullnægjandi austurop. Samanlagt flatarmál opa, A, á hvorri skipshlið, skal ekki vera minna en:
a = 0,02 (l b h + rúmmál lúgu og reisnar) m^2.
l = lengd þilfars í m.
b = breidd þilfars í m.
h = hæð skjólborðsklæðningar í m.

5.2. Staðsetning og fyrirkomulag austuropa skal vera skv. ákvæðum í Reglum um stöðugleika og öryggi fiskiskipa. Hluta H.

6. Hæð lestarkarma og dyraþröskulda þilfarsbáta.

6.1. Hæð á lestarkarmi skal ekki vera minni en 400 mm. Lokunarbúnaður lúgu skal vera skv. Reglum um stöðugleika og öryggi fiskiskipa. Hluta H.

6.2. Hæð á dyraþröskuldum, sem liggja beint út á þilfar, skal ekki vera minni en 400 mm.

7. Refsingar.

7.1. Brot á reglum þessum varða refsingu samkvæmt X. kafla laga nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum.

8. Gildistaka.

8.1. Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi ákvæði um hlutfall milli breiddar og dýptar skips í reglum nr. 59 20. apríl 1960 um smíði skarsúðaðra tréskipa.

Samgönguráðuneytið, 1. apríl 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði:

1. **Umferð:**
   Á **Hlíðarbraut** er umferð heimil í báðar áttir.
2. **Bifreiðastöður:**
   Bifreiðastöður eru bannaðar á um 20 m kafla á **Hlíðarbraut** gegnt Holtsgötu.

Með auglýsingu þessari eru felld úr gildi ákvæði auglýsingar um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði frá 30. okt. 1978 hvað Hlíðarbraut snertir.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 10. mars, 1980.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 5. mars 1980.

Einar Ingimundarson.

Nr. 202. 13. mars 1980.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu í Miðneshreppi.

1. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan læknis, hjúkrunarkonu, ljósmóður eða öðrum tilvísunum, sem hreppsnefnd metur gildar, að hjálpar annarrar en hjúkrunar sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem hreppsnefnd metur að nauðsyn sé hverju sinni.

Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum sveitarstjóra, eða annars starfsmanns er það væri falið sérstaklega.

2. gr.

Heimilisþjónusta felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

3. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

4. gr.

Starfsfólki heimilishjálpar skal gefinn kostur á að sækja námskeið til þess að auka þekkingu sína á þessu sviði.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálpar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

5. gr.

Hreppssjóður Miðneshrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfsfólk á vegum heimilishjálparinnar kann að valda við störf sín, umfram það sem bætt er af sérstakri ábyrgðartryggingu, sem heimilshjálpin kaupi.

6. gr.

Fyrir heimilisþjónustu skv. reglugerð þessari og reglum sem hreppsnefnd setur þar um, skal sá sem hjálpar nýtur, greiða eftir gjaldskrá sem hreppsnefnd setur, þar sem tekið er tillit til tekna og annarra aðstæðna viðkomandi og kostnaður við hjálpina. Skal taxti þessi breytast í samræmi við laun og framfæslukostnað.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað sem hún telur máli skipta í þessu efni.

7. gr.

Miðneshreppur annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar hreppssjóðs.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. mars 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

17. mars 1980. Nr. 203.

REGLUGERÐ

um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Hámarkshraði ökutækja á öllum vegum lögsagnarumdæmis Keflavíkurflugvallar er ákveðinn 50 km á klukkustund, með þeim undantekningum, er í 2. gr. segir.

2. gr.

1. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði þó aðeins vera 35 km á klukkustund:
   a. Alþjóðabraut milli gatnamóta Bogagötu og Flutningabrautar F og milli Suðurgötu og Grjótagötu.
   b. Uppland.
   c. Akbrautir gegnum íbúðahverfi sunnan Austurbrautar og austan Flugvallarvegar, svo og austan Suðurgötu og norðan Austurbrautar.
   d. Vesturbraut milli Vesturlands og Alþjóðabrautar.

e. Brunnland milli Vesturbrautar og Alþjóðabrautar
f. Víkingsgata.
g. Holtagata og nafnlaus gata milli Suðurgötu og Norðurstrætis.

2. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði vera 70 km á klukkustund:
a. Grjótagata.
b. Vegurinn að fjarskiptastöðinni á Stafnesi frá vegamótum Bogagötu.
c. Alþjóðabraut milli Suðurgötu og Grænásafleggjara.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 1968 öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin auglýsing um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli nr. 407 frá 9. nóvember 1977.

Utanríkisráðuneytið, 17. mars 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Helgi Ágústsson.

Nr. 204. 26. febrúar 1980.

AUGLÝSING

um umferð á Sauðárkróki.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Sauðárkróks eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Sauðárkróki:

I. Aðalbrautir:
a) Skagfirðingabraut, Aðalgata og Eyrarvegur,
b) Sæmundargata,
c) Hegrabraut milli Sæmundargötu og Skagfirðingabrautar,
d) Sæmundarhlíð að Skagfirðingabraut,
e) Sauðárhlíð að Sæmundarhlíð,
f) Freyjugata skal hafa aðalbrautarrétt gagnvart Knarrarstíg og Skólastíg.

II. Einstefna:
a) á Kirkjutorgi frá suðri til norðurs,,
b) frá Skagfirðingabraut inn á Faxatorg við Búnaðarbankahús til vesturs.

III. Stöðvunarskylda:
a) af Kirkjutorgi inn á Aðalgötu,
b) af Sævarstíg inn á Aðalgötu.

IV. Bann við bifreiðastöðum:
a) á Aðalgötu vestanverðri frá Kaupvangstorgi að kirkju,
b) á Skagfirðingabraut vestanverðri,
c) á Sævarstíg beggja vegna,
d) á Ránarstíg beggja vegna frá Freyjugötu að Skagfirðingabraut,
e) á Bárustíg norðanverðum frá Hólavegi að Skagfirðingabraut,
f) á Öldustíg sunnanverðum frá Hólavegi að Skagfirðingabraut,
g) á Freyjugötu austanverðri frá húsinu nr. 1 (Björk) að Ránarstíg.

V. Gangbrautir:

a) á Skagfirðingabraut gegnt Gagnfræðaskóla, gegnt sundlaug, gegnt Búnaðarbanka og kjörbúð K. S.

b) á Aðalgötu gegnt Sauðárkróksbakarí og Matvörubúð.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt eru felldar úr gildi reglur um sama efni, sem birtar voru með auglýsingu nr. 293 20. september 1974.

Bæjarfógetinn á Sauðárkróki, 26. febrúar 1980.

Jóh. Salberg Guðmundsson.

Nr. 205.

REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1979.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1979.

Gjöld:

Ýmiss kostnaður prentun o. fl. 1979	kr.	1 158 298
Styrkveitingar árið 1979	—	6 125 000
Tekjur til ráðstöfunar 1982	—	20 400 000
Tekjur lagðar við höfuðstól	—	24 612 520
Samtals	kr.	52 295 818

Tekjur:

Samúðarskeyti Landsímans	kr.	24 358 806	
÷ 15% til F. Í. S.	—	3 653 819	
	kr.		20 704 987
Aðrar minningargjafir	kr.		136 000
Arður af hlutabréfum í Eimskip hf.	—		22 800
Vaxtatekjur	—		31 432 031
Samtals	kr.		52 295 818

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1979.

Eignir:

Innstæða á ávísanareikningi	kr.		423 931
Bankainnstæður:			
Vaxtaaukareikningar	kr.	125 570 796	
Spariskírteini:			
1. fl. 74 C 1136—40	kr.	250 000	
1. fl. 75 C 10461—65	—	250 000	
1. fl. 76 C 1363—92	—	1 500 000	
	kr.		2 000 000
Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	kr.		228 000
Áfallnir vextir af spariskírteinum	—		241 455
	kr.		128 464 182

Skuldir:			
Til ráðstöfunar 1982 skv. 5. gr. skipulagsskrár frá fyrra ári	kr.	14 500 000	
Af tekjum ársins 1979	—	20 400 000	
			kr. 34 900 000
Höfuðstóll 1/1 1979	kr.	68 837 662	
+ jöfnunarhlutabréf E. Í.	—	114 000	
Lagt við höfuðstól 31/12	—	24 612 520	
			kr. 93 564 182
			kr. 128 464 182

Reykjavík, 7. janúar 1980.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi bankabækur og fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík 23. janúar 1980.

Ólöf Pétursdóttir. Vilborg Gunnlaugsdóttir.

Nr. 206. 18. mars 1980.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Svalbarðsstrandarhreppi, S.-Þing.

1. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir á skipulögðum svæðum hreppsins, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús, tvíbýlishús	2.5%
Tveggja hæða raðhús	1.8%
Raðhús á einni hæð	2%
Fjölbýlishús	1%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2.5%
Opinberar byggingar	2.5%
Iðnaðarhús, vöruskemmur og annað atvinnuhúsnæði	1.5%
Bílskúrar	2.5%
Önnur hús	1.5%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 140 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi

samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggt einbýlishús hver íbúð	400 m³
Fjölbýlishús	300 m³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalda miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast ársfjórðungslega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

5. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að lækka gjaldstuðla samkvæmt 3. gr. hvern fyrir sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

6. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds, samkvæmt 3. gr., skulu vera samkvæmt eftirfarandi: Úthlutun er háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

7. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ. e. a. s., að lóð fellur aftur til sveitarfélagsins hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema veitingin hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Noti lóðarhafi ekki veitta lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

Eftir 6 mánuði endurgreiðast 50%.

Eftirstöðvarnar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt, þegar greiðsla samkvæmt þeirri úthlutun fer fram.

8. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku húseiganda og lóðarhafa í að leggja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. Gjaldið nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús, tvíbýlishús	3.0%
Tveggja hæða raðhús	2.0%
Raðhús á einni hæð	2.0%
Fjölbýlishús	1.0%
Verslunar- og skrifstofuhús	3.0%
Opinberar byggingar	3.0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1.5%
Bílskúrar	3.0%
Önnur hús	1.5%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 140 af hverjum fermetra lóðar.

Gjald af íbúðarhúsnæði skal þó aldrei vera lægra en gjald miðað við 300 m^3 hús. Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

9. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 8. gr. skal miðast við þá vísitölu, sem gildir þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan verk fer fram, og skal það þá miðað við meðaltalsvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

10. gr.

Hreppsnefndinni er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkvæmt 8. gr. í eftirfarandi tilfellum:

a) Þegar greiða skal á sama tíma bæði A- og B-gjald samanber 13. gr.
b) Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- eða örorkulífeyrisþegar.

11. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að lækka gjaldstuðlana samkvæmt 8. gr. hvern fyrir sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

12. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 8. gr. greiðist þannig, að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 3 árum.

Gjalddaga afborgana og vaxta, svo og vaxtaprósentu ákveður hreppsnefnd hverju sinni.

13. gr.

Gjöld samkvæmt 3. og 8. gr. breytast í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Grunntölur þær, sem nefndar eru í 3. og 8. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar sem var í gildi 1. mars 1979.

14. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem lagt er á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Svalbarðsstrandarhrepps S-Þingeyjarsýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. mars 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um framlög til eftirlauna aldraðra.

1. gr.

Fé til greiðslu eftirlauna samkvæmt I. kafla laga nr. 97 1979 að undanskilinni uppbót samkvæmt 21. gr. laganna greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ávísun umsjónarnefndar eftirlauna, en Atvinnuleysistryggingasjóður endurkrefur ríkissjóð um ¼ hluta útgjaldanna.

2. gr.

Gjöld til uppbótargreiðslna á lífeyri samkvæmt I. kafla laganna, sbr. 1. málsgr. 21. gr. þeirra, skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður, sem tilgreindur er á fylgiskjali með samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, skal leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum á árunum 1980—1982, sbr. 4. gr.

3. gr.

Allir lífeyrissjóðir, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt og ekki eiga aðild að samkomulagi því, sem um getur í 2. gr., skulu leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum á árunum 1980—82 til að standa undir útgjöldum til lífeyrisgreiðslna samkvæmt II. kafla laganna ásamt uppbót á þann lífeyri, sbr. 22 gr. laganna, og sérstakri uppbót á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda.

4. gr.

Séu iðgjöld til lífeyrissjóðs ákveðin hærri en 10% af iðgjaldsskyldum tekjum, skal við ákvörðun framlags samkvæmt 2. eða 3. gr. ekki reikna með þann hluta iðgjalda, sem umfram er 10%. Til frádráttar skulu koma iðgjöld, endurgreidd á árinu eða flutt til annarra sjóða, og ekki skal telja til iðgjalda sérstök aukaframlög vinnuveitenda, svo sem til verðtryggingar lífeyris eða til að mæta halla, sem fram hefur komið við tryggingafræðilega athugun. Að öðru leyti skal framlag reiknað af öllum iðgjaldatekjum, að meðtöldum iðgjöldum fluttum til sjóðsins á árinu.

Nú hefur breyting orðið á tilhögun færslu iðgjalda á ársreikningi lífeyrissjóðs frá árinu 1978, og er þá umsjónarnefnd heimilt að miða útreikning framlags við fyrri tilhögun og áætla breytingar á reikningi í því skyni eftir því, sem nauðsyn krefur.

5. gr.

Umsjónarnefnd eftirlauna skal í marsmánuði ár hvert 1980—1982 áætla iðgjaldatekjur lífeyrissjóða á árinu, sbr. 2.—4. gr. Áætlun iðgjaldatekna skal miða við tölur nýjasta ársreiknings eða yfirlits frá sjóðnum og breytingar á grundvallarlaunum samkvæmt 6. gr. laganna frá hlutaðeigandi reikningsári til gjaldársins. Grundvallarlaun gjaldársins skulu áætluð þannig, að reiknað sé með óbreyttum launum frá mars til desember, en síðan skal umsjónarnefnd ákveða nauðsynlega viðbót við árstölu, er þannig er fengin, vegna óvissra launahækkana.

Iðgjaldatekjur Lífeyrissjóðs bænda skulu þó áætlaðar á grundvelli upplýsinga um grundvallarlaun þess sjóðs.

Telji umsjónarnefnd, að veruleg breyting hafi orðið á iðgjaldatekjum lífeyrissjóðs vegna breyttra laga- eða reglugerðarákvæða eða breytinga á fjölda sjóðfélaga, skal hún breyta áætlun sinni í samræmi við það.

Umsjónarnefnd skal jafnframt áætlun sinni um iðgjaldatekjur lífeyrissjóða gera áætlun um viðbótargreiðslur samkomulagssjóða samkvæmt 21. gr. laganna, svo og áætlun um hina sérstöku uppbót á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda.

6. gr.

Hver samkomulagssjóður skal greiða til umsjónanefndar iðgjaldaframlag sitt að frádreginni þeirri fjárhæð, sem áætlað er, að í hlut hans komi við hlutfallslega skiptingu samanlagðra framlaga samkomulagssjóðanna.

Nemi áætlaður hlutur samkomulagssjóðs í hinum samanlögðu framlögum hærri fjárhæð en iðgjaldaframlag hans, skal umsjónarnefnd greiða honum mismuninn.

Umsjónarnefnd greiðir Lífeyrissjóði bænda þann mismun, sem er á áætlaðri uppbótarfjárhæð samkvæmt 3. málsgr. 5. gr. og áætluðu iðgjaldaframlagi sjóðsins.

7. gr.

Gjalddagi greiðslna samkomulagssjóða til umsjónarnefndar, sbr. 1. málsgr. 6. gr., og iðgjaldaframlaga annarra sjóða, sbr. 3. gr., að undanskildum Lífeyrissjóði bænda, er 1. apríl ár hvert 1980—1982. Heimilt er lífeyrissjóðum að inna ársgreiðsluna af hendi í tveimur jöfnum hlutum. Sé fyrri hlutinn ekki greiddur í síðasta lagi 30. apríl, reiknast dráttarvextir af ársgreiðslunni í heild frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands um heimild til töku dráttarvaxta af fasteignaveðskuldum. Sé fyrri hluti greiddur fyrir aprílok, en síðari hluti ekki greiddur í síðasta lagi 31. júlí, reiknast dráttarvextir á sama hátt af eftirstöðvum frá gjalddaga til greiðsludags.

Árlegar greiðslur umsjónanefndar til samkomulagssjóða samkvæmt 2. málsgr. 6. gr. skulu inntar af hendi í tveimur jöfnum hlutum í maí og ágúst ár hvert 1980—1982.

Árlegar greiðslur umsjónanefndar til Lífeyrissjóðs bænda skv. 3. málsgr. 6. gr. skulu inntar af hendi í þremur jöfnum hlutum í júní, september og desember ár hvert.

8. gr.

Endanlegt uppgjör fyrir árin 1980—1982 í stað áætlunar þeirrar, sem um getur í 5. gr., skal miðast við 1. júlí ár hvert 1981—1983. Mismunur á endanlegri niðurstöðu og áætlunarfjárhæð skal greiddur eigi síðar en 31. júlí, en dráttarvextir, sbr. 1. málsgr. 7., reiknast frá og með 1. ágúst.

Lífeyrissjóðnum er skylt að láta umsjónarnefnd í té ársreikninga sína, um leið og þeir eru fullgerðir. Hafi ársreikningur ekki borist nefndinni 6 mánuðum eftir lok almanaksárs, skal hún miða uppgjör samkvæmt 1. málsgr. við eigin áætlun.

9. gr.

Framlög ríkissjóðs, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt 3. tölulið 1. málsgr. 25. gr. laganna, sbr. enn fremur ákvæði til bráðabirgða, skulu greidd umsjónarnefnd með jöfnum mánaðarlegum greiðslum árin 1980—1982. Þó skal fyrsta greiðsla fyrir mánuðina janúar—apríl 1980 fara fram í apríl 1980.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 97 24. desember 1979 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. mars 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 39/1970 um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa.

1. gr.

4. gr. XVI. 1. orðist svo:

1. Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í barnalækningum og einni hliðargrein þeirra, þar með taldar barnageðlækningar, Skilyrði eru tími í aðalgrein, skv. II, 1, a, b og c og hliðargrein skv. II, 2. c og þar að auki tími skv. II, 2. d.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. mars 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

31. mars 1980. Nr. 209.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Staðarár og Hagavatns.

1. Félagið heitir Veiðifélag Staðarár og Hagavatns. Heimili þess og varnarþing er á Neðraholi í Staðarsveit.
2. Félagið nær til allra jarða sem land eiga að vatnasvæði Staðarár og Hagavatns, en þær eru: Ytra-Lágafell, Elliði, Bergsholt, Brautarholt, Furubrekka, Foss, Ölkelda, Ölkelda II, Álftavatn, Lindarbrekka, Efrihóll, Slítandastaðir (tvíbýli), (sumarbústaðir í landi Ölkeldu), Krossar, Arnartunga, Staðastaður, Traðir, Glaumbær, Neðrihóll, Syðritunga, Ytritunga, Kirkjuhóll, Hagi, Hagasel og Þorgeirsfell.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur samþykkir. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu nema sérstök forföll hamli eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í október eða nóvembermánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er starfsárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. mars 1980.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir

Nr. 210. 12. mars 1980.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjahlíðarhverfi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, Suður-Þingeyjarsýslu, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Reykjahlíðarhverfi:

1. Umferð um Hlíðarveg milli Múlavegar og Norðurlandsvegar skal njóta forgangs fyrir umferð um aðliggjandi íbúðargötu (biðskylda). Við allar greindar íbúðargötur skal setja merki, er tákna botngötur.
2. Umferð um Norðurlandsveg skal njóta forgangs fyrir umferð um Múlaveg (biðskylda).

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Sýslumaður Þingeyjarsýslu, 12. mars 1980.

Sig. Gizurarson.

Nr. 211. 21. mars 1980.

SAMÞYKKT

um hundahald í Egilsstaðahreppi.

Hundahald í Egilsstaðahreppi sæti eftirfarandi takmörkunum:

a) Eigandi skal án tafar láta skrá hund sinn á hreppsskrifstofu. Við skráningu fær eigandi hunds afhenta merkta plötu til að festa á ól, sem ætíð skal vera um háls hundsins. Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú og síðar kann að verða breytt.

b) Eiganda er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi, þannig að tryggt sé, að tryggingin taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda án nokkurra óeðlilegra skilyrða að mati hreppsnefndar.

c) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa, nema smalahunda á þeim tíma, er þeir eru sannanlega notaðir við smalamennsku svo og minkahunda, dýrhunda og sporhunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanna. Alla aðra hunda skal hafa í tryggu haldi, en heimilt er að hafa þá í taumi úti við í fylgd með manni, er hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í skólahús almennar skrifstofur, samkomuhús eða verslanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.

d) Hundeigendum er skylt að sjá svo um, að hundar raski eigi ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir íbúðaeigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildi þar til sveitarstjóra berst skriflega afturköllun frá einhverjum íbúðareiganda.

e) Til að standa straum af kostnaði hreppsins af skráningu og eftirliti með hundum í hreppnum, skal hver hundeigandi greiða árlegt gjald til hreppssjóðs. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hundsins til næstkomandi júlímánaðar og síðar árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn.

Hreppsnefnd ákveður fjárhæð gjaldsins og er henni heimilt að ákveða gjaldið lægra fyrir nauðsynlega minkahunda, dýrhunda, sporhunda og smalahunda. Af hundum, sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, skal ekkert gjald greiða. Við greiðslu gjalds þessa ber hundeiganda að sýna fullgild skilríki fyrir greiðslu vátryggingargjalds samkvæmt b-lið þessarar greinar, vátryggingarskírteini, vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og öll skilríki er máli skipta samkvæmt lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur varðandi hunda.

f) Sé hundeigandi undir 16 ára aldri verður honum eigi veitt leyfi til hundahalds nema forráðandi ábyrgist allar skyldur hans samkvæmt samþykkt þessari og áriti sérstaka yfirlýsingu þar um.

2. gr.

Fyrir minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað, er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað brot er að ræða eða meiri háttar brot, hefur hundeigandi fyrirgert rétti sínum til að halda hund í Egilsstaðahreppi. Skal hann gjalda allan kostnað vegna brotsins og afhenda hund sinn til lögreglu, sem síðan ákveður hvað gert skuli við hundinn.

3. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, svo og aðrir ómerktir flækingshundar, skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig eigi fram og/eða vitjar hundsins ekki innan tveggja sólarhringa, hefur lögreglan heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigendur vitja þeirra eigi innan eins sólarhrings og svara ekki til saka fyrir brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundi án frekari fyrirvara.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað. Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafi eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna hreppsnefnd án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

4. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Egilsstaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7 frá 3. febrúar 1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Egilsstaðahreppi nr. 142/1975.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 21. mars 1980.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 212. 21. mars 1980.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á skreið framleiddri á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á skreið framleiddri á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 1980:

	U. S. $ pr. lest fob.
Þorskur:	
Saga IG	7 803
Saga IM	7 441
Saga IP	7 019
Edda og Luna 30/50	5 873
Edda og Luna 50/60	6 789
Edda og Luna 60/up	6 973
Astra (Ítalía)	5 763
Astra og Polar	5 200
Ufsi:	
Astra og Polar	4 300
Keila:	
Astra og Polar	5 200
Ýsa:	
Astra og Polar	4 300
Langa:	
Astra og Polar	5 200

Verðbil verða 3½%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin gerast upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. mars 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Grundartangahafnar.

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Grundartangahöfn.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip. Skip telst við ákvörðun lestagjalda koma til hafnar, sé því veitt þjónusta af hafnarstarfsmönnum.

2. gr.
Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 28.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 14.00 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 28.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1900.00 á brúttórúmlest þó aldrei minna en kr. 9 500.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta á land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra afgreiðslu.

3. gr.
Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 14.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 530.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 2. gr., eru undanþegin bryggjugjaldi.

4. gr.
Vatnsgjald.

Fyrir vatn handa skipum skal greiða gjald það sem hafnarstjórn ákveður.

5. gr.
Vörugjald.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er upp eða út á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar getur.

6. gr.

Ef vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Grundartanga, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar á land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Af vörum, sem eru fluttar úr landi á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands, greiðist hálft vörugjald.

8. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Innlend nýmjólk, sem flyst til hafnarinnar.
b. Umbúðir, sem endursendar eru.
c. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi, enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk fiskiskip til eigin afnota.
d. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.
e. Bílar, sem ferjuskip flytja milli hafna og vörur í bílunum.

9. gr.

Vörugjald reiknast eftir máli eða þyngd með umbúðum og er heimilt að nota þá einingu er gefur hærra vörugjald. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu ósundurliðaðar skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst ber að greiða af.

Hafnarstjórn hefur heimild til að semja um sérstök vörugjöld, ef um mikið magn af óunninni vöru er að ræða, svo og ef hún telur sérstakar löndunar- eða pökkunaraðferðir réttlæta slíkt.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tekur til og greiða gjald eins og þar segir.

Ef vafi leikur á í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

11. gr.

Vörugjaldsskrá.

1. fl. Gjald kr. 517.00 fyrir hver 1000 kg:

a. Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 t) svo sem bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, sement, vikur, kísiljárn og skyldar framleiðsluvörur. Sekkjaður áburður, sekkjuð kornvara, sekkjað sement.
b. Gjald fyrir hráefni til framleiðslu kísiljárns skal vera 45% af taxta 1. fl.

2. fl. Gjald kr. 1 094.00 fyrir hver 1000 kg:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, aðrar en taldar eru í 1. fl., óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

3. fl. Gjald kr. 3 025.00 fyrir hver 1000 kg:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
b. Útvarps- og sjónvarpstæki hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
c. Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl. Gjald kr. 296.00 fyrir hvern rúmmeter:

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

5. fl. Gjald 0.85%.

Sjávarafli lagður á land til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og ber ábyrgð á greiðslu þess til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 250.00.

Ýmis gjöld til hafnarinnar.

12. gr.

Fyrir geymslu á vörum á lóðum hafnarinnar um stundarsakir skal greiða gjald, sem hafnarstjórn ákveður.

13. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi.

14. gr.

Fyrir notkun á tækjum hafnarinnar, svo og fyrir móttöku skipa, skal greiða gjald er hafnarstjórn ákveður.

II. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

15. gr.

Hafnarstjórn sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin í skrifstofu hafnarinnar.

16. gr.

Skipstjóri og eigandi skips ber ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjórn krefst þess og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skipinu uns gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau áður en skipið fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri

getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjórn, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

17. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar, samkvæmt 12 gr. greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið sem vörurnar flytur, er komið í höfnina og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt, að afhenda vörurnar, uns gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur og haldsrétt í vörum til tryggingar gjaldinu uns gjaldið er greitt.

18. gr.

Leigu af lóðum hafnarinnar samkvæmt 13. gr., svo og gjald fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar, samkvæmt 14. gr., greiðir samningsaðili.

19. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnarlaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Kröfur ná einnig til tryggingafjár skipa og varnings.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir dráttarbáta og aðra aðstoð, sem framkvæmd er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

Galdskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 28. mars 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 214. 28. mars 1980.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Grundartangahöfn.

I. KAFLI

1. gr.
Takmörk hafnarinnar.

Grundartangahöfn takmarkast að austan af línu sem hugsast dregin frá Katanestá í suð-austur út í miðjan Hvalfjörð og þaðan eftir miðjum Hvalfirði að vesturmörkum hafnarsvæðis í línu, sem hugsast dregin frá vesturmörkum Klafastaðalands í suð-austur.

Að norðan afmarkast höfnin af landinu.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Eigendur hafnarsjóðs hafa á hendi stjórn hafnarinnar undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

Eigendur hafnarsjóðs eru:

Hvalfjarðarstrandarhreppur	10	af hundraði
Innri-Akraneshreppur	10	— —
Leirár- og Melahreppur	10	— —
Skilmannahreppur	10	— —
Akranes	35	— —
Sýslunefndir Borgarfjarðar- og Mýrarsýslna f. h. annarra hreppa sýslnanna en að ofan greinir samkvæmt sérstökum samningi þeirra um innbyrðis eignaraðild	25	— —

Eignarhlutföllum verður ekki breytt og engum sameignarfélaga er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.

3. gr.

Í hafnarstjórn sitja fimm menn og skipa Hvalfjarðarstrandarhreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur og Skilamannahreppur tvo menn og jafnmarga til vara, Akranes tvo menn og jafnmarga til vara og sýslunefndir Borgarfjarðar- og Mýrarsýslna f. h. annarra hreppa sýslnanna einn mann og annan til vara.

Stjórnarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn og skal sá tími vera hinn sami og kjörtímabil sveitarstjórnanna. Stjórnin skiptir með sér verkum og bindur undirskrift meirihluta stjórnar hafnarsjóðs.

4. gr.

Hafnarstjórn hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar í umboði og á ábyrgð fulltrúaráðs skv. 5. gr. Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra, er sér um daglegan rekstur og eftirlit hafnarinnar undir umsjón hafnarstjórnar og skal hann eiga sæti á stjórnarfundum, og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi eiga atkvæðisrétt.

Hafnarstjórn ræður aðra starfsmenn í samráði við hafnarstjóra.

5. gr.

Sérstakt fulltrúaráð skal kosið hlutbundinni kosningu af viðkomandi sveitarstjórnum til að fara með málefni sameigenda gagnvart hafnarstjórn. Skal kjörtímabil fulltrúaráðsins vera hið sama og sveitarstjórnnna. Í fulltrúaráðinu skal eiga sæti einn fulltrúi fyrir hverja 10 hundraðshluta eignaraðildar og hluta þar yfir, þannig að Hvalfjarðarstrandarhreppur fengi einn fulltrúa, Akraneskaupstaður 4 fulltrúa o. s. frv.

Fulltrúaráðið skal halda með sér a. m. k. tvo fundi ár hvert, annars vegar fyrir 1. apríl og er það jafnframt aðalfundur hafnarstjórnar, en hins vegar í desember. Hafnarstjórn boðar til greindra funda með dagskrá og með a. m. k. tveggja vikna fyrirvara.

Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrslu stjórnar og hafnarstjóra.
2. Lagðir skulu fram endurskoðaðir reikningar hafnarinnar.
3. Kosnir skulu tveir endurskoðendur til eins árs.
4. Önnur mál.

Á fundi þeim, sem haldinn er í desember skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári.
2. Önnur mál.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

6. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landsvæði hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þess eða þeirra, sem hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á hafnarsvæðinu, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða öðrum störfum, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur og hafnarbakka. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

8. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós undir kötlum skipsins og í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

Þá er og skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á höfninni, nema umferðin gefi tilefni til þess.

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað sem hafnarstjóri vísar til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur.

Ber að hlíta í öllu reglugerð um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, sem sett er samkv. 3. gr. laga nr. 77 frá 10. maí 1966. Er hafnarstjórn heimilt að ákveða gjald, er innheimta má á staðnum fyrir hvers konar mengunarbrot.

10. gr.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óhrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

IV. KAFLI

Um legu skipa á höfninni og afgreiðslu þeirra.

11. gr.

Skip telst í reglugerð sérhvert fljótandi far.

12. gr.

Sérhvert skip, sem ætlar til Grundartanga, skal gera boð um það til skrifstofu hafnarinnar með minnst 3 klst. fyrirvara.

13. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla, að sótthætta geti stafað af því, ber hafnarstjóra að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

14. gr.

Þegar skip kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, sem segir honum hvar skipið megi liggja.

Skip, sem koma inn í höfnina skulu binda landfestar þar sem starfsmenn hafnarinnar hafa vísað til.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekkert er unnið við, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Liggi skip í höfninni án þess að nokkuð sé unnið við það, getur hafnarstjóri krafist þess, að það sé tekið burtu. Ef ekki er orðið við þessu, hefur hafnarstjóri heimild til að láta flytja skipið, leggja því við legufæri eða taka það á land og ber skipseiganda að greiða allan kostnað þar að lútandi.

15. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan aftur án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur til tekið og fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna skrifstofu hafnarinnar með að minnsta kosti þriggja klukkustunda fyrirvara.

16. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, er utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

17. gr.

Í sérhverju skipi skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær.

Skal hann sjá um, að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni, er leiða kann af vanrækslu í þessu efni.

18. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

19. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rám snúið.

20. gr.

Ekki má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarstólpa, að tilvísun hafnarstjóra. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

21. gr.

Ekki má kræklja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

22. gr.

Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

23. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

24. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart. Ákveður hann, hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skipsins og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

25. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal sá, er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

V. KAFLI

Um skip, sem lagt er í lægi.

26. gr.

Skipum má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir. Skipum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann.

Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því skal hafnarstjóri láta fulnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

VI. KAFLI

Um fermingu og affermingu eldfims og hættulegs varnings:

27. gr.

Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki koma inn á höfnina, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma.

Tilkynningarskylda nær til efna, sem samkvæmt International Maritime Dangerous Godds Code flokkast í flokka 1, 2, 3 og 5. Í tilkynningu skal greina nafn á varningi, magn pökkun og lestun.

Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, kosangas, kalciumkarbit, ammoníum nitrat, natriumklorat, toulol.

28. gr.

Losun á vörum sem um ræðir í 27. gr. skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

29. gr.

Skylt er að hafa öryggisvörslu við skip, sem ferma eða afferma eldfiman flutning.

Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.

30. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, sem um ræðir í 27. gr. skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker.

VII. KAFLI

Um hafnargjöld og innheimtu gjalda.

31. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur í samræmi við 12. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, og staðfestir samgönguráðuneytið gjaldskrána.

32. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu greidd til skrifstofu hafnarsjóðs.

33. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt og opinber gjöld.

Skipagjöld skulu tryggð með lögveði í skipi og gangi það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Halda má eftir skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar greiðslu gjaldanna.

Ennfremur skal vörugjald tryggt með veði í varningi þess aðila, sem skuldar vörugjald, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á varningnum, uns gjaldið er greitt.

VIII. KAFLI.

ÝMIS ÁKVÆÐI.

34. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt sem hafnarstjóri krefst þess. Sé það eigi gert lætur hafnarstjóri gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

35. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður sé liðinn frá því, er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

36. gr.

Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu, að dómi hafnarstjóra.

37. gr.

Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

38. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt 17. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

39. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoð á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

40. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Grundartangahafnar.

41. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 28. mars 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

GJALDSKRÁ
fyrir póstþjónustu.
Gildir frá 1. maí 1980.

TEGUND SENDINGAR Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd-armörk g	Innan-lands Burðar-gj. kr.	Norðurlönd Alm. burðar-gj. kr.	Norðurlönd [1] Flug-burðar-gj. kr.	Önnur lönd í Evrópu Alm. burðar-gj. kr.	Önnur lönd í Evrópu [1] Flug-burðar-gj. kr.	Lönd utan Evrópu Alm. burðar-gj. kr.	Lönd utan Evrópu [1] Flug-burðar-gj. kr.
Bréf.	20	140	140	[2]	160	[2]	160	290
Hámarksstærð:	100	280	280		390		390	800
Lengd + breidd	250	560	560		690		690	2050
+ þykkt 900 mm.	500	1120	1120		1390		1390	3900
Mesta lengd 600 mm.	1000	1680	2000		2310		2310	7430
Í ströngum:	2000	3760	3760		3760		3760	14320
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.								
Mesta lengd 900 mm.								
Hámarksþyngd 2 kg.								
Lágmarksstærð:								
90 × 140 mm. Í ströngum:								
Lengd + tvöfalt								
þvermál 170 mm.								
Minnsta lengd 100 mm.								
Póstkort.				[2]		[2]		
Mest 105 × 148 mm		120	120		120		120	150
Minnst 90 × 140 mm								
Prent.								
Stærð sama og bréfa.	20	120	120	130	120	130	120	150
(Prentkort, sama stærð	100	170	170	210	170	210	170	370
og póstkort).	250	280	280	370	290	410	290	740
Hámarksþyngd 2 kg.	500	490	490	830	520	910	520	1490
Bækur þó 5 kg.	1000	800	800	1530	870	1690	870	2820
Burðargjald fyrir prent	2000	1140	1210	2530	1210	2530	1210	5950
yfir 1000 g til Norðurl.	3000	1700	1820	3980	1820	3980	1820	7440
er sama og fyrir	4000	2270	2430	5430	2430	5430	2430	8980
„Önnur lönd“	5000	2830	3040	6870	3040	6870	3040	10520
Smápakkar.	100	170	170	210	170	210	170	370
Stærð sama og bréfa.	250	280	280	370	290	410	290	740
Hámarksþyngd 1 kg.	500	490	490	830	520	910	520	1490
	1000	800	800	1530	870	1690	870	2820
Innrituð blöð og tímarit.			Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmála-blöð og tímarit landssamtaka stéttarfélaga vísast til reglugerðar fyrir póstþjónustu nr. 337/1976, grein 14.4.1. sbr. breyt-ingu á þeirri reglu-gerð nr. 356 14. ágúst 1979					
Innritunargjald 79 600 kr.								
Stærð sama og bréfa.								
a) Til umboðsm.	hver							
(minnst 50 eintök	500	71						
til hvers í einu).								
Hámarksþ. 20 kg.								
b) Til áskrifenda.								
Minnsta gjald: 200 eint.								
Hámarksþyngd								
500 g hvert eintak.	100	28						
	200	55						
	300	82						
	400	140						
	500	186						

[1] Samanlagt fluggjald og alm. burðargjald.

[2] Bréf og póstkort (LC) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks fluggjalds.

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald kr.
Gíróþjónusta (aðeins innanlands). Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	180
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Hámarksupphæð innanlands: Kr. 1 000 000 (Símapóstávísanir kr. 500 000). Burðargjald	320
b. Til annarra landa: Burðargjald	440
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur. Hámarksupphæð sama og póstávísana (1 000 000) eða innborgunar á póstgíróreikning (upphæð ótakmörkuð). Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Með póstávísun	610
Með innb. á póstgíróreikn. (aðeins innanl.)	430
b. Til anarra landa Burðargjald	670

TEGUND SENDINGAR	Þyngdarmörk kg.	Burðargjald kr. Alm. bögglar kr.	Rúmfr. broth. kr.
Almennir bögglar (innanlands):			
Hámark þyngdar og stærðar (lágmarkssst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m. Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	1	500	700
	3	800	1200
	5	1200	1800
	10	2000	3000
	15	2800	4200
	20	3200	4800

	Kr.
Verðbréf og -bögglar. Burðargjald sendingar eftir tegund.	
Skrásetningargjald	310
Tryggingargjald.	
Fyrir hverjar 50000 kr. eða minna þar yfir	310

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Loftbréf: Söluverð kr. 200. Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald ..... kr. 310

Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu kr. 280

Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um bögglа með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er ..... kr. 670

Móttökukvittun ..... kr. 170

Talning í verðbréfi innanlands: kr. 310 hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð kr. 300
Skiptiverð í frímerkjum kr. 160.

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: kr. 280

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: kr. 170

Tollmeðferð böggla: kr. 310

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: kr. 170

Geymslugjald böggla: 310 kr. á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús

Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan kr. 170

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -bögglar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að kr. 6800 fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að kr. 51 000 fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Pósthólfaleiga. Ársleiga eftir stærð: kr. 1500, 2500, 3200, 4000, 4700.
Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. maí 1980. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu frá 29. janúar 1980.

Samgönguráðuneytið, 22. apríl 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um umferð og umferðarmerki í Akureyrarbæ.

Samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40 1968 samþykkti bæjarstjórn Akureyrar eftirfarandi reglur um umferð á fundi sínum hinn 12. febrúar 1980:

Biðskylda á Löngumýri, Víðimýri og Engimýri þannig að umferð um þessar götur víkur fyrir umferð um Hamarsstíg.

Umferðarmerki verða sett upp í samræmi við framangreint.

Skrifstofa Akureyrar, Dalvíkur og Eyjafarðarsýslu, 7. mars 1980.

Freyr Ófeigsson.

1. apríl 1980. Nr. 217.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hólmavíkurkauptúns, nr. 190 25. apríl 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 28.00 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 14.00 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 28.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 900.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 9 500.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 14.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 530.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldsskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 517.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1 094.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 025.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 296.00 fyrir hvern rúmmetra.

Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 250.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 107 13. febrúar 1979.

Samgönguráðuneytið, 1. apríl 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 218. 1. apríl 1980.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness, nr. 147 4. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 28.00 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 14.00 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 28.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 900.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 9 500.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 14.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 530.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.
Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldsskrá í 9. gr. skulu vera sem hér segir:
1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 517.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1 094.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 025.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 296.00 fyrir hvern rúmmetra.

Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 250.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 370 27. ágúst 1979.

Samgönguráðuneytið, 1. apríl 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

2. apríl 1980. Nr. 219.

SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

2. málsgr. 79. gr., sbr. samþykkt nr. 222 10. desember 1963, falli niður.

2. gr.

Við 81. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Knattborðs- og leiktækjastofur, þar sem rekstur knattborða, spilakassa og leiktækja er meginhluti starfseminnar, má ekki starfrækja nema með leyfi lögreglustjóra, að fenginni umsögn borgarstjórnar. Borgarstjórn ákveður gjald fyrir leyfið, sem veitt skal til fjögurra ára. Knattborðs- og leiktækjastofur mega vera opnar frá kl. 09.00 til kl. 23.30. Ákvæði 77. og 78. gr. taka til þeirra eftir því sem við á.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júní 1980.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. apríl 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

Endurprentað blað.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum í þorskfisknet fyrir Suður- og Vesturlandi.

1. gr.

Frá kl. 12 á hádegi 30. apríl 1980 til og með 20. maí 1980, eru allar veiðar í þorskfisknet bannaðar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi, sem að austan markast af línu, sem dregin er réttvísandi í austur frá Eystrahorni og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.

2. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. apríl 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 18, nr. 192—220. Útgáfudagur 29. apríl 1980.

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 — 1980

22. apríl 1980. 345 Nr. 221.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 107 1. febrúar 1980 um aldurslagatryggingu vegna úreltra og óhagkvæmra fiskiskipa.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sérstök stjórn skal úthluta fé úr sjóðnum. Stjórnina skipa þrír af stjórnarmönnum Samábyrgðarinnar, sem stjórn hennar tilnefnir, og að auki fjórir menn, sem sjávarútvegsráðherra skipar. Þrír þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

Fiskveiðasjóður Íslands.
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.
Sjómannasamband Íslands.

Fjórða manninn skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður sjóðsstjórnar.

Ráðherra skipar þessa fjóra fulltrúa samtímis því að skipað er í stjórn Samábyrgðarinnar, fyrsta sinni eftir setningu þessarar reglugerðar, og skal skipunartími þeirra jafnan vera hinn sami og skipunartími stjórnarmanna Samábyrgðarinnar.

Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins skal greiddur af aflafé hans, þ. á m. kostnaður, sem Samábyrgðin greiðir vegna starfsemi hans.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 5 13. febrúar 1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum samanber lög nr. 2 1. febrúar 1980 til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. apríl 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Ingimar Einarsson.

Stjórnartíðindi B 19, nr. 221. Útgáfudagur 28. apríl 1980.

B 44

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 — 1980

Nr. 222. 346 22. apríl 1980.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. maí 1980.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 71400

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjaritvélar og radíóbúnað í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — áætlaður helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að veita löggiltum rafverktökum sérstakt leyfi til að draga símataugar í rör, sem tilheyra viðkomandi íbúðum enda hafi áður verið komið á samstarfi við hlutaðeigandi rafveitur varðandi samþykki teikninga fyrir símalagnir.

Hér er aðeins um að ræða einfaldar símalagnir í íbúðarhúsum, það er uppsetningu á tenglum, sem Póst- og símamálastofnunin hefur viðurkennt og tengingu þeirra, en ekki tengingu inn í húskassa.

Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 12 100 að viðbættum kr. 26.60 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1. hér að framan, auk kr. 3 900 á ársfjórðungi.

2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar.

Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.

Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

a.	Lengd línuleiðar	0.5— 1.0 km	kr. 3 000
b.	Lengd línuleiðar	1.0— 2.0 km	kr. 4 500
c.	Lengd línuleiðar	2.0— 4.0 km	kr. 7 500
d.	Lengd línuleiðar	4.0— 8.0 km	kr. 18 000
e.	Lengd línuleiðar	yfir 8.0 km	kr. 24 000

3. Flutningsgjald.

3.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað ..... kr. 35 700
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).

3.2. Milli stöðvargjaldsvæða ..... — 48 300

3.3. Til viðbótar 3.1. og 3.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.

3.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan sama gjaldsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 3.1. niður í allt að kr. 18 400 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 23 000 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 40 000.

Viðtökugjald lækkar í kr. 7 100 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 14 200.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 3.1. hér að framan.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðgerð notendabúnaðar.

Viðgerðarkostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðgerðarkostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðgerðarkostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 56 400

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.2. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjarritvélar og radíóbúnað í samráði við ráðuneytið.

1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð með línu.

Afnotagjaldið er tilfært í heilum krónum.

Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum		2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
2 std.	5 300	4 240	3 180
4 —	7 000	5 600	4 270
6 —	7 900	6 320	4 740
8 —	8 800	7 040	5 280
10 —	9 700	7 760	5 820
12 —	9 900	7 920	5 940
14 —	10 100	8 080	6 060
16 —	10 300	8 240	6 180
24 —	12 100	9 680	7 260

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem að framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu. Viðbótargjaldið skal þó hækka eða lækka þannig að standi á heilum tug króna.

2.2. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

2.3. Almenn ákvæði.

Ofannefnt afnotagjald fyrir númer í miðstöð og línu hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum. Þessi hækkun gildir ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald greiðist fyrir fram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

3. Flutningsgjald.

3.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað ..... kr. 28 200

3.2. Milli stöðvargjaldsvæða ..... — 39 100

3.3. Til viðbótar 3.1 og 3.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.

3.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, má lækka flutningsgjald skv. 3.1. niður í allt að kr. 14 200.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 31 000.

Viðtökugjald lækkar í kr. 7 100 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 14 200.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 3.1. hér að framan.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af Póst- og símamálastofnuninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðgerð notendabúnaðar.

Viðgerðarkostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðgerðarkostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi ea afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðgerðarkostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

III. KAFLI
Notendasímar í sveitum.

1. Stofngjald.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1.1. Stofngjald fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu er kr. 38 000. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveður Póst- og símamálastofnunin stofngjald í hvert skipti eða eftir samkomulagi.

1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.

1.3. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunar-

rétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjarritvélar og radíóbúnaði í samráði við ráðuneytið.

1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

2 std.	.....	kr. 2 760
4 —	.....	— 3 100
6 —	.....	— 4 030
8 —	.....	— 4 720
10 —	.....	— 5 180
12 —	.....	— 5 290
14 —	.....	— 5 410
16 —	.....	— 5 640
24 —	.....	— 5 980

2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.

2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

2.4. Viðgerðarkostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðgerðarkostnaður annars notandabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.
Annar viðgerðarkostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

3. Almenn ákvæði.

3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.

3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.

3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.

3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.

3.5. Símnotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.

3.6. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.

3.7. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kauptúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI
Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir langlínusímtöl innanlands sem valin eru sjálfvirkt:

1.1. **Dagtaxti er frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 08:00 til kl. 15:00 á laugardögum.**

Gjaldflokkur	Sek. í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
0	ót. tími	
1	60 sek.	26.60
2	12 —	133.00
3	10 —	159.60
4	8 —	199.50

1.2. **Næturtaxti er frá kl. 19:00 til kl. 08:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 15:00 á laugardegi til kl. 08:00 næsta mánudag.**

Gjaldflokkur	Sek. í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
1	120 sek.	13.30
2	24 —	66.50
3	20 —	79.80
4	15 —	106.40

2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

	Minnsta gjald	Umframgjald pr. mín.
2.1. Um 0— 10 km línulengd	kr. 180	kr. 60
— 10— 25 — —	— 294	— 98
— 25—100 — —	— 399	— 133
—100—225 — —	— 480	— 160
Yfir 225 — —	— 600	— 200

Framannefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.

2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.

2.4. Kvaðning kr. 220. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.

2.5. Afgreiðslugjald: kr. 550 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.

2.6. Boðsending: kr. 355 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og 355 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

3. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir sjálfvirkt val til útlanda gilda ekki næturtaxtar eins og fyrir val innanlands.

4. Radíó-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

4.1. Línugjald kr. 294 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 98 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.

4.2. Strandargjald kr. 600, ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi, en annars kr. 843 fyrstu 3 mín. og kr. 200 eða kr. 281 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.

4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.

4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt IV. kafla 2.

4.5. Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
b. Strandargjald.
c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV. kafla 2.

V. KAFLI
Símskeytagjald.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

1.1. Venjulegt símskeyti: Grunngjald kr. 550 og kr. 30 fyrir hvert orð: Lágmarksorðafjöldi 7 orð.

1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.

1.3. Veðurskeyti: Kr. 300 fyrir hvert skeyti.

1.4. Símapóstávísanir: Gjald kr. 1150 án tillits til orðafjölda.

1.5. Heillaskeyti: Sama og fyrir venjulegt símskeyti, auk kr. 300 fyrir heillaskeytiseyðublaðið.

1.6. Samúðarskeyti: Grunngjald kr. 550. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landsspítalasjóðs.

1.7. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kauptúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 355 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.

1.8. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

1.9. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjald fyrir símskeyti til útlanda er ákveðið af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

3.1. Almenn loftskeyti.

3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:

a. **Grunngjald fyrir hvert skeyti** kr. 550.
b. **Línugjald** kr. 30 á hvert orð.
c. Strandargjald kr. 42 hvert orð.
d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
e. Gjald fyrir aukaþjónustu að beiðni sendanda.

Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.

3.2. **Sérstök loftskeyti.**

3.2.1. **Gjald fyrir veðurskeyti** frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 300 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 210.

3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.

3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI
Telex- og fjarritvélar.

1. Stofngjald.

1.1.	Númer í telexstöð	kr. 316 000
1.2.	Bæjarlína	— 78 000
1.3.	Venjuleg fjarritvél af eldri gerð	— 510 000
1.4.	Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð. Greiða skal kostnaðarverð sem birt er í verðskrá, en það er innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði.	

1.5.	Innbyggður endurgati af eldri gerð	— 91 000
1.6.	Innbyggður vélsendir af eldri gerð	— 91 000
1.7.	Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs	— 231 000
1.8.	Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði	— 293 000
1.9.	Vélsendir	— 112 000
1.10.	Vélgatari	— 231 000
1.11.	Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	— 192 000
1.12.	Afriðill	— 41 000
1.13.	Tengipúlt	— 61 000
1.14.	Fyrir útskiptingu á telex- og fjarritvélum, ef leyft verður, greiðist fullt stofngjald.	
1.15.	Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður	— 41 000
1.16.	Breyting á telexheiti	— 22 000

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1.	Númer í telexstöð	— 114 000
2.2.	Bæjarlína	— 22 000
2.3.	Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega.	— 200 000
2.4.	Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð. Greiða skal rekstrargjald, sem birt er í verðskrá, en það er 2.2% af kostnaðarverði samkvæmt verðskrá á hverjum tíma á ársfjórðungi. Í rekstrargjaldinu er innifalið viðhald án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega.	
2.5.	Innbyggður endurgati af eldri gerð	— 29 000
2.6.	Innbyggður vélsendir af eldri gerð	— 29 000
2.7.	Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs	— 98 000
2.8.	Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði	— 113 000
2.9.	Vélsendir	— 46 000
2.10.	Vélgatari	— 84 000
2.11.	Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	— 98 000
2.12.	Afriðill	— 22 000
2.13.	Tengipúlt	— 28 000
2.14.	Fjölsendir (2 vélsendar — 1 númerasendir)	— 140 000
2.15.	Fjölsendir (1 vélsendir — 1 númerasendir)	— 98 000
2.16.	Fyrir ritsímatæki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%.	
2.17.	Fyrir ICAO ritsímatæki á Keflavíkurflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.1. vegna utanbæjarferða fellur niður.	
2.18.	Fyrir ritsímatæki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.	

3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

3.1.	Milli húsa á svæði sömu símstöðvar	kr. 78 000
3.2.	Innanhúss	— 39 000
3.3.	Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar	— 117 000

4. Gjald fyrir telexritanir.

4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 26.60 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 66.50 á mínútu.

4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og millirikjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

5. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu þess fjarritabúnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

VII. KAFLI
Modem fyrir datasendingar.

Modem eru sett upp gegn greiðslu kostnaðarverðs á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði og rekstrargjalds, sem er 2.2% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi.

Uppsetningarkostnaður ásamt tilheyrandi lögnum greiðist samkvæmt reikningi (efni og vinna). Ferðakostnaður vegna uppsetninga og viðhalds greiðist samkvæmt reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu modema, sem eru í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni. Upplýsingar um endurkaupsverð modema fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Greiða skal ⅓ hluta áætlaðs kostnaðarverðs, þegar modem er pantað, ⅓ þegar modemið kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.

VIII. KAFLI
Sambönd og línur.

1. Stofngjald.

Ef unnt er að láta innanbæjarlínu á leigu, skal stofngjaldið vera jafnt tvöfaldri ársleigu, þó aldrei lægra en sem svarar tvöfaldri ársleigu fyrir 1 km. Stofngjöld fyrir línur milli gjaldsvæða ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Viðbótarstofngjald fyrir datasamband ef lína er bætt fyrir sendingarhraða 2 400 bits/sek. eða meira, er kr. 340 000.

2. Afnotagjald.

2.1. Viðskiptagjald. Þetta gjald er tekið fyrir sambönd, sem Póst- og símamálastofnunin samþykkir að leigja notanda fyrir símaviðskipti, (þ. m. t. tal og dataviðskipti) og miðast gjaldið við 72 þúsund mínútna notkun á ári samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli hlutaðeigandi símamiðstöðva. Póst- og símamálastofnunin veitir afslátt á viðskiptagjöldum eftir því hver notkunin er, sbr. eftirfarandi.

2.1.1. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði skal nota margföldunarstuðul 0,694.

2.1.2. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,555.

2.1.3. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum, sem eingöngu er notaður í sambandi við gæslu og öryggismál, en ekki fyrir venjuleg símaviðskipti, skal nota margföldunarstuðul 0,347.

2.1.4. Fyrir ritsímarás milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,167.

2.1.5. Fyrir samband þar sem sami notandi fær aðgang að rás á fleiri en tveimur stöðum gildi eftirfarandi gjöld enda gefi uppbygging símakerfisins kost á beinni tengingu viðkomandi staða:

2.1.5.1. Þegar einungis er um að ræða tvö gjaldsvæði greiðist viðskiptagjald samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á og km-gjald milli þeirra staða innan gjaldsvæðis, þar sem notandi fær aðgang að rásinni.

2.1.5.2. Þegar um fleiri en tvö gjaldsvæði er að ræða er viðskiptagjald miðað við þá staði, sem hæst gjald er á milli og greiðist samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á. Fyrir hvern aðgangsmöguleika notanda að rásinni á mismunandi gjaldsvæðum á leiðinni greiðist viðtengingargjald, sem er 12.5% ofan á viðskiptagjaldið.
Ef endakaflar rásarinnar eru innan sama gjaldsvæðis reiknast þeir samkvæmt kílómetragjaldi.

2.1.5.3. Þegar um afgreiningu frá rás er að ræða, er litið á hana eins og um aðskilda rás væri að ræða og gjöld fyrir hana reiknuð frá afgreiningarstað á sama hátt og í 2.1.5.1. og 2.1.5.2.

2.2. Innan gjaldsvæðis er afnotagjald reiknað sem leiga á km (gjald reiknast í 500 metra þrepum) og er á ársfjórðungi:

2.2.1.	Fyrir 1 línu í innanbæjarsíma 0,4—0,7 mm	kr. 4 910
2.2.2.	Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0,9 mm	— 6 790
2.2.3.	Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 1,4—1,7 mm eða loftlínu	— 8 030
2.2.4.	Fyrir ritsímarás í tónritsíma	— 2 580
2.2.5.	Fyrir datasamband (1 lína í innanbæjarsíma)	— 6 230

Skemmstur leigutími skal ákveðinn með samningum í hvert skipti. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur. Leiga til annarrar notkunar en getið er að ofan ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

IX. KAFLI

Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Verðið er kostnaðarverð á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði.

Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjarritvélar og radíóbúnað í samráði við ráðuneytið.

X. KAFLI

Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 6 500 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 1 300 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

XI. KAFLI

1. Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri (í aðalstöðvum og einkastöðvum) eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 1 800. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 3 200 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur Póst- og símamálastofnunin heimilað það gegn 3 100 króna gjaldi, sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

3. Skrásetning í stafrófsskrána.

3.1.	Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 3 000
3.2.	Aukanafn í skrá	— 3 200
3.3.	Aukalína í skrá, hver lína	— 1 750
3.4.	Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 3 000+3 200	— 6 200

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 3 200 sem aukanafn.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Skrásetning án sérstaks gjalds.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og símamálastofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 1 700. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 3 000. Auglýsingalína kostar kr. 1 700.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XII. KAFLI

Radíótæki og þjónusta um radíóstöðvar.

1. Radíóeftirlitsgjöld.

Gjöld vegna talstöðva skulu vera sem hér segir:

1.1.	Fyrir milli-, stutt-, og metrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar m.a. fyrir þjónustu við bifreiðar).	
1.1.1.	Leyfisbréfagjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	kr. 7 800
1.1.2.	Árlegt eftirlitsgjald senda þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött	— 17 200
1.1.3.	Leyfisbréfagjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	— 3 700
1.1.4.	Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt 100 wött eða minna	— 11 400
1.2.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í bifreiðum og vinnutækjum, sem eru einungis skoðaðar eftir ósk notanda eða af gefnu tilefni.	
1.2.1.	Leyfisbréfagjald (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	— 3 700
1.2.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir metrabylgjustöðvar í bifreiðum með sértíðni eingöngu og í bátum, sem ekki eru skoðunarskyldir	— 4 700
1.3.	Fyrir almenningstalstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu.	
1.3.1.	Starfsleyfi (gildir í 5 ár)	— 8 600
1.3 2.	Endurnýjunargjald fyrir starfsleyfi	— 6 900
1.3.3.	Stöðvarleyfi (gildir í 1 ár)	— 5 800
	Endurnýjunargjald fyrir stöðvarleyfi	— 4 000
1.3.4.	Leyfisbréfagjald fyrir stöðvar með sendiafl 50 milliwött eða minna	— 5 800
1.4.	Önnur gjöld.	
1.4.1.	Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa)	kr. 7 300
1.4.2.	Leyfisbréf nýliða vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár) og bráðabirgðaleyfi erlendra amatöra	— 3 700
1.4.3.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrshurðum	— 3 100
1.4.4.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum	— 1 600
1.4.5.	Fyrir skírteini loftskeytamanns	— 6 000
1.4.6.	Fyrir skírteini talstöðvarvarðar	— 3 000
1.4.7.	Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar	— 4 000
1.4.8.	Innsiglisgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi)	— 8 000

2. Gjöld fyrir tegundaprófun.

2.1. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl yfir 0.5 watt ..... kr. 58 000
2.2. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl. 0.5 watt eða minna ..... — 29 000
2.3. Gjald fyrir tegundaprófun á radíótækjum öðrum en talstöðvum er eftir reikningi.
2.4. Innflutningur erlendra radíótækja, þar á meðal talstöðva, er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning að ræða á tæki eða talstöð, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort tækið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru.
2.5. Innflytjandi, sem flytur inn radíótæki í fyrsta sinn, fær áritun Póst- og símamálastofnunarinnar á tollskjöl, en ber síðan að afhenda tækið í prófun. Með tækinu skal fylgja handbók, sem í eru allar nauðsynlegar upplýsingar um tækið og notkun þess. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva greiðist fyrir fram.
2.6. Að lokinni prófun skilar Póst- og símamálastofnunin niðurstöðum til innflytjanda.

3. Viðskiptagjöld.

3.1. Radíósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla IV. 4 hér að framan.
3.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3 hér að framan.
3.3. Viðskiptagjöld vegna radíóstöðva og í verstöðvum.
Vegna radíóstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

Fyrir 1—5 báta	kr. 1 700
Fyrir 6—15 báta	— 3 100
Fyrir 16—30 báta	— 4 400
Fyrir 31 bát og fleiri	— 5 800

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

3.3.1. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 3 000 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.

3.4. Viðskiptagjöld og reglur vegna samningsbundinna viðskipta við fiskibáta.

3.4.1. Póst- og símamálastofnunin lætur fiskibátum í té alla strandarstöðvaþjónustu, sem þeir þurfa á að halda vegna reksturs og útgerðar bátsins, gegn ákveðnu ársfjórðungslegu viðskiptagjaldi.

3.4.2. Viðskipti þessi geta farið fram um hvaða strandarstöð Póst- og símamálastofnunarinnar sem er.

3.4.3. Í þjónustu þessari eru innifalin símtöl, skeyti og skilaboð til afgreiðslu innan bæjarsímakerfis þess staðar, þar sem hlutaðeigandi strandarstöð er.

3.4.4. Afgreiðsla símtala eða skeyta um langlínukerfi Póst- og símamálastofnunarinnar greiðist samkvæmt gjaldskrá þessari.

3.4.5. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á lauslegum, munnlegum skilaboðum, og eru þau afgreidd á ábyrgð þess, er óskar flutnings þeirra.

3.4.6. Skilyrði þess, að útgerðarmaður eða félag geti orðið þessarar þjónustu aðnjótandi eru:
Að allir fiskibátar, sem skráðir eru innan hlutaðeigandi lögsagnarumdæmis og búnir talstöð, greiði slíkt viðskiptagjald; að samtök útvegsmanna í hlutaðeigandi lögsagnarumdæmi beri ábyrgð á greiðslu viðskiptagjaldanna á tilskildum tíma og að ofangreind viðskipti fjalli eingöngu um atriði, er varða útgerð og rekstur viðkomandi báts, og þess stranglega gætt, að þeim ákvæðum sé fylgt.

3.4.7. Ársfjórðungslegt viðskiptagjald fiskibáta skal vera sem hér segir:

a. fyrir minni báta en 100 tonn	kr.	9 800
b. fyrir báta 100 tonn og stærri	—	15 900

Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta strandarstöðva, allt að 25 símtölum og skilaboðum ársfjórðungslega fyrir báta minni en 100 tonn, og allt að 40 símtölum og skilaboðum fyrir báta 100 tonn og stærri.
Þau símtöl og skilaboð, sem umfram kynnu að verða ofangreindar magntölur skulu greiðast samkvæmt gjaldskrá þessari, IV. kafla 4.

3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

3.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 5 750.

3.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 800.

4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.
Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	kr.	3 100
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	—	4 600
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	—	6 200
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	—	8 300

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrir fram ársfjórðungslega.
Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

5. Almenn ákvæði.

5.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radíótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda Póst- og símamálastofnuninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radíótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

5.2. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með notkun radíótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.

5.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radíótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálft eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

5.4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.

5.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.

5.6. Radíóeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.

5.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.

5.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.

5.9. Hafi áfallin gjöld vegna radíótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfelli. Enn fremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símreikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.

5.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglisgjald, áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsiglunar greiðir leyfishafi.

5.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör"-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.

5.12. Innflutningur erlendra radíótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru. Gjöld fyrir tegundaprófun eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá fyrir radíótæki.

5.13. Leyfi til starfrækslu radíóstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.

5.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radíótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

5.15. Póst- og símamálastofnunin hefur nokkurt magn radíótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki.

6. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

6.1. Póst- og símamálastofnunin starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir Póst- og símamálastofnunin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfi til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.

6.2. Ekki er heimilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, á nokkurn hátt við hið almenna símakerfi.

6.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.

6.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af Póst- og símamálastofnuninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

6.5. Skylt er að halda sérstaka radíó-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

6.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannslífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

6.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

6.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva eru tilgreind í grein 3.5. í þessum kafla gjaldskrárinnar.

XIII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist ⅕ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.

Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).

1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símstjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIV. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn.
Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.

1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusamtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.

1.4. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunarinnar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.

1.6. Bili símabúnaður, ber þegar í stað að tilkynna það viðkomandi stöðvarstjóra, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur á viðgerð símans má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.7. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.

1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Séu það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.

1.9. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur ekki verið notaður samfellt í 6 mánuði eða lengur, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leigutaki vilji greiða áfram afnotagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði. Gildir þetta einnig, þótt ekki hafi verið unnt að afgreiða beiðni um flutning símans á þeim tíma.

1.10. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa

verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.

1.12. Verðskrá sú er póst- og símamálastjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex og fjarskiptavélar og radíóbúnað, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.

1.13. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

2.1. Skráður rétthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.

2.2. Eindagi síma- og radíógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamálastofnunin sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 5 000 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 1 700 fyrir lokun og enduropnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radíógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann tilkynna það skriflega hlutaðeigandi stöðvarstjóra, sem lætur því næst framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. maí 1980. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. maí 1980 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur útgefnar 29. janúar 1980.

Samgönguráðuneytið, 22. apríl 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum togbáta í maí 1980.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. maí 1980 til og með 7. maí 1980 eru togskipum, öðrum en skuttogurum með aflvél 900 bremsuhestöfl og stærri og togskipum, 39 metrar og lengri, bannaðar þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

2. gr.

Á þeim tíma, sem togbátar mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 1. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli veiðiferðar fram úr 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Komi togbátur með afla að landi á tímabilinu 1.—7. maí 1980 og hlutur þorsks í afla reynist hærri en 15%, skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 2. gr. Sama gildir komi togbátur að landi eftir 7. maí, hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu 1.—7. maí 1980.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1978, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. apríl 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum í þorskfisknet fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi og um bann við netaveiðum loðnuskipa.

1. gr.

Frá kl. 12 á hádegi 6. maí 1980 til og með 20. maí 1980, eru allar veiðar í þorskfisknet bannaðar á svæði fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi, sem að vestan markast af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum og að austan af línu dreginni réttvísandi í austur frá Eystrahorni.

2. gr.

Skipum þeim, er leyfi fengu til loðnuveiða á vetrarvertíð 1980, eru bannaðar allar veiðar í þorskfisknet frá hádegi 6. maí 1980 til og með 15. ágúst 1980.

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. apríl 1980.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

1. gr.

2. gr., 1. töluliður, a-stafliður orðist svo: „a. Astma.“

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. maí 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. apríl 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 20, nr. 222—225. Útgáfudagur 30. apríl 1980.

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 — 1980

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir eftirlitsstörf Öryggiseftirlits ríkisins nr. 103 31. janúar 1980.

1. gr.

Samkvæmt 5. gr. gjaldskrárinnar hefur verið ákveðið að hækka gjöld samkvæmt gjaldskránni um 20%.

2. gr.

1. Í 5. flokk, staflið D. 1. gr. gjaldskrárinnar falli niður „málmbræðsluker með hreyfibúnaði", en við bætist: málmbræðsluker, málmhúðunarker og málmhersluker.
2. Í 6. flokk, staflið D, 1. gr. bætist við: rafgreiningaker.
3. Í 8. flokk, staflið D, 1. gr. bætist við: málmmulnings og sigtunarsamstæður, rafbræðsluofnar, gjald fyrir hvert MW.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952, 47. gr., sbr. 1. nr. 52/1955 og öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. apríl 1980.

Friðjón Þórðarson.

Jón Thors.

29. apríl 1980. Nr. 227.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 30 000
2.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	kr. 10 000
3.	Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 10 000
4.	Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 10 000
5.	Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	— 1 500
6.	Fyrir uppboðsauglýsingu,. þrjár birtingar	— 13 500

B 47

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

7.	Fyrir fjármark	— 2 700
8.	Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	— 1 500
9.	Fyrir innköllun	— 13 500
10.	Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 5 000
11.	Fyrir einkaleyfisumsókn	— 5 000
12.	Fyrir ógildingarstefnu	— 13 500
13.	Fyrir dómsbirtingu	— 13 500
14.	Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 6 dálksentimetrar	— 7 000

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 1 160 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndmót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 5. maí 1980. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 2 3. janúar 1980 um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. apríl 1980.

Friðjón Þórðarson.

Jón Thors.

Nr. 228. 2. maí 1980.

AUGLÝSING

um hækkun hafnagjaldskráa.

Samkvæmt 26., sbr. 12. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, staðfestir ráðuneytið hér með til að öðlast þegar gildi 8% hækkun á gildandi gjaldskrám eftirtalinna hafnarsjóða:

1. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur, nr. 108/1975 sbr. reglugerðir nr. 61/1977, 336/1977 og 22/1980.
2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundartangahafnar, nr. 213/1980.
3. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness, nr. 267/1975, sbr. reglugerðir nr. 388/1977 og 180/1980.
4. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness, nr. 147/1975, sbr. reglugerð nr. 218/1980.
5. Gjaldskrá fyrir Landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, nr. 195/1975, sbr. reglugerð nr. 121/1980.
6. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsvíkurhrepps, nr. 112/1975, sbr. reglugerð nr. 23/1980.
7. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundarfjarðar, nr. 136/1975, sbr. reglugerð nr. 178/1980.
8. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stykkishólms, nr. 118/1975, sbr. reglugerð nr. 24/1980.
9. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Patrekshafnar, nr. 407/1975, sbr. reglugerð nr. 25/1980.
10. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðar, nr. 124/1975, sbr. reglugerð nr. 26/1980.
11. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bíldudalskauptúns nr. 217/1976, sbr. reglugerð nr. 27/1980.
12. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þingeyrarkauptúns, nr. 179/1976, sbr. reglugerð nr. 28/1980.
13. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Flateyrarkauptúns nr. 134/1975, sbr. reglugerð nr. 29/1980.

14. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Suðureyrarkauptúns, nr. 211/1976, sbr. reglugerð nr. 30/1980.
15. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bolungarvíkur, nr. 138/1975, sbr. reglugerð nr. 31/1980 og nr. 187/1980.
16. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar, nr. 151/1975, sbr. reglugerð nr. 144/1980.
17. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hólmavíkurkauptúns, nr. 192/1975, sbr. reglugerð nr. 217/1980.
18. Gjaldskrá fyrir Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 261/1975, sbr. reglugerð nr. 33/1980.
19. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduóss, nr. 263/1975, sbr. reglugerð nr. 143/1980.
20. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Skagastrandar, nr. 269/1975, sbr. reglugerð nr. 34/1980.
21. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Sauðárkrókskaupstaðar, nr. 265/1975, sbr. reglugerð nr. 35/1980.
22. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 180/1975, sbr. reglugerð nr. 36/1980.
23. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ólafsfjarðar, nr. 213/1976, sbr. reglugerð nr. 37/1980.
24. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Dalvíkur, nr. 132/1975, sbr. reglugerð nr. 176/1980.
25. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hríseyjar, nr. 178/1975, sbr. reglugerð nr. 38/1980.
26. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akureyrar, nr. 198/1975, sbr. reglugerð nr. 39/1980.
27. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grenivíkur í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 99/1979, sbr. reglugerð nr. 40/1980.
28. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grímseyjarhafnar, nr. 190/1980, sbr. reglugerð nr. 41/1980.
29. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tjörneshafnar, nr. 207/1976, sbr. reglugerð nr. 122/1980.
30. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Húsavíkur, nr. 184/1975, sbr. reglugerð nr. 42/1980.
31. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Kópaskerskauptúns, nr. 166/1977, sbr. reglugerð nr. 43/1980.
32. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Raufarhafnar, nr. 23/1976, sbr. reglugerð nr. 44/1980.
33. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Þórshafnar, nr. 489/1975, sbr. reglugerð nr. 45/1980.
34. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bakkafjarðar, Skeggjastaðahreppi, Norður-Múlasýslu, nr. 188/1975 sbr. reglugerð nr. 46/1980.
35. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vopnafjarðarhrepps, nr. 110/1975, sbr. reglugerð nr. 47/1980.
36. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarfjarðarhrepps, nr. 126/1975, sbr. reglugerð nr. 48/1980.
37. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar, nr. 122/1975, sbr. reglugerð nr. 49/1980.
38. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Neskaupsstaðar, nr. 21/1976, sbr. reglugerð nr. 181/1980.
39. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Eskifjarðarkaupstaðar, nr. 149/1975, sbr. reglugerð nr. 50/1980.
40. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reyðarfjarðarkauptúns, nr. 197/1975, sbr. reglugerð nr. 179/1980.
41. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Búðakauptúns, nr. 240/1977 sbr. reglugerð nr. 51/1980.
42. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Stöðvarfjarðarkauptúns, nr. 209/1976, sbr. reglugerð nr. 177/1980.
43. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Djúpavogs, nr. 215/1976, sbr. reglugerð nr. 52/1980.
44. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarkauptúns í Hornafirði, nr. 114/1975, sbr. reglugerð nr. 53/1980.

45. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vestmannaeyja, nr. 120/1975, sbr. reglugerð nr. 89/1977, 335/1977 og 54/1980.
46. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Þorlákshöfn, nr. 130/1975, sbr. reglugerð nr. 334/1977 og nr. 60/1980.
47. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grindavíkur, nr. 182/1975, sbr. reglugerð nr. 55/1980.
48. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Miðneshrepps, nr. 186/1975, sbr. reglugerð nr. 56/1980.
49. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 128/1975, sbr. reglugerð nr. 59/1980.
50. Gjaldskrá fyrir Vogahöfn í Gullbringusýslu, nr. 499/1975, sbr. reglugerð nr. 57/1980.
51. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hafnarfjarðar, nr. 116/1975, sbr. reglugerð nr. 58/1980.

Þrátt fyrir ofanritað skal aflagjald vera óbreytt frá því sem ákveðið er í gildandi gjaldskrám.

Samgönguráðuneytið, 2. maí 1980.

F. h. r.
Brynjólfur Ingólfsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 229. 2. maí 1980.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 81 23. janúar 1980, um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 4. maí 1980, er felld úr gildi reglugerð nr. 81 23. janúar 1980, um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. maí 1980.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 — 1980

2. maí 1980. 373 Nr. 230.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169 21. ágúst 1970 um söluskatt með áorðnum breytingum.

1. gr.

1. mgr. 7. tl. 10. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 450/1979, orðist svo:

Hvers konar sala, afhending eða þjónusta látin í té í matsölu-, veitinga- og gistihúsum, þvottahúsum, efnalaugum, hárgreiðslustofum, rakarastofum og öðrum snyrtistofum, flutningastarfsemi, sem ekki er sérstaklega undanþegin, véla- og önnur lausafjárleiga, afgreiðslu- og stöðvargjöld, fyrirgreiðslustarfsemi ferðaskrifstofa og önnur slík starfsemi, sýningar í kvikmyndahúsum, og hvers konar skemmtistarfsemi, sem ekki er sérstaklega undanþegin sbr. 15. og 24. tl. 14. gr. og tekur þetta einnig til sölu, afhendingar og þjónustu, sem innt er af hendi fyrir hina skattskyldu aðila sjálfa.

2. gr.

18. tl. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sala skipasmíðastöðva og annarra viðgerðaraðila á efni og vélavinnu til skipaviðgerða. Á þetta við um efni og vélavinnu til viðgerða á bolum skipa, föstum vélum, tækjum og munum, sem telja má venjulegt fylgifé skipa. Undanþágan tekur aðeins til sölu á efni, sem viðgerðaraðilar vinna sjálfir úr, og skulu þeir með reikningum sínum staðfesta notkun efnisins eða vélavinnunnar við skipaviðgerðina. Undanþága þessi nær þó ekki til viðgerða eða breytinga á skemmtibátum.

3. gr.

19. tl. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar efni til skipaviðgerða er keypt hjá verslunum eða öðrum aðilum, sem ekki annast úrvinnslu þess eða niðursetningu um borð í skipi, er heimilt að endurgreiða eigendum eða umráðamönnum skips söluskatt af hinu keypta efni. Sama á við um söluskatt, sem greiddur er við innflutning skipseiganda sjálfs á efni eða varahlutum til skipaviðgerða. Endurgreiðsla á söluskatti kemur því aðeins til greina að reikningur seljanda beri það greinilega með sér að söluskattur hafi verið greiddur. Umsóknir um endurgreiðslu söluskatts samkvæmt þessum tölulið skulu sendar Siglingamálastofnun ríkisins og skulu þær hafa borist stofnuninni innan árs frá því að viðgerð lauk. Um framkvæmd endurgreiðslu söluskatts, þ. á m. um lágmarksfjárhæð endurgreiðslubeiðni, skulu að öðru leyti gilda þær reglur, sem settar eru skv. 28. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, um endurgreiðslu tolla af efnivörum, m. a. til skipaviðgerða. Skipseigandi, sem fær endurgreiðslu samkvæmt þessum tölulið, skal tilgreina endurgreiddan söluskatt sérstaklega á skattframtali sínu eða í gögnum með því. Undanþága þessi nær þó ekki til viðgerða eða breytinga á skemmtibátum.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

4. gr.

Við 13. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður er verði 26. tl. og orðist svo:

Vörur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum: 84.10.32 (dælur úr ryðfríu stáli og/eða plasti ótaldar í öðrum tollskrárnúmerum), 84.11.11 og 84.11.21 (þjöppur fyrir kæli- og frystikerfi og hlutar fyrir þær), 84.15.33, 84.15.39 og 84.15.49 (ísvélar, frystiskápar, kæliblásarar og lausfrystitæki og hlutar til þeirra, þ. m. t. eimarar og þéttar, sem ekki falla undir önnur tollskrárnúmer).

5. gr.

24. tl. 14. gr. reglugerðarinnar, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 450/1979, orðist svo:

Aðgangseyrir að leiksýningum og tónleikum enda séu skemmtanir þessar ekki í neinum tengslum við annað skemmtana- eða samkomuhald.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 2. maí 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Stjórnartíðindi B 22, nr. 230. Útgáfudagur 6. maí 1980.

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 — 1980

8. maí 1980. 375 Nr. 231.

AUGLÝSING

um hækkun smásöluverðs raforku.

Samkvæmt 25. og 62. gr. Orkulaga nr. 58 29. maí 1967 og 10. gr. laga um Orkubú Vestfjarða nr. 66 31. maí 1977 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkanir á gildandi gjaldskrám (með síðari breytingum)[1] eftirtalinna rafveitna frá og með 10. maí 1980.

Rafmagnsveita Reykjavíkur nr. 63 28. janúar 1980	4.8%
Rafveita Hafnarfjarðar nr. 65 28. janúar 1980	4.8%
Rafveita Akraness nr. 402 25. september 1979	6.0%
Rafveita Borgarness nr. 232 16. maí 1979	6.0%
Orkubú Vestfjarða nr. 234 21. maí 1979	6.0%
Afl og orkugjald hitataxta skv. liðum D og E hækka þó ekki.	
Rafveita Sauðárkróks nr. 163 7. mars 1980	6.0%
Rafveita Siglufjarðar nr. 164 7. mars 1980	6.0%
Taxti 4.1 hækkar þó ekki.	
Rafveita Akureyrar nr. 64 28. janúar 1980	6.0%
Rafveita Húsavíkur nr. 246 28. maí 1980	6.0%
Rafveita Reyðarfjarðar nr. 161 28. febrúar 1980	6.0%
Rafveita Vestmannaeyja nr. 237 23. maí 1979	6.0%
Rafveita Selfoss nr. 128 6. febrúar 1980	6.0%
Rafveita Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis nr. 160 6. febrúar 1980	6.0%
Rafveita Keflavíkur nr. 131 6. febrúar 1980	6.0%
Rafveita Miðneshrepps nr. 137 8. febrúar 1980	6.0%
Rafveita Gerðahrepps nr. 138 6. febrúar 1980	6.0%
Rafveita Grindavíkur nr. 389 20. september 1979	6.0%
Rafveita Njarðvíkur, Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps nr. 230 15. maí 1980	6.0%
Rafmagnsveitur ríkisins nr. 93 28. janúar 1980	6.0%
Heildsölugjaldskrá hækkar um	12.0%
Afl og orkugjöld hitataxta samkvæmt tölulið 4 og 6 hækka ekki.	

Iðnaðarráðuneytið, 8. maí 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

1) Að viðbættri hækkun vegna Orkujöfnunargjalds frá 15. apríl 1980 um 1.054% á þá gjaldskrárliði sem verðjöfnunargjald og söluskattur er innheimt af.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

AUGLÝSING

um hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur nr. 84 28. janúar 1980.

Samkvæmt 29. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur frá og með 10. maí 1980:

a) Gjöld samkvæmt 3. gr. 4. gr., 5. gr. og 11. gr. gjaldskrárinnar hækki um 10%.
b) Gjöld samkvæmt 7. gr. gjaldskrárinnar hækki um 58%.

Iðnaðarráðuneytið, 8. maí 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 233. 8. maí 1980.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness nr. 22 24. janúar 1978, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 930.00 á mánuði fyrir hvern hemil.
b) Vatnsgjald kr. 3 850.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 10. maí 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. maí 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 — 1980

18. apríl 1980. 377 Nr. 234.

REGLUR

um lækkun aðflutningsgjalda af bifreiðum til atvinnubifreiðastjóra og ökukennara.

I. KAFLI

Lækkun tolls, innflutningsgjalds og sölugjalds.

1. gr.

Heimilt skal við tollafgreiðslu að lækka toll úr 90% í 40% af bifreiðum til bifreiðastjóra sem hafa að aðalstarfi:

a. akstur allt að átta farþega leigubifreiða,
b. akstur sendibifreiða eða
c. kennslu í bifreiðarakstri.

Heimilt skal ennfremur við tollafgreiðslu að lækka toll úr 90% í 65% af bifreiðum til bifreiðastjóra sem hafa að aukastarfi akstur eða kennslu er um ræðir í a—c lið 1. mgr.

2. gr.

Nú er tollur lækkaður af bifreiðum skv. 1. gr. og skal þá sölugjald eigi greitt af þeim hluta tolls sem eigi er innheimtur við tollafgreiðslu. Um lækkun innflutningsgjalds af bifreiðum þeim sem reglur þessar taka til gilda ákvæði reglugerðar þar að lútandi.

II. KAFLI

Skilyrði lækkunar gjalda.

3. gr.

Bifreiðastjórar og ökukennarar sem ákvæði 1. gr. taka til geta einungis fengið eftirgjöf gjalda samkvæmt reglum þessum, enda aki viðkomandi sjálfur bifreiðinni eða stundi á henni kennslu í bifreiðaakstri, sbr. 3. mgr. 8. gr.

Hafi eigandi leigubifreiðar atvinnuleyfi á stað þar sem fjöldi leigubifreiða er takmarkaður má þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. víkja frá því skilyrði til eftirgjafar að viðkomandi aki bifreiðinni sjálfur. Um tekjur ökumanns í því tilviki gilda ákvæði 2. mgr. 6. gr.

4. gr.

Bifreiðarstjóri sem eigi hefur hafið akstur þegar sótt er um eftirgjöf gjalda af bifreið getur þrátt fyrir það fengið eftirgjöf þegar við tollafgreiðslu, enda sé um fyrirhugað aðalstarf að ræða og viðkomandi hafi atvinnuleyfi á stað þar sem fjöldi leigubifreiða til fólksflutninga er takmarkaður eða akstursleyfi á viðurkenndri sendibifreiðastöð, sbr. 12. gr., og uppfyllt verði skilyrði 1. mgr. 5. gr.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Bifreiðarstjóri sem eigi hefur hafið akstur þegar sótt er um eftirgjöf gjalda af bifreið til leiguaksturs á öðrum stöðum en um ræðir í 1. mgr. getur þrátt fyrir það fengið eftirgjöf þegar við tollafgreiðslu, enda sé um fyrirhugað aðalstarf að ræða, skilyrði 1. mgr. séu að öðru leyti uppfyllt og jafnframt liggi fyrir meðmæli frá viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um aðila sem hyggjast breyta aukastarfi í aðalstarf.

Aðilar sem fengið hafa eftirgjöf samkvæmt þessari grein skulu fyrir lok marsmánaðar næsta skattárs framvísa við tollstjóra, sbr. 11. gr., afriti skattskýrslu þess árs, staðfesta af viðkomandi skattstjóra. Metur tollstjóri hvort skilyrðum þessara reglna um tilskildar lágmarkstekjur af leiguakstri hafi verið fullnægt. Komi í ljós við það mat að viðkomandi hafi eigi uppfyllt skilyrði um lágmarkstekjur miðað við fulla eftirgjöf og ákvæði um lengingu fyrningarfrests skv. 2. mgr. 9. gr. á ekki við að mati tollstjóra, skulu eftirgefin gjöld innheimt að fullu ásamt hæstu löglevfðu dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma. Dráttarvextir skulu reiknaðir á ófyrnd gjöld talið frá þeim degi, er eftirgjöf var veitt.

Eftirgjöf gjalda samkvæmt reglum þessum má veita í öðrum tilvikum en um ræðir í þessari grein þegar lagt hefur verið fram staðfest skattframtal ásamt tilheyrandi gögnum, sbr. 11. gr., er sýni að tilskilinn hluti atvinnutekna viðkomandi næstliðið skattár sé fyrir akstur er veiti rétt til eftirgjafar.

5. gr.

Akstur eða kennsla samkvæmt reglum þessum telst því aðeins aðalstarf að nettóskattgjaldstekjur af akstri eða kennslu nemi ár hvert þeirri lágmarksfjárhæð sem fjármálaráðuneytið ákveður hverju sinni fyrir næstliðið skattár að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.

Akstur eða kennsla telst því aðeins aukastarf að nettóskattgjaldstekjur af akstri eða kennslu nemi a. m. k. helmingi lágmarksfjárhæðar skv. 1. mgr.

6. gr.

Við ákvörðun lágmarks nettóskattgjaldstekna skv. 5. gr. skal heimilt að leggja sjúkradagpeninga, örorkulífeyri og ellilífeyri við nettótekjur af akstri eða kennslu.

Eiganda bifreiðar sem ekur henni eigi sjálfur vegna veikinda, örorku eða elli skal heimilt að telja nettótekjur ökumanns af akstri viðkomandi bifreiðar til eigin tekna við útreikning lágmarksfjárhæðar skv. 5. gr.

Laun kjörinna starfsmanna samtaka bifreiðastjóra og ökukennara fyrir trúnaðarstörf í þágu viðkomandi samtaka má telja til aksturslauna skv. 5. gr.

7. gr.

Tollmeðferð bifreiða samkvæmt ákvæðum reglna þessara skal heimil gegn útgáfu skuldarviðurkenningar og veði með fyrsta veðrétti í viðkomandi bifreið fyrir eftirgefnum gjöldum, sbr. 1. og 2. gr., sem fyrnast skulu á þremur árum talið frá tollafgreiðsludegi, svo og kvöð um að óheimilt sé að selja eða afsala bifreiðinni með öðrum hætti.

Að fyrningartíma liðnum getur eigandi veðsettrar bifreiðar fengið veði og kvöð aflýst, enda framvísi hann við tollstjóra afritum skattframtala, staðfestum af viðkomandi skattstjóra ásamt tilheyrandi rekstraryfirlitum, er sýni að skilyrðum um tilskildar lágmarkstekjur hafi verið fullnægt ár hvert.

Tollmeðferð leigubifreiðar og sendibifreiðar samkvæmt ákvæðum reglna þessara er jafnframt bundin því skilyrði að þegar eftir tollafgreiðslu verði settur gjaldmælir í bifreiðina, sbr. reglugerð nr. 446/1978 um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum með áorðnum breytingum svo og auglýsingu þar að lútandi.

8. gr.

Nú er veðsett bifreið seld, afsalað með öðrum hætti eða hún eyðileggst fyrir lok fyrningarfrests og skal eiganda hennar þá heimilt að greiða þann hluta eftirgjafar sem ófyrndur er í réttu hlutfalli við fyrningartíma, sbr. 7. gr.

Heimilt skal eiganda þó að selja veðsetta bifreið fyrir lok fyrningarfrests án greiðslu eftirgefinna gjalda ef kaupandi hefur rétt til eftirgjafar samkvæmt ákvæðum reglna þessara, enda ábyrgist kaupandi áhvílandi veðskuld óbreytta með óbreyttum fyrningarfresti. Skal veðskuld ásamt kvöð falla niður að fyrningartíma liðnum talið frá þeim degi er eftirgjöf var veitt.

Bifreiðastjóri sem óskar eftir eftirgjöf áður en fyrningu er lokið skv. 7. gr. vegna eldri eftirgjafar, getur einungis hlotið eftirgjöf að nýju að því tilskildu að lágmarkstekjum skv. 5. gr. fyrir næstliðið skattár hafi verið náð, enda sé sá hluti eftirgjafar sem ófyrndur er þegar greiddur tollstjóra að fullu.

9. gr.

Nú hættir eigandi veðsettrar bifreiðar akstri eða kennslu í atvinnuskyni eða eigi eru uppfyllt að öðru leyti skilyrði til eftirgjafar gjalda samkvæmt reglum þessum og skal hann þá þegar tilkynna það tollstjóra og jafnframt greiða innan eins mánaðar þann hluta eftirgjafar sem ófyrndur er. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi að mati tollstjóra skal heimilt að veita viðkomandi greiðslufrest í allt að þrjá mánuði gegn greiðslu hæstu lögleyfðu vaxta og útgáfu víxils og tryggingarbréfs eða skilyrðislausri ábyrgð banka. Sinni eigandi veðsettrar bifreiðar eigi tilkynningarskyldu samkvæmt þessari málsgrein skulu eftirgefin gjöld innheimt að fullu ásamt hæstu lögleyfðum dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma talið frá þeim degi er eftirgjöf var veitt.

Nú hefur bifreiðarstjóri eigi náð tilskildum lágmarkstekjum skv. 5. og 6. gr. og skal þá heimilt að framlengja fyrningu skv. 7. gr. í allt að eitt ár, hlutfallslega miðað við þann hluta eftirgjafar sem ófyrndur er, enda séu færðar fullnægjandi sönnur á það að mati tollstjóra að sjúkdómur eða önnur óviðráðanleg atvik hafi hamlað því að tilskildum lágmarkstekjum yrði náð, viðkomandi hafi eigi haft tekjur af annarri atvinnu eða starfsemi og leiguakstur eða kennsla verið aðalstarf hans næstliðið ár. Tollstjóri getur óskað umsagnar viðkomandi stéttarfélags ef ástæða þykir til. Um framlengingu fyrningarfrests skulu ákvæði 5.—7. gr. gilda eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Stéttarfélag bifreiðastjóra eða ökukennara skal tilkynna tollstjóra ef bifreiðarstjóri eða ökukennari hættir starfi í atvinnuskyni eða dregur svo úr akstri að skilyrði til eftirgjafar gjalda eru eigi lengur uppfyllt.

III. KAFLI

Umsókn um eftirgjöf gjalda o. fl.

11. gr.

Umsókn um eftirgjöf gjalda samkvæmt reglum þessum skal send embætti tollstjórans í Reykjavík á þar til gerðu eyðublaði.

Umsókn skal fylgja eftirfarandi:

a. Afrit eða ljósrit af skattframtali umsækjanda, staðfest af viðkomandi skattstjóra, ásamt viðkomandi rekstraryfirliti, fyrir síðast liðin þrjú skattár, sbr. þó ákvæði 4. gr.
b. Yfirlýsing stjórnar stéttarfélags leigubifreiðastjóra, sendibifreiðastjóra eða Ökukennarafélags Íslands um atvinnuréttindi umsækjanda.

Heimilt er tollstjóra að krefjast frekari gagna en að framan greinir ef þurfa þykir.

Tollstjóri metur að uppfylltum öðrum skilyrðum reglna þessara, hvort óskað er eftirgjafar gjalda af bifreið sem telja verði óeðlilega dýra miðað við þá venju sem gilt hefur um eftirgjöf gjalda og kaup bifreiða til leiguaksturs eða kennslu. Nú telur tollstjóri að skilyrðum sé eigi fullnægt að þessu leyti og skal hann þá, áður en eftirgjöf er synjað, óska umsagnar stjórnar Bandalags íslenskra leigubifreiðastjóra eða Ökukennarafélags Íslands.

12. gr.

Óski stjórn sendibifreiðastöðvar eftir að bifreiðastjórar þar njóti réttinda skv. 1. mgr. 4. gr. skal hún sækja um viðurkenningu tollstjóra.

Umsókn skal send tollstjóra ásamt tölusettri skrá yfir fjölda leyfa á viðkomandi stöð. Í skránni skal tilgreina nafn og nafnnúmer viðkomandi leyfishafa svo og heimilisfang. Skráin skal staðfest af formanni stjórnar félags sendibifreiðastjóra.

13. gr.

Reglur þessar taka ekki til bifreiða sem hafa sérleyfi eða réttindi til hópferðaaksturs samkvæmt ákvæðum laga nr. 83/1966 um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi er rísa kann við framkvæmd reglna þessara.

14. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 41. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 18. apríl 1980.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Nr. 235. 15. apríl 1980.

AUGLÝSING

um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

Skylt er að hafa gjaldmæli, sem sýni rétt ökugjald, í öllum leigubifreiðum allt að 8 farþega, svo og sendibifreiðum, er aka gegn borgun, á þeim stöðum þar sem í gildi eru reglugerðir um takmörkun þeirra og útgáfu atvinnuleyfa eða ákvæði um akstur frá viðurkenndri afgreiðslustöð.

Ofanritað á einnig við um slíkar bifreiðar á öðrum stöðum en greinir í 1. mgr., enda njóti eigendur þeirra ívilnana í tolli, samkvæmt reglum settum með stoð í 41. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., studdri sérstökum meðmælum viðkomandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota skuli gjaldmæla af rafeindagerð framleidda af Haldex AB í Svíþjóð og öryrkjabandalagi Íslands. Eldri gerðir gjaldmæla frá Haldex AB í Svíþjóð má þó nota meðan endast.

2. gr.

Ráðuneytið skipar löggildingarmenn gjaldmæla, sem annast löggildingarstörf samkvæmt gildandi reglugerð um slíka mæla, og fást upplýsingar um þá í ráðuneytinu.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í reglugerð nr. 446 18. desember 1978, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt afturkallast auglýsing ráðuneytisins nr. 228 31. maí 1976 um sama efni.

Leigubifreiðastjórum á þeim stöðum þar sem gjaldmælaskylda hefur ekki verið er þó veittur frestur til 15. ágúst 1980 til að fullnægja ákvæðum 1. gr. auglýsingar þessarar.

Samgönguráðuneytið, 15. apríl 1980.

F. h. r.
Brynjólfur Ingólfsson.

Birgir Guðjónsson.

17. apríl 1980. Nr. 236.

REGLUGERÐ

um eftirlit, framleiðslu og útflutning á lagmeti.

I. KAFLI

Skýring hugtaka.

1. gr.

Lagmeti. Matvæli, sem sett eru í loftþéttar umbúðir (úr málmi, gleri, plasti eða öðrum áþekkum efnum), í þessari reglugerð aðeins matvæli unnin úr sjávarafurðum. Lagmeti er annað hvort niðurlagt eða niðursoðið.

Niðurlagt lagmeti. Lagmeti, sem rotvarið er með salti, sykri, sýrum eða öðrum rotvarnarefnum, reykingu eða gerilsneyðingu með hita eða geislun og loftþéttar umbúðir eru nauðsynlegur þáttur í rotvörninni.

Niðursoðið lagmeti. Lagmeti, sem hefur verið gerileytt með hitun í þrýstisjóðara. Með gerileyðingu er hér átt við: Eyðingu allra sjúkdómsvaldandi örvera svo og eyðingu allra þeirra örvera sem geta vaxið í matvælum og skemmt þau við venjuleg geymsluskilyrði.

Viðbótarefni (Aukaefni). Hvers konar efni, sem sett eru í lagmeti til þess að bæta útlit þess, bragð, gerð eða næringargildi, auðvelda vinnslu eða auka geymsluþol.

Þrýstisuða. Suða í vatni eða gufu í lokuðu rými við hitastig hærra en 100°C og samsvarandi þrýsting.

Þrýstisjóðari. Málmhylki, gert til þess að þrýstisjóða lagmeti, annað hvort með vatni eða gufu, að viðbættum nauðsynlegum yfirþrýstingi.

Yfirþrýstingur. Sá þrýstingur, sem hafður er í þrýstisjóðara fram yfir þann eðlilega þrýsting er samsvarar hitastigi vatnsgufunnar.

Eftirlit. Reglubundnar skoðanir og sýnataka til þess að fylgjast með framleiðsluskilyrðum og framleiðsluháttum lagmetisverksmiðju og meðferð og gæðum hráefna og framleiðsluvöru.

Sýni. Sá fjöldi eininga, sem tekinn er tilviljunarkennt (af handa hófi) úr ákveðnu framleiðslumagni. Sýnatakan framkvæmist samkvæmt reglum Alþjóðastaðlaskrárinnar (CAC/RM 42-1969) með breytingum samkv. CX/MAS 77/2 Add 1.

Alþjóðastaðlaskrá, Codex Alimentarius. Reglur um framleiðslu hvers konar matvæla, ásamt stöðlum um gerð þeirra, gæði og merkingu, viðbótarefni í þeim, rannsóknir á þeim og mat. Reglur þessar eru settar af Alþjóðastaðlaskrárráðinu, Codex Alimentarius Commission, sem Ísland er aðili að.

II. KAFLI

Lagmetisverksmiðjur.

2. gr.

Um hús og búnað lagmetisverksmiðja gilda, eftir því sem við á, sömu ákvæði og um hraðfrystihús, sömuleiðis um vatn það sem verksmiðjurnar nota og um hreinlæti, klæðnað, aðbúnað og heilbrigði starfsfólks.

3. gr.

Lagmetisverksmiðjur skulu, auk viðeigandi geymsluklefa fyrir hráefni, hafa kæliklefa til geymslu á niðurlögðu lagmeti við 2—5°C og geymslu fyrir niðursoðið lagmeti 15—20°C heita, annað hvort eða bæði, eftir því hver framleiðslan er.

4. gr.

Þrýstisjóðarar í lagmetisverksmiðjum skulu gerðir fyrir yfirþrýsting. Á þrýstisjóðurum skulu vera þrýstimælar og hitamælar af viðeigandi gerð, ásamt sjálfrita fyrir þrýsting og hitastig.

5. gr.

Hver lagmetisverksmiðja skal hafa a. m. k. einn starfsmann sem sótt hefur námskeið í lagmetisfræðum á vegum Fiskvinnsluskólans. Undanþegnir slíkum námskeiðum eru þeir sem hafa a. m. k. sambærilega menntun að mati Fiskvinnsluskólans. Starfsmaður þessi sér um og ábyrgist gæði og flokkun hráefnis og framleiðsluna, þar á meðal suðu, dósasaum, þyngd og saltmagn og merkingu afurða. Helstu niðurstöður skal hann skrá daglega í framleiðsluskýrslu sbr. 11. gr. Ennfremur ber honum að sjá svo um að farið sé eftir reglugerðum og fyrirmælum. Sannist þær misfellur á störfum ofangreinds starfsmanns er álíta verður að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu, geta viðkomandi eftirlitsstofnanir hafnað honum til þessa starfs. Ráðuneytið getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar greinar þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Lagmetisverksmiðjur skulu hafa vinnsluleyfi frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum til framleiðslu. Vinnsluleyfi skal endurnýjast a. m. k. árlega, en auk þess í hvert sinn, sem gerðar eru breytingar eða viðbætur á húsum eða búnaði verksmiðjanna.

III. KAFLI

Framleiðsla lagmetis.

7. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða hefur eftirlit með hráefni til lagmetis samkvæmt nánari reglum sem gefnar verða út af þeirri stofnun. Framleiðandi lagmetis skal tilkynna Framleiðslueftirliti sjávarafurða með hæfilegum fyrirvara áður en hann tekur við hráefni svo og áður en vinnslutímabil hefst.

8. gr.

Um tegund og magn viðbótarefna í lagmeti skal farið eftir þeim reglum, sem gilda á hlutaðeigandi markaði. Sé lagmeti skv. þessari reglugerð selt á markaði innanlands, skal farið með slíkt samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara ásamt síðari breytingum. Annars ber að fara eftir sérkröfum kaupanda, ef einhverjar eru, en þær verða að vera skjalfestar og afhendast Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í afriti.

9. gr.

Umbúðir, sem notaðar eru fyrir lagmeti, skulu uppfylla þær kröfur um efni og gerð, sem gildandi eru á erlendum mörkuðum. Ber Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins að fylgjast með því og vera ráðgefandi við umbúðanotkun.

10. gr.

Merking umbúðanna skal hverju sinni vera í samræmi við kröfur viðkomandi viðskiptalands, en lágmarkskröfur eru þessar:

Smásöluumbúðir (dósir, glös o. s. frv.), sem notaðar eru fyrir lagmeti, skulu greinilega merktar með áprentuðum miðum eða steinprenti. Tilgreina skal tegund vörunnar, nettóþyngd og seljanda vörunnar, auk þess framleiðanda vörunnar, framleiðsluland, ár og framleiðsludag. Framleiðanda, ár og framleiðsludag má tilgreina með dulmerki (code), og skal dulmerkið tilkynnt Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Framleiðslueftirliti sjávarafurða. Dósir án steinprents skulu merktar á botni með orðinu ICELAND. Á ytri umbúðum (pappakössum) skal standa að minnsta kosti heiti vörunnar og magn í kassa (nettóþyngd einingar og einingafjöldi), ár og framleiðsludagur, nafn seljanda og nafn eða merki viðtakanda. Ef um niðurlagt lagmeti er að ræða, skal á öllum umbúðum standa skýrum stöfum, að varan skuli geymd í kælingu. Heimilt er að tiltaka nánar að geymsluhitinn skuli vera 2—5°C. Ráðuneytið getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar greinar þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

11. gr.

Í hverri lagmetisverksmiðju skal færa framleiðsluskýrslu í tvíriti, þar sem skráð er daglega tegund og magn framleiðslu, ástand og aldur hráefnis, tegund umbúða, prófanir gerðar á staðnum og sýni send til rannsókna. Afrit sendist Framleiðslueftirliti sjávarafurða en frumritið geymir verksmiðjan ásamt tilheyrandi línuritum frá þrýstisjóðurum greinilega merktum. Skrá skal einnig í skýrsluna ef truflanir verða í vinnslunni, bilanir, rafmagnsskortur, gufuskortur, vinnutafir o. s. frv. Í geymslum verksmiðjunnar skal hráefni og fullunninni vöru staflað eftir tegundum og framleiðsludögum, þannig að alltaf sé auðvelt að sjá aldur vörunnar og finna ákveðið hráefni og framleiðsludaga.

IV. KAFLI

Eftirlit.

12. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða hefur með höndum eftirlit með hráefni, hreinlæti og búnaði í lagmetisverksmiðjum á Íslandi samkv. 7. gr., 2. gr. og 6. gr., en Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins rannsakar afurðir þeirra á grundvelli sýnishorna, sem Framleiðslueftirlitið sendir Rannsóknastofnuninni. Starfsmenn Framleiðslueftirlitsins skrá athugasemdir sínar í framleiðsluskýrslu verksmiðjunnar ásamt nafni sínu í hvert sinn, er þeir koma þar til eftirlits.

13. gr.

Taka skal reglulega sýni af framleiðslu lagmetisverksmiðjanna og senda Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, einnig af hráefni og vatni þeirra, þegar ástæða þykir til. Reglubundna sýnatöku af framleiðslunni annast Framleiðslueftirlit sjávarafurða og eru þá tekin sýni úr hverri dagsframleiðslu skv. 14. gr., sbr. þó 15. og 17. gr. Eru þá tekin sýni úr hverri suðu, þegar um niðursoðið lagmeti er að ræða. Framleiðslueftirlit sjávarafurða má fela trúnaðarmanni daglega sýnatöku. Allar óskir um sýnatöku af hálfu Framleiðslueftirlitsins skulu bornar fram við þá stofnun.

14. gr.

Fjöldi sýna, sem taka skal af lagmeti, fer eftir reglum Alþjóðastaðlaskrárinnar (CAC/RM 42—1969) með breytingum skv. CX/MAS 77/2 Add 1. Er fjöldi eininga í sýni þar miðaður við dagsframleiðslu vörunnar. Í reglum þessum er einnig tilgreindur leyfilegur hámarksfjöldi eininga, er metast gallaðar. Er þá aðeins miðað við þá galla, sem stafa af breytingum á samsetningu og vinnslu vörunnar og koma fram við skynmat (á útliti, bragði, lykt og gerð). Við venjulega sýnatöku er sýnatökuáætlun I notuð. Áætlun II gildir ef um endurtekin sýni er að ræða eða ef að þrálát framleiðsluvandamál gera vart við sig. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins metur hverju sinni hvor sýnatökuáætlunin gildir. Sýnatökutöflur Alþjóðastaðlaskrárinnar eru þessar:

Sýnatökutöflur Codex Alimentarius fyrir matvæli í neytendaumbúðum

SÝNATÖKUÁÆTLUN I

AQL = 6.5

Nettóþyngd einingar 1 kg. (2.2 lbs.) og minna.

Einingafjöldi í dagsframleiðslu	Einingafjöldi í sýni	Hámarksfjöldi gallaðra eininga
4800 eða færri	6	1
4801—24000	13	2
24001—48000	21	3
48001—84000	29	4
84001—144000	38	5
144001—240000	48	6
Fleiri en 240000	60	7

Nettóþyngd einingar meiri en 1 kg — 4.5 kg (2.2 — 10 lbs).

Einingafjöldi í dagsframleiðslu	Einingafjöldi í sýni	Hámarksfjöldi gallaðra eininga
2400 eða færri	6	1
2401—15000	13	2
15001—24000	21	3
24001—42000	29	4
42001—72000	38	5
72001—120000	48	6
Fleiri en 120000	60	7

Auk ofangreindra sýna skal taka eftirfarandi sýnafjölda úr hverri dagsframleiðslu til geymsluþolsprófana.

a) Niðurlagt lagmeti: 6 einingar,
b) Niðursoðið lagmeti: 2 einingar úr hverri suðu,

Sýnatökutöflur Codex Alimentarius fyrir matvæli í neytendaumbúðum.

SÝNATÖKUÁÆTLUN II

AQL = 6.5

Nettóþyngd einingar 1 kg (2.2 lbs.) og minna.

Einingafjöldi í dagsframleiðslu	Einingafjöldi í sýni	Hámarksfjöldi gallaðra eininga
4800 eða færri	13	2
4801—24000	21	3
24001—48000	29	4
48001—84000	38	5
84001—144000	48	6
144001—240000	60	7
Fleiri en 240000	72	8

Nettóþyngd einingar meiri en 1 kg — 4.5 kg (2.2 — 10 lbs).

Einingafjöldi í dagsframleiðslu	Einingafjöldi í sýni	Hámarksfjöldi gallaðra eininga
2400 eða færri	13	2
2401—15000	21	3
15001—24000	29	4
24001—42000	38	5
42000—72000	48	6
72001—120000	60	7
Fleiri en 120000	72	8

Auk ofangreindra sýna skal taka eftirfarandi sýnafjölda úr hverri dagsframleiðslu til geymsluþolsprófana.

a) Niðurlagt lagmeti: 6 einingar,
b) Niðursoðið lagmeti: 2 einingar úr hverri suðu.

15. gr.

Komi fram við ofanskráðar sýnatökur á lagmeti gallar, sem benda til efnislegra skemmda í vörunni og/eða hráefni, eða heilnæmi sé ábótavant, þá skal taka miklu stærra sýni af vöru eða hráefni. Skal miðað við að þessir gallar séu útilokaðir í 99% vörunnar. Ef varan er skemmd skv. þessari grein, ber framleiðanda að eyðileggja hana á sannanlegan hátt og skal Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins send sönnun um eyðileggínguna innan þeirra tímamarka sem honum eru sett.

16. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er skylt að tilkynna hlutaðeigandi verksmiðju ef eitthvað finnst athugavert við framleiðslu hennar. Rannsóknastofnunin sendir verksmiðjum nákvæma skriflega skýrslu um niðurstöður hverrar rannsóknar svo fljótt sem auðið er, og samtímis sendist afrit af skýrslunni til Framleiðslueftirlits sjávarafurða og útflytjenda lagmetis.

17. gr.

Lagmeti, sem flutt er út frá Íslandi, skal fylgja vottorð frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Rannsóknastofnunin skal einnig ganga úr skugga um, að varan fullnægi reglum viðtökulands og sérkröfum kaupandans ef einhverjar eru ef það er á færi stofnunarinnar. Útflytjendum lagmetis er skylt að tilkynna hlutaðeigandi

verksmiðju, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Framleiðslueftirliti sjávarafurða um allar kvartanir, sem frá kaupendum kunna að berast.

18. gr.

Útflytjendum lagmetis er skylt að tilkynna Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með nægum fyrirvara í hvert skipti sem útskipun lagmetis á að fara fram. Tilkynningum þessum skulu fylgja eftirtaldar upplýsingar:

Vörutegund (erlent heiti)

Magn vöru: Kassafjöldi, einingar í kassa, nettóþyngd einingar.

Framleiðandi vörunnar, ár og framleiðsludagur.

Merki vörusendingar.

Kaupandi vörunnar og viðtökuland.

Sérkröfur kaupanda ef einhverjar eru.

Útskipunarhöfn, útskipunardagur og flutningaskip.

Útflytjandi vörunnar.

Hleðsla vörunnar í flutningstæki fari fram undir eftirliti útflutningsaðila, og geri hann um það skriflega skýrslu.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Sláturhús sem starfrækt eru við gildistöku þessarar reglugerðar skulu sækja um sérstaka löggildingu, vilji þau halda starfsemi áfram. Getur ráðuneytið þá veitt ákveðinn frest til úrbóta til að koma málum í viðunandi horf, ef þess er kostur.

Í alifuglasláturhúsum má eingöngu slátra fuglum, og ekki má nota húsin eða hluta þeirra til annarrar óskyldrar starfsemi, eða slátrunar á öðrum dýrategundum.

2. gr.

Hver sá sem hyggst slátra alifuglum í þeim tilgangi að selja afurðir þeirra eða afhenda þær á almennum markaði til neyslu fyrir almenning skal senda landbúnaðarráðuneytinu teikningar af fyrirhuguðu sláturhúsi ásamt ítarlegri lýsingu á fyrirkomulagi hússins, útbúnaði og vinnutilhögun og magni því sem fyrirhugað er að slátra þar daglega. Ennfremur upplýsingar um staðsetningu hússins, vatnsból, vatnsmagn, skolplögn og frárennsli, fyrirhugaða ráðstöfun á úrgangi og annað sem máli skiptir. Óheimilt er að hefja framkvæmdir áður en fyrir liggur samþykkt landbúnaðarráðuneytis, yfirdýralæknis og viðkomandi héraðsdýralæknis á teikningum sláturhússins, og öðrum þáttum er máli skipta.

3. gr.

Landbúnaðarráðuneytið viðurkennir og löggildir alifuglasláturhús og frystihús þar sem slátrun, verkun, vinnsla, pökkun og geymsla afurða fer fram að fengnum meðmælum yfirdýralæknis og viðkomandi héraðsdýralæknis og heilbrigðisnefndar, ef skoðun og úttekt hefur leitt í ljós að sláturhúsið fullnægi kröfum þessarar reglugerðar. Löggilding gildir til ákveðins tíma og skal miðuð við ákveðna hámarksslátrun dag hvern, í samræmi við stærð hússins og vinnuaðstöðu.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Ef sláturleyfishafi óskar eftir að slátra gæsum, öndum og dúfum í alifuglasláturhúsi, skal fá til þess sérstakt leyfi viðkomandi héraðsdýralæknis. Gæta skal þess að slátra sundfuglum í lok vinnudags eða á dögum þegar ekki er slátrað öðrum alifuglum.

Að loknum öllum meiri háttar breytingum skal viðkomandi dýralæknir skoða húsnæðið og viðurkenna það hæft til notkunar áður en rekstur er hafinn að nýju. Ráðuneytinu er heimilt við veitingu sláturleyfa, samkvæmt reglugerð þessari, að setja sem skilyrði, að leyfishafa sé skylt að annast slátrun fyrir þá alifuglabændur sem þess óska, enda þótt þeir eigi ekki aðild að viðkomandi sláturhúsi.

Héraðsdýralæknir eða sérstakur fulltrúi hans, sem yfirdýralæknir hefur viðurkennt, skal fylgjast með því að ákvæði þau, sem reglugerð þessi mælir fyrir um séu virt. Nú fullnægir alifuglasláturhús eða starfsemi þar ekki þeim kröfum sem reglugerð þessi mælir fyrir um, og skal þá viðkomandi dýralæknir tilkynna það bréflega forsvarsmönnum hússins og viðkomandi heilbrigðisnefnd og jafnframt setja þeim hæfilegan frest til úrbóta. Sama máli gegnir ef vinnubrögðum og hreinlæti eða búnaði í húsinu er svo áfátt að eigi er viðhlítandi. Ef endurbótum er ekki lokið fyrir tilskilinn tíma, getur landbúnaðarráðuneytið svipt viðkomandi aðila rétti til slátrunar um stundarsakir eða að fullu ef eigi fæst úr bætt.

4. gr.

Alifuglasláturhús skulu staðsett utan þéttbýlis og þannig að þangað berist ekki ódaunn frá gripahúsum, mykjuhaugum, sorpi, verksmiðjum o. s. frv. Umhverfi hússins skal vera þurrt og þrifalegt, svo að óhreinindi berist ekki inn í húsið. Umhverfis lóð sláturhúss skal vera vönduð girðing, eftir því sem aðstæður leyfa, til að girða fyrir óþarfa og óæskilega umferð.

5. gr.

Vinnusalir í alifuglasláturhúsum skulu aðgreindir með heilum þéttum veggjum svo sem við verður komið. Gólf og veggir, hurðir og leiðslur og búnaður skulu gerð úr efni sem auðvelt er að hreinsa og sótthreinsa. Gólfhalli skal vera hæfilegur að niðurföllum og flórum svo að vatn safnist aldrei fyrir á gólfi. Birta og lýsing skal vera góð (Ds 700, 540 lux) og loftræsting svo fullkomin að hvergi myndist gufa eða ódaunn.

a) **Móttökusalur:** Þar er tekið á móti alifuglum til slátrunar. Þar skal vera aðstaða til að geyma fugla sem bíða slátrunar þannig að vel fari um þá og til að brynna þeim og fóðra, dragist slátrun úr hömlu. Að öllu jöfnu skal svelta fugla 12 klst. fyrir förgun. Einnig skal þar vera aðstaða til að hreinsa og sótthreinsa flutningskassa og skulu allir flutningskassar gerðir úr efni sem auðvelt er að sótthreinsa. Þeir skulu vera svo rúmgóðir að fuglar geti staðið í þeim. Vinnutilhögun í móttökuherbergi skal við það miðuð að vel fari um fuglana meðan þeir bíða slátrunar. Aðgreina skal sjúka, veikburða eða mjög horaða fugla frá heilbrigðum og geyma þá í sérstökum kössum. Óheimilt er að fjarlægja fugla til lífs úr móttökusal sláturhúss. Þess skal gætt, að smitdreifing eigi sér ekki stað með flutningskössum eða öðru, sem geymt hefur verið í móttökusal sláturhússins.

b) **Banasalur:** Í banasal fer fram aflífun, blóðgun og „kalonering“ og þar eru fuglar reyttir. Þar skulu gólf og veggir gerðir úr steinsteypu og klæddir varanlegu vatnsþéttu efni sem auðvelt er að hreinsa og sótthreinsa.

Gólfhalli skal vera hæfilegur að niðurföllum eða flór svo vatn safnist aldrei fyrir á gólfi.

Banasalur skal vera rúmgóður svo að viðunandi rými sé fyrir búnað og áhöld sem þar eru staðsett og góð vinnuaðstaða til þeirra starfa sem þar eru unnin miðað við áætluð vinnuafköst.

Loftræsting skal vera góð svo þar myndist ekki gufa eða ódaunn meðan á slátrun stendur.

Strax og lokið er við að reyta fuglinn er hann færður yfir í slátursal.

c) **Slátursalur:** Í slátursal og pökkunarsal skal vera greiður aðgangur að nægu heilnæmu, heitu og köldu vatni til allra sláturstarfa. Veggir og gólf skulu gerð úr varanlegu vatnsþéttu efni sem auðvelt er að þrífa og sótthreina.

Í slátursal og pökkunarsal skal vera haganleg aðstaða til handþvotta fyrir allt starfsfólk og útbúnaður til að skola og sótthreinsa hnífa og önnur áhöld.

Í slátursal skal fara fram innanúrtaka, háls og hausar og lappir fjarlægðar; þar fer fram snyrting á skrokk og líffærum og þar fer fram heilbrigðisskoðun, áður en líffæri og skrokkur hafa verið skilin að.

Meðan á slátrun og snyrtingu stendur skal þess gætt að fiður, lappir, hausar garnir eða annar úrgangur safnist ekki saman á gólfi, heldur sé fjarlægt jafnóðum í lokuð ílát ásamt afurðum sem dæmdar eru óhæfar til manneldis.

Jafnan þegar hlé verður á sláturstörfum skal þrífa slátursal svo sem við verður komið.

d) **Kælingar- og pökkunarsalur:** Jafnskjótt og slátrun og snyrtingu skrokka og innyfla er lokið skulu þau færð til kælingar. Þar sem því verður við komið skal kæling fara fram í hreinu köldu (4—8° C) rennandi vatni. Skal vatnið ískælt ef þörf krefur. Útbúnaður skal vera tiltækur til þess að fylgjast með vatnsrennsli og vatnsnotkun miðað við hvern fugl sem kæla þarf. Við lok vatnskælingar skal vatnshiti ekki vera yfir 4° C.

Jafnskjótt og vatnskælingu er lokið skal koma skrokkunum fyrir á rist eða grindum, svo vatn geti sigið greiðlega af þeim. Rist og grindur skulu gerðar úr ryðfríum málmi sem auðvelt er að hreinsa og sótthreinsa.

Þar sem vatnskæling er notuð mega fuglar ekki taka í sig meira vatn en svarar til 6% af þyngd þeirra, og skal fylgjast með því jafnaðarlega.

Ef eigi er völ á kælingu í rennandi vatni skulu fuglar kældir í kældum loftstraum.

Pökkun afurða skal hefja jafnóðum og kælingu er lokið og kælivatn hefur sigið vel af þeim. Varast skal að kasa afurðum saman meðan á vigtun, flokkun og pökkun stendur.

Frysting afurða skal hafin eigi síðar en tveim klukkustundum eftir að slátrun er lokið. Frysting skal ávallt fara fram í frystiklefum í sjálfu sláturhúsinu.

Frystigeta þeirra skal miðuð við vörumagn það sem ætlunin er að frysta dag hvern og vera svo mikilvirk að afurðir hafi náð ÷ 20° C innan 12 klukkustunda hið minnsta.

Frystiklefar og frystigeymslur, þar sem afurðir alifugla eru geymdar skulu vera rúmgóð og þannig útbúin að frysting og geymsla afurða sé í samræmi við fyllstu kröfur um hreinlæti og þrifnað. Bannað er að geyma þar ópakkaðar afurðir eða vörur, sem geta valdið óþrifnaði eða mengun svo sem af fiski, óreyttum fugli, reyktu kjöti o. fl. Einangrun í frystigeymslum skal vönduð og dyrabúnaður traustur og þéttur og vélakostur slíkur að unnt sé að halda ÷ 24° C að staðaldri.

Í öllum frystigeymslum skulu vera fullgildir hita- og rakamælar. Fylgjast skal með hitastigi daglega og rita í sérstaka bók. Þar skal og getið um rekstrartruflanir, hreinsun, afhrímun og annað er máli skiptir. Tvífrysting fugla er óheimil.

6. gr.

Strax að lokinni slátrun dag hvern skal þrífa og þvo vinnusali hússins, sótthreinsa áhöld, vélar, borð, ker og annan búnað svo sem á við og nauðsyn krefur. Skulu tiltæk hentug áhöld og nægilegt heitt vatn og sótthreinsunarefni til verksins.

Sótthreinsunarefni mega ekki með lykt eða bragði eða á annan hátt hafa skaðleg áhrif á afurðir.

Óheimilt er að nota vinnusali sláturhúss til geymslu á vörum eða áhöldum, þar á meðal vinnuvélum, sem eru óviðkomandi þeirri starfsemi sem þar fer fram.

Kapp skal lagt á það að öll umgengni í sláturhúsi í vinnusölum jafnt og annars staðar sé ávallt sem snyrtilegust og hreinlegust.

Hundum og köttum skal meinaður aðgangur að sláturhúsum og girt skal fyrir svo sem kostur er að þangað komist meindýr.

Öll óþarfa umferð í alifuglasláturhúsum er bönnuð. Þeir sem eiga erindi í vinnusali sláturhúss eða frystigeymslur skulu klæðast sams konar hlífðarfötum og skófatnaði og starfsfólk hússins.

7. gr.

Til pökkunar á afurðum má eingöngu nota hreinar, nýjar og hentugar umbúðir, sem hvorki spilla eða lýta vöruna en sem verja afurðir óhreinindum og hvers konar mengun við geymslu og flutninga. Geymsla fyrir umbúðir skal vera hrein og þær má ekki geyma á gólfi.

Umbúðir skulu vera úr efni sem engin hætta stafar af, þær skulu auðkenndar nafni sláturhúss og framleiðanda eða auðkenni hans. Áletrun skal glögg á umbúðum og varanleg.

Á umbúðunum skal greina sláturmánuð og ár og hvaða tegund alifugla eða afurða umbúðir hafi að geyma, flokkun, magn eða þyngd, og heppilega meðferð vörunnar fyrir matreiðslu.

Ef fleiri einingum er pakkað saman í kassa eða öskjur, skal ávallt pakka saman sömu tegund í hvern kassa eða öskju og auðkenna á umbúðum hvað þær hafa að geyma og önnur þau atriði er að framan greinir.

Óheimilt er að bjóða til sölu ófrystar sláturafurðir af alifuglum, og óheimilt er að bjóða til sölu afurðir alifugla sem eru án umbúða eða í ómerktum umbúðum. Einnig er óheimilt að pakka til sölumeðferðar afurðum af sjálfdauðum fuglum eða fuglum þar sem auðsæjar sjúklegar breytingar hafa fundist við slátrun. Hræ af slíkum fuglum skulu fjarlægð á tryggilegan hátt með greftri ásamt öðrum sláturafurðum, ef ekki eru tök á því að eyða þeim í eldi. Óheimilt er að bjóða til sölu alifugla, þar sem innyfli hafa ekki verið fjarlægð. Með eftirliti á dreifingu og sölu fer samkv. ákvæðum laga nr. 24 1936 og lögum nr. 12 1969 og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

II. KAFLI

Um starfsfólk í alifuglasláturhúsum.

8. gr.

Hver sá, sem stjórnar eða ræður fólk til starfa við sláturhús, skal gæta þess svo sem föng eru á, að starfsfólk sé eigi haldið smitsjúkdómum. Skal leita aðstoðar viðkomandi héraðlæknis til að tryggja það að starfsfólk sé ekki haldið berklaveiki, salmonellasýkli, skarlatssótt, smitandi lifrarbólgu, smitandi hálsbólgu, slæmum húðkvillum eða igerðum á höndum og handleggjum eða öðrum kvillum sem varhugaverðir eru taldir. Læknisskoðun á starfsfólki skal fara fram tvisvar sinnum á ári að minnsta kosti, og auk þess, þegar sérstakt tilefni er til að mati héraðslæknis eða að sérstakri ósk kjötskoðunarlæknis eða verkstjóra. Upplýsa skal starfsfólk um það hvaða hættur geta verið samfara því ef fólk, sem haldið er tilteknum sjúkdómum, handleikur sláturafurðir.

9. gr.

Starfsfólk skal ætíð gæta fyllsta hreinlætis við öll störf í sláturhúsum. Það skal klætt heppilegum og hreinlegum vinnufatnaði ásamt höfuðbúnaði sem auðvelt er að þvo. Skipta skal um vinnufatnað svo oft að viðhlítandi hreinlætis sé gætt. Við vinnu skal starfsfólk auk þess klæðast hlífðarsvuntum úr gúmmí eða öðru líku vatnsþéttu efni. Sláturleyfishafi skal leggja fólki til vinnufatnað og sjá um þvotta á honum.

Starfsfólk skal hafa til umráða rúmgóða, bjarta fatageymslu, með hentugum fataskápum. Þar skal vera haganleg aðstaða til að skipta um föt og skófatnað. Matstofa fyrir starfsfólk skal vera upphituð, björt, rúmgóð og þrifaleg. Greiður aðgangur skal vera að vatnssalernum og snyrtiherbergi með handlaugum, heitu og köldu rennandi vatni, sápu og handþurrkum, sem aðeins skal nota einu sinni. Snyrtiherbergjum skal ávallt halda hreinum og snyrtilegum og áhöld skulu í fullkomnu lagi. Þau skulu þannig staðsett að ekki sé beinn gangur úr þeim í vinnusali. Um fjölda salerna og þvagskála fyrir starfsfólk fer samkvæmt IV. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 45 1972.

10. gr.

Starfsfólk skal gæta þess að öll meðferð afurða við slátrun, pökkun og geymslu sé í samræmi við fyllstu kröfur um hreinlæti og þrifnað.

Öllum vinnustöðum skal að staðaldri haldið hreinum og öll tæki og búnaður skal vera í fullkomnu lagi. Þvo skal og sótthreinsa hnífa, brýni, borð o. s. frv. hvenær sem þau óhreinkast eða koma í snertingu við drit, garnainnihald eða afurðir af sjúkum fuglum.

Til sótthreinsunar má eingöngu nota efni sem eru hættulaus og spilla ekki afurðum með lykt eða bragði, að mati yfirdýralæknis.

Við vinnu má ekki nota aðra vinnuvettlinga en úr gúmmí eða öðru hliðstæðu efni. Járnvarða hanska má þó nota þar sem nauðsyn krefur, enda skal vera auðvelt að hreinsa þá á viðhlítandi hátt.

Tóbaksnotkun við vinnu er óheimil. Starfsfólk skal gæta þess að alifuglar verði ekki fyrir ómannúðlegri meðferð meðan þeir bíða slátrunar. Aflífun og blóðtæming skal fara fram með eins skjótum hætti og föng eru á.

III. KAFLI

Um slátrun alifugla.

11. gr.

Þegar alifuglar eru færðir til slátrunar skal þess gætt að þeir verði fyrir sem minnstu hnjaski og óþægindum meðan á flutningi stendur og hraða skal flutningi svo sem kostur er. Velja skal fugla saman í kassa sem jafnasta að stærð og þroska. Flytja skal fugla í lokuðum hreinlegum kössum sem auðvelt er að sótthreinsa.

Kössum skal raða í móttökusal sláturhúss, jafnóðum og þeir berast að og skal þess gætt að loftræsting í kössum sé næg meðan fuglar bíða slátrunar. Aðgæta skal fugla strax og þeir berast til hússins og taka frá alla fugla sem sýnilega eru sjúkir, mjög veikburða eða horaðir, sem og þá fugla sem drepist hafa í flutningum. Auðkenna skal þessa fugla og skrá nafn búsins sem þeir koma frá. Skoða skal þá sérstaklega enda þótt þeir dæmist óhæfir til slátrunar og manneldis. Skoðun skal ávallt fara fram við góða birtu.

Strax og flutningskassar hafa verið tæmdir skulu þeir vélþegnir og sótthreinsaðir. Skulu vera til þess haganleg tæki og aðstaða. Óhreina kassa má ekki nota til flutninga á sláturfuglum.

12. gr.

Fuglar skulu hengdir upp á báðum fótum á sérstakt færiband sem flytur þá sjálfkrafa milli starfsfólks hússins. Svo skal um búa að ekki sé hætta á því að fuglar óhreinkist af olíu eða á annan hátt frá færibandi. Unnt skal vera að ráða hraða færibands, og stöðva það þegar þörf krefur.

Fuglar skulu sviptir meðvitund með rothöggi eða með raflosti, með sérstökum viðurkenndum rafbúnaði. Skal hann þann veg útbúinn að af honum stafi ekki hætta fyrir starfsfólk, og að stöðugt sé unnt að fylgjast með rafspennu hans. Strax og fuglar hafa verið sviptir meðvitund skulu hálsæðar opnaðar með beittum hníf. Fuglinum skal blæða út í tvær og hálfa mínútu hið skemmsta áður en byrjað er að reyta hann.

Til að losa fjaðrir skal fuglinum dýft í ker með vatni sem er 59—62° C heitt í 1½—3 mínútur. Þess skal gætt að vatninu sé að staðaldri haldið innan framangreindra hitamarka með sjálfstilli og skipta skal um vatn jafnaðarlega. Strax að lokinni hitameðferð skulu allar fjaðrir reyttar og stroknar af, eða reyttar af með sérstökum vélum. Sarpinn skal fjarlægja ásamt vélinda og barka. Endagörn er tæmd með því að þrýsta á kviðinn, eða með sérstakri sogvél.

Síðan er hamurinn skolaður vel með vatni, til að fjarlægja óhreinindi og lausar fjaðrir. Bregða má gasloga á haminn ef nauðsynlegt er að eyða leifum af dún eða fjöðrum á þann hátt.

Rist er fyrir endagörn og kviðarholið opnað með gumpristu. Þess skal gætt að skadda ekki garnir og að hamurinn losni ekki frá við ristuna.

Síðan eru innyfli tekin út í einu lagi, án þess að skadda garnir svo innihald þeirra mengi ekki skrokkinn. Lifur losuð frá og gallblaðra fjarlægð, innihald úr fóarni og slímhúð þess er fjarlægð. Hjarta er losað frá aðalæðum og hreinsað. Haus og efsti hluti af hálsinum, sem er blóðhlaupinn er losaður frá skrokknum, lappir eru skornar af.

Að lokum er skrokkurinn allur skolaður vandlega með volgu rennandi vatni til að fjarlægja blóð, lausar fjaðrir og óhreinindi. Ef þess er krafist vegna heilbrigðisskoðunar skal taka öll innyfli úr kviðarholi út í einu lagi svo hægt sé að skoða þau í samhengi við skrokkinn.

13. gr.

Jafnskjótt og slátrun og snyrtingu fugla er lokið skal innmatur og skrokkur færður til kælingar. Kæling skal fara fram í köldu rennandi vatni og skal kæla vatnið með ís ef þörf krefur. Þess skal gætt að vatnsmagn sé nægilegt miðað við það magn sem kæla á, svo hiti þess fari ekki yfir 4° C í lok kælingar.

Ef nauðsyn er talin skal klórblanda kælivatnið að fyrirsögn dýralæknis. Einnig er yfirdýralækni heimilt að fyrirskipa sérstaka hitameðferð á sláturafurðum ef alvarleg hætta er talin á smitmengun.

Að lokinni kælingu skal leggja afurðir á borð eða grindur, þar sem vatn getur sigið greiðlega af skrokknum. Aldrei má kasta fuglum saman að lokinni kælingu. Ef eigi er völ á nægu kælivatni, skulu fuglar kældir í kældum loftstraumi.

Pökkun afurða skal fara fram jafnóðum og skulu afurðir færðar til frystingar innan 2 klukkustunda eftir slátrun.

IV. KAFLI

Um heilbrigðisskoðun.

14. gr.

Landbúnaðarráðuneytið felur samkvæmt tillögum yfirdýralæknis, dýralækni eftirlit með alifuglasláturhúsi og starfsemi þess. Dýralæknir eða fulltrúi hans skal hafa eftirlit með því að reglusemi, þrifnaður og hreinlætis sé gætt við öll störf í

húsinu að sláturafurðir óhreinkist ekki eða sóttmengist. Skulu verkstjórar og starfsfólk hlíta fyrirsögn hans um þau atriði.

Dýralæknir skal sjálfur vera hreinlátur við störf og koma í hvívetna fram þannig að til fyrirmyndar sé þeim sem sláturstörf vinna. Dýralæknir skal eiga greiðan aðgang að öllum geymslum og vinnustöðum hússins, hvenær sem er.

Ætla skal dýralækni eða trúnaðarmanni hans sérstakt herbergi, með læstum skáp til geymslu á áhöldum, eyðublöðum, merkimiðum og ílátum fyrir sýni og öðru er varðar heilbrigðiseftirlitið. Dýralæknir ber ábyrgð á að ekki eigi sér stað misnotkun á þeim merkingum sem heilbrigðisskoðun einni er ætlað að nota.

15. gr.

Daglega skal færa bók um fjölda fugla sem slátrað hefur verið og hverjar afurðir hafa verið dæmdar óhæfar, af hvaða orsökum og frá hvaða framleiðendum þær eru; sem og annað sem heilbrigðisskoðun aðhefst t. d. vegna ónógs hreinlætis, eða vegna þess að reglur hafa ekki verið virtar. Leiki grunur á að heilbrigði fugla í tilteknu búi sé ábótavant eða ef þar hefur verið staðfestur smitsjúkdómur, skal dýralæknir hlutast til um að fuglum frá þeim búum sé slátrað með sérstakri aðgát í lok vinnudags. Strax að lokinni slíkri slátrun skal fara fram sérstök gagngerð hreinsun og sótthreinsun á öllum áhöldum og búnaði í slátursal. Þyki sérstök ástæða til getur dýralæknir fyrirskipað klórblöndun á vatni því sem notað er í húsinu og einnig má fyrirskipa sérstaka hitameðferð í vatni á skrokknum að lokinni slátrun, til að girða fyrir smitdreifingu með afurðum.

Dýralækni ber að áminna verkstjóra hússins fari eitthvað verulega úrskeiðis varðandi nauðsynlegt hreinlæti í sambandi við slátrun eða búnað hússins. Ef eigi er úr bætt að liðnum hæfilegum fresti er dýralækni heimilt til að stöðva slátrun um stundarsakir uns úrbætur hafa verið gerðar.

Yfirlit um störf heilbrigðiseftirlits skal senda í janúar ár hvert til yfirdýralæknis.

Sláturleyfishafi skal greiða dýralækni eða fulltrúa hans þóknun fyrir störf hans samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins.

16. gr.

Dýralæknir eða fulltrúi hans skal fylgjast með því að fylgt sé reglum þeim sem settar eru um alifuglasláturhús og starfsemi þar.

Sá starfsmaður sem hengir fugla á færiband til aflífunar skal gæta þess að taka frá alla fugla sem hafa orðið fyrir áverkum, eru horaðir, eru með gömul sár, ígerðir, niðurgang, andþrengsli, útferð úr nösum, eða á annan hátt greinilega sjúkir. Dýralæknir eða fulltrúi hans skal skera úr um það hvort þeim skuli slátrað á venjulegan hátt eða hvort þeir skulu aflífaðir og krufðir. Við slátrun skal þess gætt svo sem kostur er að unnt sé að skoða líffæri og fugl í samhengi. Heimilt er dýralækni að skera í líffæri og skrokk svo sem nauðsyn krefur vegna skoðunar, og taka frá til síðari skoðunar.

17. gr.

Við skoðun á alifuglum skal fyrst skoða skrokkinn að utan, haus, háls, vængi og lappir. Sérstaklega skal beina athygli að því hvort merki um húðkvilla séu sýnileg, hvort um húðblæðingar, sár, ígerðir, beinbrot, beinasjúkdóma, vöðvarýrnun, liða- og sinaskeiðabólgu, æxli eða sníkjudýr sé að ræða. Enn fremur hvort skrokkur hafi óhreinkast, hamur rifnað eða hitaverpst við sláturverkun.

Aðgæta skal hjarta, lifur, milti, fóarn, maga og garnir. Ennfremur skal skoða lífhimnu og loftpoka og hvort nokkurs staðar sé að finna óeðlilega lykt af skrokk og líffærum eða merki um bólgur, blæðingar, eða annað sem gæti gefið til kynna að um sjúklegt ástand væri að ræða.

18. gr.

Ef dýralæknir eða fulltrúi hans telur ástæðu til er skylt að taka sýni til sýkla- eða efnarannsóknar. Best er að senda grunsamlega fugla í heilu lagi eða hluta af þeim ásamt líffærum ef heppilegra er talið. Öll sýni skulu vera vandlega kæld og pökkuð, greinilega merkt ásamt upplýsingum um sjúkdóm eða grun um sjúkdóm.

Til að fá fyllri vitneskju um hreinsun og hreinlæti er heimilt að taka sýni af vinnuborðum, áhöldum, vatni og öðru sem ástæða er til hverju sinni.

Áður en slík sýni eru send, skal hafa samráð við Tilraunastöð Háskólans að Keldum um fyrirhugaða rannsókn og haga töku sýna í samræmi við leiðbeiningar rannsóknarmanns.

Ganga skal frá öllum sendingum á þann veg að þær spillist ekki í flutningi og þess skal gætt að ekki sé hætta á smitdreifingu frá slíkum sendingum vegna vanbúnaðar.

Sláturleyfishafa ber að greiða þann kostnað, sem sýnatöku og rannsókn kann að fylgja.

19. gr.

Við heilbrigðisskoðun á alifuglum skal beina athygli að því hvort fuglar hafi óhreinkast eða skaddast við sláturmeðferð, holdafari þeirra og útliti en þó einkum að því hvort sjúklegar breytingar sé að finna á skrokk eða líffærum.

Afurðir af vel útlítandi, heilbrigðum fuglum, sem fengið hafa hreinlega meðferð við slátrun og sem eru án verulegra galla, skal dæma hæfa til manneldis og frjálsrar sölumeðferðar. Á umbúðum skal ávallt koma fram að afurðir hafi verið heilbrigðisskoðaðar.

Afurðir af fuglum sem við skoðun reynast haldnir sjúkdómum, sem hafa haft skaðleg áhrif á hollustu, gæði og útlit afurða, skulu dæmdar óhæfar til manneldis. Sama máli gegnir þó að um staðbundna sjúkdóma sé að ræða, ef eigi er unnt að fjarlægja hina sjúku hluta eða líffæri á tryggilegan hátt. Fugla sem óhreinkast hafa verulega eða mengast við slátrun þannig að varhugavert verður að teljast, skal einnig dæma óhæfa til manneldis. Afurðir fugla sem eru mjög horaðir eða vita holdlausir, þó að ástæðan til þess sé ekki ljós, skal einnig dæma óhæfa til manneldis. Við úrskurð heilbrigðiseftirlits skulu eftirfarandi ákvæði höfð í huga:

20. gr.

Smitsjúkdómar.

Afurðir af fuglum, höldnum eftirtöldum smitsjúkdómum, skulu dæmdar óhæfar til manneldis: Miltisbruni, hænsnabóla, hænsnapest (Fowl Plaque og Newcastle Disease), smitandi laryngotracheitis, kjúklingasótt (Salmonellosis pullorum og og gallinarium), berklaveiki, salmonella sýki, rauð sýki, listeria sýki, ornitosis, botulismus, toxoplasmosis, coryza, loftpokabólga (CRD), veirusjúkdómar í öndunarfærum, trichomoniasis, leucosis og mycosis. Coligranulomatosis á háu stigi, enda sjúkdómurinn valdið vanþrifum.

21. gr.

Æxli.

Afurðir af fuglum sem þjást af æxlissjúkdómum hvort sem æxlin eru illkynja eða ekki, skal dæma óhæfa til manneldis.

22. gr.

Efnaröskunar- og hörgulsjúkdómar, eitranir o. fl.

Afurðir af fuglum, sem orðið hafa fyrir sjúkdómum af ofangreindum völdum skulu dæmdar óhæfar til manneldis ef eftirfarandi finnst: Hor, vökvasöfnun í kviðarholi, eitranir, þvagsýrugigt, rachitis, perosis, óeðlilegt litarfar (gulur, blárauður hamur), monocytosis.

23. gr.
Annarleg lykt og bragð, óhreinindi o. s. frv.

Afurðir skulu dæmdar óhæfar til manneldis ef eftirfarandi finnst: Annarleg lykt vegna langvinnra sjúkdóma, lyfjameðferðar, eða óheppilegrar fóðrunar. Engin eða ófullkomin blóðtæming. Veruleg óhreinkun af völdum málningar, smurolíu, fuglaþrits eða garnainnihalds. Ef afurðir hafa spillst vegna slæmrar sláturverkunar eða of mikils vatnshita við „kaloneringu". Afurðir af fuglum, sem fengið hafa sýklalyf hverskonar síðustu sex daga fyrir slátrun skal dæma óhæfar til manneldis.

24. gr.
Sjúkdómar í einstökum líffærum.

Afurðir af fuglum höldnum sjúkdómum bundnum einstökum líffærum skal dæma sem hér segir:

a) Sjúkdómar í miðtaugakerfi: óhæft.
b) Áköf bólga í gollurshúsi eða hjarta: óhæft.
c) Bandvefskenndar breytingar eftir langvinnar bólgur í gollurshúsi og hjartavöðva: Innyfli óhæf. Skrokkur hæfur, enda sé hann vel útlítandi og holdafar sæmilegt. Annars óhæft.
d) Sjúkdómar í öndunarfærum, lungum og loftpokum: óhæft.
e) Sjúkdómar í brjóst- og lífhimnu: óhæft.
f) Líffæri úr fullorðnum hænsnum: óhæft.

25. gr.
Sjúkdómar í meltingarvegi.

a) Stífla í sarpi: Óhæft ef stíflan hefur valdið megurð eða annarlegri lykt; ella: skrokkur hæfur en innyfli óhæf.
b) Stífla í maga, fóarni eða görnum: óhæft.
c) Áköf bólga í maga, fóarni eða görnum: óhæft.
d) Langvinn væg bólga í meltingarvegi, sem ekki hefur haft áhrif á holdafar eða útlit skrokksins: hæft til manneldis, en innyfli óhæf. Ef sjúkdómurinn hefur valdið vanþrifum: óhæft.

Sjúkdómar í lifur.

a) Áköf bólga í lifur (hepatitis): óhæft.
b) Langvinn lifrarbólga, blöðrumyndun o. fl.: Skrokkur hæfur ef bólgan hefur ekki leitt til vanþrifa, en innyfli óhæf.

26. gr.
Sjúkdómar í þvagfærum.

a) Áköf nýrnabólga (nephritis): óhæft.
b) Blöðrumyndun eða útfelling í nýrum: Skrokkur hæfur ef bólgan hefur ekki valdið vanþrifum eða megurð. Innyfli óhæf.

27. gr.
Sjúkdómar í æxlunarfærum.

a) Bólgur í eggjagöngum (salpingitis): óhæft. Ef um lítilsháttar, langvinna bólgu er að ræða, sem ekki hefur haft áhrif á holdafar og þrif: Skrokkur hæfur; innyfli óhæf.
b) Áköf bólga við endaþarmsop: óhæft.
c) Hnattfrumuíferð (leucosis) í eggjakerfi, eistum, eða bursa fabricii: óhæft.

28. gr.

Sjúkdómar í beinum, liðum sinaslíðrum og slímpokum.

a) Beinbrot. Beinbrot opin eða sóttmenguð: óhæft.
b) Beinbrot gróin eða ný: Hæft ef blóðhlaupið hold og brotin bein eru fjarlægð.
c) Bólgur í liðum og sinaslíðrum: óhæft ef um ákafar bólgur er að ræða eða ef bólgan hefur valdið vanþrifum. Annars hæft ef hinir sjúku hlutar eru numdir brott.
d) Bólgur í slímpokum (Bursitis): óhæft, ef bólgan er mikil og hefur dreifst út, eða haft áhrif á þrif og holdafar. Annars hæft, ef sjúkir hlutar eru numdir brott.
e) Beinagildnun (Osteopetrosis): óhæft.

29. gr.

Sjúkdómar í vöðvum og húð.

a) Hnattfrumuíferð í vöðva eða húð (leucosis): óhæft.
b) Vöðvarýrnun: óhæft ef um verulega rýrnun er að ræða, eða ef rýrnunin er af völdum sjúkdóms, sem veldur því að fuglinn er óhæfur til manneldis.
c) Sár, ígerð, mar: Hæft, ef um minniháttar staðbundna áverka er að ræða, sem auðvelt er að nema burtu. Annars óhæft.
d) Bólgur í húð, exem eða bólgur af völdum sníkjudýra: Hæft ef um minniháttar staðbundnar breytingar er að ræða, sem ekki hafa haft áhrif á holdafar eða þrif og sem auðvelt er að nema burt. Annars óhæft.

30. gr.

Hænsfuglar, sem dæmdir eru hæfir til manneldis, skulu við sölu á almennum markaði aðgreindir eftir aldri, holdafari og þyngd.

Aldursflokkun þessi, skal koma fram á umbúðum og skal vera sem hér segir:

1) **Kjúklingar:** alifuglar sem eru 14 vikna eða yngri þegar þeim er slátrað, lágmarksþyngd 500 gr. eftir sláturverkun.
2) **Ungfuglar:** Alifuglar sem eru á aldrinum 15—30 vikna, þegar þeim er slátrað. Lágmarksþyngd 1000 gr. eftir sláturverkun.
3) **Unghænsni:** Fuglar sem eru á aldrinum 8—20 mánaða, þegar þeim er slátrað. Lágmarksþyngd 1000 gr. eftir sláturverkun.
4) **Hænsni:** Fuglar sem eru eldri en 20 mánaða, þegar þeim er slátrað.

Heimilt er framleiðendum að flokka sláturfugla nánar innan framangreindra þriggja aldursflokka, t. d. eftir þyngd, kyni, holdafari o. s. frv.

Á umbúðir skal tilgreina (samanber 7. gr.): Nafn framleiðanda eða auðkenni, nafn sláturhúss, sláturmánuð og ár, innihald umbúða og að slátrun og meðferð hafi verið samkvæmt ákvæðum heilbrigðisskoðunar.

Óheimilt er að bjóða til sölu alifugla, sem ekki eru frystir og ekki eru í tilhlýðilega merktum umbúðum. Afurðum sem dæmdar eru óhæfar, skal eyða með eldi eða fjarlægja þær ásamt öðrum úrgangi, svo tryggt sé að þær verði ekki notaðar til manneldis.

31. gr.

Um refsingar og viðurlög fyrir brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 30 28. apríl 1966.

32. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 frá 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 286 28. september 1973, um meðferð og merkingu sláturafurða af alifuglum, 25. gr. reglugerðar nr. 205 29. desember 1967 um útbúnað sláturhúsa m. m., og önnur ákvæði er kunna að brjóta í bága við reglugerð þessa.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. maí 1980.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

13. maí 1980. Nr. 261.

REGLUGERÐ

um merki lögreglunnar.

1. gr.

Hið almenna lögreglumerki ríkisins er gyllt stjarna með sex jöfnum örmum. Í miðri stjörnunni er skjöldur með tveimur krosslögðum sverðum að baki skjaldarins, þannig að aðeins sjást hjöltun ásamt efsta og neðsta hluta blaðanna. Umhverfis skjöldinn er áletrunin: MEÐ LÖGUM SKAL LAND BYGGJA, afmörkuð með tveimur hringferlum. Frá ytra hringferli liggja 54 teinar með jöfnu millibili út að jaðri stjörnunnar.



2. gr.

Þar sem Ísland er aðili að Alþjóðasamtökum sakamálalögreglu, „INTEPOL“, er merki þeirra jafnframt lögreglumerki á Íslandi.

Merki samtakanna er blátt á hvítum grunni, sporöskjulagað hnattlíkan með lárviðarsveig til hliðanna, með áletruninni: OIPC og ICPO ofan á hnattlíkaninu, en

INTEPOL undir því. Þá er sverð lóðrétt að baki líkaninu og sjást hjöltu þess efsti og neðsti hluti blaðsins. Tvær vogarskálar eru fyrir neðan hnattlíkanið.



3. gr.

Önnur lögreglumerki, sem gerð eru sérstaklega vegna rannsóknarlögreglustarfa eða annarra lögreglustarfa, skulu jafnframt vera merki lögreglunnar.

4. gr.

Óheimilt er án samþykkis dómsmálaráðuneytisins að nota lögreglumerki eða hluta þeirra.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, sem sett er með heimild í 11. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn, geta varðað refsingu samkvæmt hegningarlögum eða öðrum lögum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. maí 1980.

Friðjón Þórðarson.

Baldur Möller.

Nr. 262. 19. maí 1980.

REGLUGERÐ

um veiðitakmarkanir 1. maí—15. ágúst 1980.

1. gr.

Skuttogurum með aflvél 900 hestöfl og stærri og togskipum, sem eru 39 metrar og lengri, eru bannaðar veiðar með eftirgreindum hætti:

1. Á tímabilinu 1. maí—30. júní 1980, eru skipum bannaðar þorskveiðar í 30 daga.
2. Á tímabilinu 1. júlí—15. ágúst 1980 eru skipum bannaðar þorskveiðar í 36 daga.
3. Á tímabilinu frá og með 20. júlí til og með 4. ágúst, eru skipum bannaðar allar veiðar samfellt í 5 daga.

2. gr.

Útgerðaraðilar ráða tilhögun veiðitakmörkunar samkvæmt 1. gr., en þó skal hvert skip láta af þorskveiðum eigi skemur en í 4 daga í senn.

Tilhögun veiðitakmarkana samkvæmt 1. gr., skal tilkynnt sjávarútvegsráðuneytinu áður en þær hefjast hverju sinni. Verði slíkar áætlanir ekki látnar í té, getur ráðuneytið ákveðið, hvenær viðkomandi skip skuli láta af þorskveiðum. Útgerðaraðilar eru bundnir við áætlanir sínar og verða að leita samþykkis ráðuneytisins, ef þeir vilja breyta þeim.

3. gr.

Við ákvörðun á því, hversu lengi skip láta af þorkveiðum hverju sinni samkvæmt 1.—2. gr. gilda eftirfarandi reglur:

1. Upphaf tímabils miðast við þann tíma, er skip kemur í höfn til löndunar afla úr síðustu veiðiferð fyrir tímabilið.
2. Lok tímabils miðast við þann tíma, er skipið heldur til þoskveiða á ný.
3. Sigli skip með afla til löndunar erlendis og reynist þorskur yfir 15% af heildaraflanum, telst sá tími er fer í siglingar með afla út og til heimahafnar aftur ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.

4. gr.

Á tímabilinu frá og með 26. júlí 1980 til og með 4. ágúst 1980 eru skipum, öðrum en þeim, sem upp eru talin í 1. gr., bannaðar allar þorskveiðar.

5. gr.

Á tímabilinu frá og með 16. júlí 1980 til og með 15. ágúst 1980, eru allar þorskveiðar í þorskfisknet bannaðar.

6. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 1. gr. 1. tl., og 4.—5. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%.

Þegar fiskiskip lætur af þorskveiðum samkvæmt 1. gr. 2. tl., má hlutur þorsks vera allt að 25%, af heildarafla einstakrar veiðiferðar, enda fari hlutur landaðs þorsks á þessu tímabili aldrei yfir 15% af heildarafla þeim, sem skipið aflar í veiðiferðum, er tilkynntar hafa verið ráðuneytinu sem þorskveiðibann sbr. 2. gr.

Fari þorskafli yfir 15% af heildaraflanum sbr. 1. og 2. mgr. verður það, sem umfram 15% er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

7. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili, sem þorskveiðar eru því bannaðar samkvæmt 1. gr. og 4.—5. gr. og hlutfall þorsks í afla reynist hærra en 15% skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 6. gr. nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils, samkvæmt 1. gr. og 4.—5. gr., hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

8. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. maí 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 263. 8. maí 1980.

REGLUGERÐ

fyrir svæðisstjórnir um málefni þroskaheftra og öryrkja.

I. KAFLI

Stofnun og skipan svæðisstjórna.

1. gr.

Á hverju starfssvæði samkvæmt 4. gr. laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta skal starfa svæðisstjórn.

2. gr.

Í svæðisstjórn eiga sæti: fræðslustjóri, héraðslæknir og þrír menn skipaðir af félagsmálaráðherra, tveir þeirra samkvæmt tilnefningu samtaka sveitarfélaga og einn samkvæmt tilnefningu foreldrasamtaka þroskaheftra og öryrkja á svæðinu.

Skipunartími svæðisstjórna er fjögur ár.

II. KAFLI

Hlutverk svæðisstjórna.

3. gr.

Svæðisstjórn hefur það hlutverk að gera tillögur um þjónustu fyrir þroskahefta og öryrkja á hverju svæði og samræma aðgerðir opinberra aðila, svo sem fræðsluyfirvalda, heilbrigðisyfirvalda og hlutaðeigandi sveitarfélaga svo og annarra aðila sem vinna að málefnum þroskaheftra og öryrkja.

4. gr.

Svæðisstjórn gerir áætlanir um framkvæmd og forgang verkefna á sviði þjónustu fyrir þroskahefta á svæðinu.

Svæðisstjórn gerir árlegar tillögur um fjárhags- og framkvæmdaáætlanir til notkunar við undirbúning fjárlagafrumvarps og skal senda þær til viðkomandi ráðuneytis fyrir 1. apríl ár hvert.

Svæðisstjórn skal gera áætlanir til lengri tíma um skipan þessara mála og nauðsynlegar framkvæmdir á svæðinu og endurskoðar slíkar áætlanir árlega og sendir hlutaðeigandi ráðuneyti og stjórnarnefnd.

5. gr.

Svæðisstjórn skal halda skrá yfir alla þroskahefta og öryrkja á svæðinu. Þar skulu koma fram:

Nafn, aldur, lögheimili og dvalarstaður.

Nöfn foreldra eða forráðamanns.

Niðurstaða greiningar ásamt áætlunum um meðferð og greinargerð um framkvæmd hennar og árangur.

Bendi frumgreining til þroskaheftingar og hafi foreldrum verið gerð grein fyrir málinu skal svæðisstjórn hafa samband við foreldra eða forráðamenn kynna þeim lög um aðstoð við þroskahefta og benda þeim á þá þjónustu, sem er fyrir hendi á hverju svæði.

Sérhverjum, er annast skráningu og varðveislu upplýsinga svo og þeim er heimilaður verður aðgangur að skránum, ber að gæta fyllstu þagmælsku um það er hann kemst að í starfi sínu.

Eyðileggja skal upplýsingar um einstaklinga ef greining leiðir í ljós að þeir teljast ekki þroskaheftir í skilningi þessara laga.

6. gr.

Svæðisstjórn fjallar um umsóknir um þjónustu og vistun á sérstofnunum fyrir þroskahefta.

Svæðisstjórn heimilar vistun að höfðu samráði við forstöðumann hlutaðeigandi stofnunar enda sé áður leitað umsagnar greiningarstöðvar ríkisins.

Ekki þarf að leita umsagnar svæðisstjórnar varðandi þjónustu á skammtímafósturheimilum, leikfangasöfnum og skóladagheimilum.

Neiti viðkomandi forstöðumaður að veita þjónustu má vísa málinu til úrskurðar svæðisstjórnar.

Fyrir 15. janúar ár hvert skulu þessar stofnanir senda svæðisstjórn skrá yfir þá einstaklinga, sem hafa notið þjónustu þeirra á næst liðnu ári.

7. gr.

Svæðisstjórn fylgist með að þroskaheftir og öryrkjar, sem eiga rétt á þjálfun og kennslu í heimahúsum njóti hennar.

8. gr.

Svæðisstjórn skal sjá um að framfærendur, sem kjósa sjálfir að annast þroskaheftan einstakling í heimahúsum, og að mati svæðisstjórnar eru hæfir til þess, fái aðstoð og úrskurðar stjórnin í hvaða formi slík aðstoð skuli veitt.

9. gr.

Allar stofnanir fyrir þroskahefta og öryrkja þar með taldar sjálfseignarstofnanir skulu háðar eftirliti svæðisstjórna.

Að beiðni hlutaðeigandi ráðuneytis ber svæðisstjórn að láta ráðuneytinu í té álit sitt varðandi veitingu leyfa til þess að setja á fót og starfrækja slíkar stofnanir.

10. gr.

Svæðisstjórn annast miðlun upplýsinga um réttindi þroskaheftra og öryrkja.

Svæðisstjórn skal fylgjast með húsnæðis- og atvinnumálum þroskaheftra og öryrkja.

11. gr.

Svæðisstjórn skal senda ráðuneyti og stjórnarnefnd rekstrarreikninga og starfsskýrslu liðins árs, ekki síðar en 1. mars ár hvert.

12. gr.

Svæðisstjórn annast önnur þau verkefni, sem stjórnarnefnd eða ráðuneyti kunna að fela henni.

III. KAFLI

Starfshættir svæðisstjórna.

13. gr.

Svæðisstjórn kýs sér formann, varaformann og ritara til eins árs í senn.

14. gr.

Svæðisstjórn kemur saman til fundar svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Skylt er að boða til fundar ef tveir stjórnarmanna óska þess, enda sé fundarefni tilgreint.

15. gr.

Fundur svæðisstjórnar telst löglegur ef allir stjórnarmenn hafa verið boðaðir með að minnsta kosti þriggja daga fyrirvara. Fundur skal boðaður með dagskrá.

16. gr.

Svæðisstjórn afgreiðir mál með ályktunum á fundum. Afl atkvæða ræður úrslitum um afgreiðslu mála. Ályktanir eru því aðeins löglegar að meiri hluti stjórnar sé á fundi.

17. gr.

Fundargerðir svæðisstjórnar skulu ritaðar í gerðabók, og staðfestar með undirskrift fundarmanna.

18. gr.

Þegar taka skal ákvörðun er varðar sérstaklega tilteknar stofnanir eða sveitarfélög skal svæðisstjórn gefa hlutaðeigandi aðilum kost á að kynna sér málið og láta álit sitt í ljós á fundi hennar.

19. gr.

Heimilt er svæðisstjórn að semja við fræðsluskrifstofu, einstök sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga um skrifstofuþjónustu. Slíkir samningar skulu gerðir að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið.

20. gr.

Þóknunarnefnd ákveður laun vegna starfa svæðisstjórna.

Um greiðslu ferðakostnaðar gilda sömu reglur og um opinbera starfsmenn. Kostnaður vegna starfa héraðslækna og fræðslustjóra greiðist af hlutaðeigandi stjórnvöldum. Kostnaður vegna starfa fulltrúa sveitarfélaga greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Kostnaður vegna starfa fulltrúa foreldrasamtaka greiðist úr ríkissjóði.

Annar kostnaður við starfsemi svæðisstjórna greiðist úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 8. maí 1980.

Svavar Gestsson.

Margrét Margeirsdóttir.

Stjórnartíðindi B 25, nr. 260—263. Útgáfudagur 23. maí 1980.

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 — 1980

REGLUGERÐ
um dragnótaveiðar.

1. gr.
Lágmarksstærð möskva í dragnót skal vera 155 mm.

2. gr.
Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að nýta net með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm í vængjum og miðneti dragnótar, enda hafi slík nót verið sett upp fyrir útgáfu þessarar reglugerðar. Hámarkslengd miðnets, með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm, skal vera 3 metrar.

3. gr.
Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1.—2. gr. reglugerðar þessarar, þó skal ekki teljast ólögmætt að festa net eða annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

4. gr.
Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, jafnbreið leyfilegri möskvastærð og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann. Netið skal mælt vott.

5. gr.
Við veiðar með dragnót í íslenskri fiskveiðilandhelgi, er óheimilt að nota hlera og hvað eina, sem gæti komið í þeirra stað til útþenslu vængjanna.

6. gr.
Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

7. gr.
Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.
Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 215 23. maí 1979 um dragnótaveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. maí 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 26, nr. 264. Útgáfudagur 23. maí 1980.

B 54

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Nr. 265. 426 30. maí 1980.

REGLUGERÐ

um innheimtu þungaskatts af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín.

1. gr.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem bifreiðar eru hérlendis, talið frá og með komudegi, sem hér segir:

a) Af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlítandi ökumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977 um ökumæla:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 2000	8 212	7000—7199	20 412
2000—2199	8 681	7200—7399	20 881
2200—2399	9 150	7400—7599	21 350
2400—2599	9 619	7600—7799	21 819
2600—2799	10 088	7800—7999	22 288
2800—2999	10 558	8000—8199	22 757
3000—3199	11 027	8200—8399	23 227
3200—3399	11 496	8400—8599	23 696
3400—3599	11 965	8600—8799	24 165
3600—3799	12 435	8800—8999	24 635
3800—3999	12 904	9000—9199	25 104
4000—4199	13 373	9200—9399	25 573
4200—4399	13 842	9400—9599	26 042
4400—4599	14 312	9600—9799	26 512
4600—4799	14 781	9800—9999	26 981
4800—4999	15 250	10000—10199	27 450
5000—5199	15 719	10200—10399	27 919
5200—5399	16 188	10400—10599	28 388
5400—5599	16 658	10600—10799	28 858
5600—5799	17 127	10800—10999	29 327
5800—5999	17 596	11000—11199	29 796
6000—6199	18 065	11200—11399	30 265
6200—6399	18 535	11400—11599	30 735
6400—6599	19 004	11600—11799	31 204
6600—6799	19 473	11800—11999	31 673
6800—6999	19 942	12000—12199	32 142

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
12200—12399	32 612	14600—14799	38 242
12400—12599	33 081	14800—14999	38 712
12600—12799	33 550	15000—15199	39 181
12800—12999	34 019	15200—15399	39 650
13000—13199	34 488	15400—15599	40 119
13200—13399	34 958	15600—15799	40 588
13400—13599	35 427	15800—15999	41 058
13600—13799	35 896	16000—16199	41 527
13800—13999	36 365	16200—16399	41 996
14000—14199	36 835	16400—16599	42 465
14200—14399	37 304	16600—16799	42 935
14400—14599	37 773	16800—16999	43 404

Sé eigin þyngd bifreiðar 17000 kg eða meira skal vikugjaldið hækka um 469 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd er meiri en 17000 kg.

Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir ekki útbúnir viðhlítandi ökumælisbúnaði, sbr. b-lið þessarar greinar.

b) Af bifreiðum, sem eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og útbúnar eru viðhlítandi ökumælisbúnaði, sbr. reglugerð nr. 62/1977 um ökumæla, skal greiða þungaskatt skv. ákvæðum c-liðs 3. gr. reglugerðar nr. 511/1979 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir útbúnir viðhlítandi ökumælisbúnaði.

2. gr.

Þungaskatt samkvæmt a-lið 1. gr. skal greiða við komu bifreiðar til landsins. Við ákvörðun skattsins skal miða við þann tíma, sem áformað er að bifreið verði hérlendis, reiknaðan í heilum vikum. Telst brot úr viku heil vika í þessu sambandi, sbr. 1. gr.

Komi í ljós við brottflutning gjaldskyldrar bifreiðar samkvæmt a-lið 1. gr. reglugerðar þessarar að verutíma hennar hérlendis hefur verið van- eða ofáætlaður skal eftir atvikum innheimta vangoldinn eða endurgreiða ofheimtan þungaskatt af þeim sökum. Hafi verutími verið vanáætlaður um meira en sem nemur 4 vikum skal innheimta dráttarvexti af þeim þungaskatti, sem ógreiddur er vegna vanáætlunar. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

3. gr.

Við komu bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., til landsins skulu viðkomandi toll- eða löggæslumenn ganga úr skugga um að ökumælir hennar sé virkur og innsiglaður á þann hátt, sem kveðið er á um í reglugerð nr. 62/1977.

Uppfylli ökumælisbúnaður að mati toll- eða löggæslumanns þær kröfur, sem gerðar eru til slíks búnaðar, skal hann skrá stöðu mælis og númer mælis í akstursbók, sem afhenda skal umráðamanni bifreiðarinnar. Jafnframt skal skrá þessar upplýsingar í sérstaka skrá, sem viðkomandi innheimtumaður skal halda um þessar bifreiðar.

Við brottflutning bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., skal tolleða löggæslumaður lesa af ökumæli hennar og ákvarða þungaskatt í samræmi við ekinn kílómetrafjölda frá komudegi. Skattinn skal greiða hjá viðkomandi innheimtumanni, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 4. gr.

Nú er bifreið, sem gjaldskyld er samkv. b-lið 1. gr., staðsett hérlendis lengur en fjóra mánuði í senn og skulu þá ákvæði 6. gr. reglugerðar 511/1979 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. gilda um álestur og innheimtu þungaskatts af henni.

4. gr.

Að því leyti, sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um innheimtu vaxta, viðurlög, veð, sektir og aðra framkvæmd varðandi innheimtu þungaskatts samkvæmt 1. gr., skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði reglugerðar nr. 511/1979 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. og reglugerðar nr. 62/1977 um ökumæla.

Ráðuneytið getur falið toll- eða löggæslumönnum að annast ákvörðun og innheimtu þungaskatts f. h. viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, ef sérstaklega stendur á.

Óheimilt er að skipa út gjaldskyldri bifreið samkvæmt reglugerð þessari nema sannað sé að þungaskattur af henni hafi verið greiddur.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, sbr. lög nr. 78/1975 og lög nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 30. maí 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 266. 28. maí 1980.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169 21. ágúst 1970 um söluskatt með áorðnum breytingum.

1. gr.

2. mgr. 2. tl. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 431/1978, orðist svo:

Undanþága samkvæmt þessum tölulið tekur þó ekki til sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald. Undanþágan nær heldur ekki til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, kex og annarra iburðarmeiri brauðvara er falla undir tollskrárnúmer 19.08.03—09 ef þær innihalda 20% eða meira af kakói miðað við þyngd, poppkorns eða annars sælgætis þótt það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 28. maí 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Stjórnartíðindi B 27, nr. 265—266. Útgáfudagar 3. júní 1980.

Nr. 267. 430 4. júní 1980.

AUGLÝSING

um sérstaka tollmeðferð vegna viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar.

INNGANGUR

Hinn 1. maí 1980 tók gildi samningur EFTA-landanna og Spánar. Samkvæmt ákvæðum samnings þessa ber Íslandi að lækka tolla gagnvart Spáni hinn 1. júlí 1980 á innfluttum vörum upprunnum á Spáni en jafnframt ber Spáni að lækka tolla á innfluttum vörum upprunnum m. a. á Íslandi í samræmi við ákvæði nefnds samnings. Með EFTA-löndum í auglýsingu þessari er auk Íslands átt við Austurríki, Finnland, Liechtenstein, Noreg, Portúgal, Sviss og Svíþjóð.

Með vísan til ofanritaðs eru eftirfarandi reglur settar um tollmeðferð vara þeirra er ákvæði nefnds samnings taka til að því er Ísland og Spán varðar:

I. KAFLI

Lækkun tolla á innfluttum vörum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu á vörum sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, og upprunnar eru á Spáni, sbr. ákvæði III. kafla þessarar auglýsingar, skal greiða tolla samkvæmt tolltöxtum þeim sem tilgreindir eru hér á eftir:

	%		%		%
25.05.00	2	30.03.13	3	32.11.00	7
25.12.01	4	30.03.23	3	32.12.00	12
25.13.01	4	30.03.33	3	33.04.03	6
25.16.00	4	30.03.43	3	33.06.01	18
25.17.01	4	32.09.10	12	33.06.03	18
25.17.09	2	32.09.21	12	33.06.05	18
25.22.01	4	32.09.22	12	33.06.07	10
25.23.00	4	32.09.23	12	33.06.11	18
26.03.00	3	32.09.24	12	34.01.01	14
28.04.11	7	32.09.25	12	34.01.02	14
28.04.12	4	32.09.29	12	34.01.03	14
28.04.13	2	32.09.31	2	34.01.04	14
28.09.00	4	32.09.39	12	34.01.05	14
28.13.01	4	32.09.41	7	34.01.09	14
28.16.00	4	32.09.43	6	34.02.05	14
29.01.41	7	32.09.49	12	34.02.06	14

	%		%		%
34.02.07	14	39.07.14	1	43.04.09	12
34.02.08	14	39.07.15	10	44.13.21	10
34.02.09	14	39.07.16	7	44.13.29	6
34.05.01	14	39.07.17	18	44.19.00	12
34.05.02	14	39.07.18	7	44.20.00	13
34.06.00	14	39.07.19	7	44.21.00	10
35.01.00	6	39.07.35	10	44.23.01	7
35.03.01	6	39.07.40	12	44.23.02	7
35.06.01	7	39.07.46	13	44.23.03	7
35.06.09	6	39.07.47	16	44.23.04	12
36.05.00	10	39.07.61	0	44.23.09	10
38.18.00	12	39.07.62	18	44.24.00	18
38.19.33	7	39.07.63	7	44.25.01	7
39.01.23	3	39.07.66	7	44.25.03	7
39.01.24	6	39.07.67	7	44.27.01	16
39.01.26	5	39.07.69	10	44.27.02	7
39.01.33	3	39.07.71	7	44.27.09	18
39.01.34	6	39.07.77	5	44.28.83	7
39.01.36	5	39.07.79	7	44.28.84	10
39.01.43	3	39.07.81	13	44.28.87	7
39.01.46	1	40.07.00	6	44.28.88	18
39.01.53	3	40.08.01	10	44.28.94	13
39.01.55	1	40.13.02	12	46.02.01	16
39.01.64	7	40.13.09	12	46.02.02	16
39.01.95	3	40.14.01	0	46.03.01	3
39.01.97	5	40.14.03	7	48.05.20	10
39.02.13	5	40.14.11	7	48.05.41	4
39.02.14	5	41.01.11	1	48.07.39	7
39.02.15	3	41.01.19	3	48.07.42	4
39.02.23	3	41.01.20	3	48.07.44	10
39.02.25	5	41.01.30	3	48.07.47	3
39.02.34	5	41.01.40	3	48.14.04	10
39.02.35	3	41.01.50	3	48.15.10	10
39.02.36	7	41.01.60	3	48.15.34	3
39.02.44	5	41.02.10	4	48.15.35	10
39.02.47	3	41.03.00	3	48.16.01	1
39.02.61	5	41.04.00	3	48.16.02	1
39.02.64	3	41.05.01	3	48.16.03	1
39.02.75	5	41.05.09	3	48.16.04	7
39.02.93	3	41.09.00	3	48.16.05	7
39.02.99	5	42.01.00	14	48.16.06	7
39.03.12	5	42.03.01	12	48.16.07	3
39.03.13	3	42.03.02	12	48.16.08	0
39.03.33	5	42.03.09	12	48.16.11	7
39.03.34	3	42.04.00	4	48.16.12	4
39.03.53	5	43.01.10	6	48.16.19	7
39.03.54	3	43.01.20	6	48.18.00	10
39.03.81	5	43.02.01	7	48.19.01	6
39.03.82	3	43.02.09	7	48.19.02	1
39.07.11	7	43.03.01	12	48.19.09	10
39.07.13	1	43.03.09	12	48.21.21	13

	%		%		%
48.21.31	12	53.11.10[1])	6	58.03.00	12
48.21.32	18	53.11.20[1])	6	58.04.10	3
48.21.40	7	53.11.30[1])	6	58.04.30	3
48.21.53	16	53.11.40[1])	6	58.04.40	3
48.21.55	7	53.11.50[1])	6	58.04.50	3
48.21.56	12	53.12.00	5	58.05.00	3
48.21.57	10	54.03.00	1	58.06.00	3
49.01.01	4	54.04.00	4	58.07.01	5
49.07.09	3	54.05.01[2])	9	58.07.02	1
49.08.00	10	54.05.09[2])	9	58.07.03	4
49.09.00	18	55.07.10	5	58.07.09	3
49.10.00	3	55.07.20	5	58.08.01	1
49.11.19	10	55.08.10	5	58.08.09	5
49.11.29	10	55.08.20	5	58.09.00	5
50.04.00	5	56.05.19	1	58.10.00	5
50.05.00	5	56.05.20	1	59.01.02	7
50.07.00	5	56.05.30	1	59.02.10	10
50.09.00	5	56.05.40	1	59.02.22	7
51.01.10	1	56.05.59	1	59.02.29	6
51.01.20	1	56.05.60	1	59.03.01	3
51.01.30	1	56.05.70	1	59.03.09	12
51.01.40	1	56.05.89	1	59.04.01	1
51.01.50	1	56.06.10	4	59.04.02	1
51.01.60	1	56.06.20	4	59.04.04	3
51.01.70	1	56.06.30	4	59.04.09	5
51.01.80	1	56.07.10	4	59.05.01	1
51.01.85	1	56.07.20	4	59.05.02	1
51.01.90	1	56.07.30	4	59.05.09	12
51.02.10	1	56.07.40	4	59.06.01	3
51.02.20	1	56.07.50	4	59.06.03	1
51.03.10	4	56.07.60	4	59.07.09	5
51.03.20	4	56.07.70	4	59.08.09	3
51.04.10	4	56.07.80	4	59.12.09	5
51.04.21	1	56.07.85	4	60.01.10[2])	9
51.04.29	4	56.07.90	4	60.01.21	1
51.04.30	4	57.06.00	3	60.01.29	4
51.04.40	4	57.07.09	5	60.01.30	4
51.04.50	4	58.01.10	16	60.01.40	4
51.04.60	4	58.01.20	16	60.01:51	4
52.01.00	4	58.02.10	16	60.01.59	4
52.02.00	4	58.02.20	16	60.02.01	12
53.06.10	2	58.02.30	16	60.02.02	12
53.06.20	2	58.02.40	16	60.02.09	12
53.07.10	2	58.02.50	16	60.03.05[3])	5
53.07.20	2	58.02.60	16	60.05.82[2])	9
53.09.00	5	58.02.70	16	60.06.10	5
53.10.10	6	58.02.80	16	60.06.21	3
53.10.20	6	58.02.90	16	60.06.22	12

1) Tollur lækkar í 5% 1. janúar 1982.
2) Tollur lækkar í 7% 1. janúar 1982.
3) Tollur lækkar í 4% 1. janúar 1982.

	%		%		%
60.06.29	7	73.14.02	4	82.01.02	5
61.05.00	12	73.21.01	12	83.03.01	7
61.06.00	12	73.21.02	7	83.06.01	13
61.07.00	12	73.21.03	7	83.07.04	7
61.09.10	12	73.21.04	7	83.07.05	13
61.09.21	12	73.21.05	7	83.07.09	16
61.09.29	12	73.21.06	4	83.13.02	13
61.10.00	12	73.21.09	7	83.13.03	1
61.11.00	4	73.22.01	3	83.14.00	13
62.02.71[1])	9	73.22.09	10	84.11.41	3
62.02.81[1])	9	73.23.01	6	84.11.42	3
62.03.01	0	73.23.03	10	84.12.00	5
62.03.02	0	73.23.04	1	84.15.33	3
62.03.09	0	73.23.09	12	84.15.39	3
62.04.11	7	73.31.01	10	84.17.23	5
62.04.12	14	73.31.09	10	84.22.12	2
62.04.19	14	73.37.01	7	84.22.31	3
62.04.21	7	73.37.02	7	84.22.61	5
62.04.22	14	73.37.03	3	84.22.62	7
62.04.29	14	73.37.09	7	84.30.15	1
62.05.11	1	73.38.21	10	85.01.21	7
62.05.12	1	73.38.22	14	85.01.71	7
62.05.19	14	73.40.41	0	85.01.79	7
63.01.00	7	73.40.42	0	85.04.10	7
63.02.00	7	73.40.43	0	85.12.51	14
64.01.09	12	73.40.44	0	85.12.52	14
64.03.00	12	73.40.45	1	85.12.53	14
64.04.00	12	73.40.46	1	85.19.17	7
65.03.00	12	73.40.48	1	85.19.19	7
65.05.00	12	73.40.49	5	85.24.00	5
65.06.02	12	73.40.51	13	87.05.01	3
68.01.00	7	73.40.55	10	87.05.02	7
68.02.01	16	74.19.03	5	87.05.09	16
68.02.03	16	74.19.05	10	87.06.01	7
68.02.09	10	75.06.01	10	89.01.20	7
68.08.01	7	76.01.10	1	89.01.59	7
68.11.01	7	76.01.20	1	89.01.69	7
68.11.09	14	76.08.00	7	94.01.13	16
68.15.00	7	76.09.00	10	94.01.14	16
68.16.02	7	76.10.02	6	94.01.19	16
69.06.00	7	76.10.04	10	94.01.20	16
69.13.01	16	76.10.09	12	94.03.11	12
69.13.09	18	76.16.02	1	94.03.12	16
70.07.01	10	76.16.03	1	94.03.13	16
70.08.00	10	76.16.07	5	94.03.14	16
70.09.00	18	76.16.09	7	94.03.15	16
70.14.01	16	76.16.11	10	94.03.19	16
71.12.00	12	76.16.12	4	94.03.21	12
71.16.00	12	78.06.01	0	94.03.22	16

1) Tollur lækkar í 7% 1. janúar 1982.

	%		%		%
94.03.23	16	96.01.01	13	97.04.03	16
94.03.24	16	96.01.03	18	97.07.02	10
94.03.29	16	96.01.05	18	97.07.09	10
94.03.31	12	96.01.07	13	98.02.09	7
94.03.32	16	96.01.09	18	98.07.00	14
94.03.39	16	97.02.00	16	98.12.00	18
94.04.00	16	97.03.00	16		

Hafi tollar af upprunavörum í skilningi auglýsingar þessarar, sem falla undir önnur tollskrárnúmer en upp eru talin í 1. mgr. þessarar greinar, verið lækkaðir samkvæmt heimild í 13. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. til samræmis við tolla af hliðstæðum vörum sem falla undir tollskrárnúmer upptalin í 1. mgr. þessarar greinar, skal lækka tolla þá sem ákveðnir hafa verið samkvæmt tilvitnaðri heimild í samræmi við tollalækkunarferil þann sem sýndur er í fylgiskjali I og II með auglýsingu þessari miðað við A-toll þann sem í gildi var 1. janúar 1978 í tollskrárnúmeri því sem tollur er samræmdur við.

Af vörum sem ekki verða taldar upprunavörur samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar, svo og af vörum sem falla undir önnur tollskrárnúmer en þau sem upp eru talin í 1. mgr. þessarar greinar, skal greiða toll samkvæmt tolltöxtum í dálkum merktum A í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

II. KAFLI

Útflutningur til Spánar.

2. gr.

Um tollalækkanir af hálfu Spánar gilda ákvæði viðauka II við samninginn milli EFTA-landanna og Spánar, sbr. 17. gr. auglýsingar þessarar. Viðskiptaráðuneytið, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og Verslunarráð Íslands veita upplýsingar og leiðbeiningar um tollalækkanir á vörum upprunnum á Íslandi sem ákvæði viðauka II við samninginn taka til.

3. gr.

Tollyfirvöld veita útflytjendum upplýsingar og leiðbeiningar varðandi umsóknir um útgáfu EUR. 1 skírteina og EUR. 2 eyðublaða, sbr. 9. gr. Upplýsingar veittar af tollyfirvöldum eru því aðeins bindandi að þeirra sé óskað skriflega og þær veittar á sama hátt.

Auk tollyfirvalda veita Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og Verslunarráð Íslands fyrirtækjum upplýsingar og leiðbeiningar varðandi umsóknir til tollyfirvalda um útgáfu ofangreindra skírteina.

III. KAFLI

Skilyrði sérstakrar tollmeðferðar.

Upprunareglur.

4. gr.

Vörur sem innfluttar eru frá Spáni og falla undir tollskrárnúmer þau sem tilgreind eru í 1. gr. geta því aðeins fengið tollmeðferð skv. 1. gr. að eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:

1) Vörurnar fullnægi skilyrðum um uppruna samkvæmt ákvæðum viðauka III við samning milli EFTA-landanna og Spánar (hér á eftir nefndur viðauki III), sbr. 5. gr. auglýsingar þessarar,

2) gætt sé ákvæða um endurgreiðslur innlendra álaga, tolla o. fl., sbr. 6. gr. viðauka III,
3) gætt sé ákvæða um flutning vara í 7. gr. viðauka III,
4) gætt sé ákvæða um framlagningu skjala vegna vara sem óskað er sérstakrar tollmeðferðar fyrir, sbr. 9. gr. auglýsingar þessarar.

5. gr.

Skilyrði því um uppruna vara sem um getur í 1. tl. 4. gr. skal talið fullnægt ef uppruni þeirra er í samræmi við eftirfarandi:

1. Varan sé að öllu leyti fengin á Íslandi eða Spáni, sbr. 4. gr. viðauka III.
   Vara telst „að öllu leyti fengin" á Íslandi eða Spáni ef um er að ræða eftirfarandi:
   a) Jarðefni, unnin þar úr jörðu eða hafsbotni,
   b) vörur úr gróðurríkinu, ræktaðar þar,
   c) lifandi dýr, borin og alin þar,
   d) afurðir lifandi dýra, alin þar,
   e) veiðibráð og fiskafurðir, aflað þar með veiðum,
   f) sjávarafurðir, aflað frá skipum þess,
   g) vörur, framleiddar um borð í verksmiðjuskipum þess og eingöngu úr vörum sem um ræðir í lið f),
   h) notaðar vörur sem þar er safnað og eingöngu er hægt að nota aftur sem hráefni,
   i) úrgangur og rusl frá iðnaði sem þar er stundaður,
   j) vörur, framleiddar þar eingöngu úr vörum sem lýst er í liðum a) til i).
2. Varan hafi hlotið „nægilega vinnslu eða meðferð" samkvæmt ákvæðum 1.—7. gr. viðauka III. Meginreglan í þessu tilviki er sú að vinnslan eða meðferðin verður að hafa haft í för með sér tollskrárnúmeraskipti, þ. e. hin fullunna vara verður að falla undir annað tollskrárnúmer en innfluttu efnivörurnar falla undir hver fyrir sig. Í því sambandi teljast „innfluttar" allar efnivörur sem ekki hafa öðlast upprunaréttindi, annað hvort í útflutningslandinu eða í því landi sem varan er seld til. Land í þessum skilningi telst vera landsvæði hvers aðildarríkis EFTA um sig svo og landsvæði Spánar.

   Þrátt fyrir að skilyrði fyrrgreindrar meginreglu um tollskrárnúmeraskipti sé fullnægt kunna að vera sett frekari skilyrði um framleiðslu viðkomandi vöru í skrá A við viðauka III til þess að hún öðlist upprunaréttindi. Ef svo er verður að uppfylla skilyrði þeirrar skrár. Ef svo er ekki er meginreglan um tollskrárnúmeraskipti ákvarðandi um hvort varan öðlast upprunaréttindi. Sé hins vegar meginreglunni um tollskrárnúmeraskipti ekki fullnægt vegna vinnslu eða meðferðar vöru kunna ákvæði í skrá B við viðauka III þrátt fyrir það að veita hinni fullunnu vöru upprunaréttindi.

   Eftirfarandi vinnsla eða meðferð telst aldrei nægileg til að veita upprunaréttindi hvort sem skipti verða á tollskrárnúmerum eða ekki:
   a) Aðvinnsla sem miðar að því að tryggja að vörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, pækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða aðrar vatnsupplausnir, fjarlæging skemmdra hluta og lík meðferð),
   b) einföld meðferð sem felur í sér að rykhreinsa, sálda, sundurgreina, flokka, velja saman (þ. á m. að útbúa muni í samstæður), þvo, mála eða hluta í sundur,
   c) i) umbúðaskipti svo og uppskipting og sameining vörusendinga,
      ii) umbúnaður á flöskur, glös, í poka, kassa, öskjur, spjöld eða töflur o. s. frv. og öll önnur einföld pökkun,

d) festing merkja, miða eða annarra slíkra auðkenna á vörur eða umbúðir þeirra,
e) einföld blöndun vara, hvort sem um ólíkar vörur er að ræða eða ekki, þar sem einn eða fleiri hlutar blöndunarinnar fullnægja ekki settum skilyrðum í viðauka III til þess að þær verði taldar upprunavörur,
f) einföld samsetning vöruhluta til að gera heilan hlut,
g) sameining tveggja eða fleiri aðferða sem lýst er í liðum a) til f),
h) slátrun dýra.

3. Vörusamstæður í skilningi aths. 3 b almennra reglna um túlkun tollskrárákvæða í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. skulu skoðast sem upprunavörur þegar allir efnisþættir eru upprunavörur. Þó skal vörusamstæða sem í eru bæði upprunavörur og aðrar vörur teljast í heild upprunavara enda sé verðmæti þeirra vara sem ekki eru upprunavörur ekki yfir 15% af heildarverðmæti vörusamstæðunnar.

6. gr.

Þegar vörur í skrám A eða B, sem vísað er til í 5. gr. og geta því aðeins fengið upprunaréttindi að verðmæti efnivara sem ekki fullnægja upprunaskilyrðum fari ekki fram úr ákveðnum hundraðshluta af verðmæti fullunnu vörunnar, þá gilda eftirfarandi reglur um ákvörðun verðmætisins:

a) Verðmæti efnivara sem hægt er að sannreyna að fluttar hafi verið inn er tollverð þeirra við innflutning. Þegar um er að ræða efnivörur af óvissum uppruna er verðmætið fyrsta verð sem hægt er að sannreyna að hafi verið greitt fyrir þær í því landi þar sem framleiðslan á sér stað.
b) Verðmæti framleiddu varanna er verð þeirra frá verksmiðju að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má við útflutning varanna.

Með verði vörunnar frá verksmiðju í b-lið 1. mgr. er átt við það verð sem greitt er framleiðandanum í fyrirtækinu þar sem lokastig vinnslu eða meðferðar fer fram. Hafi verið unnið að framleiðslunni í tveimur eða fleiri fyrirtækjum, er verðið sem miða skal við það verð sem greitt er þeim framleiðanda er síðast hafði vöruna til vinnslu.

Með tollverði í b-lið 1. mgr. er átt við það verðmæti sem skýrgreint er í 5.—7. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

7. gr.

Vörur geta varðveitt áunnin upprunaréttindi sín í EFTA-landi eða á Spáni hafi þær, eftir útflutning frá viðkomandi EFTA-landi eða Spáni, hvorki hlotið þar vinnslu eða meðferð né hlotið þar nægilega vinnslu eða meðferð til að þær verði taldar upprunnar í samræmi við ákvæði 1. gr. viðauka III, enda hafi við vinnsluna eða meðferðina verið gætt skilyrða þeirra sem um ræðir í 2. gr. viðauka III.

Upprunavörur sem eru í einni óskiptri sendingu má flytja með viðkomu á landsvæði annarra ríkja en EFTA-landanna eða Spánar með umskipun eða bráðabirgða geymslu á slíku landsvæði, ef því er að skipta, ef flutningur yfir hið síðarnefnda landsvæði réttlætist af landfræðilegum ástæðum, vörurnar hafa verið undir eftirliti tollyfirvalda í landinu þar sem þær eru fluttar um eða geymdar í vörugeymslum, þær hafa hvorki verið þar á boðstólum til sölu né afhendingar til neyslu og hafa ekki fengið þar aðra meðferð en affermingu og fermingu eða meðferð sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

8. gr.

Viðauka III fylgja sérstakar skýringar við einstakar greinar og eru þær óaðskiljanlegur hluti upprunareglnanna.

EUR. 1 flutningsskírteini og EUR. 2 eyðublað.

9. gr.

Upprunavörur í skilningi viðauka III geta við innflutning notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og Spánar gegn framvísun annars tveggja neðangreindra skjala, enda hafi áletrunin „EFTA-SPAIN-TRADE" verið prentuð með útlínum upphafsstafa á ská yfir skjalið:

a) EUR. 1 flutningsskírteinis, hér eftir kallað EUR. 1 skírteini,
b) EUR. 2 eyðublaðs fyrir sendingar sem í eru eingöngu upprunavörur, enda sé verðmæti hverrar sendingar ekki yfir 1500 reikningseiningar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. verða neðangreindar vörur þó viðurkenndar upprunavörur án þess að framvísað sé öðru hvoru þeirra skjala sem þar um ræðir:

a) Vörur sem sendar eru sem smábögglar til einkaaðila, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 100 reikningseiningar,
b) vörur sem eru í einkafarangri ferðamanna, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 300 reikningseiningar.

Ákvæðum þessarar málsgreinar verður aðeins beitt þegar innflutningur slíkra vara er ekki viðskiptalegs eðlis og því hafi verið lýst yfir að vörurnar fullnægi settum skilyrðum um uppruna samkvæmt ákvæðum þar að lútandi og enginn efi er á því að slík yfirlýsing sé sönn. Innflutningur sem bundinn er við einstakt tilvik og aðeins er samsettur úr hlutum til persónulegra nota viðtakendum eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra skal ekki talinn innflutningur viðskiptalegs eðlis, ef ljóst er af eðli og magni varanna að viðskiptatilgangur búi ekki að baki. Ákvæði þessarar málsgreinar ná ekki til varnings, sem keyptur er samkvæmt pöntunarlistum vöruhúsa og þau senda.

Reikningseining (RE) jafngildir 0.88867088 g af hreinu gulli. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um verðmætismörk í íslenskum krónum samkvæmt þessari grein.

10. gr.

EUR. 1 skírteini er gefið út af tollyfirvöldum í útflutningslandi við útflutning þeirra vara, sem það á við, og getur útflytjandinn fengið það til ráðstöfunar þegar raunverulegur útflutningur hefur átt sér stað eða verið tryggður. EUR. 1 skírteini er aðeins gefið út í því skyni að nota það sem skriflegt sönnunargagn til þess að fá notið fríðindameðferðar samkvæmt samningi EFTA-landanna og Spánar.

Í undantekningartilvikum verður EUR. 1 skírteini gefið út eftir útflutning varanna sem það á við þegar ekki hefur getað orðið af útgáfu þess við útflutning vegna mistaka, óviljandi vanrækslu eða sérstakra aðstæðna.

Hafi EUR. 1 skírteini verið stolið, það glatast eða eyðilagst getur útflytjandi sótt um til tollyfirvalda þeirra er gáfu það út að fá samrit gert á grundvelli útflutningsskjalanna sem í þeirra vörslu eru. Samritið skal bera sömu útgáfudagsetningu og upphaflega EUR. 1 skírteinið og öðlast gildi frá og með þeirri dagsetningu.

11. gr.

EUR. 1 skírteini er eingöngu gefið út samkvæmt skriflegri umsókn útflytjandans, umboðsmanns útflytjanda á hans ábyrgð, á þar til gerðu eyðublaði. Útflytjandinn eða fulltrúi hans skal leggja fram með umsókn sinni þau viðbótarskjöl sem nauðsynleg kunna að vera til að sanna að vörur þær sem flytja á út uppfylli skilyrði fyrir útgáfu EUR. 1 skírteinis.

Þegar EUR. 1 skírteini er gefið út eftir að vörurnar sem það á við hafa þegar verið fluttar út verður útflytjandinn í umsókn þeirri sem getið er um í 1. mgr.:

a) að tilgreina útflutningsstað og útflutningsdag varanna sem EUR. 1 skírteinið á við,

b) að staðfesta að ekkert EUR. 1 skírteini hafi verið gefið út á útflutningstíma þeirra vara sem um er að ræða og tilgreina ástæður fyrir því.

EUR. 1 skírteini skal ritað á einu hinna opinberu tungumála EFTA-landanna eða Spánar eða á ensku. Ef það er handskrifað skal það vera útfyllt með bleki og ritað með upphafsstöfum. Sérstaklega skal gæta þess að reitur sá sem gerður er fyrir vörulýsingu hafi verið útfylltur þannig að ekki verði um auðar línur að ræða. Sé reiturinn ekki að öllu leyti útfylltur skal draga lárétta línu undir neðstu línu vörulýsingarinnar og strika yfir eyðuna fyrir neðan.

12. gr.

EUR. 1. skírteini ber að afhenda tollyfirvöldum, þar sem vörunum er framvísað og eftir þeim reglum sem þar um gilda, innan fjögurra mánaða frá þeim degi er tollyfirvöld í útflutningslandinu gáfu skírteinið út.

Tollyfirvöldum er heimilt að veita EUR. 1 skírteini viðtöku eftir lok sýningarfrestsins sem nefndur er í 1. mgr. þegar ástæða þess að skírteinið var ekki sýnt innan frestsins er óviðráðanlegar orsakir („force majeure") eða óvenjulegar aðstæður.

Í öðrum tilvikum þegar afhending á sér stað of seint geta tollyfirvöld samþykkt EUR. 1 skírteini hafi vörunum verið framvísað fyrir lok frestsins.

13. gr.

Tollyfirvöld geta heimilað að útflytjandi, hér eftir nefndur „viðurkenndur útflytjandi", sem uppfyllir þau skilyrði sem tilgreind eru í 3. tl. 13. gr. viðauka III og hefur í hyggju viðskipti sem gefa má út EUR. 1 skírteini fyrir, þurfi hvorki að framvísa vörunum hjá tollyfirvöldum þegar útflutningur fer fram né heldur umsókn um EUR. 1 skírteini fyrir þessar vörur til þess að EUR. 1 skírteini verði útgefið í samræmi við ákvæði 10. og 11. gr. Heimild þessi verður einungis veitt útflytjendum sem flytja oft út vörur og geta að mati tollyfirvalda látið í té allar nauðsynlegar tryggingar til sönnunar því að vörurnar uppfylli skilyrði um uppruna.

Fjármálaráðuneytið veitir útflytjendum heimild til útgáfu EUR. 1 skírteina samkvæmt þessari grein í samræmi við ákvæði 1.—8. tl. 13. gr. viðauka III.

14. gr.

EUR. 2 eyðublað skal útfyllt og undirritað af útflytjanda eða á hans ábyrgð af umboðsmanni hans og skal það gert á þar til gerðu eyðublaði. Það skal ritað á einu hinna opinberu tungumála EFTA-landanna eða Spánar eða á ensku. Ef það er handskrifað skal það vera útfyllt með bleki og ritað með upphafsstöfum.

Eitt EUR. 2 eyðublað skal útfylla fyrir hverja sendingu.

15. gr.

Tollyfirvöldum er heimilt að krefjast þýðingar á EUR. 1 skírteini og EUR. 2 eyðublaði.

16. gr.

Vörur sem sendar eru frá Spáni á vörusýningu í öðru landi en því sem aðili er að samningi EFTA-landanna og Spánar og seldar eftir sýninguna til Íslands geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar, enda séu þær upprunnar á Spáni og fullnægjandi sönnur færðar fyrir því að mati tollyfirvalda:

a) að útflytjandi hafi sent þessar vörur frá Spáni til landsins þar sem sýningin er haldin og sýnt þær þar,

b) að útflytjandinn hafi selt vörurnar eða afsalað þeim til viðtakanda hér á landi,

c) að vörurnar hafi verið sendar á meðan á sýningunni stóð eða strax eftir hana hingað til lands í því ástandi sem þær voru í þegar þær voru sendar á sýninguna,

d) að frá þeirri stundu er vörurnar voru sendar á sýninguna hafi þær ekki verið notaðar í öðru skyni en til sýningar á vörusýningunni.

Framvísa ber EUR. 1 skírteini hjá tollyfirvöldum með venjulegum hætti. Í því skal tilgreina nafn sýningar og sýningarstaðar. Ef þörf krefur er heimilt að krefjast sérstakra skjalfestra gagna um eðli varanna og aðstæður við sýningu þeirra.

Ákvæðum 1. mgr. má beita um allar vöru-, iðn-, landbúnaðar- eða handverkssýningar, kaupstefnur eða samsvarandi opinberar sýningar sem ekki eru skipulagðar með einkahagsmuni í huga í sölubúðum eða verslunarhúsum þar sem markmiðið er að selja erlendar vörur, enda séu vörurnar undir eftirliti tollyfirvalda meðan á sýningu stendur.

17. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda eftir því sem við á um útflutning upprunavara til Spánar.

IV. KAFLI

Viðurlög.

18. gr.

Samkvæmt ákvæðum 63. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1970 um breyting á þeim lögum, varðar það sektum svo og varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru að láta í té eða valda því að látin séu í té skjöl eða vottorð sem eru röng í mikilvægum atriðum um uppruna íslenskrar útflutningsvöru eða önnur atriði um hana sem eiga að tryggja að varan njóti fríðinda við innflutning í annað ríki eða skoðist hæf til svæðistollmeðferðar þar vegna milliríkjasamnings. Þó má falla frá málsókn ef sá sem misgert er við hefur ekki krafist hennar eða málsókn reynist ekki réttmæt á grundvelli þeirra sönnunargagna sem fyrir liggja.

Hafi einstaklingi, félagi eða stofnun verið veitt heimild til að gefa út skjöl þau og vottorð er um ræðir í 1. mgr., sbr. m. a. 13. gr., en ekki verður sannað hver hafi undirritað þau, ber viðkomandi leyfishafi, eftir atvikum einstaklingur eða framkvæmdastjóri, refsiábyrgðina.

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Vörur sem eru í samræmi við ákvæði III. kafla og eru hinn 1. júlí 1980 á leið um ríki sem aðili er að nefndum samningi milli EFTA-landanna og Spánar eða í bráðabirgðageymslu þar, í tollvörugeymslum eða á tollfrjálsum svæðum, geta skoðast sem upprunavörur, að því tilskildu að tollyfirvöldum í innflutningslandinu verði afhent innan 4 mánaða frá þessum degi EUR. 1 skírteini útgefið eftir á af réttum yfirvöldum í útflutningslandinu, auk skjala sem staðfesta með hvaða hætti vörurnar hafa verið sendar.

20. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 27. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi 1. júlí 1980.

Fjármálaráðuneytið, 4. júní 1980.

Ragnar Arnalds.

Sigurgeir A. Jónsson.

Fylgiskjal I.

Almennar tollalækkanir um 60% af grunntolli, þ. e. þeim tolli sem í gildi var 1. janúar 1978, sbr. viðauka I við samning EFTA-landanna og Spánar:

Grunntollur %	Tollur á upphafsdegi %	Grunntollur %	Tollur á upphafsdegi %
46	18	12	4
40	16	11	4
37	14	10	4
34	13	9	3
31	12	8	3
25	10	7	2
19	7	6	2
18	7	5	2
15	6	4	1
13	5	2	0

Fylgiskjal II.

Sérstakar tollalækkanir um 30% af grunntolli á upphafsdegi og um 40% af grunntolli 1. janúar 1982 á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum, sbr. skrá D við viðauka I við samning EFTA-landanna og Spánar:

Tollskrárnúmer	Grunntollur	Tollur 1980	Tollur 1982
51.04.10	7	4	4
51.04.21	2	1	1
51.04.29—60	7	4	4
53.11.10—50	9	6	5
54.05.01—09	13	9	7
56.07.10—90	7	4	4
60.01.10	13	9	7
60.01.21	2	1	1
60.01.29—59	7	4	4
60.03.05	8	5	4
60.05.82	13	9	7
62.02.71	13	9	7
62.02.81	13	9	7

REGLUGERÐ

Hitaveitu Þorlákshafnar.

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um allt veitusvæði Hitaveitu Þorlákshafnar.
Veitusvæði Hitaveitu Þorlákshafnar er: Þorlákshöfn og þeir bæir sem aðveituæð hitaveitunnar fer um.

2. gr.
Stjórn hitaveitunnar.

Hitaveita Þorlákshafnar, hér eftir nefnd hitaveitan, er eign Ölfushrepps og rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki undir yfirstjórn hreppsnefndar Ölfushrepps.
Sveitarstjóri Ölfushrepps fer með framkvæmdastjórn veitunnar í umboði hreppsnefndar. Hreppsnefnd ræður hitaveitustjóra sem sér um daglega starfsemi, svo og aðra starfsmenn eftir því sem þörf krefur og kýs stjórn fyrir hitaveituna.

3. gr.
Bókhald og fjárreiður.

Skrifstofa Ölfushrepps annast bókhald og fjárreiður hitaveitunnar og sér um innheimtu hitaveitugjalda. Bókhaldi hitaveitunnar skal halda aðskildu frá bókhaldi hreppsins.
Reikningsár hitaveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar fylgja reikningum Sveitarsjóðs Ölfushrepps ár hvert og vera endurskoðaðir af endurskoðendum þeirra.

4. gr.
Verkefni hitaveitunnar.

Verkefni hitaveitunnar er að virkja jarðhita og sjá um gerð og rekstur hitaveitu fyrir Þorlákshöfn svo og aðra hluta Ölfushrepps, eftir því sem hagkvæmt er og sveitarstjórn ákveður.
Í þessu skyni skal hitaveitan leita eftir samningum um borunar- og virkjunarrétt og láta bora eftir heitu vatni og virkja þegar hagkvæmt þykir, leggja veitukerfi hitaveitu og annast sölu á heitu vatni til notenda.
Einnig skal hitaveitan reisa og reka önnur mannvirki sem nauðsynleg og hagkvæm eru á hverjum tíma.

5. gr.
Hitaveitugjöld.

Til þess að standa straum af kostnaði við hitaveituna innheimtir hún hitaveitugjöld svo sem orkugjald og heimæðagjald samkvæmt nánari ákvæðum í gjaldskrá er hreppsnefnd setur. Stefnt skal að því að tekjur skv. gjaldskrá standi undir rekstrarkostnaði og fjármagnskostnaði hitaveitunnar.
Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld, en henni ber að tilkynna fyrirætlun um lokun með 5 daga fyrirvara.
Kostnað af opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, samkvæmt gjaldskrá.
Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

6. gr.
Einkaleyfi hitaveitunnar.

Hitaveita Þorlákshafnar hefur einkaleyfi til reksturs hitaveitu og dreifingar og sölu á heitu vatni á veitusvæði sínu sbr. 1. gr. Hitaveitan getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir stjórn hitaveitunnar.

7. gr.
Lagnir veitukerfis.

Hitaveitan lætur leggja og á allar lagnir veitukerfisins: aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir innanhúss að hemlagrindum ásamt grindunum sjálfum með tilheyrandi búnaði.

8. gr.
Kvöð um tengingu við hitaveitu.

Þeim sem húseign á við götu eða veg innan veitusvæðis hitaveitunnar þar sem vatnsæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi og lagnir fyrir heitt **kranavatn við hitaveituæðina. Heimilt** er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

9. gr.
Eignarréttur hitaveitu og viðhaldsskylda.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á aðveituæðum, stofnæðum, dreifiæðum og götuæðum veitunnar svo og heimæðum og lögnum innanhúss að og með hemlagrindum ásamt tilheyrandi búnaði, er tengja vatnskerfi hússins við veituna, og telst dreifikerfið ná þangað. En tenging vatnshitunarkerfis húss við hemlagrind svo og nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum og hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi annast og kosta. Ef húseigandi æskir þess að mælagrind sé færð frá inntaksstað leggur hitaveitan til efni en húseigandi greiðir annan kostnað og sér um viðhald.

10. gr.
Afnot varmaorku.

Varmi sá, sem hitaveitan lætur í té, er ætlaður til upphitunar húss og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá á hemlagrind, sem til þess er ætluð.

Nú kemur fram ósk um að nota heita vatnið til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hitaveitunnar, sem hún getur bundið nánari skilyrðum og fyrirmælum hverju sinni.

11. gr.
Ábyrgð hitaveitunnar.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Hitaveitan er ekki skuldbundin gagnvart húseiganda til þess að tryggja að þrýstingur í vatnsæðum sé ávallt nægilegur. Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eð tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á **eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.**

12. gr.
Afrennslisvatn frá húskerfum.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitunarkerfi húss. Húsráðendum er heimilt að nota afrennslisvatnið til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o. s. frv., en skulu skila afrennslisvatninu aftur ef hitaveitan þarf á því að halda. Skal húsráðandi annast og kosta að leiða afrennslisvatnið í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þangað heitara en 50° C.

Ef húseigendur nota hitaveituvatn til hitunar bílastæða, gangstíga o. s. frv. og hitunarkerfin eru beint tengd veitunni, þá getur hitaveitan krafist þess, að þessi kerfi séu þrýstiprófuð fyrir 8 kg/cm² við þann hita, sem gert er ráð fyrir að notaður verði.

13. gr.
Uppdrættir og réttur til að annast hitalagnir og gerð uppdrátta.

Við gerð uppdrátta skal miða við almennar reglur um hönnun vatnshitalagna lofthitunarkerfa og loftræstikerfa, reglur byggingarsamþykktar, byggingarskilmála sveitarstjórnar og aðrar þær reglur, er hitaveitan og byggingareftirlit sveitarfélagsins kunna að setja.

Rétt til að hanna hitalagnir og gera af þeim uppdrætti eða annast hitalagnir hafa þeir einir, er til þess hafa menntun og réttindi eins og almennt er krafist, og getur byggingarnefnd í samráði við stjórn hitaveitunnar sett um það nánari fyrirmæli og reglur.

14. gr.
Tenging við hitaveituna.

Áður en hitunarkerfi húss eða lagnir fyrir heitt kranavatn eru tengdar hitaveitukerfinu skal liggja fyrir uppdráttur samþykktur af hitaveitustjóra og gildir það jafnt um þegar gerðar lagnir, sem nýlagnir og viðbætur við eða breytingar á eldri lögnum.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitunarkerfum þá getur hitaveitustjóri krafist þess að þeir séu þegar gerðir eftir því sem nauðsynlegt er og ber húseigandi allan kostnað af því.

Heimilt er hreppsnefnd að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í byggingaskilmála fyrir nýjum lóðum.

Húseigandi skal heimila að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir hemlagrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitu.

Ef inntak hitaveitu og hemlagrind eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin eða í stokk, sem auðvelt er að opna. Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar nema með fengnu leyfi hitaveitunnar.

15. gr.
Eftirlit.

Hitaveitustjóri hefur eftirlit með því að hitunarkerfi og lagnir fyrir heitt kranavatn, bæði nýlagnir og eldri lagnir og viðbætur við þær og breytingar séu í samræmi við samþykktan uppdrátt. Húseiganda er skylt að láta þrýstiprófa nýjar hitalagnir sem og gamlar samkvæmt fyrirmælum hitaveitustjóra. Hitaveitustjóri skal taka út tengingu við veitukerfið áður en hitaveituvatnið er tekið inn á húskerfið, en starfsmenn hitaveitunnar stilla rennslishemla og mega einir breyta stillingu á þeim.

Starfsmenn hitaveitu skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að pípulögnum bæði innan húss og utan. Húsráðanda er skylt að láta þeim í té þær upplýsingar, sem máli geta skipt um hitun hússins og heitt kranavatn.

16. gr.
Skyldur húseiganda og ábyrgð.

Húseiganda er skylt að hlíta þeim reglum og fyrirmælum sem hitaveitan setur, um gerð og búnað neysluvatnslagna og hitunarkerfis hússins, m. a. er skylt að nota varmaskipta á hitunarkerfi og heitt kranavatn.

Húsráðandi ber ábyrgð á þeim búnaði og lögnum innanhúss, sem eru í eigu og umsjá hitaveitunnar. Húsráðanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, er vart verður bilunar á búnaði og tækjum, og skal hann hlíta fyrirmælum um viðgerð á bilunum og gera ráðstafanir til varnar misnotkun á hitaveituvatninu.

Nú verða tæki eða annar búnaður fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun.

17. gr.
Viðurlög við brotum.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að láta vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá hitaveitunni heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað eiganda. Kostnaðinn má innheimta hjá eiganda með lögtaki ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps er hér með staðfest samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 269. 28. maí 1980.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Þorlákshafnar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Þorlákshafnar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafar (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en húshitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það magn, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld eru önnur afnot vatns, skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa sem ekki eru hituð með hitaveitu.

Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr. að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. sept.—31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

a. Samkvæmt magnhemli kr. 14 700 = fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 735 = fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki, sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna), þegar kranavatn er notað að fullu.

Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota en að framan greinir, getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi, sem nemur 1/30 af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni, sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu, samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

Þar til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrri notkun.

Hitaveitan stillir hemil, þegar fullur hiti er kominn á vatnið.

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega eftir á. Eigi skulu þau krafin sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafin sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslu fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr., er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins sem eftir eru.

7. gr.

Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðagjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálft gjald. Heimæðagjöld eru miðuð við þátttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun svo og af þeim nýbyggingum sem samþykktar eru fyrir 1. október 1979, skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:
H = 520.700— + 570 × V.
Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og eða hemlagrind og **V rúmmál (utanmál)** viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

b) **Af nýju húsnæði og breytingum** og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun, sem samþykkt er eftir 1. október 1979, skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:
H = 781.550— + 851 × V.

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

8. gr.

Af húsnæði, sem þegar hefur verið tekið í notkun og nýbyggingar sem samþykktar hafa verið fyrir 1. október 1979 gjaldfellur 50% heimæðargjalds, þegar lagning dreifiæðar og götuæðar er hafin. Eftirstöðvar gjaldsins, gjaldfalla þegar heimæð hefur verið lögð inn fyrir húsvegg.

Fyrir íbúðarhús, með þilofnahitun er heimilt að fella niður seinni hluta gjaldsins ef hitunarkerfi hússins er tengt innan 2 ára frá lagningu dreifiæða. Að þeim tíma liðnum gjaldfellur síðari hluti gjaldsins og reiknast þá sem 50% af gildandi heimæðargjaldi fyrir samsvarandi húsnæði.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði sem er samþykkt eftir 1. október 1979, gjaldfellur heimæðargjald, þegar byggingaleyfi er veitt.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný sem svara orkugjaldi fyrir einn mínútulítra á mánuði. **Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.**

10. gr.

Gjalddagi hitaveitunnar er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar hinn 1. apríl 1980, 435 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps er hér með staðfest skv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um veðmálastarfsemi Hestamannafélagsins Fáks í Reykjavík.

1. gr.

Hestamannafélaginu Fáki í Reykjavík er heimilt að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar, er fram fara á vegum félagsins.

2. gr.

Veðmálastarfsemin fer fram þannig að veðjað er um, hver hestur verði hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðir skulu vera 500 kr., 1000 kr. og 2000 kr., sem greiðast veðmálastofnuninni gegn afhendingu veðmiða.

4. gr.

Veðfjárupphæðum hvers hlaups skal skipt þannig:

a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið um á þann hest, sem vinnur.
b. Afganginum (20%) skal varið til reksturs kappreiðanna, til viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins og til reiðvega Reykvíkinga. Má tillaga til reiðvega aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af veðmálastarfseminni.

5. gr.

Að loknu hverju hlaupi skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst og vinningar greiddir út þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

6. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd af veðfé lögðu á hest, sem hleypur upp eða fer ekki af stað, og kemur af þeim eða öðrum ástæðum ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum félagsins.

7. gr.

Ef hlaup verður ógilt í heild endurgreiðist veðfé að frádregnum 20%.

8. gr.

Vinningar greiðast í hundruðum króna, þannig að vinningur hækki eða lækki í heilt hundrað samkvæmt almennum reglum. Ekki er ábyrgst að innskot fáist að fullu aftur.

9. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu og öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurði dómnefndar, t. d. missir hestur rétt til verðlauna, er knapi hans er dæmdur úr leik o. s. frv.

10. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir síðasta hlaup, og því aðeins að þeir séu með læsilegum tölum.

11. gr.

Óheimilt er að leyfa unglingum innan 16 ára að veðja.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 30. janúar 1945, öðlast þegar gildi og gildir til 5 ára.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. maí 1980.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Þorleifur Pálsson.

Nr. 271. 27. maí 1980.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, skulu hækka um 11.70%, frá 1. júní 1980 frá því sem þær voru í mars 1980. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti. Til viðbótar skal síðan hækka tekjutryggingu um 5% frá sama tíma.

2. gr.

Fjárhæð 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1980:

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	kr. 691 600
Hjón	— 968 240

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 27. maí 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 272. 30. maí 1980.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 281/1979.

1. gr.

XI. liður í 10. gr. fellur brott.

2. gr.

11. gr. b-stafliður orðist svo:

„Lyf, sem innihalda eftirtalin efni, má eingöngu nota handa dýrum að fengnu skriflegu samþykki yfirdýralæknis hverju sinni: Arsenik, klófenótan, sjá þó ákvæði

í 10. gr., VII. tölulið, o-staflið og viðauka 1 með reglugerð þessari; klóramfeníkól, samtengd efnasambönd með verkan kynhormóna, skjaldkirtilslyf."

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 30. maí 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

13. maí 1980. Nr. 273.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af Vesturlandsvegi frá Fossá að Hvammsvík í Kjósarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 12 þ. m. staðfest uppdrátt af Vesturlandsvegi frá Fossá að Hvammsvík í Kjósarhreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Kjósarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 13. maí 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

2. maí 1980. Nr. 274.

SAMÞYKKT

um sorpheimtu á Selfossi.

1. gr.

Bæjarstjórn sér um að flytja reglulega sorp og úrgang frá íbúðarhúsnæði og opinberum þjónustubyggingum innan skipulagðra svæða á Selfossi, sbr. þó 5. gr.

Flutning sorps og úrgangs frá atvinnuhúsnæði og húsnæði utan skipulagðra svæða annast húseigendur sjálfir á sinn kostnað nema annað sé sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

2. gr.

Sorp og úrgang, sem fellur til daglega skal setja í sérstakt sorpílát, sem bæjarfélagið lætur í té.

Þar sem notast er við pokakerfi skal komið fyrir sérstökum grindum eða tunnum og skulu húseigendur leggja það til og kosta. Lok skulu vera á öllum sorpílátum nema þar sem grindur eru undir sorprennum.

Um gerð, frágang og staðsetningu sorpgeymslna, sorpgrinda, sorptunna og sorpkista skal farið að fyrirmælum byggingafulltrúa og byggingarnefndar annars vegar og heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar hins vegar.

Húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum, sorpkistum og sorptunnum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

3. gr.

Húseiganda ber að sjá um, að húsi hans fylgi nægjanlega mörg sorpílát, sem endurnýjuð séu eftir þörfum. Skal hverju húsi fylgja a. m. k. eitt ílát fyrir hverja íbúð. Frá ákvæði þessu má víkja í fjölbýlishúsum með sérstakar sorpgeymslur enda sé frágangur allur með samþykki heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar.

Húseiganda ber sjálfum að skipta um poka fyllist þeir milli tæminga, og ganga þannig frá þeim að sorp hrynji ekki úr þeim.

4. gr.

Blautt sorp skal sett innpakkað í sorppokana. Glerbrot og aðra oddhvassa hluti má eigi setja í sorppoka nema þannig sé búið að ekki sé hætta á að rifi pokann eða slysahætta geti af stafað fyrir hreinsunarmenn. Heyi af lóðum skal komið fyrir í sorppokum hjá íláti. Pappaumbúðir og annað slíkt skal binda í búnt og koma fyrir við sorpílát.

5. gr.

Mold, grjót, járn, timbur, múrbrot, stærri trjágreinar og annað þess háttar má aldrei setja í sorppokana og ber húseigendum sjálfum að sjá um flutning slíks svo og flutning á húsmunum og öðrum stærri hlutum, sem þeir vilja losa sig við, sbr. þó 7. gr.

6. gr.

Flutningur sorps skal að jafnaði fara fram einu sinni í viku. Einu sinni á ári skal fara fram flutningur á garðsorpi og öðrum úrgangi, sbr. 5. gr. húseigendum að kostnaðarlausu. Skal sá flutningur fara fram að vori og skal heilbrigðisnefnd rækilega auglýsa fyrirkomulag og tímasetningu flutninganna.

7. gr.

Við flutning á hvers konar sorpi, úrgangi, jarðefnum og öðrum lausum efnum, skal þess gætt að þannig sé um flutninginn búið að eigi sé hætta á að hann fjúki eða falli af flutningstæki. Skylt er að hafa palla bifreiða og annarra flutningstækja lokaða að aftan auk hárra hliðarborða.

8. gr.

Að jafnaði skal vera gæslumaður við sorphauga bæjarins, þegar þeir eru opnir til losunar. Hlíta skal fyrirmælum gæslumanns um losun og alla umgengni.

Bannað er að afgreiða og flytja burt eitt eða neitt, sem losað hefur verið á sorphauga.

Heilbrigðisnefnd getur ákveðið nánar um flutning, móttöku og frágang sorps á sorphaugum og í sorpeyðingarstöð og á hvaða tíma tekið er á móti sorpi.

9. gr.

Brjóti húseigendur ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu hreinsunarmenn tilkynna það heilbrigðisfulltrúa. Sé um að ræða brot að mati heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar skal nefndin hlutast til um að húseiganda verði gert að ráða þar bót á innan ákveðins tíma. Bæti húseigandi ekki úr innan þess tíma, eru hreinsunarmenn ekki skyldugir að taka sorp hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt.

Húseigendum ber að snúa sér til heilbrigðisfulltrúa með kvartanir sínar séu þær ekki teknar til greina af hreinsunarmönnum.

Hreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim muni.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, eða varðhaldi ef miklar sakir eru. Sinni aðili ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar samkv. reglugerð þessari, getur hún ákveðið honum dagsektir allt að kr. 2 000 þar til úr er bætt. Dagsektir renna í bæjarsjóð.

11. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Selfoss staðfestist hér með samkvæmt l. nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 2. maí 1980.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

28. maí 1980. Nr. 275.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108, 10. febrúar 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 1 362.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b) Vatnsgjald kr. 3 445.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemilsins, sem skiptist þannig:

Flutningagjald	kr. 1 150.00
Heitt vatn	— 2 295.00

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimaæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss: (utanmál) m³	Heimæðargjald
Allt að 600	897 187.00
600—2000	897 187.00 fyrir 600 m³ + 559 kr. m³ þar yfir.
2000—6000	1 679 787.00 fyrir 2000 m³ + 480 kr./m³ þar yfir.
6000—10000	3 599 787.00 fyrir 6000 m³ + 417 kr./m³ þar yfir.
Meira en 10000	5 267 787.00 fyrir 10000 m³ + 368 kr./m³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum að mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 75 224.00 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta. Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð; áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þágildandi gjaldskrá.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 4 480.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 276. 9. apríl 1980.

Staðfesting forsetans á stofnskrá listasafns Háskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. apríl 1980.

Stofnskráin er þannig:

STOFNSKRÁ

listasafns Háskóla Íslands.

1. gr.

Stofnað er listasafn Háskóla Íslands með listaverkagjöf hjónanna Ingibjargar Guðmundsdóttur og Sverris Sigurðssonar, Sævargörðum 1, Seltjarnarnesi.

2. gr.

Stofngjöf listasafnsins er 70 myndir eftir Þorvald Skúlason og 25 myndir eftir aðra íslenska höfunda, sbr. meðfylgjandi skrár. Hvorki má selja þessar myndir né aðrar sem safninu kunna að verða gefnar.

Þau málverk Þorvalds Skúlasonar, listmálara, er safnið fær upphaflega að gjöf og kann síðar að eignast, skulu mynda sérstaka deild í safninu, er bera skal nafn listamannsins.

3. gr.

Til listasafnsins skal Háskóli Íslands árlega leggja 1% þeirrar fjárhæðar, sem varið er til nýbygginga á vegum skólans, í fyrsta sinn árið 1980. Heimilt skal safninu að veita viðtöku gjöfum, hvort sem er í formi listaverka eða annarra fjármuna. Tekjum safnsins skal varið til varðveislu þess og viðhalds og kaupa á listaverkum.

4. gr.

Fyrst í stað verður safninu ætlaður staður í næstu nýbyggingu á háskólalóð, svonefndu hugvísindahúsi. Þar skal hluti safnsins að jafnaði aðgengilegur fyrir almenning og þeir, sem leggja stund á rannsóknir í íslenskri myndlistasögu, skulu hafa aðgang að því eftir því sem við verður komið. Einnig er í húsinu gert ráð fyrir geymslu fyrir þann hluta safnsins, sem ekki er til sýnis hverju sinni.

5. gr.

Stjórn listasafns Háskóla Íslands skipa þrír menn, sem kosnir eru af háskólaráði til fjögurra ára. Kosning skal fara fram í janúarmánuði, í fyrsta sinn í janúar 1980. Stjórnin skiptir með sér verkum. Hlutverk stjórnarinnar er að hafa umsjón með eignum safnsins og fjárreiðum í samráði við háskólayfirvöld og taka ákvarðanir, er snerta rekstur þess og eflingu. Skal stjórnin í lok hvers árs gera háskólaráði grein fyrir starfsemi safnsins og viðgangi þess.

MÁLVERKAGJÖF

Ingibjargar Guðmundsdóttur og Sverris Sigurðssonar til Háskóla Íslands.

Skrá yfir myndir eftir Þorvald Skúlason.

1.—6. Landslags myndir frá æskustöðvum Þorvaldar Skúlasonar áður en hann fór í myndlistarnám. Málaðar 1923 með vatnslitum, stærð 18x25.
7. Uppstilling, 1927, olía, 42x48. Máluð undir leiðsögn Ásgríms Jónssonar.
8. Fyrirsæta, 1929, olía 84x68. Máluð í listaháskóla í Osló hjá prófessor Á. Revold.
9. T. Becström, sænskur listagagnrýnandi, 1929, olía 60x50.
10. Opdal í Noregi, 1929, olía, 47x55.
11. Pile Alle v/Frederiksberg, 1934, olía, 70x92.
12. Uppkast að kápumynd á bók H. Laxness „Sjálfstætt fólk", 1935, vatnslitir, 23x30.
13. Frá Sikiley, 1938, olía 45x55.
14. Kona að lesa í bók, 1939, olía, 100x72.
15. Blóm í potti, 1940, olía, 60x44.
16. Stóðhestar, 1941, olía, 107x160.
17. Uppstilling við glugga, 1941, olía, 155x104.
18. Frá höfninni, 1942, vatnslitir, 43x50.
19. Sitjandi kona, 1942, olía, 95x70.
20. Skip í höfn, 1942, olía, 90x100.
21. Steinn Steinar, 1943, olía, 95x75.
22. Halldór Laxness, 1943, olía, 60x45.
23. Helgi Pálsson, tónskáld, 1943, olía 45x40.
24. Sjómenn, 1944, olía, 90x100.
25. Hús, 1944, olía, 55x45.
26. Boltaleikur, 1945, olía, 85x95.
27. Bragginn, 1945, olía, 75x60.
28. Málverk, 1945, olía, 85x75.
29. Málverk, 1946, olía, 48x49.
30. Málverk 1946, olía, 40x45.
31. Málverk — september, 1947, olía, 47x50.
32. Gríma, 1947, olía 85x95.
33. Málverk, 1948, olía, 50x65.
34. Undirdjúpin, 1948, olía, 110x120.
35. Sjávarþorp, 1949, olía, 65x70.
36. Málverk, 1950, olía, 54x60.
37. Málverk, 1951,, olía, 86x75.
38. Málverk, 1951, olía, 100x90.
39. Málverk, 1952, olía, 100x84.
40. Málverk, 1953,, olía, 65x50.
41. Málverk, 1954, olía, 50x60.
42. Málverk, 1955, olía, 40x55.
43. Málverk, 1956, olía 70x85.

44. Málverk, 1957, olía, 90x75.
45. Málverk, 1957, olía, 45x35.
46. Málverk, 1958, olía, 90x80.
47. Málverk, 1959, olía, 75x65.
48. Klippmynd, 1959, 37x30.
49. Málverk, 1959, olía, 103x80.
50. Málverk, 1959—61, olía, 100x77.
51. Málverk, 1961, olía, 55x65.
52. Málverk, 1962, olía, 95x95.
53. Málverk, 1963, olía, 130x96.
54. Málverk, 1964, olía, 50x50.
55. Málverk, 1965, olía, 112x101.
56. Málverk, 1966, olía 132x162.
57. Málverk, 1967, olía, 80x60.
58. Málverk, 1967, olía, 70x75.
59. Málverk, 1968, olía, 40x50.
60. Málverk, 1969, olía, 110x80.
61. Málverk, 1970, olía, 100x75.
62. Málverk, Stormur, 1971, olía, 131x162.
63. Málverk, 1972, olía, 90x140.
64. Málverk, 1973, olía, 70x55.
65. Málverk, 1974, olía, 60x50.
66. Málverk, 1975, olía, 120x90.
67. Málverk, 1976, olía 85x105.
68. Málverk, 1977, olía, 75x100.
69. Málverk, 1978, olía, 69x91.
70. Málverk, 1979, olía, 115x162.

MÁLVERKAGJÖF

Ingibjargar Guðmundsdóttur og Sverris Sigurðssonar til Háskóla Íslands.

Skrá yfir myndlistagjöfina samtals 25 myndir eftir 20 höfunda.

1. Þulur, 1972, olía 115x130, Guðmunda Andrésdóttir.
2. Sveitabær, 1943, olía, 75x105, Gunnlaugur Blöndal.
3. Búð í Grindavík, 1940—'41, olía, Gunnlaugur Scheving.
4. Menn á bát, 1955, olía 76x85, Gunnlaugur Scheving.
5. Jónas Gíslason, föðurbróðir listamannsins, olía, 52x43, Gunnlaugur Scheving.
6. Málverk, 1952, olía, 90x90, Hjörleifur Sigurðsson.
7. Frá landinu helga 1954, olía, 60x75, Jóhann Briem.
8. Bátar og segl, 1951, olía, 105x145, Jóhannes Jóhannesson.
9. Gustur, 1956, olía, 85x100, Jóhannes Jóhannesson.
10. Nakin stúlka við ofn, 1916—'18, olía, 125x89, Jón Stefánsson.
11. Frá Þingvöllum, 1940, olía, 80x110, Jón Þorleifsson.
12. Þistlar, 1956, olía, 65x75, Júlíana Sveinsdóttir.
13. Málverk,, 1958, gouache, 55x97, Karl Kvaran.
14. Hvítar rúnir, 1977, olía, 90x100, Kjartan Guðjónsson.
15. Erlent landslag, 1917, olía, 42x62, Kristín Jónsdóttir.
16. Málverk, 1964, olía, 100x90, Kristján Davíðsson.
17. Málverk, 1955, olía, 51x31, Nína Tryggvadóttir.
18. Uppstilling, 1957, olía, 45x60, Sigurður Sigurðsson.
19. Frá Vestfjörðum, 1944, olía, 70x105, Snorri Arinbjarnar.
20. Fönsun, 1958, blönduð tækni, 50x40, Svavar Guðnason.

21. Jökulsá á Fjöllum, olía, 85x105, Sveinn Þórarinsson.
22. Málverk, 1948, olía 35x35, Valtýr Pétursson.
23. Málverk, 1957, gouache, 30x52, Valtýr Pétursson.
24. Málverk, 1971, olía, 75x100, Vilhjálmur Bergsson.
25. Frá höfninni, 1947, olía, 48x32, Örlygur Sigurðsson.

Nr. 277.

REIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands 1979.

Efnahagsreikningur 31. desember 1979.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum út á:		
	a) Fiskiskip	kr.	56 321 372 618
	b) Hraðfrystihús	—	6 572 302 695
	c) Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur	—	860 073 873
	d) Aðrar fiskvinnslustöðvar	—	1 194 448 855
	e) Skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir	—	91 719 836
	f) Ýmsar fasteignir (verbúðir o. fl.,)	—	339 697 908
2.	Skuldabréf vegna breytinga á skuldum sjávarútvegsins 1975 fyrir lánum út á:		
	a) Fiskiskip	kr.	460 720 471
	b) Fasteignir	—	479 561 474
3.	Hagræðingarlán:	—	2 210 553 602
4.	Fyrirframgreiðslur vegna innlendrar skipasmíði o. fl.	kr.	3 405 572 751
5.	Verðbréf	—	85 700 988
6.	Ýmsir skuldunautar	—	197 051 037
7.	Bankainnstæður:		
	a) Fiskveiðasjóður kr. 1 175 332 126		
	b) Stofnfjársjóður — 1 294 987 111		
	c) Gengisjöfnunarstyrkur — 45 218 269		
	d) Hagræðingarlán — 97 924 713		
		kr.	2 613 462 219
		kr.	74 832 238 327

Reykjavík, 7. febrúar 1980.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Sverrir Júlíusson.

Svavar Ármannsson
Gunnar P. Ívarsson.

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikningsfærslu og bókhald sjóðsins á árinu, fylgiskjöl, lánsskjöl, verðbréf og bankareikninga og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 26/2 1980.

Birgir Finnsson. *Ásmundur B. Olsen.*

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Í stað stöðvunarskyldu komi biðskylda á Laugarnesvegi við Sundlaugaveg norðan gatnamótanna en stöðvunarskylda verði áfram á Sundlaugavegi sunnan gatnamótanna.
2. Felld verður niður næturlokun á Túngötu við St. Jósefsspítala milli Ægisgötu og Hrannarstígs.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. júní 1980.

Lögreglustjórinn í Reykjavík 19. maí 1980.

Sigurjón Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 — 1980

24. júní 1980. 457 Nr. 279.

REGLUGERÐ

um sérstakt tímabundið vörugjald.

I. KAFLI

Sérstakt vörugjald.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð hér á landi.

Gjaldið skal greitt í tveimur gjaldflokkum samkvæmt ákvæðum 2. gr. Við vöruflokkun til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. skal greitt í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald:

03.01.11	08.12.01	11.02.32	17.03.09
04.06.00	08.12.02	11.04.00	17.04.01
04.07.00	08.12.03	11.05.01	17.04.03
05.13.00	08.12.09	11.05.09	17.04.04
06.02.01	08.13.00	11.08.01	17.04.05
06.02.09	09.03.00	11.08.02	17.04.06
06.04.01	09.04.00	11.08.03	17.04.09
06.04.09	09.05.00	11.08.09	18.06.04
07.02.00	09.06.00	11.09.00	18.06.05
07.03.00	09.07.00	13.03.03	18.06.06
07.04.00	09.08.00	17.01.10	18.06.09
07.06.00	09.09.00	17.01.21	19.02.09
08.01.50	09.10.10	17.01.22	19.03.00
08.01.60	09.10.20	17.01.25	19.04.01
08.01.79	11.01.23	17.01.26	19.04.09
08.03.00	11.01.24	17.02.01	19.05.00
08.04.21	11.01.25	17.02.02	19.07.01
08.04.22	11.02.10	17.02.03	19.07.02
08.10.00	11.02.29	17.02.09	19.07.09
08.11.00	11.02.31	17.03.02	19.08.01

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

19.08.02	38.17.00	40.14.06	62.05.01
19.08.03	38.19.31	40.14.08	62.05.04
19.08.04	38.19.32	41.06.00	62.05.05
19.08.09	38.19.35	42.03.03	62.05.07
20.01.00	39.01.25	42.05.03	65.01.00
20.02.02	39.01.35	42.06.00	65.02.00
20.02.03	39.01.44	44.03.42	65.07.00
20.02.04	39.01.45	44.03.49	66.01.00
20.02.05	39.01.54	44.04.10	66.02.00
20.02.06	39.01.69	44.04.20	66.03.00
20.02.07	39.01.79	44.09.23	68.03.00
20.02.08	39.01.89	44.09.29	68.04.00
20.02.09	39.01.96	44.13.11	68.06.00
20.03.00	39.02.16	44.13.19	68.07.00
20.04.00	39.02.24	44.22.09	68.08.09
20.05.01	39.02.37	44.25.09	68.10.01
20.05.02	39.02.45	45.02.00	68.12.01
20.05.03	39.02.46	45.03.09	68.12.02
20.05.09	39.02.48	45.04.02	68.14.00
20.06.10	39.02.52	48.05.10	68.16.01
20.06.20	39.02.62	48.05.49	69.04.00
20.07.11	39.02.63	48.07.31	69.05.00
20.07.19	39.02.65	48.07.45	69.07.00
20.07.20	39.02.67	48.07.46	69.08.00
20.07.30	39.02.73	48.10.00	69.09.00
20.07.40	39.02.94	48.11.00	69.10.00
20.07.50	39.03.14	48.12.00	69.11.00
20.07.60	39.03.35	48.13.00	69.12.00
20.07.70	39.03.55	48.15.31	70.11.00
21.07.04	39.03.83	48.15.32	70.12.00
21.07.05	39.04.09	48.21.10	70.14.02
21.07.06	39.05.09	48.21.52	70.15.00
21.07.07	39.06.29	58.01.10	70.16.00
21.07.08	39.07.12	58.01.20	70.17.09
21.07.11	39.07.36	58.02.10	70.18.00
21.07.12	39.07.39	58.02.20	70.20.20
21.07.19	39.07.49	58.02.30	70.20.32
22.01.01	39.07.64	58.02.40	73.10.12
22.02.01	39.07.65	58.02.50	73.10.13
22.02.09	39.07.73	58.02.60	73.10.21
22.03.01	39.07.74	58.02.70	73.13.51
22.03.09	39.07.78	58.02.80	73.17.00
22.10.00	40.08.02	58.02.90	73.18.19
25.01.01	40.09.09	58.03.00	73.18.22
27.08.20	40.11.10	59.02.10	73.18.29
29.04.50	40.11.20	59.06.02	73.20.02
30.03.44	40.11.40	59.08.01	73.20.03
30.05.00	40.11.50	59.10.00	73.20.09
34.07.00	40.11.61	59.11.02	73.23.02
36.02.00	40.11.69	59.11.09	73.24.00
36.04.00	40.12.00	59.12.09	73.25.01
38.14.00	40.13.01	59.15.00	73.25.09

73.26.00	79.06.01	84.15.32	84.53.40
73.27.01	79.06.02	84.15.41	84.53.50
73.27.02	79.06.03	84.15.42	84.53.60
73.27.09	79.06.05	84.17.10	84.54.10
73.29.02	79.06.09	84.18.12	84.54.20
73.29.09	80.05.00	84.18.13	84.55.10
73.32.00	80.06.02	84.18.21	84.55.21
73.33.00	82.01.09	84.18.22	84.55.29
73.34.01	82.02.00	84.18.29	84.55.30
73.34.09	82.03.10	84.18.31	84.56.10
73.35.09	82.03.20	84.18.39	84.56.20
73.36.11	82.03.30	84.19.10	84.56.40
73.36.12	82.04.00	84.19.21	84.58.00
73.36.13	82.05.00	84.19.31	84.59.20
73.36.14	82.08.00	84.22.19	84.59.50
73.36.20	82.09.01	84.22.21	84.59.82
73.36.30	82.09.02	84.22.29	84.59.89
73.38.11	82.12.01	84.22.39	84.59.91
73.38.12	82.12.09	84.22.41	84.61.03
73.38.19	82.13.01	84.22.49	84.61.04
73.38.23	82.13.09	84.22.50	84.61.09
73.38.29	82.14.00	84.22.69	84.61.12
73.40.47	82.15.00	84.22.79	84.61.13
73.40.56	83.01.01	84.23.10	84.61.14
74.07.09	83.04.00	84.23.21	84.61.15
74.08.00	83.06.09	84.23.22	84.61.19
74.10.00	83.08.00	84.23.29	84.62.00
74.15.00	83.11.00	84.23.30	84.63.03
74.16.00	83.13.04	84.23.40	84.63.04
74.17.00	84.06.39	84.23.50	84.63.05
74.18.10	84.06.70	84.23.61	84.63.06
74.18.20	84.08.31	84.23.69	84.63.07
74.19.06	84.08.39	84.23.70	84.63.09
75.04.00	84.08.41	84.40.10	84.64.00
75.06.02	84.08.49	84.40.21	84.65.09
75.06.03	84.08.60	84.40.50	85.01.10
76.03.01	84.09.00	84.40.61	85.01.29
76.06.09	84.10.10	84.40.69	85.01.31
76.07.00	84.10.20	84.40.71	85.01.39
76.10.01	84.10.39	84.40.72	85.01.40
76.11.00	84.10.49	84.51.10	85.01.59
76.12.00	84.10.50	84.51.21	85.01.60
76.15.10	84.10.69	84.51.29	85.01.74
76.15.20	84.11.19	84.51.31	85.01.80
76.16.04	84.11.29	84.51.39	85.01.89
76.16.13	84.11.30	84.52.10	85.01.90
76.16.15	84.11.49	84.52.20	85.02.00
77.02.00	84.12.00	84.52.30	85.03.09
77.04.20	84.13.09	84.52.40	85.05.00
78.05.00	84.15.10	84.53.10	85.06.11
78.06.09	84.15.20	84.53.20	85.06.19
79.04.00	84.15.31	84.53.30	85.06.20

85.06.31	85.19.15	90.01.01	90.24.01
85.06.39	85.19.18	90.01.09	90.24.09
85.06.40	85.19.21	90.03.00	90.25.00
85.06.50	85.19.29	90.04.09	90.26.01
85.07.03	85.20.10	90.05.00	90.26.02
85.07.04	85.20.20	90.06.00	90.26.09
85.08.00	85.20.40	90.08.11	90.27.09
85.09.00	85.20.50	90.08.19	90.28.10
85.10.09	85.21.10	90.08.21	90.28.20
85.12.10	85.21.20	90.08.29	90.28.39
85.12.21	85.21.39	90.08.31	90.28.40
85.12.29	85.21.60	90.08.39	90.28.50
85.12.41	85.22.20	90.09.01	90.29.09
85.12.49	85.23.01	90.09.09	91.05.00
85.12.53	85.23.09	90.10.10	91.06.00
85.12.54	85.25.10	90.10.20	92.11.31
85.12.55	85.25.20	90.10.39	92.12.11
85.12.56	85.25.30	90.11.00	92.12.23
85.12.57	85.26.10	90.12.00	92.13.01
85.12.59	85.26.20	90.13.00	93.03.00
85.12.61	85.26.30	90.14.20	93.04.03
85.12.69	85.27.00	90.16.10	94.02.00
85.12.70	85.28.00	90.16.20	96.01.04
85.15.20	87.01.10	90.17.10	96.05.00
85.15.25	87.01.39	90.17.20	96.06.00
85.15.30	87.04.09	90.17.30	97.04.01
85.15.35	87.06.09	90.18.01	97.04.02
85.15.40	87.07.19	90.18.09	97.04.04
85.15.59	87.07.20	90.20.00	97.04.09
85.16.00	87.13.01	90.23.01	97.05.00
85.17.01	87.13.09	90.23.02	97.08.00
85.17.09	87.14.29	90.23.03	98.01.01
85.19.12	87.14.31	90.23.09	98.06.01
85.19.14	87.14.39		

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:

27.10.82	33.06.08	37.04.00	44.02.00
27.11.11	33.06.11	37.05.09	44.28.95
27.11.19	33.06.12	37.07.01	44.28.99
27.11.20	33.06.19	38.11.10	45.04.09
27.11.30	34.05.03	38.11.20	46.02.03
32.10.00	34.05.09	38.11.30	46.02.09
32.13.20	35.03.09	38.11.40	46.03.09
33.06.01	36.01.00	38.11.50	48.07.59
33.06.02	36.05.00	38.19.49	48.14.01
33.06.03	36.08.00	39.07.30	48.14.02
33.06.04	37.01.09	39.07.99	48.14.03
33.06.05	37.02.02	40.14.19	48.14.09
33.06.06	37.02.09	40.16.09	48.15.20
33.06.07	37.03.09	42.05.09	48.15.39

48.21.29	75.06.09	85.12.30	92.11.40
48.21.39	76.16.19	85.13.10	92.12.19
48.21.69	80.06.09	85.13.20	92.12.29
55.03.01	82.09.09	85.14.10	92.13.09
59.06.09	82.11.01	85.14.20	93.01.00
65.04.00	82.11.09	85.15.19	93.02.00
65.06.09	83.01.02	85.15.60	93.04.04
67.01.00	83.01.05	85.15.79	93.04.05
67.02.00	83.01.09	85.15.81	93.04.09
67.03.00	83.02.03	85.15.82	93.05.00
67.04.00	83.02.09	85.15.89	93.06.00
68.10.09	83.03.09	87.10.00	93.07.10
68.12.09	83.05.09	87.12.09	93.07.22
68.13.09	84.06.31	87.14.10	93.07.29
68.16.09	84.06.32	87.14.49	95.05.00
69.14.00	84.06.33	90.07.29	95.08.09
70.13.00	84.06.40	90.07.39	98.03.00
70.14.03	84.06.51	91.02.00	98.04.00
70.14.09	84.06.52	91.03.00	98.05.00
70.19.00	84.06.53	91.04.00	98.06.09
70.20.39	84.06.61	91.07.00	98.08.00
70.21.09	84.06.62	91.08.00	98.09.00
71.13.01	84.06.69	91.09.00	98.10.00
71.13.09	84.25.11	91.10.00	98.11.00
71.14.09	84.25.19	91.11.00	98.14.00
71.15.00	84.25.51	92.11.10	98.15.00
71.16.00	85.07.02	92.11.20	98.16.00
73.40.59	85.07.09	92.11.39	99.06.00
74.19.09			

II. KAFLI

Innflutningur.

3. gr.

Við innflutning gjaldskyldra vara er gjaldið lagt á tollverð vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum og vörugjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979.

Gúmmígjald samkvæmt lögum nr. 79/1974, byggingariðnaðargjald samkvæmt lögum nr. 64/1965, jöfnunargjald samkvæmt lögum nr. 83/1978 og sérstakt tímabundið aðlögunargjald samkvæmt lögum nr. 58/1979 skulu þó ekki teljast gjaldstofn við útreikning á hinu sérstaka vörugjaldi við innflutning.

4. gr.

Við tollafgreiðslu á vöru sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2.—4. gr. tollskrárlaga, þó ekki 6. tl. 3. gr., eða heimildum í sérstökum lögum skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga skal þó eigi veita slíka undanþágu hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri sem tollur er færður til samræmis við. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal í stað hins hærra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið lægra vörugjald.

Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður á skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið hærra vörugjald.

Af innfluttum vörugjaldsskyldum vörum, sem tollar féllu almennt niður af frá og með 1. janúar 1980 samkvæmt 1. gr. tollskrárlaga, en ráðuneytið hafði fyrir þann tíma fellt sérstaklega niður tolla af samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. tollskrárlaga í þeim tilvikum þar sem um innflutning á efnivöru var að ræða til nota við framleiðslu á innlendri framleiðsluvöru, skal með sama hætti og verið hefur og að uppfylltum settum skilyrðum samkvæmt viðkomandi heimildum veita undanþágu frá greiðslu vörugjalds.

Þegar vara er flutt inn til eigin nota eða neyslu innflytjanda og söluskattur er innheimtur við tollafgreiðslu reiknast hið sérstaka vörugjald sem söluskattsstofn.

5. gr.

Innflytjendur og aðrir sem selja hráefni og aðrar efnivörur til innlendra framleiðenda skulu við sölu á vörum sem sérstakt vörugjald hefur verið greitt af við tollafgreiðslu færa söluna á sérstaka sölureikninga eða nótur og tilgreina þar fjárhæð vörugjalds, sbr. 4. mgr. 7. gr.

III. KAFLI

Innlend framleiðsla.

6. gr.

Þær vörur sem taldar eru upp í 2. gr. þessarar reglugerðar og framleiddar eru hér á landi, fá einhverja vinnslumeðferð eða eru pakkaðar í neytendaumbúðir hér á landi eru gjaldskyldar til sérstaks vörugjalds.

7. gr.

Hið sérstaka vörugjald reiknast á verksmiðjuverð. Með verksmiðjuverði er átt við söluverð frá verksmiðju eða framleiðanda án álagningar fyrir sölu- og dreifingarkostnaði en að meðtöldu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979 um vörugjald.

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 24% og 30%, sbr. 2. gr., á 87.45% heildsöluverðsins. Svarar það til 20.99% og 26.24% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði, svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

Gjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldra vara frá verksmiðju eða framleiðanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það sérstaka vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til hinnar gjaldskyldu framleiðslu, sbr. 5. gr.

8. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt þessum kafla eru allir þeir sem framleiða eða pakka hér á landi gjaldskyldar vörur, hvort sem er til sölu eða til eigin nota.

Gjaldskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal greina nafn og heimili rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu sé um að ræða.

Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi semja skrár um alla þá sem hafa með höndum gjaldskylda starfsemi.

9. gr.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu færa gjaldskylda sölu á sérstakar sölunótur eða reikninga.

Nóturnar eða reikningarnir skulu bera greinilega með sér hvort sérstakt vörugjald sé innifalið í heildarfjárhæðinni.

10. gr.

Allir þeir sem innheimta sérstakt vörugjald skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um sérstakt vörugjald.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda hinni gjaldskyldu sölu greinilega aðgreindri í bókhaldi sínu.

11. gr.

Þeir sem njóta vilja frádráttar frá innheimtu gjaldi af sölu, sbr. 4. mgr. 7. gr., skulu færa það sérstaka vörugjald, sem greitt hefur verið við kaup á hráefnum til gjaldskyldrar framleiðslu, í sérstakan reikning. Niðurstaða þess reiknings færist síðan til frádráttar á skýrslu um sérstakt vörugjald við skil til ríkissjóðs, og telst því ekki með hráefnis- eða framleiðslukostnaði og myndar ekki aðstöðugjaldsstofn.

12. gr.

Þeir sem skyldir eru að innheimta sérstakt vörugjald og tilgreindir eru á skrá, sbr. 8. gr., skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, það sérstaka vörugjald sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um gjaldskylda sölu á uppgjörstímabilinu, þar með talin úttekt til eigin nota, svo og upplýsingar um frádrátt, sbr. 7. og 11. gr., og fjárhæð þess sérstaka vörugjalds sem inna ber af hendi.

13. gr.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1980 eru fjórir. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 1980 er 1. maí 1980, gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 1980 er 1. ágúst 1980, gjalddagi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1980 er 1. nóvember 1980 og gjaldadagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember 1980 er 1. febrúar 1981.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann á næsta virkan dag á eftir.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, viðurlög, sektir og aðra framkvæmd varðandi hið sérstaka vörugjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða:

1. Að því er tekur til innlendrar framleiðslu skulu gilda ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða settra samkvæmt þeim.
2. Að því er tekur til innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, svo og reglugerða settra samkvæmt þeim.

15. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33 29. maí 1980 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi frá og með 1. júlí 1980 og gildir til og með 31. desember 1980. Jafnframt er frá sama tíma úr gildi felld reglugerð nr. 437 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald og reglugerð nr. 515 28. desember 1979 um breyting á þeirri reglugerð.

Fjármálaráðuneytið 24. júní 1980.

Ragnar Arnalds.

Sigurgeir A. Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 — 1980

AUGLÝSING

um ákvörðun gjalds á innflutt kjarnfóður.

Með skírskotun til bráðabirgðalaga nr. 63 23. júní 1980 um breytingu á lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun, sölu á landbúnaðarvörum o. fl., skal lagt 200% gjald á innkaupsverð innflutts kjarnfóðurs þar til annað verður ákveðið.

Ákvörðun þessi tekur gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. júní 1980.

F. h. r.
Sveinbjörn Dagfinnsson.

Guðmundur Sigþórsson.

Stjórnartíðindi B 30, nr. 280. Útgáfudagur 24. júní 1980.

B 59

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 31 — 1980

Nr. 281. 466 19. mai 1980.

REGLUGERÐ

um flokkun loftfara.

1. **ALMENNT.**

1.1. Loftför skal flokka samkvæmt neðanskráðum reglum, sem eiga við flugvélar, þyrlur og svifflugur.

Flugmálastjórn ákveður gildissvið reglnanna, að því er tekur til annarra loftfara í hverju einstöku tilviki.

2. **FLOKKUNARKERFI.**

2.1. Flugmálastjórn skiptir loftförum eftir flokkum, deildum og notkunarsviðum samkvæmt neðangreindum ákvæðum:

2.1.1. **Normalflokkur.**

Deildir normalflokks:

a) flutningar.

b) almennt.

2.1.1.1. Notkunarsvið deilda normalflokks:

a) farþegaflug.

b) vöruflug.

c) sérflug.

d) einkaflug.

2.1.2. **Sérflokkur.**

Um notkunarsvið sjá gr. 3.3.

2.1.3. **Tilraunaflokkur.**

Um notkunarsvið sjá gr. 3.3.

Aths. við 2. gr. Flugmálastjórn skráir flokk, deild og notkunarsvið loftfars á lofthæfisskírteini þess.

Dæmi: — NORMAL/ALMENNT/FARÞEGAR

— TILRAUNA/EINKA

3. **NOTKUN LOFTFARS MEÐ HLIÐSJÓN AF FLOKKUN ÞESS.**

3.1. Loftfar má, með hliðsjón af flokkun þess, nota í því skyni sem að neðan greinir.

3.1.1. **Flokkar og deildir.**

3.1.1.1. Loftför í normalflokki, sem falla undir deildirnar „flutningar“ eða „almennt“, eru viðurkennd til venjulegs flugs og takmarkaðs listflugs sem nánar er kveðið á um í flughandbók og/eða tegunarskírteini loftfarsins.

3.1.1.2. Loftför, sem heyra til „sérflokki“ eða „tilraunaflokki“, eru einungis viðurkennd til þess flugs sem nánar er kveðið á um í flughandbók eða rekstrarfyrirmælum loftfaranna.

3.2. **Notkunarsvið normalflokks.**

3.2.1. Loftfar í notkunarsviði „farþegar“ er viðurkennt til farþegaflugs í atvinnuskyni. Svo framarlega sem loftfarið fullnægi öðrum gildandi kröfum um loft-

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

hæfi svo sem hönnun, afköst, búnað o. fl. má jafnframt nota það í hverju slíku ætlunarverki í almennu flugi.

3.2.2. Loftfar í notkunarsviði „vörur" er viðurkennt til vöruflutninga í atvinnuskyni. Svo framarlega sem loftfarið fullnægi öðrum gildandi kröfum um lofthæfni svo sem um hönnun, afköst og búnað o. fl. má jafnframt nota það í hverju slíku ætlunarverki í almennu flugi, þó ekki til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

3.2.3. Loftfar í notkunarsviði „sérflug", er viðurkennt, ef undan er skilið flug með farþega og vörur, til slíks flugs svo framarlega sem loftfarið fullnægi gildandi kröfum um lofthæfi að því er varðar hönnun, afköst, búnað o. fl. og má jafnframt nota það í hverju slíku ætlunarverki í almennu flugi og einkaflugi, skv. lið 3.2.4. hér á eftir.

3.2.4. Loftfar í notkunarsviði „einkaflug" skal fullnægja gildandi kröfum er varða hönnun, afköst, búnað o. fl. um það flug, sem það er notað til. Slíkt flug má ekki vera í atvinnuskyni.

Aths. Fólk og vörur, sem nauðsynlegar eru um borð við flugstarfsemi þá sem flokkunin gefur til kynna, eru heimilaðar án þess að starfsemin sé flokkuð undir „flutningur á farþegum og vörum í atvinnuskyni."

3.3. **Notkunarsvið sérflokks og tilraunaflokks.**

Loftför í „sérflokki" eða „tilraunaflokki" má einungis nota til þess sem þau eru ætluð. Notkunarsviðið skal staðfest með sérstakri áritun í lofthæfisskírteini eða/og flughandbók.

4. **FLOKKUNARKRÖFUR.**

4.1. **Flokkar og deildir.**

4.1.1. Í deild „flutningum" í normalflokki eru loftför sem fullnægja einhverjum neðangreindra hönnunarákvæða:

a) Þegar um er að ræða flugvélar:
US Federal Aviation Regulations (FAR) Part 25 Airworthiness Standards: Transport Category Airplanes eða JAR 25, Large Aeroplanes.

b) Þegar um er að ræða þyrlur:
US Federal Aviation Regulations (FAR) Part 29 Airworthiness Standards: Transport Category Rotorcraft, og

c) Önnur hönnunarákvæði sem fullnægja kröfum viðbætis 8 við stofnsamning Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sbr. l. 45/1947 og flugmálastjórn samþykkir til flokkunar eftir prófun í sérhverju tilviki.

4.1.2. Undir deildina „almennt" í normalflokki heyra loftför sem fullnægja einhverjum neðangreindra hönnunarákvæða:

a) Þegar um er að ræða svifflugur og hreyfilsvifflugur:
Luftfahrt Bundesamt Lufttüchtigkeitsforderungen für Segelflugszeuge und Motorsegler (LFSM) og British Civil Airworthiness Requirements Section E, Sub-Section E 2.

b) Þegar um er að ræða flugvélar:
US Federal Aviation Regulations (FAR) Part 23 Airworthiness Standards: Normal, Utility and Acrobatics Category Airplanes.

c) Þegar um er að ræða þyrlur:
US Federal Aviation Regulations (FAR) Part 27 Airworthiness Standards: Normal Category Rotorcraft, og

d) Önnur hönnunarákvæði sem flugmálastjórn samþykkir til flokkunar eftir prófun í sérhverju tilviki.

4.1.3. Undir „sérflokk" falla loftför, sem ekki eru álitin fullnægja alveg hönnunarkröfum um lofthæfi, skv. ákvæðum sem fram koma í gr. 4.1.1. og 4.1.2. en hafa með því að fullnægja fastákveðnum eða sérstaklega viðurkenndum

lofthæfiskröfum, sem settar eru af flugmálastjórn, náð fullnægjandi lofthæfi með hliðsjón af notkuninni. Þær takmarkanir á notkunarsviði loftfars, sem ákveðnar eru í hlutaðeigandi tilviki, skal færa inn í flughandbók loftfarsins og/eða eru hluti af rekstrarfyrirmælum þess.

4.1.4. Í „tilraunaflokki" eru ný frumsmíðuð loftför sem verið er að reyna, auk loftfara sem smíðuð eru af ófaglærðum aðiljum. Einnig eru í þeim flokki loftför sem ekki fullnægja hönnunarákvæðum um lofthæfi, skv. liðum 4.1.1. og 4.1.2., en flugmálastjórn telur þó fullnægja lofthæfiskröfum til takmarkaðrar notkunar. Fyrir tilraunaloftför eru takmarkanirnar skráðar á flugtilraunaleyfið en fyrir önnur loftför í flughandbók þeirra og/eða rekstrarfyrirmæli.

Aths. við gr. 4.1.:

a) Loftför í normalflokki og sérflokki eru talin fullnægja ákvæðum um lofthæfi í 33. gr. l. 45/1947.

b) Loftför í tilraunaflokki eru ekki talin fullnægja lofthæfiskröfum skv. aths. a. Skv. 40. gr. l. 45/1947 má flug með slíku loftfari yfir yfirráðasvæði annars lands einungis eiga sér stað eftir að hlutaðeigandi land hefur gefið til þess leyfi.

4.2. **Notkunarsvið.**

4.2.1. Loftfar er skráð í því notkunarsviði skv. lið 2.1.1.1. sem við á með hliðsjón af þeim lofthæfisákvæðum sem þau fullnægja, skv. lið 4.1.1. eða 4.1.2.

4.2.2. Sviffflugur og hreyfilssviffflugur eru taldar til notkunarsviðsins „einkaflug".

5. **REFSIÁKVÆÐI OG GILDISTAKA.**

5.1. Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, enda taki eigi önnur refsiákvæði XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 yfir atferlið.

5.2. Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 19. maí 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 282. 23. maí 1980.

REGLUGERÐ

um eldsneytisáfyllingu loftfara.

1. **ALMENNT.**

1.1. Farið skal eftir reglum þessum við áfyllingu eldsneytis á öll loftför hvar sem áfyllingin fer fram.

1.2. Áfylling skal fara fram undir stjórn hæfs manns, sem sá aðili (olíufélag) tilnefnir er eldsneytið afhendir og sem ber ábyrgð á eldsneytisafgreiðslunni. Þessi maður ber ábyrgð á að áfyllingin sé framkvæmd í samræmi við reglur þær sem hér eru greindar, svo og í samræmi við fyrirmæli flugstjóra loftfarsins. Ef enginn starfsmaður afhendingaraðila er viðstaddur áfyllinguna ber flugstjórinn einn alla ábyrgð á henni.

1.3. Auk reglna þessara skal farið eftir reglum þeim, sem gilda um hlutaðeigandi flugvöll, og reglum hlutaðeigandi olíufélags.

2. **ÁFYLLINGARSVÆÐI OG REGLUR SEM UM ÞAÐ GILDA.**

2.1. Til þess að gæta öryggis við eldsneytisáfyllingu loftfara skulu eftirfarandi reglur gilda á áfyllingarsvæði þar sem eldhætta vegna eldfimra lofttegunda getur leynst. Stærð áfyllingarsvæðisins er háð því hvernig áfylling fer fram (þrýstingsáfylling, áfylling yfir væng o. s. frv.), svo sem fram kemur í viðbæti.

2.2. Meðan áfylling á sér stað mega þeir, sem starfa við umrætt loftfar, vera á áfyllingarsvæðinu.

Ath.: Sjá gr. 6.2. og 6.3. um áfyllingu meðan farþegar eru um borð.

2.3. Á áfyllingarsvæði má aðeins leggja ökutækjum og koma fyrir öðrum tækjum sem notuð eru til áfyllingar eða annarrar þjónustu við loftfarið.

2.4. Á áfyllingarsvæði eru reykingar bannaðar svo og meðferð opins elds. Þar má enginn vinna eiga sér stað sem valdið getur neistaflugi.

3. **KRÖFUR GERÐAR TIL ELDSNEYTISVAGNA.**

3.1. Eldsneytisvagnar, sem notaðir eru við áfyllingu eldsneytis á loftför, skulu fullnægja settum kröfum um öryggisbúnað og umbúnað eldfimra efna. Lekir eða að öðru leyti bilaðir eldneytisvagnar, skulu tafarlaust teknir úr umferð.

4. **KRÖFUR GERÐAR TIL BÚNAÐAR Á ÁFYLLINGARSVÆÐI.**

4.1. Tækjabúnaður, knúinn hreyfli sem brennir eldsneyti, má því aðeins nota á áfyllingarsvæði að hann sé búinn neistavara á útblæstri og slökkvitækjum af viðurkenndum gerðum, minnst 2 stk. 6 kg ABC eða BC slökkvitæki. Eigi má ræsa eða stöðva slíka hreyfla á áfyllingarsvæði. Hitunartæki skulu vera af gerðum viðurkenndum til notkunar við slíkar aðstæður.

4.2. Rafbúnað má því aðeins nota á áfyllingarsvæði að hann fullnægi settum öryggiskröfum og sé raka- og sprengiþéttur. Hann skal ætíð vera í fullkomnu lagi. Eigi má setja hann í samband eða taka hann úr sambandi meðan áfylling stendur yfir.

5. **ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR FYRIR ÁFYLLINGU OG Á MEÐAN Á HENNI STENDUR.**

5.1. Stöðu eldsneytisvagns skal þannig háttað við áfyllingu að honum megi fyrirstöðulaust aka á brott án þess að honum þurfi að aka aftur á bak ef eldur kviknar, svo og að þeir, sem staddir eru á áfyllingarsvæði, geti hindrunarlaust forðað sér.

5.2. Handhemla eldsneytisvagna skal setja á áður en áfylling hefst.

5.3. Þegar áfylling á sér stað á viðurkenndum flugvelli skal a. m. k. eitt nægilega stórt slökkvitæki af viðurkenndri gerð vera tiltækt vindmegin við loftfarið. Eftir því sem hægt er skal hafa samskonar búnað við höndina við áfyllingu einnig á öðrum stöðum. Starfsfólk við áfyllingu skal hafa trausta þekkingu á notkun slökkvitækja og á staðsetningu þeirra, svo og á því hvernig kalla má á aðstoð ef með þarf.

Ath.: Slökkvitæki skal skoða,

vikta CO_2 slökkvitæki o. s. frv., a. m. k. einu sinni á ári. Ennfremur skal skoða innsigli slökkvitækis a. m. k. einu sinni í viku. Þrátt fyrir það skal flugstjórinn og/eða starfslið við áfyllingu skoða innsiglið.

5.4. Eigi má hefja áfyllingu ef kunnugt er um eða tilkynnt hefur verið að hemlar loftfarsins séu óeðlilega heitir.

5.5. Eigi má hefja áfyllingu ef ratsjá loftfarsins er í gangi.

5.6. Forðast skal eldsneytisáfyllingu í þrumuveðri eða ef hætta er á eldingum í nágrenninu.

5.7. Áður en áfylling er hafin skal gengið úr skugga um að jarðtengingar séu í lagi.

a) milli eldsneytisvagns og jarðar (ef því verður við komið),
b) milli eldsneytisvagns (eldsneytisgeymis) og loftfars,
c) milli loftfars og jarðar (ef því verður við komið)
d) milli áfyllingarstúts og áfyllingarops í loftfari, við annars konar áfyllingu en þrýstiloftsáfyllingu.

Ef notuð er trekt skal leiðsla tengd milli trektar og áfyllingarstúts svo og áfyllingarops loftfars.

5.8. Þegar eldsneytisáfylling á sér stað nálægt öðru loftfari með hverfihreyfla í gangi skal sérstaklega gætt eldhættu, sprengihættu og hættu af sterkum loftstraumum sem þar eru.

5.9. Áfylling loftfara með hreyfil í gangi er almennt ekki heimil. Sjá þó undanþágur í gr. 6.4. og 6.5.

5.10. Áfylling má því aðeins eiga sér stað, þar sem aðstoðaraflgjafi (APU, Auxiliary Power Unit) er í gangi að hægt sé að slökkva á honum á augabragði t. d. ef eldsneyti fer niður. Þess skal gætt að eldneytisleiðsla liggi ekki nálægt loftinntaki aðstoðaraflgjafa.

Ekki má setja aðstoðaraflgjafa í gang meðan áfylling stendur yfir.

5.11. Áfyllingu skal framkvæma þannig að forðast sé eftir megni að eldsneyti fari niður. Ef slíkt hendir skal sá, er annast áfyllingu, sjá um að það sé hreinsað burt og tafarlaust skal kalla á slökkvilið flugvallarins eða næsta slökkvilið.

5.12. Sjálflokandi stúta eða öryggisventla (deadman control) skal ekki læsa í opinni stöðu. Ef læsingarhök eða krókar eru á áfyllingarstútum, skal slíkt fjarlægt.

6. ÁFYLLING VIÐ SFRSTAKAR AÐSTÆÐUR.

6.1. Eldneytisáfyllingu á geyma loftfars inni í flugskýli má því aðeins framkvæma að farið sé eftir fyrirmælum sem hlutaðeigandi slökkvilið hefur gefið í slíku tilviki. Aldrei má taka eldsneyti af flugvélartönkum (defuel) í lokuðum flugskýlum, nema með leyfi og undir eftirliti slökkviliðs.

6.2. Ef eldsneytisáfylling er framkvæmd, þegar farþegar eru um borð í loftfarinu, skal flugstjórinn sjá um að farið sé eftir þeim reglum sem nú greinir:

1. Skýra skal farþegum frá því að áfylling eigi að fara fram, að reykingar séu bannaðar og að meðferð opins elds sé bönnuð. Hafa skal ljós á skiltinu „REYKINGAR BANNAÐAR“ meðan áfylling stendur yfir.
2. Venjulegar farþegadyr loftfarsins skulu vera opnar og stigar vera við loftfarið eða felldir út frá því. Ef loftfarið er við bryggju skulu auk útgöngudyra á bryggjunni vera aðrar opnar útgöngudyr með stiga. Loftfar sem hefur stiga sem fella má niður að aftan má hafa stigann uppi en ef með þarf verður að vera hægt að fella hann tafarlaust út.
3. Flugverji skal vera við allar opnar útgöngudyr, sem nefndar eru í lið 2., svo og við stiga að aftan ef hann er uppi.
4. Ekki má vera farangur eða annað þess háttar á gangi milli sæta eða við útgöngudyr. Dyr milli farþegaklefa skulu standa opnar og forhengi dregin frá.

Auk þessa er öllum flugverjum, sem á vakt eru, skylt að tilkynna þeim, sem við áfyllingu starfa, tafarlaust ef þeir verða varir við eldsneytisþef í farþegarými eða stjórnklefa. Ef óeðlilegur eldneytisþefur finnst í farþega- og/eða stjórnklefa skal áfyllingu þegar í stað hætt. Í sérstökum flugferðum með fatlaða farþega má aðeins fylla eldsneytisgeyma, þegar farþegar eru um borð, ef björgunar- og slökkvibílar flugvallarins eru í viðbragðsstöðu allan tímann, ef þeirra er kostur, annars annar tiltækur slökkvibúnaður.

6.3. Ef farþegar fara um borð eða frá borði meðan áfylling á sér stað skal flugstjórinn, eða ábyrgur aðili frá flugrekanda eða flugafgreiðslunni, sjá svo um að þeir komi inn á áfyllingarsvæðið.

6.4. Aðeins má, ef alveg sérstaklega stendur á, fylla eldsneyti á geyma þungra flugvéla sem hafa einn hreyfil í gangi og því aðeins að ekki sé unnt að ræsa hreyfla aftur. Skal þá þess gætt að:

1. slík áfyllingaraðferð sé heimiluð af framleiðanda flugvélarinnar eða flugmálastjórn framleiðslulands flugvélarinnar,
2. flugstjórinn eða fulltrúi hans sé viðstaddur og sé í sambandi við mann þann sem framkvæmir áfyllinguna,
3. björgunar- og slökkvibílar flugvallarins séu í viðbragðsstöðu allan tímann, ef þeirra er kostur, annars annar tiltækur slökkvibúnaður,
4. farþegar mega ekki vera um borð,
5. ef stigi, sem hægt er að fella niður að aftan, er á flugvélinni skal hann vera uppi,
6. aðeins má fylla á með þrýstiáfyllingu og þrýstingur sem notaður er, skal vera sá lágmarksþrýstingur sem mælt er með fyrir hlutaðeigandi tegund flugvélar,
7. sjálfvirkan áfyllingarbúnað má ekki taka úr sambandi og nota handstýrðan í hans stað. Ef sjálfvirkur búnaður er ekki tiltækur má ekki fylla geymana alveg.

6.5. Flugmálastjórn/loftferðaeftirlit getur í sérstökum tilvikum heimilað, að fyllt sé á geyma annarra loftfara, sem hafa hreyfla í gangi, en um getur í gr. 6.4.

7. **REFSIÁKVÆÐI OG GILDISTAKA.**

7.1. Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum, enda taki eigi önnur refsiákvæði XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 yfir atferlið.


7.2. Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 150. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 til að öðlast gildi 1. júlí 1980, birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 23. maí 1980.


Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

Fylgiskjal.




a) áfyllingarsvæði séð að ofan




b) áfyllingarsvæði séð að framan


Áfyllingarsvæði þegar áfyllingarop eða öndunarop er á neðra borði vængs.




a) Áfyllingarsvæði séð að ofan



b) Áfyllingarsvæði séð að framan



a) Áfyllingarsvæði séð að ofan



b) áfyllingarsvæði séð frá hlið

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1980:

6x5 lbs. og 5x5 lbs. í skel garndreginn.

7—9	$	11.25 pr. lb. Cif U. S. A.
9—12	$	10.80 pr. lb. Cif U. S. A.
12—15	$	9.90 pr. lb. Cif. U. S. A.
15—18	$	9.00 pr. lb. Cif. U. S. A.
18—24	$	8.10 pr. lb. Cif. U. S. A.
24—30	$	7.20 pr. lb. Cif. U. S. A.

B 5x5 lbs. í skel garndreginn.

7—9	$	9.90 pr. lb. Cif. U. S. A.
9—12	$	9.45 pr. lb. Cif. U. S. A.
12—15	$	8.85 pr. lb. Cif. U. S. A.
15—18	$	7.65 pr. lb. Cif. U. S. A.
18—24	$	6.75 pr. lb. Cif. U. S. A.

6x5 lbs. og 5x6 lbs. í skel með görn.

7—12	$	7.26 pr. lb. Cif. U. S. A.
12—15	$	6.35 pr. lb. Cif. U. S. A.
15—30	$	5.18 pr. lb. Cif. U. S. A.
30—45	$	4.05 pr. lb. Cif. U. S. A.
45—60	$	3.18 pr. lb. Cif. U. S. A.
60 og yfir	$	2.27 pr. lb. Cif. U. S. A.

5x3 kg í skel með görn.

45—60	$	3.18 pr. lb. Cif. Milano
60 og yfir	$	2.27 pr. lb. Cif. Milano.

6x5 lbs. í skel með görn.

7—9	$	10.13 pr. lb. Cif. U. S. A.
9—12	$	9.72 pr. lb. Cif. U. S. A.
12—15	$	8.91 pr. lb. Cif. U. S. A.
15—18	$	8.10 pr. lb. Cif. U. S. A.
18—24	$	7.29 pr. lb. Cif. U. S. A.

Verðbil verða 3% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. júní 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 393 5. september 1975 um gatnagerðargjöld í Ólafsvíkurhreppi.

10. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjald samkvæmt 7. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir hinir sömu og af lánum Byggðasjóðs af gatnagerðarlánum nú 22% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem er lagt á, og gengur ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingafjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júní 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 285. 3. júní 1980.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 154 1963, um skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, með síðari breytingum.

Að fengnum tillögum safnaðarráðs Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum 2. gr. 1. tölul. laga nr. 35 1970, um skipan prestakalla o. fl. og samkvæmt meðmælum biskups Íslands, er eftirfarandi breyting gerð á skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll, sem ákveðin var með auglýsingu nr. 154/1963 og síðari breytingum nr. 189/1967, 71/1968, 143/1971, 74/1972, 234/1973 og 57/1975:

1. Töluliður 12—13. Langholtsprestakall (I og II) verði:
   12. Langholtsprestakall.
2. Á eftir 21. tölulið (Fellaprestakall) komi nýr töluliður er orðist svo:
   22. Seljaprestakall: Seljasókn takmarkast að norðan og austan af Breiðholtsbraut og Útvarpsstöðvarvegi en að sunnan og vestan af mörkum Kópavogs og Reykjavíkur.

Önnur ákvæði auglýsingar nr. 154/1963 breytast í samræmi við auglýsingu þessa. Sóknargjöld fyrir árið 1980 innheimtast með tilliti til ofangreindra breytinga. Auglýsing þessi tekur gildi nú þegar.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. júní 1980.

Friðjón Þórðarson.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hvammstanga.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 9. maí 1980 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hvammstanga.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hvammstangahrepps og skipulagsstjórn ríkisins. Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur fyrir Hvammstanga sem ráðuneytið staðfesti þann 13. janúar 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

11. júní 1980. Nr. 287.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 392 29. október 1976 um gatnagerðargjöld í Dalvíkurkaupstað.

4. gr. orðist svo:

„Gjöld samkvæmt 3. gr. breytist til samræmis við breytingar á vísitölu byggingakostnaðar sem gefin er út af Hagstofu Íslands.“

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júní 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

30. maí 1980. Nr. 288.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjöld í Stykkishólmi nr. 396 4. september 1975.

9. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjald samkvæmt 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið.

Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir, hinir sömu og af lánum Byggðasjóðs á hverjum tíma, nú 22% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. maí 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 289. 11. júní 1980.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu banns við togveiðum á Strandagrunni.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 169 13. mars 1980, um bann við togveiðum á Strandagrunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. júní 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 290. 29. maí 1980.

REGLUGERÐ

um varnir gegn hundaæði (rabies).

1. gr.

Til þess að forðast að hundaæði berist til Íslands, er bannað að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin og villt, þar með taldir fuglar.

Landbúnaðarráðherra getur þó vikið frá banni þessu og heimilað, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að flytja til landsins hunda, refi og önnur ræktuð dýr að loknum ákveðnum einangrunartíma.

Setja skal reglur í hvert sinn, er öruggar séu til varnar því, að sjúkdómar berist með dýrum þeim, sem innflutningur er leyfður á.

2. gr.

Komi það fyrir, að einhverjir flytji inn dýr án heimildar, skulu þau tafarlaust drepin og skrokkarnir brenndir. Ef lifandi dýr eru flutt til landsins án heimildar, varðar það sektum fyrir eiganda dýranna, svo og fyrir skipstjóra þann eða flugstjóra á farartæki því, er dýrin flutti, ef ætla má að dýrin séu flutt með hans vitund.

3. gr.

Flugfélögum og skipafélögum er óheimilt að taka til flutnings dýr til Íslands, ef umráðamaður eða eigandi getur ekki framvísað heimild frá landbúnaðarráðuneytinu um innflutningsleyfi fyrir dýrinu.

Ferðaskrifstofur, flugfélög, skipafélög og aðrir, sem greiða götur ferðamanna til Íslands, skulu vekja athygli á því, að innflutningur á dýrum og fuglum er óheimill.

4. gr.

Skylt er hverjum eiganda hunds að auðkenna hund sinn, annað hvort með auglýstu fjármarki sínu eða öruggu hálsbandi (leðuról) með nafni eiganda, bæjarnafni (heimili) eða auglýstu brennimarki eiganda.

Nú verður vart ómerkts flækingshunds, sem eigandi finnst ekki að, og er þá þeim sem hundinn finnur, skylt að annast um hann og færa hann til hreppstjóra (bæjarfógeta, lögreglustjóra) eða gera honum viðvart tafarlaust, svo hann geti tekið hundinn í vörslu og gert gangskör að því að hafa upp á eiganda hundsins.

Ef eigandi hefur ekki gefið sig fram eða fundist 10 dögum eftir að auglýst hefur verið eftir honum og greitt áfallinn kostnað og eigi hefur tekist að fá hundinum ábyrgan eiganda, skal hundinum lógað tafarlaust.

5. gr.

Eigendur hunda, sem hafðir eru um borð í íslenskum skipum, skulu hafa til þess sérstakt leyfi skipstjóra og lögreglustjóra á stað þeim, þar sem skipið er skrásett.

Um leið og lögreglustjóri gefur út leyfi til þess að hafa hund um borð í tilteknu skipi, skal rita á leyfið heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt og önnur auðkenni skipshundsins. Hundinum skal framvísað þegar leyfið er gefið út og jafnframt viðhlítandi merkisól. Leyfið gildir lengst í þrjú ár í senn og rétt er að krefjast gjalds fyrir hverju sinni. Afrit skal varðveitt hjá lögregluembætti því er gefur leyfið út.

Allir skipshundar skulu að staðaldri bera hálsband, er gefi til kynna nafn hundsins, skipsins og skrásetningarnúmer þess. Umráðamaður skal hafa tiltæka í skipinu heimild lögreglustjóra.

Nú er skipshundur fluttur á nýtt skip og skal þá lögreglustjóri gefa út nýtt leyfi á sam hátt og að framan greinir.

Ef skipshundur drepst eða er lógað skal það tilkynnt viðkomandi lögreglustjóraembætti.

6. gr.

Strax og erlend skip koma til landsins skal tollgæslan ganga úr skugga um hjá yfirmönnum skipsins, hvort um borð í skipinu séu nokkur dýr. Ef svo reynist, er skipstjóra skylt að hlutast til um að dýrin séu geymd í læstu herbergi á skipinu, á meðan á dvöl þess stendur. Áður en skipið siglir frá landinu, skal tollgæslan ganga úr skugga um það, hvort dýrn séu enn í vörslu um borð. Sé svo ekki, skal skipstjóri gera fullnægjandi grein fyrir afdrifum þeirra.

Óheimilt er að hafa hunda eða ketti um borð í íslenskum skipum þegar þau sigla til útlanda. Ef hann þetta er ekki virt skal fara með dýr á íslenskum skipum á sama hátt og um erlend skip sé að ræða, þegar skipið kemur aftur til Íslands. Gildir það ákvæði uns sex mánuðir eru liðnir frá síðustu för skipsins til erlendra hafna.

Óheimilt er að fara með íslensk dýr um borð í erlend skip hér við land, ef í skipinu eru geymd erlend dýr. Sama máli gegnir um íslensk skip, hafi þau verið í millilandasiglingum einhvern tíma næstliðna sex mánuði.

Ef skipsdýr sleppa í land úr skipum þeim er að framan greinir, skulu þau ófriðhelg og skulu löggæslumenn hlutast til um að lóga þeim án tafar.

Nú ganga hvítabirnir eða önnur framandi rándýr á land og skulu þau þá ófriðhelg.

Sýslumenn á viðkomandi stöðum skulu hlutast til um að dýr þessi verði unnin eða handsömuð, svo skjótt sem aðstæður leyfa.

7. gr.

Ef þeir sem dýr hafa undir höndum, verða varir við eftirtalin einkenni, eitt eða fleiri, ætti það að vekja grun um að hundaæði gæti verið á ferðinni:

Dýrið fer að slefa óeðlilega mikið, röddin breytist, verður hás og hrjúf og þróttlítil, kyngingin er erfið, líkt og eitthvað standi í hálsi dýrsins.

Dýrið er órólegt og hegðar sér annarlega, það glefsar út í loftið, er hrætt, stundum ringlað.

Stundum ber á árásarhneigð, æsingi eða reiðiköstum, þess á milli deyfð og sljóleika.

Lamanir koma fram og ágerast smám saman, oftast sjást þær á afturfótum og neðra skolti. Hundaæði dregur flest dýr til dauða á 3—8 dögum.

Hver sá sem verður var við, að dýr hafi ofangreind einkenni ætti að forðast að handleika hið sjúka dýr eða kjassa það, en gera héraðsdýralækni viðvart án tafar.

Ef héraðsdýralæknir telur, að grunur um hundaæði sé á rökum reistur, skal hann þegar í stað tilkynna það yfirdýralækni og viðkomandi lögregluyfirvaldi.

Héraðsdýralæknir skal hlutast til um að eigandi læsi hið sjúka dýr inni, þar sem það er í öruggri vörslu og þar sem tryggt er að það valdi ekki skaða á fólki eða dýrum.

Jafnframt því að upplýsa eiganda eða umráðamenn um hættu, sem af dýrinu getur stafað, skal héraðsdýralæknir gefa fyrirmæli til varnar smitdreifingu frá hinu sjúka dýri.

Hinu grunaða dýri skal halda í vörslu í 14 daga hið skemmsta, og fylgjast skal með dýrinu daglega.

Ef dýrið sýnir frekari einkenni er benda til hundaæðis, skal enn kveða til héraðsdýralækni er tekur ákvörðun um, hvort enn skuli geyma dýrið uns yfir lýkur eða lóga því, án þess að skadda hausinn. Skal hann án tafar senda hausinn í tryggum umbúðum til rannsóknar að Tilraunastöð Háskólans að Keldum.

Ef örðugt reynist að handsama dýr, sem grunur leikur á að haldið sé hundaæði, svo unnt sé að færa það í örugga geymslu, skal dýrið aflífað undir stjórn löggæslumanna. Hafi dýrið bitið dýr eða fólk, skal einskis láta ófreistað til að handsama það lifandi og færa það í geymslu, til þess að fá óræka vissu um það, hvort um hundaæði sé að ræða eða ekki.

8. gr.

Nú leiðir frekari rannsókn í ljós að um hundaæði hefur verið að ræða og skal þá héraðsdýralæknir einskis láta ófreistað til þess að grafast fyrir um upptök sjúkdómsins og feril hins sjúka dýrs.

Þá skal hann einnig kanna, svo sem frekast er kostur, hvaða dýr kynnu að hafa orðið fyrir biti eða áreitni af völdum hins sjúka dýrs.

Í því sambandi er eigendum skylt að færa dýr sín til skoðunar, eða hafa þau tiltæk til skoðunar, ef héraðsdýralæknir óskar þess. Skal eigandi láta í té næga aðstoð, svo að skoðun geti gengið sem greiðast.

Nú færist eigandi undan að láta skoða dýr sín í þessum tilgangi, og er þá heimilt að láta sækja dýrin til skoðunar með lögregluvaldi, hvort sem dýrið er geymt á heimili eiganda eða annars staðar. Kostnað við lögregluaðgerð skal eigandi dýrsins greiða.

Nú verður viðhlítandi skoðun ekki við komið, eða hún ekki talin áhættulaus og skal þá færa dýrið í örugga vörslu til frekari athugunar.

9. gr.

Héraðsdýralæknir skal hlutast til um, að hundum og köttum sem orðið hafa fyrir biti eða áreitni bitóðs dýrs sé lógað án afar. Sama máli gegnir um önnur húsdýr, sem bitin hafa verið. Löggæslumönnum er heimilt að taka slík dýr með valdi, hvort sem er á heimili eiganda eða annars staðar. Ef bitóð dýr ráðast á búfé í húsum eða heimahögum, skal skoða öll dýr á bænum nánar. Heimilt er að fyrirskipa trygga vörslu á öllum húsdýrum á búinu í allt að 6 mánuði, hafi dýr þar veikst af hundaæði eða orðið fyrir áreitni eða biti bitóðs dýrs.

Um vörslu, einangrun og varúðarráðstafanir skal fara samkvæmt fyrirsögn héraðsdýralæknis hverju sinni, að höfðu samráði við yfirdýralækni.

10. gr.

Nú verður hundaæðis vart á fleiri stöðum í senn og er þá landbúnaðarráðherra heimilt að fyrirskipa samgöngubann, að því er varðar hunda og ketti á tilteknu landsvæði.

Á meðan slíkt samgöngubann er í gildi er óheimilt að flytja hunda og ketti inn á eða út af hinu ákveðna bannsvæði.

Eigendur eða umsjónarmenn skulu sjá um að öllum hundum og köttum sé haldið innan dyra. Verði vart við hunda og ketti lausa utanhúss eða á flækingi, skulu löggæslumenn taka þá í sína vörslu til aflífunar eða lóga þeim þegar í stað.

Innan bannsvæðis er öll notkun hunda við smölun og veiðar óheimil. Sama máli gegnir um hundasýningar og hundahreinsun og aðra samsöfnun hunda.

Innan bannsvæðis skulu sveitastjórnir leggja áherslu á að eyða refum og minkum svo sem frekast er kostur. Óheimilt er að flá loðdýr sem veidd eru innan bannsvæðis.

Ef hundaæði nær verulegri útbreiðslu, er landbúnaðarráðherra heimilt að fyrirskipa aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru taldar til að uppræta sjúkdóminn, t. d. bólusetningu húsdýra, víðtækar hömlur á samgangi húsdýra, sérstaka vörslu á vegum og takmarkanir á umferð með húsdýr o. s. frv.

11. gr.

Hver sá sem hefur rökstuddan grun um, að villt dýr (refir, minkar, villikettir) séu haldin hundaæði, skal þegar í stað gera viðkomandi hreppstjóra, sýslumanni eða lögreglustjóra aðvart.

Hverjum, sem verður var við ref eða mink, sem fælist ekki fólk, snuðrar við bæi, er lamaður, ringlaður eða hegðar sér á annan hátt óeðlilega, ber að gera næsta hreppstjóra aðvart.

Freista skal þess án tafar að fella hið grunaða dýr eða handsama það lifandi, sé þess nokkur kostur, svo hægt sé að setja það í geymslu.

Ef fella þarf dýrið, skal það gert án þess að skadda hausin sem héraðsdýralæknir skal hlutast til um að komið sé til rannsóknar tafarlaust.

Reynist grunur um bitæði á rökum reisur, skal efla útrýmingu á refum, minkum og villiköttum svo sem frekast er kostur.

12. gr.

Ónæmisaðgerðir gegn hundaæði má eingöngu framkvæma samkvæmt fyrirmælum yfirdýralæknis og með efnum sem hann segir fyrir um.

Læknismeðferð á dýrum sem grunur leikur á að haldin séu hundaæði er óheimil.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum nema þyngri refsing liggi við. Sektir renna í ríkissjóð.

Fara skal með mál sem rísa kunna af áákvæðum þessarar reglugerðar að hætti opinberra mála.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um dýralækna nr. 31/1970, lögum um varnir gegn gin- og klaufaveiki nr. 11/1928 og lögum um innflutning búfjár nr. /74 1962, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. maí 1980.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Nr. 291.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, fyrir árið 1979.

Sjóður í ársbyrjun:		
Búnaðarbankainnstæða nr. 521704	kr.	419 499
Vextir	—	136 009
	kr.	555 508
Sjóður til næsta árs:		
Búnaðarbankainnstæða nr. 521704	kr.	555 508

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 292.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs W. Fischers, fyrir árið 1979.

Sjóður í ársbyrjun:		
Innritunarskírteini	kr.	20 000
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 712	—	46 179
Búnaðarbankainnstæða nr. 521690	—	480 214
	kr.	546 393

Vextir:

Af Innritunarskírteini	kr. 52 275	
Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 11 545	
Af Búnaðarbankainnstæðu	— 153 081	
		kr. 216 901
		kr. 763 294

Sjóður til næsta árs:

Innritunarskírteini	kr. 20 000	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 712	— 47 334	
Búnaðarbankainnstæða nr. 521690	— 695 960	
		kr. 763 294
		kr. 763 294

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 293.

REIKNINGUR

fyrir Styrktarsjóð Þórarins Tulinius fyrir árið 1979.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	kr. 24 405	
Búnaðarbankainnstæða nr. 521674	— 146 052	
		kr. 170 457

Vextir:

Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 6 101	
Af Búnaðarbankainnstæðu	— 47 133	
		kr. 53 234
		kr. 223 691

Sjóður til næsta árs:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	kr. 25 016	
Búnaðarbankainnstæða nr. 521674	— 198 675	
		kr. 223 691
		kr. 223 691

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, fyrir árið 1979.

Sjóður í ársbyrjun:			
Útvegsbankainnstæða nr. 1662	kr.	4 466 240	
Skuldabréf Dvalarh. Borgarnesi	—	4 010 000	
			kr. 8 476 240
Vextir:			
Af Útvegsbankainnstæðu	kr.	1 277 601	
Af skuldabréfi	kr.	694 400	
Afborgun af skuldabréfi	—	330 000	
			kr. 2 302 001
			kr. 10 778 241
			kr. 10 778 241
Útvegsbankainnstæða nr. 1662	kr.	6 768 241	
Skuldabréf Dvalarh. Borgarnesi	—	4 010 000	
			kr. 10 778 241
			kr. 10 778 241

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 295.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Grímseyjarsjóðs W. Fiske, fyrir árið 1979.

Sjóður í ársbyrjun:			
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	kr.	54 471	
Búnaðarbankainnstæða nr. 521682	—	47 871	
			kr. 105 342
Vextir:			
Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	14 368	
Af Búnaðarbankainnstæðu	—	15 466	
			kr. 29 834
			kr. 135 176

Gjöld:

Styrkur til Grímseyinga		kr. 11 340
Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	kr. 58 199	
Búnaðarbankainnstæða nr. 521682	kr. 65 637	
		kr. 123 836
		kr. 135 176

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 296.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld sjóðsins Stígs, fyrir árið 1979.

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395	kr. 54 164	
Vextir	— 13 541	
		kr. 67 705

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 297.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs sjómanna fyrir árið 1979.

Sjóður í ársbyrjun bók í Landsb.	kr.	317
Vextir	—	72
	kr.	389

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Steinunnar Sighvatsdóttur og Magnúsar Ólafssonar, fyrir árið 1979.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487	kr.	68 666
Vextir	—	17 166
	kr.	85 832

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 299.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla Jóns Nikulássonar fyrir árið 1979.

Sjóður í ársbyrjun:

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716	kr.	299 154
Vextir	—	74 789
	kr.	373 943

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 300.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu fyrir árið 1979.

Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551	kr.	24 851
Vextir	—	6 213
	kr.	31 064

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs X og Alexandrine drottningar, árið 1979.

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706	kr.	260 966
Vextir	—	65 241
	kr.	326 207

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 302.

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1979.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1979.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	kr.	110 340
	kr.	110 340

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld	kr.	110 340
	kr.	110 340

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1979.

Eignir:

Bankainnstæður	kr.	571 979
	kr.	571 979

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:			
Hrein eign pr. 1. jan. 1979	kr.	461 639	
Hreinar tekjur árið 1979	kr.	110 340	kr. 571 979
			kr. 571 979

Samgönguráðuneytið, 23. apríl 1980.

Brynjólfur Ingólfsson.

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1979.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1979.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	kr. 58 907
	kr. 58 907

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld	kr. 58 907
	kr. 58 907

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1979.

Eignir:

Bankainnstæður	kr. 308 908
	kr. 308 908

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:		
Hrein eign pr. 1. jan. 1979	kr. 250 001	
Hreinar tekjur árið 1979	kr. 58 907	kr. 308 908
		kr. 308 908

Samgönguráðuneytið, 23. apríl 1980.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 304.

REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs.

Frá 1/1 1979 til 31/12 1979

Eignir:

Spariskírteini ríkissjóðs	kr. 352 288 000
Innstæða á hlr. 40091 í Seðlabanka Íslands	— 224 215 350
	kr. 576 503 350

Skuldir:

Ógreiddir styrkir: frá 1978		kr. 2 060 000
Ógreiddir styrkir frá 1979		— 16 250 000
Höfuðstóll hinn 31/12 1978	kr. 444 340 778	
Tekjur umfram gjöld	— 113 852 572	
		— 558 193 350
		kr. 576 503 350

Tekjur:

Vextir af hlr. 40091	kr. 70 206 834
Verðhækkun spariskírteina	— 130 568 000
	kr. 200 774 834

Gjöld:

Styrkveitingar	kr. 86 474 302
Ýmiss kostnaður	— 447 960
Tekjur umfram gjöld	— 113 852 572
	kr. 200 774 834

Reikningsskil þessi hafa verið endurskoðuð og ekkert fundist athugavert.

RÍKISENDURSKOÐUNIN,
Reykjavík, 10. mars 1980.
Guðm. Magnússon.

STJÓRN ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐS:
Björn Bjarnason. Jóhannes Nordal. Eysteinn Jónsson.
Gísli Jónsson. Árni Björnsson.

Nr. 305.

REIKNINGUR

Iðnlánasjóðs.

Rekstursreikningur árið 1979

Gjöld:

Vaxtagjöld	kr. 192 477 935	
Vísitöluálag	kr. 203 807 910	
Lántökugjöld	— 35 129 857	
		kr. 431 415 702
Reksturskostnaður		kr. 74 651 616
Framlag til hagrannsókna		— 42 625 000
Afskrifað gengistap		— 17 483 103
Afskriftir af húsbúnaði		— 102 000
Tekjuafgangur		— 1 255 208 446
		kr. 1 821 485 867

Tekjur:

Vaxtatekjur	kr. 702 270 203	
Vísitöluálag	— 256 005 324	
Lántökugjöld	— 50 387 850	
		kr. 1 008 663 377
Innborgað iðnlánasjóðsgjald		— 523 000 000
Fjárveiting ríkissjóðs		— 270 000 000
Innborgað framleiðslugjald af áli		— 19 822 490
		kr. 1 821 485 867

Efnahagsreikningur 31. desember 1979.

Eignir:

Vélalán 1. janúar 1979	kr.	2 119 915 505	
+ Útlán 1979	—	1 654 999 529	
	kr.	3 774 915 034	
÷ Afborganir 1979	—	427 628 308	
			kr. 3 347 286 726
Byggingalán 1. janúar 1979	kr.	2 249 996 176	
+ Útlán 1979	—	1 595 025 000	
	kr.	3 845 021 176	
÷ Afborganir 1979	—	149 817 837	
			kr. 3 695 203 339
Lausaskuldalán 1. janúar 1979	kr.	1 059 027	
÷ Afborganir 1979	—	860 920	
			kr. 198 107
Hagræðingarlán 1. janúar 1979	kr.	1 286 606	
÷ Afborganir 1979	—	961 352	
			kr. 352 254
Verðbréf			kr. 10 342 655
Stofnfé Útflutningslánasjóðs			— 165 000 000
Hlutabréfaeign í Fjárfestingarfélagi Íslands			— 14 000 000
Innistæða á viðskiptareikningum			— 239 807 824
Áhöld og húsbúnaður			— 105 500
Gengismunur 1. janúar 1979	kr.	73 760 887	
Gengistap 1979	—	13 654 626	
	kr.	87 415 513	
÷ Afskrifað nú	—	17 483 103	
			kr. 69 932 410
			kr. 7 542 201 815

Skuldir:

Framkvæmdasjóður Íslands			kr. 2 622 649 499
Iðnþróunarsjóður			— 73 311 870*
Bankalán			— 3 600 001
Lífeyrissjóðir			— 606 361 384
Sérskuldabréfalán:			
v/ lausaskuldalána	kr.	202 225	
v/ hagræðingalána	—	20 000	
			kr. 222 225
Óútborgað af veittum lánum			— 7 416 248
Þinglestur og stimpilgjöld			— 92 300

* Skuld við Iðnþróunarsjóð hefur verið færð til skráðs gengis á Bandaríkjadollar 31. desember 1979. Gengistap, sem myndast, er afskrifað um ⅕, með hliðsjón af því, að útlánsvextir sjóðsins voru hækkaðir um ½% árið 1970 til að vega upp á móti hugsanlegu gengistapi vegna þessara lána.

Stofnsjóður 1. janúar 1979	kr. 2 966 339 842	
+ fengin jöfnunarhlutabréf í Fjárfestingarfélagi Íslands hf.	— 7 000 000	
	— 7 000 000	
+ tekjuafgangur 1979	— 1 255 208 446	
		kr. 4 228 548 288
		kr. 7 542 201 815

Veiðarfæradeild árið 1980.

Rekstursreikningur 1979.

Gjöld:

Vaxtagjöld	kr.	650 700
Tekjuafgangur	—	14 658 301
	kr.	15 309 001

Tekjur:

Vaxtatekjur	kr. 10 766 901	
Vísitöluálag	— 4 542 100	
	kr.	15 309 001
Verðjöfnunargjald af veiðarfærum		
	kr.	15 309 001

Efnahagsreikningur 31. desember 1979.

Eignir:

Veiðarfæralán 1. janúar 1979	kr. 95 310 564	
÷ Afborganir 1979	— 11 010 398	
	kr.	84 300 166
Innistæða	—	38 974 519
	kr.	123 274 685

Skuldir:

	kr.	121 274 684
Framkvæmdasjóður Íslands	—	2 000 001
Sérsjóður 1. janúar 1979	— 106 616 383	
+ tekjuafgangur 1979	— 14 658 301	
	kr.	121 274 684
	kr.	123 274 685

Reykjavík, 6. mars 1980.

IÐNLÁNASJÓÐUR

Framkvæmdastjórnin

Bragi Hannesson. *Pétur Sæmundsen.*

Við undirritaðir endurskoðendur Iðnlánasjóðs og Veiðarfæradeildar Iðnlánasjóðs höfum yfirfarið reikninga sjóðsins ásamt fylgiskjölum, borið saman við bækur

sjóðsins, svo og athugað bækur sjóðsins, útlán, verðbréf og bankainnistæður og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 6. mars 1980.

Atli Freyr Guðmundsson. *Jafet S. Ólafsson.*

Með tilvísun til yfirlýsingar endurskoðenda Iðnlánasjóðs, samþykkir stjórn reikningana.

Reykjavík, 14. mars 1980.

Gunnar S. Björnsson. **Ingi R. Helgason.** **Valur Valsson.**

Nr. 306. 25. apríl 1980.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Skógræktarsjóð Theódórs Johnson", útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „Skógræktarsjóð Theódórs Johnson".

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Skógræktarsjóður Theódórs Johnson". Hann er eign Skógræktar ríkisins.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skógræktarstjóri ríkisins, formaður, forstöðumaður rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins og skógarvörðurinn að Hallormsstað.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins eru þær eignir, sem ánafnaðar voru af Theódór Johnson, hótelstjóra, Reykjavík, með erfðaskrá hans dags. 25. mars 1965. Samkvæmt yfirliti, sem er fylgiskjal með skipulagsskrá þessari, nema þær kr. 22 537 515.

4. gr.

Stjórn sjóðsins annast um vörslu hans og ávöxtun.

Árlega skal leggja ⅓ hluta árstekna sjóðsins við höfuðstól hans og höfuðstólinn má aldrei skerða.

5. gr.

Þeim tekjum, sem ekki skal leggja við höfuðstól skv. 4. gr., skal varið til að koma upp og reka trjásafn, „arboretum", að Hallormsstað.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður árlega fjárveitingar úr sjóðnum og skal það gert á afmælisdegi Theódórs Johnson, 22. janúar.

7. gr.

Gera skal reikninga sjóðsins ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir og birtir eftir þeim reglum, sem gilda um opinbera sjóði.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Theódórs Johnson", útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „Minningarsjóð Theódórs Johnson.".

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Theódórs Johnson". Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og er varsla sjóðsins og ávöxtun í höndum hans.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru eignir þær, sem ánafnaðar voru af Theódór Johnson, hótelstjóra, Reykjavík, með erfðaskrá hans dags. 25. mars 1965. Samkvæmt yfirliti, sem er fylgiskjal með skipulagsskrá þessari nema þær kr. 22 537 515.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða og árlega skal leggja við hann ⅓ hluta af árstekjum sjóðsins.

4. gr.

Þeim tekjum, sem ekki skal leggja við höfuðstól skv. 3. gr., skal varið til að styrkja efnilega en efnalitla stúdenta, einn eða fleiri, til náms við Háskóla Íslands eða til framhaldsnáms erlendis að loknu námi við Háskóla Íslands. Heimilt er að úthluta í einu lagi tekjum fleiri ára. Auglýsa skal eftir umsóknum úr sjóðnum og skal úthlutun fara fram á afmælisdegi Theódórs Johnson, 22. janúar.

5. gr.

Gera skal reikninga sjóðsins ár hvert og skulu niðurstöður þeirra birtast í árbók Háskólans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir með sama hætti og reikningar annarra háskólasjóða.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún síðan prentuð í B-deild Stjórnartíðinda og Árbók Háskólans.

Nr. 308.

REIKNINGUR

yfir eignir dánarbús Theódórs Johnson.

1. Húseignin Bergstaðastræti 50A Reykjavík			
fm. húss	kr. 33 788 000		
fm. lóðar	— 5 407 000		
		kr.	39 195 000
2. Hlutabréf:			
a. Eimskipafélag Íslands	kr. 159 000		
b. Flugleiðir	— 118 400		
		kr.	277 400
3. Skuldabréf:			
a. Magnús Sigurjónsson	kr. 1 750 000		
b. Torfi Ásgeirsson	— 800 000		
		kr.	2 550 000

4. Spariskírteini:			
a. 1. fl. 1970	kr.	75 000	
b. 2. fl. 1976	—	3 000 000	
c. 2. fl. 1977	—	900 000	
d. 1. fl. 1978	—	500 000	
			kr. 4 475 000
5. Inneign á Málflutningsskrifstofu Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar			kr. 950 000
Eignir samtals			kr. 47 447 400
Áætlaður erfðafjárskattur			kr. 2 372 370
			kr. 45 075 030
Minningarsjóður Theódórs Johnson			kr. 22 537 515
Skógræktarsjóður Theódórs Johnson			kr. 22 537 515
			kr. 45 075 030

Nr. 309. 13. maí 1980.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningar- og menntunarsjóðs Fósturskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. maí 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningar- og menntunarsjóðs Fósturskóla Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningar- og menntunarsjóður Fósturskóla Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 16. maí 1970 til minningar um Aðalheiði Aðalsteinsdóttur fóstru er lést 6. október 1961. Hún var fædd 30. október 1937. Stofnendur sjóðsins eru skólasystur Aðalheiðar brautskráðar frá Fóstruskóla Sumargjafar 1960.

Stofnframlag er 13 000.00 krónur lagt fram af skólasystrum Aðalheiðar 1970.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a) Stofnframlag að fjárhæð kr. 13 000.00.
b) Frjáls framlög s. s. minningargjafir.
c) Vextir af höfuðstól, eins og hann er hverju sinni.

4. gr.

Sjóðinn má ávaxta:

a) Í almennri bankabók eða vaxtaaukabók.
b) Með kaupum á ríkistryggðum ríkisskuldabréfum.
c) Með vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum.
d) Eða á annan jafnöruggan og ábatasaman hátt.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, einn tilnefndur af stofnendum sjóðsins, annar af Fósturskóla Íslands og hinn þriðji af stjórn Fóstrufélags Íslands. Heimilt er að nefna varamenn. Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn, og halda fundi a. m. k. tvisvar á ári. Stjórnin tekur til starfa 1. júní 1980. Formaður sjóðsstjórnar er fulltrúi stofnenda. Stjórnin ákveður úthlutanir úr sjóðnum (með eða án umsókna).

6. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita úr sjóðnum allt að helmingi tekna hans í hvert sinn. Óheimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins sem er stofnframlag hans frá 1970 kr. 13 000.00 auk gjafar frá 1971 kr. 10 000.00, sem hvort tveggja er bundið í verðtryggðum ríkisskuldabréfum.

Skólastjóri Fósturskóla Íslands annast varðveislu sjóðsins, ávöxtun og reikningshald í samráði við stjórn sjóðsins.

Stjórnin heldur gerðabók.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera að tillögur um þær séu bornar fram af sjóðsstjórninni og samþykktar af stofnendum sjóðsins.

27. júní 1980. Nr. 310.

REGLUGERÐ

um sjómannafrádrátt.

1. gr.

Maður, lögskráður á íslenskt skip, má draga frá tekjum sínum sjómannafrádrátt, 2 700 kr., fyrir hvern dag sem hann telst stunda sjómannsstörf. Sama gildir um hlutaráðinn sjómann og hlutaráðinn landmann, þ. e. beitingamann á línubát, enda þótt hann sé ekki lögskráður. Starfsmaður hjá hafrannsóknastofnun og maður sem ráðinn er af hinu opinbera til að hafa eftirlit með fiskveiðum skulu einnig njóta þessa frádráttar fyrir hvern dag sem þeir eru á sjó.

2. gr.

Dagafjölda skv. 1. gr. skal ákvarða sem hér segir:

1. Hjá sjómanni á fiskiskipi, þ. m. t. sel- og hvalveiðiskipi, skal miða við þá daga sem hann er lögskráður á skipið að viðbættum þeim dögum þegar hann þiggur laun eða aflahlut sem sjómaður, t. d. þá er skip liggur í höfn vegna tímabundinna tafa frá veiðum vegna viðgerða eða þegar skipt er um veiðarfæri, enda sé hann háður ráðningarsamningi og á launum sem sjómaður við útgerðina á því tímabili. Sama á við þá daga sem sjómaður fær greiðslur fyrir hjá útgerðinni þegar hann er í orlofi eða veikur. Frídagar án launa teljast ekki með í þessu sambandi.

2. Maður sem stundar fiskveiðar á bát undir 12 tonnum skal fá sjómannafrádrátt sem svarar til þeirra daga sem hann nýtur greiðslu fæðispeninga frá áhafnadeild Aflatryggingasjóð. Stundi maður fiskveiðar en fái ekki fæðisgreiðslur frá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs skal hann njóta sjómannafrádráttar fyrir hvern úthaldsdag.
3. Aðrir sjómenn, t. d. í áhöfn farmskipa, farþegaskipa og varðskipa, skulu fá sjómannafrádrátt fyrir þá daga þegar þeir eru lögskráðir að viðbættum þeim dögum sem þeir halda launum sem sjómenn, t. d. í launuðu orlofi, veikindum og ef skip er í slipp vegna viðgerða.
4. Hlutaráðnir landmenn, þ. e. beitingamenn á línubát, skulu fá sjómannafrádrátt sem svarar til þeirra daga sem þeir njóta greiðslu fæðispeninga frá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs. Frádráttur þessi tekur ekki til manna sem starfa í ákvæðisvinnu við beitingu. Þeim sem starfa við landvinnu hjá útgerðinni, t. d. netavinnu, skal ekki heimill sjómannafrádráttur enda þótt um launakjör þeirra fari að öllu eða einhverju leyti eftir afkomu útgerðar eða aflahlutum skipverja.

3. gr.

Nú fer sjómaður, sem lögskráður var, fram á að fá sjómannafrádrátt sem svarar til lengri tíma en þeirra daga sem hann var lögskráður og skal hann þá gera sérstaka grein fyrir þeirri kröfu sinni með framlagningu gagna þar um með skattframtali sínu. Greinargerð skulu fylgja gögn sem varða vinnutímabil viðkomandi sjómanns, svo sem uppgjör útgerðarinnar. Ef um tímabundna afskráningu vegna legu skips til viðgerðar er að ræða eða ef maður er afskráður vegna veikinda eða orlofs en heldur launum eða aflahlut sem sjómaður á þeim tíma, skal staðfesta dagafjölda með fullnægjandi gögnum ef viðkomandi maður óskar sjómannafrádráttar umfram lögskráningartímann. Sjómenn, sem ekki voru lögskráðir, skulu gera rökstudda grein fyrir kröfu sinni um sjómannafrádrátt með því að leggja fram gögn um þá daga sem þeir nutu greiðslu fæðispeninga frá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs. Njóti þeir ekki slíkra fæðisgreiðslna skulu þeir leggja fram fullnægjandi gögn um úthaldsdaga og róðrafjölda.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 1. tl. C-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. d-lið 14. gr. laga nr. 7/1980, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu skatta árið 1980 vegna tekna ársins 1979.

Fjármálaráðuneytið, 27. júní 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 32 — 1980

26. júní 1980. 497 Nr. 310 A.

REGLUGERÐ
um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 28. júní 1980 nema kr. 99.84 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 28. júní 1980. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eigenda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 191/1980 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 28. júní 1980 skal greiða kr. 8.48 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur til umráða yfir 300 lítrum af bensíni eða meira þann 28. júní 1980 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 28. júní 1980.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 191/1980 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið 26. júní 1980.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348/1979 skv. lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Innheimta skal við tollafgreiðslu sérstakt gjald af innfluttu kjarnfóðri.

Gjaldið skal vera 200% af innkaupsverði hinnar gjaldskyldu vöru. Innkaupsverð telst vera cif-verð vörunnar (tollverð) kominnar á innflutningshöfn.

Gjaldið skal lagt á fullunnar fóðurblöndur og hráefni í fóðurblöndur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer:

10-01-10	10-07-10	úr 11-02-29	23-03-00	23-04-60
10-01-20	10-07-20	blandað hænsnakorn	23-04-10	23-04-70
10-02-00	10-07-30	17-03-01	23-04-20	23-04-80
10-03-00	11-01-21	23-02-10	23-04-30	23-04-90
10-04-00	11-01-22	23-02-20	23-04-40	23-06-00
10-05-00	11-02-21	23-02-30	23-04-50	23-07-00

Undanskilin gjaldtöku eru fóðursölt, snefilefni, herðir, bætiefni, steinefnablöndur og gæludýrafóður í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna.

Endurgreiða skal gjald, sem tekið hefur verið af fóðri, sem fer til loðdýraræktar og fiskeldis, og korni, sem ekki er notað sem skepnufóður, en flokkast skv. fyrrnefndum tollskrárnúmerum skv. reglum, sem framleiðsluráð setur.

Heimilt er að endurgreiða framleiðendum gjaldið að hluta eftir reglum, sem framleiðsluráð ákveður. Í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða mismunandi endurgreiðslu eftir innlögðum afurðum, eftir bústærð, eftir landshlutum og eftir bústærð í einstökum landshlutum. Endurgreiðslan skal þó að jafnaði innan þeirra marka, að niðurgreiðslur erlendis hafi ekki áhrif á söluverð á kjarnfóðri innanlands.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri, innheimta gjaldið við innflutning.

Innflytjendum skal veittur allt að þriggja mánaða gjaldfrestur á greiðslu gjaldsins, óski þeir þess, gegn útgáfu skuldarviðurkenningar og sjálfskuldarábyrgðar banka. Ef sérstakir erfiðleikar steðja að, t. d. vegna náttúruhamfara, getur framleiðsluráðið ákveðið að veita lengri gjaldfrest.

Að því leyti, sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari varðandi völuflokkun, innheimtu o. fl., skulu gilda, eftir því sem við getur átt, ákvæði laga nr. 120/1966 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Þeir aðilar, sem versla með kjarnfóður í smásölu, skulu mánaðarlega senda skýrslu til framleiðsluráðs um kjarnfóðurkaup og sölu hvers mánaðar.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Gjald samkvæmt 3. gr. tekur einnig til birgða kjarnfóðurs, sem til er hjá innflytjendum og smásöluaðilum þann 24. júní 1980. Aðilar þessir skulu innan 10 daga gera innheimtumanni skil á gjaldinu ásamt yfirliti um útreikning þess og eru skyldir til að aðstoða við könnun birgða, óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar. Skal þeim gefinn kostur á sömu greiðslukjörum og innflytjendum skv. ákv. 7. mgr. 3. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera skil á innheimtu kjarnfóðursgjalds sam-

kvæmt reglugerð þessari, eftir fyrirmælum þeim, sem fjármálaráðuneytið hefur sett um skil innflutningsgjalda sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975.

Þeir, sem framleiða fóðurmjöl innanlands, skulu senda framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu á þeirri framleiðslu innanlands. Skal þar tilgreint hverjir hafa keypt vöruna, heildarsölumagn til hvers kaupanda og einingarverð.

Fulltrúafundur Stéttarsambands bænda skal árlega taka ákvörðun um gjald á innflutt kjarnfóður.

Framleiðsluráð skal leita staðfestingar landbúnaðarráðherra á ákvörðunum þessum.

3. gr.

Landbúnaðarráðuneytið sker úr, verði ágreiningur um gjaldskyldu og framkvæmd reglugerðarinnar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 15 18. apríl 1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o.fl., sbr. lög nr. 63 23. júní 1980 um breytingu þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. júní 1980.

Pálmi Jónsson.

Guðmundur Sigþórsson.

Stjórnartíðindi B 32, nr. 310 A—311. Útgáfudagur 27. júní 1980.

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 — 1980

Nr. 312. 500 10. júní 1980.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I Raforka.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

I. Lýsing o. fl.

1.1 Til almennrar lýsingar, svo og til götulýsingar.
Orkugjald 48.70 kr/kWh.

1.2 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald 60.90 kr/kWh.

2. Heimili o. fl.

2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.
Orkugjald 43.50 kr/kWh.

3. Vélar o. fl.

3.1 Til vélanotkunar.
Orkugjald 48.70 kr/kWh.

3.2 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Orkugjald 15.20 kr/kWh.
Aflgjald 42.032 kr/kW. á ári.

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald 22.20 kr/kWh.

4.2 Til húshitunar, roftími 2x1½ klst. á dag.
Orkugjald 8.37 kr/kWh.

4.3 Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til.
Orkugjald 5.05 kr/kWh.

4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.
Orkugjald 9.44 kr/kWh.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert kW. uppsetts afls hitunartækja.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	3 354
Orkumælir, þrífasa	8 418
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	14 466
Aflmælir	13 614
Aflmælir með straumspennum	21 804

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A) málraun (KVA)	Heimtaugargjald kr.	Yfirlengdargjald Jarðstrengur kr./m	Yfirlengdargjald Loftlína kr./stólpa
63 A 1-fasa	217 190	7 120	80 350
63 A 3-fasa	234 960	7 120	99 500
100 A 3-fasa	279 470	8 010	127 290
200 A 3-fasa	445 440	10 940	
315 A 3-fasa	938 880	13 060	
300 KVA 3-fasa	1 314 420	Samkv. kostn.	
500 KVA 3-fasa	2 177 840		
800 KVA 3-fasa	3 486 100		

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaug fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt sem hér segir:

63 A 1-fasa ..... kr. 47 860 63 A 3-fasa ..... kr. 64 870

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn um heimtaug.

IV. Ýmis ákvæði.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 970.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 10. maí 1980, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 231/1980 um hækkun smásöluverðs raforku. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 128, 6. febr. 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 10. júní 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 313. 10. júní 1980.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Götu- og útilýsing. Af uppsettu afli 229 878 kr/kWa, stjórnast af ljósnema- og fjarstýritækjum rafveitunnar. Notandi greiði að auki stofnkostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
2. 51.65 kr/kWh. Séu lampar ófasviksjafnaðir er heimilt að hækka orkugjald um 15%. Sjá lið 3.5.

B. Heimilisnotkun.

1. 43.01 kr/kWh, til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

C. Vélar.

1. 51.65 kr/kWh, til véla.
2. 10.28 kr/kWh, og 41 137 kr/kWa, til véla og fyrir iðnaðarhita, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksaflnotkun 30 kW.
3. 77.43 kr/kWh, til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og við breytingar á eldri mannvirkjum.
4. 43.01 kr/kWh, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum, á kæliklefa og kæliborð í matvöruverslunum og til súgþurrkunar á heyi.

D. Hitun.

1. 16.64 kr/kWh, til húshitunar.
2. 25.62 kr/kWh, til iðnaðar og landtengingar við skip.
3. 7.70 kr/kWh, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
4. 13.71 kr/kWh, til iðnaðar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
5. 4.02 kr/kWh, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. 7.14 kr/kWh, til iðnaðar. Rjúfa má strauminn frá kl. 08:00—24:00.
7. 13.88 kr/kWh, til hitunar á bílgeymslum og þeim stöðum, þar sem hitunar er aðallega þörf að vetri til. Rjúfa má strauminn í allt að 5 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
8. 19.74 kr/kWh, til notkunar fyrir leirbrennsluofna. Rjúfa má strauminn á tímabilunum kl. 10.30—12.30 og kl. 17.00—20.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan rofstíma.
c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.

E. Stórnotkun.

1. Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksaflnotkun minnst 200 kW. 7.59 kr/kWh og 67 997 kr/kWh, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. MÆLALEIGA.

1. Af einfasa mælum kr. 402.00 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum til og með 80 A kr. 1 108.00 á mánuði.
3. Af þrífasa mælum yfir 80 A kr. 1 632.00 á mánuði.
4. Af mestumælum kr. 4 095 á mánuði.
5. Móttökuliði kr. 889.00 á mánuði.
6. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

2.1 Aðalheimtaug.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Lágmark kr.	Jarðstrengur lengdargjald kr.	Loftlínuheimtaug breytt í jarðstrengsheimtaug kr.	Einfasaheimtaug 63 A aukin í 3x63 A kr.
	220 V kerfi			
63 A 1-fasa	241 700	0	77 000	
63 A 3-fasa	271 500	0	96 000	49 000
100 A 3-fasa	189 700	9 105	121 300	
125 A 3-fasa	232 400	10 186	148 500	
200 A 3-fasa	362 600	13 813	231 800	
300 A 3-fasa	523 500	16 803		
	380 V kerfi			
63 A 1-fasa	241 700	0	77 000	
63 A 3-fasa	324 700	0	133 100	97 900
100 A 3-fasa	321 000	9 105	205 300	
125 A 3-fasa	401 800	10 186	257 000	
200 A 3-fasa	628 400	13 813	401 800	
300 A 3-fasa	907 700	16 803		

2.2 Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m skal greitt eins og taflan sýnir.

2.3 Fyrir heimaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi 4 582 kr. á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 400 A, 500 A og 630 A. Lengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

2.4 Lengdargjald er innifalið í lágmarksgjaldi heimtauga af stærðinni 63 A einfasa og þrífasa.

2.5 Lengd heimtaugar að stærð 100 A, 125 A og 200 A, í 220 V kerfi og heimtaugar 100 A og 125 A í 380 V kerfi reiknast frá tengistað í húsi stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja heimtaug af þessum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá tengistað í húsi að loftlínustólpa. Þveri jarðstrengur akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

2.6 Lengd heimtaugar frá og með 300 A, 220 V og 200 A, 380 V, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Lengdargjöld reiknast ekki af vegarlengd, sem umfram 100 m frá tengistað í húsi. Lengdargjald reiknast sem um jarðstreng væri að ræða, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.

2.7 Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta, er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauganna.

2.8 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.9 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvortveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.

2.10 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3x220 V notendakerfi er breytt í 3x380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

2.11 **Bráðabirgðaheimtaugar.**
Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Stofngjald kr.	Lengdargjald Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./stólpa
63 A 1-fasa	45 600	6 790	85 900
63 A 3-fasa	63 900	6 790	100 100
100 A 3-fasa	67 800	8 760	114 500

2.12 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu innan lóðamarka og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

2.20 **Varðandi aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.**

2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

2.22 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald 8 000 kr. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greitt gjald eftir kostnaði.

III. ÝMIS ÁKVÆÐI.

3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 6 500. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 6 500 og sett viðeigandi vör.

3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka tvöfalt gjald.

3.4 Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0.9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.

3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðatengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 48% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1979 hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 4/5 af þeirri breytingu.

3.7 Sölugjald 23.5% og 19% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42.5% eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema á töxtunum D1, D3, D5 og D7.

3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 10. maí. 1980 sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 231/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 65 28. janúar 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 10. júní 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 314. 10. júní 1980.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

Gildir frá 10. maí 1980.

I. RAFORKA.

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Taxti A—1.	Orka til almennrar lýsingar ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	kr. 95.25 á kwst.
A—2.	Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kW).	— 127 390 árskw.
Taxti B—1.	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana	— 43.73 á kwst.
	Lágmarksgjald ..... Leiga af mælum ekki tekin.	— 650.00 á mán.
Taxti C—1.	Orka til véla og mannvirkjagerða ..... Mælaleiga samkv. kafla II.	— 95.25 á kwst.
C—2.	Orka samkv. 15. mín. meðalaflsmælingu + aflgjald (lágmark 20 kW.) ..... Mælaleiga samkv. kafla II. Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málraun véla.	— 14.20 á kwst. — 57 581 árskw.

Hitun.

Taxti D—1.	Orka til húshitunar, roftími 2x1.5 klst. á dag án söluskatts. Mælaleiga samkv. kafla II.	—	10.18 á kwst.
D—2.	Önnur hitanotkun, roftími 2x1.5 klst. á dag Mælaleiga samkv. kafla II.	—	14.50 á kwst.
D—3.	Orka til næturhitunar, eða hliðstæðra nota, roftími allt að 13 klst. á sólarhring Mælaleiga samkv. kafla II.	—	11.24 á kwst.

Um framangreinda hitagjaldsskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6000 kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. reglum, sem gilda um mæla.
c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minna ..... kr. 214.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 amp,. og minna ..... kr. 360.00 á mán.
3. Af þrífasa mælum 50—100 amp. ..... kr. 502.00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 15 m. skal greitt yfirlengdargjald eins og aflan sýnir:

Málstraumur stofnvara:	Lágmark kr.	Jarðstrengur Yfirlengd kr./m
63 A 1-fasa	215 900.00	6 925.00
63 A 3-fasa	256 200.00	6 925.00
100 A 3-fasa	333 400.00	9 458.00
125 A 3-fasa	417 100.00	10 571.00
200 A 3-fasa	652 100.00	14 343.00
300 A 3-fasa	942 100.00	25 960.00

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðist skv. kostnaði.

Á loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m. frá varkassa. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58/1967.

Önnur ákvæði.

Um önnur ákvæði gildir reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins. Hvorki verðjöfnunargjald né söluskattur eru innifalin í verðinu.

III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugargjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.

2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 **Heimtaug.**

Varstærð Amp.		Stofngjald kr.	Gjald af yfirlengd[1]) Jarðstrengur kr/m
63	1-fasa	339 000	10 267
63	3-fasa	366 000	10 267
100	3-fasa	581 000	12 824
200	3-fasa	1 160 000	14 935
315	3-fasa	1 826 000	18 810
400	3-fasa	2 319 000	Samkv. kostn.
710	kVA spst.	4 117 000	—
1200	kVA spst.	6 958 000	—

Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.2) 82 000.00

[1]) Yfirlengdargjald reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð og loftlínuheimtaug sem er lengri en 50 m, nema annars sé getið.

2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.

2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.
Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1 Grunngjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 49 000.00.

3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

3.3 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínustaur í kerfi Rafmagnsveitnanna, skal greiða eins og 2.1 segir til um miðað við 63 Amp. stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna hverju sinni.

IV. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM.

1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirri sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimaugargjaldsins hafi verið fullnægt.

2. Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera kr. 375 940.00 á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald, skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 31 397 000.00 matsverði og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 31 397 000.00

enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverja 375 940.00 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Framangreint grunngjald kr. 375 940.00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 398 stig. Grunngjald breytist í sama hlufalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húss býlisins verði 17 268 000.00 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugagjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 10. maí 1980, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 231/1980 og birtist til efirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 93 28. janúar 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 10. júní 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

13. júní 1980. Nr. 326.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980:

Vélskelflett rækja: **Færri en 350 stk. í lb.:**	U.S. $ pr. lb. Cif.
Blokkfryst	3.64
5x2 kg og 4x2.5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3.64
5x2 kg og 4x2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3.83
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	4.24
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	4.44

Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:

Blokkfryst	3.47
5x2 kg og 4x2.5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3.47
5x2 kg og 4x2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3.65
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	4.04
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	4.23

Verðbil verða 4%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. júní 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 327. 18. júní 1980.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980:

Óverkaður saltfiskur:	U. S. $ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1	2 900
Millifiskur nr. 1	2 700
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2 300
Smáfiskur 60/100 nr. 1	2 200

Verðbil verður 3.5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 40% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 40% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. júní 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980:

Söltuð ufsaflök:	U.S. $ pr. kg Cif.
16/20 FF	3.03
16/20 AB	2.57
21/25 FF	2.93
21/25 AB	2.48
26/30 FF	2.82
26/30 AB	2.39
31/35 FF	2.71
31/35 AB	2.30
36/40 FF	2.61
36/40 AB	2.21
41/45 FF	2.50
41/45 AB	2.10
46/50 FF	2.39

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu án verðbils.
Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. júní 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

18. júní 1980. Nr. 329.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á frystum hörpudiski fyrir framleiðsluímabilið frá 1. júní til 30. september 1980:

	U.S. $ pr. lb. Cif.
Lausfrystur hörpudiskur	2.85
Blokkfrystur hörpudiskur	2.65
Rauður hörpudiskur	1.55

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. júní 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 330. 18. júní 1980.

GJALDSKRÁ

yfir efna- og gerlarannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjöld fyrir almennar efna- og gerlarannsóknir, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

Efnagreiningar.

Fiskmjöl.		
Vatn	kr.	2 000
Salt	—	2 500
Prótein (Kjeldahl)	—	5 000
Fita (Soxhlet)	—	3 500
Aska	—	2 500
Ammoníak	—	2 500
Sandur	—	2 500
Kalcium	—	3 500
Fosfór	—	4 000
Meltanlegt prótein	—	8 000
Lysin, nýtanlegt	—	16 000
Natríum nítrít	—	4 500
DMNA gasgr.	—	10 000
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	—	4 000
Sýrustig pH	—	2 000
Útflutningssýni vottorð	—	2 500

Amínosýrur.		
a. Lýsin, histidin, ammoníak, arginin, asparaginsýra, threonin, serin, glutamínsýra, prolin, glysin, alanin, valin, isoleucin, leucin, tyrosin, phenylalanin	kr.	40 000
b. Methionin og cystin	—	20 000
Fullkomin aminosýrugreining	—	60 000

Lýsi.

Vítamín A, bein mæling	kr.	4 000
Vítamín A, með sápun	—	10 000
Óbundnar fitusýrur	—	2 500
Sýrutala	—	2 500
Joðtala	—	4 500
Sáputala	—	3 000
Eðlisþyngd (pyknometer)	—	2 500
Ósápanlegt	—	7 000
Peroxydtala	—	4 000
Litarmæling (Lovibond)	—	2 500
Vatnsmæling m. toluol	—	3 000
Vatn og óhrein. (skilv. aðferð)	—	2 500
Ljósbrot	—	2 500
Natríumsápa	—	3 500
Útflutningssýni vottorð	—	2 500

Salt.

Klorid (titer)	kr	2 500
Kalcíum	—	3 500
Magníum	—	3 500
Súlfat	—	3 500
Óleysanlegt í vatni	—	3 500
Raki og bundið vatn	—	3 000
Járn	—	3 500
Kopar	—	4 000

Síld.

1. Undirbúningsvinna,
   a. Síld lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slógdregin, flökuð og hökkuð ..... kr. 6 500
   b. Sama og í a. nema síldin ekki flökuð ..... — 5 000
   c. Síld vigtuð, flökuð og hökkuð ..... — 4 000
   d. Síld lengdarmæld, vigtuð og hökkuð ..... — 2 000

   Framangreind gjaldskrá gildir fyrir allt að 100 sílda sýni. Ef færri en 50 síldar eru í sýni greiðist ¾ gjalds.
2. Efnagreiningar samkvæmt framangreindri gjaldskrá.

Aðrar efnagreiningar.

Trimethylamin (TMA)	kr.	5 500
Alginsýra	—	8 000
Kvikasilfur í matvælum	—	6 500
Ákvörðun á málmum með atom absorption	—	6 500
Frítt klór í vatni	—	1 500
Skynmat (organoleptic test)	—	4 000
Rotvarnarefni með gasgreiningu	—	10 000
Skordýraeitur með gasgreiningu	—	25 000
Thiamin (B_1 vítamín)	—	12 000
Riboflavin (B_2 vítamín)	—	12 000

Niacin (B_6 vítamín)	kr.	12 000
Drip (hörpudiskur, rækja o. fl.)	—	4 000
Vigtun og talning á rækju o. fl.	—	2 500
Mæling á sykrum í síld o. fl.	—	4 000
Mæling á vítamín D_3 í lýsi	—	40 000

Smásjárrannsóknir.

Einföld rannsókn, án litunar	kr.	1 200
Einföld rannsókn, með litun	—	1 800—3 600
Talning í smásjá	—	3 400

Gerlarannsóknir.

Talning við ræktun, eins konar	kr.	2 200
Talning við ræktun, tvenns konar	—	3 600
Talning við ræktun, þrenns konar	—	4 200
Kólígerlar, MPN, forpróf	—	3 000
Kólígerlar, MPN, staðfestingarpróf	—	2 000
Escherichia coli (indol +) MPN	—	2 400
Staphylococcus aureus, forpróf	—	2 500
Staphylococcus aureus, staðfestingarpróf	—	2 500
Sulfit afoxandi clostridia	—	4 000
Clostridium perfringens, staðfestingarpróf	—	3 600
Salmonella forpróf	—	6 000
Salmonella staðfestingarpróf	—	3 200
Roðagerlar	—	3 600
Undirbúningur sýna (mölun, hökkun o. fl.)	—	1 200

Mjólkurrannsóknir.

Litprófun (reduktase)	kr.	1 200
Storchs-prófun	—	800
Fosfataseprófun I	—	1 200
Eðlisþyngd m/flotvog	—	800
Eðlisþyngd m/pyknometer	—	2 200
Feiti (Gerber) mjólk og rjómi	—	800
Feiti (Gerber) rjómaís	—	1 200
Sýrustig (titration)	—	1 400

Niðursuðuvörur.

Framleiðslusýni (vatn, salt, pH, vigt o. fl.)	kr.	4 200
Geymsluþol (pH, vigt, dós o. fl.)	—	1 500
Vottorð	—	1 800

2. gr.

a) Gjald fyrir efna- og gerlarannsóknir, sem ekki eru tilgreindar í þessari skrá ákveðst með hliðsjón af sambærilegum rannsóknum eða í samræmi við þann tíma og kostnað, sem slíkar rannsóknir krefjast.

b) Gjaldskrá sú, er að framan greinir, miðast við að rannsókn fari fram hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins án óeðlilega mikils undirbúnings á sýnum þeim sem rannsökuð eru.

3. gr.

Þegar sýnistaka á útfluttu mjöli eða lýsi er á vegum Framleiðslueftirlits sjávarafurða, greiðast kr. 4 000 fyrir hvert sýni auk launa fiskmatsmannsins, sem annast sýnistökuna.

Starfsmenn framleiðslueftirlits sjávarafurða annast þessar sýnistökur samkvæmt leiðbeiningum frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og með þeim tækjum, sem Rannsóknastofnunin lætur þeim í té.

4. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá yfir efna- og gerlarannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast nr. 224 frá 8. júní 1978.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. júní 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Ingimar Einarsson.

30. júní 1980. Nr. 331.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

1. gr.

Á eftir 10. gr. komi ný grein er verði 11. gr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. reglugerðarinnar getur stjórn Fiskveiðasjóðs ákveðið að miða verðtryggingu útlána við lánskjaravísitölu þá, er Seðlabankinn skráir, sbr. 39. gr. laga nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. Einnig er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða að lán til fiskvinnslu séu að fullu vísitölutryggð en lán til fiskiskipa verði að öllu leyti í reikningseiningum Fiskveiðasjóðs.

2. gr.

11. gr. reglugerðarinnar verði 12. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976 um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. júní 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Þórður Ásgeirsson.

ÁKVÆÐI

um eiginleika talstöðva í 27 MHz tíðnisviðinu.

Eftirfarandi ákvæði um eiginleika talstöðva í 27 MHz tíðnisviðinu, sem þær verða að hafa til þess að innflutningur þeirra og starfræksla verði heimiluð, eru sett í samræmi við reglur um starfrækslu almenningstalstöðva í 27 MHz tíðnisviðinu, útgefnar af samgönguráðuneytinu 19. desember 1979.

Í fyrrgreindum reglum er ákvæði um mesta leyfilega sendiafl almenningstalstöðva en það er 2.5 wött. Í þessum ákvæðum er nánar kveðið á um, hvernig mæla skal sendiafl og útgeislað afl. Jafnframt er hér að finna viðbótarákvæði um aðra eiginleika talstöðvanna, sem ýmist hafa áhrif á notkun stöðvanna eða á notendur annarrar fjarskiptaþjónustu.

1. Almenn ákvæði

1.1 Rásir

Í samræmi við fyrrgreindar reglur frá 19. desember 1979 eru rásir 27 MHz tíðnisviðsins þessar:

Rás nr.	Tíðni í MHz	Rás nr.	Tíðni í MHz
1	26.965	12	27.105
2	26.975	13	27.115
3	26.985	14	27.125
4	27.005	15	27.135
5	27.015	16	27.155
6	27.025	17	27.165
7	27.035	18	27.175
8	27.055	19	27.185
9	27.065	20	27.205
10	27.075	21	27.215
11	27.085	22	27.225

Bil milli rása er 10 kHz. Eyðurnar í listanum eru vegna rása, sem notaðar eru fyrir fjarstýringar.

Rásir 23—40 verða skipulagðar síðar með hliðsjón af notkunarþörf en á þessum rásum eru ýmis kallkerfi, sem ekki má trufla.

1.2 Mótun

Senda má með mótun

A3 (styrkmótað tal, tvíhliðarband, burðarbylgja með eðlilegum styrk)

F3 (tíðnimótað tal)

1.3 Loftnet

Mesta leyfilega mögnun loftnets er 3 desibel miðað við hálfbylgjudípól. Samkvæmt 4. grein reglnanna frá 19. desember 1979 eru stefnuvirk loftnet ekki leyfð, nema með sérstöku leyfi.

2. Tæknileg ákvæði

2.1 Umhverfishitastig við mælingar

Umhverfishitastig við mælingar skal vera milli 10 og 30°C og skulu talstöðvar standast öll tæknileg ákvæði á þessu hitastigssviði. Tíðniskekkju sendis skal þó mæla við mismunandi hitastig milli −20 og +40°C.

2.2 Vinnuspenna
Þegar stöðvar eru ætlaðar til tengingar við blýrafgeyma, skal spenna hverrar sellu teljast 2.2 volt.
Fyrir aðra spennugjafa er farið eftir upplýsingum framleiðanda spennugjafans. Við mælingar skal frávik frá réttri spennu ekki vera meira en 10%.

2.3 Tíðniskekkja
Mesta leyfilega tíðniskekkja sendis er ± 1.5 KHz.

2.4 Afl
Mesta leyfilegt afl mælt á útgangi sendis er 2.5 wött.
Í þeim talstöðvum þar sem loftnet er sambyggt við stöðina og ekki hægt að mæla sendiafl beint má nota aðra hvora eftirfarandi aðferða
a) mæla útgeislað afl, sem má mest vera 0.5 wött
b) mæla aflnotkun stöðvarinnar, sem má þá mest vera 10 wött, rakstraumsafl
Í öllum tilvikum er aflið mælt með sendinn ómótaðan. Við talmótun má þó ekki fara fram úr ofanskráðum gildum.

2.5 Afl í grannrás
Mesta leyfilega afl sent í grannrás er 10 míkrówött.

2.6 Sendiafl á aukatíðnum
Mesta leyfilega afl sent á tíðnum utan 27 MHz tíðnisviðsins er 0.25 míkrówatt á hverri aukatíðni.
Fyrir aukatíðnir, sem falla í hljóðvarps- og sjónvarpstíðnisviðin 41—68, 87.5—108, 174—223 og 470—862 MHz skal þó mesta afl á hverri tíðni vera 4 nanówött.

2.7 Útsending frá viðtæki
Mesta leyfilega afl, sem viðtæki talstöðvar má gefa frá sér út í loftnet eða með útgeislun er 2 nanówött.

2.8 Tíðniskerpa viðtækis
Tíðniskerpa viðtækis miðuð við grannrás á helst að vera a. m. k. 60 desibel miðað við innri spennu, sem er 1 míkróvolt með 50 ohma innra viðnám eða a. m. k. 50 desibel miðað við 1 míkróvolt á meter, þegar loftnet er sambyggt.
Bent er á að ekki verður gengið hart eftir því að þessu atriði sé fullnægt og fyrst um sinn mun tíðniskerpa aðeins mæld í talstöðvum með aðskildu loftneti.

3. Mæliaðferðir og skilgreiningar
Við mælingar verður að gera greinarmun á talstöðvum með aðgengilegum 50 ohma útgangi og þeim, sem eru útbúnar sambyggðu loftneti og hafa ekki slitanlega 50 ohma tengingu.
Í fyrra tilvikinu er hægt að setja mælitæki við talstöðina ýmist með beinni tengingu eða gegnum afldeili. Í seinna tilvikinu verður að nota samanburðaraðferðir og skiftir þá miklu máli að komið sé í veg fyrir áhrif frá umhverfinu og utanaðkomandi truflanir. Í grein 3.1 er lýsing á uppstillingu, sem talin er henta, þegar nota verður samanburðaraðferðina.

3.1 Mæliaðstaða
Mælingu skal gera á sæmilega sléttum fleti a. m. k. 5 metrar í þvermál. Á miðjum fletinum er komið fyrir stólpa, sem snúa má í hring og skal hæð hans vera slík að talstöðin, sem prófa á, sé í 1.5 m hæð yfir jörðu þegar hún er sett á stólpann. Stólpinn má ekki vera úr leiðandi efni.
Mæliloftneti er komið fyrir í fjarlægð frá talstöðinni, sem samsvarar a. m. k. hálfri bylgjulengd. Gera skal ráðstafanir til að endurkast frá nærliggjandi hlutum verði sem minnst.

3.1.1 Mæliloftnet
Mæliloftnetið, sem nefnt er í grein 3.1 er notað til að taka á móti útgeislun frá talstöðinni, sem er í prófun, og síðar frá samanburðarloftnetinu. Mæliloftnetið á að vera línulega pólað og skal vera nothæft í bæði láréttri og lóðréttri pólun. Uppsetning þess skal vera með þeim hætti, að miðja loftnet sé færanleg frá 1 upp í 4 m ofar jörðu. Best er að nota mjög stefnuvirkt mæliloftnet. Stærð loftnetsins í útgeislunarstefnunni ætti ekki að vera meiri en 20% af fjarlægðinni milli talstöðvar og mæliloftnets.
Mæliloftnetið tengist viðtæki, sem hægt er að stilla á hverja mælitíðni og sýnir hlutföll inngangsmerkja.

3.1.2 Samanburðarloftnet
Samanburðarloftnetið á að vera hálfbylgjudípóll miðað við mælitíðnina eða styttur dípóll kvarðaður í hlutfalli við hálfbylgjudípól. Miðja loftnetsins sé sett mitt í það pláss, sem talstöðin tók. Ef loftnet talstöðvarinnar er ekki innbyggt, skal samtenging þess við stöðina vera viðmiðunin.
Milli neðri brúnar dípóls og jarðar skulu vera minnst 0.3 m.
Samanburðarloftnetið tengist merkisgjafa, sem er kvarðaður við mælitíðnirnar.

3.1.3 Viðtæki fyrir aflmælingu
Viðtækið samanstendur af blandara, kristalsíu, breytilegum deyfilið, magnara og spennumæli, sem sýnir virk gildi, allt tengt í röð og að auki sveifluvaka. Í stað sveifluvaka má nota merkisgjafa.
Síubandbreiddir skulu vera:
6 desibel bandbreidd 8.5 kHz
26 — — 11.0 —
Bratti síunnar milli 26 og 90 desilbel svörunar skal vera a. m. k. 20 desibel/1.25 kHz.
Deyfiliðurinn þarf að vera stillanlegur í 1 desibel þrepum alls um 80 desibel. Skekkja í kvörðun hans má ekki vera meiri en ± 2 desibel.
Æskileg suðtala magnarans er 4 desibel eða minna og styrk/tíðni svörun hans skal ekki breytast um meira en 1 desibel í 6 desibel bandbreidd kristalsíunnar.
Spennumælirinn skal sýna virk gildi merkja, sem ekki eru endilega sínusformuð, þó að hlutfallið milli toppgildis og virks gildis sé allt að 20 desibel. Spennumælirinn þarf ekki að vera kvarðaður altækt.
Miðað skal að því að ónákvæmni í mælingu sé ekki meiri en 5 desibel jafnvel þó að inngangsmerki viðtækisins sé 90 desibel sterkara en minnsta mælanlega merki.
Suð í sveifluvakanum í hlutfalli við útgangsspennu hans skal ekki vera meira en — 80 desibel innan 8.5 kHz bandbreiddar.
Í stað þessa viðtækis má nota tíðnirófsgreini enda hafi hann samsvarandi eiginleika.

3.1.4 Mælitónn
Mælitónn skal vera sínusformaður og hafa tíðni 1250 Hz. Hann tengist annað hvort beint við tóninngang eða með hljóðtengslum við hljóðnemann.
Eðlilegur styrkur mælitóns leiðir til
a) mótunartölu 60% fyrir A3
b) tíðnifráviks ± 1.5 kHz fyrir F3

3.2 Tíðniskekkja

3.2.1 Skilgreining: Tíðniskekkja sendis er mæld tíðni sendisins að frádreginni uppgefinni tíðni.

3.2.2 Mæliaðferð: Sendirinn er ómótaður, þegar tíðnin er mæld. Í talstöðvum með fleiri en einni rás skal mæla lægstu og hæstu rás ásamt rás í miðju sviðinu. Mælinguna ber að framkvæma við mismunandi hitastig sbr. 2.1.

3.3 Afl

3.3.1 Sendiafl

3.3.1.1 Skilgreining: Sendiafl sendis með aðgengilegum útgangi er afl út í gerfiálag, sem er gert úr útgeislunarfríu viðnámi jafnstóru nafngildi útgangsviðnáms sendisins. Með afli er átt við meðalaflgildi ómótaðrar burðarbylgju.

3.3.1.2. Mæliaðferð: Sendirinn er tengdur við aflmæli og gerfiálag og aflið lesið af. Aflmælirinn getur einnig verið innbyggður í gerviálagið.

3.3.2 Útgeislað afl

3.3.2.1 Skilgreining: Í talstöðvum með sambyggðu loftneti annað hvort utan á stöðinni eða (að hluta til) inni í henni er hið virka útgeislaða afl það afl, sem mata þyrfti út í tapsfrían hálfbylgjudípól svo að sviðsstyrkur í aðalstefnu hans verði hinn sami og í aðalútgeislunarstefnu sendisins. Skilgreiningin á við um ómótaðan sendi.

3.3.2.2 Mæliaðferð: Talstöðin er sett á stólpa sbr. 3.1.
Sendar með innbyggðu loftneti eru settir á stólpann í sem næst sömu stöðu og þeir eru í við venjulega notkun. Ef loftnetið er utan á talstöðinni skal það haft í lóðréttri stöðu.
Öll mótun er tekin af sendinum og mæliviðtækið stillt á senditíðni talstöðvarinnar. Mæliloftnetið er lóðrétt pólað. Hæð þess er breytt í samræmi við 3.1.1 en talstöðinni snúið í hring svo að viðtækið fái mesta inngangsmerki. Bilið milli talstöðvar og mæliloftnets skal vera minnst hálf bylgjulengd.
Samanburðarloftnetið er nú sett í stað talstöðvarinnar sbr. 3.1.2 og útgeislun þess stillt uns sami aflestur fæst af mæliviðtækinu eins og frá talstöðinni.
Virkt útgeislað afl talstöðvarinnar er jafnt aflinu, sem samanburðarloftnetið fær frá merkisgjafa sínum margfaldað með mögnun samanburðarloftnetsins í hlutfalli við hálfbylgjudípól.

3.4 Afl í grannrás

3.4.1 Skilgreining: Afl í grannrás er sá hluti sendiafls með ákveðinni mótun, sem fellur í suðbandbreidd venjulegs talstöðvarviðtækis stillt á aðra grannrásina. Aflið er summa meðalaflsgilda þeirra þátta, sem stafa frá mótun, dúrr og suði í sendinum.

3.4.2 Mæliaðferð:

3.4.2.1 Í sendum með aðgengilegum útgangi er aflið mælt með viðtæki sbr. 3.1.3 eða samsvarandi tíðnirófsgreini.
Sendiafl er ákveðið sbr. 3.3.1 en sendirinn síðan tengdur við mæliviðtækið með deyfilið svo að sendirinn sjái rétt viðnám og heppilegt inngangsmerki fáist inn á viðtækið.
Styrkur mælitóns skal vera 10 desibel yfir þeim styrk, sem kveðið er á um í 3.1.4.
Mæliviðtækið er stillt á rétta tíðni talstöðvarsendisins. Deyfiliðurinn í viðtækinu er stilltur á gildi P desibel þannig að mælir viðtækisins sýni aflestur um 5 desibel hærri en samsvarar suðgildi viðtækisins.
Næst er mæliviðtækið stillt á aðra grannrásina 10 kHz frá fyrri tíðninni. Deyfiliðurinn er stilltur á gildi Q desibel svo að sami aflestur á viðtækinu fáist aftur.
Hlutfallið milli afls í grannrás og sendiafls er mismunur deyfiliðsgildanna P & Q. Aflið í grannrásinni fæst síðan með því að margfalda sendiaflið með þessu hlutfalli.
Mælinguna ber að endurtaka fyrir hina grannrásina.

3.4.2.2 Í sendum með sambyggðu loftneti er mælingin gerð á svipaðan hátt og í 3.4.2.1 að öðru leyti en því að mæliviðtækið er sett upp eins og lýst er í 3.3.2.2 og mælingar eru gerðar á útgeisluðu afli.

3.5 Sendiafl á aukatíðnum

3.5.1 Skilgreining: Aukatíðnir í þessu sambandi eru allar tíðnir, sem sendirinn gefur frá sér aðrar en burðarbylgjutíðnin og þær hliðartíðnir hennar, sem fram koma við rétta mótun.

Sendiafl á aukatíðnum mælist

a) í sendum með aðgengilegum útgangi sem afl út í gerfiálag, sem gert er úr útgeislunarfríu viðnámi jafnstóru nafngildi útgangsviðnáms sendisins.

b) í sendum með sambyggðu loftneti sem virkt útgeislað afl frá loftnetinu eða talstöðinni sjálfri.

3.5.2 Mæliaðferð:

3.5.2.1 Sendiafl á aukatíðnum frá talstöðvum með aðgengilegum útgangi er mælt á hverri tíðni fyrir sig. Þetta má gera með því að tengja útgang sendisins með deyfilið við tíðnirófsgreini eða tíðniskarpan spennumæli. Sendirinn á að vera ómótaður og gefa út sama afl og í fyrri mælingu (sjá 3.3.1).

Mælingar á aukatíðnum skulu gerðar í tíðnisviðinu 100 kHz til 1 GHz.

3.5.2.2 Þegar um er að ræða talstöðvar með sambyggðu loftneti, er notuð mæliaðstaðan í 3.1. Sendirinn á að vera ómótaður.

Mæliloftnetið og viðtækið eru notuð til að taka á móti hverjum tíðniþætti fyrir sig í sviðinu 30 MHz til 1 GHz.

Á hverri tíðni, sem vart verður útgeislunar, er talstöðinni snúið, svo að mestur styrkur fáist. Gildi sendiaflsins á aukatíðninni ákveðst með samanburðaraðferðinni.

Mælingin er gerð með mæliloftnetið bæði lóðrétt og lárétt pólað.

3.6 Útsending frá viðtæki

3.6.1 Skilgreining: Útsending viðtækis eru allir þeir tíðniþættir, sem viðtækið sendir út í loftnet eða geislar beint út.

Styrkur þessarar útsendingar skal

a) í talstöð með aðgengilegum útgangi mælast sem afl í gerfiálagi

b) í talstöð með sambyggðu loftneti mælast sem virkt útgeislað afl frá loftneti eða talstöðinni sjálfri.

3.6.2 Mæliaðferð: Notaðar eru sömu aðferðir og í 3.5.2.1 og 3.5.2.2 nema að viðtækið er tengt beint við loftnetið en sendirinn frátengdur.

Mælingu skal einnig gera á móttökurás og grannrásum.

3.7 Tíðniskerpa viðtækis

3.7.1 Skilgreining: Tíðniskerpa miðuð við grannrás er mælikvarði á hæfni viðtækis að taka á móti merki í návist truflunar í grannrás.

3.7.2. Mæliaðferð:

3.7.2.1 Í viðtækjum með aðgengilegum inngangi eru merkið og truflandi merkið tengd inngönginum með samtengirás.

Merkið er stillt á rétta tíðni viðtækisins og mótað með sínustón með tíðni 1 kHz svo að mótunin leiði til

a) mótunartölu 60% fyrir A3

b) tíðnifráviks ± 1.5 kHz fyrir F3.

Truflandi merkið er stillt á aðra grannrásina 10 kHz frá réttri tíðni viðtækisins og er mótað með 400 Hz tón svo að mótun verði eins og fyrir hitt merkið.

Í upphafi mælingar er truflandi merkið frátengt og hitt merkið stillt á 3 desibel meiri styrk en þarf til að gefa SND/ND hlutfall jafnt 12 desibel. Útgangsafl viðtækisins á að vera a. m. k. 50% af venjulegu gildi og psofo-

metrísk sía viðtækisins á að vera frátengd. Truflandi merkið er nú tengt við og styrkur þess stilltur svo að SND/ND hlutfallið lækki í 12 desibel (S = merki, N = suð, D = bjögun).
Mælingin er endurtekin með truflandi merkið á hinni grannrásinni 10 kHz frá réttri tíðni viðtækisins.
Tíðniskerpa miðuð við grannrás er hið lægra af fyrrnefndum gildum hins truflandi merkis og er ritað sem frumspenna í desibel miðað við míkróvolt, þegar innra viðnám er 50 ohm.

3.7.2.2 Í viðtækjum með sambyggðu loftneti er erfitt að mæla tíðniskerpu með nokkurri nákvæmni nema með notkun sérsmíðaðra hjálpartækja. Lýsingu á slíkum búnaði má fá hjá tæknideild Póst- og símamálastofnunarinnar.

3.8. Mælinákvæmni:
Gert er ráð fyrir eftirfarandi mestu frávikum ýmissa stærða:

Rakspenna	± 3%
Netspenna	± 3%
Nettíðni	± 0.5%
Tónspenna, -afl	± 0.5 desibel
Tóntíðni	± 1%
Tónbjörgun og suð	1%
Radiotíðni	± 50 Hz
Radiótíðnispenna	± 2 desibel
Radiósviðstyrkur	± 3 desibel
Radiótíðniafl	± 1 desibel
Virkt útgeislað afl	± 3 desibel
Viðnám gerfiálags, tengirása, strengja, deyfiliða o. s. frv.	± 20%
Viðnám merkisgjafa og mæliviðtækis	± 40%
Deyfing í deyfiliðum	± 2 desibel
Hitastig	± 1°C

4. Reglur þessar taka þegar gildi og eiga við um nýjar talstöðvar og þær, sem fluttar verða til landsins. Þær eiga ekki, að því leyti sem þær eru frábrugðnar fyrri reglum, við talstöðvar, sem þegar hafa fengið viðurkenningu.

Samgönguráðuneytið, 20. júní 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

28. maí 1980. Nr. 333.

REGLUR

um menningarsjóð félagsheimila.

1. gr.

Stjórn menningarsjóðs félagsheimila er í höndum menntamálaráðherra. Styrkir úr sjóðnum skulu veittir að fengnum tillögum menningarsjóðsnefndar, sem ráðherra skipar til fjögurra ára þannig: Einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Ungmennafélags Íslands og Bandalags ísl. leikfélaga, einn samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og einn án tilnefningar og verður hann formaður nefndarinnar.

2. gr.

Menningarsjóður félagsheimila starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1970, um félagsheimili, sbr. lög nr. 54/1979. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum og öðrum samkomustöðum sem lögin taka til.

3. gr.

Sjóðurinn skal stuðla að leikstarfsemi, tónleikahaldi, listsýningum, bókmenntakynningum og hverskonar annarri menningarstarfsemi, sem aðstaða er fyrir í félagsheimilum eða þeim samkomustöðum sem lögin taka til.

4. gr.

Menningarsjóðsnefnd getur gert tillögur um styrki úr sjóðnum vegna kostnaðar við undirbúning dagskrárefnis og til ferða- og flutningskostnaðar til og milli staða þar sem dagskrárflutningurinn fer fram. Þeir sem að dagskrárflutningi standa, skulu greiða laun og dvalarkostnað flytjenda.

Menningarsjóðsnefnd getur gert tillögur um frávik frá þessum styrkreglum ef sérstök ástæða þykir til.

5. gr.

Félagsheimili annast auglýsingar, sölu aðgöngumiða og annað er lýtur að framkvæmd dagskrárflutnings. Verði ágóði af aðgangseyri, þegar greiddur hefur verið kostnaðarhluti félagsheimilisins, skal hann renna í menningarsjóð viðkomandi félagsheimilis. Skal stjórn félagsheimilisins varðveita þann sjóð, og verður honum eingöngu varið til menningarstarfsemi í því félagsheimili. Hrökkvi tekjur af aðgangseyri ekki til greiðslu á kostnaðarhluta félagsheimilisins, er heimilt að greiða hallann að nokkru eða öllu úr menningarsjóði félagsheimila samkvæmt sérstakri umsókn, er studd sé fullnægjandi kostnaðarskilagrein.

6. gr.

Styrkumsóknir skal senda til menntamálaráðuneytisins. Starfsmaður sjóðsins, sem menntamálaráðuneytið ræður, leggur umsóknir fyrir menningarsjóðsnefnd og aflar nauðsynlegra upplýsinga. Nefndin gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um styrkveitingar úr sjóðnum.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið sér um afgreiðslu styrkveitinga. Reikningsár sjóðsins er almanaksár. Ríkisbókhald annast reikningshald sjóðsins. Ársreikningar sjóðsins endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun skulu birtir í Stjórnartíðindum og skrá um úthlutun úr sjóðnum skal birta árlega í fréttabréfi menntamálaráðuneytisins.

8. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 42 frá 1. mars 1972, um menningarsjóð félagsheimila.

Í menntamálaráðuneytinu, 28. maí 1980.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breyting á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breyting á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér greinir:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a í bráðabirgða-ákvæðum þús.kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b í bráðabirgða-ákvæðum þús.kr.
Grunnfjárhæð skv. lögunum, svarar til verkamanna-kaups í maí 1977, á gildistökutíma laganna.	2 000	6 000
Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum viku-kaups:		
1. mars 1980	6 912	20 735
1. júní 1980	7 720	23 160

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

11. júní 1980. Nr. 335.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Skaftholt, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. júní 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina SKAFTHOLT.

1. gr.

Sveitabýlið Skaftholt í Gnúpverjahreppi er sjálfseignarstofnun. Eignir hennar eru jörðin Skaftholt ásamt mannvirkjum öllum, húsum, búpeningi, rækun, girðingum, lausafjármunum og öllum gögnum og gæðum.

Stofnendur eru:

Guðfinnur E. Jakobsson, garðyrkjufræðingur, Þelamörk 78, Hveragerði.

Jakobína Gunnþórsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Þelamörk 78, Hveragerði, og Arnþrúður Sæmundsdóttir, „Läkepedagog" Lynghaga 20, Reykjavík.

Heimili sjálfseignarstofnunarinnar og varnarþing er á Selfossi.

2. gr.

Nauðsynlegs fjármagns til rekstrar og uppbyggingar sjálfseignarstofnunarinnar skal aflað með því að taka á móti gjöfum, framlögum, styrkjum, áheitum o. s. frv.

Tekjum af starfseminni skal varið til rekstrar eða fjárfestingar í starfsemi þeirri, sem stofnunin hefur á sínum vegum.

3. gr.

Markmið sjálfseignarstofnunarinnar er það, að tryggja þroskaheftun og öðrum, sem hjálpar eru þurfi, jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi.

Til að ná þessu markmiði mun sjálfseignarstofnunin standa að uppbyggingu sveitaþorps (landsby) með fjölskylduheimilum jafnframt starfsmöguleikum fyrir þá sem þarfnast verndaðs umhverfis. Skal þar fylgt sambýlis- og samvinnuformi því, sem byggir á hinni þrígreindu samfélags og mannsmynd, sem Dr. Rudolf Steiner setti fram og kemur fram í hinu félagslega grundvallarlögmáli hans. (Sjá „Hugmyndir og markmið").

4. gr.

Æðsti aðili í málefnum sjálfseignarstofnunarinnar er fulltrúaráð, skipað 7 til 13 fulltrúum. Ráðið er stefnumótandi um hugmyndir og aðgerðir til vaxtar og viðgangs stofnunarinnar í samræmi við ákvæði þau, sem getið er í 3. grein.

Ráðstöfun fjármuna og eigna stofnunarinnar er í höndum fulltrúaráðsins.

5. gr.

Stofnendur skulu velja menn til setu í fyrsta fulltrúaráðinu, en síðan skal það endurnýja sig sjálft, þannig að annað hvort ár víkur 1 félagi. Þennan félaga má velja afur að ári liðnu.

Fulltrúaráðið velur sér formann og varaformann til tveggja ára í senn. Formann og varaformann má endurvelja.

Stofnendur eru sjálfvaldir til setu í fulltrúaráðinu fyrstu árin.

Ávallt skal þess gætt, að til setu í fulltrúaráði veljist áhugamenn um anþrópósófíska starfsemi og einstaklingar með reynslu og áhuga á félagslegri starfsemi á þessum grundvelli.

A. m. k. 2 fulltrúar skulu vera frá Camphill-þorpum í öðrum löndum.

6. gr.

Fulltrúaráðið hefur eigi færri en 2 fundi á ári. Reikningsár sjálfseignarstofnunarinnar er almanaksárið og skal fulltrúaráðið birta árlega skýslu um starfsemi hennar ásamt ársreikningum, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Fimm manna stjórn, valin samkvæmt gildandi lögum um stjórnir sjálfseignarstofnana sem fjárhagslega eru háðar opinberum aðilum, hefur eftirlit með starfsemi stofnunarinnar ásamt eftirliti með ráðsöfun fjármuna og hefur með höndum lögmætt bókhald fyrir starfsemina.

Daglegur rekstur starfseminnar skal vera í höndum þriggja manna, svonefndur stjórnunarhópur, valinn af starfsfólki og samþykktur af fulltrúaráði.

8. gr.

Lögð skal áhersla á, að þeir sem ráðast til starfa við stofnunina hafi reynslu frá öðrum Champill-þorpum eða menntun á uppeldis- og félagslegu sviði frá anþrópósófískum stofnunum.

Fulltrúaráðið hefur rétt til að segja upp starfsmanni stofnunarinnar telji það gilda ástæðu til.

9. gr.

Fulltrúaráðið getur breytt skipulagsskrá þessari ef ⅔ hlutar þess eru því samþykkir og ber að endurskoða hana árlega.

10. gr.
Verði ákveðið að hætta starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar skal fulltrúaráðið ráðstafa eignum hennar til starfsemi, sem samræmis tilgangi hennar sbr. 3. gr.

11. gr.
Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

29. maí 1980. Nr. 336.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigríðar Jónsdóttur frá Drangshlíðardal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. maí 1980.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Sigríðar Jónsdóttur frá Drangshlíðardal.

1. gr.
Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt ákvæðum í erfðaskrám Lilju Hjartardóttur, síðast til heimilis í Njálsgötu 83, Reykjavík, sem lést 10. maí 1978, en skrárnar eru dags. 19.1. 1965, 25.3. 1971 og 11.11. 1976. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um móður arfleifanda, Sigríði Jónsdóttur, sem var fædd í Drangshlíðardal undir Eyjafjöllum 21. ágúst 1877 og er efni skipulagsskrár þessarar sniðið eftir erfðaskránum varðandi þetta efni.

2. gr.
Stofnfé minningarsjóðsins eru fimm milljónir króna samkvæmt ákvæðum framangreindra erfðaskráa, að frádregnum erfðafjárskatti, kr. 250 000.— og nauðsynlegum kostnaði við stofnun sjóðsins.
Eignir sjóðsins eru tvær og hálf milljón í fasteignatryggðum veðskuldabréfum til fimm ára, en að öðru leyti er stofnfé reiðufé og afhenda lögerfingjar Lilju heitinnar Hjartardóttur stjórn sjóðsins stofnfé, þegar skipulagsskrá þessi hefur verið staðfest. — Áskotnist sjóðnum síðar einhverjar eignir, skulu þær leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.
Tilgangur og verkefni sjóðsins er að veita efnilegu námsfólki, stúlku eða pilti, búsettu í Austur-Eyjafjallahreppi, styrk til skólanáms að skyldunámi loknu.

4. gr.
Fé sjóðsins skal ávaxta á öruggan og hagkvæman hátt, s. s. í öruggum fasteignatryggðum skuldabréfum, spariskírteinum ríkissjóðs eða á vaxtaaukareikningum eða hliðstæðum reikningum og skulu allar bankainnstæður sjóðsins vera í bankastofnunum með ríkisábyrgð. Hafa má fjárupphæðir, sem hafa þarf handbærar, á almennum bankareikningum.

5. gr.
Stofnfé minningarsjóðsins má aldrei skerða. Einum fjórða hluta af vöxtunum og verðlagsbótunum, skal ætíð bæta við höfuðstólinn, en ¾ hlutum vaxtanna og verðbótanna má úthluta í samræmi við ákvæði 3. gr. þessarar skipulagsskrár.

6. gr.
Stjórn minningarsjóðsins skipa 3 menn: Skólastjóri Skógaskóla undir Eyjafjöllum, hreppsstjóri Austur- Eyjafjallahrepps og þjónandi sóknarprestur í sókninni.

— Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Meirihluti stjórnar ræður úrslitum, nema annað sé ákveðið í skipulagsskránni.

7. gr.

Stjórn minningarsjóðsins ber að halda gerðabók og skal skrá í hana skipulagsskrá þessa, geta þar erinda, sem stjórninni berast, ákvarðanir um styrkveitingar og annað er varðar starf og rekstur sjóðsins.

Einnig ber sjóðsstjórninni að halda bók, þar sem færðar eru eignir sjóðsins, tekjur og gjöld og skal ársreikningurinn færður í bókina og undirritaður af öllum stjórnarmönnum og réttum endurskoðendum.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórnin hafa lokið samningu ársreiknings fyrir febrúarlok ár hvert. Endurskoðendur reikninga Austur-Eyjafjallahrepps skulu endurskoða reikninga sjóðsins ár hvert, en að endurskoðun lokinni, skal stjórnin senda oddvita sýslunefndar Rangárvallasýslu eintak af reikningnum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ræður hve mörgum og hverjum einstaklingum er veittur styrkur úr sjóðnum hverju sinni og hversu mikið til hvers. Þyki stjórninni eitthvert sinn ekki ástæða vera til að veita syrki úr sjóðnum eða ekki eins mikið og heimilt er, þá skal sú fjárhæð leggjast við höfuðstólinn eða geymast til næsta árs til úthlutunar eftir ákvörðun stjórnarinnar.

9. gr.

Heimilt er stjórninni að fá breytingu á skipulagsskrá þessari, verði hún öll sammála um það; þó má sú breyting aldrei ganga í berhögg við skýr ákvæði erfðaskránna, er að framan greinir, um hlutverk sjóðsins. — Staðfest endurrit erfðaskránna skulu vera fylgirit skipulagsskrár þessarar.

10. gr.

Minningarsjóðurinn tekur til starfa, þegar skipulagsskrá þessi hefur verið staðfest.

11. gr.

Falli niður eitt eða fleiri þeirra starfa, sem getið er í 6. gr., skal hreppsnefnd Austur-Eyjafjallahrepps kjósa mann eða menn í stað þess eða þeirra, er þannig ganga út.

12. gr.

Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 — 1980

3. júlí 1980. 553 Nr. 337.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 102 30. janúar 1980 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi sem heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

		0.375 l	0.50 l	0.75 l	1.0 l
A. Áfengi:					
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	kr.	1 400	1 600	2 200	2 700
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperitivar	—	1 600	1 900	2 500	3 100
3. Íslenskar áfengistegundir	—	3 900		7 200	
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	—	6 000	7 100	10 000	12 300

B. Tóbak:			
1. Reyktóbak	kr.	6 900	pr. tylft eða lb.
2. Vindlingar	—	8 700	— 200 stk.
3. Smávindlar	—	1 000	— 10 —
Meðalstærð	—	4 500	— 25 —
Vindlar, aðrir	—	6 200	— 25 —

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 3. júlí 1980.

Ragnar Arnalds.

Björn Hafsteinsson.

Stjórnartíðindi B 34, nr. 337. Útgáfudagur 7. júlí 1980.

B 70

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 — 1980

Nr. 338. 554 25. júlí 1980.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 78 000

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjarritvélar og radíóbúnað í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — áætlaður helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að veita löggiltum rafverktökum sérstakt leyfi til að draga símataugar í rör, sem tilheyra viðkomandi íbúðum enda hafi áður verið komið á samstarfi við hlutaðeigandi rafveitur varðandi samþykki teikninga fyrir símalagnir.

Hér er aðeins um að ræða einfaldar símalagnir í íbúðarhúsum, það er uppsetningu á tenglum, sem Póst- og símamálastofnunin hefur viðurkennt og tengingu þeirra, en ekki tengingu inn í húskassa.

Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 13 200 að viðbættum kr. 29.00 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1. hér að framan, auk kr. 4 250 á ársfjórðungi.

2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar.

Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.

Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

a.	Lengd línuleiðar	0.5— 1.0 km	kr. 3 300
b.	Lengd línuleiðar	1.0— 2.0 km	kr. 4 950
c.	Lengd línuleiðar	2.0— 4.0 km	kr. 8 250
d.	Lengd línuleiðar	4.0— 8.0 km	kr. 19 800
e.	Lengd línuleiðar	yfir 8.0 km	kr. 26 400

3. Flutningsgjald.

3.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað ..... kr. 39 000
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).

3.2. Milli stöðvargjaldsvæða ..... kr. 52 700

3.3. Til viðbótar 3.1. og 3.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.

3.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

8.07. **Fyrirkomulag björgunartækja.**

Öllum tækjum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, skal vera þannig fyrir komið um borð í skipunum, að þau mega koma að sem bestum notum, þurfi að grípa til þeirra.

8.08. **Stigar að björgunarförum.**

Ef aðstæður eru þannig, að siglingamálastjóri telur nauðsyn á sérstökum útbúnaði til þess að komast um borð í björgunarför (stigum eða köðlum), skal slíkur útbúnaður hafður á skipinu.

8.09. **Barefli til að berja ís.**

Togarar og önnur fiskiskip, sem hafa útivist að vetrarlagi á hafsvæðum, þar sem ísingarhætta er fyrir hendi, skulu vera búin minnst 10 öxum eða öðrum hentugum áhöldum til að brjóta með klaka.

9. gr.

9.00. **Björgunarför.**

9.01. **Skilgreiningar.**

9.01.1 **Fastur björgunarbátur** er bátur, sem gerður er úr tré, áli, stáli, glertrefjaefni, plasti eða öðru viðurkenndu föstu efni, og, sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur um smíði og gerð björgunarbáta.

9.01.2. **Gúmmíbjörgunarbátur** er björgunarbátur, sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur um gerð og hlotið hefur viðurkenningu siglingamálastjóra til notkunar í íslenskum skipum.

9.01.3. **Slöngubjörgunarbátur** er bátur, sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur um gerð og hlotið hefur viðurkenningu siglingamálastjóra.

9.01.4. **Slönguléttbátur** er bátur, sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur um gerð og hlotið hefur viðurkenningu siglingamálastjóra.

9.02. **Kröfur um fjölda björgunarfara.**

9.02.1. **Farm- og farþegaskip, sem falla undir alþjóðasamþykkt.**
Á íslenskum skipum, sem gildandi alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu nær til og Ísland er aðili að, skulu vera björgunarför þau, sem hún mælir fyrir um, að öðru leyti en því, að skipin skulu búin gúmmíbjörgunarbátum, er rúma samtals alla á skipinu.

9.02.2. **Farmskip 200—500 rúmlestir** skulu hafa tvo fasta björgunarbáta, sinn á hvorri hlið skipsins, og skal hvor um sig rúma alla skipshöfnina. Auk þess skulu þau búin minnst tveimur gúmmíbjörgunarbátum, sem að samanlögðu rúma alla á skipinu.

9.02.3. **Farmskip undir 200 rúmlestum** skulu hafa einn fastan björgunarbát, sem rúmar alla skipverja. Ennfremur tvo gúmmíbjörgunarbáta, sem rúma alla á skipinu að samanlögðu.

9.02.4. **Farþegaskip í strandsiglingum,** stærri en 50 rúmlestir, skulu hafa fasta björgunarbáta, sem rúma helming allra á skipinu, ennfremur gúmmíbjörgunarbáta fyrir alla á skipinu. Á litlum farþegaskipum, sem sigla innfjarða (flóabátum) og ferjum, getur siglingamálastjóri veitt undanþágu frá föstum björgunarbátum og leyft annan útbúnað í þeirra stað, svo sem slönguléttbát eða aukinn fjölda gúmmíbjörgunarbáta.

9.02.5. **Fiskiskip stærri en 500 rúmlestir** skulu hafa tvo fasta björgunarbáta, er hvor um sig rúmar alla skipverja, sinn á hvorri hlið skipsins, að viðbættum gúmmíbjörgunarbátum fyrir einum og hálfum sinnum fjölda skipverja (150% skipverja).

9.02.6. Eða einn fastan björgunarbát, er rúmar alla skipverja, staðsettann miðskips þannig búinn, að auðvelt sé að setja hann út til beggja hliða skipsins að viðbættum gúmmíbjörgunarbátum fyrir einum og hálfum sinnum fjölda skipverja (150% skipverja).

9.02.7. Eða einn slöngubjörgunarbát, sem sjósetja má á báðar hliðar skipsins eða aftur af því, að öðrum kosti tvo. Skal hver bátur rúma alla skipverja.

Einn slönguléttbát, sem rúmar minnst 6 menn og gúmmíbjörgunarbáta sem rúma einum og hálfum sinnum fjölda skipverja.

9.02.8 Þegar um er að ræða skip, sem að mati siglingamálastjóra eru þannig úr garði gerð, að staðsetning og notagildi fastra björgunarbáta eða slöngubjörgunarbáta sé þannig, að augljóst er að þeir mundu ekki koma að því gagni sem ætla verður, skulu þau, auk slönguléttbáts, sem rúmar minnst 6 menn, búin minnst 4 gúmmíbjörgunarbátum, sem rúma tvöfaldan fjölda skipverja að minnsta kosti, miðað við hvílufjölda á skipinu. Skal hver bátur rúma minnst 10 menn. Staðsetning bátanna og undirstöður þeirra skulu samþykktar af siglingamálastjóra hverju sinni.

9.02.9. **Fiskiskip 200—500 rúmlestir** skulu hafa fastan björgunarbát eða björgunarbáta, sem að samanlögðu rúma alla skipverja. Sé um tvo báta að ræða, skulu þeir staðsettir sinn á hvorri hlið skipsins, ef einn, skal hann svo búinn, að setja megi hann út til beggja hliða skipsins. Tvo eða fleiri gúmmíbjörgunarbáta, sem að samanlögðu rúma alla á skipinu.

9.02.10. Eða tvo eða fleiri gúmmíbjörgunarbáta, sem að samanlögðu rúma tvöfaldan fjölda skipverja (200% skipverja). Slönguléttbát með árum og ræðum, sem rúmar minnst 5 menn eða góðan vinnubát.

9.02.11. **Fiskiskip 100—200 rúmlestir** skulu hafa fastan björgunarbát eða björgunarbáta, sem að samanlögðu rúma alla skipverja, en auk þess gúmmíbjörgunarbát eða báta fyrir alla skipverja.

9.02.12. Eða tvo eða fleiri gúmmíbjörgunarbáta, sem rúma minnst tvöfaldan fjölda skipverja.

9.02.13. **Fiskiskip 15—100 rúmlestir** skulu hafa tvo gúmmíbáta, sem að samanlögðu rúma tvöfaldan fjölda skipverja.

9.02.14. **Fiskiskip með þilfari minni en 15 rúmlestir** skulu búin gúmmíbjörgunarbát, sem rúmar alla skipverja.

10. gr.

10.00. **Stærð gúmmíbjörgunarbáta.**

10.01. Ekki má nota minni en 6 manna gúmmíbjörgunarbáta í skipum, sem eru stærri en 15 rúmlestir, og ekki stærri en 12 manna í skipum undir 200 rúmlestum.

11. gr.

11.00. **Önnur skip.**

Skip, sem falla ekki undir ofangreinda flokka, skulu búin björgunarförum sem farm- eða fiskiskip af sömu stærð, en séu vandkvæði á þessu ákveður siglingamálastjóri hverju sinni, hvernig þau skulu búin bátum.

III. KAFLI
Búnaður björgunarfara.

12. gr.

12.00. **Búnaður fastra björgunarbáta.**

12.01. 1. Árar í öll ræði, tvær varaárar og ein stýrisár, eitt ræði fyrir hverja ár, fest með keðju eða á annan hátt við bátinn og eitt vararæði fyrir hver tvö ræði, einn krókstjaki.
2. Tvær neglur fyrir hvert neglugat, skulu þær bundnar við björgunarbátinn með taug eða keðju (neglur eru ekki notaðar, þegar sjálfvirkir lokar eru settir í þeirra stað), austurtrog og tvær skjólur úr viðurkenndu efni.
3. Stýri með stjórnveli.
4. Tvær axir, sín í hvorum enda bátsins.
5. Ljósker með ljósmeti, sem nægir í 12 klukkustundir, tvær öskjur af stormeldspýtum í vatnsheldum hylkjum.
6. Sigla eða siglur með zinkuðum vírstöngum og rauðgulum seglum.
7. Góður áttaviti í áttavitaskýli með ljósi.
8. Líflína meðfram hlið bátsins.
9. Rekakkeri af viðurkenndri stærð.
10. Tvær nægilega langar bátsfestar. Önnur þeirra skal fest við framstafn bátsins með lykkju og þolli, svo að auðvelt sé að leysa hana, en hin skal bundin við framstefnið og jafnan tiltæk.
11. Bárufleygur, sem tekur 4½ lítra af olíu eða lýsi, skal svo gerður, að innihaldið geti auðveldlega dreifst yfir sjávarflötinn og honum skal svo fyrir komið, að hægt sé að binda hann við rekakkerið.
12. Matarskammtur, viðurkenndur af siglingamálastjóra fyrir hvern mann, sem báturinn rúmar. Matinn skal geyma í loftþéttum ílátum og þau höfð í vatnsþéttu hylki.
13. Vatnsþétt ílát, sem tekur 3 lítra af drykkjarvatni á mann eða ílát, sem tekur 2 lítra af drykkjarvatni á mann ásamt viðurkenndu seltueyðingartæki, sem getur framleitt einn lítra af drykkjarvatni á mann, ryðfrí ausa í taug og ryðfrítt drykkjarílát með mælistikum.
14. Fjórir rauðir fallhlífarflugeldar og sex rauð handblys, hvort tveggja af viðurkenndri gerð.
15. Tvö flothæf reykmerki (til dagnota) af viðurkenndri gerð, er gefa frá sér rauðgulan reyk.
16. Viðurkenndur útbúnaður, sem menn geta haldið sér í, ef báti hvolfir, annað hvort veltikjölur, kjalarhandföng, líflína strengd undir kjöl milli borðstokka, eða annar viðurkenndur útbúnaður.
17. Lyfjaskrín nr. 6, sem skoðist í lyfjabúð annað hvert ár.
18. Vatnsþétt vasaljós, sem nota má til merkjagjafa á morse, ásamt vararafhlöðu og peru í vatnsþéttum umbúðum.
19. Merkjaspegill af viðurkenndri gerð til dagnota.
20. Hnífur með dósaskera, festur í bátinn.
21. Tvær grannar flot-kastlínur.
22. Handdæla af viðurkenndri gerð.

23. Hagkvæm geymsla fyrir ýmislegt smávegis.
24. Flauta eða annað til hljóðmerkjagjafa.
25. Fiskilína með tilheyrandi sökku og önglum.
26. Viðurkennd yfirbreiðsla með áberandi lit, til varnar gegn kulda og vætu.
27. Leiðarvísir um merkjagjafir milli skipbrotsmanna og björgunarmanna.

12.02. Siglingamálastjóri getur gefið undanþágu frá því, sem krafist er í 6., 12., 19., 25., og 26. tölulið hér að framan, sé ferðum skipsins þannig háttað, að mati hans, að ónauðsynlegt megi teljast.

12.03. Í mótorbjörgunarbátum er ekki skylt að hafa seglbúnað og árar mega vera helmingi færri en að ofan greinir, en krókstjakar skulu vera tveir.

12.04. Allir björgunarbátar skulu þannig útbúnir, að komist verði um borð í þá úr sjó.

12.05. Í hverjum mótorbjörgunarbát skal vera þurrduftsslökkvitæki eða annað jafn gott til að slökkva olíuelda.

13. gr.

13.00. **Búnaður slöngubjörgunarbáta.**

13.01. 1. Eitt sett af árum, sem fljóta, tvær varaárar og ein stýrisár, eitt sett af ræðum og stýrisræði vel fest við bátinn.
2. Krókstjaka með kúlu á endanum.
3. Tvær neglur á hvert neglugat (ekki þörf á neglum, þar sem sjálfvirkir ventlar eru) vel fastar við bátinn.
4. Svampur, austurtrog og tvær skjólur úr viðurkenndu efni.
5. Líflína utan um bátinn ofarlega en í bogum og eins að innan verðu, ásamt griplínu frá borðstokk að borðstokk undir kjöl eða annar viðurkenndur útbúnaður.
6. Lampi með olíu fyrir 12 tíma notkun.
7. Tvær öskjur af stormeldspýtum í vatnsheldum hylkjum.
8. Góður áttaviti í húsi, lýstur á viðunandi hátt.
9. Rekakkeri af viðurkenndri stærð með nægilega langa og sterka línu.
10. Tvær nægilega langar og sterkar bátsfestar. Önnur skal fest við bátinn að framan með lykkju og bolli, svo að hún sé losanleg í skyndi, en hin skal tryggilega fest í stefni bátsins og tilbúin til notkunar.
11. Báruflevgur með 4.5 lítra af lýsi eða feitis-olíu og svo gerður, að hann dreifi innihaldinu auðveldlega á yfirborð sjávarins og hann skal vera vel festanlegur við rekakkerið.
12. Fjögur fallhlífarblys af viðurkenndri gerð, sem gefa frá sér skærrauð ljós hátt uppi; sex neyðar-handblys af viðurkenndri gerð, er gefa frá sér skærrauð ljós.
13. Tvö flothæf reykblys af viðurkenndri gerð (til dagnota) er gefa frá sér rauðgulan reyk.
14. Vatnsþétt lyfjaskrín nr. 6, sem skoðist í lyfjabúð annað hvert ár.
15. Vatnsþétt vasaljós, sem gefa má morse-merki með, ásamt vararafhlöðu og peru í vatnsþéttum umbúðum.
16. Merkjaspegill af viðurkenndri gerð til dagnota.
17. Öryggishnífur bundinn við bátinn.
18. Tvær léttar kastlínur, flothæfar.
19. Flauta eða jafngilt tæki til hljóðmerkja.
20. Viðurkenndur radarspegill.
21. Fiskilína með önglum og sökkum.
22. Viðurkennd yfirbreiðsla með áberandi lit til varnar gegn kulda og vatni.

23. Leiðarvísir um merkjagjafir milli skipbrotsmanna og björgunarmanna.
24. Leiðbeiningar um hvernig lifa megi af dvöl í slöngubjörgunarbáti.
25. Viðurkennt viðgerðarsett til viðgerðar á lofthólfum.
26. Lofthanddæla.
27. Loftþrýstimælir.
28. Útbúnaður, er auðveldar manni í sjónum að klifra um borð.
29. Útbúnaður til dráttar bátsins.
30. Matarskammtar með minnst 8000 fæðueiningar á hvern mann, er báturinn á að bera, sem geymist í loftþéttum umbúðum í vatnsþéttum kassa.
31. Vatnsþétt ílát með 3 lítra af vatni á mann eins og báturinn á að bera eða vatnsþétt ílát með 2 lítra af fersku vatni á mann ásamt viðurkenndu tæki að vinna vatn úr sjó, er gefur 1 lítra á mann og ryðfrítt drykkjarílát í bandi og skammtara.
32. Þrjá dósaopnara.

13.02. Siglingamálastjóri getur gefið undanþágu frá því, sem krafist er í 16., 20., 29., og 30. tölulið hér að framan, sé ferðum skipsins þannig háttað, að mati hans, að ónauðsynlegt megi teljast.

14. gr.

14.00. **Búnaður slönguléttbáta.**

1. Minnst 4 léttar árar.
2. Negla, ef nauðsynleg, föst við bátinn.
3. Austurtrog og 2 svampar.
4. Líflína í bugðum í hring utan um bátinn og eins að innanverðu.
5. Ræði eða ræðislykkju á þvergaflinum, þar sem hentar.
6. Tvær bátslínur með viðeigandi lengd og styrk.
7. Tveir flothæfir kasthringar með 30 m langri flotlínu.
8. Rekakkeri af viðurkenndri stærð með línu með nægilegan styrk og lengd.
9. Vatnsþétt vasaljós, sem gefa má morse-merki með ásamt vararafhlöðum og peru í vatnsheldum umbúðum.
10. Öryggishnífur.
11. Flauta eða jafngilt tæki til hljóðmerkja.
12. Viðgerðarsett fyrir lofthólfin í hentugum umbúðum.
13. Lofthanddæla.
14. Viðurkennt leitarljós, nema Siglingamálastofnun ríkisins meti merkjalampa til dagnota nægilegan.

15. gr.

15.00. **Búnaður gúmmíbjörgunarbáta.**

1. Flothæfur kasthringur með 30 m langri flotlínu að minnsta kosti.
2. Gúmmíbjörgunarbátar fyrir færri en 6 menn skulu búnir einum hníf og einu austurtrogi, en stærri bátar tveimur hnífum og tveimur austurtrogum.
3. Tveir svampar.
4. Tvö rekakkeri, öðru skal varanlega fest við gúmmíbátinn, hitt til vara.
5. Tvær árar.
6. Viðgerðarútbúnaður, sem hægt er að nota til þess að gera við leka á lofthólfum.
7. Lofthanddæla, sem hægt er að tengja við stúta á bátunum til þess að bæta á þá lofti, ef með þarf og dæla upp tvöfaldan botninn.
8. Þrír dósahnífar.

9. Lyfjaskrín nr. 6 í vatnsþéttum umbúðum, sem skoðist í lyfjabúð annað hvert ár.
10. Ryðfrítt drykkjarílát með mælistrikum.
11. Vatnsþétt vasaljós hæft til morse-sendinga, ásamt einni varahlöðu og varaperu í vatnsheldum umbúðum.
12. Spegill og blístra til merkjagjafa.
13. Tveir fallhlífarflugeldar af viðurkenndri gerð, sem gefa frá sér skært, rautt ljós í mikilli hæð.
14. Sex handblys af viðurkenndri gerð, sem gefa frá sér skært, rautt ljós.
15. Handfæri.
16. Matarskammt fyrir hvern mann, sem bátnum er ætlað að bera, með „Verkade" matarskammti eða öðrum viðurkenndum matvælum, sem ekki eru þorstaaukandi og skulu þau hafa inni að halda minnst 2 200 hitaeiningar á hver 453 gr. Enn fremur 1/6 kg kandísykur eða álíka hentug sykurtegund.
17. Þétt ílát, sem að samanlögðu rúmar 1½ l af vatni fyrir hvern mann, sem báturinn er ætlaður fyrir. Í staðinn fyrir þriðjung vatnsins, má koma hentugt seltueyðingartæki, sem getur framleitt sama magn af drykkjarvatni.
18. Sex sjóveikistöflur fyrir hvern mann, sem bátnum er ætlað að bera.
19. Notkunarreglur á íslensku í vatnsheldum umbúðum eða prentuð á efni, sem þolir vætu, skulu vera í gúmmíbátnum.
20. Eitt eintak af leiðbeiningum um merkjagjafir við björgunarsveitir.
21. Einn varmapoki fyrir hvern mann.

15.01. Þegar um farþegaskip er að ræða í svo stuttum ferðum, að allur búnaður sá sem upp er talinn í lið 15.00. þessarar greinar þykir ónauðsynlegur að áliti siglingamálastjóra er honum heimilt að leyfa, að einn eða fleiri gúmmíbátar, þó ekki færri en einn sjötti hluti þeirra, sem um borð eru, séu aðeins búnir því, sem tekið er fram í töluliðum 1—7, 9 og 19 hér að ofan og helmingi þess, sem getið er í töluliðunum 13 og 14. afgangur gúmmíbátanna skal búinn því, sem tekið er fram í töluliðum 1—7 og 19.

V. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI.

16. gr.

16.00. **Skoðun gúmmíbjörgunarbáta.**

16.01. Gúmmíbjörgunarbátar skulu skoðaðir minnst einu sinni á ári af mönnum, sem hlotið hafa viðurkenningu siglingamálastjóra til starfsins. Þessum mönnum einum er heimilt að annast skoðun og viðgerðir bátanna og er þeim skylt að fylgja nákvæmlega fyrirmælum framleiðenda þeirra og siglingamálastjóra.

16.02. 1. Athugað skal, hvort nokkuð sjái á bátshúðinni:
2. Hlevpt skal lofti í bátinn þar til brýstingurinn verður 2 lbs. á ferþumlung. Ekki má þrýstingurinn fara undir 1.75 lbs. á ferþumlung eftir að báturinn hefur staðið eina klukkustund uppblásinn.
3. Reynist báturinn óþéttur, samkvæmt 2. tl. skal gert við lekann.
4. Síðan skal þrýstiprófun endurtekin.
5. Loftflaska skal athuguð og vegin, sé hún með hettu, þá án hennar. Loftflöskur skulu að jafnaði þrýstireyndar á 10 ára fresti að minnsta kosti með 235 kg þrýstingi á fersentimetra, en telji skoðunarmaður ástæðu til að loftflöskur séu þrýstireyndar sökum áverka, ryðmyndunar eða af öðrum ástæðum skal það gert án tillits til ofangreindra tímamarka.

Dagsetning þrýstiprófunar skal sett á flöskurnar. Við þrýstiprófun skal gengið úr skugga um að flöskurnar séu ekki ryðgaðar, hvorki að utan né innan.

6. Allur búnaður bátsins, laus og fastur, skal vandlega yfirfarinn og sé nokkru ábótavant skal úr því bætt. Flugeldar og blys skulu endurnýjuð á þriggja ára fresti. Lyfjaskrín bátanna skal yfirfarið af lyfjafræðingi annað hvert ár.
7. Sérstaklega skal vandað til pökkunar bátanna og farið að fyrirmælum hvers framleiðanda í þeim efnum.

16.03. Að lokinni skoðun bátanna, útfyllir skoðunarmaður skýrslu Siglingamálastofnunarinnar um skoðunina í þríriti. Heldur skoðunarmaður einu eintaki, annað eintak skal afhent skipstjóra til varðveislu og þriðja eintakið skal afhent Siglingamálastofnuninni.

16.04. **Gúmmíbátaverkstæði.**

Húsrými það, sem notað er til skoðunar og viðgerða gúmmíbjörgunarbáta, er háð eftirliti og viðurkenningu siglingamálastjóra.

17. gr.

17.00. **Endurskinsmerki á björgunarbúnaði.**

17.01. Eftirtalin björgunartæki skulu búin viðurkenndum endurskinsmerkjum til að auðvelda leit af sjó og úr lofti:

Björgunarbátar, slöngubátar, gúmmíbjörgunarbátar, bjargbelti og bjarghringir.

Á báðar hliðar björgunarbáta skal upp við borðstokk, með 50 cm. millibili. fest endurskinsmerkjum sem eru 5 cm. breið og 30 cm. löng að minnsta kosti, samskonar merkjum skal komið fyrir ofan á borðstokk. Nægilegt er að hafa 4 merki á hvorri hlið og hvorum borðstokk á bátum, sem eru lengri en 7.3 m (24 fet) og 3 á styttri bátum. Þar sem hlífðartjalds er krafist á björgunarbátum, skulu tvö merki eins og að ofan greinir límd í kross á miðjan topp tjaldsins.

Tjaldlausir slöngubátar skulu búnir 2—4 slíkum merkjum á hvorri hlið, þannig að sjáanleg eru af sjó og úr lofti, sé á þeim hlífðartjald, skal á það límdur kross eins og ofan greinir.

Gúmmíbjörgunarbátar, 10 manna og stærri, skulu búnir minnst 8 endurskinsmerkjum á tjaldi, þannig að best megi sjást af sjó og úr lofti minni bátar 6 merkjum.

Að auki skulu 4 slík merki límd í kross á tjaldtopp og botn allra gúmmíbjörgunarbáta.

Stærð hvers endurskinsmerkis skal ekki vera minni en 5x30 cm.

Á bjargbeltum, sem ekki eru klædd endurskinsefni, skulu vera 4 endurskinsmerki, 5x15 cm. að stærð, á hvorri hlið beltisins, eða 6 merki 5x10 cm að stærð.

Bjarghringir skulu búnir 4 endurskinsmerkjum, 5 cm breiðum, sem fest eru utan um hringinn með jöfnu millibili.

18. gr.

18.00. **Ýmis atriði háð alþjóðareglum.**

18.01. Um smíði, gerð, stærð, merkingu og sjósetningartæki björgunarfara, skal farið að reglum alþjóðasamþykkta, sem Ísland er aðili að, sömuleiðis um gerð björgunarbelta og hringa, lóðsstiga, báta- og slökkviliðsæfingar.

19. gr.

19.00. **Lífgunartæki.**

Í hverju fiskiskipi með þilfari skal vera tæki til lífgunar úr dauðadái af viðurkenndri gerð. Tækinu skal fylgja leiðarvísir um notkun þess á íslensku.

20. gr.

20.00. **Handrið á stýrishúsum.**

Séu gúmmíbjörgunarbátar geymdir á þaki stýrishúss, skal á því vera handrið, ef við verður komið, 80 cm hátt að minnsta kosti. Á bátum, sem eru minni en 30 brl, má handrið þetta vera einn stálvír strengdur milli stoða, sem festar eru á þak hússins með 1.5 m millibili í hæsta lagi. Tillit skal tekið til staðsetningar áttavita við val efnis í stoðirnar.

21. gr.

21.00. **Fyrirkomulag öryggisbúnaðar.**

21.01. Öllum öryggisbúnaði skal þannig fyrir komið um borð í skipum að þau séu vel aðgengileg, þurfi að grípa til þeirra.

21.02. Ber skipstjóra að sjá svo um að skipverjum sé leiðbeint um notkun tækjanna og kynnt staðsetning þeirra.

22. gr.

22.00. **Leiðbeiningar um notkun öryggistækja.**

22.01. Leiðbeiningar um notkun öryggistækja, svo sem línubyssu, flugelda, slökkvitækja o. fl. skulu vera á íslensku og/eða með skýrum myndtextum.

Hver sá, sem selur slík tæki, ber ábyrgð á, að þessu sé framfylgt, þannig að fullnægjandi sé að mati siglingamálastjóra.

23. gr.

23.00. **Viðurkenning öryggistækja.**

23.01. Öll björgunartæki eru háð viðurkenningu siglingamálastjóra.

Viðurkenning er látin í té án endurgjalds, en kostnaður vegna hennar, ef einhver er, greiðist af beiðanda.

24. gr.

24.00. **Undanþágur vegna fólksflutninga.**

24.01. Þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar um er að ræða flutning á sjómönnum eða verkafólki til og frá verstöðvum, eða einstakar hópferðir, getur siglingamálastjóri gert vægari kröfur til farþegarýmis og skipsbúnaðar en krafist er í reglum. Skal þá undanþágan gefin skrifleg fyrir hverja einstaka ferð.

25. gr.

25.00. **Öryggisbúnaður afbrigðilegra fara.**

Þegar um er að ræða pramma, vinnubáta á höfnum inni, grafvélar og önnur afbrigðileg för, ákveður siglingamálastjóri hverju sinni, hvernig öryggisbúnaði skuli háttað.

V. KAFLI
OPNIR BÁTAR.

26. gr.

26.00. **Gildissvið.**

Þessi kafli tekur til opinna báta, 6 m og lengri, annarra en skemmtibáta.

27. gr.

27.00. **Öryggisbúnaður.**

1. Vökvaáttaviti af viðurkenndri gerð.
2. Björgunarvesti fyrir alla um borð.
3. Bárufleygur.
4. Björgunarhringur eða flothæfur kasthringur með 25 m línu.
5. Eitt 2 kg þurrduftsslökkvitæki ABC, en tvö, ef eldunaraðstaða er í vistarverum.
6. Föst handdæla, hvort sem báturinn er búinn véldælu eða ekki.

Lengd bátsins í metrum	Afköst handdælu í l við hvert dæluslag	
	Blöðkudæla	Stimpildæla
6—7	0.7	1.0
7—10	0.9	1.25

Sé báturinn búinn skilmrúmum án austurrása, skal vera hægt að dæla úr hverju rými fyrir sig.

7. Austurtrog eða skjóla.
8. Rekakkeri með hanafæti, segulnagla og 25 m taug með 1 000 kg brotþoli. Lengd akkeris 1.20 m, stærra þvermál 0.60 m og minna þvermál 0.18 að minnsta kosti.
9. Legufæri og festar skv. reglum nr. 64/1979, hluti J 9.
10. Siglinga- og fiskiljós skv. alþjóðareglum.
11. Sigla og hæfilega stór segl, tvær árar, nema báturinn sé þannig gerður, að honum verði hvorki siglt eða róið, en þá skal hann búinn metrabylgjutalstöð (VHF) eða neyðarbylgjutalstöð á bylgjulengdinni 2182 kHz.
12. Lyfjaskrín nr. 1.
13. Vatnshelt vasaljós.
14. Þokulúður eða flautu.
15. Þrjú rauð handblys.
16. Radarspegill, 25 cm að þvermáli, að minnsta kosti.
17. Æskilegt er að opnir bátar séu búnir gúmmíbjörgunarbát af viðurkenndri gerð eða öðru hentugu fleytitæki.

28. gr.

28.00. **Vélbúnaður.**

28.01. Um vélbúnað opinna báta skal farið eftir reglum um smíði og búnað skemmtibáta nr. 450/1978, 4. gr.

29. gr.

29.00. **Verkfæri.**

1. Hamar.
2. 2 skiptilyklar og nauðsynlegir fastir lyklar.
3. Töng.
4. Þjöl.
5. Meitill.
6. 2 skrúfjárn.

30. gr.

30.00. **Rafkerfi.**

30.01. Um rafkerfi opinna báta, 12 m og styttri, miðað við mestu lengd, skal farið að reglum um smíði og búnað skemmtibáta nr. 450/1978, 5. gr.

30.02. Séu bátar hinsvegar lengri en 12 m, skal rafkerfi þeirra fullnægja ákvæðum reglna um raforku og raflagnir nr. 28/1977.

31. gr.

31.00. **Varahlutir fyrir dieselvélar.**

1. Eldneytisloki tilbúinn til notkunar.
2. Eldneytisrör frá dælu að loka, eitt af hverri gerð.
3. Eina síu fyrir hverja, sem er við vélina.
4. Viðgerðarsett fyrir olíufordælu, sjódælu og hringrásardælu.
5. Ein reim af hverri gerð.
6. Ein hosa af hverri gerð, ásamt hosuklemmum.
7. Tveir keðjulásar.

Sé vélin ekki búin einhverju af ofangreindu, falla viðkomandi varahlutir niður.

32. gr.

32.00. **Varahlutir fyrir bensínvélar.**

Auk varahluta þeirra, sem nefndir eru í 31. gr. tl. 3, 4, 5, 6, 7, skulu vera fyrir hendi eitt sett af kertum, platínum og eitt kveikjulok.

33. gr.

33.00. **Róðrabátar.**

Róðrabátar eru undanþegnir þessum reglum að því frátöldu, að þeir skulu merktir á sama hátt og vélbátar og hafa árar í öllu ræði, austurtrog, vatnsþétt vasaljós og björgunarbelti fyrir alla um borð.

34. gr.

34.00. **Merking.**

Bátar skulu merktir eins og segir í reglum um merkingu skipa, nr. 331/1978, að auki skulu þeir merktir bókstafnum B og skráningarnúmeri fyrir aftan.

VI. KAFLI

Aðlögun, refsingar o. fl.

35.00. **Aðlögun.**

35.01. Grein 8.03 um ljóskastara gildir aðeins um ný skip og nýja ljóskastara í gömul skip.

35.02. Heimilt skal skipum, sem ennþá eru búin venjulegum flugeldum með stöng, að halda þeim til þriggja ára aldurs. (Sjá grein 8.06).

35.03. Fjölgun gúmmíbjörgunarbáta samkvæmt greinum 9.02.10 og 9.02.13 skulu fara fram við fyrstu skoðun skipa eftir 1. júní 1981, í síðasta lagi.

36.00. **Refsingar.**

Brot gegn reglum þessum varða refsingu samkvæmt X. kafla laga nr. 52/1970, um eftirlit með skipum.

37.00. **Gildistaka o. fl.**

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52/1970 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eftirtaldar reglur:

1) Reglur um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. janúar 1953. Stj.tíð. B. nr. 14/1962.
2) Reglur um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. janúar 1953. Stj.tíð. B nr. 32/1963.
3) Tilskipun um reglur um sérstök ljósmerki fyrir fiskiskip að veiðum með herpinót og kraftblökk. Stj.tíð. A. nr. 91/1965.

4) Reglur um breytingu á reglum nr. 14 28. febrúar 1962, um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. janúar 1953. Stj.tíð. B nr. 264/1969.
5) Reglur um breytingu á reglum nr. 14 28. febrúar 1962, um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. janúar 1953. Stj.tíð. B. nr. 182/1971.
6) Reglur um endurskinsmerki á björgunarbúnaði íslenskra skipa. Stj.tíð. B. nr. 350/1976.

Samgönguráðuneytið, 4. júlí 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

11. ágúst 1980. Nr. 425.

REGLUGERÐ

um veiðar á loðnu á haustvertíð 1980 og vetrarvertíð 1981.

1. gr.

Frá útgáfu reglugerðar þessarar þar til annað verður ákveðið eru íslenskum skipum, öðrum en þeim er frá greinir í 2. gr., bannaðar allar loðnuveiðar.

2. gr.

Frá 5. september 1980 þar til annað verður ákveðið er þeim skipum, er talin eru hér á eftir, heimilt að veiða eftirgreint magn af loðnu:

Nafn skips og umdæmisnúmer:	Skipaskrárnr.:	Leyfilegt aflamagn:
Albert GK 31	1046	11 500
Arnarnes HF 52	1020	11 300
Ársæll KE 17	965	10 100
Bergur VE 44	968	10 700
Bjarni Ólafsson AK 70	1504	16 100
Börkur NK 122	1293	16 100
Dagfari ÞH 70	1037	10 800
Eldborg HF 13	1525	20 100
Fífill GK 54	1048	11 600
Gígja RE 340	1011	12 600
Gísli Árni RE 375	1002	11 600
Grindvíkingur GK 606	1512	15 400
Guðmundur RE 29	1272	14 300
Gullberg VE 292	1401	11 500
Hafrún ÍS 400	1050	11 800
Harpa RE 342	1033	11 900
Hákon ÞH 250	1059	13 100
Helga II RE 373	1018	11 000
Helga Guðmundsdóttir BA 77	1076	12 700
Hilmir SU 171	1551	17 700
Hilmir II SU 177	1044	11 200
Hrafn GK 12	1006	12 000
Huginn VE 55	1411	11 500
Húnaröst ÁR 150	1070	11 800
Ísleifur VE 63	1056	10 000

Nafn skips og umdæmisnúmer:	Skipaskrárnr.:	Leyfilegt aflamagn:
Jón Finnsson RE 506	1283	11 500
Jón Kjartansson SU 111	155	15 800
Júpiter RE 161	130	17 700
Kap II VE 4	1062	12 200
Keflvíkingur KE 100	967	10 700
Ljósfari RE 102	973	11 200
Magnús NK 72	1031	10 800
Náttfari RE 75	1035	10 800
Óli Óskars RE 175	226	18 000
Óskar Halldórsson RE 157	962	9 900
Pétur Jónsson RE 14	1069	13 100
Pétur Jónsson RE 69	1061	12 200
Rauðsey AK 14	1030	11 200
Seley SU 10	1361	10 000
Sigurður KE 4	183	18 500
Sigurfari AK 95	1413	13 800
Skarðsvík SH 205	1416	11 500
Skírnir AK 16	233	10 200
Stapavík SI 4	979	10 900
Súlan EA 300	1060	13 200
Svanur RE 45	1029	12 200
Sæberg SU 9	252	11 400
Sæbjörg VE 56	989	11 600
Víkingur AK 100	220	17 900
Þórður Jónasson EA 350	264	10 600
Þórshamar GK 75	1501	11 400
Örn KE 13	1012	11 300

Afli skip meira af loðnu en því er heimilt samkvæmt þessari grein verður andvirði þess, sem umfram er leyfilegt aflamagn, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Ráðuneytið getur bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum og stöðvað þær alveg í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m. a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnunnar.

Ennfremur getur ráðuneytið ákveðið hækkun eða lækkun á leyfilegu veiðimagni loðnuskipanna, komi til breytinga á leyfilegu heildarveiðimagni.

4. gr.

Skipstjórar loðnuveiðiskipa skulu tilkynningaskyldir við loðnunefnd samkvæmt lögum, reglugerðum og fyrirmælum nefndarinnar.

5. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuafla fiskiskipa.

Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

6. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smáloðnu í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nótinni að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

7. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 5. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og gerir sjávarútvegsráðuneytinu aðvart, sé hlutur smáloðnu yfir 55%

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita leyfi til veiða á smáloðnu til niðurlagningar.

9. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. ágúst 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Jón B. Jónasson.

24. júlí 1980. Nr. 426.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 107 1. febrúar 1980, um aldurslagatryggingu vegna úreltra og óhagkvæmra fiskiskipa með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Stofna skal sérstakan sjóð, Úreldingarsjóð, og skulu tekjur samkvæmt 1. gr. renna til hans.

Heimili og varnarþing sjóðsins verður hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem annast vörslu hans og fjárreiður.

Reikningsár Úreldingarsjóðs er almanaksárið. Endurskoðendur Samábyrgðarinnar skulu endurskoða reikninga sjóðsins.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar Samábyrgðinni. Með umsókn skal m. a. fylgja veðbókarvottorð, ársreikningur seinasta árs og yfirlit yfir skuldastöðu, er umsókn er send. Umsækjanda er skylt að gefa sjóðsstjórn hverjar þær upplýsingar aðrar, er hún telur nauðsynlegar.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Við úthlutun styrkja skal sjóðsstjórn m. a. hafa hliðsjón af eftirfarandi:

1. Fjárhagsstöðu umsækjanda með tilliti til allra skulda, veðskulda, haldsréttarskulda og lausaskulda, eins og þær eru, þegar umsókn er send.
2. Vátryggingarfjárhæð skips, sem sé sundurliðuð þannig:
   a) Bolur, reisn og rafbúnaður.
   b) Aðalvél, ljósavélar og vindur.
   c) Siglinga- og stjórntæki.
3. Mati Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum á því, hvers virði búnaður hvers skips geti verið til sölu. Skal leita eftir slíku mati þegar, er umsókn berst.

Sjóðsstjórn skal aðallega og eftir því sem fært er miða upphæð styrks við það, að skuldastaða styrkþega verði viðunanleg að fengnum styrk. Þessi regla hamlar þó ekki því, að skuldlaus eða skuldlítill útgerðaraðili fái styrk úr Úreldingarsjóði. Leggur sjóðsstjórn þá sanngirnismat hverju sinni á upphæð styrks, m. a. með hliðsjón af upphæð styrkja til annarra útgerðaraðila, sem áttu/eiga sambærileg skip, en bjuggu/búa við erfiða fjárhagsstöðu.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 5 13. febrúar 1976, sbr. lög nr. 2 1. febrúar 1980 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. júlí 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Ingimar Einarsson.

Nr. 427. 29. júlí 1980.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169 21. ágúst 1970 um söluskatt með áorðnum breytingum.

1. gr.

2. mgr. 2. tl. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 266/1980, orðist svo:

Undanþága samkvæmt þessum tölulið tekur þó ekki til sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald. Undanþágan nær heldur ekki til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, kex og annarra íburðarmeiri brauðvara er falla undir tollskrárnúmer 19.08.03—09 ef þær innihalda 20% eða meira af súkkulaði miðað við þyngd, poppkorns eða annars sælgætis þótt það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 29. júlí 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 — 1980

14. ágúst 1980. 705 Nr. 428.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Bessastaðahrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 520.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a) fyrir mæla til og með 3/4″ ..... kr. 2 700
b) fyrir mæla 1″ og stærri ..... — 6 000

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 2 850.00

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

B 89

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húsa: (utanmál) m^3	Heimæðargjald
Allt að 400	815 000 kr.
400—2 000	815 000 kr. fyrir 400m^3 + 650 kr/m^3 þar yfir.
Meira en 2 000	1 855 000 kr. fyrir 2 000 m^3 + 560 kr/m^3 þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 75 224.00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Við það skal miðað, að meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu fari ekki fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 5 656.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af hreppsnefnd Bessastaðahrepps er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 14. ágúst 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um hækkun á gjaldskrám hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 og 10. gr. laga um Orkubú Vestfjarða nr. 66 31. maí 1977 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkanir á gildandi gjaldskrám (með síðari breytingum) eftirtalinna hitaveitna frá og með 16. ágúst 1980.

Hitaveita Reykjavíkur nr. 320 28. maí 1980	18%
Hitaveita Seltjarnarness nr. 22 24. janúar 1978	18%
Hitaveita Sauðárkróks nr. 113 3. apríl 1973	8%
Hitaveita Ólafsfjarðar nr. 368 5. ágúst 1975	13%
Hitaveita Húsavíkur nr. 259 16. júní 1977	20%
Hitaveita Reykjahlíðar nr. 231 26. maí 1977	15%
Hitaveita Hvammstanga nr. 287 27. desember 1973	13%
Hitaveita Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973	18%
Hitaveita Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976	13%
Hitaveita Þorlákshafnar nr. 269 28. maí 1980	13%
Hitaveita Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977	13%
Hitaveita Mosfellshrepps nr. 108 10. febrúar 1977	18%
Fjarhitun Vestmannaeyja nr. 185 26. apríl 1979	13%
Hitaveita Flúða og nágrennis nr. 151 14. mars 1977	20%
Hitaveita Suðureyrarhrepps nr. 226 26. maí 1977	34%
Hitaveita Egilsstaðahrepps og Fella nr. 460 1. nóv. 1979 ..	20%
Orkubú Vestfjarða nr. 461 1. nóv. 1979	13%

Iðnaðarráðuneytið, 14. ágúst 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

15. ágúst 1980. Nr. 430.

REGLUGERÐ

um veiðitakmarkanir 16. ágúst til 30. nóvember 1980.

1. gr.

Skuttogurum með aflvél 900 hestöfl og stærri og togskipum, sem eru 39 metrar og lengri, eru bannaðar veiðar með eftirgreindum hætti:

1. Á tímabilinu 16. ágúst til 30. september 1980 eru skipum bannaðar þorskveiðar í 13 daga.
2. Á tímabilinu 1. október til 30. nóvember 1980 eru skipum bannaðar þorskveiðar í 18 daga.

2. gr.

Útgerðaraðilar ráða tilhögun veiðitakmörkunar samkvæmt 1. gr., en þó skal hvert skip láta af þorskveiðum eigi skemur en í 4 sólarhringa í senn.

Tilhögun veiðitakmarkana samkvæmt 1. gr., skal tilkynnt sjávarútvegsráðuneytinu áður en þær hefjast hverju sinni. Verði slíkar áætlanir ekki látnar í té, getur ráðuneytið ákveðið, hvenær viðkomandi skip skuli láta af þorskveiðum. Útgerðaraðilar eru bundnir við áætlanir sínar og verða að leita samþykkis ráðuneytis, ef þeir vilja breyta þeim.

3. gr.

Við ákvörðun á því, hversu lengi skip láta af þorskveiðum hverju sinni samkvæmt 1.—2. gr. gilda eftirfarandi reglur:

1. Upphaf tímabils miðast við þann tíma, er skip kemur í höfn til löndunar afla úr síðustu veiðiferð fyrir tímabilið.
2. Lok tímabils miðast við þann tíma, er skipið heldur til þorskveiða á ný.
3. Sigli skip með afla til löndunar erlendis og reynist þorskur yfir 15% af heildaraflanum, telst sá tími er fer í siglingar með afla út og til heimahafnar aftur ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.

4. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 1. og 2. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%.

Fari þorskafli yfir 15% af heildaraflanum, verður það, sem umfram 15% er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

5. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili, sem þorskveiðar eru bannaðar sbr. 1. og 2. gr., og hlutfall þorsks í afla reynist hærra en 15% skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 4. gr. nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils, hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

6. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

7. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. ágúst 1980.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 40, nr. 428—430. Útgáfudagur 15. ágúst 1980.

STJÓRNARTÍÐINDI B 41 — 1980

15. ágúst 1980. 709 Nr. 431.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Ríkisútvarp nr. 260 1. nóvember 1972.

1. gr.

24. gr. orðist svo:

Innheimta skal árlegt afnotagjald Ríkisútvarpsins hjá þeim sem hagnýta sér útsendingar þess. Gjald þetta skal greiða af hverju sjónvarpsviðtæki og vera mismunandi hátt eftir því hvort tæki er gert fyrir móttöku sjónvarps í lit eða eingöngu í svart/hvítu.

Sá aðili, sem hefur sjónvarpsviðtæki á leigu eða að láni, skal greiða afnotagjald Ríkisútvarps, en heimilt er að krefja skráðan eiganda um gjaldið, ef vanskil verða.

Sjúkrahús, heilsuhæli, vistheimili, dvalar- og elliheimili og sjúkradeildir slíkra stofnana, gistihús og skólar, skulu greiða hálft afnotagjald af hverju aukasjónvarpstæki í samfelldri notkun í eigu stofnunar. Vistmenn dvalar- og elliheimila með eigin viðtæki í notkun þar, greiði ekki útvarpsgjöld af þeim.

Af viðtækjum í skipum skal greiða í samræmi við almennar reglur. Af viðtækjum í skipum í millilandasiglingum skal greiða hálft útvarpsgjald. Af viðtækjum í fiskiskipum, sem um lengri tíma veiða á fjarlægum miðum, er heimilt að lækka gjald með hliðsjón af þeim aðstæðum.

2. gr.

25. gr. orðist svo:

Notandi hljóðvarps, sem ekki greiðir afnotagjald samkvæmt 24. gr., skal greiða hljóvarpsgjald af hljóðvarpsviðtækjum sem hér segir:

1. Af einu viðtæki á heimili hverju, þó að fleiri séu þar í notkun. Með heimili er átt við íbúðarhúsnæði, sem hljóðvarpsnotandi býr í sjálfstætt, einn eða ásamt fjölskyldu sinni. Það tekur meðal annars til þess, er hljóðvarpsnotandi býr einn í leiguherbergi og sömuleiðis til einstaklinga, sem atvinnu stunda eða eigi eru á framfæri annarra, þó að þeir séu í fæði hjá húsráðanda eða öðrum. Í því sambandi, sem hér ræðir um, telst sumarbústaður hluti af heimili. Ef viðtæki er notað með leiðslum til annarra heimila, telst hvert heimili hljóðvarpsnotandi, sem þannig hagnýtir sér hljóðvarp ríkisins.
2. Af einu viðtæki í stofnun hverri. Ef stofnun greinist í deildir, skal greiða gjald fyrir hljóðvarpsafnot í hverri deild um sig.
3. Af viðtækjum í skipum.
4. Viðtæki í einkabifreiðum telst heimilisviðtæki notanda. Af viðtækjum í öðrum bifreiðum og vélknúnum ökutækjum skal greiða fullt gjald.
5. Greiða skal afnotagjald af útbúnaði til hljóðvarpsmóttöku í talstöðvartækjum.
6. Sjúkrahús, heilsuhæli, vistheimili, dvalar- og elliheimili og sjúkradeildir slíkra stofnana, gistihús og skólar greiði gjald af hverju hljóðvarpsviðtæki, en ekki línum frá þeim til annarra vistarvera. Starfsfólk, sem býr í slíkum stofnunum,

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

greiði gjald eftir almennum reglum. Það teljast sjálfstæð hljóðvarpsnot, ef hljóðvarp er tengt með línu til vistarvera starfsmanna þessara frá viðtæki í eigu stofnunarinnar.

3. gr.

26. gr. orðist svo:

Gjalddagar afnotagjalda Ríkisútvarpsins eru 1. mars og 1. september. Ríkisútvarpinu skal heimilt að fjölga gjalddögum í fjóra.

4. gr.

27. gr. orðist svo:

Nú hefur gjaldandi ekki greitt afnotagjald innan 21 dags frá gjalddaga þess, og leggst þá við gjaldið 10% álag vegna kostnaðar af innheimtu og annar kostnaður af vanskilum.

Dráttarvextir reiknast mánaðarlega frá og með næstu mánaðamótum eftir eindaga.

5. gr.

28. gr. orðist svo:

Tilkynna skal Ríkisútvarpinu skriflega uppsögn á sjónvarps-/hljóðvarpsnotum. Gjaldskylda fellur niður, þegar tilkynning berst Ríkisútvarpinu. Lækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins vegna tímabundinnar innsiglunar viðtækis er því aðeins veitt að innsiglun vari í þrjá mánuði hið skemmsta.

6. gr.

30.—35. gr. verða framvegis 29.—34. gr.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í útvarpslögum nr. 19 5. apríl 1971 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 15. ágúst 1980.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 432. 15. ágúst 1980.

AUGLÝSING

um afnotagjöld Ríkisútvarps.

Afnotagjöld Ríkisútvarps fyrir síðari helming árs 1980 hafa verið ákveðin sem hér segir:

Afnotagjald Ríkisútvarps fyrir móttöku sjónvarps í lit	kr. 41 200
Afnotagjald Ríkisútvarps fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu	— 32 800
Hljóðvarpsgjald	— 10 700

Menntamálaráðuneytið, 15. ágúst 1980.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpi.

I. **Hljóðvarp:** (Miðað er við krónur fyrir hvert orð).

Flokkur 1
Dánartilkynningar og jarðarfarir, messur. Tapað—fundið. Góðgerðarstarfsemi ..... kr. 520

Flokkur 2
Opinberar tilkynningar, auglýsingar um fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og viðskipti, sem lesnar eru kl. 9.30 og kl. 16.00 ..... — 790

Flokkur 3
Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar fyrir og eftir hádegisfréttir og fyrir kvöldfréttir ..... — 920

Flokkur 4
Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir ..... — 1 840

II. **Sjónvarp:** (Miðað er við krónur fyrir sekúndur).

7 sek.	kr.	63.500
10 —	—	98 500
15 —	—	123 200
20 —	—	153 500
25 —	—	172 600
30 —	—	192 500
35 —	—	227 500
40 —	—	245 000
45 —	—	262 500
50 —	—	291 700
55 —	—	320 800
60 —	—	350 000

Gjaldskrá þessi gildir að því er hljóðvarp varðar frá 1. september 1980 en að því er varðar sjónvarp frá 1. október 1980 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 15. ágúst 1980.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

14. ágúst 1980. Nr. 434.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðilæknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu.

1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 3 000 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samalgsmaður skal greiða fyrstu 3 000 kr. hverrar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu 3 000 kr. af kostnaði við hverja röntgengreiningu.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálft gjald, þ. e. a. s. kr. 1 500 í hvert skipti.

2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr., skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. september 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 184/1980 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. ágúst 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 435. 14. ágúst 1980.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 700 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 1 400 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. september 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 186/1980 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. ágúst 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 1 100 krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 3 000 krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálft gjald, þ. e. kr. 550 og kr. 1 500 fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. september 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 185/1980 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. ágúst 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

15. ágúst 1980. Nr. 437.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykhólahafnar, Austur-Barðastrandarsýslu, nr. 259 25. apríl 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 33.00 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 16.00 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 33.00 á brúttórúmlest, **þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.**
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 2 235.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 11 230.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 16.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 800.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 610.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1 290.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 560.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 350.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 295.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 12. ágúst 1980, sbr. auglýsingu nr. 419 12. ágúst 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 175 17. apríl 1979.

Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 438. 15. ágúst 1980.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Breiðdalsvíkur, nr. 140 20. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 33.00 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 16.00 á brúttórúmlest.

c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 33.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 2 235.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 11 230.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 16.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 800.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 6 650.00 fyrir hvert skip, auk kr. 16.00 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 1 450.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 610.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1 290.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 560.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 350.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 290.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast gildi 12. ágúst 1980, sbr. auglýsingu nr. 419 12. ágúst 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 31 23. janúar 1980.

Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Vopnafjarðarhrepps, nr. 110 20. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 33.00 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 16.00 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 33.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 2 235.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 11 230.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 16.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 800.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 6 650.00 fyrir hvert skip, auk kr. 16.00 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 1 450.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 610.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1 290.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 560.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 350.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 290.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestfestist hér með til að öðlast gildi 12. ágúst 1980, sbr. auglýsingu nr. 419 12. ágúst 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 402 16. maí 1980.

Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

18. júlí 1980. Nr. 440.

REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa

HLUTI J II

Reglur um vinnuöryggi á flutningaskipum og farþegaskipum.

EFNISYFIRLIT:

1. gr. Almenn ákvæði.
2. gr. Vinna á og undir þilfari.
3. gr. Vinna í vélarrúmi og tönkum.
4. gr. Vinna við raflagnir og raftæki.
5. gr. Undanþágur, refsingar o. fl.

1. gr.
Almenn ákvæði.

Öryggi á opnu þilfari, almennt.

1.0.1. Rusli og úrgangsefnum, sérstaklega eldfimum og rotnandi efnum, skal komið fyrir á viðeigandi hátt eins fljótt og mögulegt er. Æskilegt er að þetta sé sett í lokaða geyma eða sterka sekki og sem lengst frá vistarverum áhafnar.

1.0.2. Öll áhöld og búnaður skal tekinn saman og fjarlægður af gangvegum, þegar hann er ekki í notkun.

1.0.3. Lekaolíu og feiti skal fjarlægja sem fyrst og þilfar eða gólf hreinsað vel á eftir.

1.0.4. Aðvörunarmerki skulu vera á þeim stöðum, þar sem sérstök hætta getur verið, t. d. eldhætta, háspenna, lágir loftbitar eða álíka.

1.0.5. Öryggisáhöld til notkunar fyrir skipsmenn við vinnu, t. d. öryggishjálmar, öryggisbelti, hlífðargleraugu og eyrnahlífar skulu jafnan vera fyrir hendi.

1.0.6. Skipverjum skal leiðbeint um notkun öryggisáhalda og handverkfæra.

Gangar, stigar, landgangar og handrið.

1.1.1. Gangar utan vistarvera skulu vera hæfilega breiðir fyrir þá notkun, sem þeim er ætluð. Þeir skulu búnir handriðum, þar sem þess er talin þörf. Gólf í göngum skulu vera þannig, að hreingerning þeirra sé auðveld og að síður gæti hálku í bleytu.

1.1.2. Stigar og stigaþrep skulu gerð úr óbrennanlegu efni og þrepin þannig, að ekki verði hált í bleytu, t. d. upphleyptu stáli eða áli.

1.1.3. Um borð skal að jafnaði vera landgangur eða annar viðurkenndur útbúnaður, til þess að komast frá borði og um borð. Öryggisnet skal setja undir landgang. Bjarghring með líflínu skal staðsetja við landgang.
1.1.4. Ákveðinn geymslustaður skal, eftir því sem fært er, vera ætlaður til geymslu landgangs, þegar hann er ekki í notkun.
1.1.5. Stigar og landgangur verða að hafa örugga festingu, svo umferð sé örugg. Sama gildir um lausa stiga t. d. við notkun í lestum.
1.1.6. Liggi skip samsíða, skal nota borðstokkströppur eða hentugan búnað með handriði, til þess að tryggja örugga umferð milli skipanna.
1.1.7. Þar, sem efri endi landgangs eða stiga endar á borðstokk, verður að hafa tröppur með handriði frá borðstokk eða þilfari.
1.1.8. Staðsetning landgangs eða stiga sé ætíð utan hættusvæðis frá lyftubúnaði skips eða krana, sé þess nokkur kostur.
1.1.9. Göngum, stigum og landgangi skal haldið vel hreinum og í góðu lagi, svo að öll umferð sé sem öruggust.
1.1.10. Kaðalstigi hafnsögumanns verður að hafa minnst tvö þrep vel út fyrir kaðlana, svo að stiginn snúist ekki í notkun.
1.1.11. Aldrei skal skilja hurð eftir opna, nema að kræjka henni.

Utanborðsvinna, þegar skip liggur við legufæri eða í höfn.

1.2.1. Þegar ankerum er varpað eða dregin inn, ber að gæta þess að enginn sé í hættu vegna hreyfingar á keðju eða vindu.
1.2.2. Þegar vinna fer fram utanborðs, hvort sem um er að ræða á palli eða frá báti, ber skipverja að vera með öryggisbelti.
1.2.3. Vinna er aðeins leyfð utanborðs, þegar skip er við legufæri eða í höfn.

Vinna við losunarbúnað.

1.3.1. Skipverjum skal leiðbeint um meðferð og styrkleika stálvíra, kaðla, króka og um annan lyftibúnað skipsins.
1.3.2. Allir vírar, kaðlar, stroffur og krókar skulu hafa öruggan styrkleika fyrir þann þunga og álag, sem þeim er ætlað að þola.
1.3.3. Í hverju skipi felur skipstjóri ákveðnum yfirmanni að hafa það verkefni sérstaklega að sjá um að framkvæmt sé viðhald og litið reglulega eftir ástandi á vindum, krönum, vírum, köðlum, stroffum og krókum með tilliti til öryggis. Hann skal skrá á sérstakan lista þetta eftirlit og niðurstöður þess.

2. gr.

Vinna á og undir þilfari.

2.0.1. Öll áhöld, sem notuð eru við vinnu, skulu fullnægja íslenskum reglum varðandi öryggi og útbúnað.
2.0.2. Allur lyftibúnaður, skal háður íslenskum reglum um öryggi og frágang og greinilega skal sýnt hvaða álag hann er gerður fyrir.
2.0.3. Stjórnrofar fyrir hvern lyftibúnað skulu þannig gerðir og staðsettir, að auðveldlega og örugglega megi stöðva.
2.0.4. Koma skal fyrir líflínu, þegar þörf krefur vegna öryggis.
2.0.5. Lýsing skal vera nægileg í göngum og á þeim stöðum, þar, sem áhöfn þarf að vinna eða fara um.
2.0.6. Öruggur aðgangur skal tryggður í hverja lest eða hvert rými undir þilfari. Æskilegt er að hægt sé að komast í lestarrými á tveimur stöðum.
2.0.7. Á meðan losun og lestun fer fram skal ekki unnið að viðhaldi á þeim stöðum, þar sem um hættu getur verið að ræða.
2.0.8. Þegar unnið er í bátmannsstól, skal notað öryggisbelti.

3. gr.

Vinna í vélarrúmi og tönkum.

3.0.1. Ekki má fjarlægja varnarhlíf eða grindverk við vél eða tæki, fyrr en viðkomandi vél eða tæki hefur verið stöðvað.

3.0.2. Ekki má taka vél né tæki í notkun fyrr en viðeigandi varnarhlíf hefur verið sett á sinn stað.

3.0.3. Koma skal fyrir öryggisbúnaði, sem tryggi, að vél eða tæki verði ekki ræst af vangá.

3.04. Allir varahlutir skulu vera á þar til ætluðum stöðum og þungir hlutir tryggilega festir.

3.0.5. Vélargólfi, stigaþrepum og handriðum sé haldið vel hreinum.

3.0.6. Þegar unnið er við lok eða loka, sem eru undir þrýstingi, skal þess gætt að fella þrýstinginn áður en verk er hafið. Aldrei má fjarlægja festibolta fyrr en lokið er laust.

3.0.7. Gæta skal vandlega að því, að útblástursloft komist ekki inn í vélarrúm eða tanka.

3.0.8. Vélamenn og aðrir þeir, sem vinna við vél eða í tanka, skulu nota viðeigandi öryggistæki, sem tryggi þeim vörn gegn heilsutjóni.

3.0.9. Ekki má hefja vinnu í tönkum, fyrr en öruggt er að sá sem verkið skal vinna, sé ekki í hættu vegna skorts á súrefni né áhrifum frá öðrum hættulegum efnum.

3.0.10. Jafnan skulu minnst tveir menn starfa saman, þegar framkvæma þarf verk við tankhreinsun. Æskilegt er að notuð sé líflína séu aðstæður erfiðar.

4. gr.

Vinna við raflagnir og raftæki.

4.0.1. Öllum rafbúnaði skal vel við haldið. Aðeins hæfum mönnum er leyfilegt að fást við lagningu og viðhald rafkerfisins.

4.0.2. Færanleg rafmagnstæki skulu jarðtengd og allar lagnir að þeim skulu vera öruggar gagnvart útleiðslu.

4.0.3. Reikna skal með að straumur sé á raflögn, þar til fullvissa er fengin fyrir því að svo sé ekki.

5. gr.

Undanþágur, refsingar o. fl.

5.0.1. Siglingamálastofnunin getur leyft frávik frá ákvæðum þessara reglna, þegar ástæður um borð í einstökum skipum réttlæta það, frávikin eru óveruleg, og brjóta ekki í bága við lög og reglugerðir um vinnuöryggi, eða alþjóðasamþykktir, sem Ísland er aðili að.

5.0.2. Brot á reglum þessum varða refsingu samkvæmt X. kafla laga nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum.

5.03. Eintak af reglum þessum skal vera í hverju skipi og aðgengilegt fyrir alla um borð.

5.0.4. Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum og staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 18. júlí 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaði í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir	kr.	550
Einstakir miðar, börn	—	220
10 miðar, fullorðnir	—	3 300
10 miðar, börn	—	1 100
10 miðar, aldraðir	—	1 650
Gufubað	—	900
Leiga á handklæðum og skýlum	—	450
Sundnámskeið, fullorðnir	—	10 400
Sundnámskeið, börn	—	7 600
10 miða kort, 16 ára og eldri (sundfélög)	—	1 100
10 miða kort, yngri en 16 ára (sundfélög)	—	600

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 528 27. desember 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 7. ágúst 1980.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 442. 14. ágúst 1980.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1980.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1980, vegna lyfjaeftirlits skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	kr.	203 000
II. flokkur	—	173 000
III. flokkur	—	143 000
IV. flokkur	—	102 000
V. flokkur	—	76 000

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:	Ingólfs Apótek
	Lyfjabúðin Iðunn
	Reykjavíkur Apótek
II. flokkur:	Apótek Austurbæjar
	Hafnarfjarðar Apótek
	Keflavíkur Apótek
	Laugavegs Apótek
	Stjörnu Apótek

III. flokkur: Háaleitis Apótek
Holts Apótek
Kópavogs Apótek
Vesturbæjar Apótek
IV. flokkur: Akraness Apótek
Akureyrar Apótek
Apótek Vestmannaeyja
Árbæjar Apótek
Borgar Apótek
Garðs Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek
Laugarness Apótek
Lyfjabúð Breiðholts
Selfoss Apótek
Stykkishólms Apótek
V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði
Apótek Blönduóss
Borgarness Apótek
Dalvíkur Apótek
Egilsstaða Apótek
Hafnar Apótek
Mosfells Apótek
Nes Apótek, Neskaupstað
Norðurbæjar Apótek, Hafnarfirði
Patreks Apótek
Rangár Apótek
Sauðárkróks Apótek
Siglufjarðar Apótek
Ölfus Apótek

3. gr.

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:
I. flokkur: Lyfjaverslun ríkisins
Parmaco hf.
II. flokkur: Stefán Thorarensen hf.

4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:
I. flokkur: G. Ólafsson hf.
Lyfjaverslun ríkisins
Parmaco hf.
Stefán Thorarensen hf.
II. flokkur: Ásgeir Sigurðsson hf.
Hermes hf.
III. flokkur: Farmasía hf.
H. Ólafsson & Bernhöft
Lyf sf.

5. gr.

Héraðslæknar, sem annast lyfjasölu skv. 42. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skulu greiða eftirlitsgjald skv. V. flokki.

6. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús. Skulu þá deildaskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkvæmt II. flokki, en önnur skv. V. flokki.

7. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. október 1980. Gjaldið er lögtakskræft.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 52. og 53. grein laga nr. 49/1978 og tekur gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. ágúst 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 443. 13. ágúst 1980.

AUGLÝSING


um friðland í Svarfaðardal.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Svarfaðardalsá í Eyjafirði neðanverða, ásamt bökkum og óshólmum, og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru þessi:

Vesturmörk: Fremri takmörk friðlandsins eru landamerki Tjarnar annars vegar og Jarðbrúar og Grundar hins vegar. Niður að vestan allt til sjávar eru mörkin sem hér segir: Meðfram Húsabakka og Tjarnarbörðum að Lækjarklauf neðan Tjarnartúns. Þaðan norður og í gegnum allar Ingvaramýrar er stór affallsskurður marklína allt að merkjum Helgafells. Gegnum Helgafellsland fylgir línan gömlum reiðgötum, sem liggja skammt vestan við ána í beygjunni. Frá merkjum Syðra-Holts fylgja mörkin línu, sem hugsast dregin skáhallt í suðurenda neðsta N-S skurðar neðan Ytri-Holts túns. Þaðan fylgir hún skurðinum allt að merkjum Hrafnsstaða. Hér verður vinkilbeygja á línunni til vesturs og fylgir hún nú börðum í gegnum Hrafnsstaða- og Hrafsstaðakotsland allt upp að þjóðveginum milli nefndra bæja. Á stuttum kafla norður af Gultjörn er vegurinn markalínan. Frá Gultjörn fylgja mörkin hugsaðri skálínu, sem dregin er í punkt 10 m vestan við Árgerðisbrú. Norður með Árgerðistúni er markalínan í 10 m fjarlægð frá ánni, en síðan taka við börðin í gegnum gamla Böggvisstaðaland neðan við Ásgarð, en síðan vélgrafinn skurður neðan við þjóðveginn allt að beygju, sem á honum er neðan við Vegamót. Úr beyjunni eru mörkin eftir hugsaðri línu skáhallt norð-austur eftir Flæðunum í punkt 10 m neðan við Áburðargeymslu. Þaðan til sjávar yfir sandinn í stefnu á Hrólfssker.

Austurmörk: Skógarreiturinn á Hánefsstöðum markar fremsta hluta friðlandsins að austanverðu, allt að merkjum Sökku (Ölduhryggjar). Þaðan í gegnum allt Sökkuland er þjóðvegurinn markalínan, en Skáldalækjarmelar þegar þeir taka við skammt norðan við landamerkin. Þegar melunum sleppir norðan Skáldalækjar er þjóðvegurinn aftur markalínan í gegnum land Hamars á örstuttum kafla, en síðan Hrísaland allt að vegamótum Skíðadals- og Ólafsfjarðarvegar. Hér verður vinkilbeygja á línunni til vesturs. Norðan vegarins fylgir hún girðingu, sem skilur tún og bithaga á Hrísum austan Hrísatjarnar þar til sú lína mætir melnum í Hrísahöfða austan við Norð-austurhorn tjarnarinnar. Frá þessum punkti eru mörk friðlandsins hugsuð skálína dregin í miðjan árós Svarfaðardalsár við sjóinn.



Uppdráttur, er sýnir mörk friðlandsins, fylgir með auglýsingu þessari.

Um friðland þetta gilda eftirfarandi reglur:

1. Bannað er að breyta landslagi á svæðinu eða farvegi Svarfaðardalsár.
2. Óheimilt er að gera nokkur mannvirki á svæðinu. Gildir þetta um hvers konar byggingar, skurði og vegi. Girðingar á friðlandinu má aðeins reisa með samþykki umsjónarnefndar friðlandsins. Skulu þær þannig gerðar, að þær hindri ekki umferð gangandi fólks um svæðið (hlið eða tröppur yfir girðinguna).

3. Friðlandið má aðeins nytja á sama hátt og tíðkast hefur, svo sem til slægna, beitar og veiði í ánni. Malarnám og sandnám verði heimilað áfram þar sem það nú fer fram, en verði háð eftirliti umsjónarnefndar friðlandsins.
4. Bannað er að granda fuglum á friðlandinu. Eigi má heldur skemma hreiður þeirra eða taka egg úr þeim. Öllum, sem um landið fara, ber að varast að skerða gróður á því.
5. Gangandi mönnum og ríðandi er heimil umferð um friðlandið, enda brjóti dvöl þeirra á engan hátt í bága við tilgang friðlýsingarinnar. Stefnt skal að því að marka gönguleiðir um svæðið. Umferð vélknúinna ökutækja um svæðið er því aðeins leyfð, að hún sé í tengslum við leyfilegar nytjar landsins.

Umsjón með friðlandinu er í höndum þriggja manna. Skulu náttúruverndarnefndir Eyjafjarðarsýslu og Dalvíkurkaupstaðar tilnefna einn mann hvor, en Náttúruverndarráð hinn þriðja, og er hann formaður.

Til undanþágu frá reglum þessum að öðru leyti en getur í 2. og 3. gr. þarf leyfi Náttúruverndarráðs.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 339/1972 um friðland í Svarfaðardal.

Menntamálaráðuneytið, 13. ágúst 1980.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 444. 11. ágúst 1980.

AUGLÝSING

um fólkvang á Spákonufellshöfða.

Að tillögu hreppsnefndar Höfðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að Spákonufellshöfði í Höfðahreppi verði lýstur fólkvangur samkvæmt 26. grein laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, en umrætt land er eign hreppsins.

Mörk fólkvangsins eru þessi:

Að sunnan, vestan og norðan ræður sjávarströnd. Að austan hugsast lína dregin úr fjöru milli svonefnds „Salthúss" og „Lifrarbræðsluhúss" í austur meðfram rótum klettaveggjarins að norðvesturhorni lóðar hússins, að Bankastræti 14. Þaðan ráða lóðamörk húsa við Bankastræti, en síðan rætur klettaveggjarins austur og norður fyrir húsið Laufás og áfram með rótum klettaveggjarins allt til sjávar. Þá tilheyra fólkvanginum sker úti fyrir höfðanum.

Um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur:

1. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður, trufla að óþörfu dýralíf eða valda skemmdum á jarðmyndunum. Meðferð skotvopna er bönnuð á svæðinu.
2. Umferð hvers konar ökutækja er óheimil á svæðinu.
3. Mannvirkjagerð og hvers konar annað jarðrask er þar óheimilt, þar á meðal efnistaka. Þá er og bannað að losa hvers konar úrgang og sorp á fólkvanginum.
4. Óheimilt er að beita búfé á fólkvanginum.



Umsjón fólkvangsins er í höndum hreppsnefndar Höfðahrepps, sem hefur samráð við Náttúruverndarráð um skipulag svæðisins.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt stofnun fólksvangsins og telur stofnun hans gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 11. ágúst 1980.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.


AUGLÝSING

um náttúruvætti.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Bárðarlaug í Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, ásamt næsta nágrenni, og er hér um náttúruvætti að ræða.

Mörk náttúruvættisins eru:

Að norðvestan ræður þjóðvegur. Að norðaustan ræður vegur að Hellnum frá þjóðvegi að Björnsdys. Frá Björnsdys lína í norðvesturhorn Fornu-Laugarbrekkutúns. Þaðan bein lína um suðvesturodda Laugarvatns að þjóðvegi.



Um náttúruvættið gilda þessar reglur:

1. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé snyrtilega gengið um.
2. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað rask er óheimilt.
3. Umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð.
4. Á svæðinu má hvorki skerða gróður né raska jarðmyndunum.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 13. ágúst 1980.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

25. júlí 1980. Nr. 446.

AUGLÝSING

um umferð á Húsavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og samkvæmt tillögum bæjarstjórnar Húsavíkur, er samþykktar voru á fundum bæjarstjórnarinnar 17. janúar og 3. júlí 1980 er hér með ákveðið eftirfarandi um umferð á Húsavík:

1. Umferðarmerki A II skal sett upp á Ásgarðsveg við göngubrú yfir Búðará og jafnframt skal sett upp merki B 3 við brúna, svo og þrenging á brúna til að hindra akstur vélknúinna ökutækja yfir hana.
2. Bifreiðastöður skulu bannaðar í Laugarbrekku norðanverðri.
3. Ásgarðsvegur skal hafa aðalbrautarrétt með biðskyldu fyrir vegi að Melalyftu (skíðatogbraut á Melnum).
4. Sett skal upp skilti við heimkeyrslu að barnaskólanum, sem bannar umferð óviðkomandi ökutækja um skólalóðina.
5. Sett skal upp merki, er takmarkar bifreiðastöður við 30 mínútur á bifreiðastæðinu við Skóbúð Húsavíkur.
6. Settar skulu upp stikur með endurskinsmerkjum sjávarmegin á Mararbraut.
7. Sett skal upp merki, er bannar bifreiðastöður að austanverðu við Garðarsbraut og Héðinsbraut frá Vallholtsvegi norður að Höfðabrekku.
8. Sett skal upp biðskyldumerki við gatnamótin Laugarbrekka—Héðinsbraut að austanverðu.
9. Sett skal upp biðskyldumerki í stað stöðvunarskyldumerkis á gatnamótin Þverholt—Stangarbakki.
10. Höfðavegur skal gerður að tvístefnuakstursgötu, utan þess að bannað verður að aka niður Sneiðinginn hjá Véladeild K. Þ. (niður = austur).

Bæjarfógetinn á Húsavík, 22. júlí 1980.

Sigurðar Gizurarson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið, þann 21. júlí 1980, staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að því er varðar landnotkun í austurhluta Borgarmýrar, þannig að áður ráðgerð útivistarsvæði verði fyrir iðnað, vörugeymslur og verslun.

Framangreind breyting hefur verið samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 25. júlí 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 448. 24. júlí 1980.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um fjarskipti á skipum nr. 432 15. okt. 1979.

1. gr.

Aftan við 4. gr. 1 komi ný málsgrein svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau loðnuveiðiskip, sem falla undir 2. flokk og ekki hafa aðstöðu fyrir loftskeytamann, fá frest frá gildistöku reglugerðar þessarar til 31. desember 1980 til að koma upp loftskeytaklefa með tilheyrandi búnaði og ráða loftskeytamann.

Samgönguráðuneytið, 24. júlí 1980.

Steingrímur Hermannsson.
Ólafur S. Valdimarsson.

Stjórnartíðindi B 41, nr. 431—448. Útgáfudagur 29. ágúst 1980.

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 — 1980

28. ágúst 1980. 729 Nr. 449.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða nr. 234, 21. maí 1979.

Verðákvæði gjaldskrárinnar verði þannig:

1.1	Fast gjald	kr.	1 693.00 á mán.
	Orkugjald	—	216.10 á kWst.
1.2	Fast gjald	—	1 693.00 á mán.
	Flatarmálsgjald		skv. skýringu.
	Orkugjald	—	116.30 á kWst.
1.3	Útilýsing:		
	Fast gjald	—	1 693.00 á mán.
	Orkugjald	—	57.40 á kWst.
1.4	Útilýsing:		
	Fast gjald	—	1 693.00 á mán.
	Fast gjald á ljósker	—	847.00 á mán.
	Orkugjald	—	27.10 á kWst.
1.5	Húsbyggingar:		
	Fast gjald	—	1 693.00 á mán.
	Orkugjald	—	89.20 á kWst.

B. Heimili.

2.1	Fast gjald	kr.	2 635.00 á mán.
	Orkugjald	—	51.50 á kWst.
2.2	Notkun til búrekstrar o. fl. í dreifbýli		
	Markmæling:		
	Aflgjald lágmark 4 kW (fastagjald)	—	295 300.00 á ári.
	Aflgjald umfram 4 kW að hámarki 20 kW	—	40 100.00 á kW á ári.
	Orkugjald af allri notkun	—	10.70 á kWst.
	Orkugjald umfram aflstillingu	—	51.50 á kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

3.1	Fast gjald	kr.	1 693.00 á mán.
	Flatarmálsgjald		skv. skýringu.
	Orkugjald	—	116.30 á kWst.
3.2	Fast gjald	—	1 693.00 á mán.
	Aflgjald lágmark 3 kW	—	72 330.00 á kW á ári.
	Orkugjald	—	22.50 á kWst.

B 92

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3.3	Súgþurrkun 1. júlí—31. október:		
	Fast gjald	—	1 693.00 á mán.
	Aflgjald	—	22 500.00 á kW á ári.
	Orkugjald	—	9.50 á kWst.

D. Húshitun.

4.1	Fast gjald	kr.	1 693.00 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	4 190.00 á kW á ári.
	Orkugjald	—	43.80 á kWst.
	Enginn roftími.		
4.2	Fast gjald	—	1 693.00 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	4 190.00 á kW á ári.
	Orkugjald	—	34.80 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
4.3	Fast gjald	—	1 693.00 á mán.
	Aflgjald fyrir uppsett afl	—	4 190.00 á kW á ári.
	Orkugjald	—	16.70 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
4.4	Markmæling:		
	Fast gjald	—	1 693.00 á mán.
	Aflgjald lágmark 5 kW, hámark 20 kW	—	34 790.00 á kW á ári.
	Orkugjald af allri notkun	—	7.20 á kWst.
	Orkugjald umfram aflstillingu	—	51.50 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		

E. Sumar- og næturhiti.

4.5	Sumarhitun:		
	Fast gjald	kr.	1 693.00 á mán.
	Orkugjald	—	9.60 á kWst.
4.5	Næturhitun:		
	Fast gjald	—	1 693.00 á mán.
	Aflgjald lágmark 2 kW	—	4 190.00 á kW á ári.
	Orkugjald	—	9.60 á kWst.
	Roftími 14 klst. á dag.		

F. Annað.

5.1	Gjöld yfir lokun og enduropnun veitu í hvert skipti	kr.	10 320.00
5.2	Sérsamningar.		

1. Flatarmálsgjöld.

Taxti 1.2 og 3.1:

	Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	kr.	65.40 á m² á mán.
	Gangar, geymslur o. þ. h.	—	32.70 á m² á mán.

Heimtaugagjöld skv. gjaldskrárlið 9.3 verði þannig:

Varstærð. Amp.	Stofngjald kr.	Gjald af yfirlengd Jarðstrengur kr./m.
63	376 000	10 558
100	600 000	13 187
200	1 193 000	15 336
300	1 559 000	19 343

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með staðfest skv. lögum nr. 66 31. maí 1976 til að öðlast gildi 1. september 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

28. ágúst 1980. Nr. 450.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 461 1. nóvember 1979.

3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 13.00 fyrir hverja kílówattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 118.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 750.00.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla og miðast gjald fyrir selda orku við það mark sem hemillinn er stilltur á. Gjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði skal vera kr. 14 070.00.

Orkubú Vestfjarða stillir hemil, sbr. 3. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við Orkubúið.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september — 31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

5. gr. orðist þannig:

Heimæðagjöld fyrir hitaveitur Orkubús Vestfjarða skulu vera sem hér segir:

a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis kr. 570 900.00
Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 ..... kr. 460.00

b) Af nýju húsnæði, breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun, og jafnframt húsnæði samkvæmt a) sem ekki tengist hitaveitunni innan 6 mánaða frá því að af tengingu getur orðið:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúm.m húsnæðis kr. 792.900.00
Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 ..... kr. 685.00

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

Ekki skal greiða rúmmálsgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemmum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 200 m^3.

7. gr. orðist þannig:

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 10 320.00.

Heimilt er Orkubúi Vestfjarða að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

8. gr. 1. mgr. orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1980, 490 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi sem samþykkt er af stjórn Orkubús Vestfjarða er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. maí 1976 til að öðlast gildi 1. sept. 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 43 — 1980

14. ágúst 1980. 733 Nr. 451.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Vestur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Í Vestur-Barðastrandarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað og viðhald við lagningu sýsluvega, samkv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer samkvæmt ákvæðum vegalaga hverju sinni. Sýsluvegir í Vestur-Barðastrandarsýslu eru þessir:

Barðastrandarhreppur:

1.	Auðshaugsvegur	Af Vestfj.vegi	að Auðshaugi.
2.	Brjánslækjarbryggjuv.	— Barðastr.vegi	að Brjánslækjarbryggju.
3.	Brjánslækjarkirkjuv.	— —	að Brjánslækjarkirkju.
4.	Arnórsstaðav. neðri	— —	að Arnórsstöðum.
5.	Arnórsstaðav. efri	— —	að Arnórsstöðum.
6.	Rauðsdalsv. efri og n.	— —	að Rauðsdölum.
7.	Hvammsvegur	— —	að Hvammi.
8.	Hamarsvegur	— —	að Hamri.
9.	Vaðalsvegur	— —	að Vaðli.
10.	Krossvegur	— —	að Krossi.
11.	Birkimelsvegur	— —	að Birkimel.
12.	Tungumúlavegur	— —	að Tungumúla.
13.	Grænhólsvegur	— —	að Grænhól.
14.	Hagakirkjuvegur	— —	að Hagakirkju
15.	Breiðalækjarvegur	— —	að Breiðalæk
16.	Innri-Múlavegur	— —	að Innri-Múla.
17.	Ytri-Múlavegur	— —	að Ytri-Múla.
18.	Melanesvegur	Af Lambavatnsvegi	að Melanesi.
19.	Móbergsvegur	— Melanesvegi	að Móbergi.

Tálknafjarðarhreppur:

1.	Suðureyrarvegur	Af Bíldudalsvegi	að Suðureyri.
2.	Hvammseyrarvegur	— Suðureyrarvegi	að Hvammseyri.
3.	Eysteinseyrarvegur	— Tálknafjarðarvegi	að Eysteinseyri.
4.	Gileyrarvegur	— —	að Gileyri.
5.	Þinghólsvegur	— —	að Þinghóli.
6.	Eyrarhúsavegur	— —	að Eyrarhúsum.
7.	Sveinseyrarvegur	— —	að Sveinseyri.
8.	Hraunsvegur	— —	að Hrauni.
9.	Sellátravegur	— —	að Sellátrum.
10.	Laugardalskirkjuvegur	Af Sellátravegi	að Laugardal.
11.	Fellsvegur	— —	að Felli.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Suðurfjarðarhreppur:

1.	Hólsvegur	Af Bíldudalsvegi	að Hóli.
2.	Otradalsvegur	— —	að Otradal.
3.	Dufansdalsvegur	— —	að Dufansdal.
4.	Fossvegur	— —	að Fossi.
5.	Geirþjófsfj.vegur	— —	að Langa-Botni í Geirþjófsfirði.
6.	Trostansfjarðarv.	— Geirþjófsfj.vegi	að Trostansfirði.

Ketildalahreppur:

1.	Fremri-Hvestuvegur	Af Ketildalavegi	að Neðri-Hvestu
2.	Neðri-Hvestuvegur	— —	að Neðri-Hvestu.
3.	Feigsdalsvegur	— —	að Feigsdal.
4.	Grænuhlíðarvegur	Af Feigsdalsvegi	að Grænuhlíð
5.	Fífustaðavegur	Af Ketildalavegi	að Fífustöðum.
6.	Neðribæjarvegur	— —	að Neðribæ.
7.	Selárdalsvegur	— —	að Selárdal.
8.	Selárdalshafnarvegur	— —	að Selárdalshöfn.
9.	Uppsalavegur	Af Selárdalsvegi	að Uppsölum.
10.	Kópavíkurvegur	Af Uppsalavegi	að Kópavík.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 24 800. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. grein vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskilin vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt eftir tillögum sýslunefndar að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öðru leyti.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu ¾ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi árs, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innistæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónum nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 110 15. maí 1965 um sama efni svo og samþykkt nr. 304 21. nóvember 1969 um breytingu á henni.

Samgönguráðuneytið, 14. ágúst 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

14. ágúst 1980. Nr. 452.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Austur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Í Austur-Barðastrandarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega, samkv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer samkvæmt ákvæðum vegalaga hverju sinni. Sýsluvegir í Austur-Barðastrandarsýslu eru þessir:

Geiradalshreppur:

1.	Gilsfjarðarbrekkuv.	Af Vestfj.vegi	að Gilsfjarðarbrekku.
2.	Gilsfjarðarmúlavegur	— —	að Gilsfjarðarmúla.
3.	Garpsdalskirkjuvegur	— —	að Garpsdal.
4.	Gróustaðavegur	— —	að Gróustöðum.
5.	Króksfjarðarnesvegur	Um Króksfj.nes, Vogaland	að sláturhúsi.
6.	Valshamarsvegur	Af Trölltunguheiðavegi,	að Valshamri.
7.	Bakkavegur	— —	að Bakka og Stekkjarholti.
8.	Gautsdalsvegur	Af Vestfj.vegi	að Gautsdal.
9.	Ingunnarstaðavegur	Af Gautsdalsvegi	að Ingunnarstöðum.
10.	Tindavegur	— —	að Tindum.
11.	Klettsvegur	Af Vestfj.vegi	að Kletti.

Reykhólahreppur

1.	Hólavegur	Af Vestfj.vegi	að Hólum.
2.	Kambsvegur	— —	að Kambi.
3.	Mýratunguvegur	— —	að Mýratungu.
4.	Gillastaðavegur	— —	að Gillastöðum.
5.	Klukkufellsvegur	— —	að Klukkufelli.
6.	Munaðstunguvegur	— —	að Munaðstungu.
7.	Borgarlandsvegur	— —	að Borg.
8.	Skáldstaðavegur	— —	að Skáldstöðum.
9.	Seljanesvegur	Af Reykhólasv.v.	að Seljanesi.
10.	Miðhúsavegur	— —	að Miðhúsum.
11.	Grundarvegur	— —	að Grund.
12.	Höllustaðavegur	— —	að Höllustöðum.
13.	Skerðingsstaðav. I	— —	að Skerðingsstöðum I.
14.	Skerðingsstaðav. II	— —	að Skerðingsstöðum II.
15.	Miðjanesvegur	— —	að Miðjanesi.
16.	Hamarlandsvegur	— —	að Hamarlandi.
17.	Staðarkirkjuvegur	— —	að Stað.
18.	Staðarvegur II	— —	að Stað II.
19.	Laugarlandsvegur	— —	að Laugarlandi.
20.	Staðarbryggjuvegur	— —	að Staðarbryggju.
21.	Berufjarðarréttarvegur	Af Vestfj.vegi	að Fjárrétt v. Bjarkarlund.
22.	Hofstaðavegur	— —	að Hofstöðum.
23.	Mávavatnsvegur	Af Reykhólavegi	að Mávavatni.
24.	Reykhólavegur	— —	að Þangverksm. í Karlsey.

Gufudalshreppur:

1.	Grafarvegur	Af Vestfj.vegi	að Gröf.
2.	Hallsteinsnesvegur	— —	að Hallsteinsnesi.
3.	Djúpadalsvegur	— —	að Djúpadal.
4.	Grónesvegur	— —	að Grónesi.
5.	Fremri Gufudalsvegur	— —	að Fremri Gufudal.
6.	Gufudalskirkjuvegur	— —	að Gufudal.
7.	Hofstaðavegur	— —	að Hofstöðum.
8.	Kleifastaðabryggjuv.	— —	að Kleifastaðabryggju.
9.	Múlavegur	— —	að Múla.
10.	Fjarðarhornsvegur	— —	að Fjarðarhorni.
11.	Klettsvegur	— —	að Kletti.

Múlahreppur:

1.	Kvígindisfj.vegur	Af Vestfj.vegi	að Kvígindisfirði og Kirkjubóli og Bæ.
2.	Svínanesvegur	— —	að Svínanesi
3.	Skálmarnesmúla-kirkjuvegur	Af Fjarðarhlíðarvegi	að Skálmarnesmúla.
4.	Deildarárvegur	Af Skálmarnesm.vegi	að Deildará.
5.	Hamarsvegur	Af Skálmarnesm.vegi	að Hamri.
6.	Ingunnarst.vegur	Af Skálmarnesm.vegi	að Ingunnarstöðum.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3,0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 24 800. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. grein vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskilin vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt eftir tillögum sýslunefndar að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öðru leyti.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu ¾ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvega-

sjóðs yfirstandandi árs, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innistæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónum nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 109 15. maí 1965 um sama efni svo og samþykktir nr. 306 21. nóvember 1969 og nr. 237 19. júlí 1974 um breytingar á henni.

Samgönguráðuneytið, 14. ágúst 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 453. 15. ágúst 1980.

AUGLÝSING

um friðland við Varmárósa.

Samkvæmt heimild í 24. grein laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa fitjar í óshólmum Varmár í Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að norðan eru mörkin dregin frá hugsuðum punkti 100 m norður af odda Hestþinghóls og eftir aðalál Varmár austur að punkti merktum 1 á korti við skurð, (hnit, x =10876.30, y = 21520.86), er liggur að Varmá 45 m austan við Skiphól. Að austan eru mörkin dregin frá fyrrnefndum punkti og í punkt 2 suðvestur af hesthúsunum (hnit, x = 11040.49, y = 21273.76). Frá þessum stað liggja mörkin í beina línu til norðvesturs um hugsaðan punkt 3 (hnit, x = 11352.78, y = 21412.46) og áfram 50 m í sömu stefnu til sjávar að hugsuðum punkti vestan Hestþinghóls. Að vestan eru mörkin dregin frá þessum stað til norðurs að upphafspunkti. (Hnit þessi eru í hnitakerfi Reykjavíkur og nágrennis).

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð, jarðrask allt, svo og aðrar breytingar á landslagi eru bannaðar.
2. Gangandi og ríðandi mönnum er heimil för um friðlandið, þannig að ekki brjóti í bága við friðlýsinguna. Ekki má nota vélknúin farartæki í friðlandinu.
3. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og fara um friðlandið með skotvopn. Beit búfjár er óheimil í friðlandinu.
4. Óheimilt er að breyta straumskiptum í Leirvogi, þannig að áhrif hafi á skilyrði fyrir gróður og dýralíf á friðlandinu.

Náttúruverndarráð getur falið náttúruverndarnefnd Kjósarsýslu umboð sitt til framkvæmdar á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.


Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnatíðindum.

Menntamálaráðuneytið 15. ágúst 1980.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.



REGLUR

um veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

1. Við silungsveiði í sjó má nota lagnet, sem lögð eru út frá strönd. Festa má ytri enda þeirra við stjóra í botni.
2. Bil milli silungsneta í sjó skal vera minnst 100 m eftir endilangri strönd, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd lagnets. Í sundum milli strandar og eyja eða hólma skal bil milli neta eftir endilöngu sundi vera hið sama og að framan getur, hvoru megin sunds, sem net liggur.
3. Merkja skal silunganet í sjó. Skal veiðieftirlitsmaðurinn annast merkinguna.
4. Veiða má göngusilung í lagnet í sjó frá 1. apríl til 15. maí og frá 1. ágúst til 20. september ár hvert.
5. Reglur þessar eru settar skv. heimild í IV. kafla laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og varða refsingu skv. XVI. kafla þeirra laga. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. júlí 1980.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Nr. 455. 25. júlí 1980.

GJALDSKRÁ

Iðntæknistofnunar Íslands yfir rannsóknir og tækniþjónustu.

1. gr.
1.1 Efnagreiningaþjónusta.

Til grundvallar eru: (fyrir verkefni vegna innlends iðnaðar skal gefinn 30% afsláttur).

	Frá 1. júní 1980 kr./tíma	kr./tíma m/30% afsl.
A.2. Sérfræðingstími með tækjanotkun eða tilraunaaðstöðu ..		
(BHM-111-5, mán. laun) x $\frac{15.84}{1000}$ x 1.4	13 406	9 384
A.4. Rannsóknamannstími með tækjanotk. eða tilraunaaðstöðu		
(BSRB-014-3, mán.laun) x $\frac{15.84}{1000}$ x 1.4	10 533	7 373

1.1.1. Matvæli, fóðurefni o. fl.

	timaein.	kr.	m/30% afsl.
Sykurefni (með aðferð Fehlings)	0.6	6 320	4 424
Sterkja (í kjötmeti)	0.9	9 480	6 636
Kalsíum	0.5	5 267	3 687
Fosfór	0.5	5 267	3 687
Aska	0.3	3 160	2 212

	tímaein.	kr.	m/30% afsl.
Salt	0.3	3 160	2 212
Vatn	0.3	3 160	2 212
Fita (með Soxhlet)	0.4	4 213	2 949
Ammoníak	0.3	3 160	2 212
Natríum nítrít	0.6	6 320	4 424
Protein (Kjeldahl)	0.6	6 320	4 424
Meltanlegt protein	1.0	10 533	7 373
Tréni (aðferð Weende)	0.6	6 320	4 424
Vatn, aska, protein, fita, tréni	1.7	17 906	12 534
Vatn, aska, protein, fita, tréni, meltanlegt protein, Ca, Mg, Na, P	3.9	41 079	28 755

1.1.2. Vatn, (drykkjarvatn, heitt jarðvatn).

Ammoníak	0.3	3 160	2 212
Permanganattala	0.4	4 213	2 949
Brennisteinsvetni	0.4	4 213	2 949
Flúoríð	0.4	4 213	2 949
Járn	0.4	4 213	2 949
NH_3, NO_3 og NO_2 (kvalitatif prófun)	0.4	4 213	2 949
Harka	0.4	4 213	2 949
Karbónat og bíkarbónat	0.3	3 160	2 212
Klóríð	0.3	3 160	2 212
Kísilsýra	0.6	6 320	4 424
Kalsíum og magníum	0.8	8 426	5 898
Natríum og kalíum	0.8	8 426	5 898
Steinefni, uppleyst	0.5	5 267	3 687
Steinefni, óuppleyst	0.3	3 160	2 212
Súlfat	0.5	5 267	3 687
Súrefni	0.4	4 213	2 949
Sýrustig, pH	0.3	3 160	2 212
Viðnám rafmagns	0.3	3 160	2 212

1.1.3. Aðrar efnagreiningar.

Aðrar efnagreiningar en þær, sem að framan greinir, greiðast samkvæmt ákvæðum 2. greinar.

1.2. Efnisprófanir.

1.2.1. Togþolsmælingar.

Togþolsmælingar, lágmarksgjald 0.6 tímaeiningar skv. A. 4./sýni. Ef um margar prófanir er að ræða, þá er tímataxti skv. A.4.

	kr.	kr. m/30% afsl.
1.2.2. Ljósþolsmælingar.		
300 tíma ljósþolsprófun, 1 tímaeining skv. A.2./sýni (aðeins prófunin á tilbúnu sýni án undirbúnings, skoðunar og umsagnar).	13 406	9 384

1.2.3. Veðrunarmælingar.

8. Stjórn sjóðsins skal skipuð eftirtöldum 3 mönnum. Yfirlækni Reykjalundar. sérfræðingi stofnunarinnar í gigtarsjúkdómum og framkvæmdastjóra Reykjalundar. Falli starf yfirlæknis saman við sérfræðingsstöðuna skulu þeir tveir er eftir sitja í stjórninni kveðja til stjórnarsetu einn úr hópi sérfræðinga stofnunarinnar. Stjórnarmenn víki sæti við meðferð og ákvörðun um styrkveitingu er er varðar þá sjálfa.

   Stjórnin setur sér nánari starfsreglur.
9. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Vinnuheimilisins að Reykjalundi og þeir síðan sendir til eftirlitsmanns opinberra sjóða.
10. Sjóðsstjórnin getur að 10 árum liðnum frá dagsetningu staðfestingar gert breytingar á skipulagsskrá þessari ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt til þess að sjóðurinn fái gegnt hlutverki sínu í samræmi við óskir stofnanda hans.
11. Leita skal eftir staðfestingu forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Stjórnartíðindi B 44, nr. 461—507. Útgáfudagur 15. september 1980.

STJÓRNARTÍÐINDI B 45 — 1980

5. september 1980. 809 Nr. 508.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 279 24. júní 1980 um sérstakt tímabundið vörugjald.

1. gr.

Neðangreint tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar: 38.17.00.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Gúmmígjald samkvæmt lögum nr. 79/1974, byggingariðnaðargjald samkvæmt lögum nr. 64/1965, jöfnunargjald samkvæmt lögum nr. 83/1978, sérstakt tímabundið aðlögunargjald samkvæmt lögum nr. 58/1979 og sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex samkvæmt lögum nr. 66/1980 skulu þó ekki teljast gjaldstofn við útreikning á hinu sérstaka vörugjaldi við innflutning.

3. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Af innfluttum vörugjaldsskyldum vörum, sem tollar féllu almennt niður af frá og með 1. janúar 1980 samkvæmt 1. gr. tollskrárlaga, en ráðuneytið hafði fyrir þann tíma fellt sérstaklega niður tolla af samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. tollskrárlaga í þeim tilvikum þar sem um innflutning á efnivöru var að ræða til nota við framleiðslu á innlendri framleiðsluvöru, skal með sama hætti og verið hefur og að uppfylltum settum skilyrðum samkvæmt viðkomandi heimildum veita undanþágu frá greiðslu vörugjalds. Sama skal gilda um vörugjaldsskyldar vélar, tæki og varahluti sem heimilt var fyrir 1. janúar 1980 að fella niður tolla af samkvæmt reglum þar að lútandi settum samkvæmt sömu heimild.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33 29. maí 1980 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 5. september 1980.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Stjórnartíðindi B 45, nr. 508. Útgáfudagur 8. september 1980.

B 102

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 — 1980

Nr. 509. 810 5. september 1980.

REGLUGERÐ

um flokkun og mat á gærum.

I. KAFLI

Um flokkun á gærum við móttöku fjár á sláturstað.

1. gr.

Allar gærur, sem til sölumeðferðar koma, skulu flokkaðar við móttöku fjár í sláturhúsi. Flokkunin skal framkvæmd af lögskipuðum gærumatsmönnum og lögð til grundvallar við útreikning á verði gæranna til einstakra framleiðenda.

2. gr.

Í sláturfjárrétt skal flokka gærur hvers innleggjanda í eftirfarandi flokka, og skrá á innleggsnótur:

LU	Alhvítar lambagærur, tog jafnt og ekki gróft, án mors eða óhreininda í ull.
L hv.	Hvítar, óskemmdar lambagærur.
L S+M	Svartar og mórauðar, óskemmdar lambagærur.
L gr.	Gráar, óskemmdar lambagærur.
L tvíl.	Lambagærur, aðrir litir, óskemmdar.
L II	Skemmdar lambagærur, allir litir.
Æ hv.	Óskemmdar, hvítar ærgærur.
Æ misl.	Óskemmdar, mislitar ærgærur.
Æ II	Skemmdar ærgærur, allir litir.
Úrkast	Hrútagærur, tvíreyfa ærgærur, og ær- og lambagærur, nær ullarlausar eða ullarlausar á blettum.

Gærumatsformaður getur heimilað sláturleyfishöfum að flokka gærur í færri flokka en tilgreint er, með því að sameina tvo eða fleiri flokka.

Gærur teljast skemmdar:

1. Ef mold eða sandur í baki er það mikill eða þéttur, að ætla megi að ekki fari úr við þvott.
2. Ef miklir kleprar eru í lærum eða gæran öll útötuð í óhreinindum eða mori.
3. Ef gærurnar eru mjög illhæruskotnar, með hvítum og gulum illhærum, svo ullin líkist fremur stríi en ull. Einnig mjög ullarstuttar eða snoðnar gærur (t. d. mjög skógdregnar).

Gæta skal þess vandlega, að gærur fari í réttan litarflokk. Gærur með mislitum blettum eða doppum teljast tvílitar.

Heimilt er að flokka gráar gærur á lifandi lömbum eftir feldgæðum, enda setji gærumatsformaður nánari reglur þar um.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

II. KAFLI

Um meðferð á gærum og sölumat þeirra við afhendingu.

3. gr.

Sláturleyfishöfum er skylt að hlíta fyrirmælum lögskipaðra gærumatsmanna um fyrirristu, fláningu, kælingu, söltun, frágang og geymslu gæra. Gærumatsmaður skal yfirfara gærurnar við afhendingu, meta ástand þeirra og gefa vottorð þar um. Í vottorðinu skal tilgreina tölu og nettóþyngd ósaltaðra gæra.

Gærur skulu saltaðar og geymdar eftir flokkum þeim, sem getið er um í kafla I.

Við afhendingu skal meta hvern flokk samkvæmt eftirfarandi reglum, og gefa út matsvottorð fyrir hann. Þó skal ekki meta þær gærur sem fara í úrkast.

Úrkast telst: Gærur, sem flokkast sem úrkast samkvæmt I. kafla og gærur með mjög áberandi galla vegna meðferðar í sláturhúsi, s. s. gærusneplar og illa rifnar eða mjög götóttar gærur.

Gærur skulu metnar í einhvern eftirfarandi flokka, eftir s. k. punktakerfi:

1. Án galla
2. Með fyrirristugalla
3. Fita á holdrosa
4. Rot, utan bakstykkis
5. Skurðir eða göt, utan bakstykkis
6. Óskorið frá dindli
7. Hnífsbragð í bakstykki
8. Brot í bakstykki
9. Rot í bakstykki
10. Gat, rifið í bakstykki.

Hver galli rýrir verðmæti gærunnar og fær vægi í samræmi við það samkvæmt ákvörðun gærumatsformanns, að fengnum tillögum gærukaupenda. Gærumatsformaður skal gæta þess, að rétt tíðni sé notuð fyrir hvern galla, þannig að meðalheildsöluverð raskist ekki. Meðalgóð vara hefur gildistöluna 100,0.

Mat þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

1. Taka skal 10% úrtak úr þeim gæruflokki, sem verið er að meta.
2. Alvarlegasti galli hverrar gæru ræður mati. Sé mikið um að gærur hafi fleiri en einn galla, skal matsmaður taka sérstakt tillit til þess og lækka matið.

   Færa skal matsniðurstöður inn á vinnublað fyrir sölumat á gærum, sem gærumatsformaður lætur útbúa.
3. Þegar búið er að meta 10% gæranna, er talið hve margar gærur eru í hverjum flokki og reiknað út hlutfall (%). Gildistala er síðan fundin með því að margfalda saman % x vægi hvers flokks. Gildistölurnar eru því næst lagðar saman og fæst þá meðalgildistala fyrir viðkomandi gærusendingu sem hlutfall (%) af meðalverði gæra á hverjum tíma.
4. Niðurstöður matsins skal færa inn á eyðublað fyrir sölumat og skal afrit af því fylgja gærum til kaupanda.
5. Komi gærur ómetnar og/eða óflokkaðar til kaupanda, hefur hann heimild til að óska mats og flokkunar á þeim, á kostnað seljanda.
6. Komi upp ágreiningur um mat á gærum milli kaupanda og seljanda, er heimilt að leita úrskurðar gærumatsformanns. Gærumatsformaður lætur endurmeta sendinguna svo fljótt sem auðið er, enda taki kaupandi enga gæru úr sendingunni.

Verði eigi umtalsverðar breytingar við yfirmat, ber matsbeiðandi kostnað af yfirmati eftir nánari reglum, sem gærumatsformaður setur.

III. KAFLI
Um starfsmenn við gærumat.

4. gr.

Lögreglustjóri skipar gærumatsmenn, einn eða fleiri hjá hverjum sláturleyfishafa, eftir tillögum yfirgærumatsmanna. Skulu þeir hafa aflað sér þekkingar á gærumati, með því að starfa við það eða á annan hátt.

Gærumatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit hjá lögreglustjóra um að þeir ræki starf sitt af alúð og samviskusemi og fari eftir þeim reglum, sem settar eru.

5. gr.

Ekki mega gærumatsmenn eiga hlut í því félagi, sem þeir starfa hjá. Félagar í samvinnufélögum eru þó undanþegnir þessu ákvæði. Gærumatsmenn mega ekki þiggja aukaþóknun frá þeim, sem söluna annast og skulu gæta fyllstu samviskusemi í starfi sínu.

6. gr.

Sýni gærumatsmenn vanrækslu í starfi, hlutdrægni við mat eða leysi það illa af hendi, að dómi yfirgærumatsmanns, er yfirgærumatsmanni heimilt, í samráði við gærumatsformann, að víkja þeim frá um stundarsakir. Þessa ákvörðun skal kynna lögreglustjóra, sem víkur hinum brotlegu úr starfi og skipar í þeirra stað. Gærumatsmenn, sem vikið er úr starfi af yfirgærumatsmanni, fá greidd laun úr ríkissjóði lengst í einn mánuð frá uppsagnardegi.

7. gr.

Réttindi gærumatsmanna geta þeir einir hlotið, sem eru á aldrinum 20 til 70 ára og hafa öðlast þekkingu á flokkun og mati gæra. Þeir verða að geta greint liti á ull.

8. gr.

Ef ágreiningur verður um flokkun og/eða mat á gærum, skal yfirgærumatsmaður skera úr svo fljótt sem auðið er, frá því honum berst ósk um úrskurð.

9. gr.

Óski móttakandi eða innleggjandi gæra eftir úrskurði yfirgærumatsmanns, skulu gærurnar geymdar sér, þar til yfirmat hefur farið fram.

10. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar yfirgærumatsmenn samkvæmt tilnefningu gærumatsformanns. Skulu þeir vera 4 og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði. Landbúnaðarráðherra skipar gærumatsformann. Skal hann vera sérfróður í öllu því, sem að framleiðslu, meðferð og geymslu gæra lýtur. Skal hann veita gærumatsmönnum og yfirgærumatsmönnum fræðslu um flokkun gæranna og framkvæmd gærumatsins. Er yfirgærumatsmönnum og gærumatsmönnum skylt að haga gærumatinu eftir fyrirmælum hans og má leita úrskurðar hans ef ágreiningur verður um matið.

Nánari ákvæði um starfssvið gærumatsmanna skal setja í erindisbréfi, sem landbúnaðarráðherra gefur út, að fengnum tillögum gærumatsformanns.

11. gr.

Yfirgærumatsmenn hafa þessi starfssvæði:

1. Frá Skeiðarársandi vestur um land að Gilsfjarðarbotni.
2. Frá Gilsfjarðarbotni um Vestfirði til Hrútafjarðarbotns.
3. Frá Hrútafjarðarbotni um Norðurland að Jökulsá í Öxarfirði, N.-Þingeyjarsýslu.
4. Frá Jökulsá í Öxarfirði, N.-Þingeyjarsýslu, suður um land að Skeiðarársandi.

12. gr.

Yfirgærumatsmenn skulu fylgjast með því að farið sé eftir reglum þeim, sem ráðherra setur um flokkun og mat á gærum. Þeir skulu leiðbeina framleiðendum og gærumatsmönnum á námskeiðum og fundum, sem til er stofnað í þessu skyni.

Yfirgærumatsmenn gefa gærumatsformanni árlega yfirlit um störf sín í þágu gærumatsins.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um flokkun og mat á gærum nr. 22/1976 og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. september 1980.

Pálmi Jónsson.

Guðmundur Sigþórsson.

Stjórnartíðindi B 46, nr. 509. Útgáfudagur 15. september 1980.

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 — 1980

Nr. 510. 814 1. október 1980.

REGLUGERÐ

um framlag til varmaveitna til nýtingar innlendra orkugjafa.

1. gr.

Greiða skal framlag þeim aðilum sem hyggjast setja á stofn varmaveitur, ef orkuverð þeirra er metið hærra en sem nemur hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk.

Framlag skal þó ekki greitt, nema varmaveitan sé metin hagkvæmari en aðrir orkuöflunarkostir á viðkomandi svæði.

2. gr.

Varmaveitur samkvæmt reglugerð þessari teljast hitaveitur og fjarvarmaveitur, sem starfa á vegum opinberra aðila.

3. gr.

Framlag skv. 1. gr. skal vera sú upphæð, sem stofnkostnaður varmaveitu verður að lækka um, til þess að matsverð orkunnar verði 90% af hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk.

Framlagið skal þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim olíustyrk sem greiddur hefði verið á tveim árum vegna íbúa þeirra húsa, sem tengjast slíkum veitum.

Ef fjárveitingar á fjárlögum nægja ekki til að greiða áætluð framlög, skal minnka þau að tiltölu.

4. gr.

Orkuverð viðkomandi varmaveitu skal metið með hliðsjón af áætluðum rekstrarkostnaði og orkusölu, svo og dreifingu stofnkostnaðar á 20 ára tímabil ásamt 8% ársvöxtum.

Rekstrarkostnaður telst vera kostnaður vegna orkukaupa að viðbættum 3% af stofnkostnaði auk vaxta.

5. gr.

Hitunarkostnaður með olíu að frádregnum olíustyrk skal miðast við 13 lítra olíunotkun á rúmmetra á ári og 65% meðalnýtni olíunnar að frádregnum greiddum olíustyrk vegna íbúa þeirra húsa, sem tengjast veitunni.

6. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaður varmaveitu skv. 4. gr. skal miðast við verðlag 1. júlí á umsóknarári.

Olíuverð og olíustyrkir skv. 5. gr. skulu miðast við meðaltal á 2. og 3. ársfjórðungi umsóknarárs.

7. gr.

Umsóknir um framlag skv. 1. gr. skulu sendar iðnaðarráðuneytinu fyrir 1. ágúst ár hvert. Þeim skal fylgja áætlun yfir eftirtalda þætti:

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

a. stofnkostnað við varmaveituna
b. rekstrarkostnað við varmaveituna
c. heildarrúmmetrafjölda olíukynts íbúðarhúsnæðis sem tengist varmaveitunni
d. hlutfall orkunotkunar íbúðarhúsnæðis skv. c-lið af heildarnotkun orku frá varmaveitunni
e. fjölda greiddra olíustyrkja vegna íbúa húsnæðis skv. c-lið á fyrsta ársfjórðungi umsóknarárs.

8. gr.

Helmingur framlags skv. 1. gr. greiðist á því ári, sem framkvæmdir hefjast, en þó ekki fyrir 1. apríl árið eftir að sótt er um framlagið. Síðari helmingur greiðist ári síðar.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 15. gr. laga nr. 53/1980 um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, og öðlast hún þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um þá aðila sem reka varmaveitur við gildistöku reglugerðar þessarar gilda ákvæði 1. gr. Umsóknarfrestur er til 1. nóvember 1980.

Sami frestur gildir um aðila skv. 1. gr. sem hyggjast hefja framkvæmdir á árinu 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 1. október 1980,

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

8. október 1980. Nr. 511.

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 9. október 1980 nema kr. 112.47 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 9. október 1980. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eigenda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 310A/1980 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 9. október 1980 skal greiða kr. 12.63 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur til umráða yfir 300 lítrum af bensíni eða meira þann 9. október 1980 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 9. október 1980.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 310A/ 1980 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 8. október 1980.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.

Stjórnartíðindi B 47, nr. 510—511. Útgáfudagur 8. október 1980.

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 — 1980

3. september 1980. 817 Nr. 512.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Þorlákshöfn.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Þorlákshöfn, þ. á m. söluturna, mjólkurbúða og brauðbúða.

Um daglegan vinnutíma og önnur starfskjör fólks, sem vinnur í starfsgreinum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, fer eftir hlutaðeigandi kjarasamningum og venjum, er tíðkast hafa í hverri grein.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar, að því er varðar bifreiðaafgreiðslu og bensínafgreiðslur, að því er snertir sölu á bensíni og öðrum vörum til bifreiða. Ekki ná ákvæðin heldur til sjálfsala, blaðsölu á götum, úr blaðsöluvögnum eða blaðsöluturnum, merkjasölu og annars slíks.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar hreppsnefnd það að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra, og er úrskurður hans endanlegur.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni:

Virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00 og loka skal þeim ekki síðar en kl. 18.00.

Á föstudögum skal heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 19.00.

Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 12.00. Fyrsta laugardag í desember má þó halda sölustöðum opnum til kl. 16.00, en aðra laugardaga í þeim mánuði til kl. 18.00. Hinn 18. desember má halda verslunum opnum til kl. 22.00, en sé 18. desember sunnudagur gildir sú regla 19. desember.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.

Hreppsnefnd getur að fengnum tillögum lögreglustjóra heimilað, að sölustaður verði opnaður fyrr en segir í grein þessari.

3. gr.

Hreppsnefnd getur heimilað matvöruverslunum, söluturnum og sambærilegum sölustöðum að selja um söluop utan almenns afgreiðslutíma, sbr. 2. gr. til kl. 23.30 alla aðra daga en þá, er um ræðir í A-lið 5. gr. sbr. C-lið sömu greinar.

4. gr.

Hreppsnefnd getur heimilað rýmri afgreiðslutíma einstakra verslana, en segir í gr. 2—3 m. a. þegar um er að ræða minjagripaverslanir, sölu á lifandi blómum, sölu á garðplöntum, sölu á jólatrjám og slíkum vörum í desembermánuði og áþekka sölu, þar sem eðlilegt telst, að rýmri afgreiðslutími sé.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

a. Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, jóladag og nýársdag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
b. Alla sunnudaga, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, 1. maí annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó undantekningarákvæði 3.—4. gr.
c. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 15.00.

6. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum, skal heimilt, að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, ís, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi eða annað slíkt, sem eðlilegt telst að þar sé til sölu, utan þess tíma, er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða þá menn, sem komnir eru í verslun eða sölustað þegar lokað er. Enn fremur er heimilt að afgreiða vörur til skipa hvenær sem er sólarhringsins.

8. gr.

Lögreglustjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstaka ástæðu til meðal annars þegar ákveðið er að ágóði af sölu renni til almenningsheilla.

9. gr.

Fyrir leyfi samkvæmt 3. og 4. gr. skal greiða gjald í sveitarsjóð. Hreppsnefnd ákveður árlega upphæð gjaldsins. Gjalddagi þess er fyrirfram 15. janúar ár hvert.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem hreppsnefnd eða lögreglustjóri setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga, eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, má hreppsnefnd svipta leyfishafa leyfi enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má þá ákveða, að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ölfushrepps hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. september 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp og heimilisþjónustu á Sauðárkróki.

1. gr.

Félagsmálaráð fer með stjórn heimilishjálpar og heimilisþjónustu í Sauðárkrókskaupstað. Umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum félagsmálastjóra.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálpar og heimilisþjónustu er:

a. Að veita hjálp á heimilum um stundarsakir þegar þess er þörf, vegna sjúkdóma eða af öðrum ástæðum sem metnar eru gildar, sbr. lög nr. 10/1952.
b. Að veita hjálp á heimilum vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir sem veita heimilinu forstöðu eru bundnir af atvinnu utan heimilis, sbr. lög nr. 10/1952.
c. Að veita ellilífeyrisþegum aðstoð og umönnun, þegar þeir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum geta ekki séð um sig sjálfir og þarfnast aðstoðar til þess að geta dvalið í heimahúsum, sbr. lög nr. 10/1952 og reglugerð um heimilisþjónustu fyrir aldraða nr. 114/1971.

3. gr.

Umsókn um heimilishjálp og heimilisþjónustu skal fylgja vottorð læknis um heilsufar umsækjanda og fullt samráð skal hafa við heimilislækni, er þurfa þykir.

4. gr.

Félagsmálaráð skal ganga úr skugga um að starfsmenn séu hæfir til starfsins og skulu þeir starfsmenn ganga fyrir um störf sem hafa lokið tilskildum námskeiðum.

5. gr.

Félagsmálastjóri semur reglur fyrir starfsmenn heimilishjálpar og heimilisþjónustu, sem félagsmálaráð staðfestir.

6. gr.

Starfsmenn heimilishjálpar og heimilisþjónustu taka laun frá Sauðárkrókskaupstað og skulu um launakjör gilda samningar milli Sauðárkrókskaupstaðar og stéttarfélags bæjarstarfsmanna. Starfsmönnum er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim er þeir veita aðstoð.

7. gr.

Fyrir heimilshjálp og heimilisþjónustu skal greitt eftir gjaldskrá er bæjarstjórn setur að fengnum tillögum frá félagsmálaráði með hliðsjón af 4. gr. laga nr. 10/1952 og 1. gr. reglugerðar nr. 114/1971. Þeir aldraðir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri, skulu undanþegnir greiðsluskyldu.

Félagsmálaráði er heimilt að gefa hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálp og heimilisþjónustu eða fella greiðslur alveg niður, þegar sérstakar ástæður eru til slíkrar ívilnunar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilshjálp í viðlögum og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. sept. 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breyting á siglingalögum nr. 66 1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breyting á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér greinir:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a í bráðabirgða-ákvæðum þús.kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b í bráðabirgða-ákvæðum þús.kr.
Grunnfjárhæð skv. lögunum, svarar til verkamanna-kaups í maí 1977, á gildistökutíma laganna	2 000	6 000
Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum viku-kaups:		
1. september 1980	8 386	25 157

Samgönguráðuneytið, 8. september 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 515. 10. september 1980.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á viðmiðunarverði á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til loka yfirstandandi árs.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi viðmiðunarverð á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til loka yfirstandandi árs:

Loðnumjöl $ 8.50 á próteineiningu í lest.
Loðnulýsi $ 520.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum skulu nema 50% fyrir mjöl og 65% fyrir lýsi af verðbreytingum frá viðmiðunarverði.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma. Verðgrundvöllurinn er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp eða því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. september 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980:

Fiskmjöl, $ 8,35 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði.
Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. september 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

22. september 1980. Nr. 517.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á kolmunna- og spærlingsmjöli framleiddu á árinu 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á kolmunna- og spærlingsmjöli framleiddu á árinu 1980:

Kolmunnamjöl, $ 8,35 á próteineiningu í lest.
Spærlingsmjöl, $ 8,35 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.
Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. september 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi af Bráðræðisholti í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið staðfest uppdrátt af deiliskipulagi Bráðræðisholts í Reykjavík.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af borgarstjórn Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 519. 29. september 1980.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms.

Hinn 19. september 1980 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms að landnotkun á spildu austan Garðaflatar og Borgarbrautar en vestan fyrirhugaðs íþróttavallar verði breytt úr opnu svæði í íbúðasvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 520. 29. september 1980.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Selfoss.

Hinn 17. september 1980 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Selfoss að spilda sú sem takmarkast af Tryggvagötu að vestan Álftarima að sunnan og Fossheiði að norð-austan verði ætluð undir íbúðabyggð (fjölbýlishús) í stað opinberrar þjónustu.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar: A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögnum, og B-gjald, sem er gjald vegna þáttöku lóðarhafa í að gera bundið slitlag á götu, svo og ganga endanlega frá gangstétt.

3. gr.

Fjárhæð A-gjalds skal vera sem hér segir:

1. Íbúðarhús ásamt bílgeymslu að stærð samtals allt að 700 rúmmetrum á lóð allt að 1 300 fermetrum kr. 3 000 000. Fyrir hvern umframrúmmetra byggingar skal greiða kr. 4 000 og fyrir hvern umframfermetra lóðar kr. 2 000.
2. Hús til annarra nota: Hið sama gjald og að ofan greinir. Þó er sveitarstjórn heimilt að ákveða lægra gjald um vissar tegundir bygginga.
   Sé hús stækkað þannig, að það verði meira en 700 rúmmetrar ásamt bílgeymslu, þá skal greiða kr. 4 000 fyrir hvern rúmmetra, sem umfram verður þau mörk.

4. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. gr. fellur í gjalddaga áður en byggingaleyfi er veitt. En sveitarstjórn ákveður nánar greiðsluskilmála.

Ef ákveðið er að undirbyggja tiltekna götu, þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta gatnagerðargjöld af öllum lóðar- og eða landeigendum við þessa götu, þegar verkið er unnið, þótt byggingaleyfi hafi ekki verið veitt.

Þá er sveitarstjórn einnig heimilt að fresta innheimtu gatnagerðargjalda af nýbyggingum við tiltekna götu, uns framkvæmdir við undirbyggingu þessarar götu hefjast. Skal þá fjárhæð gjaldsins miðast við þá vísitölu sem í gildi er, þegar verkið er unnið.

5. gr.

Gjöld skv. 3. gr. breytast í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Grunntölur þær sem nefndar eru í 3. gr. miðast við vísitölu þá, sem í gildi var 1. ágúst 1979.

6. gr.

Fjárhæð B-gjalds skal nema 20% af því A-gjaldi, sem greiðast mundi af viðkomandi byggingu og lóð á þeim tíma. Miðast það við þá vísitölu sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags og frágangur gangstéttar fer fram. Nú breytist vísitala meðan verkið er unnið og skal þá miða við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða.

Við álagningu B-gjalds af fasteignum við götu, sem áður hefur verið lögð bundnu slilagi og gangstétt, skal miða við þá vísitölu, sem þá gildir.

7. gr.

Gatnagerðargjald skv. 6. gr. fellur í gjalddaga á því ári, sem framkvæmdum við bundið slitlag og frágangi gangstéttar við viðkomandi götu lýkur. Sveitarstjórn ákveður nánar greiðsluskilmála.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að lækka gjaldstuðla skv. 3. og 6. gr. um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla, og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld skv. reglugerð þessari lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. september 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 522. 15. september 1980.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagsuppdrætti Kópaskers.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 12. september 1980 staðfest aðalskipulagsuppdrátt af Kópaskeri.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Presthólahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 523. 23. september 1980.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar.

Aðgangseyrir fullorðinna	kr. 550.—
Aðgangseyrir barna	— 220.—
Gufubað	— 900.—
Sundföt	— 450.—

Auglýsing þessi birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. september 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.
Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 301 27. júlí 1978, um skírteini gefin út af flugmálastjórn.

1. gr.

Grein 7.29. orðist svo:

Nú hefur umsækjandi stundað nám við viðurkenndan skóla eða stofnun og lokið þaðan prófi og skal hann þá senda flugmálastjórn öll prófskírteini sín. Flugmálastjórn getur þá að athuguðu máli veitt skírteini það eða réttindi sem sótt var um án þess að nýtt próf komi til, enda hafi námið verið fyllilega sambærilegt við nám á Íslandi, m. a. hvað varðar námsefni og námstíma, að mati flugmálastjórnar, að öðrum kosti getur flugmálastjórn krafist þess að umsækjandi sanni þáttöku í námi með vottorði, og þekkingu með prófi í þeim greinum sem þurfa þykir, á þeim stað og tíma er hún ákveður.

2. gr.

Grein 7.2.10. orðist svo:

Flugmálastjórn felur viðurkenndum skólum stjórn bóklegs atvinnuflugnáms og hefur eftirlit með framkvæmd þess. Námið skal stundað samkvæmt staðfestri kennsluáætlun frá flugmálastjórn. Rétt til bóklegs atvinnuflugnáms hefur hver sá, sem náð hefur 17 ára aldri, lokið grunnskólaprófi, bóklegu einkaflugnámi og er handhafi flugnemaskírteinis. Próf skulu haldin tvisvar á ári, í maí og desember. Atvinnuflugpróf samkvæmt þessum kafla veitir bókleg réttindi I. flokks atvinnuflugmanns samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Við bætist ný grein 7.2.11., sem orðist svo:

Flugmálastjórn getur ákveðið, að:

a) bóklegt flugkennaranám sé stundað á sérstöku námskeiði, sem hún viðurkennir.
b) áritun í skírteini flugliða fyrir fjölhreyfla flugvélar sé bundin því, að umsækjandi hafi áður sótt námskeið um notkun getumörk viðeigandi flugvélategunda og staðist próf að því loknu hjá flugmálastjórn, eða aðila sem flugmálastjórnin viðurkennir.

4. gr.

Við bætist ný grein 7.2.12., sem orðist svo:

Flugmálastjórn getur veitt umsækjanda undanþágu frá prófi í einstökum greinum, ef hann hefur nýlega lokið slíku prófi til þess að öðlast annað skírteini.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 26. september 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um mörk lindans (hexicíðs) og ísómera þess í tilteknum matjurtum, smjörfitu og smjörlíkisfitu.

I. KAFLI

MATJURTIR.

1. gr.

Magn lindans (gamma-hexaklórcýklóhexan) í gulrófum eða káli, sem boðið er almenningi til sölu, má eigi vera meira en 1000 ng/g. Lindanmagn þetta er miðað við ákvörðun efnisins í heilum rófum eða káli með því vatni, sem í því kann að vera, þegar þess er aflað til rannsóknar hjá seljanda eða framleiðanda.

Magn ísómera lindans (alfa, — beta — og delta — hexaklórsýklóhexan) má samanlagt ekki vera umfram 50 ng/g í rófum eða káli, sem selt er almenningi og rannsakað með þeim hætti, er að framan greinir.

2. gr.

Samanlagt magn lindans og ísómera þess í kartöflum, sem boðnar eru almenningi til sölu, má eigi vera meira en 50 ng/g. Er magn þetta miðað við ákvörðun efnanna í heilum kartöflum með því vatni, sem í þeim kann að vera, þegar þeirra er aflað til rannsóknar hjá seljanda eða framleiðanda.

II. KAFLI

SMJÖRFITA OG SMJÖRLÍKISFITA

3. gr.

Magn lindans og ísómera þess í smjöri, sem boðið er almenningi til sölu, má samanlagt ekki vera meira en 500 ng/g. Er magn þetta miðað við ákvörðun efnanna í vatnssnauðri smjörfitu, sem unnin er úr smjöri í órofnum neytendaumbúðum eins og þeirra er aflað til rannsóknar hjá seljanda eða framleiðanda.

4. gr.

Magn lindans og ísómera þess má samanlagt ekki vera meira en 500 ng/g í smjörlíki, sem boðið er almenningi til sölu og rannsakað er svo sem frá er greint í 3. gr.

Sömu ákvæði skulu gilda um hvers konar viðbit, sem sett er á markað í stað smjörs eða smjörlíkis, þar á meðal tólg og jurtasmjörlíki.

III. KAFLI

RANNSÓKNIR OG EFTIRLIT

5. gr.

Ráðherra setur reglur um sýnatöku og meðferð sýna, að fengnum tillögum Matvælarannsókna ríkisins. Matvælarannsóknir ríkisins skulu annast rannsóknir á sýnum að höfðu samráði við eiturefnanefnd.

Heilbrigðisnefndir og Heilbrigðiseftirlit ríkisins hafa eftirlit með framleiðslu matvæla samkvæmt reglugerð þessari.

IV. KAFLI

VIÐURLÖG OG GILDISTAKA

6. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 15. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni, lögum nr. 74/1977 um Matvælarannsóknir ríkisins, lögum nr. 24/1936 um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi 1. janúar 1981.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 23. september 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

3. október 1980. Nr. 526.

REGLUGERÐ

um lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins

I. KAFLI

Um ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins og lánaflokka

1. gr.

Ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins, sem varið skal til almennra veðlána, eru tekjur og lánsfé sjóðsins samkvæmt 9. gr. laga nr. 51/1980. Skal útlánum hagað eftir því sem ákveðið er í reglugerð þessari.

2. gr.

Lánaflokkar eru þessir:

1. Lán til kaupa eða byggingar á nýjum íbúðum.
2. Lán til kaupa á eldri íbúðum.
3. Lán til byggingar íbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistunarstofnana fyrir börn og aldraða.
4. Lán til meiriháttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á eldra húsnæði.
5. Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.
6. Sérstök viðbótarlán til einstaklinga með sérþarfir.
7. Lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.
8. Lán til tækninýjunga í byggingariðnaði.
9. Lán til framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.

3. gr.

Í tengslum við gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar ríkisstjórnar og fjárlög, gerir Húsnæðisstofnun ríkisins árlega áætlun um framkvæmdir á sviði íbúðabygginga og tillögur um lánveitingar til þeirra svo og um lánveitingar til annarra þeirra viðfangsefna, sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar þessarar. Greina skal áætlaða hlutdeild eigin fjár og markaða tekna í útlánaþörfinni og nauðsynlegar lántökuheimildir, að mati stofnunarinnar. Í tillögunum skal skipta lánveitingum á einstaka útlánaflokka.

Að samþykktum fjárlögum, og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, gerir húsnæðismálastjórn endanlegar tillögur til ráðherra um skiptingu ráðstöfunarfjárins. Að fengnu samþykki ráðherra auglýsir Húsnæðisstofnun ríkisins síðan ráðstöfunarfé í hverjum lánaflokki um sig og helstu skilyrði, sem lántakendur þurfa að uppfylla. Nú kemur í ljós að áætlað ráðstöfunarfé einhverra útlánaflokka er ekki í samræmi við lánsfjárþörfina og skal húsnæðismálastjórn þá gera tillögur til ráðherra um flutning fjármagns milli útlánaflokka.

4. gr.

Við ákvörðun hámarksláns skal fara eftir sérstökum staðli, sbr. reglugerð um staðalíbúðir.

Gildi staðla miðað við fjölskyldustærð umsækjanda skal vera eftirfarandi:

Staðall I: Gildir fyrir einstaklinga.

Staðall II: Gildir fyrir 2ja—4ra manna fjölskyldu.

Staðall III: Gildir fyrir 5—6 manna fjölskyldu.

Staðall IV: Gildir fyrir 7 manna fjölskyldu og stærri.

Sambýlishús teljast öll hús, þar sem byggðar eru fleiri en ein íbúð undir sama þaki, ef þeim fylgir hlutdeild í sameiginlegum stigagöngum, þvottahúsum eða öðru sameiginlegu rými.

Staðalíbúð, sem notuð er til viðmiðunar um lánshæfni umsókna, skal miðuð við hóflega íbúð fyrir hlutaðeigandi fjölskyldu og að herbergjafjöldi sé í sem mestu samræmi við fjölskyldustærð umsækjanda.

5. gr.

Húsnæðismálastjórn gerir tillögur til félagsmálaráðherra um lánshlutfall til hvers flokks staðalíbúðar til eins árs í senn um leið og fjárhagsáætlun er samin. Lánsfjárhæðin miðast við byggingarkostnað staðalíbúðar þegar hús er fokhelt samkvæmt skilgreiningu í 2. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar.

Kostnaðarverð staðalíbúðar skal endurskoðað í samræmi við breytingar á byggingarkostnaði fjórum sinnum á ári, 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október.

6. gr.

Kostnaðarverð staðalíbúðar miðast við að íbúðir séu hagkvæmar í byggingu, einfaldar en vandaðar að allri gerð og hönnun og búnaður uppfylli almennar kröfur á hverjum tíma.

Í sérstakri reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar skal gera nákvæma lýsingu á stærð, skipan og frágangi hverrar staðalíbúðar svo og þeim reglum, sem stuðst er við til ákvörðunar á kostnaðarverði hennar.

II. KAFLI

Um lánveitingar.

7. gr.

Lán samkvæmt 1. tl. 2. gr. skulu veitt einstaklingum, sem fullnægja skilyrðum þessarar reglugerðar, til byggingar eða kaupa á nýjum íbúðum. Þegar fyrir liggur að umsókn uppfylli lánshæfisskilyrði skal umsækjanda send staðfesting á því, ásamt upplýsingum um þær reglur, sem ákvarða lánsfjárhæð og væntanlega greiðslutilhögun lánsins. Einnig skal senda viðskiptastofnun umsækjanda slíkt bréf, ef hann óskar þess.

Lán til einstaklinga greiðast þannig: Lánin koma til greiðslu þegar húsin eru fokheld og veðhæf. Hús teljast fokheld þegar síðasta úttektarskyldu byggingarstigi er náð samkvæmt vottorði byggingarfulltrúa.

Fyrsti hluti lánsins skal að jafnaði koma til greiðslu eigi síðar en þremur mánuðum eftir að hús eru fokheld og síðari hluti, eða hlutar, með sex mánaða millibili frá greiðslu frumláns.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að skerða lán til umsækjenda sem eiga fullnægjandi íbúð samkvæmt reglugerð um staðalíbúð eða hefur átt slíka íbúð á síðastliðnum tveimur árum. Enginn á rétt á láni fyrstu fimm árin eftir að hann hefur fengið fullt lán til nýbyggingar eða tvisvar sinnum lán til kaupa á eldri íbúð.

Ef umsækjandi þarf vegna atvinnu sinnar eða af öðrum ástæðum að flytja milli byggðarlaga er húsnæðismálastjórn heimilt að veita undanþágu frá skerðingu lánsréttar.

Vitji lántakandi ekki lánveitingarinnar næstu 6 mánuði frá fyrsta útborgunardegi hvers lánshluta, fellur hún úr gildi.

Verði óeðlilegur dráttur á framkvæmdum við byggingu húss eða íbúðar að dómi húsnæðismálastjórnar, þá getur hún sagt upp þeim lánum, sem veitt hafa verið samkvæmt þessari grein, með þriggja mánaða fyrirvara.

8. gr.

Við úrskurð um lánshæfni umsókna vegna byggingar eða kaupa á nýjum íbúðum, sbr. 1. tl. 2. gr. er óheimilt að veita lán til þeirra, sem svo stendur á sem hér segir:

a) Eiga fullnægjandi íbúð, sem ekki er fyrirhugað að selja vegna nýbyggingar eða kaupa á annarri íbúð.
b) Sem hafa brotið gegn ákvæðum byggingarlaga eða byggingareglugerðar.
c) Byggja fleiri en eina íbúð.

9. gr.

Lán samkvæmt 2. tl. 2. gr. er heimilt að veita einstaklingum og sveitarfélögum til kaupa á eldra húsnæði, enda sé fullnægt ákvæðum reglugerðar þessarar. Lánsfjárhæð skal vera visst hlutfall af fullu láni til nýbygginga og skal hlutfallið ákveðið til eins árs í senn af félagsmálaráðherra að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar um leið og fjárhagsáætlun er gerð fyrir næsta ár.

Húsnæðismálastjórn skal setja nánari reglur um úthlutun lána samkvæmt þessari grein.

Að jafnaði skal taka 2. veðrétt í íbúðum fyrir lánum 2. tl. 2. gr. þessarar reglugerðar, en sé hann ekki laus er heimilt að taka síðari veðrétti, þó mega áhvílandi lán uppfærð að viðbættu láni húsnæðismálastjórnar ekki nema hærri fjárhæð en 65% af brunabótamati eignarinnar.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að beita skerðingarákvæðum 7. gr. reglugerðar þessarar varðandi lánveitingu til kaupa á eldri íbúð.

10. gr.

Lán samkvæmt 3. tl. 2. gr. má aðeins veita til byggingar íbúða eða dvalarheimila fyrir aldraða eða dagvistarstofnana fyrir börn.

Framkvæmdir skulu vera á vegum sveitarfélaga, stofnana á þeirra vegum og/eða ríkisins, eða félagasamtaka, sem hafa slíkar framkvæmdir á stefnuskrá sinni.

Lán þessi skulu því aðeins veitt að fyrir liggi niðurstöður könnunar, sem sýni þörf framkvæmda á þessu sviði í hlutaðeigandi sveitarfélagi og heilbrigðisráðuneytið mæli með framkvæmdinni, ef um íbúðir eða heimili fyrir aldraða er að ræða en ella menntamálaráðuneytið.

Lánsfjárhæð til íbúða fyrir aldraða, sem byggðar eru í tengslum við sérstakar stofnanir eða hjúkrunarhæli fyrir aldraða má nema sömu fjárhæð og veitt er á sama ári til nýrra íbúða samkvæmt 5. gr. og skal fylgja sömu reglum um útborgun. Ef

byggt er sameiginlegt rými í tengslum við slíkar stofnanir, svo sem húsnæði fyrir handavinnu, félagsstarf eða aðrar þarfir íbúanna, er heimilt að lána út á það sérstaklega, eins og um vistheimili væri að ræða. Lán til dagvistunarstofnana fyrir börn og fyrir aldraða mega nema allt að 50% af áætluðum byggingarkostnaði.

Lán sem veitt er samkvæmt þessari grein skulu koma til útborgunar í samræmi við framkvæmdahraða og gerir Húsnæðisstofnun ríkisins sérstakan framkvæmdalánssamning við þann aðila, sem fyrir framkvæmdum stendur. Í framkvæmdalánssamningi skal kveða á um greiðslu á hlutdeild Byggingarsjóðs ríkisins í fjármögnun framkvæmda, sbr. 3. mgr. þessarar greinar, og skal miða útborgun lánsins hverju sinni við verkstöðu, enda sé hún í samræmi við samþykkta framkvæmdaáætlun verksins. Lokagreiðsla láns skal þó aldrei fara fram fyrr en framkvæmdum er að fullu lokið.

Lán skv. 3. tl. 2. gr. skulu tryggð með veði í hlutaðeigandi framkvæmd sem Húsnæðisstofnun ríkisins metur fullnægjandi auk ábyrgðar þess sveitarfélags, sem í hlut á.

11. gr.

Lán skv. 4. tl. 2. gr. er heimilt að veita einstaklingum eða sveitarfélögum til meiriháttar endurbóta á eldra húsnæði.

Ennfremur er heimilt að veita lán til viðbygginga við íbúðir samkvæmt þessum tölulið, enda sé íbúð sú ekki fullnægjandi samkvæmt gildandi staðli.

Lán til endurnýjunar má veita til íbúða í húsnæði sem áður hefur verið notað til annarra þarfa.

Umsóknum um lán þessi skal fylgja greinargerð og kostnaðaráætlun gerð af byggingarfróðum manni.

Lánsupphæð skal háð eftirfarandi takmörkunum:

Lán má vera sama hlutfall af kostnaðaráætlun og lánshlutfall nýbyggingar lána er hverju sinni, þó aldrei hærri en 50% af byggingarláni staðalíbúðar fyrir hlutaðeigandi fjölskyldu.

Til meiriháttar endurbóta teljast framkvæmdir sem nemi hærri fjárhæð en 20% af kostnaðarverði staðalíbúðar viðkomandi fjölskyldu og viðbygging telst framkvæmd, sem kostar meira en 20% af verði staðalíbúðar viðkomandi fjölskyldu samkvæmt framlagðri kostnaðaráætlun.

Til meiriháttar endurbóta teljast m. a. þær framkvæmdir, sem að neðan greinir:

a) Endurbygging eða viðamikil viðgerð á þaki.
b) Endurnýjun á gluggum, jafnt gluggakörmum sem tvö- eða þreföldun á rúðum.
c) Endurnýjun á rafkerfi.
d) Endurnýjun á lagnakerfi.
e) Utanhússklæðning .

Lán þessi má greiða að hálfu í formi lánsyfirlýsingar eða víxils á meðan á framkvæmdum stendur en síðari hluta þegar framkvæmdum er lokið og verkið hefur verið tekið út af trúnaðarmanni Húsnæðisstofnunar ríkisins.

12. gr.

Lán samkvæmt 5. tl. 2. gr. er aðeins heimilt að veita sveitarfélögum, sem með skipulegum hætti vinna að byggingu íbúða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, sem notað er til íbúðar.

Nú leiðir rannsókn, sem sveitarstjórn gengst fyrir, í ljós að í sveitarfélaginu er tiltekinn fjöldi íbúða, sem teljast heilsuspillandi samkvæmt gildandi heilbrigðissamþykkt og ekki verða með endurbótum gerðar íbúðarhæfar og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um nýframkvæmdir til útrýmingar húsnæðisins.

Óski sveitarstjórn aðstoðar veðlánakerfisins við byggingu íbúða í stað þeirra, sem útrýmt er, skal hún sækja um lán til Húsnæðisstofnunar ríkisins áður en hafist er handa um framkvæmdir.

Með umsókn skal fylgja greinargerð um það heilsuspillandi húsnæði, sem útrýma á, upplýsingum um hve margt fólk býr í húsnæðinu, ásamt áætlun um framkvæmdahraða við útrýmingu þess.

Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði geta verið með eftirtöldum hætti:

a) Lán til byggingar íbúða, sem ætlaðar eru til endursölu til einstaklinga sem áður bjuggu í heilsuspillandi húsnæði. Gilda um þau ákvæði 1. tl. 2. gr. reglugerðar þessarar.
b) Viðbótarlán samkvæmt 13. gr. þessarar reglugerðar.
c) Lán til byggingar leiguíbúða sveitarfélaga, sem ætlaðar eru þeim sem áður bjuggu í heilsuspillandi húsnæði. Gilda þá um þær íbúðir ákvæði 60. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 51/1980.

13. gr.

Nú sækir sveitarstjórn, sem vinnur að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, um viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins samkvæmt b-lið 23. gr. laga nr. 51/1980 til þess að byggja eða kaupa nýja íbúð til endursölu til fólks, sem býr í heilsuspillandi húsnæði, að dómi læknis eða heilbrigðisfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi, og skal þá húsnæðismálastjórn heimilt að veita viðbótarlán allt að jafnhárri fjárhæð og hámarkslán er á því ári skv. 1. tl. 2. gr., enda verði það lán að fullu notað. Aldrei mega þau lán samanlagt þó nema hærri fjárhæð en 80% af byggingarkostnaði staðalíbúðar fyrir viðkomandi fjölskyldu. Lán samkvæmt þessari málsgrein skal greiða í tvennu lagi. Fyrri hluta lánsins má greiða þegar íbúðin er fokheld, en síðari hlutann þegar hún hefur verið tekin í notkun og hlutaðeigandi sveitarstjórn lagt fram vottorð bæjarfógeta eða sýslumanns um að fyrri íbúð viðkomandi fjölskyldu hafi verið tekin úr notkun.

Lán þessi skulu veitt gegn 1. veðrétti í viðkomandi íbúð samhliða láni samkvæmt 1. tl. 2. gr. og með bakábyrgð sveitarstjórnar.

14. gr.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita sveitarfélögum lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að endurbyggja heilsuspillandi húsnæði sem hagkvæmt er talið að endurnýja, að mati byggingarfróðra manna, sem tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins og viðkomandi sveitarstjórn tilnefnir.

Skulu matsmenn gera úttekt á húsnæðinu og gera kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur.

Lán þessi mega nema allt að 80% af viðgerðarkostnaði. Þó má lán til endurbóta á heilsuspillandi íbúð aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af fullu láni á því ári samkvæmt sama staðli.

Lán samkvæmt þessari grein skulu veitt gegn veði í viðkomandi íbúð og bakábyrgð sveitarstjórnar.

15. gr.

Lán samkvæmt 6. tl. 2. gr. má veita ellilífeyrisþegum og öryrkjum, sem búa við skerta starfsorku eða eru hrevfihamlaðir, til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði, þegar fyrir liggur, að dómi Húsnæðisstofnunar, að sérþarfir þessara aðila leiði til aukins byggingarkostnaðar, og geta lán þessi komið til viðbótar láni skv. 1. tl. 2. gr.

Viðbótarlán mega nema allt að 80% af áætluðum umframkostnaði við framkvæmdir vegna sérþarfa enda hafi þær verið samþykktar af Húsnæðisstofnun áður en framkvæmdir er ráðist.

Lán þessi má veita til endurbóta á eldra húsnæði og kemur þá slíkt lán til viðbótar láni skv. 2. tl. 2. gr. ef um kaup á eldri íbúð er að ræða.

Nú býr sá sem fellur undir ákvæði þessarar greinar í eigin húsnæði, sem þarfnast endurbóta vegna sérþarfa hans, og er þá heimilt að veita honum lánið skv. 2. mgr.

Lán þessi má einnig veita til endurbóta á leiguíbúðum, jafnt nýjum sem notuðum.

Lán samkvæmt þessari grein má einnig veita þeim sem hafa orðið fyrir meiriháttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geti ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.

16. gr.

Lán samkvæmt 7. tl. 2. gr. eru veitt í þeim tilgangi að draga úr hitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis, einkum þess sem hitað er með olíu.

Lán þessi má veita einstaklingum til orkusparandi endurbóta á íbúðum og skulu endurbætur miðast við að fullnægt sé ákvæðum 7. kafla byggingarreglugerðar nr. 292/1979, gr. 7.5 og 7.6. að því er varðar hitaeinangrun húsa. Lán til fjölföldunar glers í gluggum skal því aðeins veita, að gler sé fjölfaldað í heilum íbúðum með ísetningu verksmiðjuframleidds einangrunarglers stað einfalds rúðuglers.

Lán samkvæmt þessari grein má ennfremur veita þegar breyta þarf hitakerfi íbúða.

Lán þessi mega nema allt að 75% af áætluðum kostnaði við orkusparandi endurbætur í íbúðarhúsnæði eða af framkvæmdakostnaði við breytingu á hitakerfi.

Umsóknum um lán samkvæmt þessari grein skal fylgja verklýsing og kostnaðaráætlun, sem gerð er af byggingarfróðum manni, og metin er gild af Húsnæðisstofnun ríkisins.

Helming láns samkvæmt þessari grein má afgreiða í formi víxilláns á meðan á framkvæmdum stendur, en síðari hluta lánsins má ekki greiða fyrr en framkvæmdum er lokið og verkið tekið út af trúnaðarmanni tæknideildar stofnunarinnar. Lánsfjárhæð skal miðast við verðlag þess mánaðar þegar lánið er samþykkt og þá kostnaðaráætlun sem þá liggur fyrir.

17. gr.

Lán samkvæmt 8. tl. 2. gr. má veita einstaklingum, framkvæmdaaðilum og stofnunum, sem bróa tæknilegar aðferðir og nýjungar, sem leitt geta til lækkunar byggingarkostnaðar, styttingar byggingartíma eða stuðla með öðrum hætti að aukinni hagræðingu í byggingariðnaði.

Sá, sem óskar eftir láni samkvæmt 1. mgr. skal senda erindi þess efnis ásamt greinargerð og kostnaðaráætlun um verkefni það, sem vinna skal. Tæknideild stofnunarinnar skal semja greinargerð um málið sem lögð verður fyrir húsnæðismálastjórn, sem tekur ákvörðun um lánshæfni umsóknarinnar og ákveður lánsfjárhæð.

18. gr.

Lán samkvæmt 9. tl. 2. gr. má veita viðurkenndum framkvæmdaaðilum í byggingariðnaði, sem byggja íbúðir í fjöldaframleiðslu, er fullnægja lánareglum Húsnæðisstofnunar ríkisins og seldar verða einstaklingum. Íbúðir skulu byggðar í sambýlis- eða einbýlishúsum, eigi færri en 4 í sama byggingaráfanga.

Íbúðir skulu seldar fullbúnar eða tilbúnar undir tréverk með allri sameign fullbúinni. Lóð skal afhendast með frágengnum gangstígum, bílastæðum og grasflötum. Söluverð og söluskilmálar íbúða, sem njóta framkvæmdalána, skulu háðir samþykki Húsnæðisstofnunarinnar.

Framkvæmdalán greiðast út samkvæmt sérstakri samþykkt húsnæðismálastjórnar.

Áður en framkvæmdalán kemur til greiðslu skal liggja fyrir greinargerð um byggingartíma framkvæmdarinnar, um fjölda þeirra íbúða sem byggja á og teikningar af íbúðunum samþykktar af byggingarnefnd viðkomandi byggðarlags. Þá

skal ennfremur liggja fyrir áætlaður sundurliðaður byggingarkostnaður ásamt greinargerð um væntanlegt söluverð og söluskilmála.

Heimilt er ennfremur að veita framkvæmdalán samkvæmt þessari grein, innlendum aðilum sem framleiða stöðluð einingahús. Til þess að framleiðendur staðlaðra einingahúsa geti átt kost á framkvæmdaláni skulu þeir uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Framleiða ekki færri en 4 einingahús samkvæmt sömu teikningu.
2. Leggja fram teikningar af húsunum hjá tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins ásamt verkfræðiteikningum húsanna er uppfylla kröfur byggingasamþykkta. Verklýsing á frágangi einangrunar og þéttleika á samsetningu eininga skal fylgja umsóknum um framkvæmdalán.
3. Annast eða bera fulla ábyrgð á uppsetningu húsanna og frágangi einangrunar.
4. Íbúðir skulu afhentar fullbúnar, eða tilbúnar undir tréverk með allri sameign fullbúinni.

Þegar framangreindum skilyrðum er fullnægt og fyrir liggja staðfestir samningar um sölu á 4 húsum til kaupenda sem lánsrétt eiga hjá húsnæðismálastjórn, er heimilt að gera samning um framkvæmdalán sem greiðist á 12 mánuðum og endurgreiðist þegar lán eru veitt til kaupenda húsanna samkvæmt reglum húsnæðismálastjórnar.

III. KAFLI

Lánsumsóknir, fylgigögn og lánshæfni.

19. gr.

Þeir aðilar, sem sækja vilja um lán samkvæmt reglugerð þessari, skulu áður en framkvæmdir hefjast senda umsóknir sínar til Húsnæðisstofnunar ríkisins á þar til gerðum eyðublöðum, sem stofnunin lætur í té. Umsækjanda ber að veita þær upplýsingar, sem umsóknareyðublaðið segir til um og láta fylgja þau gögn, sem krafist er í hverju tilfelli. Vísvitandi rangar upplýsingar, svo og ef brugðið er út frá þeim reglum og skilyrðum, sem í gildi eru, svipta umsækjanda lánsrétti um tiltekinn tíma eða að fullu, eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar. Í slíkum tilfellum getur húsnæðismálastjórn sagt upp veittu eða samþykktu láni fyrirvaralaust.

20. gr.

Lánsumsóknum skulu fylgja þessi gögn:

a) Teikning af hlutaðeigandi íbúð með árituðu samþykki byggingaryfirvalda. Í áritun skal tilgreina dagsetningu samþykktar. Þessi áritun byggingaryfirvalda skoðast sem fullnaðarsamþykkt á því að staðsetning húss og hönnun sé í samræmi við byggingarskilmála. Sé um að ræða íbúð í sambýlishúsi skal tilgreint með raðtölum hvar íbúð er staðsett í húsinu.

Ef sótt er um lán til kaupa á eldri íbúð og ekki er fyrir hendi teikning af íbúðinni eða ef íbúðin er í kjallara eða rishæð skal fylgja umsókn nákvæm lýsing á íbúðinni, gerð af hlutaðeigandi byggingarfulltrúa, þar sem tilgreindur sé aldur íbúðar, fasteigna- og brunabótamat og annað sem máli skiptir.

Þegar um viðbyggingu er að ræða skal teikning einnig sýna stærð og gerð þess húss, sem byggja á við. Umsóknum um lán til endurbóta og endurnýjunar á eldra húsnæði, sérstakra viðbótarlána til einstaklinga með sérþarfir og lánum til orkusparandi breytinga á húsnæði, skal fylgja ítarleg lýsing á því, sem framkvæma á, ásamt kostnaðaráætlun sem gerð er af byggingarfróðum manni sem trúnaðarmaður Húsnæðisstofnunar samþykkir.

b) Yfirlýsing skattstjóra eða umboðsmanns hans um efnahag og tekjur umsækj-

anda á þar til gerðu eyðublaði, þar sem m. a. séu upplýsingar um það hvort umsækjandi eigi eða hafi átt íbúð eða aðra tilsvarandi eign s. l. 2 ár.

c) Vottorð sveitarstjórnar um fjölskyldustærð, nöfn og aldur fjölskyldumanna svo og lögheimili.

d) Vottorð tryggingayfirlæknis, þegar um er að ræða aldraða, öryrkja, fólk með skerta starfsorku eða hreyfihamlaða.

e) Önnur gögn, sem Húsnæðisstofnunin kann að telja nauðsynleg. Umsækjendur, sem kaupa íbúðir í smíðum eða fullgerðar, skulu einnig senda staðfest afrit af kaupsamningi, þegar kaup hafa verið gerð.

Áður en lánveiting fer fram skal umsækjandi leggja fram þau gögn sem nauðsynleg verða talin að mati húsnæðismálastjórnar.

21. gr.

Lánskjör á öllum lánum sem veitt eru úr Byggingarsjóði ríkisins skulu vera samkvæmt ákvæðum 33. gr. laga nr. 51/1980. Lántökugjald má vera allt að 1% af veittri lánsfjárhæð og skal haldið eftir við afgreiðslu lánsins.

Lántökugjaldið skal renna í sérstakan sjóð í vörslu Seðlabanka Íslands og nefnist hann Varasjóður Byggingarsjóðs ríkisins. Sjóðnum skal varið til þess að greiða tjón sem Byggingarsjóður ríkisins verður fyrir vegna vanskila og til þess að efla starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins samkvæmt samþykktum húsnæðismálastjórnar. Allar slíkar samþykktir skulu hljóta samþykki félagsmálaráðuneytisins.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 51 9. júní 1980, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. október 1980.

Svavar Gestsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 527. 3. október 1980.

REGLUGERÐ

um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar

I. KAFLI

Markmið sjóðsins og ráðstöfunarfé.

1. gr.

Félagslegar íbúðir, sem veitt eru til lán samkvæmt reglugerð þessari, eru:

a) verkamannabústaðir, sem byggðir eru eða keyptir á vegum stjórna verkamannabústaða í kaupstöðum og kauptúnahreppum landsins og öðrum sveitarfélögum sem þess óska, og ætlaðar eru til sölu handa því fólki sem uppfyllir ákvæði 47. gr. laga nr. 51/1980.

b) leiguíbúðir, sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum og ætlaðar eru til útleigu með hóflegum kjörum handa þeim, sem af félagslegum ástæðum þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun.

2. gr.

Ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs verkamanna, sem varið skal til útlána til félagslegra íbúðabygginga, eru tekjur þær og lánsfé sem greinir í 37. gr. laga nr. 51/1980, auk söluhagnaðar af eldri íbúðum og skal lánveitingum hagað eftir því sem ákveðið er í þeim lögum og nánar segir í reglugerð þessari.

II. KAFLI

Um byggingu verkamannabústaða.

3. gr.

Að loknum hverjum reglulegum sveitarstjórnarkosningum, samanber þó 5. lið ákvæðis til bráðabirgða laga nr. 51/1980, skulu sveitarstjórnir í kaupstöðum og kauptúnahreppum landsins og öðrum sveitarfélögum, sem þess óska, kjósa hlutbundinni kosningu þrjá menn í stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu og jafnmarga til vara, og tilkynna félagsmálaráðuneytinu nöfn þeirra, sem kosningu hafa hlotið. Ráðherra óskar síðan tilnefningar fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í hlutaðeigandi sveitarfélagi á tveimur mönnum í stjórnina.

Þar sem ekki er starfandi fulltrúaráð verkalýðsfélaga, skulu stjórnir þeirra verkalýðsfélaga, sem starfandi eru í sveitarfélaginu sameiginlega annast tilnefninguna. Nú er ekkert verkalýðsfélag starfandi og getur þá ráðherra óskað tilnefningar þess fulltrúaráðs eða félaga, sem hafa sveitarfélag það, sem hlut á að máli, sem samningssvæði.

Stjórn BSRB tilnefnir fulltrúa félaga opinberra starfsmanna í stjórn verkamannabústaða samkvæmt 39. gr. laga nr. 51/1980 að undangengnum ábendingum og samráðsfundi þeirra bandalagsfélaga, sem félagsmenn eiga í viðkomandi sveitarfélagi. Ef niðurstaða á slíkum samráðsfundi er sameiginleg, þá gildir hún, ella velur bandalagsstjórn úr hópi þeirra, sem bandalagsfélögin hafa bent á.

Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Að fengnum þessum tilnefningum skipar ráðherra stjórn verkamannabústaða og skal kjörtímabil hennar vera hið sama og sveitarstjórnar.

Í kaupstöðum yfir tíu þúsund íbúa skipar félagsmálaráðherra einn mann til viðbótar í stjórn verkamannabústaða án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnnar. Að öðru leyti skipta stjórnirnar sjálfar með sér verkum. Stjórnarmenn skulu eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

4. gr.

Stjórn verkamannabústaða skal halda fundi svo oft sem þörf krefur. Formaður kveður stjórnina til funda og stjórnar þeim. Skylt er að kalla saman stjórnarfundi innan fimm sólarhringa, sé þess óskað skriflega af stjórnarmanni, enda tilgreini hann fundarefni. Haldin skal gerðarbók á stjórnarfundum og þar skráðar allar veigamiklar ákvarðanir stjórnarinnar.

Allir stjórnarmenn, sem fund sitja, skulu undirrita fundargerð. Sérhver stjórnarmaður á rétt til að láta færa til bókar sérálit sitt eða sératkvæði. Engin ákvörðun er lögmæt nema fjórir stjórnarmenn hafi greitt henni atkvæði.

Að öðru leyti setur stjórnin sér sjálf fundarsköp.

Ráðherra ákveður laun stjórnarmanna og teljast þau til byggingarkostnaðar.

5. gr.

Sveitarstjórn skal annast bókhald og sjóðsgreiðslur, vegna þeirra byggingaframkvæmda, sem stjórn verkamannabústaða hefur með höndum í sveitarfélaginu.

Lán úr Byggingarsjóði verkamanna, mótframlag sveitarstjórnar og útborgun kaupenda íbúðanna skulu lögð inn á sérstakan reikning í viðurkenndri lánastofnun, sem stjórn verkamannabústaða ákveður og er óheimilt að greiða af þeim reikningi annað en það sem telst til byggingarkostnaðar samkvæmt reglugerð þessari.

Allir reikningar yfir kostnað við byggingarframkvæmdir skulu samþykktir og áritaðir af formanni og varaformanni stjórnar, eða öðrum þeim, tveim mönnum er stjórnin hefur falið það umboð.

Stjórnin skal árlega gera reikningsyfirlit vegna framkvæmda sem í gangi eru, halda sérstakan reikning fyrir hvern byggingaráfanga og að loknum hverjum áfanga gera heildarreikning um byggingarkostnað og skiptingu hans á einstakar íbúðir í áfanganum. Senda skal sveitarstjórn og Húsnæðisstofnun ríkisins þessi gögn árituð af kjörnum endurskoðendum sveitarstjórnar.

6. gr.

Þegar eftir skipun sína skal stjórn verkamannabústaða gangast fyrir könnun á húsnæðisþörf láglaunafólks í sveitarfélaginu í samráði við sveitarstjórn. Könnun þessa skal framkvæma með þeim hætti að auglýsa opinberlega eftir væntanlegum umsækjendum um íbúðir í verkamannabústöðum. Í auglýsingu skal koma skýrt fram hverjir eigi rétt til kaupa á verkamannabústað og hver greiðslukjör eru.

Í sveitarfélögum þar sem fyrir liggja listar um umsóknir fólks um íbúðir sem verið hafa í byggingu og ekki hefur verið hægt að sinna nema að hluta, skulu slíkir listar taldir jafngilda könnun.

Húsnæðisstofnun ríkisins lætur útbúa eyðublöð til öflunar upplýsinga um hagi væntanlegra kaupenda, en stjórn verkamannabústaða á hverjum stað auglýsir, hvar þau liggja frammi.

Eftirfarandi upplýsinga skal afla:

1. um húsnæðisaðstöðu,
2. um fjölskyldustærð,
3. um tekjur og eignir,
4. um lögheimili,
5. um fjárhagslega getu til greiðslu útborgunar,
6. um starfstíma síðustu þrjú árin.

Með allar persónulegar upplýsingar skal fara sem trúnaðarmál.

7. gr.

Á grundvelli könnunar samkvæmt 6. gr. semur stjórn verkamannabústaða rökstudda greinargerð um þörfina fyrir byggingu verkamannabústaða og leiguíbúða í sveitarfélaginu og gerir tillögur um þann fjölda íbúða, sem byggja skal. Gera skal í tillögunum grein fyrir æskilegum íbúðastærðum, húsagerðum og framkvæmdatíma. Greinargerðina og tillögur sínar sendir stjórnin til sveitarstjórnar, en afrit til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

8. gr.

Nú samþykkir sveitarstjórn að hefja byggingu verkamannabústaða samkvæmt tillögu stjórnar verkamannabústaða og tilkynnir hún þá ákvörðun sína til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Með umsókn sveitarstjórnar skal fylgja:

1. tillöguuppdráttur að fyrirhuguðum íbúðum, sem sýni gerð, fjölda og stærð íbúða,
2. drög að smíðalýsingu (útboðslýsingu, þar sem m. a. komi fram hvaða byggingaaðferðum er fyrirhugað að beita við framkvæmdirnar).
3. drög að áætlun um byggingakostnað.
4. verkáætlun, þar sem komi fram hvenær fyrirhugað er að hefja framkvæmdir og ljúka þeim.

Með umsókn skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um greiðslu á framlagi sveitarfélagsins til byggingar verkamannabústaða sem nemi 10% af lánum Byggingarsjóðs verkamanna til framkvæmdanna.

Sama ákvæði gildir þegar sveitarstjórn, eða stjórn verkamannabústaða í hennar umboði, sækir um lán úr Byggingarsjóði verkamanna vegna endursölu á íbúð í verkamannabústað.

Umsóknir sveitarstjórna skulu hafa borist Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir 1. ágúst árið áður en framkvæmdir eiga að hefjast. Ef umsóknir berast seinna en 1. ágúst af einhverjum þeim orsökum sem ekki verður komið í veg fyrir er heimilt að taka þær til greina.

9. gr.

Að fenginni umsögn tæknideildar tekur húsnæðismálastjórn ákvörðun um hvort fyrirhuguð framkvæmd samrýmist ákvæðum laga og reglugerðar þessarar. Sé svo, heimilar húsnæðismálastjórn hlutaðeigandi stjórn verkamannabústaða að ljúka áætlanagerð og hefja framkvæmdir.

10. gr.

Áður en framkvæmdir hefjast við byggingu verkamannabústaða skal tæknideild Húsnæðisstofnunar ákveða samkvæmt hvaða staðli verði lánað út á hverja íbúð í viðkomandi byggingaráfanga. Skal hafa hliðsjón af könnun viðkomandi stjórnar verkamannabústaða og þeim teikningum sem fyrir liggja.

Íbúðir í verkamannabústöðum mega ekki vera stærri en staðalíbúð fyrir viðkomandi fjölskyldu.

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til íbúða í verkamannabústöðum má vera allt að 90% af byggingarkostnaði staðalíbúðar, samanber reglugerð um staðalíbúðir.

Húsnæðisstofnun ríkisins gerir framkvæmdalánssamning við stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu um greiðslu lánsins í samræmi við verkstöðu framkvæmda á hverjum tíma og samþykkta framkvæmdaáætlun. Heimilt er Byggingarsjóði verkamanna að greiða allt að 95% af láninu í byggingartímanum en 5% skal greitt þegar framkvæmdum er lokið og verkið tekið út af trúnaðarmanni Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Lánsfjárhæðin, allt að 90% af byggingarkostnaði skal miðuð við áætlaðan bygg ingarkostnað staðalíbúðar en hún er endanlega gerð upp í samræmi við byggingarkostnaðinn eins og hann hefur reynst á framkvæmdatímanum. Endanleg lánsfjárhæð skal þó aldrei fara upp fyrir 90% af byggingarkostnaði staðalíbúðar.

Hlutdeild sveitarfélagsins í framkvæmdunum, 10% af lánsfjárhæðinni, skal dregin frá hverri greiðslu lánsins frá Byggingarsjóði verkamanna.

Verði byggingarkostnaður hærri en sem nemur láni Byggingarsjóðs verkamanna, að viðbættu framlagi kaupanda, þá greiðir viðkomandi sveitarfélag þann umframkostnað samanber 52. gr. laga nr. 51/1980.

11. gr.

Íbúðir í verkamannabústöðum skulu þannig hannaðar, að þær séu einfaldar að allri gerð, hóflegar að stærð, búnar venjulegum nútíma þægindum, en án alls íburðar.

Verkamannabústaðir skulu byggðir úr varanlegu efni og uppfylla kröfur byggingarlaga og reglugerða um hönnun, gerð og búnað. Íbúðunum skal skila fullgerðum, þ. á m. sameign. Lóð skal skila með frágengnum bílastæðum, göngustígum og grasi.

12. gr.

Stjórnir verkamannabústaða skulu kosta kapps um að íbúðir, byggðar á þeirra vegum, séu svo ódýrar í byggingu, sem frekast er kostur. Framkvæmdir skal að jafnaði fela viðurkenndum byggingaverktökum á samkeppnisgrundvelli með sem víð-

tækustum útboðum. Kaup efnis og búnaðar til íbúðanna skal fara fram að undangengnum útboðum, þar sem þess er kostur.

Þegar um stóra byggingaráfanga er að ræða skal áhersla lögð á að beita fjöldaframleiðsluaðferðum bæði hvað varðar hús og húshluta.

Tæknideild Húsnæðisstofnunarinnar skal vera stjórn verkamannabústaða til ráðuneytis um þau atriði sem fjallað er um í þessari grein.

13. gr.

Við sölu á íbúðum í verkamannabústöðum skulu þeir hafa forgang sem búa við erfiðasta húsnæðisaðstöðu og uppfylla að öðru leyti ákvæði 47. gr. laga nr. 51/1980.

Eigi síðar en sex mánuðum áður en byggingu verkamannabústaða á að ljúka samkvæmt framkvæmdaáætlun, skal stjórn verkamannabústaða auglýsa íbúðirnar opinberlega til sölu.

Í auglýsingu skal koma fram hverjir eigi rétt til íbúða í verkamannabústað, fjöldi og gerð íbúða og lágmarksfjölskyldustærð fyrir hverja íbúðagerð, ennfremur áætlaður afhendingartími íbúða og greiðsluskilmálar.

Umsóknarfrestur um íbúðir má eigi vera skemmri en þrjár vikur frá birtingu auglýsingar.

Nú berast stjórn verkamannabústaða fleiri gildar umsóknir en unnt er að fullnægja og skal þá láta þá ganga fyrir sem búa við lakasta húsnæðisaðstöðu, svo sem þröngbýli, heilsuspillandi húsnæði eða sæta óhagstæðum leigukjörum og lægstar hafa tekjur. Barnmargar fjölskyldur skulu að öðru jöfnu ganga fyrir um íbúðakaup. Við mat fjölskyldustærðar skal eingöngu miðað við þá, sem eru heimilisfólk umsækjanda samkvæmt þjóðskrá. Undantekningu má þó gera þegar þröngbýli veldur því að eðlileg fjölskyldubönd rofna um stundarsakir, eða ef foreldrar umsækjenda hafa búið hjá þeim síðast liðin tvö ár.

Stjórn verkamannabústaða annast ráðstöfun íbúða til umsækjenda samkvæmt þessari reglugerð og ákvæðum 47. gr. laga nr. 51/1980. Samþykkt sína um ráðstöfun íbúðanna skal stjórnin senda til Húsnæðisstofnunar ríkisins ásamt upplýsingum um hagi umsækjenda. Húsnæðisstofnun ríkisins kannar hvort ráðstöfun íbúðanna sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Sama tilhögun skal viðhöfð við ráðstöfun endursölu íbúða.

Stjórn verkamannabústaða ákveður eindaga á greiðslum kaupenda sem nema skal eigi minna en 10% af verði íbúðar, og greiðist í tvennu lagi. Fyrri helmingurinn greiðist innan átta vikna frá dagsetningu tilkynningar um úthlutun íbúðar, en síðari helmingurinn þegar stjórnin ákveður, þó ekki fyrr en átta vikum áður en íbúð er tilbúin til afhendingar. Standi umsækjandi eigi í skilum með þessar greiðslur innan tilskilins frests, fellur réttur hans til íbúðarinnar niður. Skal honum þá endurgreidd sú fjárhæð, sem hann kann að hafa greitt, án vaxta eða verðbóta.

Verði ágreiningur í stjórn verkamannabústaða um lögmæti á ráðstöfun íbúða samanber 47. gr. laganna má skjóta honum til félagsmálaráðuneytisins, sem fellir fullnaðarúrskurð um ágreininginn.

14. gr.

Áður en afhending verkamannabústaða fer fram, skal fara fram úttekt á íbúðinni af hálfu tæknideildar Húsnæðisstofnunarinnar. Við úttektina skal tæknideildin ganga úr skugga um að öllum byggingarskilmálum hafi verið fullnægt og íbúðin sé fullgerð og tilbúin til afhendingar.

Við afhendingu fær kaupandi í hendur skriflegt afsal fyrir íbúðinni gegn útgáfu skuldabréfs fyrir láni hjá Byggingarsjóði verkamanna, enda hafi kaupandi staðið skil á eigin greiðslu samkvæmt 13. grein.

Í afsali skal tekið fram, að íbúðin sé háð ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, eins og þau eru á hverjum tíma. Þá skal í afsali kveða á um skyldu íbúðareiganda til þátttöku í húsfélagi með öðrum íbúðareigendum í sambýlishúsum, sem m. a. annist sameiginlegt viðhald húsa, sameiginlegar greiðslur vegna sameignar og annað það sem húsfélag kann að annast samkvæmt lögum nr. 59/1976 um fjölbýlishús samanber og reglugerð nr. 280/1976 um samþykktir fyrir húsfélög.

Stjórn verkamannabústaða ákveður skiptingu heildarbyggingarkostnaðar á einstakar íbúðir samkvæmt ákvæðum reglugerðar um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum. Söluverð íbúðar skal vera kostnaðarverð hennar samkvæmt ákvæðum 52. gr. laga 51/1980.

Tæknideild Húsnæðisstofnunar skal staðreyna byggingarkostnað og staðfesta útreikninga um hlutdeild hverrar íbúðar í heildarkostnaði.

Eigi skal greiða stimpilgjöld af afsölum fyrir verkamannabústað, en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

15. gr.

Fyrstu fimmtán árin frá útgáfu afsals er íbúðareiganda óheimilt að veðsetja verkamannabústað fyrir öðrum lánum en þeim, sem á íbúðinni hvíla frá Byggingarsjóði verkamanna.

Eftir þann tíma er veðsetning heimil með samþykki Byggingarsjóðs verkamanna. Slík veðsetning má þó aldrei fara yfir 75% af brunabótamati íbúðarinnar að meðtöldu áhvílandi og uppfærðu láni frá Byggingarsjóði verkamanna.

Óheimilt er eiganda að leigja íbúð í verkamannabústað nema með samþykki stjórnar verkamannabústaða og er sá leigusamningur ógildur, sem gerður er án samþykkis stjórnarinnar. Stjórnin getur bundið samþykki sitt til útleigu íbúðar skilyrðum um fjárhæð leigunnar og leigutíma.

III. KAFLI

Um byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga.

16. gr.

Sveitarstjórn, sem samþykkir að byggja leiguíbúðir samkvæmt b-lið 1. gr. reglugerðar þessarar, skal eiga rétt á láni til framkvæmdanna úr Byggingarsjóði verkamanna, samkvæmt nánari skilyrðum í reglugerð þessari.

Lán til leiguíbúða sveitarfélaga mega nema allt að 80% af áætluðum byggingarkostnaði staðalíbúðar samkvæmt íbúðarstöðlum Húsnæðisstofnunar ríkisins. Hlutaðeigandi sveitarfélag skal standa undir þeim hluta byggingarkostnaðar, sem er umfram lánveitingu Byggingarsjóðs verkamanna.

17. gr.

Umsókn sveitarstjórnar um lán til byggingar leiguíbúða skal senda Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir 1. ágúst ári áður en framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Með umsókn sveitarstjórnar skal fylgja:

1. Greinargerð um fyrirhugaðar framkvæmdir í sveitarfélaginu þar sem tilgreindur er fjöldi, gerð og stærð þeirra íbúða, sem byggja á. Auk þess skal fylgja fullnægjandi rökstuðningur fyrir nauðsyn framkvæmdanna.
2. Teikningar af fyrirhuguðum íbúðum staðfestar af hlutaðeigandi byggingaryfirvöldum.
3. Nákvæm smíðalýsing (útboðslýsing).
4. Sundurliðuð kostnaðaráætlun.
5. Verkáætlun, þar sem m. a. komi fram, hvenær framkvæmdir eigi að hefjast og hvenær fyrirhugað sé að ljúka þeim.

18. gr.

Að lokinni athugun á þeim atriðum, sem getur í 2.—5. tölulið 17. gr., tekur húsnæðismálastjórn ákvörðun um lánshæfni umsóknar sveitarfélagsins.

Nú samþykkir stjórn sjóðsins að veita lán til fyrirhugaðra framkvæmda og gerir hún þá framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi sveitarstjórn. Í framkvæmdalánssamningi skal kveða á um greiðslu á hlutdeild Byggingarsjóðs verkamanna í fjármögnun framkvæmdanna og skal miða útborgun lánsins hverju sinni við verkstöðu, enda sé hún innan ramma samþykktrar byggingaráætlunar. Greiðsluskylda byggingarsjóðs skal þó aldrei vera umfram áætlaðan kostnað við samsvarandi byggingarstig samkvæmt íbúðarstöðlum stofnunarinnar.

Sveitarstjórn sendir Húsnæðisstofnun mánaðarlega, skriflega úttekt á verkstöðu, staðfesta af trúnaðarmanni stofnunarinnar.

19. gr.

Leiguíbúðir skulu byggðar úr varanlegu efni og skulu þær í hvívetna fullnægja kröfum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um hönnun, gerð og búnað. Að jafnaði skulu leiguíbúðir byggðar í sambýlishúsum. Þegar staðhættir eða sérstakar félagslegar aðstæður mæla með því, má þó byggja einbýlishús enda hafi samþykkis Húsnæðisstofnunar verið aflað hverju sinni.

Stærðir leiguíbúða skulu vera samkvæmt stöðlum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

20. gr.

Stjórn verkamannabústaða í umboði sveitarstjórnar, skal auglýsa opinberlega til ráðstöfunar leiguíbúðir, sem byggðar eru á hennar vegum.

Forleigurétt hafa:

1. Þeir sem búa við húsnæðisleysi eða erfiða húsnæðisaðstöðu,
2. þeir sem hafa lægstar tekjur,
3. einstæð foreldri,
4. fólk með sérþarfir,
5. ungt fólk fyrstu búskaparárin.

21. gr.

Húsaleiga í leiguíbúðum sveitarfélaga er háð samþykki sveitarstjórnar. Hún má þó aldrei nema hærri fjárhæð á ári en sem svarar samanlögðum kostnaði sveitarstjórnar af eftirtöldum útgjaldaliðum:

1. Ársvöxtum og verðbótum af þeim hluta byggingarkostnaðar, sem fenginn er að láni hjá Byggingarsjóði verkamanna til hlutaðeigandi íbúðar.
2. fasteigna- og brunbótaiðgjöldum af íbúðinni, þó ekki lóðarleigu.
3. Kostnaði við viðhald íbúðar og sameiginlegt viðhald fjölbýlishúss.

Um gerð og efni leigumála skal fara eftir lögum um húsaleigusamninga. Afrit húsaleigusamnings skal senda Húsnæðisstofnun ríkisins.

IV. KAFLI

Um kaupskyldu sveitarfélaga og endursölu félagslegra íbúða.

22. gr.

Sveitarstjórn hefur kaupskyldu á eftirtöldum íbúðum þegar þær eru boðnar til sölu:

a) Íbúðum í verkamannabústöðum byggðum samkvæmt lögum nr. 60/1962 um verkamannabústaði eða eldri lögum um sama efni, enda sé forkaupsréttur ekki fallinn niður að lögum.

b) Íbúðum í verkamannabústöðum byggðum samkvæmt lögum nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

c) Íbúðum í verkamannabústöðum byggðum samkvæmt lögum nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
d) Íbúðum byggðum af Framkvæmdanefnd byggingaáætlunar í Breiðholtshverfi í Reykjavík, samanber lög nr. 97/1965 og lög nr. 106/1970.

Kaupskylda á þessum íbúðum er bundin við Reykjavíkurborg.

Kaupskylda gildir í 30 ár frá útgáfu upphaflegs afsals fyrir viðkomandi íbúð, undirritun kaupsamnings eða afhendingu íbúðar eftir því sem við á. Að loknu kaupskyldutímabili á sveitarstjórn forkaupsrétt á íbúðunum.

Sveitarstjórn er heimilt að fela stjórn verkamannabústaða að annast innkaup, úthlutun og endursölu íbúðanna.

Nú er íbúð, samkvæmt a-lið, boðin til sölu, sem er þinglýst eign Byggingarfélags verkamanna og ber þá félaginu að undirrita afsal fyrir íbúðinni ásamt seljanda.

Ef íbúðir, sem um ræðir í stafliðum a-d í þessari grein eru seldar á nauðungaruppboði skal viðkomandi sveitarstjórn neyta forkaupsréttar og gilda þá ákvæði 55. gr. laga nr. 51/1980 um framkvæmd kaupanna.

23. gr.

Innkaupsverð íbúða ákvarðast sem hér segir með vísan til samsvarandi stafliða í 22. gr.

a Kaupverð íbúðar skal vera upphaflegt kostnaðarverð eða síðasta söluverð að viðbættri hækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar á það verð, frá þeim degi er seljandi keypti íbúðina til söludags. Þá skal fyrst draga frá eftirstöðvar áhvílandi lána úr Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins með uppfærðum höfuðstól. Frá verðinu þannig ákveðnu skal draga 1% fyrningu fyrir hvert ár, sem seljandi hefur átt íbúðina. Þá skal bæta við matsverði endurbóta á íbúðinni, eða sameign, en draga frá kostnað við að bæta úr göllum íbúðarinnar, samkvæmt mati eða samkomulagi. Hafi seljandi átt íbúðina í tíu ár skal hann njóta að auki verðhækkunar af eftirstöðvum láns úr Byggingarsjóði verkamanna, enda greiði hann með skuldajöfnuði eða á annan hátt helminginn af eftirstöðvum lánsins þegar sala fer fram. Hafi seljandi átt íbúðina í tuttugu ár, skal hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, enda greiði hann upp eftirstöðvar láns úr Byggingarsjóði verkamanna með skuldajöfnuði eða á annan hátt, þegar sala fer fram.
b) Innkaupsverð ákvarðast eftir sömu reglum og greinir í a-lið.
c) Kaupverð íbúðar skal reiknað út sem hér segir:
   1. Áhvílandi lán, með uppfærðum eftirstöðvum.
   2. Sá hluti söluverðs, sem seljandi greiddi fyrir afhendingu íbúðarinnar með verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu frá kaupdegi til söludags.
   3. 2.5% þess verðs, sem seljandi greiddi fyrir íbúðina þegar hann keypti hana, fyrir hvert ár, sem hann hefur átt íbúðina, þó ekki fyrsta árið. Hækkun samkvæmt þessum lið skal þó aldrei vera hærri en 90% kaupverðs þess, sem seljandi greiddi fyrir íbúðina.

   Þá fjárhæð, sem kemur út samkvæmt þessum lið skal hækka samkvæmt vísitölu lánskjara frá kaupdegi til söludags.

   Frá kaupverði íbúðarinnar samkvæmt framansögðu skal draga fyrningu, 1% fyrir hvert ár, sem íbúðin hefur verið í eigu seljanda.

   Bæta skal við heildarverð íbúðarinnar samkvæmt framansögðu andvirði endurbóta á íbúðinni og sameign, en draga frá kostnað við að bæta úr göllum íbúðarinnar samkvæmt mati eða samkomulagi.
d) Kaupverð skal ákveðið samkvæmt sömu reglum og greinir í a-lið.

Við sölu ber seljanda að koma í skil áhvílandi lánum, svo og greiða gjaldfallnar greiðslur, sem lögveð eiga í íbúðinni miðað við þann dag, sem eigendaskipti fara fram.

Félagsmálaráðuneytið skal tilnefna tvo menn til þess að annast mat á þeim íbúðum, sem koma til endursölu samkvæmt lögum nr. 51/1980 í þeim tilgangi að tryggja samræmda ákvörðun mats og endursöluverðs félagslegra íbúða um allt land.

Seljandi skal greiða kostnað við mat íbúðarinnar og verðlagningu hennar.

24. gr.

Sveitarstjórn eða stjórn verkamannabústaða í umboði hennar endurselur íbúðir, sem kaupskylda hvílir á, samanber 22. gr. eða forkaupsréttar er neytt til að kaupa og skal söluverð nema upphaflegu kostnaðarverði íbúðarinnar, eða síðasta söluverði, að viðbættri hækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar til endursöludags og matsverði endurbóta.

Stjórn verkamannabústaða skal láta framkvæma viðgerðir á göllum íbúðar áður en sala fer fram og bætist slíkur kostnaður við endursöluverð. Heimilt er þó með samþykki Húsnæðisstofnunar ríkisins að draga frá verði íbúðar áætlaðan kostnað við að bæta úr sérstökum göllum, sem ekki eru lagfærðir fyrir sölu.

Áður en endursala fer fram skal stjórn verkamannabústaða með atbeina Byggingarsjóðs verkamanna leysa íbúðirnar úr veðböndum og gera upp áhvílandi lán.

Þegar um er að ræða sameiginlegt veð, skal stjórn verkamannabústaða gangast fyrir því að það verði leyst upp í lán á hverja einstaka íbúð.

Við endursölu skal kaupanda veitt nýtt lán á fyrsta veðrétti úr Byggingarsjóði verkamanna. Um lánskjör gilda ákvæði 52. gr. laga nr. 51/1980 og má það nema allt að 90% söluverðs íbúðar. Að öðru leyti ber kaupanda að greiða söluverð við afhendingu íbúðar.

Mismunur á innkaupsverði og endursöluverði, rennur til Byggingarsjóðs verkamanna, að frádregnum kostnaði við rekstur íbúðanna milli innkaupa og endursölu svo sem húsfélagsgjöldum og fasteignasköttum.

25. gr.

Stjórn verkamannabústaða er heimilt við endursölu íbúðar, að bæta 1% af heildarandvirði íbúðar við söluverðið til þess að mæta kostnaði sem stjórnin hefur af því að annast endursöluna.

26. gr.

Við úthlutun íbúða til endursölu gæti stjórn verkamannabústaða ákvæða 47. gr. laga nr. 51/1980. Að því er varðar íbúðir samkvæmt a-lið 22. gr. skulu þeir, sem voru fullgildir félagsmenn í hlutaðeigandi byggingarfélagi verkamanna hinn 1. júlí 1980 að öðru jöfnu ganga fyrir um úthlutun, enda fullnægi þeir lagareglum um eigna- og tekjumörk.

Þegar um er að ræða íbúðir samkvæmt d-lið 22. greinar, hafa íbúar Kópavogs, Seltjarnarness og Mosfellssveitar og aðrir félagar verkalýðshreyfingarinnar sama rétt til íbúðanna og íbúar Reykjavíkur ef þeir fullnægja öðrum ákvæðum 47. gr. fyrrnefndra laga um rétt til kaupa á íbúð í verkamannabústöðum.

27. gr.

Byggingarsjóði verkamanna er heimilt að lána stjórn varkamannabústaða fjármagn til kaupa inn íbúðir, sem boðnar eru til sölu, samanber 22. gr., með þeim lánskjörum og tryggingum, sem sjóðurinn ákveður.

28. gr.

Nú fær íbúðareigandi skipti á íbúðum innan endursölukerfisins og skal þá útborgun hans í íbúðinni, sem hann kaupir, eigi vera lægri en útborgun hans í íbúðinni, sem hann selur. Nota skal sambærilega verðútreikninga við skiptin á íbúðunum eftir því sem við á. Þegar skipti fara fram, er heimilt að láta áhvílandi lán á íbúðinni, sem íbúðareigandi kaupir, standa áfram.

29. gr.

Stjórn verkamannabústaða getur heimilað nafnaskipti á íbúðum án sölu þegar um er að tefla hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna, setu í óskiptu búi, arftöku eða önnur áþekk tilfelli.

30. gr.

Stjórn verkamannabústaða skal auglýsa endursöluíbúðir rækilega innan sveitarfélagsins og eigi sjaldnar en tvisvar á ári, ef tilefni gefast.

31. gr.

Sveitarfélög eiga forkaupsrétt að þeim íbúðum sem byggðar eru samkvæmt lögum nr. 58 frá 30. apríl 1973 sbr. lög nr. 38 frá 24. maí 1976.

Enginn sem eignast hefur slíka íbúð, má selja hana nema sveitarstjórn hafi áður hafnað forkaupsrétti. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kostnaðarverð hennar. Þó má söluverðið hækka sem svarar til þeirrar hækkunar sem orðið hefur á vísitölu byggingarkostnaðar frá þeim tíma, sem íbúðin var tekin í notkun til söludags, að frádregnum þeim hluta láns úr Byggingarsjóði ríkisins, sem eftir stendur þegar sala fer fram. Ennfremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum lánsins, enda greiði hann upp helming eftirstöðva lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

32. gr.

Nú er íbúð, sem byggð hefur verið samkvæmt reglugerð þessari, seld á nauðungaruppboði, samkvæmt lögum nr. 57/1949, um nauðungaruppboð, og getur sveitarstjórn þá neytt forkaupsréttar síns og krafist þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð sveitarstjórn út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina eða á söluverði samkvæmt 23. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveðið áður en liðinn er sá frestur sem uppboðshaldari hefur samkvæmt uppboðsskilmálum til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldari sveitarstjórn hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá úr veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni samkvæmt 36. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Íbúðir, sem sveitarfélag eignast samkvæmt þessari grein, er heimilt að endurselja að fullnægðum skilyrðum þessarar reglugerðar.

Kvöð um verð og ráðstöfunarrétt íbúða, sem byggðar eru samkvæmt reglugerð þessari, má ekki létta af íbúðum, nema viðkomandi sveitarstjórn hafi áður hafnað forkaupsrétti.

Nú neytir sveitarfélag forkaupsréttar samkvæmt 31. gr. og selur íbúðina aftur manni sem búsettur er í sveitarfélaginu og uppfyllir önnur skilyrði til þess að kaupa verkamannabústað samkvæmt 47. gr. laga nr. 51/1980. Er þá heimilt að veita kaupanda lán frá Byggingarsjóði ríkisins, þannig að lán sjóðsins nemi allt að 80% af kaupverði íbúðarinnar að meðtöldum lánum uppfærðum sem á íbúðinni hvíla.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 51 9. júní 1980, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. október 1980.

Svavar Gestsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 528. 3. október 1980.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um póstþjónustu, nr. 337 6. ágúst 1976.

1. gr.

Grein 5.5. orðist þannig:

5.5. Fjölda- og utanáskriftarlausar sendingar.

5.5.1. Heimilt er að gefa afslátt af venjulegu burðargjaldi bréfapóstsendinga, sem bera á út innanlands og á norðurlöndunum, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) Sendingarnar séu allar eins í lögun, og ekki stærri en 229 × 324 × 10 millimetrar, og ekki þyngri en 200 grömm hver um sig.

b) Sendingar þessar þarf ekki að bera út þegar í stað, heldur má gera það á allt að 10 næstu dögum eftir póstlagningu, eftir því sem henta kann hverju sinni, og í desember á allt að 30 næstu dögum eftir póstlagningu.

c) Sendingar séu póstlagðar allar í einu við afgreiðsluborð póststöðvar, flokkaðar og búntaðar eftir póstnúmerum og götum.

5.5.2. Afsláttur fyrir fjöldasendingar má mestur vera sem hér segir:

a) Fjöldasendingar flokkaðar samkvæmt 5.5.1.c.

1001—5000	sendingar í einu	10%	afsláttur
5001—10000	— — —	20%	—
10001—20000	— — —	25%	—
20001—30000	— — —	30%	—

30001 og yfir sendingar í einu 35% afsláttur.

b) Auk framangreinds afsláttar er heimilt að veita 10% staðarafslátt fyrir þær sendingar, sem eiga að berast út á póstnúmersvæði þeirrar póststöðvar eða póstútibús, sem póstlagt er á.

5.5.3. Afsláttur fyrir utanáskriftarlausar sendingar má mestur vera sem hér segir:

a) Fyrir sendingu að þyngd

allt að 20 gr	50% afsláttur
21— 50 gr	40% afsláttur
51—100 gr.	30% afsláttur
101—200 gr	20% afsláttur

b) Utanáskriftarlausar sendingar verða að vera búntaðar og merktar nafni og póstnúmeri þeirrar póststöðvar, er þær eiga að dreifast frá.

5.5.4. Sendingar þær, sem greinir í 5.5.2. og 5.5.3. þarf hvorki að frímerkja né dagstimpla, en burðargjaldið greiðist í reiðufé gegn kvittun. Þar skal skal sundurliða sendingarfjölda og burðargjald.

5.5.5. Kvittunin er úr sérstakri frumbók, póstkvittunarbók fyrir önnur burðargjöld. Er kvittunin í þríriti, frumritið fær sendandi, eitt eintak fylgir mánaðarreikningi, og eitt eintak verður eftir í bókinni. Í þessa bók skal einnig skrá burðargjöld fyrir póstsendingar, sem ekki eru frímerktar, skv. sérstakri heimild póst- og símamálastofnunar hverju sinni, sbr. 9.8.1.

5.5.6. Þeir sem fá afslátt skv. 5.5.2. og 5.5.3, skulu láta prenta sérstaka áletrun í efra hægra horn utanáskriftarmegin um, að burðargjald sé greitt, ásamt sérstöku leyfisnúmeri. Áletrun þessi skal vera eins og sýnt er á eftirfarandi mynd:

Myndamóti til slíkrar notkunar skal undantekningarlaust skila til póst- og símamálastofnunar að notkun lokinni.



Leyfi nr.

5.5.7. Þeir sem óska að fá afslátt skv. þessum reglum, skulu sækja um það til póst- og símamálastofnunar.

5.5.8. Leyfi skv. 5.5.6. gildir aðeins í eitt skipti, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

Grein 10.3 orðist þannig:

10.3. Uppsetning einkapóstkassa.

10.3.1. Í þéttbýli og annars staðar þar sem bréfaútburður fer fram, er sett það skilyrði fyrir útburði, að bréfarifur séu á útihurðum ein-tví- og þríbýlishúsa, en þar sem fleiri en 3 íbúðir hafa sameiginlegan inngang, skulu húseigendur setja upp póstkassasamstæður.

10.3.2. Bréfarifur skulu vera minnst 25 × 260 mm að stærð og staðsettar þannig, að hæð frá jörðu að neðri brún bréfarifu, sé ekki minni en 1000 mm og meiri en 1200 mm.

10.3.3. Póstkassasamstæður skulu vera staðsettar á neðstu hæð, sem næst aðalanddyri, sem bréfberi getur óhindrað gengið að og athafnað sig við skil póstsins. Lýsing við kassasamstæðu skal vera góð og a. m. k. sú sama og almennt er krafist í göngum og stigahúsum fjölbýlishúsa.

10.3.4. Við hverja bréfarifu og/eða á hverjum kassa skal vera skilti eða gluggi fyrir nöfn, minnst 26 mm × 100 mm, þar sem tilgreint er með stóru og skýru prentletri fullt nafn húsráðanda og annarra sem hjá honum búa. Ennfremur skal í fjölbýlishúsum tilgreina númer og auðkenni hæðar. Húsverðir eða húsfélög í fjölbýlishúsum skulu sjá um, að kassarnir séu rétt merktir á hverjum tíma og ber þeim einnig að útvega íbúalista fyrir viðkomandi hús. Innbyrðis staðsetning kassanna skal vera sem eðlilegust t. d. skal kassi fyrir íbúð á 1. hæð vera neðstur til vinstri í samstæðunni o. s. frv. Kassarnir skulu vera læstir og samstæðan vel fest við vegg, þannig að útilokað sé að bréf falli upp fyrir hana og glatist.

10.3.5. Staðsetning kassasamstæða á vegg skal vera þannig, að hæð frá gólfi að neðri brún neðstu bréfarifu sé ekki minni en 700 mm og hæð frá gólfi að efri brún efstu bréfarifu sé ekki meiri en 1750 mm. Staðsetning einstakra kassa skal vera þannig, að hæð frá gólfi að neðri brún bréfarifu sé ekki minni en 100 mm og að efri brún bréfarifu ekki meiri en 1200 mm.

10.3.6. Þar sem bifreiðar eru notaðar við útburð pósts skal setja upp kassa við vegamót eða girðingarhlið og skulu slíkir kassar staðsettir þannig, að auðvelt sé að skila pósti í þá án þess að stíga þurfi út úr bifreiðinni. Þar sem heimreið er sameiginleg fyrir fleiri en eitt heimili (margbýli) skulu kassarnir settir upp hlið við hlið. Slíkir póstkassar skulu vera gulir að lit, en að öðru leyti gilda um þá sömu reglur og um aðra einkapóstkassa.

10.3.7. Láti húseigandi undir höfuð leggjast að setja upp bréfarifu eða póstkassa skal póstmeistari eða stöðvarstjóri tilkynna í ábyrgðarbréfi tiltekinn frest til uppsetningar.

10.3.8. Hlýði húseigandi ekki fyrirmælum þessum innan hins tiltekna frests, og færi hann ekki fram gildar ástæður fyrir því, tekur póst- og símamálastofnun ákvörðun um, hvort útburði til hússins skuli hætt eða hvort ákvæðum skv. 22. gr. póstlaga skuli beitt, þ. e. viðtakandi tekinn úr póstsambandi.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. gr. póstlaga, nr. 31/1940, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Brot gegn reglugerð þessari varða sömu viðurlögum og brot gegn póstlögum.

Samgönguráðuneytið, 3. október 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 529. 18. júlí 1980.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hálfdánar Jónassonar, Guðrúnar Jónatansdóttur og Magnúsar Jónatanssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. júlí 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hálfdánar Jónassonar, Guðrúnar Jónatansdóttur og Magnúsar Jónatanssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hálfdánar Jónassonar, Guðrúnar Jónatansdóttur og Magnúsar Jónatanssnoar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af systkynunum Helgu Hálfdánardóttur og Jónasi Hálfdánarsyni til minningar um foreldra þeirra, Hálfdán Jónasson og Guðrúnu Jónatansdóttur og móðurbróður þeirra, Magnús Jónatansson.

3. gr.

Sjóðurinn er eign Goðdalakirkju í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu og er tilgangur sjóðsins að styrkja viðhald kirkjubyggingarinnar í Goðdölum.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 500 000.00 fimmhundruð þúsund krónur.

Sjóðurinn skal ávaxtaður á sem hagkvæmastan hátt og má aldrei skerða höfuðstól hans.

Árlega skal 1/5 hluti vaxta leggjast við höfuðstól sjóðsins en 4/5 hlutum vaxta varið til viðhalds kirkjubyggingarinnar.

5. gr.

Verði Goðadalakirkja lögð niður skal sjóðurinn ganga til þeirrar kirkju, sem verður sóknarkirkja núverandi Goðdalasóknar, en ákvæði skipulagsskrárinnar að öðru leyti vera óbreytt.

6. gr.

Sóknarnefnd Goðdalakirkju skal jafnframt vera stjórn sjóðsins og endurskoðendur kirkjunnar skulu endurskoða reikninga sjóðsins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskránni.

22. september 1980. Nr. 530.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið.

1. Bannað verður að leggja bifreiðum á Engjaseli.
2. Bann gegn stöðu bifreiða á Hallveigarstíg að sunnanverðu frá gafli húss nr. 8 að Ingólfsstræti fellur úr gildi.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. október 1980.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 22. september 1980.

Sigurjón Sigurðsson.

19. september 1980. Nr. 531.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð á Akureyri:

1. Umferð um Bugðusíðu frá Austursíðu að Borgarbraut skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð úr aðliggjandi götum samkvæmt ákvæðum 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
2. Aukaleigugjöld á stöðumælareitum hafa nú verið ákveðin kr. 500.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 19. september 1980.

Elías I. Elíasson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

Umferð um Nýbýlaveg skal hafa aðalbrautarrétt gagnvart Skemmuvegi, Engihjalla og Stórahjalla, þannig að umferð þeirra víki fyrir umferð um Nýbýlaveg, skv. ákvæðum 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 25. ágúst 1980.

Ásgeir Pétursson.

Nr. 533. 17. september 1980.

AUGLÝSING

um umferð í Búðakauptúni.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Búðahrepps hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Eftirtaldar götur eru aðalbrautir:
   Hafnargata, Búðavegur, innan innri enda Hafnargötu, Skólavegur.
2. Umferð um Búðaveg skal víkja fyrir umferð um Hafnargötu.
3. Umferð um Skólaveg skal víkja fyrir umferð um Hafnargötu og um Búðaveg.
4. Hlíðargata hefur biðskyldu fyrir Borgarstíg og Bæjarstíg.
5. Hamarsgata hefur biðskyldu fyrir Búðavegi.
6. Á Álftamel skal vera einstefnuakstur frá Hlíðargötu að Skólavegi.
7. Hægri beygja af ytri enda Búðavegar inn á Hafnargötu er bönnuð.
8. Við Skólaveg, frá Snekkjunni að læk utan við gamla barnaskólann, eru bifreiðastöður bannaðar nema á merktum bifreiðastæðum.
9. Við Búðaveg, frá Garðarsstíg að Hafnargötu, eru bifreiðastöður bannaðar á neðri brún götu.
10. Við Búðaveg, frá bifreiðastæði við Odda að Búðavegi 49, Trésmiðju Austurlands, eru bifreiðastöður bannaðar á neðri brún götu.

Reglur þessar koma til framkvæmda þegar í stað.

Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu, 17. september 1980.

Bogi Nilsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 — 1980

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum nr. 405 27. september 1979.

1. gr.

Upphaf 6. gr. orðist svo:

Í októbermánuði ár hvert skal forsætisráðherra kalla samráðsaðila til sameiginlegs fundar og leggja fyrir þá til kynningar og umfjöllunar skýrslu um þjóðhagsáætlun fyrir það ár, sem í hönd fer. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir framvindu mikilvægustu þjóðhagsstærða á því ári, sem er að líða, og horfum á hinu næsta. Þá skal í skýrslunni greina frá þeim markmiðum, sem ríkisstjórnin setur sér um hagþróun á næsta ári, og helstu efnahagsráðstöfunum, sem hún hyggst beita til þess að þau náist.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. nr. 13 10. apríl 1979 og öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 13. október 1980.

Gunnar Thoroddsen.

Guðmundur Benediktsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 279 24. júní 1980 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum.

1. gr.

Neðangreind tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar: 73.13.51 og 76.03.01.

2. gr.

Heimilt skal vegna niðurfellingar sérstaks vörugjalds skv. 1. gr. að endurgreiða sérstakt vörugjald af birgðum þakjárns sem óseldar eru við gildistöku reglugerðar þessarar. Beiðni um endurgreiðslu sérstaks vörugjalds skal send viðkomandi tollstjóra ásamt tollskoðunarskýrslu um óseldar birgðir á gildistökudegi reglugerðarinnar auk tollafgreiðsluskjala ef um innfluttar vörur er að ræða en reiknings framleiðanda ef um innlenda framleiðslu er að ræða og skal þá reikningur bera greinilega með sér fjárhæð greidds sérstaks vörugjalds.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33 29. maí 1980 um breyting á þeim lögum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. október 1980.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 — 1980

31. október 1980. 851 Nr. 536.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. nóvember 1980.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 85 000

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, telex- og fjarritvélar og radíóbúnað í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

2.2. Eindagi síma- og radíógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamálastofnunin sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 5 500 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 2 100 fyrir lokun og enduropnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radíógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann tilkynna það skriflega hlutaðeigandi stöðvarstjóra, sem lætur því næst framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. nóvember 1980. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. nóvember 1980 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur útgefnar 25. júlí 1980.

Samgönguráðuneytið 31. október 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

GJALDSKRÁ
fyrir póstþjónustu.
Gildir frá 1. nóvember 1980.

TEGUND SENDINGAR		Innanlands	Norðurlönd		Önnur lönd í Evrópu		Lönd utan Evrópu	
Hámark stærðar og þyngdar	Þyngdarmörk g	Burðargj. gkr.	Alm. burðargj. gkr.	[1] Flugburðargj. gkr.	Alm. burðargj. gkr.	[1] Flugburðargj. gkr.	Alm. burðargj. gkr.	[1] Flugburðargj. gkr.
Bréf.	20	160	160	[2]	200	[2]	200	350
Hámarksstærð:	100	320	320		470		470	960
Lengd + breidd	250	640	640		940		940	2570
+ þykkt 900 mm.	500	1280	1280		1800		1800	4810
Mesta lengd 600 mm.	1000	1920	2520		3130		3130	9290
Í ströngum:	2000	5080	5080		5080		5080	17780
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.								
Mesta lengd 900 mm.								
Hámarksþyngd 2 kg.								
Lágmarksstærð:								
90 × 140 mm. Í ströngum:								
Lengd + tvöfalt								
þvermál 170 mm.								
Minnsta lengd 100 mm.								
Póstkort.				[2]		[2]		
Mest 105 × 148 mm		140	140		140		140	170
Minnst 90 × 140 mm								
Prent.								
Stærð sama og bréfa.	20	140	140	150	140	150	140	170
(Prentkort, sama stærð	100	210	210	250	220	250	220	450
og póstkort).	250	340	340	450	390	530	390	940
Hámarksþyngd 2 kg.	500	580	580	990	700	1170	700	1860
Bækur þó 5 kg.	1000	950	950	1830	1170	2160	1170	3520
Burðargjald fyrir prent	2000	1350	1350	3230	1640	3230	1640	7460
yfir 1000 g til Norðurl.	3000	2080	2080	5060	2460	5060	2460	9220
er sama og fyrir	4000	2700	2700	6890	3280	6890	3280	11160
„Önnur lönd“	5000	3360	3360	8700	4100	8700	4100	13100
Smápakkar.	100	210	210	250	220	250	220	450
Stærð sama og bréfa.	250	340	340	450	390	530	390	940
Hámarksþyngd 1 kg.	500	580	580	990	700	1170	700	1860
	1000	950	950	1830	1170	2160	1170	3520
Innrituð blöð og tímarit.			Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmálablöð og tímarit landssamtaka stéttarfélaga vísast til reglugerðar fyrir póstþjónustu nr. 337/1976, grein 14.4.1. sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 356 14. ágúst 1979					
Innritunargjald 94 600 gkr.								
Stærð sama og bréfa.								
a) Til umboðsm.	hver							
(minnst 50 eintök	500	85						
til hvers í einu).								
Hámarksþ. 20 kg.								
b) Til áskrifenda.								
Minnsta gjald: 200 eint.								
Hámarksþyngd								
500 g hvert eintak.	100	34						
	200	65						
	300	97						
	400	168						
	500	221						

[1] Samanlagt flugg jald og alm. burðargjald.

[2] Bréf og póstkort (LC) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks flugg jalds.

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald gkr.
Gíróþjónusta (aðeins innanlands). Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	220
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Hámarksupphæð innanlands: Kr. 1 000 000 (Símapóstávísanir kr. 500 000). Burðargjald	380
b. Til annarra landa: Burðargjald	520
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur. Hámarksupphæð sama og póstávísana (1 000 000) eða innborgunar á póstgíróreikning (upphæð ótakmörkuð). Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda: Með póstávísun	720
Með innb. á póstgíróreikn. (aðeins innanl.)	510
b. Til anarra landa Burðargjald	800

TEGUND SENDINGAR	Þyngdarmörk kg.	Burðargjald gkr. Alm. bögglar gkr.	Rúmfr. broth. gkr.
Almennir bögglar (innanlands):			
Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m. Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	1	700	1000
	3	1000	1500
	5	1500	2200
	10	2400	3600
	15	3400	5100
	20	3800	5700

	gKr.
Verðbréf og -bögglar. Burðargjald sendingar eftir tegund.	
Skrásetningargjald	370
Tryggingargjald. Fyrir hverjar 50000 gkr. eða minna þar yfir	370

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Loftbréf: Söluverð gkr. 40, auk burðargjalds fyrir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki (160 eða 200). Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald ..... gkr. 370

Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu gkr. 340

Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er ..... gkr. 800

Móttökukvittun ..... gkr. 210

Talning í verðbréfi innanlands: gkr. 370 hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð gkr. 360
Skiptiverð í frímerkjum gkr. 200.

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: gkr. 340

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: gkr. 210

Tollmeðferð böggla: gkr. 370

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: gkr. 210

Geymslugjald böggla: 370 gkr. á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús

Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan gkr. 210

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:
1. Verðbréf og -bögglar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að gkr. 9200 fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að gkr. 69000 fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.
Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Pósthólfaleiga. Ársleiga eftir stærð: gkr. 1900, 3100, 3800, 4800, 5700.
Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. nóvember 1980. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu frá 25. júlí 1980.

Samgönguráðuneytið 31. október 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 — 1980

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 35 600.—
2.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 11 900.—
3.	Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 11 900.—
4.	Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 11 900.—
5.	Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	— 1 700.—
6.	Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 16 400.—
7.	Fyrir fjármark	— 3 200.—
8.	Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	— 1 700.—
9.	Fyrir innköllun	— 16 400.—
10.	Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 5 900.—
11.	Fyrir einkaleyfisumsókn	— 5 900.—
12.	Fyrir ógildingarstefnu	— 16 400.—
13.	Fyrir dómsbirtingu	— 16 400.—
14.	Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentim.	— 9 300.—

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 1 400 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndmót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 15. nóvember 1980. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 395 31. júlí 1980 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. október 1980.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóníasson.

B 110

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

AUGLÝSING

um hækkun á gjaldskrám hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest 9% hækkun á gildandi gjaldskrám (með síðari breytingum) eftirtalinna hitaveitna frá og með 1. nóv. 1980.

Hitaveitu Reykjavíkur nr. 320 28. maí 1980.
Hitaveitu Húsavíkur nr. 259 16. júní 1977.
Hitaveitu Bessastaðahrepps nr. 428 11. ágúst 1980.
Hitaveitu Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976.
Hitaveitu Seltjarnarness nr. 22 24. janúar 1978.
Fjarhitun Vestmannaeyja nr. 185 26. apríl 1979.
Hitaveitu Selfoss nr. 243 9. maí 1980.
Hitaveitu Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977.
Hitaveitu Hvammstanga nr. 287 27. des. 1973.
Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 368 5. ágúst 1975.
Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977.
Hitaveitu Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973.
Hitaveitu Laugaráss nr. 277 1. júlí 1976.
Hitaveitu Sauðárkróks nr. 113 3. apríl 1973.

Iðnaðarráðuneytið 30. október 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 — 1980

6. nóvember 1980. 875 Nr. 540.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA

GJALDSKRÁRLIÐIR.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. 1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	59.10	kr/kWh
Fastagjald 1xF1	27 800.00	kr/a

A. 2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	88.60	kr/kWh
Fastagjald 1xF1	27 800.00	kr/a

A. 3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald	49.60	kr/a
Fastagjald 1xF1	27 800.00	kr/a

A. 4 Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	25.20	kr/kWh
Fastagjald 4xF1	111 200.00	kr/a

A. 5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	308 700.00	kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	42 800.00	kr/kW/a
Orkugjald af allri notkun	12.40	kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	59.10	kr/kWh

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

B. 1 Aflmæling.

Öll meiri háttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksaflgjald, 12 kW	822 000.00	kr/a
Aflgjald umfram 12 kW	68 500.00	kr/kW/a
Orkugjald	22.20	kr/kWh

B. 2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Aflgjald	22 800.00	kr/kW/a
Orkugjald	13.10	kr/kWh.

C. 1 Hitun.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	17.00	kr/kWh
Fastagjald 3xF1	83 400.00	kr/a

Roftími er allt að 2x1½ klukkustund á dag.

C 2 Hitun.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	11.80	kr/kWh

Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.

D. 1 Hitun.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	25.20	kr/kWh
Fastagjald 3xF1	83 400.00	kr/a

Roftími er allt að 2x1½ klukkustund á dag.

D. 2 Hitun.

Til hitunar á öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	16.20	kr/kWh

Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.

Gjald fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila

skila eru samtals fyrir hvert skipti	10 600	kr.

SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Utanhússlýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan, stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Sumarbústaðanotkun.

Orkuverð A. 4 fylgir orkuverði D. 1.

3. Markmæling.

Liður A. 5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

4. Aflgjaldsmæling.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og hliðstæðri notkun, meðaltal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 12 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B. 1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjalldið.

5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launaafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunaafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launaafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos φ undir 0.9), þar til úr hefur verið bætt.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á diselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Sölugjald 23.5% og verðjöfnunargjald 19% eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A. 4, A. 5, C 1, C 2, D 1 og D 2 og tilsvarandi fastagjöldum.

Gjaldskrárverð breytast til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

II. HEILDSALA.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Í gjaldskrá þessari eru tilgreindir mánuðir og ár — almanaksmánuðir og almanaksár.

Rafmagnsgjald.

2. gr.

Aflgjald	kr.	40 400.00 á árskW
+ Orkugjald:		
Fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klukkustunda nýtingartíma á árskW	—	12.80 á kWh
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klukkustunda nýtingartíma á árskW	—	7.40 á kWh
Fyrir notkun umfram 4 000 klukkustunda nýtingartíma áárskW	—	3.70 á kWh

3. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. miðast við að rafmagnið sé afhent á 33 eða 66 kV málspennu. Sé afhendingarspennan lægri hækka öll gjöld samkvæmt 2. gr. um 5%.

4. gr.

Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálag á afhendingarstað.

5. gr.

Ársnýting.

Ársnýtingartími í klukkustundum er raforkunotkun eins almanaksárs í kWh deilt með þeim álagstoppi í kW, sem greiða skal fyrir.

6. gr.

Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun verða minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afli.

7. gr.

Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílówattstundarverð skv. 2. grein umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

8. gr.

Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma.

Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. Orkulaga nr. 58/1967.

III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugargjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.

2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1 **Heimtaug.**

Varstærð Amp.		Stofngjald kr.	Gjald af yfirlengd[1] Jarðstrengur kr/m
63	1-fasa	386 000	11 670
63	3-fasa	416 000	11 670
100	3-fasa	660 000	14 580
200	3-fasa	1 318 000	16 980
315	3-fasa	2 076 000	21 380
400	3-fasa	2 637 000	Samkv. kostn.
700	kVA spst.	4 681 000	—
1200	KVA spst.	7 910 000	—

Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.2) 93 000.

2.2 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Rafmagnsveitnanna um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu, stystu greiðfæra leið að varkassa.

2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum, hverju sinni.
Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafmagnsveitnanna í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Rafmagnsveitunum til að kostnaðarlausu, en bær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi, fyrir iðnaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1. Grunngjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 55 700.00.

---

[1]) Yfirlengdargjald reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð og loftlínuheimtaug sem er lengri en 50 m, nema annars sé getið.

3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.
3.3 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínustaur í kerfi Rafmagnsveitnanna, skal greiða eins og 2.1 segir til um miðað við 63 Amp. stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.
4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, er hér með staðfest til að öðlast gildi 10. nóvember 1980 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felldur I., II. og III. kafli gjaldskrár nr. 325 10. júní 1980 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 541. 6. nóvember 1980.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Götu- og útilýsing. Af uppsettu afli 261 340 kr/kWa, stjórnast af ljósanema- og fjarstýritækjum rafveitunnar. Notandi greiði að auki stofnkostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
2. 55.30 kr/kWh. Séu lampar ófasviksjafnaðir er heimilt að hækka orkugjald um 15%. Sjá lið 3.5.

B. Heimilisnotkun.

1. 51.09 kr/kWh, til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

C. Vélar.

1. 55.30 kr/kWh, til véla.
2. 10.26 kr/kWh, og 53 050 kr/kWa, til véla og fyrir iðnaðarhita, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksaflnotkun 30 kW.
3. 82.95 kr/kWh, til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og við breytingar á eldri mannvirkjum.
4. 51.09 kr/kWh, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum, á kæliklefa og kæliborð í matvöruverslunum og til súgþurrkunar á heyi.

D. Hitun.

1. 20.82 kr/kWh, til húshitunar.
2. 29.66 kr/kWh, til iðnaðar og landtengingar við skip.
3. 9.31 kr/kWh, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
4. 15.59 kr/kWh, til iðnaðar. Rjúfa má strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
5. 5.69 kr/kWh, til húshitunar. Rjúfa má strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. 8.11 kr/kWh, til iðnaðar. Rjúfa má strauminn frá kl. 08.00—24.00.
7. 15.78 kr/kWh, til hitunar á bílgeymslum og þeim stöðum, þar sem hitunar er aðallega þörf að vetri til. Rjúfa má strauminn í allt að 5 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
8. 22.42 kr/kWh, til notkunar fyrir leirbrennsluofna. Rjúfa má strauminn á tímabilunum kl. 10.30—12.30 og kl. 17.00—20.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan rofstíma.
c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.

E. Stórnotkun.

1. Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksaflnotkun minnst 200 kW. 8.63 kr/kWh og 77.304 kr/kWh, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

G. MÆLALEIGA.

1. Af einfasa mælum kr. 457 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum til og með 80A, kr. 1 260 á mánuði.
3. Af þrífasa mælum yfir 80A, kr. 1 855 á mánuði.
4. Af mestumælum, kr. 4 656 á mánuði.
5. Móttökuliði, kr. 1 011 á mánuði.
6. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Aðalheimtaug.

2.1. Heimtaugagjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Lágmark kr.	Lengdargjald kr.	Loftlínu-heimtaug breytt í jarðstrengs heimtaug kr.	Einfasa heimtaug 63 A aukin í 3x63 A kr.
	220 V kerfi			
63 A 1-fasa	274 800	0	87 500	
63 A 3-fasa	308 600	0	109 100	56 700
100 A 3-fasa	215 700	10 350	137 900	
125 A 3-fasa	264 200	11 580	168 900	
200 A 3-fasa	412 200	15 710	263 600	
300 A 3-fasa	595 100	19 110		
	380 V kerfi			
63 A 1-fasa	274 800	0	87 500	
63 A 3-fasa	369 100	0	151 300	111 300
100 A 3-fasa	364 900	10 350	236 600	
125 A 3-fasa	456 800	11 580	292 100	
200 A 3-fasa	714 500	15 710	456 800	
300 A 3-fasa	1 031 900	19 110		

2.2 Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m skal greitt eins og taflan sýnir.

2.3 Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi 5 209 kr. á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 400 A. 500 A og 630 A. Lengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

2.4 Lengdargjald er innifalið í lágmarksgjaldi heimtauga af stærðinni 63 A einfasa og þrífasa.

2.5 Lengd heimtaugar að stærð 100 A, 125 A og 200 A, í 220 V kerfi og heimtaugar 100 A og 125 A í 380 V kerfi reiknast frá tengistað í húsi stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja heimtaug af þessum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá tengistað í húsi að loftlínustólpa. Þveri jarðstrengur akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

2.6 Lengd heimtaugar frá og með 300 A, 220 V og 200 A, 380 V, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Lengdargjöld reiknast ekki af vegarlengd, sem er umfram 100 m frá tengistað í húsi. Lengdargjald reiknast sem um jarðstreng væri að ræða, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.

2.7 Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta, er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauganna.

2.8 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.9 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.

2.10 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa. Ef 3x220 V notendakerfi er breytt í 3x380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

BRÁÐABIRGÐAHEIMTAUGAR.

2.11 Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara	Stofngjald kr.	Lengdargjald Jarðstrengur kr/m	Lengdargjald Loftlína kr/stólpa
63 A 1-fasa	51 800	7 700	97 600
63 A 3-fasa	72 700	7 700	113 800
100 A 3-fasa	77 100	9 960	130 200

2.12 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu innan lóðamarka og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

2.20 Varðandi aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

2.22 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald 9 100 kr. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greitt gjald eftir kostnaði.

III. ÝMIS ÁKVÆÐI.

3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 7 500. Ennfremur skal sama gjald tekið af farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 7 500 og sett viðeigandi vör.

3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka tvöfalt gjald.

3.4 Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0.9) er heimilt að hækka afl og orkugjald um 15%.

3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliðartengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 48% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1979 hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að ⅘ af þeirri breytingu.

3.7 Sölugjald 23.5% og 19% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42.5% eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema á töxtunum D1, D3, D5 og D7.

3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 10. nóvember 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 397, 6. ágúst.

Iðnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 542. 6. nóvember 1980.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.
Lýsing.

Verð á rafmagni til lýsingar er sem hér segir:

2.1 55.30 kr./kWst. Lágmarksgjald er 18 390 kr. á ári.

2.2 261 340 kr./kW a í uppsettu afli til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði Rafmagnsveitunnar. Auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

3. gr.
Heimili o. fl.

Verð á rafmagni til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum, elliheimilum og hliðstæðum stofnunum, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum og til súgþurrkunar á heyi, er sem hér segir:

3.1 51.09 kr./kWst. Lágmarksgjald er 18 390 kr. á ári.

4. gr.
Vélar.

Verð á rafmagni til vélanotkunar er sem hér segir:

4.1. 55.30 kr./kWst. Lágmarksgjald er 18 390 kr. á ári.

4.2 10.26 kr./kWst. og 53 050 kr.kW a samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW.

4.3 82.95 kr/kWst. til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum. Lágmarksgjald er 18 390 kr. á ári.

5. gr.
Hitun.

Verð á rafmagni til hitunar er sem hér segir:

5.1 20.82 kr./kWst. til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 29.66 kr./kWst. til annarrar hitunar. Heimilt er að krefjast lágmarksgjalds 296 600 kr./a.

5.2 10.94 kr./kWst. til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 15.59 kr./kWst. til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar sinnum á sólarhring, allt að tveim klukkustundum í hvort skipti.

5.3 5.69 kr./kWst. til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 8.11 kr./kWst. til annarrar hitunar. Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 09—21.

6. gr.
Mælaleiga o. fl.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	3 430 kr.
Orkumælir, þrífasa	13 730 —
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	23 140 —
Aflmælir	22 320 —
Aflmælir með straumspennum	35 170 —
Tvígjaldsorkumælir	22 320 —
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	35 170 —
Móttökuliði, einpóla	15 430 —
Móttökuliði, þrípóla	22 320 —

Leiga skal þó ekki greidd af tækjum, sem notuð eru við rafmagnssölu samkvæmt lið 2.1, 3.1, 4.1 og 4.3.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

7. gr.
Heimtaugagjöld

7.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

7.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

7.3 **Aðalheimtaugar.**

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Heimtaugargjöld kr.
63 A	1-fasa	290 000
63 A	3-fasa	314 000
100 A	3-fasa	498 000
200 A	3-fasa	995 000
315 A	3-fasa	1 567 000
400 A	3-fasa	1 990 000
710 A	3-fasa	3 533 000
1200 A	3-fasa	5 970 000

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

7.4 **Bráðabirgðaheimtaugar.**
Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Stofngjald kr.	Lengdargjald Jarðstrengur kr./m	Lengdargjald Loftlína kr./stólpa
63 A	1-fasa	56 100	8 400	105 800
63 A	3-fasa	78 900	8 400	122 800
100 A	3-fasa	83 600	10 800	141 000

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

7.5 Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

7.6 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

7.7 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

7.8 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

9. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

10. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur Rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningum veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrá skulu ætíð liggja fyrir áætlanir um rekstur og fjárfestingar á næsta 5 ára tímabili.

11. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma Rafmagnsveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald 4 000 kr.

12. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 7 500 kr.

13. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald 7 500 kr. fyrir, að settur sé straumur á að nýju.

14. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt 5. grein er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

15. gr.

Sölugjald 23.5% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

16. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, til að taka gildi 10. nóvember 1980, og birtist til eftirbreytni öllum, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 396 6. ágúst 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

6. nóvember 1980. Nr. 543.

AUGLÝSING

um hækkun smásöluverðs raforku.

Samkvæmt 25. og 62. gr. Orkulaga nr. 58 29. maí 1967 og 10. gr. laga um Orkubú Vestfjarða nr. 66 31. maí 1977 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkanir á gildandi gjaldskrám (með síðari breytingum) eftirtalinna rafveitna frá og með 10. nóvember 1980.

Rafveita Akraness nr. 402 25. september 1979	5%
Rafveita Borgarness nr. 341 4. júlí 1980	5%
Orkubú Vestfjarða nr. 234 21. maí 1979	4.5%
Rafveita Sauðárkróks nr. 314 10. júní 1980	7.5%
Rafveita Siglufjarðar nr. 342 4. júlí 1980	7.5%
Rafveita Akureyrar nr. 319 10. júní 1980	5%
Rafveita Húsavíkur nr. 246 28. maí 1980	7.5%
Rafveita Reyðarfjarðar nr. 345 4. júlí 1980	7.5%
Rafveita Vestmannaeyja nr. 340 4. júlí 1980	7.5%
Rafveita Selfoss nr. 312 10. júní 1980	7.5%
Rafveita Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis nr. 316 10. júní 1980	7.5%
Rafveita Keflavíkur nr. 131 6. febrúar 1980	7.5%
Rafveita Miðneshrepps nr. 344 4. júlí 1980	7.5%

Rafveita Gerðahrepps nr. 138 6. febrúar 1980	7.5%
Rafveita Grindavíkur nr. 343 4. júlí 1980	7.5%
Rafveita Njarðvíkur, Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps nr. 230 15. maí 1980	7.5%

Iðnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 544. 6. nóvember 1980.

AUGLÝSING

um hækkun á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

Samkvæmt 29. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 og 10. gr. laga um Orkubú Vestfjarða nr. 66 31. maí 1977 hefur ráðuneytið staðfest 4.5% hækkun á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 461 1. nóvember 1979 með síðari breytingum frá og með 10. nóvember 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 — 1980

30. október 1980. , 889 Nr. 545.

GJALDSKRÁ

fyrir eftirlitsstörf Öryggiseftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir eftirlit með verksmiðjum, vinnustöðum og vélum, svo sem hér segir:

A. Persónugjald.

Fyrir verkamann, karl eða konu, sem vinnur í fyrirtæki, skal greiða árlega kr. 1 200.

Skal tala verkafólks miðuð við það, sem hún er þegar fyrirtæki er í fullum gangi við venjulegan rekstur, t. d. vertíðarrekstur frystihúsa eða síldarverksmiðja.

B. Eimkatlar og hylki fyrir þrýsting.

1 m^2 hitaflatar telst vera 10 Mcal/h eða 11.63 kW.
1 kW telst 1.36 hö.

1. flokkur: Gjald kr. 6 800.

Lágþrýstieimkatlar með allt að 2 kp/cm^2 þrýstingi og katlar með hærri þrýstingi, sem hafa allt að 2 m^2 hitaflöt. Opnir einhitaðir geymar og lokuð eimhituð hylki með allt að 2 m^3 rúmtaki. Þrýstiloftshylki og hylki fyrir aðrar gastegundir með allt að 2 m^3 rúmtaki.

2. flokkur: Gjald kr. 11 250.

Eimkatlar, sem hafa meiri þrýsting en 2 kp/cm^2 og eru með hitafleti frá 2 m^2 til 30 m^2. Lokuð eimhituð hylki, sem hafa stærra rúmtak en 2 m^3. Eimhitaðir suðukatlar og þurrkarar. Þó að suðuketill eða þurrkari sé með hræribúnaði eða öðrum hreyfibúnaði reiknast aðeins gjald vegna aflvélar, en ekki vegna vélabúnaðar. Reykhitaðir forkatlar og yfirhitunarkerfi. Þrýstiloftshylki fyrir aðrar gastegundir með þrýstingi meira en 2 m^3 rúmtaki.

3. flokkur: Gjald kr. 27 500.

Eimkatlar með meira en 30 m^2 hitafleti.

C. Aflvélar.

Af hverju hestafli aflvélar greiðist kr. 220.

Fyrir hvern rafmótor, sem notaður er til aflyfirfærslu frá eigin rafstöð fyrirtækis greiðist kr. 220.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

D. Vinnuvélar.

1. flokkur: Gjald kr. 220.
Dælur, sem nota allt að 5 hö., ádráttarsteinar (smergelskífur), fægivélar skósmiða, hnappagatavélar, sníðavélar, saumavélar, leðurgerðarvélar, loftblásarar undir 2 hö.

2. flokkur: Gjald kr. 2 000.
Dælur, sem nota frá 5 til 10 hö., hræritæki í kerjum, málmsmíðavélar, loftblásarar yfir 2 hö., plastiðnaðarvélar, gúmmígerðarvélar, reykblásarar, þrýstiloftsþjöppur allt að 5 hö., brjóstsykurgerðarvélar, gosdrykkjagerðarvélar, bókbandsvélar, mjólkurstöðvarvélar, brauðgerðarvélar, skógerðarvélar, prjónavélar, roðflettivélar, marningsvélar, færibönd 2—5 m að lengd.

3. flokkur: Gjald kr. 2 100.
Trésmíðavélar, prentvélar, vökvaþrýstipressur, hjámiðjuþrýstipressur, skrúfupressur, niðursuðuvélar, sápugerðarvélar, málningargerðarvélar, fataþvottavélar, gærurotunarvélar, sútunarvélar, steinsmíðavélar, grjótmulningsvélar, flöskuáfyllingarvélar, tuskutætarar, dælur yfir 10 hö., hampvinnuvélar, pappagerðarvélar, fiskþvottavélar, pönnufrystitæki, færibönd 5—10 m að lengd.

4. flokkur: Gjald kr. 4 200.
Ullarvinnsluvélar, skipadráttarvindur, einfaldar lyftivindur, þrýstiloftsþjöppur 10 hö. og meira, gasframleiðslutæki, flöskuþvottavélar, matarlyftur að 50 kg. Færibönd 10 m og lengri, lokubúnaður í vatnsorkuverum, rækjupillunarvélar, hausunarvélar.

5. flokkur: Gjald kr. 8 600.
Brettatrillur og brettalyftarar, bifreiðalyftur, sjálfvirkar pappaprentvélar, vörulyftur 50—300 kg. Rúllustigar sýningarklefar, steypuhrærivélar, flatningsvélar, flökunarvélar, málmbræðsluker, málmhúðunarker, málmhersluker, fisklöndunartæki (grabbar).

6. flokkur: Gjald 20 700.
Fólkslyftur, skipadráttarvagnar, málarastólar og verkpallar í strengjum, fallhamrar (aflvélagj. innifalið). Vörulyftarar með sæti, færibrautir í sláturhúsum. Skíðalyftur minni og tvíbrauta lyftibúnaður. Rafgreiningaker.

7. flokkur: Gjald kr. 27 900.
Dráttarvélar, vegaþjöppur, vegheflar og aðrar vegagerðarvélar, jarðýtur, ámokstursvélar, skurðgröfur og aðrar svipaðar vélar, litlir farandkranar (bómul. minni en 8 m, lyftigeta minni en 2 tonn). Litlar steypustöðvar. Vörulyftur yfir 300 kg.

8. flokkur: Gjald kr. 41 300.
Farandkranar, byggingakranar, fisklöndunarkranar, malarvinnslusamstæður og aðrar svipaðar vélar, steypustöðvar stórar. Skíðalyftur stærri. Málmmulnings- og sigtunarsamstæður, rafbræðsluofnar, gjald fyrir hvert MW.

E. Frystivélar.

1. flokkur: Gjald kr. 2 100.
Frystivélar með allt að 10 000 kcal/h afköstum.
2. flokkur: Gjald kr. 5 500.
Frystivélar með 10 000 til 20 000 kcal/h afköstum.
3. flokkur: Gjald kr. 10 000.
Frystivélar með 20 000 til 50 000 kcal/h afköstum.
4. flokkur: Gjald kr. 20 700.
Frystivélar með yfir 50 000 kcal/h afköstum.

F. Byggingamannvirki og verkpallar.

Vegna byggingamannvirkja, sem eru í smíðum, greiðist kr. 10, af hverjum rúmmetra þess. Heimilt er þó að veita 50% afslátt af stórum byggingum með mjög litlum innréttingum.

Ef verkpallar eru notaðir við endurbætur, lagfæringar eða málun húsa eða skipa eða við hleðslu á vörum, greiðist kr. 42, fyrir hvern hlaupandi lengdarmetra verkpalls. Þó skal ekki greiða af verkpöllum, sem eru í minna en tveggja metra hæð frá jörðu.

G. Losun og lestun.

Í hvert sinn, sem skip kemur frá erlendri höfn, eða affermir vörur hér við land skal það greiða gjald vegna öryggiseftirlits þannig:

Skip, sem eru 100 til 1000 brúttólestir greiði	kr. 13 700
Skip, sem eru 1000 til 2000 brúttólestir greiði	— 27 400
Skip, sem eru 2000 til 3000 brúttólestir greiði	— 41 200
Skip, sem eru 3000 brúttólestir og þar yfir greiði	— 54 800

Er viðkomandi embættismönnum falið að innheimta eftirlitsgjaldið samkvæmt gjaldskránni með öðrum skipagjöldum við tollafgreiðslu skipanna við komu þeirra frá erlendri höfn, enda verði gjöldin aðeins tekin þar sem eftirlitsmenn eru starfandi.

Skip, sem fermir eða affermir vörur í strandferðum, skal einu sinni fyrir hvern mánuð, sem það siglir milli hafna greiða gjald skv. gjaldskránni, enda hafi það ekki flutt vörur milli Íslands og annarra landa á sama tíma.

Gjald skv. 3. mgr. innheimtist eftir reikningi, sem öryggiseftirlit ríkisins gefur út með sama hætti og önnur gjöld fyrir öryggiseftirlit á föstum vinnustöðum.

H. Húsakynni án véla.

Fyrir íbúðarskála verkafólks greiðist kr. 80, af hverjum fermetra gólffletar.

Fyrir hverja eftirlitsskylda vinnustofu án véla, svo sem saumastofur, þvottahús, netagerðarstofur, seglasaumastofur, vinnustofur í frystihúsum, sláturhús o. s. frv., greiðist kr. 42, fyrir hvern fermetra gólffletar. Fyrir víðáttumikil vinnuhús, þar sem tiltölulega fáir vinna að staðaldri, svo sem fiskþvottahús og opin vinnuskýli, greiðist kr. 21, fyrir hvern fermetra gólffletar.

I. Hávaðamæling, gasmæling eða þrýstiraun rýma, kerja eða geyma og önnur sérþjónusta.

Fyrir hverja hávaða- eða gasmælingu rýmis, kers eða geymis í landi greiðist kr. 13 700.

Fyrir gasmælingu olíugeyma í skipum greiðist kr. 13 700 fyrir fyrsta geymi og síðan kr. 5 200, fyrir hvern geymi. Fyrir gasmælingu vélarrúms eða dælurúms greiðist ekki gjald, nema eingöngu sé mælt í því. Sé gasmæling eða önnur þjónusta framkvæmd utan hins reglulega vinnutíma öryggiseftirlitsins samkvæmt ósk eiganda eða notanda geymis eða skips, skal hann greiða þeim starfsmanni öryggiseftirlitsins, sem þjónustuna framkvæmir, yfirvinnu þá sem þjónustan leiðir af sér.

Fyrir þrýstiraun katla eða geyma, sem eru minni en 2 m^3 að rúmtaki eða með minni þrýsting en 2 kg/cm^2 greiðist kr. 8 200, en fyrir stærri katla kr. 11 600.

2. gr.

Fyrir vinnuvélar, sem ekki eru nefndar í gjaldskránni, greiðist hlutfallslega eftir því hve stór og margbrotin vélin er, frá kr. 220—41 200.

Þótt skoðun fari fram oftar en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni, nema framkvæma þurfi aukaeftirlitsskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald sbr. 10. gr. starfsreglna fyrir Öryggiseftirlit ríkisins. Sé að beiðni fyrirtækis skoðun framkvæmd auk hinnar árlegu skoðunar greiðist minnst kr. 8 400. Árlegt lágmarksgjald vegna skoðunar hjá fyrirtæki er kr. 12 700.

3. gr.

Vegna meðferðar hættulegra efna, sbr. lög nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni og reglugerð nr. 455/1975 um eftirlit með framkvæmd ákvæða sömu laga, greiði eftirlitsskyld fyrirtæki, sem nota, flytja, framleiða eða geyma þessi efni, tvöfalt persónugjald, samanber A-lið þessarar gjaldskrár og auk þess fast gjald kr. 18 300, séu starfsmenn færri en 5, kr. 36 600, séu starfsmenn frá 5—10, kr. 54 900, séu starfsmenn fleiri en 10.

Er þá aðeins átt við verkamenn, sem hættuleg efni ná eða geta náð til á vinnustaðnum. Vegna gassuðutækja eða rafsuðutækja greiðist kr. 6 800.

4. gr..

Fyrir skoðun vatnshitunarkerfa sbr. reglug. nr. 302/1978 greiðist kr. 23 800.

5. gr.

Reynist tekjur eftirlitsins ekki nægar samkvæmt gjaldskrá þessari, til að standa undir kostnaði við framkvæmd eftirlitsins, er öryggismálastjóra heimilt, að fengnu samþykki ráðuneytisins að hækka gjöldin um allt að 25% eftir því sem með þarf.

6. gr.

Þegar teikningar af fyrirhuguðum breytingum fyrirtækis eða fyrirkomulagi fyrirtækis, sem fyrirhugað er að reisa, eru sendar eftirlitinu til umsagnar, greiðist ekki gjald fyrir umsögnina. Þurfi eftirlitsmaður, að ósk eiganda að takast sérstaka ferð á hendur vegna umsagnar um öryggismál, úttektar eða fyrirkomulag utan hinna áætluðu skoðunarferða skal eigandi greiða þann kostnað, sem af ferðinni leiðir.

7. gr.

Fyrir önnur störf en þau, sem gjaldskráin gerir ráð fyrir en eðlilegt er eða skylt að stofnunin gegni greiðast gjöld með hliðsjón af gjaldskránni eftir því hve umfangsmikil störfin eru.

8. gr.

Fyrirtæki, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö., skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlits sé eigi brýn þörf.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 47. gr. laga nr. 23 1. febrúar 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sbr. lög nr. 52 20. maí 1955, um breytingu á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga

að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum nr. 103 31. janúar 1980 og auglýsing um breyting á gjaldskránni nr. 226 30. apríl 1980.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. október 1980.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóníasson.

10. október 1980. Nr. 546.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 30. september til 31. desember 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hefur ráðuneytið staðfest þann verðgrundvöll á freðfiski, sem gilti fyrir tímabilið 1. júní til 30. september 1980, sem áfram gildandi til 31. desember 1980.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. október 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

10. október 1980. Nr. 547.

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá 20. október 1980 til 15. maí 1981, að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvita, að vestan markast svæðið af 23°42'0 V og að norðan af 64°20'0 N.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum, skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. október 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Fastagjald.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt.

Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

2. gr.

Vatnsskattur skv. 1. gr. skal vera 0,3% af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og mesta gjald á rúmmeter í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði	Minnst 60, en mest 120 kr./m^3
Vörugeymslur	Minnst 60, en mest 120 kr./m^3
Aðarar byggingar	Minnst 60, en mest 120 kr./m^3

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 13 000.00 af skattskyldri fasteign.

Hafi fasteignamat ekki farið fram á húsi, sem hægt er að tengja dreifikerfi vatnsveitunnar, áætlar vatnsveitan gjaldið.

Notkunargjald.

3. gr.

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 150.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

Notkunargjald þetta innheimtir Rafveita Vestmannaeyja á tveggja mánaða fresti, og annast mælaaflestur.

Vatn til skipa og báta.

4. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 300.00 fyrir hvern teningsmetra, og auk þess kr. 3 000.00 í afgreiðslugjald, ef vatnið er afgreitt frá kl. 08.00—17.00 á virkum dögum en kr. 6 000.00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Vatn til skipa skal staðgreitt, nema um annað hafi verið samið fyrirfram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfn fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu verið samið.

5. gr.

Vatnsveitunni er heimilt að ákveða fast árlegt vatnsgjald fyrir skip og báta, sem heimahöfn eiga í Vestmannaeyjum eða eru að staðaldri gerð þaðan út. Fellur þá niður vatnsgjald skv. 4. gr.

6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, eða þegar mælingu verður ekki við komið, skal greiða gjald eftir ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni.

Stofngjöld.

7. gr.

Vatnsveitan sér um lagningu heimæða í hús og setur þar upp vatnsmæla á sinn kostnað.

8. gr.

Í stofngjald skal greiða 1% af fasteignamatsverði húss. Hafi endanlegt fasteignamat ekki farið fram, ákveður vatnsveitan gjaldið hverju sinni.

9. gr.

Ef um sérstaklega langar og kostnaðarsamar heimtaugar er að ræða, skal húseigandi greiða það, sem talist getur umfram eðlilegan kostnað.

10. gr.

Stofngjald skv. ákvæðum þessarar gjaldskrár skal greitt í einu lagi, áður en tenging við dreifikerfi vatnsveitunnar er framkvæmd.

11. gr.

Stofngjöld skulu greiðast á skrifstofu bæjarsjóðs. Hins vegar mun Rafveita Vestmannaeyja annast innheimtu fastagjaldsins ásamt notkunargjöldum.

12. gr.

Ef loka þarf fyrir vatnsinntak svo sem vegna þess, að notkunar- eða fastagjald hefur ekki verið greitt innan 10 daga frá útsendingu reiknings Rafveitunnar eða stofngjald innan tilskilins frests skv. kröfubréfi bæjarsjóðs eða af öðrum þeim ástæðum, sem greindar eru í 10. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja, skal húseigandi greiða kr. 30 000.00 opnunargjald áður en enduropnun fer fram.

13. gr.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað framantalin gjöld, öll þe'rra eða hvert um sig um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

Fiskiðnaður.

14. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið sérstaka gjaldskrá fyrir fiskiðnaðinn og aðra vatnsfreka starfsemi.

15. gr.

Þegar rætt er um fasteignamatsverð í gjaldskrá þessari, er átt við fasteignamat það, er öðlast gildi um áramótin 1978—1979 og fylgir síðan breytingum á fasteignamatinu.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15, 29. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja frá 1. febrúar 1980.

Félagsmálaráðuneytið, 1. október 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 214 20. júní 1973 um innheimtu og skil á meðlögum o. fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Fullnaðarskil á lögmætum meðlagskröfum Tryggingastofnunar ríkisins sbr. 1. gr. fyrir næstliðið almanaksár, skal Innheimtustofnun sveitarfélaga hafa innt af hendi fyrir 1. október ár hvert. Skiladagar vegna óinnheimtra meðlaga skulu vera 1. mars, 1. júní og 1. október, en þann dag skulu fullnaðarskil gerð. Heimilt er að verja öllum innheimtum meðlögum, sem innheimst hafa, til lúkningar fullnaðarskilum samkvæmt grein þessari.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 54 6. apríl 1971, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1980.

Svavar Gestsson.

Jón S. Ólafsson.

Nr. 550. 8. október 1980.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Borgarfjarðarsýslu.

Fyrsti þáttur
ákvæði, er taka bæði til kauptúna og sveita.

I. KAFLI
Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri er bannað að efna til uppþota eða óspekta. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma eða óþæginda sé fyrir umferð eða vegfarendur.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsnota, svo sem hátíðarsvæði, leikvelli, torg, bryggjur og afgreiðslustæði bifreiða. Um hvers kyns samkomuhús svo sem veitingahús, leikhús, brýr, skeiðvelli, fjárréttir, verslanir, opinberar skrifstofur o. s. frv., gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, verslana, samkomuhúsa, eða annars staðar, þar sem almenningur, kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á eða hafa í frammi hávaða eða móðgandi háttalag, sem veldur ónæði eða raskar allsherjarreglu.

4. gr.

Bannað er að raska næturró manna að óþörfu. Enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða í síma eða hafast neitt það að, sem valdið getur ónæði eða ótta.

5. gr.

Á fjölförnum götum og vegum eða þar sem hætta getur stafað af, má ekki leika knattleik eða aðra leiki, gera rennibrautir eða renna sér á skautum eða sleðum. Lögreglustjóri getur þó heimilað leiki barna og sleðaferðir á tilteknum vegum og svæðum, enda séu þá gerðar nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að hanga aftan í ökutækjum, sem eru á ferð.

6. gr.

Eigi má skjóta af byssum né neins konar skotvopnum í þéttbýli, nema á sérstökum æfingasvæðum, sem lögreglustjóri samþykkir. Í þéttbýli má eigi kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á, svo sem um áramót, og séu leyfin bundin við tiltekin svæði. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins framkvæma með sérstöku samþykki lögreglustjóra, og bera bæði verkstjóri og sá sem mannvirkið er unnið fyrir ábyrgð á að fyllstu varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma þar sem lögreglustjóri samþykkir.

Öll meðferð og notkun hvellsprengja er bönnuð.

7. gr.

Enginn má klæðast eða hegða sér þannig á almannafæri, að hann misbjóði almennu velsæmi eða geti raskað allsherjarreglu.

8. gr.

Allir eru skyldir til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

9. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa til þess að stjórna umferð eða halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Heimtingu eiga menn á fullum bótum frá lögreglustjóra fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við slíka aðstoð á fatnaði eða limum, en lögreglustjóri á aðgang að hinum seka. Ella greiðist tjónið úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

10. gr.

Enginn má láta fyrirberast á lóðum, húsþökum, girðingum, í garðshliðum eða á öðrum slíkum stöðum, þar sem gengið er inn í hús á lóð né heldur fara inn í híbýli manns í söluerindum án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda.

Lögreglustjóra er heimilt að banna alla umferð óviðkomandi fólks um bryggjur og út í skip.

11. gr.

Hlaðin skotvopn má ekki bera á almannafæri. Byssu skal ávallt bera þannig að hlaupið vísi upp.

Garðhrífur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotist af, má eigi flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búið, að engin hætta geti stafað af.

12. gr.

Óheimilt er að tálma umferð um vegi, umfram það sem nauðsynlegt kann að vera vegna verklegra framkvæmda eða vöruflutninga. Ökutæki eða varning má ekki skilja eftir á vegum lengur en brýna nauðsyn ber til og aldrei á gangstéttum. Heimilt er lögreglustjóra að láta fjarlægja slíkt á kostnað eiganda. Sveitarstjórn getur ákveðið í samræmi við lögreglustjóra hvar á vegum bifreiðar megi standa og getur sett reglur um notkun stöðureita og ákveðið gjald fyrir þá.

13. gr.

Enginn má gera skurði í gangstéttir, götur, torg eða alfaravegi nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnvalda og samþykki lögreglustjóra, enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmana með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kvöldi þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gera hlutaðeigandi stjórnvöld og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur hlutaðeigandi stjórnvald eða lögreglustjóri látið ljúka verkinu og sett götur, vegi og torg aftur í samt lag á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

14. gr.

Ekkert það má hafa í opnum gluggum, sem niður getur fallið á veg eða götu og valdið skaða þeim er um fara, og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum.

15. gr.

Þegar hús er byggt eða rifið er eiganda eða verktaka skylt að haga framkvæmdum eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur, til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og byggingarefni má ekki leggja frá sér á almannafæri nema þar sem lögreglan leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, efnisleifar og annað, er af byggingu stafar, skal eigandi færa burtu þegar húsagerðinni er svo langt komið að það verði unnt.

Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða til farartálma, skal taka í burtu þegar þeirra er ei lengur þörf, eða þegar lögreglan krefst þess.

Brenni hús eða annað mannvirki, eða það er tekið í burt án þess að annað sé gert í staðinn, þá er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

16. gr.

Á alfararvegi má eigi leggja eða skilja eftir neitt það, er tálmar umferðinni frekar en brýna nauðsyn ber til vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma.

Ekki má fleygja á almannafæri neinu því, sem er til óþrifa eða getur valdið vegfarendum hættu.

17. gr.

Nú er mannvirki skemmt eða svo hrörlegt að hætt er við að það eða einhver hluti þess hrynji eða fjúki, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota það og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta svo innan tiltekins tíma, að hættu sé afstýrt. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra.

III. KAFLI

Um umferð á vegum o. fl.

18. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna varúð í umferð, gæta þess að trufla ekki né tefja að óþörfu aðra vegfarendur og valda eigi þeim eða öðrum, sem búa eða staddir eru við umferðarleið, hættu eða óþægindum. Sérstaka varúð skal sýna í nánd við gangbrautir, skóla, leikvelli eða aðra staði þar sem vænta má að börn séu að leik. Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðra.

19. gr.

Ökuhraða skal ávallt stilla svo, að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en í umferðarlögunum segir. Lögreglustjóri getur að fenginni tillögu sveitarstjórnar ákveðið lægri ökuhraða á einstökum götum og vegum í þéttbýli eða nálægt byggð.

20. gr.

Þeir, sem flytja vörur um götur eða vegi á almannafæri, skulu gæta þess vandlega að flutningstæki séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað fellur af eða hrynur niður á almannafæri við flutning, fermingu eða affermingu, skal sá, er flytur eða flutningum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

21. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum eða vegum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð (t. d. á vorin meðan klaka leysir úr jörð eða vegna fjárrekstra). Sömuleiðis getur lögreglustjóri takmarkað umferð bifreiða í þéttbýli að næturlagi.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búfjár.

22. gr.

Um rekstur búpenings til afréttar, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Borgarfjarðarsýslu.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður peningsins skaðann, ásamt áföllnum kostnaði, eftir því hvort eignar- eða leigupeningur hefur valdið honum. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanns nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerðinni eða lögum.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda og ketti, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill hirða þá.

V. KAFLI
Um friðun almenningseigna o. fl.

23. gr.

Mannvirki eða hluti, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða til prýði á almannafæri, má enginn skemma, lýta eða færa úr stað.

Enginn má, án sérstakrar heimildar, hrófla við leiðslum, stöðvum eða öðrum búnaði þeirra stofnana, sem starfræktar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu eða pósts og síma. Verði einhver óviljandi valdur að slíku, skal tilkynna það þegar í stað hlutaðeigandi stofnun.

Óheimilt er að tálma eða trufla starfsemi slökkviliðs, lögreglu, hjálparsveita eða annarra þeirra, sem annast öryggisþjónustu í þágu almennings.

24. gr.

Enginn má troða eða skemma á nokkurn hátt ræktaða bletti, tún, engi, matjurtagarða, skrúðgarða manna eða einstakar plöntur, hvort sem er girt eða ógirt. Enginn má heldur skemma girðingar eða klifra yfir þær eða upp um þær.

25. gr.

Enginn óviðkomandi má hagnýta eða tileinka sér nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði fugla eða fiska eða önnur hlunnindi án heimildar landráðanda. Þó mega ferðamenn notafæra sér hagabeit og berjatöku til neyslu á staðnum um stundarsakir, meðan á áningu eða hvíld stendur.

26. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði að öllum óhroða og rusli, svo sem ílátum undan mat- og drykkjarföngum, matarleifum og öðru þvílíku áður en staðurinn er yfirgefinn.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á víðavangi.

VI. KAFLI
Um uppfestar auglýsingar.

27. gr.

Sveitarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sýningar og skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Allar slíkar auglýsingar verða þó að vera innan velsæmismarka.

28. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa náð tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær, þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VII. KAFLI
Um veitingastaði, samkomuhús og almennar skemmtanir.

29. gr.

Allir veitingastaðir og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við reksturinn.

Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og lögreglustjóri hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

30. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur um ofsafengið atferli. Þar má heldur eigi sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu, selur gistingu eða heldur dansleiki og aðrar skemmtanir, er skylt að gera það, sem í hans valdi stendur til að afstýra því að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans, gistihúsi eða danshúsi, sem kemur í bága við góða reglu og velsæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á að reglum þessum sé fylgt, eða fullnægi veitingastaðir ekki skilyrðum 29. gr., er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni viðvörun. Ennfremur er lögreglu á skemmtistað heimilt að ákveða að skemmtun skuli slítið, sé reglum þessum ekki fylgt.

31. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum danshúsa og dansleikja er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds og skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Sala tóbaks til barna og unglinga innan 14 ára aldurs er bönnuð.

Hvers konar þjónustu við börn og unglinga eftir leyfilegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess er þjónustuna veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

Skemmtun, sem aðgangur er seldur að, má eigi halda nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sama gildir um skemmtun, sem fram á að fara á almennum skemmtistað, félagsheimili eða veitingahúsi, og skemmtun á að standa lengur en til kl. 23.30.

Forstöðumenn skemmtana skulu tilkynna lögreglustjóra, hvar og hvenær skemmtun skal halda, að jafnaði með einnar viku fyrirvara.

Fyrir skemmtanaleyfi skal greiða gjald í ríkissjóð, samkvæmt reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs.

33. gr.

Almennt skilyrði fyrir skemmtanaleyfi skal vera, að sá, sem fyrir skemmtun stendur, ábyrgist, að á skemmtun sé haldið uppi fullnægjandi dyravörslu og eftirliti að mati lögreglustjóra.

Ennfremur getur lögreglustjóri bundið skemmtanaleyfi því skilyrði, að eigi annist aðrir dyravörslu að skemmtun en hann samþykkir, og að lögreglumenn verði á skemmtistað.

34. gr.

Í hverju veitingahúsi eða almennu samkomuhúsi skal eigandinn láta gera salerni og snyrtiherbergi í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu og í góðu lagi.

35. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi lögreglustjóra og hlutaðeigandi sveitarstjórnar og með þeim skilyrðum, er útbúnað og loftrými varðar, sem hún tiltekur í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar.

Sveitarstjórn ákveður hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til einstakra sýninga, og ákveður hann þá í samráði við sveitarstjórn gjald í sveitarsjóð.

36. gr.

Ef sýndar eru opinberlega myndir, sem að dómi barnaverndarnefndar eru siðspillandi, hvort sem það eru ljósmyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft slæm áhrif á þau.

37. gr.

Enginn má setja upp knattborðsstofu eða leiktækjastofu nema með leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur og afnumið leyfið, telji hann ástæðu til.

VIII. KAFLI
Um samgöngur við skip.

38. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

39. gr.

Lögreglustjóri getur í samráði við barnaverndarnefnd, bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og ferðir út í skip og báta í höfn, ef sérstök ástæða þykir til.

IX. KAFLI
Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

40. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna.

Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess vandlega gætt, að skólpi eða öðru, sem óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

41. gr.

Eigi má kasta á almannafæri, í ár, hafnir eða fjörur, rusli, úrgangi eða öðrum óhreinindum.

Eigi má hafa á almannafæri neitt það, er ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Allri atvinnustarfsemi skal haga á þann veg, að gufur, reykur eða óþefur valdi almenningi ekki óþægindum umfram það sem óhjákvæmilegt er.

42. gr.

Skepnum má aðeins slátra í húsum inni og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki til og sé sláturstaður hreinsaður undir eins að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hund komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landeiganda.

43. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmein og þannig fyrir komið að öruggt sé að hundar nái ekki að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvellinum ílát með loki undir sulli og innanmein. Að lokinni hverri slátrun skal annað hvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörðu niður. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást fara eftir heilbrigðissamþykkt og fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

44. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum er nú gilda eða síðar kunna að verða settar fyrir einstaka hreppa í sýslunni.

Annar þáttur.

Almenn ákvæði.

X. KAFLI.

Um staðgildi samþykktarinnar o. fl.

45. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Borgarfjarðarsýslu.

46. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu, og senda lögreglustjóra skýrslu um málið.

XI. KAFLI

Um refsingar, kostnað o. fl.

47. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum.

Hagnaður sá, er brotamaður kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur gerður og renna auk sekta í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

48. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot á samþykktinni, greiðir sveitarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

49. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari og eigi verður krafist af einstökum mönnum, greiðir sveitarsjóður viðkomandi hrepps, eða sýslusjóður, ef eigi þykir við eiga, að sveitarsjóður greiði.

50. gr.

Með samþykkt þessar er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 20 23. febrúar 1940.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. október 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 551. 13. október 1980.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 507 18. desember 1979 um endurgreiðslur tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. reglnanna orðist svo:

Endurgreiðslur samkvæmt þessum kafla geta aðeins farið fram til skipasmíðastöðva eða aðila sem fengið hafa leyfi til að reka hér umræddan iðnað samkvæmt ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978 og jafnframt tilkynnt skattyfirvöldum starfsemi sína og aflað heimildar til kaupa á vörum án söluskatts, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum. Heimilt er þó að víkja frá framangreindum ákvæðum varðandi endurgreiðslur vegna smíði opinna báta og þilfarsbáta allt að 12 brl., annarra en báta úr trefjaplasti, enda fari endurgreiðslur þá fram skv. 5. gr. þessara reglna.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 28. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum til að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. október 1980.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Bolungarvíkurkaupstað, nr. 543 18. desember 1975.

1. gr.

1. málsgrein 30. gr. orðist svo:

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo, að komist verði hjá slysum og þannig að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraði aldrei vera meiri en 50 km á klukkustund.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. október 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

14. október 1980. Nr. 553.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir tilkynningar um skráningu vörumerkja o. fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu um skráningu vörumerkis og endurnýjun skráningar, einn flokkur innifalinn, greiðist gjald kr. 350.00.

2. gr.

Fyrir hvern flokk umfram einn greiðist gjald kr. 80.00.

3. gr.

Fyrir innritun í vörumerkjaskrá greiðist gjald kr. 60.00.

4. gr.

Fyrir útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá og fyrir staðfest myndrit af tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist gjald kr. 45.00 Fyrir rannsókn á því hvort vörumerki sé skrásett skal greiða gjald kr. 45.00 fyrir hvern flokk sem rannsóknin nær til.

5. gr.

Fyrir tilkynningu um skráningu gæðamerkis greiðist gjald kr. 600.00. Gjöld fyrir endurnýjun gæðamerkis og vöruflokka er hið sama og fyrir almenn vörumerki.

6. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 5. gr. reglugerðarinnar skulu ekki endurgreidd þótt um skráningu sé synjað eða umsókn afturkölluð.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47, 2. maí 1968, um vörumerki, til að öðlast gildi 1. janúar 1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis, nr. 490, 5. desember 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 14. október 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

Nr. 554. 14. október 1980.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 130 17. september 1956 um vinnumiðlun.

1. gr.

1. málsgrein 16. greinar orðist þannig:

Hver sá, er telur sig eiga rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum nr. 57 27. apríl 1973 með síðari breytingum eða bráðabirgðalögum nr. 68 og nr. 69 9. september 1980, getur krafist þess, að vinnumiðlun láti honum í té vottorð í tvíriti um atvinnu hans eða atvinnuleysi það tímabil, sem hann hefur verið skráður sem umsækjandi um atvinnu, sbr. 14. og 15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1980.

Svavar Gestsson.

Óskar Hallgrímsson.

Nr. 555. 14. október 1980.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa nr. 59/1966, sbr. breytingar á þeirri reglugerð nr. 151/1973 og nr. 43 1979.

1. gr.

Í 6. lið 2. gr. verði „kr. 35 000“ að: kr. 800.00

2. gr.

Í 5. lið 5. gr. verði „kr. 10 000.00“ að: kr. 200.00.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um einkaleyfi nr. 12/1923, til að öðlast gildi 1. janúar 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 14. október 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT
fyrir Mýrasýslu.

Fyrsti þáttur
ákvæði, er taka bæði til kauptúna og sveita.

I. KAFLI
Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri er bannað að efna til uppþota eða óspekta. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma eða óþæginda sé fyrir umferð eða vegfarendur.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsnota, svo sem hátíðarsvæði, leikvelli, torg, bryggjur og afgreiðslustæði bifreiða. Um hvers kyns samkomuhús svo sem veitingahús, leikhús, brýr, skeiðvelli, fjárréttir, verslanir, opinberar skrifstofur o. s. frv., gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, verslana, samkomuhúsa, eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á eða hafa í frammi hávaða eða móðgandi háttalag, sem veldur ónæði eða raskar allsherjarreglu.

4. gr.

Bannað er að raska næturró manna að óþörfu. Enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða í síma eða hafast neitt það að, sem valdið getur ónæði eða ótta.

5. gr.

Á fjölförnum götum og vegum eða þar sem hætta getur stafað af, má ekki leika knattleik eða aðra leiki, gera rennibrautir eða renna sér á skautum eða sleðum. Lögreglustjóri getur þó heimilað leiki barna og sleðaferðir á titeknum vegum og svæðum, enda séu þá gerðar nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að hanga aftan í ökutækjum, sem eru á ferð.

6. gr.

Eigi má skjóta af byssum né neins konar skotvopnum í þéttbýli, nema á sérstökum æfingasvæðum, sem lögreglustjóri samþykkir. Í þéttbýli má eigi kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á, svo sem um áramót, og séu leyfin bundin við tiltekin svæði. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins framkvæma með sérstöku samþykki lögreglustjóra, og bera bæði verkstjóri og sá sem

mannvirkið er unnið fyrir ábyrgð á að fyllstu varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma þar sem lögreglustjóri samþykkir. Öll meðferð og notkun hvellsprengja er bönnuð.

7. gr.

Enginn má klæðast eða hegða sér þannig á almannafæri, að hann misbjóði almennu velsæmi eða geti raskað allsherjarreglu.

8. gr.

Allir eru skyldir til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa til þess að stjórna umferð eða halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Heimtingu eiga menn á fullum bótum frá lögreglustjóra fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við slíka aðstoð á fatnaði eða limum, en lögreglustjóri á aðgang að hinum seka. Ella greiðist tjónið úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

10. gr.

Enginn má láta fyrirberast á lóðum, húsþökum, girðingum, í garðshliðum eða á öðrum slíkum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða á lóð, né heldur fara inn í híbýli manns í sölnerindum án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda.

Lögreglustjóra er heimilt að banna alla umferð óviðkomandi fólks um bryggjur og út í skip.

11. gr.

Hlaðin skotvopn má ekki bera á almannafæri. Byssu skal ávallt bera þannig að hlaupið vísi upp.

Garðhrífur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotist af, má eigi flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búið, að engin hætta geti stafað af.

12. gr.

Óheimilt er að tálma umferð um vegi, umfram það sem nauðsynlegt kann að vera vegna verklegra framkvæmda eða vöruflutninga. Ökutæki eða varning má ekki skilja eftir á vegum lengur en brýna nauðsyn ber til og aldrei á gangstéttum. Heimilt er lögreglustjóra að láta fjarlægja slíkt á kostnað eiganda. Sveitarstjórn getur ákveðið í samráði við lögreglustjóra hvar á vegum bifreiðar megi standa og getur sett reglur um notkun stöðureita og ákveðið gjald fyrir þá.

13. gr.

Enginn má gera skurði í gangstéttir, götur, torg eða alfaravegi nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnvalda og samþykki lögreglustjóra, enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmana með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kvöldi þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gera hlutaðeigandi stjórnvöld og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur hlutaðeigandi stjórnvald eða lögreglustjóri látið ljúka verkinu og sett götur, vegi og torg aftur í samt lag á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

14. gr.

Ekkert það má hafa í opnum gluggum, sem niður getur fallið á veg eða götu og valdið skaða þeim er um fara, og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum.

15. gr.

Þegar hús er byggt eða rifið er eiganda eða verktaka skylt að haga framkvæmdum eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur, til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og byggingarefni má ekki leggja frá sér á almannafæri nema þar sem lögreglan leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, efnisleifar og annað, er af byggingu stafar, skal eigandi færa burtu þegar húsagerðinni er svo langt komið að það verði unnt.

Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða til farartálma, skal taka í burtu þegar þeirra er ei lengur þörf, eða þegar lögreglan krefst þess.

Brenni hús eða annað mannvirki, eða það er tekið í burt án þess að annað sé gert í staðinn, þá er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

16. gr.

Á alfaravegi má eigi leggja eða skilja eftir neitt það, er tálmar umferðinni frekar en brýna nauðsyn ber til vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma.

Ekki má fleygja á almannafæri neinu því, sem er til óþrifa eða getur valdið vegfarendum hættu.

17. gr.

Nú er mannvirki skemmt eða svo hrörlegt að hætt er við að það eða einhver hluti þess hrynji eða fjúki, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota það og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta svo innan tiltekins tíma, að hættu sé afstýrt. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra.

III. KAFLI

Um umferð á vegum o. fl.

18. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna varúð í umferð, gæta þess að trufla ekki né tefja að óþörfu aðra vegfarendur og valda eigi þeim eða öðrum, sem búa eða staddir eru við umferðarleið, hættu eða óþægindum. Sérstaka varúð skal sýna í nánd við gangbrautir, skóla, leikvelli eða aðra staði þar sem vænta má að börn séu að leik. Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðra.

19. gr.

Ökuhraða skal ávallt stilla svo, að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en í umferðarlögunum segir. Lögreglustjóri getur að fenginni tillögu sveitarstjórnar ákveðið lægri ökuhraða á einstökum götum og vegum í þéttbýli eða nálægt byggð.

20. gr.

Þeir, sem flytja vörur um götur eða vegi á almannafæri, skulu gæta þess vandlega að flutningstæki séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað fellur af eða hrynur niður á almannafæri við flutning fermingu eða affermingu, skal sá, er flytur eða flutningum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

21. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum eða vegum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð (t. d. á vorin meðan klaka leysir úr jörð eða vegna fjárrekstra). Sömuleiðis getur lögreglustjóri takmarkað umferð bifreiða í þéttbýli að næturlagi.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búfjár.

22. gr.

Um rekstur búpenings til afréttar, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður peningsins skaðann, ásamt áföllnum kostnaði, eftir því hvort eignar- eða leigupeningur hefur valdið honum. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanns nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerðinni eða lögum.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda og ketti, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill hirða þá.

V. KAFLI

Um friðun almenningseigna o. fl.

23. gr.

Mannvirki eða hluti, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða til prýði á almannafæri, má enginn skemma, lýta eða færa úr stað.

Enginn má, án sérstakrar heimildar, hrófla við leiðslum, stöðvum eða öðrum búnaði þeirra stofnana, sem starfræktar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu eða pósts og síma. Verði einhver óviljandi valdur að slíku, skal tilkynna það þegar í stað hlutaðeigandi stofnun.

Óheimilt er að tálma eða trufla starfsemi slökkviliðs, lögreglu, hjálparsveita eða annarra þeirra, sem annast öryggisþjónustu í þágu almennings.

Enginn má troða eða skemma á nokkurn hátt ræktaða bletti, tún, engi, matjurtagarða, skrúðgarða manna eða einstakar plöntur, hvort sem er girt eða ógirt. Enginn má heldur skemma girðingar eða klifra yfir þær eða upp um þær.

25. gr.

Enginn óviðkomandi má hagnýta eða tileinka sér nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði fugla eða fiska eða önnur hlunnindi án heimildar landráðanda. Þó mega ferðamenn notfæra sér hagabeit og berjatöku til neyslu á staðnum um stundarsakir, meðan á áningu eða hvíld stendur.

26. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem ílátum undan mat- og drykkjarföngum, matarleifum og öðru þvílíku áður en staðurinn er yfirgefinn.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á víðavangi.

VI. KAFLI

Um uppfestar auglýsingar.

27. gr.

Sveitarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sýningar og skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Allar slíkar auglýsingar verða þó að vera innan velsæmismarka.

28. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa náð tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær, þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VII. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og almennar skemmtanir.

29. gr.

Allir veitingastaðir og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við reksturinn.

Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og lögreglustjóri hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

30. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur um ofsafengið atferli. Þar má heldur eigi sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu, selur gistingu eða heldur dansleiki og aðrar skemmtanir, er skylt að gera það, sem í hans valdi stendur til að afstýra því að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans, gistihúsi eða danshúsi, sem kemur í bága við góða reglu og velsæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á að reglum þessum sé fylgt, eða fullnægi veitingastaðir ekki skilyrðum 29. gr., er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni viðvörun. Ennfremur er lögreglu á skemmtistað heimilt að ákveða að skemmtun skuli slitið, sé reglum þessum ekki fylgt.

31. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum danshúsa og dansleikja er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds og skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Sala tóbaks til barna og unglinga innan 14 ára aldurs er bönnuð.

Hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir leyfilegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess er þjónustuna veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði séu haldin.

32. gr.

Skemmtun, sem aðgangur er seldur að, má eigi halda nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sama gildir um skemmtun, sem fram á að fara á almennum skemmtistað, félagsheimili eða veitingahúsi, og skemmtun á að standa lengur en til kl. 23.30.

Forstöðumenn skemmtana skulu tilkynna lögreglustjóra, hvar og hvenær skemmtun skal halda, að jafnaði með einnar viku fyrirvara.

Fyrir skemmtanaleyfi skal greiða gjald í ríkissjóð, samkvæmt reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs.

33. gr.

Almennt skilyrði fyrir skemmtanaleyfi skal vera, að sá, sem fyrir skemmtun stendur, ábyrgist, að á skemmtun sé haldið uppi fullnægjandi dyravörslu og eftirliti að mati lögreglustjóra.

Ennfremur getur lögreglustjóri bundið skemmtanaleyfi því skilyrði, að eigi annist aðrir dyravörslu að skemmtun en hann samþykkir, og að lögreglumenn verði á skemmtistað.

34. gr.

Í hverju veitingahúsi eða almennu samkomuhúsi skal eigandinn láta gera salerni og snyrtiherbergi í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu og í góðu lagi.

35. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi lögreglustjóra og hlutaðeigandi sveitarstjórnar og með þeim skilyrðum, er útbúnað og loftrými varðar, sem hún tiltekur í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar.

Sveitarstjórn ákveður hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til einstakra sýninga, og ákveður hann þá í samráði við sveitarstjórn gjald í sveitarsjóð.

36. gr.

Ef sýndar eru opinberlega myndir, sem að dómi barnaverndarnefndar eru siðspillandi, hvort sem það eru ljósmyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft slæm áhrif á þau.

37. gr.

Enginn má setja upp knattborðsstofu eða leiktækjastofu nema með leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur og afnumið leyfið, telji hann ástæðu til.

VIII. KAFLI
Um samgöngur við skip.

38. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

39. gr.

Lögreglustjóri getur í samráði við barnaverndarnefnd, bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og ferðir út í skip og báta í höfn, ef sérstök ástæða þykir til.

IX. KAFLI
Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

40. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna.

Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess vandlega gætt, að skólpi eða öðru, sem óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

41. gr.

Eigi má kasta á almannafæri, í ár, hafnir eða fjörur, rusli, úrgangi eða öðrum óhreinindum.

Eigi má hafa á almannafæri neitt það, er ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Allri atvinnustarfsemi skal haga á þann veg, að gufur, reykur eða óþefur valdi almenningi ekki óþægindum umfram það sem óhjákvæmilegt er.

42. gr.

Skepnum má aðeins slátra í húsum inni og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki til og sé sláturstaður hreinsaður undir eins að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hund komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landeiganda.

43. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmein og þannig fyrir komið að öruggt sé að hundar nái ekki að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvellinum ílát með loki und'r sulli og innanmein. Að lokinni hverri slátrun skal annaðhvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörðu niður. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást fara eftir heilbrigðissamþykkt og fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

44. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum er nú gilda eða síðar kunna að verða settar fyrir einstaka hreppa í sýslunni.

Annar þáttur.

Viðaukaákvæði, er taka til Borgarneskauptúns.

X. KAFLI

Sérákvæði til öryggis umferðinni innan kauptúnsins.

45. gr.

Enginn má taka vatn úr brunhönum eða hreyfa við þeim, nema hann hafi til þess leyfi slökkviliðsstjóra.

46. gr.

Atvinnurekstur, sem valdið getur töfum á umferð, er óheimill. Þó er heimilt að selja blöð og bæklinga á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá kl. 17.00 síðdegis til kl. 9.00 árdegis.

47. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, er hindrar umferð eða veldur hættu, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga.

Lögreglustjóri getur ákveðið í samráði við sveitarstjórn, að stórum vinnuvélum eða bifreiðum, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga verði ekki lagt í íbúðahverfum, þar sem ökutæki þessi geta skapað hættu fyrir umferðina og valdið íbúunum öðrum óþægindum, enda hafi sveitarstjórn tiltæk hentug hópstæði fyrir umrædd ökutæki.

Notkun vélsleða á götum í þéttbýli er háð leyfi lögreglustjóra.

48. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir. Þeir skulu ætíð felldir, þegar ekki er verið að nota þá.

49. gr.

Nú liggur kjallaraop út að stétt eða götu og lengra fram en húshliðin, og skal þá vera traust handrið beggja megin við það, eigi lægra en 60 cm. Auk þess getur lögreglustjóri krafist, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera frá því að dimma tekur að kvöldi uns bjart er að morgni.

Yfir birtugrófir við stétt eða götu, skulu vera nægilega sterkar járngrindur eða annar jafntryggur útbúnaður jafnhátt stéttinni eða götunni.

XI. KAFLI.

Um hundahald.

50. gr.

Hundahald er bannað í Borgarnesi nema með leyfi sveitarstjórnar, sbr. samþykkt um hundahald í kauptúninu.

51. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti, og skal eiganda hundsins gefinn kostur á að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins.

Sé um að ræða alvarlegt eða ítrekað brot, getur lögreglustjóri mælt með því við sveitarstjórn að leyfið verði afturkallað.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

XII. KAFLI
Um búfjárhald.

52. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Borgarnesi án sérstaks leyfis sveitarstjórnar. Réttur lögbýla til búfjárhalds innan hreppsmarka er þó ekki skertur með reglum þessum.

53. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

54. gr.

Enga gripi má reka ógætilega um götur kauptúnsins. Nautgripir, sem færðir eru til kauptúnsins, skulu ávallt leiddir í nægilega traustu bandi.

55. gr.

Sauðkindur mega ekki ganga lausar á götum nema maður fylgi til að gæta þeirra. Eigandi greiðir allan kostnað við handsömun og varðveislu þeirra. Selja má kindurnar til lúkningar kostnaði þessum, ef eigandi greiðir hann ekki.

56. gr.

Á almannafæri mega hestar ekki ganga lausir og lausa hesta má ekki reka um götur kauptúnsins. Hesta, sem ganga lausir í kauptúninu skal lögreglan handsama. Um kostnað fer eins og segir í 55. gr.

57. gr.

Eigandi eða umráðamaður búfénaðar ber ábyrgð á öllum þeim skaða og spjöllum, er búfé hans kann að valda.

XIII. KAFLI
Um almennt hreinlæti og þrifnað.

58. gr.

Á húshliðar, gafla eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neitt, sem óþrifnaður er af eða óþefur. Á tún eða garða, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

39. gr.

Bannað er að setja upp girðingar, sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum, t. d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skylt er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar, og sjá um, að lóðunum sé haldið hreinum og snyrtilegum. Enginn má fleygja sorpi eða óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka, að þetta berist inn á lóðina. Hver sem gerist sekur um slíkt, skal flytja óhreinindin tafarlaust í burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að það endurtaki sig ekki.

XIV. KAFLI
Um götuspjöld og húsnúmer.

60. gr.

Sveitarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem sveitarstjórnin hefur látið festa á hús, til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað, og endurnýja ef á þarf að halda.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR.
Almenn ákvæði.

XV. KAFLI
Um staðgildi samþykktarinnar o. fl.

61. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Mýrasýslu. Þó gilda ákvæði annars þáttar samþykktarinnar aðeins um Borgarneskauptún.

62. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu, og senda lögreglustjóra skýrslu um málið.

XVI. KAFLI
Um refsingar, kostnað o. fl.

63. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum.

Hagnaður sá, er brotamaður kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur gerður og renna auk sekta í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

64. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot á samþykktinni, greiðir sveitarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

65. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari og eigi verður af einstökum mönnum, greiðir sveitarsjóður viðkomandi hrepps, eða sýslusjóður, ef eigi þykir við eiga, að sveitarsjóður greiði.

66. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Mýrasýslu, nr. 91 20. júlí 1938.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaða staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. október 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

2. október 1980. Nr. 557.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduóshrepps, nr. 263 30. maí 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 33.00 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 16.00 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 33.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 2 235.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 11 230.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 16.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 800.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 610.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1290.00 fyrir hver 1000 kg.

3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 560.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 350.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 295.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 368 16. maí 1980.

Samgönguráðuneytið, 2. október 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 558. 2. október 1980.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarfjarðarhrepps, nr. 126 20. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 33.00 á brúttórúmlest.
b) Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 16.00 á brúttórúmlest.
c) Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 33.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d) Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 2 235.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 11 230.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 16.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 800.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 6 650.00 fyrir hvert skip, auk kr. 16.00 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.

b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.

c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 1 450.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 610.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1290.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 560.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 350.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 290.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 403 16. maí 1980.

Samgönguráðuneytið, 2. október 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

23. október 1980. Nr. 559.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1980:

	U. S. $ pr. lb. cif.
Lausfrystur hörpudiskur	3.10
Blokkfrystur hörpudiskur	2.88
Rauður hörpudiskur	1.69

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. október 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1980:

Óverkaður saltfiskur	U. S. $ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1	2 900.—
Millifiskur nr. 1	2 700.—
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2 300.—
Smáfiskur 60/100 nr. 1	2 200.—

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 25% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 25% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. október 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 561. 23. október 1980.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1980:

Vélskelflett rækja.

Færri en 350 st. í lb.:	SDR pr. lb. cif.
Blokkfryst	2.78
5x2 kg og 4x2.5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2.78
5x2 kg og 4x2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2.92
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3.23
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3.39

Fleiri en 350 st. í lb. og óflokkuð:

	U. S. $ pr. lest fob.
Blokkfryst	2.65
5x2 kg og 4x2.5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2.65
5x2 kg og 4x2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2.78
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3.08
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3.23

Verðbil verður 4%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. október 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

7. október 1980. Nr. 562.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Íslensku óperunnar (Félag áhugafólks um óperu- og óperuettuflutning), útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 7. október 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarfélag og styrktarsjóð íslensku óperunnar (Félag áhugafólks um óperu- og óperettuflutning)

1. gr.

Félagið heitir Styrktarfélag íslensku Óperunnar og sjóðurinn Styrktarsjóður Íslensku Óperunnar. Hvort tveggja með heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Þeir einstaklingar, stofnanir og félög, sem veita íslensku Óperunni árlegan stuðning með fjárframlögum, mynda félagsskap til eflingar starfsemi Íslensku Óperunnar, er heitir Styrktarfélag Íslensku Óperunnar.

Félagið er opið öllu áhugafólki um óperu- og óperettuflutning, sbr. þó 5. gr. i. f.

3. gr.

Af fjárframlögum styrktarfélaga skal mynda sérstakan sjóð er nefnist Styrktarsjóður Íslensku Óperunnar.

Sjóðurinn er eign Íslensku Óperunnar.

Stjórn Íslensku Óperunnar skal hafa stjórn sjóðsins með hendi og ráðstafa sjóðnum eftir þörfum Íslensku Óperunnar hverju sinni og í þágu hennar. Sjóðinn skal ávaxta í viðurkenndum lánastofnunum, verðtryggðum ríkisskuldabréfum eða fasteignum.

4. gr.

Reikningar sjóðsins skulu fylgja reikningum Íslensku Óperunnar og vera háðir sömu ákvæðum og þeir um reikningshald og endurskoðun.

5. gr.

Árlegt framlag styrktarfélaga (sbr. 2. gr.) til Styrktarsjóðs Íslensku Óperunnar skal ákveðið á aðalfundi félagsins ár hvert.

Félag eða stofnun sem styrkir Íslensku Óperuna með slíkum fjárframlögum, telst einn félagi í styrktarfélaginu og hefur rétt til eins fulltrúa á fundum þess. Ef fulltrúi frá stofnun eða félagssamtökum er einnig persónulegur styrktarfélagi, hefur hann þó aldrei nema eitt atkvæði á fundum félagsins.

Umsókn um þáttöku í Styrktarfélagi Íslensku Óperunnar skal senda stjórn styrktarfélagsins mánuði fyrir aðalfund þess.

6. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda í maímánuði ár hvert. Til hans skal boða með auglýsingu í blöðum eða á annan tryggilegan hátt, með viku fyrirvara hið skemmsta og er hann þá lögmætur.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema annars sé getið í lögum félagsins.

7. gr.

Á aðalfundi skulu þessi mál tekin til meðferðar:

a) Stjórn félagsins gerir grein fyrir störfum félagsins og Íslensku Óperunnar, á liðnu starfsári.
b) Félagsstjórnin leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins og Íslensku Óperunnar fyrir liðið ár en reikningsár félagsins er almanaksárið.
c) Kosning stjórnar félagsins og varastjórnar.
d) Kosning tveggja endurskoðenda og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi, og eins til vara.
e) Ákveðin upphæð árgjalds til styrktarsjóðs.
f) Önnur mál.

8. gr.

Skipulagsskrá félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi og skal leita staðfestingar forseta Íslands á þeirri breytingu. Í fundarboði skal þess sérstaklega getið að tillaga til breytingar á skipulagsskrá verði tekin til meðferðar á fundinum og skal efni hennar lýst. Nái tillaga til breytinga á skipulagsskrá, samþykki meiri hluta fundarmanna, fær hún gildi.

9. gr.

Stjórn félagsins, sem jafnframt er stjórn Íslensku Óperunnar, skal skipuð fimm mönnum og þremur til vara. Formaður skal kjörinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn skulu kjörnir í einu og ræður afl atkvæða kosningu. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum að öðru leyti. Í forföllum formanns kýs stjórnin staðgengil hans úr eigin hópi.

10. gr.

Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins og Íslensku Óperunnar milli aðalfunda.

Hún tekur nánari ákvarðanir um starfsemi félagsins og Íslensku Óperunnar og ber ábyrgð á fjárreiðum hvors tveggja. Hún skuldbindur félagið og Íslensku Óperuna gagnvart öðrum aðilum og er undirskrift formanns og gjaldkera nægileg til þess.

Til meiri háttar ákvarðanatöku, svo sem kaupa eða sölu fasteigna, skal þó ávallt boða til félagsfundar og skal til hans boðað á sama hátt og til aðalfundar og ræður afl atkvæða úrslitum á slíkum fundum.

11. gr.

Formaður boðar til stjórnarfunda. Honum er skylt að halda stjórnarfund, er a. m. k. tveir stjórnarmenn krefjast þess.

Stjórnarfundur er ályktunarfær ef formaður og tveir stjórnarmenn eða varastjórnarmenn sækja fundinn, hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Gerðir stjórnarinnar skulu bókfærðar.

Ákvæði til bráðabirgða:

12. gr.

Á stofnfundi skal kosin fyrsta stjórn félagsins, svo og endurskoðendur er sitji til fyrsta aðalfundar félagsins, sem haldinn verður í maí 1981.

13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

14. gr.

Skipulagsskrá þannig samþykkt á stofnfundi Styrktarfélags Íslensku Óperunnar, hinn 3. október, 1980.

7. október 1980. Nr. 563.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Íslensku Óperuna, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. október 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Íslensku Óperuna.

1. gr.

Íslenska Óperan er stofnuð að frumkvæði Styrktarfélags Íslensku Óperunnar er starfar samkv. sérstakri staðfestri skipulagsskrá.

2. gr.

Íslenska Óperan er sjálfseignastofnun með heimili og varnarþing í Reykjavík.

3. gr.

Markmið Íslensku Óperunnar er að koma á fót föstum sýningum á óperum og óperettum í Reykjavík og með því byggja upp atvinnugrundvöll fyrir íslenska söngvara svo þeir megi nota menntun sína og hæfileika sér til lífsviðurværis.

4. gr.

Markmiði sínu hyggst Íslenska Óperan ná m. a. með því að vinna að því að koma upp húsi fyrir starfsemi sína og með því að fastráða söngvara eftir því sem efni leyfa.

Fjárhagsgrundvöllur Íslensku Óperunnar er byggður á eftirfarandi:

a) aðgöngumiðsölu að óperu- og óperettusýningum,
b) framlagi Styrktarsjóðs Íslensku Óperunnar,
c) gjöfum og styrkjum sem íslensku Óperunni áskotnast.

6. gr.

Stjórn Íslensku Óperunnar er í höndum Styrktarfélags Íslensku Óperunnar og er stjórn styrktarfélagsins jafnframt stjórn Íslensku Óperunnar, sbr. 9. gr. skipulagsskrár styrktarfélagsins.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra til þess að sjá um daglegan rekstur Íslensku Óperunnar. Að öðru leyti vísast til skipulagsskrár styrktarfélagsins um valdssvið stjórnarinnar.

7. gr.

Reikningsár Íslensku Óperunnar er almanaksárið og skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun reikninga fyrir lok aprílmánaðar ár hvert, en endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir aðalfund Styrktarfélags Íslensku Óperunnar, sbr. 7. gr. skipulagsskrár styrktarfélagsins.

Endurskoðun annast kjörnir endurskoðendur Styrktarfélags Íslensku Óperunnar.

8. gr.

Leggist starfsemi Íslensku Óperunnar af einhverjum ástæðum niður, enda hætti Styrktarfélag Íslensku Óperunnar að starfa, skulu eignir hennar varðveittar á vegum Reykjavíkurborgar, uns komið hefur verið á fót að nýju, sambærilegri eða svipaðri starfsemi, en þá má verja eignunum til styrktar henni.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.

10. gr.

Skipulagsskrá þannig samþykkt á stofnfundi Styrktarfélags Íslensku Óperunnar hinn 3. október, 1980.

Nr. 564. 7. nóvember 1980.

REGLUGERÐ

um almenna innköllun myntar og peningaseðla.

1. gr.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 35 frá 29. maí 1979 um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils hundraðfaldast verðgildi krónunnar frá og með 1. janúar 1980.

Samfara verðgildisbreytingunni fara fram gjaldmiðilsskipti.

Með hliðsjón af 7. gr. greindra laga, sbr. 10. gr. laga nr. 22 frá 23. apríl 1968 um gjaldmiðil Íslands, hefur ráðuneytið ákveðið að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands að innkalla skuli eftirgreinda peningaseðla og slegna peninga með almennri innköllun:

A. **Slegnir peningar (mynt):**

1 króna. Útgefnir 1925—1980..
- a) fyrir stofnun lýðveldisins frá 1925.
- b) eftir stofnun þess frá 1946 til 1975.
- c) peningur úr áli frá 1976.

5 krónur Útgefnir 1969—1980.
10 krónur Útgefnir 1967—1980.
50 krónur Útgefnir 1968—1980.
- a) minnispeningur, útg. 1968 (með umferðargildi).
- b) Peningar útgefnir frá 1970 til 1980.

B. **Peningaseðlar:**

(i) 100 og 1000 krónu seðla Landsbanka Íslands, Seðlabankans, sem gefnir voru út skv. heimild í lögum nr. 63 frá 21. júní 1957.

(ii) 100, 500, 1000 og 5000 krónu seðla Seðlabanka Íslands, sem gefnir voru út skv. heimild í lögum nr. 10 frá 29. mars 1961.

2. gr.

Frestur til að afhenda þá peninga, sem greindir eru í 1. gr., er til og með 30. júní 1981. Fram til þess tíma eru allir bankar og sparisjóðir skyldugir að taka við þeim og eru þeir á meðan lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum manna með einum hundraðasta hluta ákvæðisverðs en falla síðan úr gildi sem gjaldmiðill að frestinum liðnum. Seðlabanka Íslands er þá skylt að innleysa peningana með einum hundraðasta hluta ákvæðisverðs til og með 31. desember 1982.

3. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast framkvæmd innköllunar þessarar, m. a. með því að auglýsa hana.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 9. gr. laga nr. 35 frá 29. maí 1979, um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, svo og með hliðsjón af ákvæðum 10. gr. laga nr. 22 frá 23. apríl 1968, um gjaldmiðil Íslands, öðlast gildi 1. janúar 1981.

Viðskiptaráðuneytið, 7. nóvember 1980.

Tómas Árnason.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 565.

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda.

Tekju- og gjaldareikningur 1979

IÐGJÖLD:	kr.	1 701 303 316
Iðgjöld framleiðenda 1979 skv. áætlun stjórnar	—	487 708 725
Iðgjöld neytenda 1979 skv. áætlun stjórnar	—	883 747 000
Iðgjöld launþega	—	345 595
Iðgjöld vinnuveitenda	—	528 256
Réttindaflutningur	—	+1 998 924
Endurgreidd iðgjöld	—	+ 121 424
Framl. Ríkissjóðs Íslands v/lífeyrisgr.	—	206 913 075
Framl. Stofnlánadeildar landbúnaðarins v/ lífeyrisgr.	—	124 172 013
LÍFEYRISGREIÐSLUR	kr.	829 309 317
IÐGJÖLD + LÍFEYRISGREIÐSLUR	—	871 993 999
LÍFEYRISGREIÐSLUR VEGNA UMSJÓNARNEFNDAR EFTIRLAUNA	—	23 419 749
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD	—	998 951 069
Vaxtatekjur	—	430 180 989
Vísitöluálag	—	570 097 980
Fjármagnsgjöld	—	+1 327 900

SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR	kr.	17 298 000
Laun og launatengd gjöld	—	7 842 752
Annar kostnaður	—	9 455 248
AFSKRIFTIR	—	44 216
TEKJUAFGANGUR TIL RÁÐSTÖFUNAR	kr.	1 830 183 103

Efnahagsreikningur 31. desember 1979.

Eignir:

VELTUFJÁRMUNIR:		
Handbært fé, bankainnistæður	kr.	585 229 284
Skammtímakröfur	—	479 609 678
Útistandandi iðgjöld skv. áætlun stjórnar	—	351 862 678
Ríkissjóður Íslands v/framlags neytenda	—	127 747 000
Veltufjármunir	kr.	1 064 838 962
FASTAFJÁRMUNIR:		
Langtímakröfur og áhættufjármunir	kr.	3 402 183 048
Skuldabréf Framkvæmdasj. Íslands nafnverð	—	576 840 752
Skuldabréf Framkvæmdasj. Íslands áfallin vísitala	—	640 461 917
Skuldabréf Stofnlánadeildar landbúnaðarins, nafnverð	—	611 072 023
Skuldabréf Stofnlánadeild landb., áfallin vísitala	—	234 017 671
Byggingarsjóður ríkisins, nafnverð	—	50 000 000
Byggingarsjóður ríkisins, áfallin vísitala	—	15 257 352
Skuldabréf Veðd. Búnaðarbanka Íslands, nafnverð	—	247 249 998
Skuldabréf Stofnlánadeildar landbúnaðarins, nafnverð	—	1 027 283 335
Varanlegir fjármunir, skrifstofuáhöld	kr.	243 456
Fastafjármunir	kr.	3 402 426 504
Eignir samtals	kr.	4 467 265 466

Skuldir og eigið fé:

EIGIÐ FÉ:		
Höfuðstóll 1. janúar 1979	kr.	2 637 082 363
Tekjuafgangur 1979 til ráðstöfunar	—	1 830 183 103
Eigið fé samtals	kr.	4 467 265 466

Pétur Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Við undirritaðir, sem eru skipaðir endurskoðendur skv. 4. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, höfum endurskoðað framanskráðan tekju- og gjaldareikning 1979 og efnahagsreikning 31. desember 1979, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins. Tilgreind skuldabréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 15. febrúar 1980.

Vigfús Gunnarsson, lögg. endurskoðandi. Einar Sverrisson.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaði í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir	kr. 600
10 miðar, fullorðnir	— 3 600
Einstakir miðar fyrir börn	— 250
10 miðar, börn	— 1 200
10 miðar, aldraðir	— 1 800
Gufubað	— 1 000
Leiga á handklæðum og skýlum	— 500
Sundnámskeið, fullorðnir	— 11 500
Sundnámskeið, börn	— 8 500
10 miða kort, 16 ára og eldri (sundfélög)	— 1 200
10 miða kort, yngri en 16 ára (sundfélög)	— 650

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 441 7. ágúst 1980.

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir Sundhöll Selfoss.

Fullorðnir í laug	kr. 600.—
Börn í laug	— 200.—
Baðstofa og laug	— 960.—
Afsláttur fullorðinna, 10 skipti	— 3 600.—
Afsláttur barna, 10 skipti	— 1 200.—
Afsláttur baðstofa, 10 skipti	— 7 200.—
Leiga á baðfötum	— 480.—
Baðstofa, fjölskyldutímar pr. mánuð	— 3 600.—
+ hvert skipti	— 480.—
Líkamsrækt, 10 skipti	— 9 000—.

Auglýsing þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá frá 5. febrúar 1980.

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð á Selfossi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Selfoss, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Selfossi:

1. Einstefnuakstur skal vera á eftirtöldum götum:
   Um Sigtún frá Austurvegi norður að Árvegi.
   Um Heiðarveg frá Kirkjuvegi suðvestur að Engjavegi.
   Um Víðivelli frá Rauðholti vestur að Reynivöllum.
   Um Birkivelli frá Reynivöllum austur að Rauðholti.
   Um Smáratún frá Kirkjuvegi suðvestur að Engjavegi.
   Um Lyngheiði frá Eyravegi suðaustur að Kirkjuvegi.
2. Bifreiðastöður á einstefnuakstursgötum eru leyfðar hægra megin, miðað við aksturssstefnu.
3. Bifreiðastöður á Austurvegi og Eyravegi eru takmarkaðar við eina klukkustund.
4. Umferð um Engjaveg skal hafa aðalbrautarrétt gagnvart umferð um Tryggvagötu og er **stöðvunarskylda** á Tryggvagötu á mótum gatnanna.
5. Á milli Austurvegar og Engjavegar hefur Rauðholt aðalbrautarrétt gagnvart öllum aðliggjandi götum, þ. e. Hrísholti, Vallholti og Birkivöllum, og er **biðskylda** á þeim gagnvart umferð um Rauðholt. Biðskylda er á Rauðholti gagnvart umferð um Austurveg og Engjaveg.
6. Tryggvagata hefur aðalbrautarrétt gagnvart aðliggjandi götum sunnan Engjavegar, þ. e. Fossheiði, Háengi, Starengi, Dælengi, Miðengi, Lágengi, Suðurengi svo og Álftarima, Gauksrima og Lóurima og er **biðskylda** á þeim gagnvart umferð um Tryggvagötu.
7. Á milli Tryggvagötu og Eyravegar hefur Fossheiði aðalbrautarrétt gagnvart aðliggjandi götum, þ. e. Nauthaga, Kirkjuvegi og Gagnheiði, svo og gagnvart raðhúsa- og fjölbýlishúsagötum, sem liggja að Fossheiði að sunnan. **Biðskylda** er á öllum götum gagnvart umferð um Fossheiði. Biðskylda er á Fossheiði gagnvart umferð um Tryggvagötu og Eyraveg.

Um biðskyldu og stöðvunarskyldu fer eftir 3. og 4. mgr. umferðarlaga.

Reglur þessar um umferð á Selfossi taka gildi og koma til framkvæmda þegar í stað.

Lögreglustjórinn á Selfossi, 10. október 1980.

Páll Hallgrímsson.

Stjórnartíðindi B 53, 545—568. Útgáfudagur 12. nóvember 1980.

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 1980

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Vopnafjarðargrunni.

1. gr.

Allar veiðar með botn- og flotvörpu eru bannaðar á svæði, sem markast af línum dregnum milli eftirgreindra punkta:

a) 66°15′N, 13°22′V
b) 66°12′N, 12°48′V
c) 66°23′N, 12°37′V
d) 66°27′N, 13°12′V.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. nóvember 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 54, nr. 569. Útgáfudagur 12. nóvember 1980.
B 117

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 55 — 1980

Nr. 570. 930 7. nóvember 1980.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum nr. 67/1971 með síðari breytingum, aðrar en tekjutrygging, skulu hækka um 8.5% frá og með 1. nóvember 1980 frá því sem þær voru í október 1980. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti.

Tekjutrygging skal hækka um 10% frá og með sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar. Úr gildi fellur reglugerð með sama heiti nr. 458 frá 29. ágúst 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. nóvember 1980.

Svavar Gestsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 571. 7. nóvember 1980.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 1200 krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 3270 krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálft gjald, þ. e. kr. 600 og kr. 1635 fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. desember 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 436/1980 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. nóvember 1980.

Svavar Gestsson.

Ingimar Sigurðsson.

7. nóvember 1980. Nr. 572.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðilæknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu.

1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 3270 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu 3270 kr. hverrar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu 3270 kr. af kostnaði við hverja röntgengreiningu.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálft gjald þ. e. a. s. kr. 1635 í hvert skipti.

2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr., skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. desember 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 434/1980 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. nóvember 1980.

Svavar Gestsson.

Ingimar Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 55, nr. 570—572. Útgáfudagur 14. nóvember 1980.

STJÓRNARTÍÐINDI B 56 — 1980

Nr. 573. 932 14. nóvember 1980.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum í nóvember og desember 1980.

1. gr.

Á tímabilinu 20. desember til 31. desember 1980, að báðum dögum meðtöldum, er öllum skipum öðrum en skuttogurum með aflvél 900 bremsuhestöfl eða stærri og togskipum, sem eru 39 metrar og lengri, óheimilt að stunda þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

2. gr.

Skuttogarar með aflvél 900 bremsuhestöfl eða stærri og togskip, sem eru 39 metrar og lengri, mega ekki stunda þorskveiðar í 18 daga samtals á tímabilinu 20. nóvember til 31. desember 1980. Útgerðaraðilar geta ráðið tilhögun þessara veiðitakmarkana, þó þannig, að hver togari verður að láta af þorskveiðum ekki skemur en 4 daga í senn.

Reglugerð þessi breytir ekki ákvæðum 2. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 430 15. ágúst 1980, og skulu því skip þau er tilgreind eru í 1. mgr. þessarar greinar, samtals láta af þorskveiðum í 36 daga, tímabilið 1. október til 31. desember 1980.

3. gr.

Tilhögun veiðitakmörkunar samkvæmt 2. gr. skal tilkynnt sjávarútvegsráðuneytinu, áður en hún hefst hverju sinni. Verði slíkar áætlanir ekki látnar í té, getur ráðuneytið ákveðið, hvenær viðkomandi togarar, skuli láta af þorskveiðum. Útgerðaraðilar eru bundnir við áætlanir sínar og verða að leita samþykkis ráðuneytisins, ef þeir vilja breyta þeim.

4. gr.

Við ákvörðun á því, hversu lengi skip láta af þorskveiðum hverju sinni gilda eftirfarandi reglur:

1. Upphaf tímabils miðast við þann tíma er skip kemur í höfn til löndunar afla úr síðustu veiðiferð fyrir tímabilið.
2. Lok tímabilsins miðast við þann tíma, er skipið heldur til þorskveiða á ný.
3. Sigli skip með afla til löndunar erlendis og reynist þorskur yfir 15% af heildaraflanum, telst sá tími er fer í siglingar með afla út og til heimahafnar aftur, ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.

5. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar skv. 1.—3. gr., má hlutdeild þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Fari þorskafli veiðiferðar fram úr 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla.

6. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili því, sem þorskveiðar eru bannaðar samkvæmt 1.—3. gr., og hlutfall þorsks í aflanum reynist hærra en 15%, skal svo

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 5. gr., nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru óheimilar samkvæmt 1.—3. gr. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabilsins skv. 1.—3. gr. hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

7. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæða laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. nóvember 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

5. nóvember 1980. Nr. 574.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 203.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn um stillanlegan, sjálfvirkan hemil, og miðast þá gjald til hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámarksrennsli, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda frá tengidegi til 1. mars næst á eftir, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. mars ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Gjald fyrir hvern mínútulítra er kr. 53 112.00 á ári. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða aukahemla, ef þess er óskað.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) fyrir mæla eða hemla allt að ¾" ..... kr. 1 752.00
b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" ..... — 3 931.00
c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri ..... — 7 860.00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðarmót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 3 666.00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss: (utanmál)	m^3	Heimæðargjald		
Allt að	400	805 896.00 kr.		
400—	2000	805 896.00 — fyrir	400 m^3 +	645.00 kr/m^3 þar yfir.
2000—	6000	1 837 896.00 — fyrir	2000 m^3 +	550.00 kr/m^3 þar yfir.
6000—	10000	4 037 896.00 — fyrir	6000 m^3 +	483.00 kr/m^3 þar yfir.
Meira en	10000	5 969 896.00 — fyrir	10000 m^3 +	425.00 kr/m^3 þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 96 753.00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 7 275.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 10. nóvember 1980 með tilvísun til auglýsingar nr. 539/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 320 28. maí 1980 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 5. nóvember 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

14. nóvember 1980. Nr. 575.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum nr. 67/1971 með síðari breytingum, skulu hækka um 9.52% frá og með 1. desember 1980 frá því sem þær voru í nóvember 1980. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar. Úr gildi fellur reglugerð með sama heiti nr. 570 frá 7. nóvember 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 14. nóvember 1980.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Stjórnartíðindi B 56, nr. 573—575. Útgáfudagur 20. nóvember 1980.

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 — 1980

Nr. 576. 936 24. nóvember 1980.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. l. nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur Yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1) Á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Seltjarnarneskaupstað og Mosfellshreppi) skal matsverð íbúðarhúsnæðis hækka um 60% og verður framreikningsstuðull að því leyti 1.60. Matsverð atvinnuhúsnæðis skal hækka um 45% og verður framreikningsstuðull þar 1.45. Matsverð lóða og landa skal hækka um 50% og verður framreikningsstuðull þar 1.50.
2) Utan höfuðborgarsvæðisins skal matsverð fasteigna hækka um 50% og ákveðst framreikningsstuðull að því leyti 1.50. Matsverð útihúsa í sveitum skal þó hækka um 45% og verður framreikningsstuðull þar 1.45.
3) Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.

Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri, er tók gildi 1. desember 1979, ásamt síðari breytingum og leiðréttingum, ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og Yfirfasteignamatsnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð skv. þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið skv. framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hefur fjármálaráðherra staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skrám Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1980.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 464/1979 frá 21. nóvember þess árs.

Fjármálaráðuneytið, 24. nóvember 1980.

Ragnar Arnalds.

Gunnlaugur Claessen.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda af ýmsum efnivörum til brauð-, kex- og/eða sælgætisgerðar.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður aðflutningsgjöld, þ. e. toll, sérstakt tímabundið vörugjald, jöfnunargjald og/eða sérstakt tímabundið aðlögunargjald, af efnivörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

Tollskr.nr.	Vöruheiti
04.06.00	Hunang.
08.04.21	Rúsínur.
08.05.10	Möndlur.
08.05.20	Heslihnetur, hnetukjarnar.
úr 08.13.00	Börkur af sítrusávöxtum.
09.04.00	Pipar og allrahanda.
09.05.00	Vanilla.
úr 09.06.00	Kanill.
09.07.00	Negull.
úr 09.08.00	Múskat.
úr 09.09.00	Anís og kúmen.
09.10.10	Engifer.
11.08.02	Kartöflusterkja.
úr 11.08.09	Önnur sterkja.
15.07.70	Kókósolía.
úr 15.07.90	Blönduð jurtaolía.
15.12.03	Olíur úr jurtaríkinu, ót. a.
17.02.03	Síróp.
úr 17.04.09	Marsipan og persipan.
úr 18.06.09	Nougatmassi.
19.02.02	Maltextrakt.
úr 19.02.09	Blöndur úr mjöli, sterkju, maltextrakti og fleiri efnum.
úr 19.05.00	„Corn puffs", „puffed rice" og „puffed wheat".
úr 20.04.00	Ávaxtahýði.
úr 20.05.09	Gráfíkju- og döðlumassi.
20.06.10	Brenndar hnetur, þ. m. t. jarðhnetur.
úr 20.06.20	Gráfíkju- og döðlumassi.
úr 21.06.01	Pressuger.
21.06.02	Bökunarduft, tilreitt.
úr 21.07.19	Íblöndunarefni í brauð- og kökugerðarefni („bakery additives", „dough developers" o. fl.) einkum samsett úr neysluhæfum olíum eða feiti úr dýra- eða jurtaríkinu, eða blöndum af emulgatorum og feiti (mono-, di- eða triglycerídum) og t. d. mjólkurdufti, eggjadufti, möluðum hnetum, hunangi, sykri, tilbúnum bætiefnum, lesitíni, salti, litarefnum, vatni o. s. frv., enda innihaldi efnið að hámarki 30% af feiti miðað við heildarmagn. Tilreidd plöntueggjahvíta (Hyfoama).
úr 35.03.09	Matarlím (gelatín).

2. gr.

Niðurfelling aðflutningsgjalda skv. 1. gr. er bundin eftirfarandi skilyrðum:

a) Vörurnar séu í 5 kg ytri umbúðum og stærri.

b) Innflytjandi leggi stund á brauð-, kex- og/eða sælgætisgerð og lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni að hin innflutta vara verði eingöngu notuð sem efnivara til brauð-, kex- og/eða sælgætisgerðar
eða
innflytjandi lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að viðkomandi vörusending sé öll eða að hluta, sem þá skal sérstaklega útreiknað í aðflutningsskýrslu, ætluð nánar tilgreindu framleiðslufyrirtæki og framvísi jafnframt yfirlýsingu frá framleiðanda (framleiðendum) nefndra vara um að viðkomandi vörusending (hluti vörusendingar) sé keypt fyrir hans atbeina eða verði keypt af honum til nefndrar framleiðslu eingöngu.

c) Tollyfirvaldi er heimill aðgangur að bókhaldsgögnum sé það talið nauðsynlegt til að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslu, sölu- eða vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind.

Ráðuneytið getur að fenginni skriflegri beiðni þar að lútandi heimilað innkaupasamböndum hér umræddra iðnfyrirtækja að tollafgreiða vörur skv. 1. gr. án þess að framvísað sé hverju sinni yfirlýsingu frá framleiðendum skv. b-lið 2. gr.

3. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar svo og misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar getur m. a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brots á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., 5. gr. laga nr. 33 29. maí 1980 um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald og 6. gr. laga nr. 58 31. maí 1979 um sérstakt tímabundið aðlögunargjald til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 366 14. september 1979 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 24. nóvember 1980.

Ragnar Arnalds.

Björn Hafsteinsson.

Nr. 578. 25. nóvember 1980.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 102 30. janúar 1980 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o.fl., sbr. reglugerð nr. 337 3. júlí 1980 um breyting á henni.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi sem heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu

einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

		0,375 l	0,50 l	0,75 l	1,0 l
A.	Áfengi:				
1.	Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	kr. 1 800	2 100	2 800	3 500
2.	Portvín, sherry, madeira, vermút og aperitivar	— 2 100	2 400	3 200	4 000
3.	Íslenskar áfengistegundir	— 6 300		12 000	
4.	Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	— 7 700	9 100	12 900	15 800

B.	Tóbak:			
1.	Reyktóbak	kr. 8 100	pr. tylft eða lb.	
2.	Vindlingar	— 10 300	— 200	stk.
3.	Smávindlar	— 1 200	— 10	—
	Meðalstærð	— 5 300	— 25	—
	Vindlar, aðrir	— 7 300	— 25	—

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 337/1980 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 25. nóvember 1980.

Ragnar Arnalds.

Björn Hafsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 58 — 1980

Nr. 579. 940 28. október 1980.

REGLUGERÐ

um hverjar vörur lyfsalar einir og læknar (dýralæknar), er rétt eiga eða leyfi hafa til lyfjasölu, mega hafa á boðstólum, selja eða afhenda, og um sölu vítamína og steinefna.

1. gr.

Lyfsölum og læknum (dýralæknum), er rétt eiga eða leyfi hafa til lyfjasölu (smásölu), er einum heimilt að hafa á boðstólum, selja eða afhenda almenningi eftirtaldar vörur:

1. Lyf, þ. e. hvers konar efni og efnasambönd, lífræn og ólífræn, sem ætluð eru til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum, svo og efni og efnasambönd, sem notuð eru til sjúkdómsgreiningar (sjá þó 2. gr.).
   Til lyfja teljast, sbr. þó 3. gr.:
   a. Öll virk efni (þ. e. efni, sem hafa lækningagildi), jurtir og jurtahlutar er innihalda virk efni og samsetningar þeirra, sem talin eru í gildandi lyfjaskrá, sérlyfjaskrá, lyfseðlasöfnum eða lyfjaforskriftum með viðaukum og hliðstæðum heimildum, þegar þau eru notuð sem lyf.
   b. Efni, jurtir, jurtahlutar og samsetningar, sem að efnafræðilegri gerð eða lyfhrifum eru svo lík einhverju efni, jurt, jurtahluta eða samsetningu, sem talin eru samkvæmt a-lið hér að framan, að þau af þeim sökum skuli teljast lyf.
   c. Hvers konar efni, sem látin eru úti í þeim lyfjaformum, er greinir í framangreindum heimildum (sbr. a-lið), ef þau eru notuð sem lyf. Ákvæði þessi ná þannig til vítamína í hvers konar lyfjaformum, ef innihaldsmagn vítamína í hverri einingu (töflu, hylki, mæliskeið o. s. frv.) er umfram 150 hundraðshluta venjulegs dagskammts. Ef innihaldsmagn A eða D vítamína, fólinsýru eða fólínínsýru í hverri einingu er umfram 100 hundraðshluta venjulegs dagskammts, teljast þau þó lyf, sbr. ákvæði 4. gr.
   d) Önnur efni og varningur, er teljast til lyfja samkvæmt skilgreiningu gildandi laga (t. d. vegna auðkenningar) og heimilt er að selja hér á landi.
2. Hvers konar efni, sem notuð eru til getnaðarvarna, ef þau eru látin úti í þeim lyfjaformum, sem greind eru í gildandi lyfjaskrá, lyfseðlasöfnum, lyfjaforskriftum o. s. frv., sbr. a-lið hér að framan.
3. Edikssýra, sem er umfram 15% að styrkleika.

2. gr.

Lyfjabúðir (lyfjaútibú og lyfjaútsölur (lyfjahlöður)) skulu selja dýralyf eftir þörfum sem önnur lyf.

Héraðsdýralæknar eiga rétt til sölu dýralyfja, hver í sínu héraði, ef þeir óska þess.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Menn, sem starfa samkvæmt 16. gr. laga nr. 31 frá 5. maí 1970 um dýralækna, eiga rétt til þess að afla sér lyfja hjá héraðsdýralæknum eða samkvæmt ávísun hans.

Fara skal um sölu og dreifingu á bóluefni gegn garnaveiki í sauðfé samkvæmt ákvæðum reglugerðar um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki nr. 207 30. september 1966, sbr. og auglýsingu nr. 186 16. nóvember 1967, um viðauka við sömu reglugerð.

3. gr.

Efni teljast ekki lyf, ef þau eru notuð til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma, svo sem til sótthreinsunar á verkfærum, áhöldum, sængurfatnaði, húsgögnum, herbergjum, baðvatni, andrúmslofti í húsum o. þ. u. l. og til sýklaeyðingar í uppgangi, þvagi, saur og hvers konar útferð hjá sjúklingum. Sama gildir um efni, sem notuð eru til annarra hreinlætisráðstafana.

Þau efni, sem nú verða talin, eru þannig ekki lyf, ef þau eru notuð sem að framan greinir:

1. Benzalkoni chloridum (benzalkónklóríð).
2. Calx chlorata (klórkalk).
3. Chloraminum (klóramín), m. a. í töfluformi.
4. Chlorhexidinum (klórhexidín), í dufti eða vökva.
5. Halazonum (halazón), m. a. í töfluformi.
6. Hexidum (hexicíð, lindan), í lausn til böðunar sauðfjár.
7. Isopropanolum (ísóprópanól, ísóprópýlalkóhól).
8. Kalii permanganas (kalíumpermanganat).
9. Kreolinum (kreólín).
10. Kresolum venale (kresól).
11. Phenolum (fenól, karbólsýra).
12. Propanolum (própanól, própýlalkóhól).
13. Solutio formaldehydi concentrata (sterk formalínlausn).
14. Trikresolum (tríkresól).

Ennfremur teljast ekki til lyfja:

15. Matvæli og fóðurvörur, sem blandaðar hafa verið lyfjaefnum eða öðrum næringaraukefnum, enda sé slíkt heimilað í lögum.
16. Efni til tannfyllinga eða í gervigóma, enda hamli ekki önnur ákvæði.
17. Plástur og líkþornahringir, sem ekki eru íbornir lyfjum.
18. Efni til sjúkdómsgreininga, ef þau eru notuð utan líkamans.
19. Hexaklórófen til útvortis notkunar í samsetningum, sem innihalda 0.1% af efninu eða minna.

4. gr.

Vörutegundir, sem innihalda vítamín og steinefni, skiptast í þrjá flokka:

1. Vörutegundir, sem bættar eru allt að 50 hundraðshlutum af dagskammti vítamína og steinefna, miðað við daglega neyslu, teljast vera **almenn neysluvara.** Vörutegundir, sem frá náttúrunnar hendi innihalda meira magn þessara efna, teljast einnig til almennra neysluvara, þar með talið þorska- og ufsalýsi, sbr. þó 3. lið þessarar greinar.
2. Vörutegundir, sem bættar eru vítamínum og steinefnum og innihalda 50 til 150 hundraðshluta af venjulegum dagskammti slíkra efna, miðað við daglega neyslu, teljast vera **næringaraukaefni.** Um A og D vítamín (D_2 og D_3) og fólínsýru eða fólínínsýru gildir þó, að efri mörk skulu vera 100 hundraðshlutar venjulegs dagskammts.
3. Vörutegundir, sem innihalda vítamín og steinefni í magni, sem er umfram 150 hundraðshluta af dagsskammti miðað við daglega neyslu, teljast **lyf,** sbr. þó

2. lið þessarar greinar og c-lið 1. gr.

Þar sem rætt er um dagskammta af vítamínum og steinefnum er átt við dagskammta fullorðinna, eins og þeir eru greindir í fylgiskjali með reglugerð þessari.

Ákvæði þau, er greinir í umræddu fylgiskjali, skulu fylgja viðurkenndri reynslu og endurskoðast eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

Um notkun aukefna í matvælum og neysluvörum fer ennfremur samkvæmt reglugerð nr. 250/1976.

5. gr.

Þeir, sem hyggjast setja á markað vörur (einnig í lyfjaformi), sem falla undir ákvæði 2. og 3. töluliðs 4. gr. skulu leita staðfestingar heilbrigðisráðuneytisins. Landlæknir og lyfjanefnd fjalla um vörur þessar og gera tillögur til ráðherra um viðurkenningu á þeim og um sérstakar áletranir á umbúðum þeirra, ef þess er talin þörf.

6. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins gefur út skrá yfir þær vörur, sem heimilað hefur verið að hafa á boðstólum, selja eða afhenda samkv. ákvæðum 1. gr. og ákvæðum 2. og 3. töluliðs 4. gr.

Í þeirri skrá skal einnig getið um leyfilegar eða fyrirskipaðar áletranir.

Lyfjaeftirlitið hefur eftirlit með þeim þætti í rekstri hverra þeirra fyrirtækja, sem flytja inn, framleiða eða selja slíkar vörur.

7. gr.

Ráðherra skal í vafamálum, að fengnu áliti landlæknis og lyfjanefndar, úrskurða hvort tiltekin efni eða efnasamsetningar skulu teljast lyf eða ekki, eða hvort ákvæði 2. og 3. töluliðs 1. gr. eigi við þau eða ekki.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 4. og 5. gr. lyfjalaga nr. 49/1978, öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 329/1977 um sama efni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 28. október 1980.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingólf J. Petersen.

Fylgiskjal.

Ráðlagðir dagskammtar (RDS) af ýmsum næringarefnum[1] Manneldisráð Íslands, 1979.

		Fituleysanleg vítamín						Vatnsleysanleg vítamín						Steinefni					
	Aldur ár	A[2,3] ae	A[2,3] µg	D[2,4] µg	D[2,4] ae	E[5] mg	C mg	Þíamín mg	Ríbóflavín mg	Níasín mg	B_6 mg	Fólasín[6] µg	B_{12} µg	Kalk mg	Fosfór mg	Joð µg	Járn mg	Magnesíum mg	Zink mg
Börn	0.0—0.5	1400	420	10	400	4	35	0.3	0.4	5	0.3	50	0.3	360	240	35	10	60	3
	0.5—1.0	2000	400	10	400	5	35	0.5	0.6	8	0.4	50	0.3	540	400	45	15	70	5
	1—3	2000	400	10	400	7	40	0.7	0.8	9	0.6	100	1.0	800	800	60	15	150	10
	4—6	2500	500	10	400	9	40	0.9	1.1	12	0.9	200	1.5	800	800	80	10	200	10
	7—10	3300	700	10	400	10	40	1.2	1.2	16	1.2	300	2.0	800	800	110	10	250	10
Karlar	11—14	5000	1000	10	400	12	45	1.4	1.5	18	1.6	400	3.0	1200	1200	130	18	350	15
	15—18	5000	1000	10	400	15	45	1.5	1.8	20	2.0	400	3.0	1200	1200	150	18	400	15
	19—22	5000	1000	10	400	15	45	1.5	1.8	20	2.0	400	3.0	800	800	140	10	350	15
	23—50	5000	1000	10	400	15	45	1.4	1.6	18	2.0	400	3.0	800	800	130	10	350	15
	51+	5000	1000	10	400	15	45	1.2	1.5	16	2.0	400	3.0	800	800	110	10	350	15
Konur	11—14	4000	800	10	400	12	45	1.2	1.3	16	1.6	400	3.0	1200	1200	115	18	300	15
	15—18	4000	800	10	400	12	45	1.1	1.4	14	2.0	400	3.0	1200	1200	115	18	300	15
	19—22	4000	800	10	400	12	45	1.1	1.4	14	2.0	400	3.0	800	800	100	18	300	15
	23—50	4000	800	10	400	12	45	1.0	1.2	13	2.0	400	3.0	800	800	100	18	300	15
	51+	4000	800	10	400	12	45	1.0	1.1	12	2.0	400	3.0	800	800	80	10	300	15
á meðgöngutíma		5000	1000	10	400	15	60	+0.3	+0.3	+2	2.5	800	4.0	1200	1200	125	18+[8]	450	20
með barn á brjósti		6000	1200	10	400	15	80	+0.3	+0.5	+4	2.5	600	4.0	1200	1200	150	18	450	25

1. Þessir skammtar eru miðaðir við að fullnægja þörfum alls þorra heilbrigðis fólks. Best er að fæðið sé fjölbreytt, en þá eru mestar líkur á að þörfum fyrir önnur næringarefni (sem engin RDS-gildi eru til fyrir) sé einnig fullnægt.
   Nöfn nokkurra vatnsleysanlegra vítamína og eins steinefnis geta orkað tvímælis:
   a) **Fólasín** er samheiti á fólinsýru og skyldum efnum sem hafa hliðstæða verkun.
   b) **Níasín** er samheiti á nikótínsýru og níasínamíð.
   c) **Þíamín** er öðru nafni nefnt B_1-vítamín.
   d) **Riboflavín** er annað nafn á B_2-vítamíni.
   e) **B_6-vítamín** er einnig nefnt pyridoxín og er notað sem samheiti yfir pyridoxín og skyld efni sem hafa hliðstæða verkun.
   f) **B_{12}-vítamín** er einnig nefnt cýanokóbalamín.
   g) **Kalk** ætti með réttu að nefna kalsíum en þar sem næringarfræðingar kalla þetta næringarefni venjulega „kalk" er það nafn látið standa.
2. µg merkir míkrogramm þ. e. einn milljónasta úr grammi. Áður voru notaðar alþjóðaeiningar (ae) fyrir bæði A og D vítamín.
3. Eitt míkrógramm af hreinu A-vítamíni (retinol) jafngildir 3.33 ae í fæðu ungbarna, sem eingöngu nærast á mjólk, en fyrir þá sem neyta blandaðrar fæðu er notað hlutfallið 5.00 sem meðalgildi.
4. Eitt míkrogramm af hreinu D-vítamíni (kólekalsiferol) jafngildir 40ae.
5. Gert er ráð fyrir að um 80% af E-vítamín-virkninni komi frá alfa-tokoferoli, en 20% úr öðrum tokoferolum.
6. Ef hrein fólínsýra er notuð nægir að neyta um ¼ af RDS.
7. Miðað er við níasín, en auk þess fæst allt að 1 mg af níasíni úr hverjum 60 mg af tryptofani.
8. Aukinni þörf er ekki unnt að mæta með breytingu á mataræði og er því nauðsynlegt að taka járntöflur.

REGLUGERÐ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Stofnun og stjórn.

1. gr.

Akraneskaupstaður og Hitaveita Borgarfjarðar eiga og reka saman fyrirtæki, sem nefnist Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, skammstafað HAB, hér eftir nefnt hitaveitan.

Hitaveitan er stofnuð með samningi milli aðila 23. mars 1979, þar sem kveðið er á um stjórn hennar og skipulag.

Hitaveitan er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili hitaveitunnar og varnarþing er á Akranesi.

Stjórn hitaveitunnar ræður framkvæmdastjóra, sem annast daglegan rekstur hitaveitunnar.

Gildissvið.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt starfssvæði hitaveitunnar nema annað sé tekið fram.

Einkaleyfi.

3. gr.

Hitaveitan hefur einkaleyfi til reksturs hitaveitu á starfssvæði sínu. Hitaveitan getur gert samkomulag við utanfélagsaðila um rekstur hitaveitu. Verða þeir þá að hlíta ákvæðum reglugerðar þessarar sbr. 2. gr.

Bókhald og fjárreiður.

4. gr.

Skrifstofa hitaveitunnar annast bókhald hennar og fjárreiður og innheimtir hitaveitugjöld.

Verkefni.

5. gr.

Verkefni hitaveitunnar er að sjá um gerð og rekstur hitaveitu á starfssvæðinu. Í þessu skyni skal hitaveitan leita eftir samningum um boruṇar og virkjunarrétt, láta bora eftir heitu vatni og virkja þegar hagkvæmt þykir, leggja veitukerfi hitaveitu og annast sölu á heitu vatni eða varma til notenda.

Hitaveitan skal einnig reisa og reka önnur mannvirki, sem eru nauðsynleg og hagkvæm á hverjum tíma, svo sem miðlunargeyma, dælustöðvar og kyndistöðvar.

Ábyrgð og skyldur hitaveitunnar.

6. gr.

Hitaveitunni er skylt að haga starfsemi sinni þannig, að sem best verði tryggður eðlilegur og truflanalaus rekstur eftir því sem aðstæður leyfa.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvuð um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Hitaveitan er ekki skuldbundin gagnvart húseiganda til þess að tryggja að þrýstingur í vatnsæðum sé ávallt nægilegur. Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

Ábyrgð og skyldur húseiganda.

7. gr.

Húseiganda er skylt að hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem hitaveitan setur, um gerð og búnað neysluvatnslagna og hitunarkerfis húss.

Húseigandi og húsráðandi bera ábyrgð á þeim búnaði og lögnum innanhúss, sem eru í eigu og umsjá hitaveitunnar. Húsráðanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, er vart verður bilunar á búnaði og tækjum, og skal hann hlíta fyrirmælum um viðgerð á bilunum og gera ráðstafanir til varnar misnotkun á hitaveituvatninu.

Nú verða tæki eða annar búnaður fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun.

Afnot varmaorku.

8. gr.

Varmi sá, sem hitaveitan lætur í té, er ætlaður til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá á hemlagrind, sem til þess er ætluð.

Nú kemur fram ósk um að nota heita vatnið til annarra þarfa en segir í 1. mgr. þá þarf til þess heimild hitaveitunnar, sem hún getur bundið nánari skilyrðum og fyrirmælum hverju sinni.

Afrennslisvatn frá húskerfum.

9. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss. Húsráðendum er heimilt að nota varma afrennslisvatnsins til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o.s. frv., en skulu skila afrennslisvatninu aftur ef hitaveitan þarf á því að halda. Skal húsráðandi annast og bera kostnað við að leiða afrennslisvatnið í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þangað heitara en 40°C. Setja skal hitamæli á afrennslislögn. Hitaveitan getur krafist þess að settur sé hitastýrður loki á afrennslið, ef grunur leikur á að afrennslisvatnið sé of heitt.

Ef húsráðendur nota hitaveituvatn til hitunar bílastæða, gangstíga o. s. frv. og hitunarkerfin eru beint tengd veitunni, þá getur hitaveitan krafist þess, að þessi kerfi séu þrýstiprófuð við þann hita sem gert er ráð fyrir að notaður verði.

Lagnir veitukerfis.

10. gr.

Hitaveitan á og lætur leggja allar lagnir veitukerfisins: aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar og heimæðar ásamt þeim innanhúslögnum, sem liggja að hemla og mælagrindum, svo og grindurnar sjálfar með tilheyrandi búnaði. Hitaveitunni er ekki skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin.

Hitaveitunni er heimilt að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í byggingarskilmála, þar sem um nýja byggð er að ræða. Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað hitaveitu við útvegg neðstu hæðar (kjallari 1 hæð) ásamt nauðsynlegu rými fyrir mæla- eða hemlagrind og annan búnað. Ef inntak og hemlagrind eru ekki í sama herbergi, skal tengilögn þar í milli vera óhulin.

Niðurfall skal vera í gólfi þar sem mæla- eða hemlagrind er staðsett. Skal grindin ætíð vera aðgengileg starfsmönnum hitaveitunnar.

Hitaveitugjöld.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við hitaveituna innheimtir hún hitaveitugjöld svo sem vatnsgjöld og stofngjöld skv. nánari ákvæðum í gjaldskrá.

Gjaldskrá hitaveitunnar miðast við að sami hitunarkostnaður verði á öllu starfssvæði hitaveitunnar.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd innan 21 dags frá gjalddaga. Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Sá sem vanskilum veldur greiðir allan kostnað af lokun og enduropnun samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

Viðhaldsskylda.

12. gr.

Hitaveitan hefur viðhaldsskyldu á aðveituæðum stofnæðum, dreifiæðum og heimæðum, svo og lögnum innanhúss að og með hemlagrindum ásamt tilheyrandi búnaði, er tengja vatnskerfi húss við veituna og telst dreifikerfið ná þangað.

Tenging vatnshitunarkerfis húss við hemlagrind svo og nauðsynlegar breytingar á innanhúslögnum og hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi annast og kosta.

Uppdrættir.

13. gr.

Uppdráttur skal gerður í samræmi við lög og reglur um byggingamál. Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir áður en bygging húss er hafin.

Ef hitaveitustjóri telur ástæðu til, getur hann krafist þess, að útreikningar verði lagðir fram.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur hitaveitustjóri krafist þess að þeir séu gerðir eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Varðveita skal eitt eintak uppdrátta í skjalasafni hitaveitunnar.

Réttur til að annast hitalagnir.

14. gr.

Þeir sem hitalagnir framkvæma, bera ábyrgð á að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, samþykkta uppdrætti, svo og nánari fyrirmæli, er sett kunna að verða.

Hitaveitustjóri getur áskilið að þeir einir megi annast suðuvinnu á pípum samkvæmt reglugerð þessari, er staðist hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu og/eða rafsuðu.

Engir aðrir en þeir, sem réttindi hafa, mega taka að sér lagnir eða breytingar á hitakerfum sem tengjast eiga dreifikerfi hitaveitunnar.

Nú brýtur pípulagningarmeistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, þá getur hitaveitan samþykkt að hann fái ekki að annast tengingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekuð brot.

Tenging við hitaveituna.

15. gr.

Þeim sem húseign á við götu eða veg innan starfssvæðis veitunnar er skylt að láta tengja hitakerfi hússins og lagnir fyrir heitt kranavatn við veituna. Heimilt er þó að veita undanþágur frá þessu ákvæði.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skulu vera þrýstimælir, öryggisloki eða öryggisbúnaður samkvæmt fyrirmælum hitaveitunnar.

Á hitakerfum tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu skal nota sjálfvirka afrennslisloka og/eða annan búnað sem heldur hæfilegum þrýstingi á hitakerfum samkvæmt fyrirmælum hitaveitunnar.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss, eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, þá getur hitaveitan ákveðið að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

Eftirlit.

16. gr.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykkta uppdrætti, lög og reglur er gilda um byggingarmál.

Pípulagningarmeistari skal annast prófun hitalagna og reynslukyndinga og vera viðstaddur þegar hita er hleypt á hitakerfi. Skal hann ganga úr skugga um, að kerfið hitni jafnt og eðlilega, með mælingum á frárennslishitastigi allra ofna og hitatækja og nauðsynlegum stillingum. Einnig skal hann tryggja að stjórntæki starfi eðlilega.

Álíti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, eða öðrum reglum sem settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal jafnan hafa frjálsan aðgang að hitalögnum bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té allar þær upplýsingar er máli geta skipt um hitun húss. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum.

Hemlar og mælar.

17. gr.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð hemla og mæla, sem nota skal, og lætur setja þá á inntakspípur húsa, sem tengd eru kerfi veitunnar og innsigla þá. Hemlar og mælar þessir eru í eigu og umsjá hitaveitunnar.

Ef maður rýfur innsigli hemils eða mælis eða breytir rennsli um hann, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Notandi hemils er sá, sem skráður er fyrir vatnsnotkun þess hitakerfis, sem hemillinn er fyrir. Uppsögn eða flutning skal tilkynna hitaveitunni með hálfs mánaðar fyrirvara.

Ef notandi óskar að hemill sé leiðréttur, skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun að mesta skekkja sé innan við 10%, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og lækka reikning notanda í samræmi við niðurstöðu hennar, ef notandi fékk minna vatn, en um var samið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 4 mánuði.

Öll þau ákvæði sem eru um hemla skulu gilda jafnt um mæla, ef selt er samkvæmt mælataxta, að því undanskildu að reynist mælir mæla skakkt, skal leiðrétta reikning í samræmi við það, þó ekki lengur en 4 mánuði, nema sannað sé að skekkjan hafi verið í lengri tíma.

Refsiákvæði.

18. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Með slík mál skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir aðili að vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt og er hitaveitunni þá

heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur sbr. 76. gr. orkulaga nr. 58 frá 29. apríl 1967.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

Nr. 581. 12. nóvember 1980.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn ,er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember enda verði beiðni þ.a.l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0.25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1.50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

a) **Vatnsgjald um hemil** kr. 16 500 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
b) **Vatnsgjald um vatnsmæli** kr. 825 fyrir hvern rúmmetra.
c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80°C skal hitaveitan leiðrétta vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45

fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80°C. Leiðrétting verður að ná 0.25 mínl. til að hitaveitunni sé skylt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Endurgjald fyrir kranavatn í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta lækkar hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

6. gr.

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir.

Stærð húss	Stofngjald			
250 m³	Kr. 550 000			
251— 500 —	— 550 000 +	1320 kr./m³	yfir 250 m³	
501—1500 —	— 880 000 +	770 —	— 500 —	
1501—6000 —	— 1 650 000 +	495 —	— 1500 —	
6000 —	— 3 877 500 +	385 —	— 6000 —	

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 385 000, sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

b) Fyrir rafkynnt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.

c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til húshitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a og b.

7. gr.

Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% stofngjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæða er lokið.

Heimilt er hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds við veitingu byggingarleyfis og eftirstöðvar við útgáfu fokheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði eða sérsamningar um stofngjöld, t. d. vegna dreifðrar byggðar, gjaldfellur stofngjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 16 500.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. október 1980 539 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggur fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

Nr. 582. 18. október 1980.

AUGLÝSING

um tilnefningu flugfélags til að halda uppi áætlunarflugferðum milli landa.

Samkvæmt heimild í VI. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir og loftferðasamningi milli Íslands og Hollands, dags. 22. mars 1950, hefur samgönguráðuneytið í dag tilnefnt Íscargo hf. til að halda uppi áætlunarflugi með farþega, vörur og póst milli Íslands og Hollands.

Samgönguráðuneytið, 18. október 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 583. 14. nóvember 1980.

REGLUGERÐ

varðandi mælitæki og vogaráhöld með rafeindabúnaði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til hvers konar mælitækja og vogaráhalda, sem búin eru rafeindabúnaði til að ákvarða eðlisfræðilegar stærðir (massa) og notuð eru við starfsemi sem nota skal löggilt mælitæki og vogaráhöld samkvæmt lögum um mælitæki og vogaráhöld nr. 13 4. júní 1924 og tilskipun um mælitæki og vogaráhöld nr. 1 13. mars 1925.

2. gr.

Umsóknir um löggildingu skulu sendast löggildingarstofunni og með þeim skulu fylgja nauðsynlegar tæknilýsingar á tækjunum. Löggildingarstofan getur krafist þess að lýsingarnar séu lagðar fram á íslensku.

Í umsókn skal gerð grein fyrir eftirfarandi:

a) Lýsing á tegund tækisins.
b) Lýsing á framleiðslu og gerð, eða tegund tækis og véla- og rafeindaaðalhlutum tækisins.
c) Lýsing á notkunarsvæði og upplýsingar um mælitæknisvið.
d) Ef óskað er eftir löggildingu á mismunandi gerðum tækis, skal hverri gerð fylgja stuttorð lýsing á uppbyggingu tækisins, notkun, meðferð og búnaði, eða tengimöguleikum fyrir hann. Lýsingin, ásamt kerfismynd og/eða teikningu skal samin þannig að hún geti myndað grundvöll að forma fyrir löggildingu tegundarinnar.
e) Tillögur um áletranir, skilti og innsigli.

Með umsókninni skulu fylgja eftirfarandi gögn:

a) Yfirlitsmynd yfir allt mælikerfið, þar sem gefin er upp afmörkun á grunn-tæki.
b) Smíðalýsing og teikning fyrir vélahluta.
c) Lýsing og yfirlit fyrir rafeindahluta í formi kerfis og/eða yfirlitsmynda fyrir tækið eða útlit þess og mælitækniupplýsingar, svo og lýsing á öryggis- og eftirlitsbúnaði. Heimilt er þó að óska eftir nánari upplýsingum um uppbyggingu rafeindabúnaðar. Erlendar samþykktir á tegundinni ef slíkar eru fyrir hendi er heimilt að láta fylgja umsókn.

3. gr.

Löggilding gildir í 3 ár nema annars sé sérstaklega getið.

Löggildingarstofan getur í sérstökum tilvikum veitt tímabundið leyfi til notkunar tækis áður en fyrir liggur samþykkt á tegundinni.

4. gr.

Hafi mælitæki eða vogaráhöld með rafeindabúnaði möguleika til fjölþættari upplýsingagjafar en um frumeiningu þá, sem mæla skal eða vega, skal einungis sá hluti tækisins löggiltur sem slíka frummælieiningu sýnir.

Nefnist sá hluti tækisins **grunntæki** og skal hann afmarkaður einu eða fleiri **grunnmörkum**, sem ein segja til um takmarkanirnar á löglegan hátt.

Gefi grunntæki tvenns konar upplýsingar eru viðbótarupplýsingar nefndar **hliðarmörk.**

Gefi grunntækið frá sér prentaðar upplýsingar um mælinguna má fjarlægð milli prentunarstaðar og mælingarstaðar ekki vera meiri en tveir metrar og verða mælingarupplýsingarnar á mælingarstað svo og prentunin að sjást samtímis.

Séu tilheyrandi mælitæki eða vogaráhaldi hlutar sem gefa fleiri upplýsingar en mælieininguna eru þeir ekki löggildingarskyldir. Nefnast slíkir hlutar **viðbótartæki** og afmörkun þeirra **viðbótarmörk.**

Viðbótartækin skulu vera galvaniskt skilin frá grunntæki og galvaniskar afmarkanir eiga að vera í grunntækinu.

Þessa er þó ekki krafist fyrir verðreikningsútbúnað, sem byggður er inn í grunnreikningseiningu.

Merkjaflutningur frá viðbótartæki til grunntækis á ekki að geta haft áhrif á frumupplýsingar.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar refsingu samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 13 1924, enda varði þau ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 13 1924, um mælitæki og vogaráhöld öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. nóvember 1980.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóníasson.

Nr. 584. 17. nóvember 1980.

REGLUGERÐ

um lánadeild Iðngarða við Iðnlánasjóð.

1. gr.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 59/1979 um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, skal starfrækt við sjóðinn sérstök deild er nefnist lánadeild iðngarða. Deildin hefur þann tilgang að veita stofnlán til sveitarfélaga, félagasamtaka og einstaklinga, sem reisa iðnaðarmannvirki, í því skyni að skapa starfsaðstöðu fyrir iðnfyrirtæki, efla þar með íslenskan iðnað og stuðla að hagkvæmari dreifingu iðnaðar um landið.

2. gr.

Iðngarður er samkvæmt reglugerð þessari mannvirki sem reist er og/eða rekið í framangreindum tilgangi og veitir að jafnaði fleiri en einu iðnfyrirtæki aðstöðu.

Eigendum ber að gera samþykktir um viðkomandi iðngarð þar sem fram kemur m. a.:

— markmið með byggingu iðngarðs.
— félagsform og stjórn.
— eignaraðild og fjárhagsábyrgð.
— reglur um sameiginlega þjónustu.
— skilgreiningu á aðstöðu sem látin er í té.
— reglur um leiguskilmála.

3. gr.

Lánveitingar deildarinnar eru háðar því skilyrði að mannvirkin, sem lánað er til, verði eingöngu til afnota fyrir iðnfyrirtæki sem greiða iðnlánasjóðsgjald, samanber 5. grein laga nr. 68 frá 1967 (ásamt breytingum).

Verði út af því brugðið fellur allt lánið í gjalddaga nema samþykki stjórnar Iðnlánasjóðs liggi fyrir.

4. gr.

Aðili sem hyggst sækja um lán úr Iðnlánasjóði skal gera stjórn Iðnlánasjóðs skriflega grein fyrir áformum sínum um notkun þeirra mannvirkja, sem hann hyggst reisa eða festa kaup á. Í umsókninni skulu m. a. veittar upplýsingar um:

4.1 Nafn umsækjanda og heimilisfang.
4.2 Fjárhagsstöðu, veðmöguleika og/eða ábyrgðir.
4.3 Staðsetningu, lýsingu á hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, teikningu, áætlun um byggingarkostnað eða kaupverð og afrit af kaupsamningi svo og áætlun um fjármögnun.

4.4 Hvaða fyrirtækjum sé ætlað að fá inni í fyrirhuguðum iðngarði, og að minnsta kosti ein umsókn frá fyrirtæki, sem uppfyllir skilyrði fyrir lánshæfni, sbr. 3. gr., þarf að liggja fyrir.
4.5 Samþykktir um iðngarð sbr. gr. 2.
4.6 Önnur atriði, er umsækjandi telur skipta máli.

5. gr.

Um lánskjör og skilyrði fyrir lánveitingum skulu að öðru leyti gilda almennar reglur sjóðsins.

6. gr.

Stjórn Iðnlánasjóðs getur leitað samstarfs við aðra sjóði um fjármögnun iðngarða eftir því sem þörf krefur.

7. gr.

Með lánum úr lánadeild iðngarða við Iðnlánasjóð skal stefnt að aukinni iðnaðarframleiðslu. Að öðru jöfnu er til þess ætlast að þau fyrirtæki sem fá aðstöðu í iðngarði, sem sjóðurinn styður, séu ný eða líkleg til að eflast verulega við aðgang að þeim.

Heimilt er umsækjanda að setja reglur um tímabundin leiguhlunnindi fyrir þau fyrirtæki sem fá aðstöðu í iðngarði til að létta fjárhagslegar byrðar fyrirtækis, sem er að hefja starf eða er á viðkvæmu breytingaskeiði.

8. gr.

Iðngörðum skal skila með eftirfarandi frágangi til leigjenda: Allir útveggir hússins skulu frágengnir bæði utan og innan. Þak skal vera fullfrágengið með einangrun og klæðningu, lagnir komnar inn fyrir vegg og lóð fullfrágengin með bílastæðum og grasi.

9. gr.

Stjórn Iðnlánasjóðs ber að forðast að lánveitingar úr sjóðnum til iðngarða leiði til neikvæðrar samkeppni milli fyrirtækis innan iðngarðs og fyrirtækja sem utan standa, hvort sem er innan einstakra byggðarlaga eða í landinu í heild.

10. gr.

Tekjur lánadeildar iðngarða eru:
a. Á fyrstu fjórum starfsárum lánadeildarinnar, frá og með 1980 til og með ársins 1983, renni allt að 250 milljónir króna á ári af umráðafé Iðnlánasjóðs til deildarinnar.
b. Framlög, er veitt kunna að vera úr ríkissjóði eða á annan hátt.
c. Andvirði sérstakra lána, sem stjórn Iðnlánasjóðs, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, aflar til deildarinnar.
d. Vextir og verðbætur.

11. gr.

Eignum og skuldum lánadeildar iðngarða svo og reikningshaldi öllu skal haldið aðgreindu í bókhaldi sjóðsins.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 59 31. maí 1979, um breytingu á lögum nr. 68 10. okt. 1967 um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl

1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21 maí 1974 og lög nr. 44 16. maí 1977 um breytingu á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 17. nóvember 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Jafet S. Ólafsson.

Nr. 585. 7. nóvember 1980.

AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda af hráefnum og hjálparefnum í iðnaðarvörur.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður aðflutningsgjöld, þ. e. toll og sérstakt tímabundið vörugjald, af eftirtöldum hráefnum og hjálparefnum sem notuð eru við framleiðslu á iðnaðarvörum og falla skv. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum undir tollskrárnúmer 38.19.49:

ADMUL — GLP
ADMUL — GMS — SF/40
ADMUL — MGA
ADMUL — MGK
ADMUL — MGP
ADMUL POLYESTER 19
ADMUL POLYESTER 57
ADMUL WOL
ADMUL 69/1
ALBANOL — OM-890
ALBRAL 2
AMPHISOL
ANTIFLOAT-CVP
ANTIFLOAT — D 14 — duft
ANTISETTLE CUP
AQUACER 502
AQUACER 503
ARCTON 12/11
ARCTON 12/114
ARMOFLO 66
AROCLOR 1248
AROCLOR 5460
ASCININ — R KONZ
ATB — pasta — fyrir offset-blek
AVOLAN — IL
AZOCOL — S-FOTOEMULSION

BASOLAN — DC
BASTAMOL — FJ
BÄROPAN — E 1320 KR/A
BÄROPAN — E 1320 KR/AX
BEN — A — GEL
BENTOKOL 72
BENTONE
BLANKIT — IAN
BLANKIT — IN
BRATELLIN

CARBONIN 50
CERECLOR 42
CERECLOR 70
CLEARPOL
CLOPHEN — A 60
COBALT 254
COBALT OCTOATE 6% og 12%
COLLUPULIN
CO-RO STABILISATOR
COVERAL 5
COVERAL 11
CREMODAN MOUSSE 30
CREMODAN — SE 33
CREMODAN — SE 34
CREMODAN — SI 315
CUPRITE 1 — blocks
CURAFOS COMBI
CURAFOS 410
CURAFOS 700

DAUROTIN
DERMAGEN — PL
DERMAGEN — PR
DESAVIN
DESMODUR — HL 60%

DESMODUR VERSUCHSPRODUKT DD 305
DIMODAN — CP
DIMODAN — LS
DIMODAN — P
DIMODAN — PV
DIMODAN — S
DUOSOL

EFFGE AKTIVAT
EFFGE UNOSAL — T
ELDOLAK
EMULGATOR — PAF 11
EMULGATOR — WHC

FÄRSFOSFAT
FETTGEMISCH — B (encerinum anhydricum)
FIBRISOL (Brätfibrisol)
FLAMMSCHUTZSYSTEM HOECHST TMI 1901—1
FLUIDIRAM 215
FOAM STABILIZER (FOAMDEX)
FRIX — P
FRUCTODAN — DC

GELO
GENULACTA — K 100°

HOMODAN — M54
HOMODAN — MO
HOMODAN — PT
HOMODAN — RM
HOMODAN — RMS
HORDAFLEX — LC-60
HYDRIN 60
HYMONO — SF/33
HYMONO — SF/33

IRCOGEL 2354
ISONE — D

JAPAROT

KÍSILSÝRA (Silica-gel, Sorbead)
KNACKS
KNACKS — OHNE
KNACKS — P
KNACKS — P — EXPORT
KNACKS — VK5
KONZENTRAT 1
KONZENTRAT 19
KONZENTRAT 23
KONZENTRAT 25, 3
KONZENTRAT 26, 1
KONZENTRAT 27
KOZENTRAT 29
KONZENTRAT 40
KONZENTRAT 49
KONZENTRAT (actric) 62
KONZENTRAT 88

LAKOLIT
LAKOLIT — R
LEROMOLL 112
LUAKTIN — KONZ
LUDOX — A 50
LUDOX — P 40

MAGILEX 805
MATTIERUNGSMITTEL OK 412
MESAMOLL
MESITOL — NBS
MOLDCOTE 6 — pasta

NAFTOMIX
NEUTRIGAN
NOFOME — C
NOPCO — NXZ
NOPCO — NDW
NOPCO 141 — A
NOPCO 2219 — A
NOPCO 8034
NUODEX NUACAT — pasta

OMNIPLAST

PAGIN 35
PALSGAARD 0138
PALSGAARD 0206
PALSGAARD 1305
PALSGAARD 4104
PALSGAARD 5108
PALSGAARD 5902
PALSGAARD 5915
PERMAGEN — PL
PLASMAL — N
POLYPHOSPHATE (50% Natriumtri-polyfosfat og 50% Natriumsulfat)

RAKAEYÐINGAREFNI
RILANIT SPECIAL

SETAMOL — WS
SLAX 30
SOALKYD 3155 HP (40)
SOALKYD 3244 HP (40)
SOLUVIT RICHTER
SORBIT KARION
SORBITOL-FP-LIQUID BPC 1973

TANAVOL M-RH
TARI — fosfat.
TARI — TF-5
TEGIN
TERGOLIX — A
TERRAPAINT 55
THIXATROL — ST
THIXOMEN
TILITE
TOFFAN
TRIODAN 20
TURBOFIX

UNOSAL

UV. ABSORBER 318
UV. STABILISATOR 2776

V-35 ABAVAX 560
VANODYNE — VC 20
VERDÜNNER — UPL 2246
VINNOFIL

WITACLOR 63

ZANFLOW
ZEOLITH — L — pasta
ZEOLITH — T pasta (50% í laxerolíu)
ZEOLITH — T — pulver
ZIRGEL — K

2. gr.

Niðurfelling aðflutningsgjalda skv. 1. gr. er bundin eftirfarandi skilyrðum:

a) Innflytjandi leggi stund á framleiðslu iðnaðarvara og lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni að hin innflutta vara verði eingöngu notuð sem efnivara til þeirrar framleiðslu
eða
innflytjandi lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að viðkomandi vörusending sé öll eða að hluta, sem þá skal sérstaklega útreiknað í aðflutningsskýrslu, ætluð nánar tilgreindu iðnfyrirtæki og framvísi jafnframt yfirlýsingu frá framleiðanda (framleiðendum) nefndra vara um að viðkomandi vörusending (hluti vörusendingar) sé keypt fyrir hans atbeina eða verði keypt af honum til nefndrar framleiðslu eingöngu.

b) Tollyfirvaldi er heimill aðgangur að bókhaldsgögnum sé það talið nauðsynlegt til að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslum, sölu- eða vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafa verið rétt tilgreind.

3. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar svo og misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar getur m. a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brots á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 17. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollaskrá o. fl. með áorðnum breytingum, sbr. 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 349 7. nóvember 1974 um lækkun gjalda af hráefnum og hjálparefnum í iðnaðarvörur og auglýsing nr. 301 10. júlí 1975 um breyting á henni og auk þess þau fyrirmæli önnur er brjóta kunna í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Fjármálaráðuneytið, 7. nóvember 1980.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir Jónsson.

REGLUGERÐ

fyrir Sjúkraliðaskóla Íslands og um réttindi og skyldur sjúkraliða.

I. KAFLI

Markmið og stjórn skólans.

1. gr.

Sjúkraliðaskóli Íslands er ríkisskóli og starfar undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk skólans er að annast lokaþátt í námi sjúkraliða og búa þá undir að aðstoða við hjúkrun sbr. 8. gr. Hjúkrunarlaga nr. 8/1974.

3. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar stjórn skólans þannig:

Tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður, einn samkvæmt tilnefningu Hjúkrunarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sjúkraliðafélags Íslands og einn samkvæmt tillögu nemenda.

Stjórnin skal skipuð til þriggja ára, nema fulltrúi nemenda, sem skipaður skal árlega.

Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum skólastjórnar.

4. gr.

Stjórn skólans ræður skólastjóra og skal hann vera hjúkrunarfræðingur. Æskilegt er, að hann hafi lokið námi í kennslufræði og stjórnun.

Skólastjóri stjórnar daglegri starfsemi skólans og hefur umsjón með henni.

Skólastjóri ræður kennara að skólanum í samráði við skólastjórn.

II. KAFLI

Inntaka nemenda, námstími og námsefni.

5. gr.

Inntaka nemenda er í höndum skólastjóra og skólastjórnar.

Umsækjandi skal hafa lokið prófi tveggja ára heilsugæslubrauta framhaldsskóla (fjölbrautarskóla) eða hlotið hliðstæða menntun.

Skólastjórn er heimilt að ákveða lágmarkseinkunn í einstökum námsgreinum.

Skólanum er heimilt að hafa inntökupróf.

6. gr.

Umsóknir um skólavist skal senda skólastjóra. Þeim skal fylgja:

1. Staðfest afrit af prófskírteini.
2. Læknisvottorð.
3. Sakavottorð.
4. Meðmæli frá vinnuveitanda og/eða skólastjóra.

7. gr.

Námstími nemenda í skólanum skal vera 40 vikur.

Skólanum skal sett námsskrá er ráðuneytið samþykkir. Skal þar getið um verklega og bóklega kennsluþætti og lokapróf. Til þess að standast próf þarf nemandi

að kunna skil á minnst 50% þess námsefnis, er hefur verið kennt. Nemanda er heimilt að endurtaka próf einu sinni og heimil endurseta í bekk einu sinni.

Á sama hátt skulu nemendur standast kröfur skólans í verknámi. Skólanum er heimilt að nota bókstafi eða tölustafi til einkunnagjafa.

8. gr.

Heilbrigðismálaráðuneytið skipar prófdómara eða samþykkir tillögur skólastjóra um prófdómara.

9. gr.

Verklegt nám skal vera 34 vikur og skiptast þannig í sjúkrastofnunum:

10—12 vikur á handlækningadeild

10—12 vikur á lyflækningadeild og

10—12 vikur á hjúkrunardeild eða í almennu sjúkrahúsi.

Verklega námið fer fram í stofnunum, er skólinn viðurkennir og ráðuneytið samþykkir. Skólastjóri skipuleggur það í samráði við hjúkrunarforstjóra viðkomandi stofnana.

Að lokinni námsdvöl á sérhverri deild fær nemandinn umsögn er hjúkrunardeildarstjóri gefur.

10. gr.

Forfallist nemandi frá námi lengur en 14 daga lengist námið, sem því svarar.

III. KAFLI

Starfsréttindi og starfssvið sjúkraliða.

11. gr.

Rétt til þess að starfa sem sjúkraliði hér á landi og kalla sig sjúkraliða hefur sá einn, sem til þess hefur fengið löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

12. gr.

Löggildingu samkvæmt 11. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá Sjúkraliðaskóla Íslands, sbr. 5. gr. þessarar reglugerðar.

13. gr.

Ráðherra getur veitt öðrum en þeim, sem 12. gr. tekur til, löggildingu eða tímabundið starfsleyfi, enda sanni viðkomandi að hann hafi menntun, sem sé sambærileg við próf úr viðurkenndum sjúkraliðaskóla skv. 12. gr.

Sjúkraliði hefur rétt til þess að starfa í samræmi við 14. gr. reglugerðar þessarar. Honum er óheimilt að stunda sjálfstæð hjúkrunarstörf.

14. gr.

Sjúkraliðar skulu starfa undir stjórn hjúkrunarfræðings.

Störf sjúkraliða:

Umbúnaður. Umbúnaður og skipting á mikið veikum sjúklingum með hjúkrunarfræðingi.

Sjúklingum þvegið um andlit og hendur. Hárhirðing, munnhirðing, neðanþvottur, fótahirðing. Sjúklingar baðaðir í baðkari og í rúmi, og sé um mikið veikan sjúkling að ræða, þá með hjúkrunarfræðingi.

Hitamæling. Púlstalning. Blóðþrýstingsmæling.

Varnir gegn legusárum.

Fylgst með líðan sjúklinga.

Sjúklingum hjálpað á fætur og hagrætt í stól.
Kalli sjúklinga svarað og flutt skilaboð.
Gefin og tekin bekja. Tekin og merkt sýnishorn af þvagi og saur. Gefin stólpípa.
Framreiðsla matar. Sjúklingum hagrætt fyrir og eftir máltíðir. Þeir sjúklingar mataðir, sem ekki geta borðað sjálfir.
Búið um lík.
Umbúðir gerðar.
Tekin við blómum og öðru til sjúklinga og gestum þeirra leiðbeint.
Notkun ýmissa hjálpargagna og hirðing á þeim.
Hirðing á sjúkrastofum, skolherbergjum og lín. Hreinsun ýmissa hjúkrunargagna. Hirðing á blómum sjúklinga, blómavögnum og blómaskolum.
Sjúkraliðar mega ekki taka til eða gefa lyf í sjúkrahúsum.

IV. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI.

15. gr.

Skólanum skal heimilt að hafa námskeið fyrir sjúkraliða.

16. gr.

Kostnaður við rekstur Sjúkraliðaskóla Íslands skal greiddur úr ríkissjóði.
Stofnanir, sem hafa nemendur í verknámi, skulu greiða þeim laun þann tíma samkv. samningi, er nemendur og fjármálaráðuneytið gera með sér. Þær skulu einnig sjá nemendum fyrir starfsklæðnaði og þvotti á honum.

17. gr.

Á þeim stöðum, þar sem ekki reynist unnt að fá hjúkrunarfræðing til starfa, má ráða sjúkraliða til hjúkrunarstarfa um skemmri tíma, og skal hann þá starfa undir stjórn læknis. Leita skal samþykkis ráðuneytisins hverju sinni.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 542 frá 18. desember 1975.

Heilbrigðis- tryggingamálaráðuneytið 30. október 1980.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

17. nóvember 1980. Nr. 587.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

Við 11. gr., c-staflið, VI. tölulið bætist eftirfarandi:

„Ákvæði þetta tekur þó ekki til skeiðarsvampa sem innihalda medroxíprógesterónacetat og notaðir eru til að samstilla gangmál hjá ám, enda sé notkun lyfsins eingöngu í höndum dýralæknis eða frjótæknis starfandi við sæðingastöð, en sæðingastöð má afla sér lyfsins, að fengnu skriflegu samþykki héraðsdýralæknis.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. nóvember 1980.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingólf J. Petersen.

Nr. 588. 17. nóvember 1980.

AUGLÝSING

um smásöluálagningu á skeiðarsvampa, sem innihalda medroxíprógesterónacetat.

Frá og með 1. desember 1980 skal smásöluálagning á skeiðarsvömpum, sem innihalda medroxíprógesterónacetat og notaðir eru til að samstilla gagnmál hjá ám, vera 30%. Óheimilt er að taka afhendingargjald fyrir þessi lyf.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. nóvember 1980.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingólf J. Petersen.

Nr. 589. 17. nóvember 1980.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 760 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 1 580 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. des. 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 435/1980 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. nóvember 1980.

Svavar Gestsson.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Lóna í Kelduhverfi.

1. gr.

Félagið heitir **Veiðifélag Lóna.**
Heimili þess og varnarþing er Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Lónunum innan við sjávarkambinn vestast í Kelduhverfi, en þær eru Lón I, Lón II, Fjöll I, Fjöll II og Auðbjargarstaðir.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem félagsfundur ákveður. Einnig ákvarðar félagsfundur aðra hagnýtingu Lónanna, í sambandi við veiði- og fiskiræktarmál, svo sem til fiskeldis, fiskhalds, hafbeitar o. þ. h.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi setið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal varamann í stjórn og endurskoðanda til eins árs í senn.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur á hendi yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá starfsemi félagsins á liðnu starfsári, og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt VIII. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1980.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 591. 12. nóvember 1980.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Lóna.

Lón I	33.33%
Lón II	16.67%
Fjöll I	20.83%
Fjöll II	10.83%
Auðbjargarstaðir	8.34%

Arðskráin gildi í fimm ár.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1980,

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 592. 29. október 1980.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Borgarnesi nr. 103 2. apríl 1976.

9. gr. orðist svo:

Gatnagerðargjöld samkv. 6. gr. greiðast þannig, að 20% greiðast, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir eru hinir sömu og af lánum Byggðasjóðs til gatnagerðar og greiðast eftir á á sömu gjalddögum og afborganirnar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. október 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 425 11. ágúst 1980, um veiðar á loðnu á haustvertíð 1980 og vetrarvertíð 1981.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Frá og með 5. september 1980, þar til annað verður ákveðið er þeim skipum, er talin eru hér á eftir, heimilt að veiða eftirgreint magn af loðnu:

Nafn skips og umdæmisnúmer:	Skipaskrárnr.:	Leyfilegt aflamagn
Albert GK 31	1046	8 100
Arnarnes HF 52	1020	7 900
Ársæll KE 17	0965	7 100
Bergur VE 44	0968	7 500
Bjarni Ólafsson AK 70	1504	11 300
Börkur NK 122	1293	11 300
Dagfari ÞH 70	1037	7 600
Eldborg HF 13	1525	14 100
Fífill GK 54	1048	8 100
Gígja RE 340	1011	8 800
Gísli Árni RE 375	1002	8 100
Grindvíkingur GK 606	1512	10 800
Guðmundur RE 29	1272	10 000
Gullberg VE 292	1401	8 100
Hafrún ÍS 400	1050	8 300
Harpa RE 342	1033	8 300
Hákon ÞH 250	1059	9 200
Helga II RE 373	1018	7 700
Helga Guðmundsdóttir BA 77	1076	8 900
Hilmir SU 171	1551	12 400
Hilmir II SU 177	1044	7 800
Hrafn GK 12	1006	8 400
Huginn VE 55	1411	8 100
Húnaröst ÁR 150	1070	8 300
Ísleifur VE 63	1056	7 000
Jón Finnsson RE 506	1283	8 100
Jón Kjartansson SU 111	0155	11 100
Júpiter RE 161	0130	12 400
Kap II VE 4	1062	8 500
Keflvíkingur KE 100	0967	7 500
Ljósfari RE 102	0973	7 800
Magnús NK 72	1031	7 600
Náttfari RE 75	1035	7 600
Óli Óskars RE 175	0226	12 600
Óskar Halldórsson RE 157	0962	6 900
Pétur Jónsson RE 14	1069	9 200
Pétur Jónsson RE 69	1061	8 500
Rauðey AK 14	1030	7 800
Seley SU 10	1361	7 000
Sigurður RE 4	0183	13 000

Nafn skips og umdæmisnúmer:	Skipaskrárnr.:	Leyfilegt aflamagn
Sigurfari AK 95	1413	9 700
Skarðsvík SH 205	1416	8 100
Skírnir AK 16	0233	7 100
Stapavík SI 4	0979	7 600
Súlan EA 300	1060	9 200
Svanur RE 45	1029	8 500
Sæberg SU 9	0252	8 000
Sæbjörg VE 56	0989	8 100
Víkingur AK 100	0220	12 500
Þórður Jónasson EA 350	0264	7 400
Þórshamar GK 75	1501	8 000
Örn KE 13	1012	7 900

Afli skip meira af loðnu en því er heimilt samkvæmt þessari grein, verður andvirði þess, sem umfram er leyfilegt aflamagn, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. október 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 594. 6. nóvember 1980.

SAMÞYKKT

um hundahald á Akureyri.

1. gr.

Hundahald er bannað á Akureyri, að undanteknum þarfahundum á lögbýlum, leiðsöguhundum til hjálpar blindu fólki og leitarhundum til aðstoðar björgunarsveitum.

2. gr.

Bæjarstjórn er þó heimilt að veita mönnum búsettum í bænum undanþágu til hundahalds að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu heilbrigðisfulltrúa og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b. Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við skráningu og eftirlit með hundum í bænum og skal upphæð þess við það miðuð. Gjaldið skal greitt um leið og hreinsun fer fram, sbr. f-lið. Hundar, sem blindir menn þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, leitarhundar svo og hundar, sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum í bænum eru undanþegnir þessu gjaldi, en eru að öðru leyti háðir ákvæðum þessarar samþykktar.
c. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi, þannig að tryggt sé að trygging taki til tjóns, sem hundurinn kann að valda.

Við greiðslu árlegs leyfisgjalds ber hundeiganda að sýna kvittun fyrir greiðslu iðgjalds af tryggingunni fyrir yfirstandandi ár.

d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með manni, sem hefur fullt vald yfir honum.

Óleyfilegt er að fara með hund, þó í taumi sé inn í verslanir og starfsstöðvar, þar sem matvara er unnin eða um hönd höfð og ennfremur inn í sjúkra- og skólahús og samkomuhús.

e. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró bæjarbúa og séu hvorki þeim, né öðrum, sem um bæinn fara til óþæginda. Skilyrði fyrir hundahaldi í fjölbýlishúsum er að slíkt sé leyft í húsreglum, sbr. lög nr. 59/1976 um fjölbýlishús.

f. Hundeiganda er að öðru leyti skylt að hlíta lögum og reglum er hundahald varða þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda, svo og fyrirmælum, er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Þegar hundur er tekinn úr umferð, skal honum komið í vörslu í húsnæði, sem Akureyrarbær leggur til og er sérstaklega útbúið til geymslu dýra.

Sé hunds ekki vitjað innan 2ja sólarhringa frá handsömun hans, er heimilt að lóga honum.

Hættulegum hundi og hundi, sem eigi er leyfi fyrir, má þegar lóga.

Kostnað af handsömun, geymslu og aflífun hunds greiðir eigandi.

4. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum. Heimilt er að svipta hinn brotlega leyfi til hundahalds og skal það að jafnaði gert, ef um ítrekað brot er að ræða.

Sektir samkvæmt samþykkt þessari renna í bæjarsjóð Akureyrar.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 89/1975 um hundahald á Akureyri og önnur ákvæði um hundahald, sem kunna að fara í bága við samþykkt þessa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 6. nóvember 1980.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

28. október 1980. Nr. 595.

SAMÞYKKT

um hundahald í Siglufirði

1. gr.

Hundahald er bannað í Siglufirði að undanteknum leiðsöguhundum til hjálpar blindu fólki, leitarhundum til aðstoðar björgunarsveitum og þarfahundum á lögbýlum.

2. gr.

Bæjarstjórn er þó heimilt að veita einstaklingum, búsettum í kaupstaðnum, undanþágu til hundahalds, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Hundurinn skal skráður á skrifstofu kaupstaðarins. Þar fær eigandi afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins. Á plötuna skal grafið Si og númer. Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu um, að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar, eins og hún er nú eða síðar kann að verða.
2. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi, þannig að tryggt sé að trygging taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda, án nokkurra óeðlilegra skilyrða, að mati bæjarstjórnar.
3. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er heimilt að hafa með sér hund, þó í taumi sé, inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.
4. Hundeiganda er skylt að sjá svo um, að hundur hans raski eigi ró manna, né verði þeim til óþæginda.
5. Skilyrði fyrir hundahaldi í húsum, þar sem íbúðir eru fleiri en ein, er að allir húsráðendur samþykki slíkt. Skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds. er gildi þar til bæjarstjóra berst skrifleg afturköllun frá einhverjum húsráðanda.
6. Til að standa straum af kostnaði bæjarsjóðs af skráningu og eftirliti með hundum, skal árlega greiða leyfisgjald til bæjarsjóðs fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið greiðist fyrirfram til 1. júlí, og síðan árlega á sama tíma. Bæjarstjórn ákveður upphæð þessa gjalds í upphafi hvers árs.

   Við greiðslu gjalds þessa ber hundeiganda að sýna fullgild skilríki fyrir greiðslu vátryggingargjalds samkvæmt 2. tl. þessarar greinar, vátryggingarskírskírteini, vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og önnur skilríki er máli skipta samkvæmt lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.

   Hundar, sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, leitarhundar og þarfahundar á lögbýlum, eru undanþegnir leyfisgjaldi, en eru að öðru leyti háðir ákvæðum þessarar greinar.

3. gr.

Við minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um alvarlegt brot eða ítrekað er að ræða, er heimilt að afturkalla viðkomandi undanþágu til hundahalds.

4. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni og eru ómerktir, svo og aðrir ómerktir flækingshundar, skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram og/eða vitji hans innan tveggja sólarhringa, hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundinum. Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans ekki innan tveggja sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundinum, án frekari fyrirvara. Leyfi til viðkomandi eiganda skal þá falla úr gildi og eigi endurnýjast.

Eigendur hunda, sem teknir eru úr umferð, skulu greiða allan áfallinn kostnað við vörslu þeirra.

Ef uppvíst verður um óskráðan hund, skal eiganda hans gert að greiða árgjald til bæjarsjóðs, að viðbættri sekt, er getur numið allt að sömu upphæð og árgjaldið.

5. gr.

Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna bæjarstjóra án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Siglufjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir varðandi hundahald í Siglufirði, sem fara kunna í bága við samþykkt þessa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. október 1980.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

30. október 1980. Nr. 596.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga.

1. gr.

1. málsl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 24 000 (240 ný krónur), en endurnýjunarverð í hverjum flokki er kr. 2 000 (20 ný krónur).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1981.
Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 414 11. október 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. október 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

20. október 1980. Nr. 597.

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands hf., Akureyri, leyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands, tímabilið 22. október 1980 til 31. desember 1984:

1. Akureyri — Ólafsfjörður — Akureyri.
2. Ólafsfjörður — Reykjavík — Ólafsfjörður.
3. Akureyri — Sauðárkrókur — Blönduós — Akureyri.

Samkvæmt sömu heimild hefur ráðuneytið í dag einnig veitt Flugfélaginu Ernir hf. Ísafirði, samskonar leyfi, sama tímabil, á eftirtöldum flugleiðum:

1. Ísafjörður — Reykjanes — Arngerðareyri — Melgraseyri — Bæir — Ísafjörður.
2. Ísafjörður — Reykjanes — Reykhólar — Ísafjörður.
3. Ísafjörður — Þingeyri — Ísafjörður.

Samgönguráðuneytið, 20. október 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 598. 13. september 1980.

AUGLÝSING

um umferð á Ísafirði.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ísafjarðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð á Ísafirði.

Einstefnuakstur er á Sólgötu til suðurs og stöðvunarskylda er á þeirri götu við Hafnarstræti.

Einstefnuakstur er á Hrannargötu til norðurs og stöðvunarskylda er á þeirri götu við Fjarðarstræti.

Biðskylda er af Djúpvegi, akrein austur Hafnarstræti.

Stöðvunarskylda er af Djúpvegi, akstursleiðir yfir Hafnarstræti norður Hrannargötu svo og af Djúpvegi vestur Hafnarstræti.

Á Djúpvegi, frá Hafrafellshálsi að Menntaskóla, er hámarkshraði heimilaður 60 km, en þaðan 45 km að Hafnarstræti.

Tangagata er einstefnuakstursgata til suðurs frá Austurvegi og að Skipagötu. Bílastöður beggja vegna Tangagötu frá Austurvegi til Fjarðastrætis eru bannaðar.

Bannað er að stöðva og leggja ökutækjum við Aðalstræti svo sem hér segir: Að austanverðu við götuna frá og með húsi nr. 8 til og með húsi nr. 20, nema við bensínafgreiðslu. Að vestanverðu við götuna frá og með húsi nr. 11, til og með húsi nr. 15.

Bæjarfógetinn á Ísafirði, 13. september 1980.

Þorvarður K. Þorsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 59 — 1980

30. nóvember 1980. 969 Nr. 599.

REGLUGERÐ

um flugvallagjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan 2 ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra Evrópulanda og Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

2. gr.

Flugvallagjald skal vera 11 200 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald en fyrir yngri farþega skal ekkert gjald greiða. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda þó ákvæði 3. gr.

3. gr.

Flugfélög, sem annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða í ríkissjóð gjald er nemi 800 kr. á hvern farþega er ferðast á þeim leiðum og eldri eru en tólf ára. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þótt millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætlunar enda vari viðdvöl ekki lengur en sex klukkustundir. Heimilt er að hækka verð farmiða sem gjaldinu nemur. Sé sú heimild notuð skal sú hækkun ósérgreind í verði miðans.

4. gr.

Um innheimtu, ábyrgð, viðurlög, sektir og aðra framkvæmd samkvæmt reglugerð þessari gilda ákvæði laga nr. 8/1976 um flugvallagjald með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1976, sbr. 2. gr. laga nr. 18/1980, öðlast gildi frá og með 10. desember 1980.

Fjármálaráðuneytið, 30. nóvember 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Stjórnartíðindi B 59, nr. 599. — Útgáfudagur 5. desember 1980.

B 122

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 60 — 1980

Nr. 600. 970 24. október 1980.

REGLUGERÐ

um Námsgagnastofnun.

I. KAFLI

Hlutverk Námsgagnastofnunar og skipan námsgagnastjórnar.

1. gr.

Hlutverk Námsgagnastofnunar er að sjá grunnskólum fyrir sem bestum náms- og kennslugögnum. Námsgagnastofnun skal móta starfsemi sína í samræmi við markmið grunnskólalaga, svo og ákvæði aðalnámskrár grunnskóla eins og þau eru á hverjum tíma. Námsgagnastofnun skal auðvelda grunnskólum hvar sem er á landinu að afla sér náms- og kennslugagna og veita þeim upplýsingar og sérfræðilega aðstoð. Auk gagna sem ætluð eru til almennrar starfsemi skóla skal stofnunin einnig hafa á boðstólum gögn vegna nemenda með sérþarfir. Heimilt er að fela Námsgagnastofnun að annast gerð náms- og kennslugagna fyrir aðra skóla en grunnskóla. Ennfremur er heimilt að fela stofnuninni alhliða þjónustu fyrir skóla- og almenningsbókasöfn, s. s. miðskráningu bóka og nýsigagna, útgáfu hvers kyns bókfræðilegra gagna og rita er varða starfsemi bókasafna, svo og að annast útvegun og frágang á safnkosti, svo og dreifingu og framleiðslu bókasafnsgagna.

Námsgagnastofnun er heimilt að leigja eða lána kvikmyndir og önnur náms- og kennslugögn til aðila utan skólakerfisins svo framarlega sem það skerðir ekki þjónustu stofnunarinnar við skóla landsins.

2. gr.

Námsgagnastofnun skal hafa samstarf við þá aðila sem vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í skólastarfi á vegum menntamálaráðuneytisins, við fræðsluskrifstofur, svo og Kennaraháskóla Íslands og aðrar stofnanir sem veita kennaramenntun. Stofnunin skal gera þessum aðilum grein fyrir starfsemi sinni og áætlunum og gefa þeim þannig tækifæri til að koma með ábendingar og athugasemdir um einstök verkefni sem stofnunin vinnur að, tillögur um ný verkefni, svo og ábendingar um starfsemina í heild.

3. gr.

Námsgagnastofnun skal fylgjast með nýjungum á sviði skólamála og í gerð námsgagna og kennslutækja. Í þessu skyni skal hún vera í sambandi við hliðstæðar stofnanir erlendis, afla upplýsinga um náms- og kennslugögn sem eru á boðstólum, og vinna að kynningu þeirra. Það sem æskilegt þykir að taka til notkunar í skólum hérlendis skal aðlagað íslenskum aðstæðum.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

4. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn sjö manna námsgagnastjórn og jafn marga til vara:

a) einn fulltrúa tilnefndan af Félagi skólastjóra og yfirkennara,
b) tvo tilnefnda af samtökum kennara á grunnskólastigi,
c) einn tilnefndan af samtökum kennara á framhaldsskólastigi,
d) einn tilnefndan af Kennaraháskóla Íslands,
e) einn tilnefndan af fræðslustjórum,
f) einn fulltrúa menntamálaráðuneytisins.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna og ákveður laun stjórnarinnar.

II. KAFLI

Verksvið námsgagnastjórnar.

5. gr.

Námsgagnastjórn gerir framkvæmdaáætlanir um starfsemi Námsgagnastofnunar, þ. e.

a) áætlun til eins árs í senn,
b) áætlun til lengri tíma eða allt að 5 árum.

Stjórnin endurskoðar þessar áætlanir reglulega.

Menntamálaráðuneytið skipar námsgagnastjóra að fengnum tillögum námsgagnastjórnar. Stjórnin skal m. a. taka tillit til reynslu og þekkingar umsækjenda á sviði kennslufræði og rekstrarfræði. Námsgagnastjórn ræður annað starfslið stofnunarinnar að fengnum tillögum námsgagnastjóra. Heimilt er námsgagnastjórn að setja einstökum starfsmönnum, er hún ræður, erindisbréf. Stjórnin staðfestir fjárhagsáætlanir, þ. m. t. tillögur til fjárlaga, og ber ábyrgð á starfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar. Stjórninni er heimilt að leita sérfræðilegrar aðstoðar við áætlanagerð og skipulagsstörf.

6. gr.

Ákvörðun um útgáfu náms- og kennslugagna er í höndum námsgagnastjórnar.

Námsgagnastofnun hefur samvinnu við Menntamálaráðuneytið um undirbúning að útgáfu náms- og kennslugagna í þeim námsgreinum sem ráðuneytið hefur til endurskoðunar.

Stjórnin lætur gera náms- og kennslugögn að eigin frumkvæði, auk þess sem hún fær tillögur frá þeim aðilum sem Námsgagnastofnun hefur samstarf við, sbr. 2. gr., svo og einstökum kennurum eða kennarahópum. Námsgagnastjórn leitar umsagnar sérfróðra aðila um einstakar útgáfur ef þurfa þykir.

7. gr.

Námsgagnastjórn setur reglur um úthlutun og úthlutunarkvóta náms- og kennslugagna. Kvótinn skal ákveðinn á hverju ári með hliðsjón af því hvaða náms- og kennslugögn talið er æskilegt að nemendur og/eða skólar hafi til umráða, svo og af fjárráðum stofnunarinnar. Nemendur fá námsgögn til afnota eða eignar samkvæmt reglum sem námsgagnastjórn setur. Upplýsingar um kvótann og skrá yfir það sem til úthlutunar er skal sent skólunum á fyrstu mánuðum hvers fjárlagaárs ásamt yfirliti um stöðu skólans í lok síðasta úthlutunartímabils.

Námsgagnastjórn setur reglur um útlán og leigu náms- og kennslugagna, þar með taldar kvikmyndir og myndsegulbönd, til skóla og annarra aðila.

III. KAFLI

Fundaboðun og fundasköp.

8. gr.

Formaður kveður námsgagnastjórn til fyrsta fundar svo fljótt sem verða má eftir að hún hefur verið skipuð. Á fyrsta fundi skal stjórnin kjósa ritara og vararitara úr sínum hópi.

9. gr.

Námsgagnastjóri á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

10. gr.

Formaður námsgagnastjórnar kveður stjórnina saman til fundar eða felur námsgagnastjóra að gera það. Formaður stjórnar fundum stjórnarinnar. Stjórnarfundi skal að jafnaði halda á þeim stað sem Námsgagnastofnun hefur aðsetur. Þó getur stjórnin ákveðið aðra fundarstaði.

11. gr.

Stjórnin kemur saman til fundar eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Skylt er formanni að kveðja stjórnina saman til fundar ef námsgagnastjóri eða a. m. k. tveir aðalmenn í stjórninni óska þess, enda sé fundarefni tilgreint.

12. gr.

Stjórnarfundur telst löglega boðaður ef allir stjórnarmenn, eða varamenn í forföllum aðalmanna, hafa verið boðaðir með a. m. k. tveggja sólarhringa fyrirvara. Í fundarboði skal geta fundarefnis.

13. gr.

Stjórnin afgreiðir mál með ályktunum á fundum. Stjórnin getur enga ályktun gert nema meirihluti hennar sé á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum um afgreiðslu mála og þarf meirihluta atkvæða til þess að mál nái fram að ganga. Óski stjórnarmaður að fá frestað máli sem er á dagskrá stjórnarfundar skal það gert, enda séu ástæður fyrir frestuninni tilgreindar. Ef máli er frestað með þessum hætti skal taka það til afgreiðslu á næsta fundi stjórnarinnar. Enginn stjórnarmaður hefur atkvæðisrétt um þau mál, sem varða hann sjálfan og skal hann í slíkum tilvikum víkja úr sæti fyrir varamanni.

14. gr.

Allar ályktanir stjórnarinnar skulu ritaðar í gerðabók. Allir stjórnarmenn, sem á fundi eru skulu undirrita fundargerðina, svo og aðrir þeir sem á fundi eru eftir því sem stjórnin ákveður.

IV. KAFLI

Um námsgagnastjóra og deildaskiptingu.

15. gr.

Námsgagnastjóri annast daglega stjórn og fjárreiður stofnunarinnar. Hann skipuleggur í megindráttum og samhæfir störf deilda í samráði við yfirmenn þeirra og heldur með þeim reglulega fundi þar sem starfsemin er rædd og starfsáætlanir gerðar. Hann skipuleggur samskipti skóla og Námsgagnastofnunar, svo og samstarf við aðra aðila, sbr. 2. gr. Hann staðfestir verksamninga við þá sem ráðnir eru til einstakra verka og sér um gerð höfundasamninga.

16. gr.

Námsgagnastofnun skiptist í tvær aðaldeildir, þ. e. **framleiðsludeild** og **afgreiðslu- og söludeild.**

1. Verkefni framleiðsludeildar eru m. a. þessi:
   1.1. Útgáfa námsgagna, s. s. námsbóka, handbóka, kennsluleiðbeininga og ítarefnis.
   Gerð hljómbanda og kvikmynda, þ. m. t. setning tals og texta við erlendar myndir.
   1.2. Útvegun og framleiðsla hvers konar myndefnis, m. a. glæru- og skyggnugerð.
   1.3. Fjölföldun hvers konar náms- og kennsluefnis.
2. Verkefni afgreiðslu- og söludeildar eru m. a. þessi:
   2.1. Dreifing náms- og kennslugagna til skóla, fræðsluskrifstofa og söluaðila.
   2.2. Rekstur kennslumiðstöðvar, þ. e. kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir kennaranema, kennara og skólastjóra, í samstarfi við þá aðila sem nefndir eru í 2. gr.
   2.3. Útvegun, útlán og kynning kvikmynda, myndsegulbanda, hljómbanda, nýsitækja o. fl.
   2.4. Leiðbeiningar um val og notkun nýsitækja í skólum.
   2.5. Rekstur skólavörubúðar.
   Skólavörubúð sér um alla sölu á vegum stofnunarinnar, svo og öflun náms- og kennslugagna, erlendra sem innlendra.

Gert er ráð fyrir að prentun bóka, hljóðritun og kvikmyndun verði falin aðilum utan stofnunarinnar skv. sérstökum samningi að svo miklu leyti sem stofnunin getur ekki annast þessi verkefni.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Skólum er heimilt að nota námsbækur eða önnur kennslugögn í stað samsvarandi gagna frá Námsgagnastofnun ef þau hafa hlotið viðurkenningu menntamálaráðuneytisins um að þau séu í samræmi við gildandi námsskrá. Óski skóli að fá slík gögn til afnota fyrir milligöngu Námsgagnastofnunar sér að kostnaðarlausu, eða greiðslu kostnaðar að hluta, tekur námsgagnastjórn afstöðu til þess, í hverju tilviki fyrir sig. Við ákvörðunina ber að taka mið af gæðum og markaðsverði námsgagnanna samanborið við þau gögn sem stofnunin hefur á boðstólum.

18. gr.

Námsgagnastjórn skal vinna að því að koma upp skólaminjasafni og leita í því sambandi samstarfs við aðila, s. s. Þjóðminjasafn Íslands. Námsgagnastofnun leggur safninu til 4 eintök af öllum bókum og allt að 4 eintök af öðrum gögnum sem út eru gefin á hennar vegum. Námsgagnastjórn er heimilt að kaupa gömul náms- og kennslugögn og aðra muni sem hún telur eiga erindi í safnið.

19. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 11. gr. laga nr. 45/1979 um Námsgagnastofnun og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 24. október 1980.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Byggingarsjóð aldraðra í Selfosskaupstað, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. nóvember 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Byggingarsjóðs aldraðra í Selfosskaupstað.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Byggingarsjóður aldraðra í Selfosskaupstað.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að íbúðarbyggingum á vegum Selfosskaupstaðar, með fjárframlögum, fyrir aldrað fólk á Selfossi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000 — ein milljón —, sem Selfosskaupstaður greiðir á árinu 1980.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a) Vextir, áheit og önnur skyld fjárframlög.
b) Minningargjafir og aðrar gjafir.

5. gr.

Úthlutun úr sjóðnum ákveður stjórn sjóðsins hverju sinni.

6. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða. Sjóðinn skal ávaxta, þar sem sjóðsstjórn telur arðbærast og tryggast.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 4 menn og jafnmargir til vara, kosnir hlutfallskosningu af bæjarstjórn Selfoss til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Stjórnin kýs sér formann og ritara úr sínum hópi. Verði starfandi styrktarfélag aldraðra á Selfossi skal félaginu gefinn kostur á að tilnefna einn mann til viðbótar í stjórnina og einn til vara.

8. gr.

Stjórn sjóðsins heldur gjörðabók fyrir sjóðinn. Í hana færir hún m. a. skipulagsskrá þessa. Einnig árlega reikninga sjóðsins.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Selfosskaupstaðar og birtir með reikningum bæjarins. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð um hjónin Maríu Ólafsdóttur og Magnús Jóhannesson frá Borgarnesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum of dómsmálaráðherra, 31. október 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um hjónin frá Borgarnesi Maríu Ólafsdóttur fædd 7. febr. 1882, dáin 17. febr. 1970 og Magnús Jóhannesson fæddur 3. nóvember 1880, dáinn 1. febrúar 1969.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður um hjónin Maríu Ólafsdóttur og Magnús Jóhannesson frá Borgarnesi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um hjónin Maríu Ólafsdóttur og Magnús Jóhannesson frá Borgarnesi. Stofnendur eru niðjar þeirra hjóna.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000.00 auk tillaga sem kunna að bætast við skv. 6. gr. Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla og styðja skógrækt og fegrun í landi Borgarsels í Svignaskarðslandi í Mýrasýslu.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir og verðbætur af sjóðseigninni, frjáls framlög þeirra sem vilja leggja sjóðnum lið svo og áheit.

6. gr.

Heimilt er að verja tekjum sjóðsins skv. 5. gr. í samræmi við tilgang hans skv. 4. gr. ef sjóðsstjórn er einhuga um ráðstöfun. Ráðstafa skal helmingi af tekjum sjóðsins árlega í samræmi við tilgang hans. Meirihluti ræður þá ráðstöfun. Óráðstöfuðum tekjum skal bætt við stofnfé skv. 3. gr.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu og umsjá Borgfirðingafélagsins í Reykjavík og skal hann ávaxtaður og varðveittur á öruggan og hagkvæman hátt. Félagið hefur á hendi framkvæmd framlaga úr sjóðnum, reikningshald og ábyrgð.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Formaður Borgfirðingafélagsins í Reykjavík. Formaður Borgarselsnefndar og einn af niðjum þeirra hjóna, tilnefndur af börnum þeirra meðan þeirra nýtur við, síðan barnabörn og svo áfram.

9. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram í maí ár hvert.

10. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók þar sem færa á inn fundargerðir, framlög, gjafir og áheit, skipulagsskrá þessa, ráðstöfun og ársreikninga undirritaða af stjórn sjóðsins og Borgfirðingafélaginu í Reykjavík.

11. gr.

Breyta má skipulagsskrá þessari ef sjóðsstjórn er einhuga um breytingar. Tilgangi sjóðsins má þó ekki breyta skv. 4. gr.

12. gr.

Það eru tilmæli gefanda, að það verði haldin fjáröflun fyrir sjóðinn, í það minnsta einu sinni á ári, sú upphæð bætist við stofnfé.

13. gr.

Leggist niður starfsemi Borgfirðingafélagsins í Reykjavík, skal stjórn sjóðsins falið að ráðstafa honum á þann veg er henni þykir heppilegast, helst til líknar eða menningarmála í Borgarfjarðarhéraði.

14. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 603. 15. nóvember 1980.

GJALDSKRÁ

yfir efnarannsóknir og aðra þjónustu, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast.

Gjöld fyrir almennar efnarannsóknir, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

Fóðurefnagreiningar:

Vatn	kr. 2 000.—
Vatn í votheyi (Tolueneiming)	— 5 000.—
Meltanleiki in vitro	— 2 500.—
Protein (Kjeldhal)	— 5 000.—
Meltanlegt prótein	— 8 000.—
Tréni	— 5 000.—
Van Soest aðferð (Cellulósi, Hemicellulósi, lignin)	— 8 000.—
Fita (eter extract)	— 3 500.—
Brunagildi	—
Aska	— 2 500.—
Brennisteinn	— 4 000.—
Kalsíum	— 3 500.—
Fosfór	— 4 000.—
Magnesíum	— 3 500.—
Kalíum	— 3 500.—
Natríum	— 3 500.—
Kopar	— 4 000.—
Mangan	— 4 000.—
Zink	— 4 000.—
Járn	— 4 000.—
Bor	—
Joðtala	— 4 500.—
Peroxíð gildi	— 4 000.—
Óbundnar fitusýrur	— 2 500.—
B_1 vítamín	— 12 000.—

B_2 vítamín	— 12 000.—
pH í votheyi	— 1 000.—
Sýrur + NH_3 í votheyi	— 7 000.—
Heildarrannsókn á þurrheyi [1])	— 5 000.—
Heildarrannsókn á votheyi[2])	— 12 000.—

Jarðvegsefnagreiningar:

Fosfór (P)	— 1 700.—
Kalíum (K)	— 1 300.—
Nítrat (NO_3)	— 1 300.—
Leiðnitala (Lt)	— 900.—
Sýrustig (pH)	— 1 000.—
Áætluð „kalkþörf“	— 2 000.—

Matvælaefnagreiningar:

Prótein (Kjeldhal)	kr. 5 000.—
Nítrat	— 4 500.—
Nítrít	— 4 500.—
Fita (með soxhlet)	— 3 500.—
Tréni	— 5 000.—
Sykurefni	— 5 000.—
Aska	— 2 500.—
Vatn	— 2 000.—
Fitusýrugreining	— 60 000.—
Kalsíum	— 3 500.—
Fosfór	— 4 000.—
Magnesíum	— 3 500.—
Kalíum	— 3 500.—
Natríum	— 3 500.—
Járn	— 4 000.—
Salt	— 2 500.—
B_1 vítamín	— 12 000.—
B_2 vítamín	— 12 000.—
C vítamín	— 7 500.—

Plöntusjúkdómar og meindýr:

Einfaldar greiningar á meindýrum og öðrum skaðvöldum	— 2 500.—
Umfangsmeiri greiningar á skaðaorsökum	— 5 000.—
Útgáfa heilbrigðisvottorða eða stimplun vegna inn- og útflutnings plantna	— 2 000.—

2. gr.

Aðrar rannsóknir eru unnar í tímavinnu samkvæmt fyrirfram áætlaðri tímaþörf.

3. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. nóv. 1980.

F. h. r.
Sveinbjörn Dagfinnsson.

Guðmundur Sigþórsson.

Nr. 604.

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1978.

Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld	kr.	28 552 139.—
Annar rekstrarkostnaður	—	5 678 267.—
Gjaldfærð fjárfesting	—	323 310.—
		34 553 716.—

Rekstrartekjur:

Innheimtuþóknun	kr.	2 489 669.—	
Lögtakskostnaður	—	2 532 447.—	
Vextir	—	11 104 214.—	
	kr.		16 126 330.—
Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	—		18 427 386.—
	kr.		34 553 716.—

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1978.

Eignir:

Óinnheimtar kröfur	kr.	2 769 989 409.—
Jöfnunarsjóður v/ skrifstofukostnaðar	—	18 427 386.—
Sjóður	—	6 648 125.—
Inneign á hlr. 333 í Útvegsbanka Íslands	—	10 598 796.—
	kr.	2 805 663 716.—

Skuldir:

Tryggingastofnun ríkisins	kr.	1 696 124 458.—	
Ógreiddur kostnaður	—	294 489.—	
	kr.		1 696 418 947.—
Framlög Jöfnunarsjóðs	—		1 109 244 769.—
	kr.		2 805 663 716.—

Reykjavík, 17. maí 1979.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga:

Guðm. Vignir Jósefsson, form. **Hallgrímur Dalberg,** **Alexander Stefánsson.**

Magnús E. Guðjónsson.

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1979.

Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld	kr.	43 457 133.—
Annar rekstrarkostnaður	—	15 939 152.—
Gjaldfærð fjárfesting	—	865 258.—
	kr.	60 261 543.—

Rekstrartekjur:

Innheimtuþóknun	kr.	1 876 098.—	
Lögtakskostnaður	—	5 679 979.—	
Vextir	—	19 988 560.—	
	kr.		27 544 637.—
Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	—		32 716 906.—
	kr.		60 261 543.—

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1979.

Eignir:

Óinnheimtar kröfur	kr.	3 919 447 450.—
Jöfnunarsjóður v/skrifstofukostnaðar	—	32 716 906.—
Sjóður	—	10 765 771.—
Inneign á hlr. 333 í Útvegsbanka Íslands	—	20 956 168.—
	kr.	3 983 886 295.—

Skuldir:

Tryggingastofnun ríkisins	kr.	2 412 674 058.—	
Ógreiddur kostnaður	—	424 425.—	
	kr.		2 413 098 483.—
Framlag Jöfnunarsjóðs	—		1 570 787 812.—
	kr.		3 983 886 295.—

Reykjavík 21. maí 1980.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga:

Guðm. Vignir Jósefsson, form. **Jón S. Ólafsson, Alexander Stefánsson.**

Árni Guðjónsson.

20. nóvember 1980. Nr. 606.

REGLUGERÐ

um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá.

1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 60 000.—. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum formum, öðrum styrkleikum eða um viðurkenningu á hvers konar breytingum á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn. Er skráningargjald þá kr. 30 000.—.

2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 15 000.—, er greiðist sérlyfjasjóði fyrir 1. mars ár hvert.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 og öðlast gildi við birtingu. Janframt eru felldar úr gildi 1. gr. og 12. gr. reglugerðar um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá nr. 451/1976 með áorðnum breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. nóvember 1980.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

Nr. 607. 27. nóvember 1980.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 31, 4. apríl 1962, fyrir Útvegsbanka Íslands.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Vextir skulu leggjast við höfuðstól minnst einu sinni á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 12, 29. mars 1961, um Útvegsbanka Íslands, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 27. nóvember 1980.

Tómas Árnason.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 608. 24. nóvember 1980.

REGLUGERÐ

um lágmarksafkastagetu flugvéla.

1. gr.

Flugvélar sem notaðar eru til farþegaflugs í atvinnuskyni við blindflugsskilyrði eða í næturflugi skulu hafa þá lágmarks afkastagetu, að þær með einn hreyfil óvirkan og á flugþyngd eins og hún er á hverjum tíma, geti haldið þeirri lágmarksflughæð eða lágmarksflughæðum, sem birtar eru í Flugmálahandbók — AIP Iceland — á allri fyrirhugaðri flugleið. Ef flogið er eftir flugleið, sem ekki er birt í Flugmálahandbók — AIP Iceland — skal miða við 1500 feta hæð yfir hæstu hindrun innan 10 sjómílna beggja vegna flugleiðarinnar.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum enda taki eigi önnur refsiákvæði XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 yfir atferlið.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 89., 163. og 186. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir, og tekur til íslenskra loftfara og erlendra loftfara sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir í atvinnuskyni, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 24. nóvember 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

1. desember 1980. Nr. 609.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á skreið framleiddri á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á skreið framleiddri á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1980.

	U.S. $ pr. lest fob.
Þorskur:	
Saga IG	7 803
Saga IM	7 441
Saga IP	7 019
Edda og Luna 30/50	5 873
Edda og Luna 50/60	6 789
Edda og Luna 60/up	6 973
Astra (Ítalía)	5 763
Astra og Polar	5 200
Ufsi:	
Astra og Polar	4 300
Keila:	
Astra og Polar	5 200
Ýsa:	
Astra og Polar	4 300
Langa:	
Astra og Polar	5 200

Verðbil verður 3½% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. desember 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á saltaðri síld framleiddri á haustvertíð 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á saltaðri síld framleiddri á haustvertíð 1980:

	U.S. $ pr. tunnu cif.
Cutsíld A	149.50
Cutsíld B	134.50
Specialsíld A	141.68
Specialsíld B	122.91
Sykursíld A	161.15
Sykursíld B	143.23
Kryddsíld A	163.54
Kryddsíld B	143.00
Rúndsíld C	101.00
Ediksíld	177.81

Verðbil verður 2%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. desember 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 611. 1. desember 1980.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1980:

Fiskmjöl, $ 8.35 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. desember 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um veiðar í þorskfisknet.

1. gr.

Á tímabilinu 1. janúar til 15. maí 1981, er óheimilt að stunda veiðar í þorskfisknet án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Ráðuneytið getur bundið leyfi samkvæmt 1. gr. og úthlutun þeirra þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja m. a. í því skyni að stuðla að auknum gæðum afla og takmarka fjölda eða veiðar einstakra gerða skipa.

3. gr.

Ráðuneytið getur með tilkynningu í útvarpi fellt úr gildi leyfi til veiða í þorskfisknet frá ákveðnum svæðum í ákveðið tímabil.

4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um mál þau, er rísa kunna af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. desember 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

24. nóvember 1980. Nr. 613.

AUGLÝSING

um tryggingarfé ferðaskrifstofa.

Með heimild í 18. gr. laga nr. 60 31. maí 1976, um skipulag ferðamála, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 266 24. júlí 1978, um almennar ferðaskrifstofur, hefur ráðuneytið ákveðið að trygging sú, sem setja verður vegna reksturs ferðaskrifstofu skuli eigi vera lægri en 40.0 millj. gkr. sem jafngildir 400 þús. nýkr., frá birtingu þessarar auglýsingar að telja.

Handhöfum gildandi ferðaskrifstofuleyfa er þó veittur frestur til 1. febrúar 1981 til að auka tryggingarfé sitt.

Samgönguráðuneytið, 24. nóvember 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1980:

Söltuð ufsaflök:	U.S. $ pr. lest cif.
16/20 SL	3 650
— FF	3 260
— AB	2 715
21/25 SL	3 515
— FF	3 140
— AB	2 615
26/30 SL	3 380
— FF	3 020
— AB	2 515
31/35 SL	3 235
— FF	2 890
— AB	2 400
36/40 SL	3 085
— FF	2 755
— AB	2 290
41/45 SL	2 945
— FF	2 630
— AB	2 180
46/50 SL	2 775
— FF	2 460
51/60 SL	2 640

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu án verðbils.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. desember 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Stjórnartíðindi B 60, nr. 600—614. Útgáfudagur 19. desember 1980.

STJÓRNARTÍÐINDI B 61 — 1980

5. desember 1980. 985 Nr. 615.

SAMÞYKKT

fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Nafn félagsins er Iðnaðarbanki Íslands h.f., í samþykktum þessum kallað Iðnaðarbankinn.

2. gr.

Heimili Iðnaðarbankans, aðalbanki og varnarþing er í Reykjavík. Auk aðalbanka má setja á stofn afgreiðslustofur og útibú í Reykjavík eftir þörfum, og útibú og umboðsskrifstofur má stofna utan Reykjavíkur eftir því, sem þörf þykir og ástæður leyfa.

3. gr.

Hlutverk Iðnaðarbankans er að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi, er sérstaklega miði að því að styðja verksmiðjuiðnað og handiðnað í landinu.

II. KAFLI
Um hlutafé Iðnaðarbankans.

4. gr.

A.

Hlutafé Iðnaðarbankans er a. m. k. 1 000 m.kr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutafjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum bankans sbr. 31. gr.

Hlutafé er allt jafn rétthátt sbr. þó 17. gr. og 20. gr.

Tillaga um hlutafjárhækkun skal liggja frammi til athugunar fyrir hluthafa og senda þeim tillöguna eftir reglum, sem greinir í 15. gr. Tillagan skal ennfremur lögð fram á hluthafafundi.

Í fundarboði til hluthafafundar, þar sem taka skal ákvörðun um hækkun hlutafjár, skulu vera upplýsingar um áskriftarrétt hluthafa, ásamt upplýsingum um hvernig þeir, er áskriftarrétt hafa, skuli bera sig að, ef þeir vilja notfæra sér áskriftarréttinn.

Við hækkun hlutafjár eiga hluthafar rétt á að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutaeign sína í þrjá mánuði frá auglýsingu bankaráðs um hlutafjárauka. Nú notar einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar. Að þeim rétti frágengnum, er bankaráði heimilt að bjóða út innanlands það, sem á vantar samþykktan hlutafjárauka. Bankaráð ákveður sölugengi hlutafjárauka við almennt útboð.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

B.

Í ákvörðun um hækkun hlutafjár með áskrift nýrra hluta skal taka fram:

1. Hve mikið hækka skal hlutafé. Setja má hámark og lágmark fyrir hækkuninni.
2. Þann hlutaflokk, sem hinir nýju hlutir skulu tilheyra.
3. Forgangsrétt hluthafa til áskriftar að hlutum eða hverjir geti ella skrifað sig fyrir hlutum.
4. Frest til áskriftar og frest hluthafa til þess að nota forgangsrétt sinn til áskriftar og skal fresturinn miðaður við framlagningu áskriftarskrár.
5. Frest til greiðslu hluta ásamt reglum um, hvernig skipta skuli hlutum, ef þeir sem ekki eiga forgangsrétt, hafa skráð sig fyrir meira hlutafé en boðið er út, enda sé skiptingin ekki falin stjórninni.
6. Nafnverð hluta og útboðsgengi þeirra.

C.

Áskrift nýrra hluta skal gerð á áskriftarskrá, sem bankaráð undirritar. Í áskriftarskrá skal greina ákvörðun hluthafafundar um hækkun hlutafjárins. Við áskrift skal leggja fram samþykktir félagsins og gögn þau er greinir í 4. gr. A.

D.

Hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa getur farið fram á þann hátt, að yfirfærðar séu fjárhæðir, sem samkvæmt 30. gr. má greiða sem arð eða fjárhæðir, sem komið hafa fram vegna hækkunar bókfærðs verðs (verðhækkunar) fastafjármuna, ef raunvirði þeirra er verulega hærra, en bókfært verð þeirra í efnahagsreikningi síðasta reikningsárs.

Ákvörðun um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa skal greina hve mikið hlutafé skal hækka. Ákvæði 2. tl. 1. mgr. 4. gr. B gilda um ákvörðunina.

5. gr.

Hlutabréf hljóða á nafn. Hlutabréfin eru eftir ákvörðun bankaráðs að nafnverði gkr. 250, gkr. 500, gkr. 1 000, gkr. 5 000, gkr. 10 000, gkr. 50 000, gkr. 100 000, gkr. 1 milljón, gkr. 5 milljónir og gkr. 10 milljónir.

Hlutabréfin skiptast í tvo flokka (A og B) og hafa bréf í hvorum flokki framhaldandi tölumerki. Í flokki A eru almenn hlutabréf, en í flokki B eru hlutabréf ríkissjóðs.

Hlutafjárauka skal skipta í flokka með sama hætti. Í hlutabréfi skal greina:

1. Nafn, heimili og skráningarnúmer félags.
2. Nafnverð þess, töluröð og flokk.
3. Nafn hluthafa.
4. Útgáfudag hlutabréfs.
5. Þann flokk, er hlutabréf tilheyrir.
6. Að hlutabréfum í B-flokki fylgi eigi réttur til kosningar bankaráðs.

Stjórnendur skulu allir setja nöfn sín undir hlutabréf. Einn þeirra að minnsta kosti skal rita nafn sitt eigin hendi.

Arður af hlutabréfum skal sendur hluthöfum innan mánaðar frá aðalfundi. Réttur til arðs fellur niður sé greiðsla hans ekki leyst út innan þriggja ára frá gjalddaga, og rennur hann þá í varasjóð bankans.

6. gr.

Halda skal skrá yfir hlutabréf og skal þar greina:

1. Útgáfudag hlutabréfsins.
2. Nafnverð þess, töluröð og flokk sbr. 5. gr.
3. Eiganda bréfsins og eigandaskipti. Geta skal stöðu eiganda, heimilisfangs og nafnnúmers. Ennfremur skal geta eigendaskipta og skráningardags.
4. Fjölda hluta hluthafans.
5. Breytingar, sem verða kunna á skiptum félagsins og eigenda hlutabréfsins, svo sem ef bréfið er ógilt með dómi.

7. gr.

Nú vill eigandi hlutabréfs selja erlendum aðila hlutabréf sitt og skal hann þá tilkynna það bankaráði. Hefur bankaráð fyrir bankans hönd forkaupsrétt að bréfinu fyrir sama verð og með sömu skilmálum og boðið er. Bankaráð ræður hverjum það endurselur slík bréf. Vilji bankaráðið eigi neyta forkaupsréttar síns innan innan fjögurra vikna, má hluthafi selja bréfið hinum erlenda aðila, enda sé verð og söluskilmálar eigi hagkvæmari kaupanda en bankanum var gefinn kostur á.

8. gr.

Eigandaskipti hlutabréfa skulu tilkynnt bankaráðinu. Gagnvart félaginu skal hluthafaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfs á hluthafaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um eigandaskipti eða aðsetursskipti.

9. gr.

Nú glatast hlutabréf, stofn eða arðmiði, sem því fylgir, og gefur bankaráð þá út nýtt hlutabréf, stofn eða arðmiða, til handhafa, er hann hefur fengið ógildingradóm á hinu glataða skjali. — Bankaráði skal heimilt að gefa út til aðila nýtt hlutabréf eða arðmiða, þótt ógildingardóms sé ekki aflað, ef bankaráð telur nægilega sannað, að bréfið eða arðmiðinn hafi glatast. — Ef hlutabréf, stofn eða arðmiði skemmist, en þó verður ekki villst um flokk skjalsins, tölu þess eða efni, getur bankaráð gefið út til aðila, á hans kostnað nýtt skjal í staðinn, enda skili hann hinu skemmda skjali.

10. gr.

Enginn hluthafi ábyrgist skuldbindingar Iðnaðarbankans fram yfir nafnverð hlutabréfa sinna. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

III. KAFLI.

Um starfsemi Iðnaðarbankans.

11. gr.

Hlutverk sitt leysir bankinn af hendi með því að taka við spariinnlánum og veltiinnlánum til ávöxtunar, kaupa og selja víxla, verðbréf, tékka og aðrar ávísanir, og veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar. Að auki veitir bankinn ábyrgðir, annast um innheimtur og hvers konar önnur venjuleg störf viðskiptabanka.

12. gr.

Iðnaðarbankinn hefur á hendi samkvæmt sérstökum samningi, daglegan rekstur Iðnlánasjóðs.

IV. KAFLI
Stjórn Iðnaðarbankans.

13. gr.

Með stjórn Iðnaðarbankans fara:
A. Hluthafafundir.
B. Bankaráð.
C. Bankastjórn.

A. Um hluthafafundi.

14. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum Iðnaðarbankans samkvæmt því sem lög og samþykktir þessar kveða á um. Hluthafafund skal halda í Reykjavík. Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd.

Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð gildir aldrei lengur en 5 ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla.

15. gr.

Bankaráð annast boðun til hluthafafundar. Boða skal til hluthafafundar lengst fjórum vikum og skemmst tveimur vikum fyrir fund.

Boðun skal þó vera skrifleg til allra þeirra hluthafa, sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá.

Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögur til breytingar á samþykktum, skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta, skal dagskrá, endanlegar tillögur svo og ársreikningur og skýrsla endurskoðenda sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis í aðalbanka og samtímis senda sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar.

Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki ⅔ hluta mættra hluthafa.

16. gr.

Hluthafafundi stýrir fundarstjóri. Fundurinn kýs fundarstjóra úr hópi hluthafa eða annarra fundarmanna. Formaður bankaráðs eða annar, sem bankaráð nefnir til, setur hluthafafund og stjórnar kjöri fundarstjóra.

Þegar fundur hefur verið settur, skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, er fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni.

Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir, ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

17. gr.

Hver hlutur veitir atkvæðisrétt og fylgir 1 atkvæði hverjum 250 krónum í hlutafé. Engar aðrar takmarkanir eru á atkvæðisrétti hluthafa í B flokki og annarra hlutabréfa ríkissjóðs en þær, að þeim fylgir eigi atkvæðisréttur við kosningu bankaráðs.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé mælt í lögum eða samþykktum þessum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningu, og ræður þá hlutkesti úrslitum.

18. gr.

Aðalfund hluthafa skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert, og skal til hans boðað með auglýsingu, er birt sé í Lögbirtingablaði með ekki minna en 4 vikna fyrirvara, talið frá birtingu.

Ennfremur skal birta fundarboðið með ekki minna en viku fyrirvara í útvarpi og dagblöðum.

Á dagskrá aðalfundar skal taka þessi mál fyrir og þeim ljúka þar:

1. Skýrslu bankaráðs um starfsemi Iðnaðarbankans síðastliðið starfsár.
2. Staðfestingu efnahagsreiknings og rekstrarreiknings.
3. Kosning til bankaráðs, sbr. 20. gr.
4. Kosning endurskoðenda.
5. Ákvörðun um þóknun til bankaráðs og endurskoðenda fyrir næsta kjörtímabil.
6. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs sbr. 22. gr. og 30. gr.
7. Önnur mál.

19. gr.

Aukafund skal halda, þegar bankaráð telur þess þörf. Boða skal til aukafundar innan 14 daga, ef kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

B. Bankaráð.

20. gr.

Stjórn hlutafélagsins, sem í samþykktum þessum nefnist bankaráð, skipa 5 menn og jafnmargir til vara. Iðnaðarmálaráðherra skipar tvo aðalmenn og varamenn fyrir hvorn þeirra, til eins árs í senn. Aðalfundur hluthafa kýs ár hvert með hlutfallskosningu þrjá menn og jafnmarga til vara, sem kosnir skulu sérstaklega með sama hætti og aðalmenn. Varamenn taka sæti í bankaráði eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar aðalmenn þess lista, sem þeir eru kosnir af, falla frá eða forfallast.

Skulu bankaráðsmenn vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja fundi bankaráðsins hvenær sem er. Bankaráðsmenn skulu vera lögráða menn, fjár síns ráðandi og með óflekkað mannorð en ekki þurfa þeir að vera hluthafar. Bankaráðsmenn mega ekki samtímis eiga sæti í stjórn annarra lána- eða bankastofnana, né vera starfsmenn þeirra.

21. gr.

Bankaráðið kýs sér formann og varaformann úr sínum hópi. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Formaður kallar saman fundi bankaráðs og stýrir þeim. Reglulega fundi skal að jafnaði halda tvisvar í mánuði hverjum. Aukafundi skal halda, þegar formaður eða bankaráðsmaður eða bankastjórn telur þess þörf. Fundir bankaráðs eru lögmætir, ef 3 bankaráðsmenn sækja fund. Sé fundur eigi fullskipaður þarf atkvæði 3 til gildrar ályktunar. Afl atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögmætum fyrirmælum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Það sem gerist á fundum bankaráðs, skal bókað í sérstaka gerðabók. Hver sá, sem rétt á að sitja fund bankaráðs, getur krafist þess, að bókaðar séu athugasemdir hans og ágreiningsálit. Formaður bankaráðs hefur fyrir hönd ráðsins stöðugt eftirlit með starfsemi bankans.

22. gr.

Bankaráð hefur æðstu forstöðu Iðnaðarbankans, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum þessum.

Verkefni þess eru því:

1. Að ráða bankastjóra, ákveða tölu þeirra og ráðningarkjör, setja þeim erindisbréf og veita þeim lausn.
2. Að ráða aðstoðarbankastjóra, aðalgjaldkera, aðalbókara og útibússtjóra, að fengnum tillögum bankastjórnar, setja þeim erindisbréf og veita þeim lausn.
3. Að eiga aðild að reglugerð eða heimildarsamningi um launakjör starfsmanna bankans og réttarstöðu þeirra gagnvart bankanum.
4. Að hafa eftirlit með því að endurskoðendur ræki störf sín óaðfinnanlega.
5. Að ákveða í samráði við bankastjóra innláns- og útlánsvexti, séu þeir ekki ákveðnir af stjórn Seðlabanka Íslands.
6. Að taka ákvarðanir um afskriftir af eignum bankans og gera tillögur til aðalfundar um aðra ráðstöfun á tekjuafgangi á ársreikningi.
7. Að gera tillögur um breytingar á reglugerð bankans.
8. Að skera úr ágreiningi, er upp kynni að koma milli bankastjórnar og þeirra starfsmanna bankans, sem ráðnir eru af bankaráði.
9. Að ákveða, með samþykki bankastjóra, hvar bankinn skuli hafa útibú.
10. Að ákveða að fengnum tillögum bankastjóra, hverjir starfsmenn bankans ásamt bankastjóra geti skuldbundið bankann með undirskrift sinni og kveða á um það, hverjir starfsmenn bankans geti skuldbundið hann í tilteknum málum með undirskrift sinni.
11. Að ráða fram úr öðrum málum, sem ekki eru til hluthafafunda eða bankastjóra lögð, og þeim málum, sem bankastjóri eða hluthafafundur skjóta til þess.

23. gr.

Bankaráðsmenn hafa aðgang að öllum bókum Iðnaðarbankans og skjölum. Bankaráðsmenn mega ekki gerast umboðsmenn annarra gagnvart bankanum.

24. gr.

Allt það, er bankaráðið lætur skriflega frá sér fara, skal undirritað af formanni og einum hinna bankaráðsmanna. Iðnaðarbankinn ábyrgist allar skuldbindingar, sem bankaráðið undirgengst stöðu sinni samkvæmt, fyrir hans hönd.

C. Bankastjórn.

25. gr.

Bankastjórn Iðnaðarbankans er skipuð bankastjórum hans. Bankastjórnin annast daglega stjórn bankans og stendur fyrir rekstri hans. Hún ráðstafar fé bankans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum skv. lögum bankans, samþykktum þessum, reglugerð bankans og ákvörðun bankaráðs. Bankastjórn ræður alla þá starfsmenn Iðnaðarbankans, sem bankaráðinu er eigi sérstaklega falið að ráða, skv. samþykktum bankans, og segir þeim upp. Hún undirbýr fundi bankaráðs og gefur því reglulega skýrslur um störf og hagi bankans. Bankastjórar, aðstoðarbankastjóri og útibústjórar mega ekki án leyfis bankaráðs hafa á hendi embætti eða sýslan, sem ekki er lögskylt að gegna, né reka sjálfir atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækja. Sömu aðilar mega ekki vera skuldskeyttir Iðnaðarbankanum eða útibúum hans, hvorki sem aðalskuldunautar eða ábyrgðarmenn. Bankastjórar og aðstoðarbankastjóri skulu sitja fundi bankaráðs nema fjallað sé um mál, er varðar þá sjálfa.

26. gr.

Bankaráð, endurskoðendur, bankastjórar og allir aðrir starfsmenn Iðnaðarbankans skulu skyldir að gæta fullkominnar þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna hans og þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar í þágu bankans. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

V. KAFLI

Reikningsskil, endurskoðun, skipting ágóða og varasjóður.

27. gr.

Reikningsár Iðnaðarbankans er almanaksárið. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Skal gerð ársreiknings lokið fyrir febrúarlok og skal hann lagður fyrir endurskoðendur án tafar og eigi síðar en einum og hálfum mánuði fyrir aðalfund.

Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði og bankastjórn. Hafi bankaráðsmaður eða bankastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi, skal hann undirritaður með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er. Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum.

Yfirlit yfir hag Iðnaðarbankans skal gera mánaðarlega.

28. gr.

Ársreikningurinn skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun og heiti liða. Ársreikningi skulu fylgja skýringar á einstökum liðum í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Rekstrarreikningur skal gerður þannig, að hann gefi skýra mynd af því, hvernig hagnaður eða tap reikningsársins hefur myndast. Í rekstrarreikningi skulu heildartekjur af rekstri félagsins á reikningsárinu koma fram og skulu tekjur og gjöld sundurliðuð, eftir því sem tilefni gefur til.

29. gr.

Aðalfundur hluthafa kýs hlutfallskosningu tvo endurskoðendur, til eins árs í senn. Ennfremur skal bankaráð ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til endurskoðunarstarfa. Skulu endurskoðendur hafa samráð um störf sín. Endurskoðendur skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa góða þekkingu og reynslu í bókhaldi og bankaviðskiptum. Þeir mega ekki vera í þjónustu Iðnaðarbankans að öðru leyti, bankaráðsmanna, bankastjóra eða þeirra starfsmanna, sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi bankans eða fjármálum. Endurskoðandi má heldur eigi vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn. Kjósa má endurskoðendur úr flokki hluthafa sem utan hans. Endurskoðendur skulu í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kann bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu. Bankaráð og bankastjórar skulu veita endurskoðendum aðstöðu til að framkvæma þær athuganir, sem þeir telja nauðsynlegar. Skal þeim heimill aðgangur að öllum bókum félagsins og skjölum og jafnframt skal bankaráðið og starfsmenn bankans veita þeim allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té. Fyrir marsmánaðarlok skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun á ársreikningi Iðnaðarbankans og ber þeim þá þegar að afhenda hann ásamt endurskoðunarskýrslu stjórn bankans. Hafi athugasemdir komið fram í endurskoðunarskýrslu skal bankastjórnin

í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda og skulu þau liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við bankaráð og bankastjórn, skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók, eða færa fram á skriflegan hátt. Endurskoðendur hafa rétt til að sitja hluthafafundi félagsins. Endurskoðanda og samstarfsmönnum hans er óheimilt að gefa einstökum hluthöfum eða óviðeigandi aðilum upplýsingar um hag félagsins.

30. gr.

Tekjuafgangi samkvæmt rekstrarreikningi skal varið sem hér segir:

1. Vinna skal upp eignfært tap frá fyrra ári eða árum.
2. ⅓ hluta tekjuafgangs skal ávallt leggja í varasjóð.
3. Varasjóð sbr. 108. gr. laga um hlutafélög má eigi nota til annars en að vinna upp tap á rekstri bankans eða önnur töp, er bankinn kann að verða fyrir.
4. Til arðgreiðslu samkvæmt ákvörðun aðalfundar, að fengnum tillögum bankaráðs. Arðgreiðsla er bundin eftirfarandi skilyrðum:
   a. Eigi er heimilt að greiða hærri arð en sem nemur vöxtum af almennu sparifé uns eigið fé nemur 10% af innlánsfénu.
   b. Eigi er heimilt að greiða hærri arð en um getur í a. lið þessarar gr. nema varasjóður sbr. 3. tl. nemi einum tíunda hluta af hlutafénu eða meira.

   Til arðgreiðslu má einnig nota yfirfærðan tekjuafgang frá fyrri árum og frjálsa sjóði, sbr. þó ákv. a. liðar 4. tölul. þessarar gr.
5. Til annars samkvæmt ákvörðun aðalfundar að fengnum tillögum bankaráðs.

VI. KAFLI

Um breytingar á samþykktum félagsins.

31. gr.

Samþykktum félagsins má breyta á löglegum aðalfundi, þar sem staddir eru hluthafar, er umráð hafa yfir að minnsta kosti ⅔ atkvæða, og sé breytingin samþykkt með ⅔ atkvæða að minnsta kosti. Hafi eigi verið á fundinum svo margir hluthafar, en breytingin samþykkt með ⅔ atkvæða skal halda fund aftur innan mánaðar. Skal til hans boðað á venjulegan hátt, og það tekið fram, að til fundarins sé boðað af því að eigi hafi verið nægilega margir á hinum fyrri. Séu á þeim fundi ⅔ greiddra atkvæða með breytingunni, öðlast hún gildi, hvort sem margir eða fáir hafa sótt fundinn.

32. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um breytingar á samþykktum þessum. Fundur sá, sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda. Gæta skal í hvívetna ákvæða XIV. kafla laga um hlutafélög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. sbr. 1. mgr. 17. gr. koma ekki til framkvæmda, fyrr en núverandi hlutabréf í bankanum hafa verið innkölluð og gefin út ný hlutabréf í samræmi við ákvæði greinarinnar.

Þegar ný hlutabréf hafa verið gefin út eftir gjaldmiðilsbreytingu hinn 1. janúar 1981, breytist nafnverð hlutabréfa í samræmi við ákvæði þeirra laga. Er bankaráði þá heimilt að ákveða að nýju stærðir hluta í bankanum.

Jöfnum höndum breytist 1. mgr. 17. gr. um atkvæðisrétt.

Þannig samþykkt á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands h.f., hinn 31. mars 1979 og 29. mars 1980.

Í bankaráði Iðnaðarbanka Íslands h. f.

Gunnar J. Friðriksson. **Þórður Gröndal.** **Kristinn Guðjónsson.**
Kjartan Ólafsson. **Sigurður Magnússon.**

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með sem samþykktir fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f. Jafnframt eru úr gildi fallnar samþykktir nr. 434, 22. september 1975 fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f.

Iðnaðarráðuneytið, 5. desember 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Jafet S. Ólafsson.

5. desember 1980. Nr. 616.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 435 frá 22. september 1975 fyrir Iðnaðarbanka Íslands h.f.

1. gr.

1. gr. hljóði svo:

Iðnaðarbanki Íslands h.f. er stofnaður samkvæmt heimild í lögum nr. 113 frá 29. desember 1951.

Bankinn er hlutafélag og hlutafé hans að minnsta kosti 1 000 milljónir króna. Heimilt er lögmætum aðalfundi að auka hlutaféð, sbr. lög nr. 31. frá 27. apríl 1963, samkvæmt ákvæðum 4. gr. A og gefa út jöfnunarhlutabréf samkvæmt ákv. 4. gr. D samþykkta bankans.

Með yfirstjórn bankans fer fundur hluthafa, svo sem segir í samþykktum félagsins, bankaráð sem kosið er á aðalfundi bankans og bankastjórn, sem bankaráð ræður.

2. gr.

47. gr. hljóði svo:

Reikningsár Iðnaðarbankans er almanaksárið. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Skal gerð ársreiknings lokið fyrir febrúarlok og skal hann lagður fyrir endurskoðendur án tafar og eigi síðar en einum og hálfum mánuði fyrir aðalfund.

Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði og bankastjórn. Hafi bankaráðsmaður eða bankastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi, skal hann undirritaður með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er. Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum.

Yfirlit yfir hag Iðnaðarbankans skal gera mánaðarlega.

3. gr.

49. gr. hljóði svo:

Aðalfundur hluthafa kýs hlutfallskosningu tvo endurskoðendur, til eins árs í senn. Ennfremur skal bankaráð ráða endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til

endurskoðunarstarfa. Skulu endurskoðendur hafa samráð um störf sín. Endurskoðendur skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa góða þekkingu og reynslu í bókhaldi og bankaviðskiptum. Þeir mega ekki vera í þjónustu Iðnaðarbankans að öðru leyti, bankaráðsmanna, bankastjóra eða þeirra starfsmanna, sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi bankans eða fjármálum. Endurskoðandi má heldur eigi vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn. Kjósa má endurskoðendur úr flokki hluthafa sem utan hans. Endurskoðendur skulu í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti, er varða rekstur og stöðu. Bankaráð og bankastjórar skulu veita endurskoðendum aðstöðu til að framkvæma þær athuganir, sem þeir telja nauðsynlegar. Skal þeim heimill aðgangur að öllum bókum félagsins og skjölum og jafnframt skal bankaráðið og starfsmenn bankans veita þeim allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té. Fyrir marsmánaðarlok skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun á ársreikningi Iðnaðarbankans og ber þeim þá þegar að afhenda hann ásamt endurskoðunarskýrslu stjórn bankans. Hafi athugasemdir komið fram í endurskoðunarskýrslu skal bankastjórnin í síðasta lagi 2 vikum fyrir aðalfund hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðenda og skulu þau liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við bankaráð og bankastjórn skal skrá í sérstaka endurskoðunarbók, eða færa fram á skriflegan hátt. Endurskoðendur hafa rétt til að sitja hluthafafundi félagsins. Endurskoðanda og samstarfsmönnum hans er óheimilt að gefa einstökum hluthöfum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag félagsins.

4. gr.

50. gr. til 54. gr. falli niður.

5. gr.

55. gr. til 64. gr. verði 50. gr. til 59. gr.

6. gr.

65. gr. hljóði svo:

Breyting á reglugerð þessari 3. desember 1980 var samþykkt á aðalfundum Iðnaðarbanka Íslands h. f. hinn 31. mars 1979 og 29. mars 1980.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 5. desember 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Jafet S. Ólafsson.

Nr. 617. 18. desember 1980.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

1. gr.

Á eftir 12. gr. reglugerðarinnar komi svohljóðandi grein.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn sjóðsins hefur stofnað til nýrra lánaflokka vegna breytinga á vanskilum lána þilfarsskipa og fiskvinnslustöðva úr sjóðnum í föst lán og er ákvæði þetta sett til staðfestingar þessara flokka og skilmála þeirra.

Sjóðsstjórn ákveður fjárhæð hvers einstaks skuldbreytingaláns, en þó skal lán aldrei vera hærra en sem nemur vanskilum lána hvers einstaks skips eða fiskvinnslustöðvar úr sjóðnum annarra en konverteringarlána og hagræðingarlána 31. des. 1980 að frádregnum þeim greiðslum sem lögboðið eða umsamið er að borist hafi fyrir þann dag svo og að frádreginni samtölu þeirra afborgana viðkomandi lána, sem fallið hafa í gjalddaga á síðara misseri ársins 1980. Skilyrði þess að aðili eigi kost á slíku láni, er að ljóst sé, að viðkomandi fiskiskip eða fiskvinnslustöð verði í eðlilegum rekstri og að greiðslur viðkomandi skips í Stofnfjársjóð fiskiskipa verði auknar með samningum eða, að viðkomandi fiskvinnslustöð semji um greiðslur til sjóðsins á tilteknum hundraðshluta af skilaverði útfluttra sjávarafurða í það mark, sem sjóðsstjórn telur nægjanlegt hverju sinni.

Lán þessi skulu tryggð með 1. samhliða veðrétti í viðkomandi fiskiskipi eða með veði í viðkomandi fiskvinnslustöð, ásamt vélum og búnaði, innan 60% af matsverði hins veðsetta. Heimilt er stjórn sjóðsins þó að krefjast frekari tryggingar, ef hún telur það nauðsynlegt.

Lánskjör skulu vera þau sömu sem í gildi verða á almennum skipalánum og fasteignalánum í sjóðnum á afgreiðsludegi lána þessara.

Lánin skulu að jafnaði endurgreiðast á 5 árum, en skulu þó eigi vera til lengri tíma en 7 ára og eigi skemmri en til 3 ára. Gjalddagar lánanna skulu vera 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Fyrsta afborgun skal þó ekki falla í gjalddaga fyrr en 1. maí 1982. Af lánum þessum skal greiða 0.5% lántökugjald.

Umsóknir um lán þessi skulu hafa borist sjóðnum eigi síðar en 25. janúar 1981 og skal að því stefnt, að öllum skuldbreytingum samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu verði lokið fyrir 15. apríl 1981.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44, 25. maí 1976 um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. desember 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Jón L. Arnalds.

19. desember 1980. Nr. 618.

AUGLÝSING

um tollafgreiðslugengi.

Með vísan til auglýsingar nr. 427/1978 um tollafgreiðslugengi tilkynnir ráðuneytið hér með, að það sölugengi nýkrónu sem skráð verður í erlendri mynt af Seðlabanka Íslands á hádegi hinn 30. desember n. k. og gildi tekur 1. janúar 1981

skal gilda við ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru fyrir janúarmánuð 1981. Að öðru leyti gilda ákvæði tilvitnaðrar auglýsingar áfram óbreytt.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 19. desember 1980.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Nr. 619. 19. desember 1980.

REGLUGERÐ

um gjaldmiðilsskipti 2. janúar 1981.

1. gr.

Bönkum og sparisjóðum er heimilt, með hliðsjón af 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um gjaldmiðilsbreytingu nr. 253/1980 að annast gjaldmiðilsskipti, þ. e. að skipta gömlum krónum í nýjar krónur, 2. janúar 1981, þótt þeir séu að öðru leyti lokaðir þann dag.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 9. gr. laga nr. 35 29. maí 1979, um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, öðlast gildi 1. janúar 1981.

Viðskiptaráðuneytið, 19. desember 1980.

F. h. r.
Þórhallur Ásgeirsson.

Björn Líndal.

Nr. 620. 11. desember 1980.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 394/1980 um uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiða hreyfihamlaðra.

1. gr.

5. gr. hljóði svo:

Uppbót skal á fyrri helming ársins 1981 nema nýkr. 1 000 og vera hin sama handa öllum þeim er hennar njóta.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 1. gr. laga nr. 36/1980 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. desember 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, sbr. breytingar nr. 177/1978, 178/1978 og 462/1979.

1. gr.

c. liður 127. gr. hljóði svo:

Eigendur raforkuvera og rafveitna skulu greiða Rafmagnseftirliti ríkisins rafveitueftirlitsgjald sem nemur 1.2% af heildarandvirði raforkusölu þeirra og heildarendurgjaldi fyrir leigu mælitækja að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku, söluskatti, orkujöfnunargjaldi og verðjöfnunargjaldi.

Orkustofnun annast innheimtu rafveitueftirlitsgjalds fyrir hönd Rafmagnseftirlits ríkisins. Sérhver gjaldskyldur aðili skal ótilkvaddur skila skýrslu til Orkustofnunar mánaðarlega ásamt greiðslu þar sem greint er frá fjárhæð raforkusölu til kaupenda í síðasta almanaksmánuði, mælaleigu, aðkeyptri raforku, söluskatti, orkujöfnunargjaldi, verðjöfnunargjaldi og endurgreiðslu fyrir ofgreidda raforku eftir atvikum, svo og fjárhæð rafveitueftirlitsgjalds sem inna ber af hendi. Skýrslan skal undirrituð af þeim aðila, manni eða mönnum, sem heimild hafa til að skuldbinda gjaldskylda aðila, eða öðrum þeim, sem til þess hafa sérstakt umboð eða umboð samkvæmt stöðu sinni. Skýrslunni skal skilað í fjórriti og áritar Orkustofnun eitt afritið um móttöku skýrslunnar og dagsetningu móttöku. Skili gjaldskyldur aðili ekki skýrslu á réttum tíma skal Orkustofnun áætla orkusölu þess aðila á grundvelli raforkusölu síðustu 12 mánaða og annarra atriða er máli skipta.

Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku sem þar er unnin eða verulegan hluta hennar og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu og má þá miða gjaldið við áætlaða orkunotkun, málafl rafala í raforkuveri eða við kostnað af eftirlitinu og greiðist Rafmagnseftirliti ríkisins samkvæmt reikningi þess.

d. liður 127. gr. hljóði svo:

Greiða skal Rafmagnseftirliti ríkisins gjald fyrir eftirlit þess með uppsetningu nýrra raforkuvirkja og raforkuvirkja á byggingarsvæðum. Skal miða gjaldið við kostnað af eftirlitinu og greiðast Rafmagnseftirlitinu samkvæmt reikningi þess.

e. liður 127. gr. hljóði svo:

Gjalddagi rafveitueftirlitsgjalds er 15. dagur næsta mánaðar eftir sölumánuð. Gjalddagi reikninga fyrir eftirlitsgjöld skv. þessari grein er 2 vikur eftir póstlagningu þeirra með ábyrgðarbréfi. Eindagi er 10 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir.

Séu eftirlitsgjöld skv. þessari grein eigi greidd á eindaga falla á hæstu leyfilegir dráttarvextir á hverjum tíma fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá gjalddaga. Eftirlitsgjöld og dráttarvexti má taka lögtaki skv. l. nr. 29/1885.

Ágreining um gjaldskyldu eða gjaldstofn skv. þessari grein má bera undir ráðherra orkumála.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 9. gr. laga nr. 60/1979 og öðlast gildi 1. janúar 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 18. desember 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

um notkun litarefna í lyfjum.

Frá og með 1. janúar 1983 er notkun azo-litarefna í lyfjum óheimil hér á landi. Eftirtalin azo-litarefni eru notuð í sérlyfjum, sem skráð eru hér.

1. Allura Red AC CI 16035
2. Amaranth CI 16185 E 123
3. Azo Rubin CI 14720 E 122
4. Brilliant Black BN Special Pure CI 28440 E 151
5. D & C Red No. 17 CI 26100
6. Fast Yellow AB CI 13015 E 105
7. Pigment Brown CI 12480
8. Pigment Yellow CI 11680
9. Ponceau 4R CI 16255 E 124
10. Ponceau 6R CI 16290 E 126
11. Red 10B CI 17200
12. Scarlat Red CI 26105
13. Sunset Yellow FCF CI 15985 E 110
14. Tartrazine CI 19140 E 102.

Önnur azo-litarefni hafa CI-númer 11 000—36 999 (CI = Colour Index).
Auglýsing þessi er birt með stoð í ákvæðum lyfjalaga nr. 49/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1980.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingólf J. Petersen.

Nr. 623. 8. desember 1980.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 94/1979.

Um framlög atvinnurekenda til lífeyristrygginga skv. 20. gr., sbr. 25. gr., og iðgjöld til slysatrygginga skv. 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög nr. 59/1978.

1. gr.

3. gr. orðist svo:
Lífeyristryggingaiðgjald skal á árinu 1980 vera 2% af gjaldstofni ársins 1979, samkv. 2. gr.

2. gr.

7. gr. orðist svo:
Gjald fyrir tryggingu íþróttamanna, sbr. 29. gr. f-lið, skal fyrir árið 1980 nema 4 000 000.00 kr. alls og greiðast að jöfnu af Íþróttasambandi Íslands og ríkissjóði. Fyrir tryggingar, sem greinir í e-lið sömu greinar, kemur ekkert gjald.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. og 65. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 58/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. desember 1980.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

11. desember 1980. Nr. 624.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 129/1971 um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna ásamt breytingu nr. 5/1973.

1. gr.

Ný grein, er verði 10. gr. orðist svo:

VATNSBLÖNDUN METANÓLS

10. gr.

Heimilt er olíuinnflytjendum að selja sem eldsneyti á flugför vatnsblöndur metanóls án þess, að til kaupanna þurfi sérstök leyfi, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 131/1971 um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa. Heimildin er bundin því skilyrði, að þessar vatnsblöndur metanóls séu tryggilega geymdar og afgreiddar beint í sérstaka geyma í flugförum.

Seljandi skal færa upplýsingar um selt magn metanóls í þar til gerða sölubók, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggur til, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 419/1976 um breytingu á reglugerð nr. 132/1971 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

2. gr.

10. gr. verði 11. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 16. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. desember 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

20. nóvember 1980. Nr. 625.

AUGLÝSING

um breyting á reglum nr. 49/1965 með breytingu samkvæmt auglýsingu nr. 32/1966, um starfsemi Íslenskrar málnefndar.

2. gr. reglnanna orðist þannig: Í Íslenskri málnefnd skulu eiga sæti fimm menn, skipaðir af menntamálaráðherra. Skulu a. m. k. tveir þeirra vera kennarar í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands eða starfsmenn við stofnanir háskólans.

A. m. k. einn nefndarmanna skal hafa lokið háskólaprófi í íslenskri málfræði sem sérgrein. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Skipunartími nefndarinnar er 4 ár.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 20. nóvember 1980.

Ingvar Gíslason.

Árni Gunnarsson.

Nr. 626. 3. nóvember 1980.

AUGLÝSING

um umferð í Bolungarvík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Bolungarvíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Við vesturbrún Hafnargötu, frá horni Brimbrjótsgötu norður að mótum Hafnargötu og Aðalstrætis, eru bifreiðastöður takmarkaðar við 30 mínútur.
2. Við austurbrún Hafnargötu eru bifreiðastöður bannaðar frá horni Brimbrjótsgötu norður að bifreiðastæðum vestan frystihúss.
3. Á Vitastíg (beggja vegna götunnar) frá Hafnargötu að Aðalstræti eru bifreiðastöður takmarkaðar við 30 mínútur.
4. Bifreiðastöður eru bannaðar á Þuríðarbraut (beggja vegna götunnar) frá Hólsárbrú að gatnamótum sunnan við bensínstöð Olíufélagsins Skeljungs hf.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Bolungarvík 3. nóvember 1980.

Halldór Kristinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 62 — 1980

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 24. desember 1980 nema kr. 123.72 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 24. desember 1980. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 511/1980 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 24. desember 1980, skal greiða kr. 11.25 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá, er á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni eða meira þann 24. desember 1980, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna, er fram fór fyrir 24. desember 1980.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 511/1980 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Stjórnartíðindi B 62, nr. 627. Útgáfudagur 23. desember 1980.

B 126

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 63 — 1980

Nr. 628. 1002 30. desember 1980.

REGLUGERÐ

um jöfnunargjald.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 3% jöfnunargjald. Gjaldið skal lagt á tollverð innfluttra vara er um getur í 2. gr. reglugerðar þessarar með þeim undantekningum sem leiðir af ákvæðum 4. gr.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. skal innheimt með aðflutningsgjöldum við tollafgreiðslu á innfluttum vörum sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. lög nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum:

05.04.00	17.04.06	23.01.10	32.09.43
05.15.00	17.04.09	23.01.20	32.09.49
14.02.00	18.06.03	24.02.32	32.11.00
14.03.00	18.06.04	25.05.00	32.12.00
14.05.00	18.06.05	25.12.01	33.04.03
15.04.10	18.06.06	25.13.01	33.06.01
15.04.20	18.06.09	25.16.00	33.06.03
15.04.30	19.02.01	25.17.01	33.06.05
15.05.00	19.02.02	25.17.09	33.06.07
15.06.00	19.07.01	25.22.01	33.06.11
15.12.09	19.07.02	25.23.00	34.01.01
16.03.00	19.07.09	26.03.00	34.01.02
16.04.01	19.08.01	28.04.11	34.01.03
16.04.02	19.08.02	28.04.12	34.01.04
16.04.03	19.08.03	28.04.13	34.01.05
16.04.04	19.08.04	28.09.00	34.01.09
16.04.05	19.08.09	28.13.01	34.02.05
16.04.06	20.02.01	28.16.00	34.02.06
16.04.07	21.02.11	29.01.41	34.02.07
16.04.08	21.03.00	30.03.13	34.02.08
16.04.09	21.04.01	30.03.23	34.02.09
16.04.11	21.04.02	30.03.33	34.05.01
16.04.12	21.04.09	30.03.43	34.05.02
16.04.19	21.05.19	32.09.10	34.06.00
16.05.01	21.05.29	32.09.21	35.01.00
16.05.02	21.06.02	32.09.22	35.03.01
16.05.03	21.07.02	32.09.23	35.06.01
16.05.04	22.01.01	32.09.24	35.06.09
16.05.09	22.02.01	32.09.25	36.05.00
17.04.01	22.02.09	32.09.29	38.18.00
17.04.03	22.03.01	32.09.31	38.19.33
17.04.04	22.03.09	32.09.39	39.01.23
17.04.05	22.08.00	32.09.41	

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

39.01.26	40.07.00	44.28.84	53.10.10
39.01.33	40.08.01	44.28.87	53.10.20
39.01.34	40.13.02	44.28.88	53.12.00
39.01.36	40.13.09	44.28.94	54.03.00
39.01.43	40.14.03	46.02.01	54.04.00
39.01.53	40.14.11	46.02.02	54.05.01
39.01.64	41.01.11	46.03.01	54.05.09
39.01.95	41.01.19	48.05.20	55.07.10
39.01.97	41.01.20	48.05.41	55.07.20
39.02.13	41.01.30	48.07.39	55.08.10
39.02.14	41.01.40	48.07.42	55.08.20
39.02.15	41.01.50	48.07.44	56.06.10
39.02.23	41.01.60	48.07.47	56.06.20
39.02.25	41.02.10	48.14.04	56.06.30
39.02.34	41.03.00	48.15.10	57.07.09
39.02.35	41.04.00	48.15.34	58.01.10
39.02.36	41.05.01	48.15.35	58.01.20
39.02.44	41.05.09	48.16.04	58.02.10
39.02.47	41.09.00	48.16.05	58.02.20
39.02.61	42.01.00	48.16.06	58.02.30
39.02.64	42.02.10	48.16.07	58.02.40
39.02.75	42.02.20	48.16.11	58.02.50
39.02.93	42.02.30	48.16.12	58.02.60
39.02.99	42.02.41	48.16.19	58.02.70
39.03.12	42.02.49	48.18.00	58.02.80
39.03.13	42.03.01	48.19.01	58.02.90
39.03.33	42.03.02	48.19.09	58.03.00
39.03.34	42.03.09	48.21.21	58.07.01
39.03.53	42.04.00	48.21.31	58.07.02
39.03.54	43.01.10	48.21.32	58.08.09
39.03.81	43.01.20	48.21.40	58.09.00
39.03.82	43.02.01	48.21.53	58.10.00
39.07.11	43.02.09	48.21.55	59.01.02
39.07.13	43.03.01	48.21.56	59.02.10
39.07.14	43.03.09	48.21.57	59.02.22
39.07.15	43.04.09	49.01.01	59.03.09
39.07.16	44.13.21	49.07.09	59.04.02
39.07.17	44.13.29	49.08.00	59.04.09
39.07.18	44.19.00	49.09.00	59.05.09
39.07.19	44.20.00	49.10.00	59.06.01
39.07.35	44.21.00	49.11.19	59.07.09
39.07.40	44.23.01	49.11.29	59.12.09
39.07.46	44.23.02	50.04.00	60.01.10
39.07.47	44.23.03	50.05.00	60.01.21
39.07.62	44.23.04	50.07.00	60.02.01
39.07.63	44.23.09	50.09.00	60.02.02
39.07.66	44.24.00	51.03.10	60.02.09
39.07.67	44.25.01	51.03.20	60.03.01
39.07.69	44.25.03	51.04.21	60.03.02
39.07.71	44.27.01	52.01.00	60.03.03
39.07.77	44.27.02	52.02.00	60.03.04
39.07.79	44.27.09	53.09.00	60.03.05
39.07.81	44.28.83		60.03.09

60.04.10	61.02.10	62.02.10	73.21.02
60.04.15	61.02.15	62.02.20	73.21.03
60.04.20	61.02.20	62.02.30	73.21.04
60.04.25	61.02.25	62.02.40	73.21.05
60.04.30	61.02.30	62.02.50	73.21.06
60.04.35	61.02.35	62.02.60	73.21.09
60.04.40	61.02.40	62.02.71	73.22.01
60.04.45	61.02.45	62.02.79	73.22.09
60.04.50	61.02.50	62.02.81	73.23.01
60.04.61	61.02.55	62.02.89	73.23.03
60.04.69	61.02.60	62.03.01	73.23.09
60.05.05	61.02.65	62.03.02	73.27.01
60.05.10	61.02.70	62.03.09	73.31.01
60.05.15	61.02.75	62.04.11	73.31.09
60.05.20	61.02.80	62.04.12	73.37.01
60.05.25	61.02.85	62.04.19	73.37.02
60.05.30	61.02.91	62.04.21	73.37.09
60.05.35	61.02.92	62.04.22	73.38.21
60.05.40	61.02.93	62.04.29	73.38.22
60.05.45	61.02.95	62.05.11	73.40.45
60.05.50	61.02.96	62.05.19	73.40.46
60.05.55	61.02.97	63.01.00	73.40.48
60.05.60	61.02.98	63.02.00	73.40.49
60.05.65	61.03.10	64.01.09	73.40.51
60.05.70	61.03.20	64.02.01	73.40.55
60.05.75	61.03.30	64.02.02	74.19.03
60.05.81	61.03.41	64.02.05	74.19.05
60.05.82	61.03.49	64.02.09	75.06.01
60.05.89	61.03.51	64.03.00	76.01.10
60.06.10	61.03.59	64.04.00	76.01.20
60.06.21	61.03.61	65.03.00	76.03.01
60.06.22	61.03.69	65.05.00	76.08.00
60.06.29	61.04.11	65.06.02	76.09.00
61.01.05	61.04.12	68.01.00	76.10.02
61.01.10	61.04.19	68.02.01	76.10.04
61.01.15	61.04.21	68.02.03	76.10.09
61.01.20	61.04.22	68.02.09	76.16.02
61.01.25	61.04.29	68.08.01	76.16.03
61.01.30	61.04.31	68.11.01	76.16.07
61.01.35	61.04.32	68.11.09	76.16.09
61.01.40	61.04.39	68.15.00	76.16.11
61.01.45	61.05.00	68.16.02	76.16.12
61.01.50	61.06.00	69.06.00	82.01.02
61.01.55	61.07.00	69.13.01	83.03.01
61.01.60	61.09.10	69.13.09	83.06.01
61.01.65	61.09.21	70.07.01	83.07.04
61.01.70	61.09.29	70.08.00	83.07.05
61.01.75	61.10.00	70.09.00	83.07.09
61.01.80	62.01.10	70.14.01	83.13.02
61.01.85	62.01.20	71.12.00	83.14.00
61.01.90	62.01.30	71.16.00	84.11.41
61.01.95	62.01.40	73.13.51	84.11.42
61.02.05	62.01.50	73.21.01	84.12.00

84.15.33	85.12.53	94.03.11	94.04.00
84.15.39	85.19.17	94.03.12	96.01.01
84.17.23	85.19.19	94.03.13	96.01.03
84.22.12	87.05.01	94.03.14	96.01.05
84.22.31	87.05.02	94.03.15	96.01.07
84.22.61	87.05.09	94.03.19	96.01.09
84.22.62	87.06.01	94.03.21	97.02.00
84.30.15	89.01.20	94.03.22	97.03.00
85.01.21	89.01.59	94.03.23	97.04.03
85.01.71	89.01.69	94.03.24	97.07.02
85.01.79	94.01.13	94.03.29	97.07.09
85.04.10	94.01.14	94.03.31	98.02.09
85.12.51	94.01.19	94.03.32	98.07.00
85.12.52	94.01.20	94.03.39	98.12.00

Jöfnunargjald skv. 1. gr. skal einnig lagt á innfluttar vörur sem falla undir önnur tollskrárnúmer en talin eru upp í 1. mgr. þessarar greinar og tollar hafa verið lækkaðir á eða felldir niður af samkvæmt heimild í 13. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum til samræmingar á tollum af vörum þessum við tolltaxta þeirra tollskrárnúmera sem upp eru talin í 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Við innflutning gjaldskyldrar vöru skv. 1. gr. skal gjald samkvæmt reglugerð þessari lagt á tollverð (cif-verð) vöru eins og það er ákveðið samkvæmt þar að lútandi ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum. Gjöld sem kunna að vera lögð á vöru við innflutning samkvæmt ákvæðum annarra laga en laga um jöfnunargjald teljast eigi gjaldstofn við útreikning á gjaldi samkvæmt reglugerð þessari, sbr. þó 2. mgr.

Nú er vara flutt inn til eigin nota eða neyslu innflytjanda og söluskattur innheimtur við tollafgreiðslu og skal þá gjald skv. 1. gr. reiknast sem hluti söluskattsstofns.

4. gr.

Af vörum sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr. tollskrárlaga eða undanþegnar hafa verið tolli að öllu leyti samkvæmt ákvæðum 3. gr. tollskrárlaga, og án tillits til uppruna, eða samkvæmt öðrum lögum skal ekki innheimta gjald skv. 1. gr. reglugerðar þessarar. Sama skal gilda við tollafgreiðslu á innfluttum vörum sem tollur hefur verið lækkaður á samkvæmt heimild í 11. tl. 3. gr. tollskrárlaga.

Reglur um endurgreiðslur tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða sem settar eru samkvæmt heimild í 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga skulu gilda um framkvæmd endurgreiðslu jöfnunargjalds, eftir því sem við geta átt, þ. á m. um lágmarksfjárhæð endurgreiðslubeiðni, með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæði 2. málsl. þessarar málsgreinar. Heildarendurgreiðsluprósenta vegna nýsmíði skipa og báta skal vera 0,25% vegna álagningar jöfnunargjalds sem endurgreitt skal með sama hætti og tollur og í þeim áföngum sem reglur settar skv. 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga kveða á um. Af efni, vélum og tækjum til skipaviðgerða skal jöfnunargjald endurgreitt að fullu. Endurgreiðslur jöfnunargjalds vegna nýsmíði skipa og báta sem smíði var hafin á fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skulu miðaðar við þá smíðaáfanga sem lokið er við eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Sama skal gilda, eftir því sem við getur átt, um endurgreiðslur jöfnunargjalds vegna viðgerða eða endurbóta á skipum og bátum.

Reglur um endurgreiðslu tolla af ýmsum efnivörum í útflutningsvörur sem settar eru samkvæmt heimild í 11. tl. 3. gr. tollskrárlaga skulu gilda eftir því sem við geta átt um endurgreiðslur jöfnunargjalds af sömu vörum.

5. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, lögveð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjald samkvæmt reglugerð þessari skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og auglýsinga settra samkvæmt þeim.

6. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar gjalds samkvæmt reglugerð þessari verð á birgðum vöru sem gjaldið hefur ekki verið greitt af.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar gilda ákvæði laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með áorðnum breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 3. og 4. gr. laga nr. 78 23. desember 1980 um jöfnunargjald og öðlast gildi frá og með 1. janúar 1981.

Reglugerð nr. 276 14. júní 1979, um jöfnunargjald og sérstakt tímabundið aðlögunargjald, sbr. reglugerð nr. 518 28. desember 1979 um breyting á henni fellur úr gildi frá og með 1. janúar 1981 samkvæmt ákvæðum laga nr. 83 18. maí 1978 um jöfnunargjald og lögum nr. 58 31. maí 1979 um sérstakt tímabundið aðlögunargjald sem falla úr gildi á sama tíma. Ákvarðanir fjármálaráðuneytisins um niðurfellingu jöfnunargjalds og sérstaks tímabundins aðlögunargjalds samkvæmt heimildum í ofangreindum lögum skulu þó gilda áfram eftir því sem við geta átt um niðurfellingu jöfnunargjalds samkvæmt reglugerð þessari.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um sérstakt tímabundið vörugjald.

I. KAFLI

Sérstakt vörugjald.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð hér á landi.

Gjaldið skal greitt í tveimur gjaldflokkum samkvæmt ákvæðum 2. gr. Við vöruflokkun til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. skal greitt í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald:

03.01.11	08.12.01	11.02.32	17.03.09
04.06.00	08.12.02	11.04.00	17.04.01
04.07.00	08.12.03	11.05.01	17.04.03
05.13.00	08.12.09	11.05.09	17.04.04
06.02.01	08.13.00	11.08.01	17.04.05
06.02.09	09.03.00	11.08.02	17.04.06
06.04.01	09.04.00	11.08.03	17.04.09
06.04.09	09.05.00	11.08.09	18.06.04
07.02.00	09.06.00	11.09.00	18.06.05
07.03.00	09.07.00	13.03.03	18.06.06
07.04.00	09.08.00	17.01.10	18.06.09
07.06.00	09.09.00	17.01.21	19.02.09
08.01.50	09.10.10	17.01.22	19.03.00
08.01.60	09.10.20	17.01.25	19.04.01
08.01.79	11.01.23	17.01.26	19.04.09
08.03.00	11.01.24	17.02.01	19.05.00
08.04.21	11.01.25	17.02.02	19.07.01
08.04.22	11.02.10	17.02.03	19.07.02
08.10.00	11.02.29	17.02.09	19.07.09
08.11.00	11.02.31	17.03.02	19.08.01

19.08.02
19.08.03
19.08.04
19.08.09
20.01.00
20.02.02
20.02.03
20.02.04
20.02.05
20.02.06
20.02.07
20.02.08
20.02.09
20.03.00
20.04.00
20.05.01
20.05.02
20.05.03
20.05.09
20.06.10
20.06.20
20.07.11
20.07.19
20.07.20
20.07.30
20.07.40
20.07.50
20.07.60
20.07.70
21.07.04
21.07.05
21.07.06
21.07.07
21.07.08
21.07.11
21.07.12
21.07.19
22.01.01
22.02.01
22.02.09
22.03.01
22.03.09
22.10.00
25.01.01
27.08.20
29.04.50
30.03.44
30.05.00
34.07.00
36.02.00
36.04.00
38.14.00
38.19.31
38.19.32
38.19.35
39.01.25
39.01.35
39.01.44
39.01.45
39.01.54
39.01.69
39.01.79
39.01.89
39.01.96
39.02.16
39.02.24
39.02.37
39.02.45
39.02.46
39.02.48
39.02.52
39.02.62
39.02.63
39.02.65
39.02.67
39.02.73
39.02.94
39.03.14
39.03.35
39.03.55
39.03.83
39.04.09
39.05.09
39.06.29
39.07.12
39.07.36
39.07.39
39.07.49
39.07.64
39.07.65
39.07.73
39.07.74
39.07.78
40.08.02
40.09.09
40.11.10
40.11.20
40.11.40
40.11.50
40.11.61
40.11.69
40.12.00
40.13.01
40.14.06
40.14.08
41.06.00
42.03.03
42.05.03
42.06.00
44.03.42
44.03.49
44.04.10
44.04.20
44.09.23
44.09.29
44.13.11
44.13.19
44.22.09
44.25.09
45.02.00
45.03.09
45.04.02
48.05.10
48.05.49
48.07.31
48.07.45
48.07.46
48.10.00
48.11.00
48.12.00
48.13.00
48.15.31
48.15.32
48.21.10
48.21.52
58.01.10
58.01.20
58.02.10
58.02.20
58.02.30
58.02.40
58.02.50
58.02.60
58.02.70
58.02.80
58.02.90
58.03.00
59.02.10
59.06.02
59.08.01
59.10.00
59.11.02
59.11.09
59.12.09
59.15.00
62.05.01
62.05.04
62.05.05
62.05.07
65.01.00
65.02.00
65.07.00
66.01.00
66.02.00
66.03.00
68.03.00
68.04.00
68.06.00
68.07.00
68.08.09
68.10.01
68.12.01
68.12.02
68.14.00
68.16.01
69.04.00
69.05.00
69.07.00
69.08.00
69.09.00
69.10.00
69.11.00
69.12.00
70.11.00
70.12.00
70.14.02
70.15.00
70.16.00
70.17.09
70.18.00
70.20.20
70.20.32
73.10.12
73.10.13
73.10.21
73.17.00
73.18.19
73.18.22
73.18.29
73.20.02
73.20.03
73.20.09
73.23.02
73.24.00
73.25.01
73.25.09

73.26.00
73.27.01
73.27.02
73.27.09
73.29.02
73.29.09
73.32.00
73.33.00
73.34.01
73.34.09
73.35.09
73.36.11
Nú er bifreið eða festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfður heildarþungi nýtist ekki til fulls og á þá eigandi rétt á að gjaldskylda sé miðuð við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd. Slík þyngd er hér eftir nefnd skráð þyngd. Skráð þyngd, sem skattur er greiddur af, skal aldrei vera minni en 13 000 kg sé um bifreið að ræða en 6000 kg sé um vagn að ræða. Skráð þyngd, sem greiðsla er miðuð við, má og aldrei vera minni en eigin þyngd bifreiðar eða vagns og ekki skal slík skráning vera til skemmri tíma en 12 mánaða. Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hver sé skráð þyngd samkvæmt þessari grein.

Bifreiðaeftirlit ríkisins færir upplýsingar um skráða þyngd í skráningarskírteini. Að lokinni færslu í skráningarskírteini og álestri á ökumæli bifreiðar miðast þungaskattur við hina skráðu þyngd. Nú verður uppvíst að heildarþyngd bifreiðar er meiri en hin skráða þyngd og skal þá heimild til notkunar skráðrar þyngdar þegar afmáð úr skráningarskírteini og skal notkun skráðrar þyngdar þá ekki heimiluð næstu fjögur árin.

5. gr.

Bifreiðar erlendra sendisveita eru undanþegnar gjaldi skv. 3. gr. svo og bifreiðar erlendra ræðismanna ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. a-lið 3. gr. með eftirtöldum skilyrðum:

a. Þeir lýsi því yfir að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.
b. Þeir sanni með vottorði hlutaðeigandi skattstjóra, að eigandi bifreiðarinnar hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri. Heimilt er þó að víkja frá ákvæði þessa stafliðar ef heildartekjur samkvæmt landbúnaðarframtali næstliðins árs eru hærri en tekjur vísitölubús.

6. gr.

Gjalddagi skatts, sem um ræðir í a- og b-liðum 3. gr., er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreiðin er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heilan mánuð þannig að 15 dagar eða fleiri teljist heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa) án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Þungaskattur skv. c- og d-lið 3. gr. skal innheimtur ársþriðjungslega eftir á og er gjalddagi skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október en eindagi síðasti dagur sömu mánaða. Skal skatturinn innheimtast fyrir hvern ársþriðjung þar sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Í lok hvers ársþriðjungs, þ. e. á síðustu 10 dögum ársþriðjungs eða fyrstu 10 dögum næsta ársþriðjungs, skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Um nánari tilhögun á innheimtu þungaskatts samkvæmt ökumælum og álestri ökumæla vísast til reglugerðar nr. 62/1977.

Lækka skal eða endurgreiða skatt skv. a- og b-liðum 3. gr. að réttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið af-

hent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt. Við útreikning á frádrætti skattsins skal miðað við heila mánuði þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður en hálfum mánuði eða minna skal sleppt.

7. gr.

Eigi skal endurgreiða skatt af bifreið sem greiddur hefur verið af henni út árið þótt skipt sé um eiganda að henni eða hún flutt í annað skráningarumdæmi, heldur skal greiðslan gilda fyrir þá bifreið allt árið hver sem eigandi hennar er eða hvert sem hún er flutt á landinu.

8. gr.

Viðurlög ef gjöld skv. a- og b-liðum 3. gr. eru ekki greidd:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greiddur hafi verið af henni gjaldfallinn þungaskattur svo og skráningargjald og vátryggingariðgjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema framangreind gjöld hafi áður verið greidd af bifreiðinni til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma og gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

Þungaskattur af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt. Bifreiðin skal vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

9. gr.

Viðurlög skv. c- og d-lið 3. gr.:

Komi í ljós við eftirlit að ökumælir sé eigi innsiglaður svo sem fyrir er mælt, svo og ef ökutæki hefur verið í notkun án þess að mælir þess hafi verið virkur, greiðir eigandi og/eða umráðamaður bifreiðarinnar viðurlög sem nema þungaskatti af allt að 10 000 km akstri á mánuði, þó aldrei minna en sem nemur 5 000 km akstri á mánuði, en 15 000 km akstri á mánuði við ítrekað brot. Viðurlög miðast við c- og d-liði 3. gr. eftir því sem við á og innheimtast eins og um venjulegan álestur væri að ræða.

Ef í ljós kemur við skoðun bifreiðar eða við álestur ökumælis að ökumælir eða ökumælisbúnaður er ekki virkur eða að mælir telur rangt og ætla má að eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar hafi verið grandlaus, getur viðkomandi innheimtumaður ríkissjóðs ákvarðað skattinn samkvæmt því sem telja má sennilegan akstur að viðbættu 10% álagi.

Misnotkun ökumælis, rof innsiglis á honum eða ítrekuð vanræksla samkvæmt framansögðu varðar sektum allt að 5 000 kr. auk viðurlaga samkvæmt reglugerð þessari nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú vanrækir eigandi að láta setja ökumæli í bifreið sína á tilskildum tíma og hann nýtur eigi til þess sérstakrar undanþágu frá Bifreiðaeftirliti ríkisins og skal þá lögreglustjóri stöðva bifreiðina hvar sem til hennar næst og taka skráningarmerki hennar til geymslu uns ökumælir hefur verið settur í bifreiðina.

10. gr.

Heimilt er að veita sérstaka undanþágu frá því að komið sé með bifreið, sem greiða skal af þungaskatt skv. c- og d-lið 3. gr., til álestrar ársþriðjungslega ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ófærð eða veikindi, enda hafi beiðni þar að lútandi borist viðkomandi innheimtumanni með hæfilegum fyrirvara. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á tilskildum tíma skal innheimtumaður leggja viðurlög á eiganda eða umráðamenn bifreiðar er nemi 30 kr. á hvern dag sem líður frá þeim tíma sem ákveðinn er til álesturs skv. 4. mgr. 6. gr. í allt að 30 daga eða þar til komið er með bifreiðina til álestrar sé það fyrr.

Heimilt er innheimtumanni þó að fella niður sekt þessa hafi sérstakar ástæður orðið til þess að ekki var komið með bifreið til álestrar á réttum tíma, enda hafi fullnægjandi greinargerð borist innheimtumanni um orsök tafarinnar innan tveggja vikna frá lokum þess tímabils er tilgreint er til álestrar ökumæla. Að öðru leyti er niðurfelling sekta samkvæmt þessari grein óheimil nema sérstakt samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

11. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annan orkugjafa en bensín, skal talin vera slík hvað skatti viðkemur þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) að hún noti þar eftir bensín fyrir orkugjafa.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar sem setur í bifreið sína hreyfil er notar annan orkugjafa en bensín skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós að bifreið notar annan orkugjafa en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun nema eigandi eða umráðamaður sanni að svo hafi ekki verið.

12. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar en í Reykjavík tollstjóri. Bensíngjald og gúmmígjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

Sé þungaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Heimilt er að veita innflytjendum gjaldfrest á greiðslu aðflutningsgjalds af bensíni. Skal fresturinn miðast við sölu af birgðum og aldrei vera lengri en svo að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

Innflytjandi skal telja fram sölu af birgðum í hverjum mánuði eigi síðar en viku áður en gjaldfresti lýkur.

13. gr.

Allar fjárhæðir í reglugerð þessari eru greindar í nýkrónum, sbr. lög nr. 35/1979 um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, sbr. lög nr. 78 23. desember 1975 og lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 1981 en hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. c-lið 3. gr., tekur þó eigi gildi fyrr en að loknu 1. álestrartímabili. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 511/1979 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1980.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 637. 29. desember 1980.

REGLUGERÐ

um dómsmálagjöld o. fl.

I. Gjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975, sbr. lög nr. 13 5. maí 1978.

1. gr.

Dómsmálagjöld í einkamálum skal greiða sem hér segir:

A.	Fyrir héraðsdómi:		
	1. Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu	kr.	10
	2. Gjald fyrir þingfestingu	—	80
	3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	—	16
	4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	—	24
	5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	—	24
	6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	—	20
	7. Gjald fyrir kæru til Hæstaréttar	—	100
	8. Gjald fyrir sjóferðapróf	—	200
B.	Fyrir Hæstarétti:		
	1. Gjald fyrir útgáfu stefnu	kr.	13
	2. Gjald fyrir þingfestingu	—	130
	3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	—	24
	4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	—	32
	5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	—	32
	6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	—	26
	7. Útivistargjald	—	130

2. gr.

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og kjörskrármálum skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

3. gr.

Fyrir fógetagerðir, aðrar en þær, sem um ræðir í 2. gr. aukatekjulaga, skal greiða sem hér segir:

1.	Kyrrsetning á manni	kr. 100
	Séu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 2. gr. aukatekjulaga.	
2.	Útburður manns af jörð eða húsi	— 100
3.	Innsetning á jörð eða í hús til umráða	— 100
4.	Aðrar fógetagerðir, er fara fram á það, er eigi verður metið til peningaverðs	— 100

Fyrir lausnargerð skal gjalda eftir grein þessari, sé kyrrsetning manns með henni niður felld.

4. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða 32 kr.

5. gr.

Fyrir uppboðsgerðir skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð skal gjalda kr. 32.
2. Þegar uppboð er haldið á fasteign eða öðru því, er um getur í 11. gr. aukatekjulaga, en sala fer eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á væntanlegt samþykki, en það bregst, skal gjalda kr. 100 fyrir árangurslaust uppboð.
3. Nú hefur uppboðs verið beiðst hjá uppboðshaldara og séð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin er svo kölluð aftur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtingu samkvæmt 1. tölulið. En sé beiðnin eigi kölluð aftur fyrr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda kr. 100 eins og fyrir árangurslaust uppboð.
4. Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, skal gjalda kr. 64.
5. Fyrir undirboðsþing skal greiða kr. 64.

6. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum skal greiða kr. 28 Sé skjölum þinglýst fyrir Hæstarétti skal greiða kr. 40.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottnám lögræðissviptingar.

7. gr.

Fyrir notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

1.	Afsagnargerðir (aðrar en víxilafsagnir), stefnubirtingar, er notarius framkvæmdir, svo og aðrar slíkar gerðir	kr. 32
2.	Notarialvottorð á arfleiðsluskrár	— 48
3.	Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga	— 32
4.	Dráttur í happdrætti	— 130
5.	Útdráttur skuldabréfa	— 64

II. Gjöld samkvæmt umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

8. gr.

Fyrir próf ökumanna skal greiða sem hér segir:

1.	Almennt bifreiðastjórapróf	kr. 108
2.	Próf í akstri bifhjóla	— 80
3.	Próf í akstri léttra bifhjóla	— 27
4.	Próf í akstri dráttarvéla	— 54
5.	Ökukennarapróf	— 400

9. gr.

Fyrir skírteini skal greiða sem hér segir:

1.	Leyfi til að stýra léttu bifhjóli	kr.	17
2.	Leyfi til að stýra dráttarvél	—	17
3.	Löggilding ökukennara	—	64

Sama gjald skal greiða fyrir samrit.

10. gr.

Fyrir leyfi til að selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki til mannflutninga án ökumanns skal greiða kr. 320.

11. gr.

Fyrir notkun bráðabirgðaskráningarmerkis, ber að greiða kr. 480 á ári. Nú leyfir lögreglustjóri notkun bráðabirgðaskráningarmerkis í styttri tíma, og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og ábyrgðartryggingu kr. 28 fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er hann hefur bráðabirgðaskráningarmerki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

III. Gjöld samkvæmt lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977.

12. gr.

Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sem hér segir:

1.	Fyrir hvert skotvopn, sem skráð er, hvort sem það er nýtt eða notað	kr.	64
2.	Fyrir endurnýjun á skotvopnaleyfi, án tillits til fjölda skotvopna ..	—	32
3.	Fyrir afnotaleyfi samkvæmt 19. gr. reglugerðar um skotvopn og og skotfæri, nr. 16 1978, sbr. reglugerð nr. 174 1979	—	16

Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum, sem varanlega hafa verið gerð ónothæf og leyfi samkvæmt 3. málsgr. 8. gr. reglugerðar nr. 16 1978.

13. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð. Gjöldin eru ákveðin í nýkrónum.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.
Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 114 31. janúar 1980 um dómsmálagjöld o. fl.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald ökutækja.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 50 nýkróna árlegt gjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð. Gjald þetta greiðist fyrir fram, og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Fyrir skoðun léttra bifhjóla, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 98 22. maí 1970, skal greiða 20 nýkrónur í skoðunargjald.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1981.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 522 31. desember 1979 um skoðunargjald ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

22. desember 1980. Nr. 639.

AUGLÝSING

um gjaldskrá hlutafélagaskrár.

Samkvæmt 145. gr. laga nr. 32 12. maí 1978 um hlutafélög er gjaldskrá hlutafélagaskrár hér með ákveðin þannig:

1.	Skráning nýs hlutafélags	nýkr. 535
2.	Skráning starfsstöðva erlendra hlutafélaga	nýkr. 360
3.	Skráning breytinga á eldri skráningu	nýkr. 60
4.	Löggilding skilanefndarmanna vegna slita á hlutafélögum	nýkr. 75
5.	Vottorð úr hlutafélagaskrá	nýkr. 13
6.	Ljósrit	nýkr. 6

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1981. Eiga ákvæði 1., 4. og 7. tl. 3. gr., 2. tl. 7. gr., 8. tl. 8. gr., svo og ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 510 28. desember 1979 um aukatekjur ríkissjóðs þá ekki lengur við um hlutafélög.

Viðskiptaráðuneytið, 22. desember 1980.

Tómas Árnason.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 129 13. mars 1978, um þorskfisknet.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skipum, sem hafa 12 menn eða fleiri í áhöfn, skal óheimilt, að hafa fleiri en 150 net í sjó.

Sé áhöfn 11 menn skulu ekki fleiri en 138 net í sjó.
Sé áhöfn 10 menn skulu ekki fleiri en 126 net í sjó.
Sé áhöfn 9 menn skulu ekki fleiri en 114 net í sjó.
Sé áhöfn 8 menn skulu ekki fleiri en 102 net í sjó.
Sé áhöfn 7 menn skulu ekki fleiri en 90 net í sjó.
Sé áhöfn 6 menn skulu ekki fleiri en 78 net í sjó.
Sé áhöfn 5 menn skulu ekki fleiri en 66 net í sjó.
Sé áhöfn 4 menn skulu ekki fleiri en 54 net í sjó.
Sé áhöfn 3 menn skulu ekki fleiri en 42 net í sjó.
Sé áhöfn 2 menn skulu ekki fleiri en 30 net í sjó.

Miðað er við, að 60 faðma löng slanga sé í hverju neti.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt í veiðileyfum til þorskfisknetaveiða að takmarka ennfrekar leyfilegan netafjölda báta, telji það ástæðu til t. d., ef bátar landa ekki afla daglega.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. desember 1980.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðilæknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu.

1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða nýkr. 33 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu nýkr. 33 hverrar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu nýkr. 33 af kostnaði við hverja röntgengreiningu.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálft gjald þ. e. a. s. nýkr. 16.50 í hvert skipti.

2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr., skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 572/1980 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. desember 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

15. desember 1980. Nr. 642.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt fyrir Sparisjóð Kópavogs nr. 170 9. október 1959, sbr. og samþykkt nr. 58 19. maí 1961.

1. gr.

1. og 2. ml. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu 3 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna (eða stofnfjáreigenda), en hinir 2 af bæjarstjórn á sama tíma og gildir kosning þeirra allra til 1 árs.

2. gr.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 15. desember 1980.

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

Björn Líndal.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, skv. samningum hlutaðeigandi samlags nýkr. 8 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og nýkr. 16 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 589/1980 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. desember 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 644. 23. desember 1980.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 12 nýkr., en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 33 nýkr. en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálft gjald, þ. e. nýkr. 6 og nýkr. 16.50 fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 571/1980 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. desember 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954 um sölu og veitingar áfengis.

1. gr.

2. málsgr. 8. gr., sbr. reglugerð nr. 298 26. júlí 1976, orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að. Skal í verðskránni miðað við það, að endanlegt verð veitinga til neytenda standi ávallt á heilli krónu, þannig að verðið hækki eða lækki í þá fjárhæð samkvæmt almennum reglum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast gildi 1. janúar 1981.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

30. desember 1980. Nr. 646.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 438 28. desember 1978 um þinglýsingar.

1. gr.

2. málsgr. 9. gr. orðist svo:

Frá 1. janúar 1982 er einungis heimilt að nota pappírsstærðina A 4.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt þinglýsingarlögum nr. 39 10. maí 1978, öðlast gildi 1. janúar 1981.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1980.

Friðjón Þórðarson.

Þorleifur Pálsson.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald ökutækja.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 50 nýkrónur árlegt gjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð. Gjald þetta greiðist fyrir fram, og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Fyrir skoðun léttra bifhjóla, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 98 22. maí 1970, skal greiða 20 nýkrónur í skoðunargjald.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1981.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 522 31. desember 1979 um skoðunargjald ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 64 — 1980

AUGLÝSING

um tollafgreiðslugengi.

Með vísan til auglýsingar nr. 427/1978 um tollafgreiðslugengi tilkynnir ráðuneytið hér með, að það sölugengi nýkrónu sem skráð verður í erlendri mynt af Seðlabanka Íslands og gildi tekur 1. janúar 1981 skal gilda við ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru fyrir janúarmánuð 1981. Að öðru leyti gilda ákvæði tilvitnaðrar auglýsingar áfram óbreytt.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 618 19. desember 1980 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1980.

F. h. r.
Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Stjórnartíðindi B 64, nr. 648. Útgáfudagur 31. desember 1980.

B 131

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 — 1980

Nr. 649. 1042 15. desember 1980.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Keflavíkurkaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Uppþot eða óspektir mega ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé og óþæginda fyrir umferð eða vegfarendur. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem hátíðarsvæði, leikvangar, torg og bryggjur, svo og afgreiðslustaði bifreiða. Um hvers kyns samkomuhús, svo sem veitingahús og leikhús, sölubúðir, opinberar skrifstofur o. s. frv. gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr verslana, samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónamaður setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, eða hafa í frammi hávaða eða móðgandi háttarlag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturró manna, og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem veldur ónæði.

5. gr.

Á götum bæjarins má ekki nema með leyfi lögreglustjóra renna sér á sleðum, skautum eða hjólabrettum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leik, sem hindra umferð eða hætta getur stafað af. Sömuleiðis er bannað að hanga aftan í bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar.

6. gr.

Eigi má skjóta af byssum eða hvers kyns skotvopnum í þéttbýli, nema á sérstökum æfingarsvæðum, sem lögreglustjóri samþykkir. Í þéttbýli má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

ákvæði, ef sérstaklega stendur á. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra, og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma, þar sem lögreglustjóri ákveður eða samþykkir. Lögreglustjóri getur bannað sölu skotelda í umdæmi sínu. Hlaðin skotvopn má ekki bera á götum bæjarins eða annars staðar á almannafæri.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi, sem misbýður velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn ókurteisislegum orðum eða með ósæmilegu látbragði, svo sem að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o. s. frv.

8. gr.

Allir eru skyldir að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

9. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum lögmætum skipunum lögreglumannna. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafið sér til aðstoðar hvern fullfíða mann, sem viðstaddur er, en aðstoðarmenn eiga heimtingu á fullum bótum fyrir það tjón, sem þeir þá kunna að bíða á fatnaði eða limum.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

10. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti nema hann hafi til þess leyfi slökkviliðsstjóra eða tæknideildar bæjarins.

11. gr.

Atvinnurekstur, sem valdið getur töfum á umferð, er óheimill. Þó er heimilt að selja blöð og bæklinga á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt. Með leyfi bæjarstjórnar og lögreglustjóra má selja vörur og þjónustu á þeim stað sem leyfið gildir fyrir. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá kl. 17.00 síðdegis til kl. 9.00 árdegis.

12. gr.

Enginn má láta fyrir berast í húsum, á lóðum, í garðhliðum eða á stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða á lóð án leyfis hlutaðeigandi húsráðenda, né fara inn í híbýli í söluerindum. Lögreglustjóra er heimilt að banna alla umferð óviðkomandi fólks um bryggjur og út í skip.

13. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, er hindrar umferð eða veldur hættu. Bannað er að leggja í íbúðahverfum stórum vinnuvélum eða bifreiðum, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessari reglu, ef talið er, að slíkt leiði ekki til ónæðis eða óþæginda fyrir aðra bæjarbúa.

Notkun vélsleða á götum bæjarins er háð leyfi lögreglu.

14. gr.

Eigi má hengja utan á hús vöruskápa, sjálfsala, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar, ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglunnar. Leyfi byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar.

15. gr.

Enginn má fleygja flöskum, glerbrotum, steinum, nöglum, ávaxtahýði, pappírsrusli, fiskúrgangi eða öðru þess konar á almannafæri né heldur skvetta þar vatni eða öðru, sem haft getur í för með sér hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur eða veldur óþrifnaði.

16. gr.

Eigi má kasta á almannafæri né í fjörur, hræjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Afbeitu má kasta í sjó þar sem bæjarstjórn leyfir. Eigi má heldur á þessum stöðum kasta né skilja eftir grjót, möl, sand, slor, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt, eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér talið sérstaklega, sem valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óprýði. Óheimilt er að taka grjót eða sand í fjörum.

17. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi bæjaryfirvalda og samþykki lögreglustjóra, enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og sem minnstri hættu valdi, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu varaðir við farartálmanum með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því dimma fer að kvöldi til þess er bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri aðrar þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

18. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rifið og byggt upp að nokkru leyti við almannafæri er eiganda eða þeim, sem sér um verkið, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar. Eigandi eða verktaki skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að forðast farartálma og hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur. Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, efnisleifar og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt, þegar húsagerðinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burt þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess. Nú brennur hús eða annað mannvirki eða það er tekið burt án þess að annað sé gert í staðinn og er eiganda þá skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

19. gr.

Pallar, stoðir, og annar umbúnaður, sem notaður er við húsasmíðar eða viðgerðir á húsum skal vera nægilega traustur. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir. Lausir stigar skulu ætíð felldir þegar ekki er verið að nota þá.

20. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við, að það eða einhver hluti þess hrynji, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það innan tiltekins tíma eða endurbæta það svo, sem þörf gerist til að afstýra hættu. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði, þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við hruni eða falli.

21. gr.

Ekki má skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða rispa, tjarga, mála eða teikna á mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, sem ætlaðir eru til almenningsnota, svo sem hús, minnisvarða, símaklefa, biðskýli, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki girðingar og annað þess háttar.

22. gr.

Enginn má skemma girðingar, né heldur klifra yfir þær eða upp um þær. Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

III. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

23. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

24. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum, og útvegar á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni svo mörg sem þurfa þykir. Auglýsingar um sýningar og skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Aðrar auglýsingar má festa upp með leyfi húsráðanda.

25. gr.

Hlutaðeigendur skulu taka niður uppfestar auglýsingar, þegar þær hafa náð tilgangi sínum og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Enginn má rífa niður löglega uppfestar auglýsingar eða gera þær ólæsilegar á annan hátt.

IV. KAFLI

Um veitingahús, samkomur og almennar skemmtanir.

26. gr.

Enginn má setja upp knattborðsstofu eða leiktækjastofu nema með leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur og afnumið leyfið, telji hann ástæðu til. Unglingar undir 16 ára aldri mega ekki koma inn á knattborðsstofu og er á ábyrgð knattborðsstofuhafa, ef út af er brugðið.

27. gr.

„Allir staðir, þar sem rekin er almenn veitingasala, og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjórnar, og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Veitinga- og greiðasölu

má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórnin hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirrar veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt. Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

28. gr.

Hverjum þeim sem hefur á hendi veitingasölu, heldur dansleiki og aðrar skemmtanir eða selur gistingu, er skylt að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans, danshúsi eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á, að reglum þessum sé fylgt, er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar eða skemmtanir á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllum að gefinni viðvörun.

29. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum danshúsa og dansleikja er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma. Hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir leyfilegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustuna veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin. Aðgangur að dansleikjum eftir kl. 01.00 er óheimill nema þegar um áramótafagnað er að ræða.

30. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust eða í góðgerðarskyni eða til að styrkja fyrirtæki í almennar þarfir.

31. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talið er hér að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem viðstaddir eru að fara í burtu.

V. KAFLI

Um hundahald.

32. gr.

Hundahald er bannað í Keflavík nema með leyfi bæjarstjórnar sbr. samþykkt um hundahald í bænum frá 15. sept. 1975. Leyfislaus hundur er réttlaus og réttdræpur.

33. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti, og skal eiganda hundsins gefinn kostur á að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins.

Ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða, getur lögreglustjóri mælt með því við bæjarstjórn að leyfið verði afturkallað. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

VI. KAFLI

Um umferð á götum o. fl.

34. gr.

Ökuhraða skal ávallt stilla svo, að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð, og má ökuhraðinn aldrei verða meiri en í umferðarlögum segir. Lögreglustjóri getur þó ákveðið að fenginni tillögu bæjarstjórnar lægri ökuhraða á einstökum götum.

35. gr.

Þeir, sem flytja vörur um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega, að flutningstæki séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað fellur af eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða affermingu, skal sá, er flytur eða flutningum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

36. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð, t. d. á vorin meðan klaka leysir úr jörð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri takmarkað umferð bifreiða innanbæjar að næturlagi.

VII. KAFLI

Um hreinlæti og umgengni.

37. gr.

Á húshliðar, gafla eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neitt, sem óþrifnaður er af eða óþefur. Á tún eða garða, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

38. gr.

Bannað er að setja upp girðingar, sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum, t. d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skylt er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um, að lóðunum sé haldið hreinum og snyrtilegum. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka, að þetta berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að það endurtaki sig ekki.

VIII. KAFLI

Um búfjárhald.

39. gr.

Alifugla má eigi hafa nema innan tveggja metra hárrar hænsnavírgirðingar eða annarrar álíka girðingar, er lögreglan telur hæfa. Eigendur alifugla bera ábyrgð á, að alifuglar fari eigi inní garða manna eða svæða, þótt ógirt séu. Nú er misbrestur á þessu, og getur lögreglustjóri þá látið slátra alifuglunum á kostnað eiganda og selt, ef kostnaðurinn er ekki tafarlaust greiddur.

Einnig getur lögreglustjóri látið slátra þeim alifuglum, er hann telur vanhirta eða eru til óþrifa.

40. gr.

Allt búfjárhald að undanskildum hestum er bannað í Keflavík. Bæjarstjórn er heimilt að takmarka hestaeign manna í bænum.

Geitfé, sem héreftir yrði flutt til lögsagnarumdæmisins, skal lóga á kostnað eiganda.

41. gr.

Enga gripi má reka eða flytja ógætilega um götur bæjarins. Ársgömul naut eða eldri skulu ávallt leidd í nægilega traustu bandi og a. m. k. tveir menn fylgja.

42. gr.

Sauðkindur mega ekki ganga lausar í bæjarlandinu. Eigandi greiði allan kostnað við handsömun og varðveislu þeirra. Selja má kindurnar til lúkningar kostnaði þessum.

43. gr.

Á almannafæri mega hestar ekki ganga lausir, og lausa hesta má ekki reka um götur bæjarins.

Fælnir og slægir hestar mega aldrei ganga lausir. Hesta, sem ganga lausir í bænum skal lögreglan handsama, hýsa og fóðra. Eigandi greiði allan kostnað við handsömun og varðveislu þeirra. Selja má hrossin til lúkningar kostnaði þessum.

44. gr.

Allir eru skyldir að gæta hrossa og annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum, húsgörðum og matjurtagörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður peningsins skaða þann, er slíkur ágangur kann að valda.

Enginn má láta hross ganga laus í landi kaupstaðarins nema í gripheldri girðingu sé.

45. gr.

Eigandi eða umráðamaður búfénaðar ber ábyrgð á öllum þeim skaða og spjöllum, sem búfé hans kann að valda.

IX. KAFLI

Um refsingar, kostnað o. fl.

46. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 15 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina en ekki barninu. Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa af broti sínu og enginn einstaka maður á löglegt tilkall til, skal upptækur gerður og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

47. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Bæjarsjóður greiði kostnað við þetta og kostnað sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

48. gr.

Bæjarsjóður greiðir allan kostnað sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari nema öðruvísi sé ákveðið í lögum eða reglugerðum eða eigi verður krafist af öðrum.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Keflavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftibreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Keflavíkurkaupstað, nr. 121 4. júní 1953.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. desember 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

12. desember 1980. Nr. 650.

REGLUGERÐ

fyrir hitaveitu Hafnarhrepps.

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um Hitaveitu Hafnarhrepps, Höfn, Hornafirði.

2. gr.
Eignaraðild.

Hitaveitan er í eigu Hafnarhrepps.

Hitaveitan sér um að dreifa heitu vatni til neytenda. Dreifikerfi verður tvöfalt og vatnið verður hitað upp í kyndistöð. Rafmagnsveitur ríkisins eiga og reka kyndistöð og kaupir hitaveitan orku af þeim.

3. gr.
Stjórn hitaveitunnar.

Hreppsnefnd fer með stjórn hitaveitunnar. Hreppsnefnd getur kosið sérstaka hitaveitunefnd sér til ráðuneytis. Hreppsnefnd ræður starfsmenn sem sjá um daglegan rekstur.

4. gr.
Einkaleyfi hitaveitunnar.

Hitaveitan hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Hafnarhrepps.

5. gr.
Afnot orkunnar.

Sú orka sem hitaveitan lætur í té er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota. Heimild hreppsnefndar þarf til annarrar notkunar varmaorkunnar. Óheimilt er að taka vatn af hringrásarkerfinu.

6. gr.
Kvöð um tengingu.

Þeim, sem húseign á við götu eða veg innan lögsagnarumdæmis Hafnarhrepps þar sem vatnsæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi hússins við lögn hitaveitunnar. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

7. gr.
Ábyrgð hitaveitunnar.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra framkvæmda hitaveitunnar.

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds og tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri svo fljótt sem verða má.

8. gr.
Uppdrættir og réttur til að annast hitalagnir og gerð uppdrátta.

Uppdráttur skal gerður af verkfræðingi eða tæknifræðingi. Ber hann ábyrgð á því að uppdráttur sé réttur og í samræmi við lög og reglugerðir sem um byggingarmál gilda.

Pípulagningarmeistarar, sem hlotið hafa viðurkenningu sveitarstjórnar hafa einir rétt til að annast hitalagnir. Þeir bera ábyrgð á að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, önnur ákvæði sem um þetta gilda og samþykkta uppdrætti.

Ef skipt er um meistara, meðan á verki stendur skal það tilkynnt hreppsnefnd skriflega og lætur hún þá fara fram úttekt á þeim hluta verksins sem lokið er.

Óheimilt er að halda áfram verkinu fyrr en annar meistari hefur tekið við því.

9. gr.
Tenging við hitaveituna.

Áður en hitunarkerfi húsa er tengt hitaveitunni skal liggja fyrir uppdráttur samþykktur af byggingarfulltrúa og gildir það jafnt um eldri lagnir sem og um nýlagnir.

Ef uppdrættir eru ekki til af eldra húsakerfi, getur hitaveitan gefið undanþágu frá þessu ákvæði.

10. gr.
Eftirlit.

Eftirlitsmaður hreppsins, annast eftirlit með því að hitalagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð. Hann skal hafa frjálsan aðgang að hitalögnum meðan á verki stendur. Engar hitalagnir má hylja fyrr en að fengnu leyfi eftirlitsmanns. Hann getur stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

11. gr.
Dælur á heimæðum.

Óheimilt er að tengja dælur við heimæðar nema gegn skriflegu leyfi hreppsnefndar.

12. gr.
Gjaldskrá.

Hreppsnefnd setur hitaveitu Hafnarhrepps sérstaka gjaldskrá samkvæmt 29. gr. Orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps og sett samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 12. desember 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

GJALDSKRÁ

fyrir hitaveitu Hafnarhrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 12.18 fyrir hverja kílówattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 162.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 832.00.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan orkunotkun og vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té auka mæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir afnot heita vatnsins og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a)	fyrir mæla til og með ¾"	kr. 5 200.—
b)	fyrir mæla 1"—2"	— 10 400.—
c)	fyrir mæla stærri en 2"	— 20 800.—

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 3 000.—.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m³	615 000 kr.
300—2.000 m³	615 000 kr. + 670 kr/m³
2.000—6.000 m³	1 754 000 kr. + 550 kr/m³
6.000—10.000 m³	3 954 000 kr. + 490 kr/m³
Yfir 10.000 m³	5 914 000 kr. + 440 kr./m³

b) Af nýju húsnæði, breytingum og endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér stækkun eða breytta notkun og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun og jafnframt húsnæði samkvæmt a) sem ekki tengist hitaveitunni fyrir 1. september 1981 skal greiða, gjald samkvæmt a) að viðbættu 30% álagi.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 80 000.— í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að tveim árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 10 000.—.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Heimæðargjöld samkvæmt gr. 7 eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 539 stig.

Orkugjöld og mælaleiga samkvæmt 3. og 4. gr. eru miðuð við húshitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins C. 1. eða samsvarandi taxta, en hann er nú 17.00 kr/kWst auk fastagjalds.

Heimilt er að breyta ofangreindum gjöldum í samræmi við þær breytingar sem verða á vísitölu byggingarkostnaðar eða á húshitunartaxta RARIK, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins hverju sinni.

III. KAFLI

11. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseigenda. Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirrætlunum um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi hitaveitunnar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps og sett samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 12. desember 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

19. desember 1980. Nr. 652.

SAMÞYKKT

um hundahald í Fellahreppi.

1. gr.

Hundahald í Fellahreppi sæti eftirfarandi takmörkunum:

1.1. Hundaeigendum er skylt að sjá svo um að hundar raski eigi ró manna eða verði mönnum til óþæginda, né heldur valdi tjóni eða skaða á eigum manna.

1.2. Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, svo og aðrir ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig eigi fram og/ eða vitjar ekki hundsins innan tveggja sólarhringa hefur lögregla heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigendur vitja þeirra ekki innan eins sólarhrings og svara eigi til saka fyrir brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan heimild til þess að lóga viðkomandi hundi án frekari fyrirvara.

1.3. Eigi er heimilt að hafa hunda með sér, þó í taumi séu, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús eða verslanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem þær nefnast þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.

1.4. Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og lóga þegar í stað. Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna hreppsnefnd án tafar um allar kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

1.5. Hundar notaðir vegna búreksturs eru ekki háðir gjaldtöku eða skráningarskyldu en eigendur slíkra hunda eiga þó kost á því að láta skrá þá. Við skráningu fær eigandi þá afhenta merkta plötu til að festa á ól. Hreppsnefnd getur að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd ákveðið að allir hundar í hreppnum skuli skráðir telji hún þörf á því.

1.6. Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa innan girðingar þéttbýlisins í Fellahreppi (sauðfjárveikivarnargirðingarinnar), nema smalahunda á þeim tíma sem þeir eru sannanlega notaðir við smalamennsku svo og minnkahunda, dýrhunda og sporhunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanna. Alla aðra hunda skal hafa í tryggu haldi, en heimilt er að hafa þá í taumi úti við í fylgd með manni er hefur fullt vald yfir þeim.

2. gr.

Hundahald í þéttbýlinu í Fellahreppi (innan sauðfjárveikivarnargirðingarinnar) sæti eftirfarandi takmörkunum:

2.1. Eigandi skal láta skrá hund sinn án tafar, á skrifstofu hreppsins. Við skráningu fær eigandi hunds afhenta merkta plötu til að festa á ól, sem ætíð skal vera um háls hundsins. Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú og síðar kann að verða breytt.

2.2. Eiganda er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi, þannig að tryggt sé að tryggingin taki til alls þess tjóns sem hundur kann að valda án nokkurra óeðlilegra skilyrða að mati hreppsnefndar.

2.3. Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir húsráðendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildi þar til sveitarstjóra berst skriflega afturköllun frá einhverjum þessara aðila.

2.4. Til að standa straum af kostnaði hreppsins af skráningu og eftirliti með hundum í þéttbýlinu í hreppnum, skal hver hundeigandi þar, greiða árlegt gjald til hreppssjóðs. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hundsins til næstkomandi júlímánaðar og síðan árlega 1. júlí fyrir hvert eitt ár í senn. Hreppsnefnd ákveður fjárhæð gjaldsins og er henni heimilt að ákveða gjaldið lægra fyrir nauðsynlega minnkahunda, dýrhunda, sporhunda og smalahunda. Af hundum sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar skal ekkert gjald greiða. Við greiðslu gjalds þessa ber hundeiganda að sýna fullgild skilríki fyrir greiðslu vátryggingargjalds samkvæmt 1.2., vátryggingarskírteini, vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og öll skilríki er máli skipta samkvæmt lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur varðandi hunda.

2.5. Sé hundeigandi undir 16 ára aldri verður honum eigi veitt leyfi til hundahalds nema forráðandi ábyrgist allar skyldur hans samkvæmt samþykkt þessari og áriti sérstaka yfirlýsingu þar um.

3. gr.

Fyrir minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað brot er að ræða eða meiri háttar brot, hefur hundeigandi fyrirgert rétti sínum til að halda hund í Fellahreppi. Skal hann gjalda allan kostnað vegna brotsins og afhenda hund sinn til lögreglu, sem síðan ákveður hvað gert skuli við hundinn.

4. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Fellahrepps staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7 frá 3. febrúar 1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 19. desember 1980.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1979.

A. Rekstrarreikningur.

Gjöld:

Almenn framlög til sveitarfélaga skv. 13. gr.	kr.	7 396 981 187
Aukaframlög til sveitarfélaga skv. 15. gr.	—	495 883 000
Fólksfækkunarframlög til sveitarfél. skv. 16. gr.	—	160 950 000
Samband ísl. sveitarfélaga, framlag	—	88 612 214
Landshlutasamtök sveitarfélaga, framlag	—	88 612 214
Lánasjóður sveitarfélaga, framlag	—	443 512 898
Húsfriðunarsjóður, framlag	—	14 629 837
Innheimtustofnun sveitarfélaga, rekstrarframlag	—	32 716 906
Afskrifaðar kröfur vegna barnsmeðlaga	—	7 456 957
Tekjuafgangur fluttur á höfuðstól	—	140 902 751
Alls	kr.	8 870 257 964

Tekjur:

Sölugjald, hluti sjóðsins í álagningu			kr.	6 031 811 933
Aðflutningsgjöld, hluti sjóðsins í álagningu			—	1 683 030 528
Landsútsvör:				
Bankar			kr.	108 971 927
Aðrir	kr.	1 351 277 047		
÷ ¼ hluti sveitarfél.	—	337 216 121		
			—	1 014 060 926
Sérstakur tekjuskattur:				
Kísiliðjan h.f. og Johns Manville	kr.	94 757 320		
÷ til Húsavíkurkaupstaðar	—	44 848 334		
÷ til Skútustaðahrepps	—	26 562 854		
			kr.	23 346 132
Samtals			kr.	8 861 221 446
Vaxtatekjur			—	9 036 518
Alls			kr.	8 870 257 964

B Efnahagsreikningur.

Eignir:

Greiðslufjárreikningar:		
Óinnheimtar tekjur hjá gjaldendum ríkissj.	kr.	903 009 954
Ríkissjóður, viðskiptareikningur	—	784 716 369
Sveitarfélög, viðskiptareikningar	—	5 087 267
Landshlutasamtök sveitarfélaga	—	86 232
Gjaldendur landsútsvara	—	1 397 000
Sýslumaður Þingeyjarsýslu	—	23 346 132
Lánareikningar:		
Innheimtustofnun sveitarfélaga	kr.	1 570 787 812
Siglufjarðarkaupstaður	—	1 000 000
Skútustaðahreppur	—	1 300 000
Alls	kr.	3 290 730 766

Skuldir:

Greiðslufjárreikningar:			
Samband ísl. sveitarfélaga		—	3 651 053
Lánasjóður sveitarfélaga		—	31 671 909
Innheimtustofnun sveitarfélaga		—	32 716 906
Landshlutasamtök sveitarfélaga		—	158 888
Sveitarfélög, viðskiptareikningar		—	56 497 673
Framlagsfé til sveitarfélaga:			
Af óinnheimtum tekjum:			
Í ársbyrjun	kr. 580 016 171		
Af rekstrarreikningi 1979	— 322 993 783		
		—	903 009 954
Af innheimtum tekjum:			
Í ársbyrjun	— 938 525 088		
Af rekstrarreikningi 1979	— 7 730 820 404		
	Samtals kr. 8 669 345 492		
Úthlutað á árinu 1979:			
Almenn framlög skv. 13. gr.			
224.384 íbúar × 28 000	kr. 6 282 752 000		
÷ skerðing	— 142 000		
	kr. 6 282 610 000		
Aukaframlög skv. 15. gr.	— 495 883 000		
Fólksf.framl. skv. 16. gr.	— 160 950 000		
	kr. 6 939 443 000	—	1 729 902 492
Eiginfjárreikningar:			
Höfuðstóll í ársbyrjun	kr. 392 219 140		
Tekjuafgangur 1979	— 140 902 751		
		—	533 121 891
		Alls kr.	3 290 730 766

Félagsmálaráðuneytið, 7. júlí 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 654.

REIKNINGUR

Samvinnubanka Íslands 1979.

Rekstursreikningur Samvinnubanka Íslands h/f

Gjöld:

Vaxtagjöld	kr.	3 221 904 071
Reksturskostnaður	—	1 166 552 441
Fyrningar	—	15 930 239
Til varasjóðs	—	80 000 000
Til afskriftareiknings	—	20 000 000
Til höfuðstóls	—	131 621 267
	kr.	4 636 008 018

Tekjur:

Vaxtatekjur	kr.	4 246 671 819
Aðrar tekjur	—	389 336 199
	kr.	4 636 008 018

Efnahagsreikningur Samvinnubanka Íslands h/f pr. 31. desember 1979.

Eignir:

Sjóður		kr.	172 456 438
Seðlabankinn:			
Viðskiptareikningur	kr. 1 342 227 420		
Bundinn reikningur	— 3 788 710 891		
		—	5 130 938 311
Innleystar ábyrgðir		—	4 701 391
Afurðalán		—	2 732 414 000
Yfirdráttarlán		—	1 246 091 665
Víxlar		—	2 315 254 147
Skuldabréf:			
Almennt lán	kr. 1 689 232 495		
Vaxtaaukalán	— 4 793 886 251		
Vísitölulán	— 113 500 000		
		kr.	6 596 618 746
Fasteignir		—	1 259 496 000
Áhöld og búnaður		—	117 296 480
Ógreiddar tekjur		—	682 943 219
Aðrar eignir		—	424 557 364
Stofnlánadeild samvinnufélaga:			
Stofnfjárframlag bankans	kr. 65 000 000		
Hrein eign, skv. sérreikningi	— 54 074 315		
		—	119 074 315
		kr.	20 801 842 076

Skuldir:

Veltiinnlán: Hlaupareikningar	kr. 1 483 713 955		
Ávísanareikningar	— 1 842 336 788		
		kr.	3 326 050 743
Spariinnlán: Almennar bækur	kr. 6 625 524 955		
Bundnar bækur	— 758 771 582		
Vaxtaaukareikningar	— 6 364 357 269		
		kr.	13 748 653 806
Seðlabankinn: Endurseld lán		—	2 021 336 000
Framkvæmdasjóður Íslands		—	40 500 000
Stofnlánadeild samvinnufélaga		—	51 369 233
Fyrirframgreiddir vextir		—	86 472 000
Aðrar skuldir		—	76 809 897
Afskriftareikningur		—	25 063 627

Eigið fé:				
Hlutafé	kr.	500 000 000		
Varasjóður	—	210 000 000		
Endurmatsreikn. fasteigna	—	511 297 000		
Höfuðstólsreikningur	—	150 215 455		
Varasjóður Stofnlánadeildar samvinnufél.	—	54 074 315		
			kr.	1 425 586 770
			kr.	20 801 842 076
Utan efnahagsreiknings:				
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna			kr.	529 081 392

Rekstursreikningur Stofnlánadeildar Samvinnufélaga 1/1—31/12 1979.

Gjöld:

Vaxtagjöld	kr.	122 563 519
Vísitölubætur	—	56 943 707
Lántökukostnaður o. fl.	—	20 683 577
Tekjuafgangur	—	28 149 778
	kr.	228 340 581

Tekjur:

Vaxtatekjur	kr.	137 829 594
Vísitölubætur	—	59 635 487
Lántökugjöld og þóknun	—	30 875 500
	kr.	228 340 581

Efnahagsreikningur Stofnlánadeildar Samvinnufélaga pr. 31. desember 1979.

Eignir:

Stofnlánabréf:				
Almenn lán	kr.	195 752 977		
Vísitölulán	—	1 635 039 896		
			kr.	1 830 792 873
Samvinnubankinn, viðsk.reikn.			—	51 369 233
Óinnkomnir vextir			—	80 800 000
Aðrar eignir			—	18 022 204
			kr.	1 980 984 310

Skuldir:

Framkvæmdasjóður Íslands			kr.	260 891 663
Lífeyrissjóðir			—	1 543 833 332
Samvinnubankinn, stofnframlag			—	65 000 000
Ógreiddir vextir			—	57 185 000
Varasjóður 1/1	kr.	25 924 537		
+ tekjuafgangur 1979	—	28 149 778	—	54 074 315
			kr.	1 980 984 310

Reykjavík, 15. janúar 1980.

Kristleifur Jónsson. **Einar S. Einarsson.**

Margeir Daníelsson.

Framanskráða reikninga Samvinnubanka Íslands hf. og Stofnlánadeildar samvinnufélaga höfum við yfirfarið og borið saman við bókhald bankans. Ennfremur röfum við kannað sjóðs- og verðbréfaeign ásamt skilríkjum.

Endurskoðunin hefur ekki gefið tilefni til athugasemda.

Reykjavík, 6. mars 1980.

Ásgeir G. Jóhannesson. Magnús Kristjánsson. Óskar Jónatansson.

Með tilvísun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda bankans kvittar bankaráð fyrir reikningana.

Reykjavík, 11. mars 1980.

Erlendur Einarsson. Vilhjálmur Jónsson. Hjörtur Hjartar.

23. desember 1980. Nr. 655.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Hafnarhreppi, A-Skaft.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvennskonar: A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að leggja bundið slitlag á götu, svo og ganga endanlega frá gangstétt.

3. gr.

A-gjald vegna nýbygginga og viðbygginga við eldri hús og skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	3.0%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	2.4%
Tveggja hæða fjölbýlishús	1.8%
Fjölbýlishús, 3 hæðir og meira	1.2%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	3.0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1.2%

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki er notað til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bílfreiðageymslur skal greiða hálft gjald.

Gjald skal miða við brúttó rúmmál húss, samkv. samþykktum uppdrætti. Rúmmál skal reikna samkv. ÍST 50. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílageymslu	500 m^3
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús: hver íbúð	400 m^3
Fjölbýlishús	300 m^3

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

B-gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. gr., þ. e. til að leggja bundið slitlag og gangstétt og nær það einnig til eldri húsa, sem ekki hafa áður greitt gatnagerðargjald.

Skal þá miða gjaldið við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	3.0%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	2.4%
Tveggja hæða fjölbýlishús	1.9%
Fjölbýlishús, 3 hæðir eða meira	1.2%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	3.0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1.2%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða í gatnagerðargjald kr. 40 af hverjum fermetra lóðar. Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar, svo og bifreiðageymslum, skal greiða hálft gjald.

5. gr.

Gjöld samkv. 3. og 4. gr. breytast samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana í 3. og 4. gr. hvorn um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

Sveitarstjórn hefur fulla heimild til þess að endurskoða flokkun húsa í gjaldstuðla, sbr. 3. og 4. gr., svo og gjald einstakra gjaldenda, ef sérstakar ástæður eru til.

6. gr.

Gjalddagi gatnagerðargjalds, samkv. 3. gr. skal vera þegar byggingarleyfi er veitt. Sveitarstjórn er þó heimilt að veita gjaldfrest á hluta gjaldsins þar til byggingarframkvæmdir hefjast eða í allt að tvo mánuði.

7. gr.

Gatnagerðargjald, samkv. 4. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram, og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

Gjald samkv. 4. gr. af fasteignum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og/eða gangstétt, skal miða við vísitölu, sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

8. gr.

Nú hefur gatnagerðargjald eða gangstéttargjald verið greitt af lóð og skal það þá gilda sem greiðsla á A-gjaldi.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 4. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir greiðast eftir á á sömu gjalddögum og miðast við vexti Byggðasjóðs og þeir eru á hverjum tíma af skuldabréfum til sveitarfélagsins vegna lagningar bundins slitlags, nú 22%.

Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en endanlega hefur verið gengið frá gangstétt fyrir framan lóð gjaldanda.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Sveitarstjórn sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkv. reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

30. desember 1980. Nr. 656.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 488 24. júlí 1980, um fjarskipti á skipum.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar nr. 448 24. júlí 1980, framlengjast til 15. febrúar 1981.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið 30. desember 1980.

Tómas Árnason.

Kristinn Gunnarsson.

31. desember 1980. Nr. 657.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 4 9. janúar 1980 um próf og löggildingu fyrir dómtúlka og skjalaþýðendur.

1. gr.

Í stað orðanna „Skal hvor kafli vera blaðsíða að lengd“ í 2. gr. I.,b., koma orðin „Skal hvor kafli vera 2 til 3 blaðsíður að lengd“.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. laga nr. 32 2. nóvember 1914 um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalaþýðendur, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1980.

Friðjón Þórðarson.

Örn Sigurðsson.

AUGLÝSING

um niðurfellingu framleiðsluforskrifta lyfja.

Frá og með 1. apríl 1981 er framleiðsla eftirtalinna forskriftarlyfja og lyfja framleiddum skv. óstuðluðum forskriftum óheimil.

Tablettae ascorbicae 50 mg Norð.
Tablettae ascorbicae 100 mg.
Tablettae ascorbicae 500 mg.
Tablettae codimagnyli DD 63.
Tablettae diazepami 5 mg.
Tablettae magnyli Nord.

Heimilt er að afhenda viðkomandi lyf í smásölu til og með 30. júní 1981.

Auglýsing þessi er birt með stoð í reglugerð um skráningu innlendra sérlyfja nr. 334/1979. Jafnframt fellur niður auglýsing með sama heiti nr. 488/1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 30. desember 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 659. 31.desember 1980.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 402/1976 um námslán og námsstyrki.

1. gr.

2. gr. hljóði svo:

Óháð ákvæðum 1. gr. skulu námsmenn við eftirtaldar námsstofnanir eiga kost á námsaðstoð samkvæmt þessari reglugerð og eftir því sem sérstök fjárveiting leyfir hverju sinni, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1976:

Fiskvinnsluskólinn, 3. og 4. ár.
Fósturskóli Íslands.
Hjúkrunarskóli Íslands.
Hússtjórnarkennaraskóli Íslands, 2. og 3. ár.
Iðnskólar, framhaldsdeildir, 2. og 3. ár.
Íþróttakennaraskóli Íslands.
Leiklistarskóli Íslands.
Myndlista- og handíðaskóli Íslands, 3. og 4. ár.
Nýi hjúkrunarskólinn.
Stýrimannaskólar.
Tónlistarskólar: 2 síðustu námsár kennaradeilda Tónlistarskólans í Reykjavík, svo og tónlistarnemar á 7. og 8. námsstigi skv. námsstigakerfi Tónlistarskólans í Reykjavík.
Tækniskóli Íslands, raungreinadeild og tæknínám, annað en meinatækni.
Vélskólar.
Þroskaþjálfaskóli Íslands.

Nám á tæknifræðistigi og meinatæknínám við Tækniskóla Íslands, svo og nám í framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri telst aðstoðarhæft skv. 1. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 57/1976, um námslán og námsstyrki, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 31. desember 1980.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

8. desember 1980. Nr. 660.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Biðskylda verður á Stekkjarbakka gagnvart umferð á ónefndri götu milli Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka.
2. Stöðvunarskylda á Laufásvegi við Hafnarfjarðarveg verður afnumin.
3. Biðskylda verður á húsagötu Suðurlandsbrautar gagnvart umferð um Vegmúla.
4. Hægri beygja af Hafnarfjarðarvegi á Laufásveg verður bönnuð.
5. Vinstri beygja af Laufásvegi á Hafnarfjarðarveg verður bönnuð.
6. Vinstri beygja af Skúlagötu á Vatnsstíg verður bönnuð.
7. Fálkabakki verður lokaður fyrir annarri umferð en strætisvagna og skólabifreiða.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 18. desember n. k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. desember 1980.

Sigurjón Sigurðsson.

8. desember 1980. Nr. 661.

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði:

1. Umferð.
   a. Á Ásbúðartröð og Hvaleyrarbraut er einstefna til norðurs og vesturs frá Hólabraut.
   b. Umferð um Hringbraut nýtur fyrst um sinn forgangs fyrir umferð um Ásbraut (biðskylda).
   c. Hvammabraut hefir aðalbrautarrétt gagnvart öllum hliðargötum sem að henni liggja (biðskylda).
   d. Umferð um Hvammabraut er stöðvunarskyld við gatnamót Reykjanesbrautar (Keflavíkurvegar) (stans).
   e. Umferð um Hvaleyrarbraut (framhald Ásbúðartraðar) er stöðvunarskyld við gatnamót Hólabrautar (stans).

2. Bifreiðastöður.

Bifreiðastöður eru heimilar aðeins húsamegin á Ásbúðartröð og Hvaleyrarbraut, sbr. lið 1 a hér að framan.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 10. des. 1980.
Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði 8. desember 1980.

Einar Ingimundarson.

Nr. 662. 28. nóvember 1980.

AUGLÝSING

um umferð í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Að fenginni tillögu hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps og samkv. 65. gr. umferðarlaga eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vogakauptúni:

Hafnargata verður aðalbraut gagnvart Gamla þjóðvegi, Heiðargerði, Kirkjugerði og Egilsgötu og nýtur réttar samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda). Ennfremur verður hún aðalbraut gagnvart Vogagerði og nýtur þar réttar samkv. 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga (stöðvunarskylda).

Gamli þjóðvegur verður aðalbraut gagnvart Tjarnargötu, Ægisgötu, Suðurgötu og Brekkugötu og nýtur réttar samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Vogagerði verður aðalbraut gagnvart Tjarnargötu og Ægisgötu og nýtur réttar samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Tjarnargata verður aðalbraut gagnvart Heiðargerði, Kirkjugerði og Aragerði og nýtur réttar samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ægisgata verður aðalbraut gagnvart Heiðargerði, Kirkjugerði, Hofgerði og Aragerði og nýtur réttar samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Gullbringusýslu, 28. nóvember 1980.

Jón Eysteinsson.

Nr. 663. 3. desember 1980.

AUGLÝSING

um umferð í Sandgerði, Miðneshreppi.

Að fenginni samþykkt hreppsnefndar Miðneshrepps og skv. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirtaldar reglur um umferð í Sandgerði:

Biðskylda verður á Austurgötu, Klapparstíg, Uppsalavegi, Bjarmalandi og Holtsgötu við Hlíðargötu.

Biðskylda verður á Austurgötu við Suðurgötu.

Biðskylda verður á Hlíðargötu, Holtsgötu og Hjallagötu við Ásabraut.

Biðskylda verður á Vallargötu við Vesturgötu og við Túngötu.

Stöðvunarskylda verður á Suðurgötu við Strandgötu/Keflavíkurveg.

Stöðvunarskylda verður á Vesturgötu við Suðurgötu og við Strandgötu.

Bifreiðastöður eru bannaðar á Túngötu að austanverðu, milli Suðurgötu og Austurgötu.

Reglur þessar taka þegar gildi og jafnframt falla þá úr gildi allar andstæðar eldri reglur um umferð í Sandgerði.

Sýslumaðurinn í Gullbringusýslu, 3. desember 1980.

Jón Eysteinsson.

3. nóvember 1980. Nr. 664.

AUGLÝSING

um umferð í Bolungarvík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Bolungarvíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Við vesturbrún Hafnargötu, frá horni Brimbrjótsgötu norður að mótum Hafnargötu og Aðalstrætis, eru bifreiðastöður takmarkaðar við 30 mínútur.
2. Við austurbrún Hafnargötu eru bifreiðastöður bannaðar frá horni Brimbrjótsgötu norður að bifreiðastæðum vestan frystihúss.
3. Á Vitastíg (beggja vegna götunnar) frá Hafnargötu að Aðalstræti eru bifreiðastöður takmarkaðar við 30 mínútur.
4. Bifreiðastöður eru bannaðar á Þuríðarbraut (beggja vegna götunnar) frá Hólsárbrú að gatnamótum sunnan við bensínstöð Olíufélagsins Skeljungs hf.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Bolungarvík, 3. nóvember 1980.

Halldór Kristinsson.

23. desember 1980. Nr. 665.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Bifreiðastöður skulu vera bannaðar við austanverðan Eskihvamm.
2. Bifreiðastöður skulu vera bannaðar beggja vegna Engihjalla.
3. Umferð um Nýbýlaveg njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð aðliggjandi gatna, þannig að umferð þeirra víki fyrir umferð um Nýbýlaveg, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 23. desember 1980.

Leó E. Löve, fulltrúi.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Selfoss.

1. gr.

Vatnsveita Selfoss er eign bæjarsjóðs Selfoss og er hún rekin í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í kaupstaðnum, eftir því sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar á um.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri bæjarsjóðs Selfoss með sérstöku reikningshaldi.

Reikningar Vatnsveitu Selfoss skulu jafnan fylgja reikningum bæjarsjóðs Selfosskaupstaðar til endurskoðunar og samþykktar.

2. gr.

Bæjarstjórn Selfoss hefur æðsta vald í málefnum Vatnsveitu Selfoss og í umboði hennar annast bæjarráð yfirumsjón með framkvæmd starfa, er vatnsveituna varðar.

Bæjarstjórn skipar vatnsveitustjóra.

3. gr.

Vatnsveita Selfoss hefur einkarétt á sölu vatns á Selfossi og nýtingu vatnslinda í landi kaupstaðarins til vatnsnota, sbr. 1. gr.

4. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi kaupstaðarins með jarðraski eða mannvirkjagerð.

Heimilt er bæjarstjórn að banna mannvirkjagerð eða umgang manna og búfjár á ákveðnum svæðum í landi kaupstaðarins, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neysluvatns.

5. gr.

Hver sá sem veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

6. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landafnot og mannvirki í þágu Vatnsveitunnar og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef samkomulag næst eigi.

7. gr.

Hver sá, er á húseign við götu eða veg, sem vatnsæð liggur um á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykkt byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu jafnan leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, er vatn nota önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar, nema að fengnu leyfi vatnsveitustjóra. Vatnsveitustjóri getur fyrirskipað breytingar á eldri vélum og tækjum ef nauðsyn krefur.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægjanlegu vatni,

er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði orku- og veitunefndar.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunhönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

Engum einstaklingi né fyrirtæki er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis vatnsveitustjóra.

8. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar, götuæðar og heimæðar að lóðarmörkum.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunnar.

Allar vatnsæðar frá lóðarmörkum að húsi og í því eru eign húseiganda og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja saman húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar.

Vatnsveitan getur ákveðið að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal fá leyfi til þess, bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús að þau séu fokheld og upphituð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Þótt leka hafi ekki orðið vart, getur vatnsveitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

Heimæðar eru ekki lagðar ef frost er í jörð. Húseiganda ber skylda til að ganga þannig frá tengistað á lóðarmörkum að unnt sé að loka fyrir ef nauðsyn krefur.

9. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveituæð skal senda vatnsveitunni skriflega umsókn þar um. Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem fást hjá vatnsveitustjóra.

Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota, sé um að ræða annað en venjulega heimilisnotkun.

Með umsókninni fylgi uppdráttur í tvíriti og eigi í minni mælikvarða en 1:100.

Uppdráttur skal gerður af þar til hæfum manni, er hlotið hefur til þess löggildingu bæjarstjórnar.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utanhúss og innan. Á afstöðunni skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað. Áliti vatnsveitan nauðsyn á að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir skulu þeir látnir í té.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Ef vatnsveitan samþykkir uppdrátt, skal á hann færð áritun um það.

Sé skipt um pípulagningameistara meðan á verki stendur, skal það tilkynnt vatnsveitunni.

Uppdráttur, áritaður af vatnsveitunni, skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars sem kann að vera því til fyrirstöðu.

10. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af bæjarstjórn hafa einir rétt til að annast vatnslagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningameistari brýtur í bága við fyrirmæli samþykktar þessarar eða reglna settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Ennfremur má svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

11. gr.

Eftirlit með því að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa skal vera í höndum byggingafulltrúa.

12. gr.

Eftirlitsmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem eru sett í sambandi við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því.

Heimilt er vatnsveitunni að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

13. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Bæjarráð getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma í senn á vissum svæðum vatnsveitukerfis eftir ástæðum, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án vatns verið nægilegt vatn, og til þess að tryggja neytendum vatn, sem annars kynnu að verða útundan um vatnsnot vissan tíma í senn. Ætíð skulu slíkar aðgerðir auglýstar með svo rúmum fyrirvara, sem auðið er.

14. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af fasteignum og skal skatturinn miðaður við gjaldskrá vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja. Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og ákveður bæjarstjórn gjald fyrir hvern m^3.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til sem í 3. mgr. segir, og skal þá vatnsveitan ákveða aukaskatt samkvæmt áætlaðri notkun.

Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti, og getur hann þá krafist þess að vatnsnotkun verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

15. gr.

Um gjöld og innheimtu þeirra gilda ákvæði gjaldskrár.

16. gr.

Þegar vatn er selt samkvæmt mæli (sbr. 14. gr.) sér vatnsveitan um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum, ber húseiganda að bæta.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælisins varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald, er bæjarstjórn ákveður. Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttað, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhússkerfi.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir.

17. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt, til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum.

Vatnsveitan getur krafist þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar hávaða frá dælu.

18. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengd að eigi sé hætta á að vatnið í æðunum óhreinkist.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu, og skulu blöndunartæki hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút.

Ennfremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið geta óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

19. gr.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágu frá reglunni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 5 00 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Selfosskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Félagsmálanefnd fer með stjórn heimilishjálpar í Seyðisfjarðarkaupstað í umboði bæjarstjórnar.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálpar:

1) Að veita hjálp á heimilum um stundarsakir, þegar þess er þörf, vegna sjúkdóma eða af öðrum ástæðum, sem metnar eru gildar, sbr. lög nr. 10/1952.
2) Að veita hjálp vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir sem veita heimilinu forstöðu eru bundnir af atvinnu utan heimilis og skulu aðstæður metnar hverju sinni, sbr. lög nr. 10/1952.
3) Að veita ellilífeyrisþegum aðstoð og umönnun, þegar þeir, vegna veikinda eða af öðrum ástæðum geta ekki séð um sig sjálfir og þarfnast aðstoðar til þess að geta dvalið í heimahúsum, sbr. lög nr. 10/1952 og reglugerð um heimilisþjónustu fyrir aldraða nr. 114/1971.
4) Aðstoð við öryrkja og fatlaða sem búa einir og aðstoð við foreldra með fötluð börn.
5) Önnur tilfelli sem metin eru hverju sinni.

3. gr.

Félagsmálanefnd ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

4. gr.

Félagsmálanefnd ber að ganga úr skugga um að starfslið sem heimilishjálp stundar á þess vegum sé hæft til starfsins og skal gefa því kost á að sækja námskeið til að auka þekkingu sína og hæfni til starfans.

5. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar ákveður launakjör starfsfólks heimilishjálparinnar. Starfsmönnum er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim, sem þeir veita aðstoð. Starfsmenn skulu gæta fyllstu þagmælsku um það, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

6. gr.

Fyrir heimilishjálp og heimilisþjónustu skal greitt eftir gjaldskrá er bæjarstjórn setur að fengnum tillögum frá félagsmálanefnd. Þeir aldraðir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri, skulu undanþegnir greiðsluskyldu. Félagsmálanefnd er heimilt að fengnu samþykki bæjarráðs að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálp eða fella niður greiðslur þegar sérstakar ástæður eru til slíkrar ívilnunar.

7. gr.

Bæjarsjóður Seyðisfjarðar ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem starfsfólk það, er vinnur á vegum heimilishjálparinnar kann að valda við störf sín umfram það sem bætt er af sérstakri ábyrgðartryggingu sem heimilishjálpin kaupi.

8. gr.

Skrifstofa bæjarsjóðs annast reikningsskil og fjárreiður heimilishjálparinnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar bæjarsjóðs.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

8. desember 1980. Nr. 668.

AUGLÝSING

um gjald til Almanakssjóðs.

Með skírskotun til 6. gr. laga nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 16/1922, hefur verið ákveðið, að gjald það, er greiða skal í Almanakssjóð fyrir hvert almanak, sem gefið er út eða flutt inn með sérstöku leyfi samkvæmt téðu lagaákvæði, skuli frá 1. janúar 1981 og þar til öðruvísi verður ákveðið vera 30 nýir aurar fyrir hvert eintak.

Í menntamálaráðuneytinu, 8. desember 1980.

Ingvar Gíslason.

Árni Gunnarsson.

23. desember 1980. Nr. 669.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 249 22. desember 1971 um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

5. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 1. gr. skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.130% (0.13 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta- og mestagjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði minnst 116.26 kr/m^3 en mest 144.96 kr/m^3.
Vörugeymslur minnst 81.98 kr/m^3 en mest 155 14 kr/m^3.
Aðrar byggingar minnst 103.08 kr/m^3 en mest 155.14 kr/m^3.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 2. gr., skal vera kr. 79.44 á hvern rúmmeter vatns.

Lágmarks- og hámarksgjöld skv. 2. mgr. breytist árlega í hlutfalli við ákvörðun yfirfasteignamatsnefndar um framreikningsstuðla eftir tegundum eigna fyrir skráð matsverð fasteigna í Reykjavík.

Aukavatnsskattur, sbr. 3. mgr., breytist árlega eftir framreikningsstuðli, sem ákveðinn er af yfirfasteignamatsnefnd fyrir atvinnuhúsnæði.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 58 12. janúar 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 670. 23. desember 1980.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi nr. 158 25. nóvember 1948.

13. gr. reglugerðarinnar, orðist svo:

Vatnsskattur skal vera 0.3% (0.3 af hundraði) af fasteignamati.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 18 000 og skal hann miðast við vísitölu byggingakostnaðar 1. okt. 1980.

Ef fasteign sem greiða ber af vatnsskatt er ekki virt til fasteignamats, ákveður stjórn vatnsveitunnar skattinn.

14. gr. orðist svo:

Auk vatnsskatt samkv. 13. gr. skal greiða aukavatnsskatt af þeim húsum, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisnota, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum.

Af gróðurhúsum skal greiða kr. 120 fyrir hvern fermetra og breytist sú upphæð miðað við vísitölu 1. okt. 1980.

Fyrir aðra notkun skal greiða gjald sem vatnsveitan ákveður.

Vatnsveitunni er heimilt að setja upp vatnsmæla, þar sem því verður við komið og henta þykir og skal þá greiða aukavatnsskattinn samkvæmt mældri notkun, eftir sérstakri gjaldskrá.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 66 — 1980

19. desember 1980. 1073 Nr. 671.

REGLUGERÐ

um holræsi á Þórshöfn.

1. gr.

Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps hefur ein heimild til þess að leggja holræsi um Þórshafnarkauptún. Holræsagerð Þórshafnarhrepps er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólp í aðalræsi og halda því við.

Regnvatn af húsi og lóð skal einnig að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í holræsið.

3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi, skal hann skýra manni þeim, sem hreppsnefnd löggildir til lagningar holræsa í kauptúninu frá því og fá samþykki þar til.

Umsjónarmaður ákveður legu og gerð pípna þeirra, er holræsið mynda svo og alla tilhögun verksins eftir að hafa fengið í hendur uppdrátt, er sýni glögglega alla tilhögun lagnarinnar.

4. gr.

Hreppsnefnd löggildir menn, sem teljast skulu hæfir til að leggja og ganga frá holræsum. Þeir einir, sem hreppsnefnd löggildir til holræsalagningar, skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá skólpræsum, sem standa í sambandi við holræsakerfi hreppsins.

5. gr.

Kostnaður við holræsagerð hreppsins, greiðist af holræsagerðinni og til þess að standa straum af kostnaði við lagningu og viðhald holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á eða lóðarréttindi við götu, sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 0.1% af faseignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en kr. 3 000.00 af húsi eða hluta húss, sem talinn er sér í fasteignamati, enda sé skólplögn að viðkomandi húseign eða húshluta. Lágmarksgjald kr. 3 000.00 skal miðað við byggingarvísitölu með grunn 1. október 1978 og hækkar samkvæmt henni ár hvert.

Gjöld samkvæmt grein þessari er hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

6. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra aðila, samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreiningur verður.

B 135

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalda er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, sem rennur í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 9 19. janúar 1967 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 672. 23. desember 1980.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Þórshafnar.

1. gr.

Vatnsveita Þórshafnar er fyrirtæki, sem Þórshafnarhreppur er eigandi að, og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila, hafnarinnar og fyrirtækja á Þórshöfn. Vatnsveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Vatnsveita Þórshafnar.

2. gr.

Vatnsveita Þórshafnar hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, innan kauptúnsins.

3. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við hreppsnefnd. Í vatnsveitunefnd séu þrír menn og þrír til vara.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við Vatnsveitu Þórshafnar, skal senda vatnsveitunefnd umsókn þar um. Umsókn þessi skal vera skrifleg, og henni skulu fylgja upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun og til hvers vatnið skuli notað.

5. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsæðum veitunnar, nema að fengnu leyfi vatnsveitunefndar og eftir fyrirmælum hennar, bæði um efni og tilhögun verksins.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra.

Skylt er hverjum húseiganda að gera tafarlaust við vatnsæðar sínar komi leki að þeim.

6. gr.

Vatnsveitunefnd eða mönnum í umboði hennar er heimilt að fara um hús og lóðir þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlits með vatnsnotkun enda komi þar til fullar bætur ef um skemmdir verður að ræða. Þyki útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust láta bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að láta gera það á kostnað húseiganda. Ennfremur er vatnsveitunefnd heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á leiðslum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða standa ekki í skilum við vatnsveituna. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun sé skortur á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

7. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, ef rök mæla með því, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, sé ekki önnur úrlausn fyrir hendi, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

8. gr.

Af öllum húsum í Þórhafnarkauptúni, sem metin eru til fasteignamats og tengd eru vatnsveitunni, skal greiða árlegan vatnsskatt, er nemi 0,1% af fasteignamati húsanna og tilheyrandi lóða, þó aldrei minna en kr. 3 000. —fyrir einbýlishús. Lágmarksvatnsskattur kr. 3 000.— skal miðaður við byggingarvísitölu með grunn 1. október 1978 og hækkar því samkvæmt henni ár hvert.

Fyrir hverja íbúð í fjölbýlishúsi kr. 3 000.— með sama ákvæði um hækkun samkvæmt byggingarvísitölu og í 1. málsgrein. Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, svo sem verksmiðjur, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, gistihús, frystihús o. fl., skal greiða aukavatnsskatt, er nemi 0.2% af fasteignamati húsanna og tilheyrandi lóða, ef vatn er ekki selt eftir mæli samkvæmt 9. gr.

9. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að setja upp mæla hjá þeim fyrirtækjum eða einstaklingum, sem nota mikið vatn og skal þá greiða kr. 10 fyrir hvern teningsmetra vatns, auk þess vatnsskatts sem um er getið í 8. gr. Vatnsveitunefnd sér um uppsetningu og útvegun mælanna, en vatnsnotandi skal greiða árlega mælaleigu að að fjárhæð kr. 3 000.—.

10. gr.

Sé vatn ekki selt eftir mæli samkv. 9. gr., er heimilt að innheimta aukavatnsskatt sem hér segir: Af hverri tunnu uppsaltaðrar síldar kr. 7.50, af hverju máli (síld), sem lagt er upp til bræðslu kr. 23.00, af hverri smálest af frystum landbúnaðar- og fiskafurðum kr. 100.00, af hverri smálest af saltfiski kr. 20.00, af hverri kind, sem slátrað er, kr. 3.00.

Allar krónuupphæðir í gr. 9 og gr. 10 skulu miðaðar við byggingarvísitölu með grunn 1. október 1978 og hækka því samkvæmt henni ár hvert.

11. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að ákveða, að hafnarsjóður Þórshafnar greiði vatnsveitunni eftir mæli eða ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi höfnin allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer við höfnina, að undanskildum framleiðslugjöldum sjávarafurða.

12. gr.

Gjöld samkvæmt þessari reglugerð getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50 — fimmtíu af hundraði —, bæði einstaka liði og í heild án staðfestinga ráðuneytisins.

13. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast oddviti reikningshaldið, innheimtu og greiðslur.

Gjalddagi vatnsskatts er hinn sami og fasteignaskatts ár hvert.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki, og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

14 gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 200 000.— nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé renni í vatnsveitusjóð. Valdi einhver skemmdum á veitukerfinu, skal það bætt eftir mati tveggja óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 10 19. janúar 1967 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 673. 31. desember 1980.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Njarðvíkurkaupstað.

I. KAFLI

Gatnagerðargjöld. A.

Um þátttöku lóðarhafa við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögnum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Njarðvík, skal greiða gatnagerðargjöld til bæjarsjóðs samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar skal miða við ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra í fjölbýlishúsi, eins og hann er hverju sinni skv. útreikningi Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	3.25%
Raðhús og keðjuhús	2.0 %
Fjölbýlishús með allt að 8 íbúðum	2.0 %
Fjölbýlishús með 8 eða fleiri íbúðum	0.9 %
Verslunar- og skrifstofubyggingar, opinb. bygg.	2.0 %
Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	0.9 %
Gripahús og geymsluhús utan þéttbýlis	0.6 %

Bílageymslur og önnur útihús skal telja með við útreikning á rúmmáli húss. Af gluggalausu kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er, að mati byggingarnefndar, að grafa út grunn en fylla hann upp, skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í húsrýmið innan frá.

Gjald skal miða við stærð húss samkv. samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við stærð húss sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

Einbýlishús	500m³
Raðhús, keðjuhús	400m³
Fjölbýlishús	300m³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.5 m nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0.3—0.5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi. Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.

3. gr.

Gjald samkv. 2. gr. skal reikna miðað við byggingarkostnað vísitöluhússins þann dag sem teikning er samþykkt í byggingarnefnd, en endurreiknast skv. gildandi byggingarvísitölu við útgáfu byggingarleyfis, sé það ekki gefið út innan 3ja mánaða frá samþykkt teikninga. Sé um blandaða notkun húsnæðis að ræða, skal reikna gjaldið eftir viðkomandi liðum. Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, skal greiða gjald af hinu breytta húsnæði sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Sama gildi ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðarhús til þess að byggja annað stærra á sömu lóð.

4. gr.

Greiða skal 50% gatnagerðargjalds skv. 2. grein innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar greiðast þegar byggingarleyfi er veitt, þó ekki síðar en fjórum mánuðum frá lóðaráthlutun, nema byggingarskilmálar setji annan frest til að leggja fram fullgildar teikningar. Bæjarstjóra er heimilt að veita lengri gjaldfrest á eftirstöðvum gatnagerðargjalds, þó ekki lengur en í 6 mánuði frá veitingu byggingarleyfis, enda séu settar fullnægjandi tryggingar. Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar greinar ef um umfangsmiklar byggingarframkvæmdir eins aðila er að ræða.

5. gr.

Sé gatnagerðargjald ekki greitt í samræmi við ákvæði 4. gr. fellur lóðarúthlutun sjálfkrafa úr gildi og getur bæjarstjórn þá úthlutað lóðinni á ný.

6. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð, á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi, þ. e. sömu krónutölu og hann hafði greitt. Heimilt er bæjarstjóra að fresta endurgreiðslu, uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó ekki lengur en 12 mánuði frá því að lóðinni er skilað. Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum. Sé heimild til að fresta endurgreiðslu notuð, skal bæjarsjóður greiða lóðarhafa almenna innlánsvexti af innstæðu hans frá því lóðinni var skilað eða hún af honum tekin.

7. gr.

Verði breyting á byggingarkostnaði vísitöluhússins á þeim tíma sem líður frá því að fyrri hluti gatnagerðargjalds skv. 4. gr. er greiddur til þess dags er byggingarleyfi er veitt, skal umreikna þá greiðslu samkvæmt breytingu á byggingarvísitölu. Umreikningur þessi skal þó aldrei valda meiri breytingu en svarar til breytingar á byggingarvísitölu á þeim tíma sem byggingarskilmálar veita til að leggja fram teikningar til samþykktar í byggingarnefnd.

8. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarúthlutunar, er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin. Skal þá greiða allt gjaldið þegar byggingarleyfi er veitt, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

9. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður gatnagerðargjald bygginga á vegum Sambands Sveitarfélaga á Suðurnesjum, fyrirtækja þeirra, svo og líknarfélaga og annarra sambærilegra félaga.

II. KAFLI

Gatnagerðargjöld B.

Þátttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera gangstétt og bundið slitlag á götu.

10. gr.

Af öllum lóðum og húsum sem falla undir I. kafla, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari.

11. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	2.0%
Raðhús og keðjuhús	1.5%
Fjölbýlishús	0.75%
Verslunar- og skrifstofubyggingar, opinb. bygg.	1.5%
Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	1.0%

Rúmmál húss reiknast með sama hætti og í I. kafla.

12. gr.

Gatnagerðargjöld samkvæmt 11. gr. miðast við byggingarkostnað á þeim tíma sem lokaframkvæmd við gerð götu fer fram. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miðað við byggingarkostnað þegar byggingarleyfi er veitt.

13. gr.

Gatnagerðargjald skv. 11. grein fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafla er lokið, eða einum mánuði eftir að byggingarleyfi er veitt, sé um hús við fullgerða götu að ræða.

Heimilt er þó gjaldanda að greiða hluta gjaldsins með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum. Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi eign og ákveður bæjarstjórn við hverja álagningu hvaða vexti þau skuli bera. Bæjarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin þriðja aðila.

Staðgreiðsluafsláttur skal vera sá sami og nemur innlánsvöxtum af eins árs sparisjóðsbók.

14. gr.

Afturvirkni B-gjalda verður ekki beitt, þrátt fyrir heimild í 4. grein laga um gatnagerðargjöld.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 11. gr. skal gatnagerðargjald aldrei nema hærri upphæð en nemur áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi sbr. 2. og 11. gr. laga um gatnagerðargjöld.

16. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum, fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Njarðvíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

30. desember 1980. Nr. 674.

BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1980:

Kjósarsýsla:

Grásteinar á garðyrkjubýli í landi Hraðastaða, Mosfellshreppi.
Sveifla á loðdýraræktarbýli í landi Krýsuvíkur.
Steinahlíð á þjónustubýli í landi Helgafells II, Mosfellshreppi.

Borgarfjarðarsýsla:

Furugrund á garðyrkjubýli í landi Kleppjárnsreykja, Reykholtsdalshreppi.
Hyrningur á iðnaðarbýli í landi Kleppjárnsreykja, Reykholtsdalshreppi.

Snæfellsnessýsla:

Geirakot á jörðunum Geirakot og Haukabrekka, Fróðarárhreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Lambeyri á iðnaðarbýli í landi Laugarhvamms, Lýtingsstaðahreppi.
Tröð á smábýli í landi Gils, Skarðshreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Klöpp á loðdýraræktarbúi í landi Sólbergs, Svalbarðsstrandarhreppi.
Brattahlíð á nýbýli í landi Breiðuvíkur, Tjörneshreppi.
Björg II á smábýli í landi Bjarga, Ljósavatnshreppi.
Húsabrekka á garðyrkjubýli í landi Halllands, Svalbarðsstrandarhreppi.
Laugavellir á jörðunum Laugavellir og Stóru-Laugar II, Reykdælahreppi.

Norður-Múlasýsla:

Vakursstaðir I á jörðunum Vakursstaðir I og III, Vopnafjarðarhreppi.

Suður-Múlasýsla:

Þrándarstaðir II á iðnaðarbýli í landi Þrándarstaða, Eiðahreppi.

Rangárvallasýsla:

Þjórsárbakki á garðyrkjubýli í landi Háfshjáleigu, Djúpárhreppi.

Árnessýsla:

Brekkugerði á þjónustubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.
Kjóastaðir II á nýbýli í landi Kjóastaða, Biskupstungnahreppi.
Brjánsstaðir II á þjónustubýli í landi Brjánsstaða, Grímsneshreppi.
Melar á nýbýli í landi Varmalækjar, Hrunamannahreppi.
Leynir II á garðyrkjubýli í landi Leynis, Laugardalshreppi.
Rimi á garðyrkjubýli í landi Torfastaðakots (nú Vegatungu) og Torfastaða, Biskupstungnahreppi.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1980.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

REIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands.

Efnahagsreikningur 31. des. 1979.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum út á:			
a) Fiskiskip		kr.	56 321 372 618
b) Hraðfrystihús		—	6 572 302 695
c) Síldar- og fiskmjölsverksmiðjur		—	860 073 873
d) Aðrar fiskvinnslustöðvar		—	1 194 448 855
e) Skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir		—	91 719 836
f) Ýmsar fasteignir (verbúðir o. fl.,)		—	339 697 908
2. Skuldabréf vegna breytinga á skuldum sjávarútvegs 1975 fyrir lánum út á:			
a) Fiskiskip		kr.	460 720 471
b) Fasteignir		—	479 561 474
3. Hagræðingarlán		kr.	2 210 553 602
4. Fyrirframgreiðslur vegna innlendrar skipasmíði o. fl.		—	3 405 572 751
5. Verðbréf		—	85 700 988
6. Ýmsir skuldunautar		—	197 051 037
7. Bankainnstæður:			
a) Fiskveiðasjóður	kr. 1 175 332 126		
b) Stofnfjársjóður	— 1 294 987 111		
c) Gengisjöfnunarstyrkur	— 45 218 269		
d) Hagræðingarlán	— 97 924 713		
		—	2 613 462 219
		kr.	74 832 238 327

Skuldir:

1. Skuldir við innlenda banka		kr.	8 005 542 952
2. Skuldir í erlendri mynt		—	29 924 585 412
3. Framlagsreikningur Seðlabanka, Landsbanka og Útvegsbanka		—	175 393 000
4. Skuldir við innlenda banka vegna lausaskuldalána		—	928 059 159
5. Skuld við Hagræðingarsjóð		—	2 308 478 315
6. Innstæður lántakenda vegna erlendra lána til skipakaupa		—	18 774 766 679
7. Stofnfjársjóður fiskiskipa		—	1 294 987 111
8. Viðskiptamenn		—	361 644 602
9. Sumarsíldveiðar 1968 lög nr. 79/1968 17. gr. B		—	2 499 242
10. Gengisjöfnunarstyrkur, lög nr. 79/1968 17. gr. A		—	4 239 742
11. Gengisjöfnunarstyrkur, 1974, 1975 og 1978 lög nr. 106/1974 55/1975 og 2/1978		—	45 218 269
12. Eigið fé		—	13 006 823 844
		kr.	74 832 238 327

Reykjavík 7. febrúar 1980.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS.

Sverrir Júlíusson. **Svavar Ármannsson.**

Gunnar P. Ívarsson.

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikningsfærslu og bókhald sjóðsins á árinu, fylgiskjöl, lánsskjöl, verðbréf og bankareikninga og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 26. febrúar 1980.

Birgir Finnsson. *Ásmundur B. Olsen.*

Með vísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1979 rétta.

Reykjavík, 4. mars 1980.

Davíð Ólafsson. *Ármann Jakobsson.* *Einar B. Ingvarsson.*
Björn Guðmundsson. *Óskar Vigfússon.* *Árni Benediktsson.*
Helgi Bergs.

Með skírskotun til framanritaðra yfirlýsinga endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1979 hér með staðfestir.

Reykjavík, 14.3. 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Rekstrarreikningur 31. desember 1979

Gjöld:

1.	Kostnaðarreikningur	kr.	265 159 170
2.	Vextir greiddir á árinu	—	5 939 373 168
3.	Lagt í Stofnsjóð	—	3 900 000 000
4.	Lagt í Afskriftarreikning	—	290 000 000
5.	Lagt í Varasjóð	—	400 000 000
6.	Yfirfært til næsta árs	—	6 823 844
		kr.	10 801 356 182

Tekjur:

1.	Yfirfært frá fyrra ári	kr.	4 729 800
2.	Af útflutningsgjaldi	—	1 842 139 274
3.	Mótframlag ríkissjóðs vegna útflutningsgjalds	—	1 308 110 726
4.	Framlag ríkissjóðs	—	31 500 000
5.	Vextir innheimtir á árinu	—	7 614 876 382
		kr.	10 801 356 182

REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins.

Greiðsluyfirlit 1978.

Stofnfjárdeild.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1978:		
Innstæða á hlr. 35209 í Seðlabanka Íslands	kr.	80 897 387
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	44 230 280
Vaxtatekjur	—	7 619 290
Stjórnarlaun flutt á undirreikn.	—	33 600
	kr.	132 780 557

Gjöld:

Stjórnarlaun	—	24 100
Auglýsingakostnaður	—	600
Eignir 31. des. 1978:		
Innstæða á hlr. 35209	—	132 755 857
	kr.	132 780 557

Deild fyrir frystar fiskafurðir

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1978:				
Innstæða á hlr. 35217, freðfiskur, í Seðlab. Íslands	kr.	85 880 258		
Innstæða á hlr. 35276 rækja, í Seðlab. Íslands	—	86 189 990		
Innstæða á hlr. 35292, humar, í Seðlab. Ísl.	—	194 491 317		
			kr.	366 561 565
Innborgaðar verðhækkanatekjur af freðfiski framl. frá 1/1—30/6 1977			—	129 603 200
Innborgaðar verðhækkanatekjur af rækju framl. 1977 og 1978			—	141 334 802
Innborgaðar verðhækkanatekjur af humri:				
v/framl. 1977	kr.	31 196 700		
v/framl. 1978	—	76 453 800		
			—	107 650 500
Innborgað upp í hlut freðfisks í gengishagnaði:				
v/ gengisbreytingar í febrúar 1978	kr.	800 000 000		
v/ gengisbreytingar í september 1978	—	500 000 000		
			—	1 300 000 000
Uppfærsla v/ gengisbreytinga:				
Hlr. 35217	kr.	73 551 020		
Hlr. 35276	—	86 047 750		
Hlr. 35292	—	117 615 480		
			—	277 214 250

Vaxtatekjur:			
Hlr. 35217	kr.	13 438 278	
Hlr. 35276	—	14 236 046	
Hlr. 35292	—	20 867 791	
			— 48 542 115
			kr. 2 370 906 432

Gjöld:

Stjórnarlaun			kr. 1 368 030
Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna			— 379 330
Opinber gjöld			— 58 340
Auglýsingakostnaður:			
v/freðfisks	kr.	105 670	
v/rækju	—	22 230	
v/humars	—	10 710	
			— 138 610
Greitt v/verðlækkana á freðfiski, framl. frá 1/7—30/9 1977	—	7 142 000	
Greitt v/verðlækkana á freðfiski, framl. frá 1/10 — 31/12 1977	—	32 924 400	
			— 40 066 400
Greitt v/verðlækkana á freðfiski, framl. frá 1/1—31/5 1978	—	417 455 300	
Greitt v/verðlækkana á freðfiski, framl. frá 1/6—31/8 1978	—	1 044 271 000	
			— 1 461 726 300
Eignir 31. des. 1978:			
Innstæða á hlr. 35217	kr.	98 879 451	
Innstæða á hlr. 35276	—	327 717 083	
Innstæða á hlr. 35292	—	440 572 888	
			— 867 169 422
			kr. 2 370 906 432

Deild fyrir afurðir síldar- og fiskmjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1978:			
Innstæða á hlr. 35225, loðnumjöl, og hlr. 35233, loðnulýsi, í Seðlabanka Íslands	kr.	799 231 184	
Innstæða á hlr. 35268, fiskmjöl, í Seðlab. Íslands	—	66 955 540	
			kr. 866 186 724
Innborgaðar verðhækkanatekjur af loðnumjöli, framl. 1977 og 1978			— 1 042 241 288
Innborgaðar verðhækkanatekjur af loðnulýsi, framl. 1977 og 1978			— 607 862 146
Innborgaðar verðhækkanatekjur af fiskmjöli, framl. 1978			— 169 793 980
Uppfærsla v/gengisbreytinga:			
Hlr. 35225	—	595 264 860	
Hlr. 35233	—	221 619 700	
Hlr. 35268	—	66 357 240	
			— 883 241 800

Vaxtatekjur:			
Hlr. 35225	—	103 465 063	
Hlr. 35233	—	39 901 881	
Hlr. 35268	—	10 449 317	
		—	153 816 261
		kr.	3 723 142 199

Gjöld:

Stjórnarlaun:			
v/loðnumjöls	kr.	345 748	
v/loðnulýsis	—	345 747	
	kr.		691 495
Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna:			
v/loðnumjöls	—	120 325	
v/loðnulýsis	—	98 575	
v/fiskmjöls	—	40 655	
	—		259 555
Opinber gjöld:			
v/loðnumjöls	—	14 740	
v/loðnulýsis	—	14 739	
	—		29 479
Auglýsingakostnaður:			
v/loðnumjöls	—	14 485	
v/loðnulýsis	—	14 485	
v/fiskmjöls	—	42 950	
	—		71 920
Eignir 31. des. 1978:			
Innstæða á hlr. 35225 og 35233	kr.	3 408 617 278	
Innstæða á hlr. 35268	—	313 472 472	
	—		3 722 089 750
	kr.		3 723 142 199

Deild fyrir saltfiskafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1978:		
Innstæða á hlr. 35241, í Seðlabanka Íslands	kr.	2 381 735 634
Innborgaðar verðhækkanatekjur af söltuðum ufsaflökum, framl. 1977	—	13 384 430
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	1 059 340 980
Vaxtatekjur	—	189 914 502
	kr.	3 644 375 546

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	830 690
Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna	—	244 615
Opinber gjöld	—	35 428
Auglýsingakostnaður	—	40 620

Greitt v/verðlækkana á óverkuðum saltfiski, framl. 1977	—	305 088 393
Greitt v/ verðlækkana á óverkuðum saltfiski, framl. 1978	—	868 622 600
Eignir 31. des. 1978:		
Innstæða á hlr. 35241	—	2 469 513 800
	kr.	3 644 375 546

Deild fyrir skreiðarafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1978:		
Innstæða á hlr. 35284 í Seðlabanka Íslands	—	221 234 292
Innborgaðar verðhækkanatekjur af skreið, framl. 1977	—	2 771 500
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	121 895 360
Vaxtatekjur	—	21 000 976
	kr.	366 902 128

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	642 085
Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna	—	52 380
Opinber gjöld	—	27 385
Auglýsingakostnaður	—	26 130
Eignir 31. des. 1978:		
Innstæða á hlr. 35284	—	366 154 148
	kr.	366 902 128

Reykjavík, 15. október 1980.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins.

Davíð Ólafsson, formaður.

Framanrituð greiðsluyfirlit 1978 höfum við endurskoðað. Innstæður sjóðsins í árslok 1978 hafa verið sannreyndar. Að okkar áliti gefa yfirlitin skýra mynd af innborgunum og útborgunum ársins.

Reykjavík, 15. október 1980.

Stefán Svavarsson,
lögg. endurskoðandi,
kjörinn af bankaráði
Seðlanbanka Íslands.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlanbanka Íslands.

REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Greiðsluyfirlit 1979.

Stofnfjárdeild.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1979:		
Innstæða á hlr. 35209 í Seðlabanka Íslands	kr.	132 755 857
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	16 461 500
Vaxtatekjur	—	6 884 557
Innb. gengism. v/gengisbr. í febr. '78 sbr. lög nr. 2/1978 (óráðstafað)	—	21 989 000
Innb. gengism. v/gengisbr. í sept. '78 sbr. lög nr. 95/1978 (óráðst.)	—	45 792 000
Stjórnarlaun flutt á undirreikn.	—	48 500
	kr.	223 931 414

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	33 600
Auglýsingakostnaður	—	6 800
Stofnfé saltsíldar flutt	—	87 937 480
Eignir 31. des. 1979:		
Innstæða á hlr. 35209	—	135 953 534
	kr.	223 931 414

Deild fyrir frystar fiskafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1979:			
Innstæða á hlr. 35217, freðfiskur, í Seðlab. Íslands	kr.	98 879 451	
Innstæða á hlr. 35276, rækja, í Seðlab. Ísl.	—	327 717 083	
Innstæða á hlr. 35292, humar, í Seðlab. Ísl.	—	440 572 888	
Innst. á hlr. 35314, hörpudiskur, í Seðlab. Ísl.	—	0	
			kr. 867 169 422
Innborg. verðhækkanatekjur af freðfiski framl. frá 1/10—31/12 '78			— 299 233 000
Innborgaðar verðhækkanatekjur af freðfiski framl. frá 1/1—28/2 '79			— 45 792 000
Innborgaðar verðhækkanatekjur af freðfiski framl. frá 1/3—31/5 '79			— 74 953 000
Innborgaðar verðhækkanatekjur af rækju framl. 1978			— 31 180 845
Innborgaðar verðhækkanatekjur af humri framl. 1979			— 38 941 000
Innborgaðar verðhækkanatekjur af hörpudiski framl. 1978 og 1979			— 159 864 470
Innborgað uppí hlut freðfisks í gengishagnaði:			
v/gengisbreytingar í febr. 1978	kr.	130 907 360	
v/gengisbreytingar í sept. 1978	—	1 757 757 409	
			kr. 1 888 664 769
Innborgað uppí hlut rækju í gengishagnaði:			
v/gengisbreytingar í febr. 1978	kr.	9 790 000	
v/gengisbreytingar í sept. 1978	—	5 625 000	
			— 15 415 000

Uppfærsla v/gengisbreytinga:				
Hlr. 35217	kr.	158 501 900		
Hlr. 35276	—	106 676 400		
Hlr. 35292	—	132 376 900		
Hlr. 35314	—	21 437 100		
			—	418 992 300
Vaxtatekjur:				
Hlr. 35217	kr.	48 927 711		
Hlr. 35276	—	45 782 700		
Hlr. 35292	—	57 204 953		
Hlr. 35314	—	7 804 868		
			—	159 720 232
			Kr.	3 999 926 038

Gjöld:

Stjórnarlaun			kr.	2 009 293
Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna:				
v/freðfisks	kr.	397 830		
v/rækju	—	39 475		
v/humars	—	58 740		
v/hörpudisks	—	39 475		
			—	535 520
Opinber gjöld			—	99 613
Auglýsingakostnaður:				
v/freðfisks	kr.	94 160		
v/rækju	—	21 400		
v/hörpudisks	—	19 260		
			—	134 820
Greitt v/verðlækkana á freðfiski, framl. frá 1/6—31/8 1978			—	650 606 000
Eignir 31. des. 1979:				
Innstæða á hlr. 35217	kr.	1 961 744 935		
Innstæða á hlr. 35276	—	526 711 153		
Innstæða á hlr. 35292	—	669 037 001		
Innstæða á hlr. 35314	—	189 047 703		
			—	3 346 540 792
			kr.	3 999 926 038

Deild fyrir afurðir síldar- og fiskmjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1979:				
Innstæða á hlr. 35225, loðnumjöl, og hlr. 35233, loðnulýsi í Seðlabanka Íslands	kr.	3 408 617 278		
Innstæða á hlr. 35268, fiskmjöl, í Seðlab. Ísl.	—	313 472 472		
Innstæða í hlr. 35330, kolmunna- og spærlingsmjöl, í Seðlab. Íslands	—	0		
			—	3 722 089 750
Innborgaðar verðhækkanatekjur af fiskmjöli framl. 1978			—	39 222 381

Uppfærsla v/gengisbreytinga:				
Hlr. 35225 og 35233	—	886 994 500		
Hlr. 35268	—	104 099 500		
Hlr. 35330	—	570 000		
			kr.	991 664 000
Vaxtatekjur:				
Hlr. 35225 og 35233	—	398 499 730		
Hlr. 35268	—	44 713 780		
Hlr. 35330	—	280 487		
			—	443 493 997
Inneign kolmunna- og spærlingsmjöls hjá loðnumjöli fl.			—	32 650 200
Greitt uppí inneign mjöl- og lýsisafurða í gengishagnaði v/gengisbr. í febr. 1978				
Loðnumjöl og lýsi	—	107 741 000		
Fiskimjöl	—	16 844 000		
			—	124 585 000
Greitt uppí inneign mjöl- og lýsisafurða í gengishagnaði v/gengisbr. í sept. 1978				
Loðnumjöl og lýsi	kr.	215 178 000		
Fiskimjöl	—	74 371 000		
Kolmunna- og spærlingsmjöl	—	12 486 000		
			—	302 035 000
			kr.	5 655 740 328

Gjöld:

Stjórnarlaun			kr.	1 044 059
Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna			—	130 036
Opinber gjöld			—	51 722
Auglýsingakostnaður			—	42 800
Greitt v/verðlækkana á loðnuafurðum framl. á vetrarvertíð 1979			—	881 053 390
Greitt v/verðlækkana á loðnuafurðum framl. á sumar- og haustvertíð 1979			—	699 504 000
Greitt v/verðlækkana á fiskmjöli framl. 1979			—	97 973 000
Greitt v/verðlækkana á kolmunna- og spærlingsmjöli framl. 1979			—	33 016 000
Endurgr. ofteknar verðhækkanatekjur af loðnuafurðum framl. 1978			—	14 397 393
Inneign kolmunna- og spærlingsmjöls hjá loðnumjöli greidd			—	32 650 200
Eignir 31. des. 1979:				
Innstæða á hlr. 35225 og 35233	kr.	3 388 261 228		
Innstæða á hlr. 35268	—	494 662 933		
Innstæða á hlr. 35330	—	12 953 567		
				3 895 877 728
			kr.	5 655 740 328

Deild fyrir saltsíldarafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1979:		
Innstæða á hlr. 35306 í Seðlabanka Íslands ..	kr.	0
Innborgað stofnfé	—	87 937 480
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	28 002 400
Vaxtatekjur	—	11 746 337
Greitt uppí inneign saltsíldar í gengishagnaði v/gengisbreytingar í febr. 1978	—	40 044 000
	kr.	167 730 217

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	401 128
Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna ..	—	46 667
Opinber gjöld	—	19 935
Eignir 31. des. 1979:		
Innstæða á hlr. 35306	—	167 262 487
	kr.	167 730 217

Deild fyrir saltfiskafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1979:			
Innstæða á hlr. 35241, óverkaður saltfiskur, í Seðlabanka Íslands	kr.	2 469 513 800	
Innstæða á hlr. 35322, verkaður saltfiskur, í Seðlabanka Íslands	—	0	
			kr. 2 469 513 800
Innborgaðar verðhækkanatekjur af söltuðum ufsaflökum framleiddum 1978			— 41 797 574
Uppfærsla v/gengisbreytinga:			
Hlr. 35241	—	651 557 400	
Hlr. 35322	—	3 530 000	
			— 655 087 400
Vaxtatekjur:			
Hlr. 35241	—	282 613 591	
Hlr. 35322	—	1 080 702	
			— 283 694 293
Greitt uppí inneign saltfiskafurða í gengishagnaði v/gengisbr. í febr. 1978:			
Óverkaður saltfiskur	—	176 688 000	
Verkaður saltfiskur	—	50 000 000	
			— 226 688 000
Greitt uppí inneign óverkaðs saltfisks í gengishagnaði v/gengisbr. í sept. 1978			— 753 022 000
			kr. 4 429 803 067

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	1 276 345
Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna ..	—	319 137
Opinber gjöld	—	63 297
Auglýsingakostnaður	—	56 710
Greitt v/verðhækkana á óverkuðum saltfiski, framl. 1978	—	381 144 975
Greitt v/verðlækkana á óverkuðum saltfiski, framl. 1979	—	744 318 347
Greitt v/verðlækkana á verkuðum saltfiski, framl. 1978	—	49 740 176
Eignir 31. des. 1979:		
Innstæða á hlr. 35241 kr. 3 248 013 554		
Innstæða á hlr. 35322 — 4 870 526		
	—	3 252 884 080
	kr.	4 429 803 067

Deild fyrir skreiðarafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1979:		
Innstæða á hlr. 35284, í Seðlabanka Íslands	kr.	366 154 148
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	124 760 900
Vaxtatekjur	—	52 124 005
Greitt uppí inneign skreiðar í gengishagnaði v/ gengisbr. í sept. 1978	—	359 860 000
	kr.	902 899 053

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	964 675
Ferða- og uppihaldskostnaður stjórnarmanna ..	—	61 830
Opinber gjöld	—	47 849
Endurgr. verðhækkanatekjur v/framl. skreiðar 1977	—	2 771 500
Eignir 31. des. 1979:		
Innstæða á hlr. 35284	—	899 053 199
	kr.	902 899 053

Reykjavík, 15. október 1980.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins.

Davíð Ólafsson, formaður.

Framanrituð greiðsluyfirlit 1979 höfum við endurskoðað. Innstæður sjóðsins í árslok 1979 hafa verið sannreyndar. Að okkar áliti gefa yfirlitin skýra mynd af innborgunum og útborgunum ársins.

Reykjavík, 15. október 1980.

Stefán Svavarsson,
lögg. endurskoðandi,
kjörinn af bankaráði
Seðlanbanka Íslands.

Gunnlaugur Arnórsson.
aðalendurskoðandi
Seðlanbanka Íslands.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagerð í Ólafsvík nr. 64 29. mars 1965.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji skólp frá húsinu út í aðalræsi og halda því við.

Regnvatn af húsi og lóð skal einnig að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í holræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd tiltekur skal verkið unnið á hans kostnað.

Greiða skal tengigjald, kr. 40 000.— fyrir hús með einni íbúð, en auk þess kr. 15 000.— fyrir íbúð umfram eina, fyrir atvinnuhúsnæði kr. 80 000.—.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 539 stig og breytast skv. henni.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Kostnað við holræsagerð hreppsins greiðist af holræsagerðinni, til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opin svæði, sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 0.1% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en krónur 15 000.— af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati, enda sé skolplögn að viðkomandi húseign eða húshluta.

Lágmarksgjald er miðað við byggingarvísitölu 539 stig og breytist skv. henni.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 679. 31. desember 1980.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Ólafsvíkurhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkur hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupstaðinn sem henta þykir svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu er lóðir þeirra liggja að, eða eru í námunda við.

3. gr.

Hver sá, sem komast vill í samband við Vatnsveitu Ólafsvíkur skal senda umsókn þar um. Umsókn skal rituð á eyðublöð, sem umsjónarmaður vatnsveitunnar lætur í té, sem minnst 7 daga fyrirvara. Áður en hafist er handa um lagningu innanhúskerfis í byggingu umsækjanda, skal hann leggja fram uppdrátt í tvíriti og í eigi minni mælikvarða en 1:100. Skal uppdráttur gerður af hæfum manni sem til hefur hlotið samþykki vatnsveitunnar.

Á afstöðumynd skal sýnd og málsett lega og dýpt heimæðar við húsvegg.

Uppdráttur skal hafa hlotið samþykki byggingarfulltrúa áður en innanhúslögn er hafin og skal stimpla og árita bæði eintökin og skal annað geymt í skjalasafni vatnsveitunnar.

4. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá Vatnsveitu Ólafsvíkur, hvorki nýlagnir eða breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, nema vatnsveitan sjálf. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við viðhald vatnsæða frá aðalæð í hús sín skv. reikningi vatnsveitunnar.

Fyrir tengingu heimæða skal greiða sérstakt tengigjald, samkvæmt gjaldskrá rafveitunnar.

5. gr.

Tenging heimæða við vatnsveitukerfið skuldbindur ekki vatnsveituna til að tryggja að þrýstingur í götuæð sé ávallt nægjanlegur.

6. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

7. gr.

Pípulagningamenn eða verktakar, sem hlotið hafa samþykki sveitarstjórnar, hafa einir rétt til að annast vatnslagnir innanhúss, og gildir það jafnt um nýlagnir og breytingar og/eða viðgerðir á eldri lögnum. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, samþykktan uppdrátt og nánari fyrirmæli er kunna að verða sett.

8. gr.

Vatnsveitan hefur eftirlit með því, að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa.

Engar lagnir má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Sé verk, að áliti vatnsveitunnar eða eftirlitsmanns hennar, ekki unnið í samræmi við reglugerð þessa eða reglur sem kunna að verða settar, getur hún stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr ágöllunum.

Eftirlit vatnsveitunnar rýrir á engan hátt ábyrgð þess er annast verkið.

9. gr.

Hreppsnefnd eða mönnum í umboði hennar er heimilt að fara um hús og lóðir, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlits með vatnsnotkun. Þyki útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust láta bæta úr því, ella er hreppsnefnd heimilt að láta gera það á kostnað húseiganda. Ennfremur er hreppsnefnd heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á leiðslum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða standa í vanskilum við vatnsveituna. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun sé skortur á vatni, þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna

hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður sé þess nokkur kostur.

10. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

12. gr.

Af öllum fasteignum í Ólafsvíkurhreppi sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna. Sama er og um aðrar fasteignir sem fá vatn frá Vatnsveitu Ólafsvíkur.

Nú er vatni frá vatnsveitunni veitt í hús eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins og skal þá ákvarða vatnsskattinn samkvæmt því er í gjaldskrá þessari segir.

13. gr.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist vatnsskattur skv. fasteignamatsverði lóðarinnar. Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Um hús, sem eru í byggingu og því eigi virt fasteignamatsvirðingu, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Vatnsskattur skal lagður á öll hús í byggingu skv. ákvæðum 1. og 4. mgr. hér á undan, ef lokið er við steypu á efstu plötu, ellegar ef þakúttekt hefur farið fram.
2. Miða skal upphaf vatnsskattsálagningar við úttektardagsetningu byggingarfulltrúans í Ólafsvík, ef hún er fyrir hendi, annars áætlar vatnsveitan viðkomandi dagsetningu.
3. Vatnsskatturinn skal reiknast á 1. ári hlutfallslega frá þeim mánuði, sem úttektin átti sér stað.
4. Hafi bygging verið lengur en þrjú ár í smíðum, án þess að verða vatnsskattshæf skv. framangreindum reglum, skal reikna vatnsskatt af mannvirkjum eins og þau væru fullfrágengin. Þriggja ára tímabilið skal reiknast frá þeim tíma er úttekt á grunni byggingarinnar fór fram skv. bókum byggingarfulltrúans á Ólafsvík.

14. gr.

Auk vatnsskatts skv. 15. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðaþvottastöðvar, svo og skulu þeir aðrir greiða aukavatnsskatt, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskattur skal vera 0.5% sé vatn ekki selt skv. mæli. Sé notaður mælir lætur vatnsveitan notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli 50 mm eða minni kr. 12 000.— og kr. 24 000.— fyrir stærri mæla. Skal vatnsveitan

sjá um uppsetningu mælanna og kosta eðlilegt viðhald þeirra, en skemmdir af mannavöldum eða frostum ber húseiganda að bæta.

15. gr.

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 13. gr. skal greiða árlegan vatnsskatt, sem er 0.12% af heildarmati hverrar fasteignar, þó eigi minna en kr. 20 000.— af hverri íbúð. Gjalddagi skatts skv. þessari grein er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Lágmarksgjald skv. þessari grein er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar pr. 1. sept. 1980 (539 stig).

16. gr.

Þar sem vatn er selt skv. mæli skv. 14. gr. skal greiða kr. 35.00 á hvern m^3 auk gjalds skv. 15. gr. Vatnssala skv. þessari grein fellur í gjalddaga ársfjórðungslega innan mánaðar frá lokum hvers ársfjórðungs.

17. gr.

Heimæðagjöld Vatnsveitu Ólafsvíkur skulu vera sem hér segir:

Rúmmál húss (utanmál)
400— 2000 m^3 kr. 100 000. —fyrir 400 m^3 og 75 kr./m^3 þar yfir.
2000— 6000 m^3 kr. 220 000.— fyrir 2000 m^3 og 70 kr./m^3 þar yfir.
6000—10000 m^3 kr. 500 000.— fyrir 6000 m^3 og 60 kr./m^3 þar yfir.
Yfir 10000 m^3 kr. 740 000.— fyrir 10000 m^3 og 51 kr./m^3 þar yfir.

Gjöld skv. 17. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar pr. 1. sept. 1980 539 stig. Er hreppsnefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða. Heimæðagjöld skal greiða um leið og bygging er tengd vatnsveitunni.

18. gr.

Fyrir vatn í skip í höfninni greiðast kr. 250. — fyrir hvern m^3 og auk þess afgreiðslugjald kr. 2 500.— að degi, en kr. 4 400.— utan dagvinnutíma. Gjaldið greiðist við viðtöku.

19. gr.

Verði vanskil skal reikna hæstu lögleyfða dráttarvexti. Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt og önnur gjöld skv. reglugerð þessari, á réttum gjalddögum. Opnunargjald skal vera kr. 5 000.—. Vatnsskatt og önnur gjöld skv. reglugerð þessari má taka lögtaki, og njóta gjöld þessi lögveðsréttar í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000. — nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Ólafsvíkurhrepps nr. 160 30. ágúst 1963 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og viðbótarbókun við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu.

Inngangur.

Í desembermánuði 1980 fullgiltu Ísland og Efnahagsbandalag Evrópu viðbótarbókun við samning Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu vegna aðildar lýðveldisins Grikklands að bandalaginu frá og með 1. janúar 1981. Samkvæmt viðbótarbókun þessari ber Grikklandi að lækka tolla á innfluttum vörum upprunnum á Íslandi í samræmi við ákvæði bókunarinnar. Jafnframt ber Íslandi að fella niður tolla á vörum upprunnum í Grikklandi með sama hætti og gildir að því er varðar vörur upprunnar í löndum þeim sem nú eru aðilar að bandalaginu.

Með vísan til framanritaðs og með tilliti til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu og viðaukum og bókunum við þann samning svo og samningi lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu og bókunum og viðaukum við þann samning eru eftirfarandi reglur settar um tollmeðferð vara þeirra er ákvæði nefndra samninga taka til:

I. KAFLI

Skilyrði fyrir sérstakri tollmeðferð.

Almenn skilyrði.

1. gr.

Ákvæði EFTA-samningsins og samnings Íslands og EBE með áorðnum breytingum ná, eftir því sem við á, til eftirtalinna ríkja í Evrópu, svo og til þeirra landssvæða annarra sem tengd eru hlutaðeigandi ríkjum:

EFTA-lönd:	EBE-lönd:
Austurríki	Belgía
Finnland	Bretland og Norður-Írland (ásamt
Ísland	Ermasundseyjum og eynni Mön)
Liechtenstein	Danmörk (ásamt Grænlandi)
Noregur (ásamt Svalbarða)	Frakkland
Portúgal (ásamt Azoreyjum og	Grikkland
Madeira)	Holland
Sviss	Írland
Svíþjóð	Ítalía
	Luxembourg
	Sambandslýðveldið Þýskaland.

Um sérstaka tollmeðferð vegna viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar gilda ákvæði auglýsingar nr. 267 4. júní 1980.

2. gr.

Vörur sem innfluttar eru frá löndum þeim sem um ræðir í 1. gr. auglýsingar þessarar og falla undir tollskrárnúmer í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum þar sem sérstakur tolltaxti er tilgreindur í dálkum

merktum E geta notið tollfrelsis samkvæmt dálki merktum E að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Vörurnar séu frá aðildarríkjum EFTA eða EBE og fullnægi, eftir því sem við á, skilyrðum um uppruna samkvæmt ákvæðum bókunar nr. 3 við samning milli Íslands og EBE með áorðnum breytingum (hér eftir nefnd bókun nr. 3) eða skilyrðum sem uppruna samkvæmt ákvæðum Viðauka B við EFTA-samninginn með áorðnum breytingum (hér eftir nefndur Viðauki B) sbr. 4. gr. auglýsingar þessarar,
2. gætt sé, eftir því við á, ákvæða um tollendurgreiðslur í 23. gr. bókunar nr. 3 eða í 23. gr. Viðauka B,
3. gætt sé, eftir því sem við á, ákvæði um flutning vara í 7. gr. bókunar nr. 3 og í 7. gr. Viðauka B,
4. gætt sé ákvæða um framlagningu skjala vegna vara sem óskað er sérstakrar tollmeðferðar fyrir, sbr. 9.—17. gr. auglýsingar þessarar.

Upprunavörur í skilningi auglýsingar þessarar sem falla undir önnur tollskrárnúmer en um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar sem tollar hafa verið lækkaðir á eða felldir niður af samkvæmt heimild í 13. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. til samræmis við tollmeðferð á hliðstæðum vörum sem falla undir tollskrárnúmer þau sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar geta notið tollfrelsis samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Í samræmi við ákvæði 2. gr. geta allar vörur sem fullnægja skilyrðum um uppruna samkvæmt bókun nr. 3 eða Viðauka B og falla undir tollskrárnúmer í 1. gr. tollskrárlaga þar sem sérstakur tolltaxti er tilgreindur í dálkum merktum E, sbr. einnig 2. mgr. 2. gr., notið þeirrar tollmeðferðar sem sá dálkur kveður á um, nema annað sé tekið fram í 1. gr. l. nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

Upprunareglur.

4. gr.

Skilyrðum þeim sem um getur í 2. gr. um uppruna vara skal talið fullnægt að því tilskildu að uppruni varanna sé í samræmi við eftirfarandi:

Vörur sem falla bæði undir vörusvið EFTA-samningsins og almennt undir vörusvið fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við EBE svo og íslenskar sjávarafurðir í bókun nr. 6 í samningi Íslands við EBE skulu fullnægja skilyrðum einhverrar eftirtalinna upprunareglna:

1. Varan sé að öllu leyti fengin í EFTA-landi eða EBE-landi, sbr. 1. gr. bókunar nr. 3 og 1. gr. Viðauka B.

   Varan telst „að öllu leyti fengin“ á Íslandi, í Austurríki, Finnlandi o. s. frv. ef um er að ræða eftirfarandi:

   a) Jarðefni, unnin þar úr jörðu eða hafsbotni,
   b) vörur úr gróðurríkinu, ræktaðar þar,
   c) lifandi dýr, borin og alin þar,
   d) afurðir lifandi dýra, alin þar,
   e) veiðibráð og fiskafurðir, aflað þar með veiðum,
   f) sjávarafurðir, aflað frá skipum þess,
   g) vörur, framleiddar um borð í verksmiðjuskipum þess og eingöngu úr vörum sem um ræðir í lið f),

h) notaðar vörur sem þar er safnað og eingöngu er hægt að nota aftur sem hráefni,
i) úrgangur og rusl frá iðnaði sem þar er stundaður,
j) vörur, framleiddar þar eingöngu úr vörum sem lýst er í liðum a)—i).

2. Varan hafi hlotið „nægilega vinnslu eða meðferð" samkvæmt ákvæðum 1.—7. gr. bókunar nr. 3 og 1.—7. gr. Viðauka B. Meginreglan í þessu tilviki er sú að vinnslan eða meðferðin verður að hafa haft í för með sér tollskrárnúmeraskipti, þ. e. hin fullunna vara verður að falla undir annað tollskrárnúmer en innfluttu efnivörurnar falla undir hver fyrir sig. Í því sambandi teljast „innfluttar" allar efnivörur sem ekki hafa öðlast upprunaréttindi, annað hvort í útflutningslandinu eða í því landi sem varan er seld til. Land í þessum skilningi telst vera landssvæði hvers aðildarríkis EFTA um sig svo og landsvæði aðildarríkja EBE í heild.

Þrátt fyrir að skilyrði fyrrgreindrar meginreglu um tollskrárnúmeraskipti sé fullnægt kunna að vera sett frekari skilyrði um framleiðslu viðkomandi vöru í lista A við bókun nr. 3 eða Viðauka B til þess að hún öðlist upprunaréttindi. Ef svo er verður að uppfylla skilyrði þess lista. Ef svo er ekki er meginreglan um tollskrárnúmeraskipti ákvarðandi um hvort varan öðlast upprunaréttindi. Sé hins vegar meginreglunni um tollskrárnúmeraskipti ekki fullnægt vegna vinnslu eða meðferðar vöru kunna ákvæði í lista B við bókun nr. 3 eða Viðauka B þrátt fyrir það að veita hinni fullunnu vöru upprunaréttindi.

Eftirfarandi vinnsla eða meðferð telst aldrei nægileg til að veita upprunaréttindi hvort sem skipti verða á tollskrárnúmerum eða ekki:

a) Aðvinnsla sem miðar að því að tryggja að vörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, pækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða aðrar vatnsupplausnir, fjarlæging skemmdra hluta og lík meðferð),
b) einföld meðferð sem felur í sér að rykhreinsa, sálda, sundurgreina, flokka, velja saman (þ. á m. að útbúa muni í samstæður), þvo, mála eða hluta í sundur,
c) i) umbúðaskipti og uppskipting og sameining vörusendinga,
ii) umbúnaður á flöskur, glös, í poka, kassa, öskjur, spjöld eða töflur o. s. frv. og öll önnur einföld pökkun,
d) festing merkja, miða eða annarra slíkra auðkenna á vörur eða umbúðir þeirra,
